

Valdimar Unnar Valdimarsson
Halldór Bjarnason

Saltfiskur í sögu þjóðar

Síðara bindi



Saltfiskur í sögu Þjóðar

Valdimar Unnar Valdimarsson

Saltfiskur í sögu þjóðar

*Saga íslenskrar saltfiskframleiðslu og
-verslunar frá 18. öld til okkar daga*

Meðhöfundur og ritstjóri
Halldór Bjarnason

Síðara bindi



Hið íslenska bókmenntafélag

Reykjavík 1997

Saltfiskur í sögu þjóðar. Saga íslenskrar saltfiskframleiðslu og -verslunar frá 18. öld til okkar daga

Samið að tilhlutan Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda

With an English Summary

Myndaritstjórn: Sumarliði Ísleifsson (fyrra bindi) og ritstjóri (síðara bindi og yfirumsjón beggja binda)

Myndrit: Sigurður Karlsson

Nafna- og atriðaskrá: Nanna Rögnvaldardóttir

Hönnun: Torfi Jónsson og ritstjóri

Kápa: Torfi Jónsson

Umbrot: Hermóður Sigurðsson

Töfluumbrot: Egill Baldursson

Prófarkalestur: Helgi Grímsson og ritstjóri

Filmugerð: Offsetþjónustan hf.

Plötutaka og prentun: Steinholt ehf.

Bókband: Félagsbókbandið–Bókfell hf.

Leturgerð: Trump Medieval eftir Georg Trump

Meginmál: 10 pt á 13 pt fæti

Tilvitnanir: 9 pt á 11,5 pt fæti

Rastaðir textar: 9 pt á 11,5 pt fæti

Myndatextar: 8,5 pt á 10,5 pt fæti

Pappír: Royal Impression matt, 115 g/m² frá Hvítlist

© 1997 Fjölskylda Valdimars Unnars Valdimarssonar, Halldór Bjarnason og Hið íslenska bókmenntafélag

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, án skriflegs leyfis útgefanda og eigenda höfundarréttar, umfram það sem heimilað er samkvæmt höfundarlögum og samningum sem Fjölís – samtök réttihafa – hafa gert. Þetta nær til ljósmyndunar, prentunar, ljósritunar og annarrar sambærilegrar afitunar að hluta eða í heild.

ISBN 9979-804-58-0 Fyrra bindi

ISBN 9979-804-59-9 Síðara bindi

ISBN 9979-804-60-2 Bæði bindin

Printed in Iceland

Efnisyfirlit síðara bindis

Skrá um myndrit	8
Skrá um töflur í Töfluviðauka	9

VI. Salfiskverslunin í seinni heimsstyrjöld

1. Samdráttur	12
2. Bjartsýni þrátt fyrir allt	14

VII. Salfiskverslunin 1946-92

1. Afkoma og markaðspróun	18
a. Við styrjaldarlok	18
b. Viðreisn og varnarbarátta 1946-59	19
c. Úr vörn í sókn um 1960	25
d. Endurreisn salfiskgreinarinnar	28
e. Verðhækkun og viðgangur á sjöunda áratugnum	30
f. Blautfiskmarkaðir og þurrfiskmarkaðir	33
g. Árið 1968: erfiðleikar og eftirköst	35
h. Minnkandi salfiskneysla upp úr 1970	42
i. Skin og skúrir á áttunda áratugnum	43
j. Hágengi Bandaríkjadals 1981-85	47
k. Evrópubandalagið stígur á sjónarsviðið	51
l. Glímt við tolla og kvóta Evrópubandalagsins 1986-92	54
2. Spánn	69
a. Vöruskiptaverslun 1950-60	69
b. Frá þurrfiski til blautfisks um 1960	73
c. Tollamál og tandurfiskur 1968-85	75
d. Innflutningstálmanir og sala ferskfisks 1986-92	79
3. Portúgal	87
a. Félítíli þjóð – vaxandi eigin framleiðsla	87
b. Verðhækkun og eftirspurn á sjöunda áratugnum	90
c. Efnahagssveiflur og gjaldeyrisskortur 1968-76	91
d. Ójöfn viðskipti og togarakaup 1977-81	96
e. Óhagstæð gengisþróun 1982-85	100
f. Evrópubandalagskvótar og Rússafiskur 1986-92	103
4. Ítalía	112
a. Mikilvægur markaður	112
b. Sterk innflutningssambönd	115
c. Saltflök og verðsveiflur 1968-85	116
d. Aukin sala en minnkandi fiskneysla 1986-92	119

5. Grikkland	125
a. Ríkisafskipti og gæðaeftirlit	125
b. Frá samdrætti til sóknar 1958-83	127
c. Minnkandi útflutningur 1984-92	129
6. Frakkland	133
7. Ameríka og aðrir þurrfiskmarkaðir	137
a. Brasilía 1946-67	137
b. Kúba	141
c. Söluátak í Brasilíu 1968-74	142
d. Innborgunarskyldan í Brasilíu 1975-80	146
e. Þurrkað á kostnað SÍF 1981-82	147
f. Nýjar afurðir – stöðugri markaðir	150
8. Þýskaland	155
9. Samskipti SÍF við keppinauta	159
a. Útflutningsskipan keppinauta eftir stríðið	159
b. Tilraun til samvinnu 1946-48	161
c. Samvinna íslensku, norsku og færeysku sölusamtakanna á sjötta áratugnum	163
d. Fundahöld á áttunda og níunda áratugnum	164

VIII. Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda 1932-93

1. Starfssvið og stjórn	170
a. Sölustarfsemin	170
b. Hagsmunagæsla – þjónusta	176
c. Horft til ýmissa átta	186
d. Félagsmenn, stjórn og starfsfólk	191
2. Útflutningssérleyfið	206
a. Umdeild samtök	206
b. Andstreymi um 1950	207
c. SÍS vill líka útflutningsleyfi	209
d. Frá vinstri stjórn til viðreisnar	212
e. Leyfisveitingar á sjöunda áratugnum	217
f. Söluerfiðleikar og sérleyfið 1968	219
g. Nýjar leyfisveitingar – sérleyfið afnumið 1992	221

IX. Framleiðsluhættir, vöruþróun og gæðamat 1946-92

1. Á mótum tvennra tíma	234
a. Breytt framleiðsla eftir stríð	234
b. Átak í þurrfiskframleiðslu um 1950	235
c. Vanþróuð atvinnugrein á sjötta áratugnum?	239

2. Breytingar á framleiðsluháttum	242
a. Frumherjar vélvæðingar	242
b. Tæknideild SÍF og starf hennar	244
c. Vélvæðing og hagræðing á sjöunda og áttunda áratugnum	248
d. Tvennir tímar	250
e. Framleiðsluhættir og búnaður saltfiskstöðva um 1992	255
3. Verkun, vöruþróun og umbúnaður	261
a. Breytingar á smekk neytenda	261
b. Verkun flatta fisksins	263
c. Flök og aukaafurðir	269
d. Frá strigapökkum til kæligáma	270
e. Neytendapakkingar og stórmarkaðir	277
f. Saltfiskafurðir í neytendaumbúðum 1985-92	282
4. Fiskgæði og fiskmat	289
a. Verri framleiðsla?	289
b. Verra hráefni?	294
c. Skaðabótaábyrgð framleiðenda	296
d. Ormafár og gæðakvartanir upp úr 1980	300
e. Frá ríkiseftirliti til gæðastaðla	303
Horft um öxl	308
Summary	321
Töfluviðauki. Síðari hluti: Töflur 7-9	335
Tilvísanir	359
Heimildaskrá	379
Myndaskrá	386
Nafna- og atriðaskrá	390
Eftirmáli	407

Myndrit

VII.1	Saltfiskútflutningur 1941-65 (magn)	19
VII.2	Helstu viðskiptalönd í saltfiskútflutningi 1941-65	20
VII.3	Saltfiskútflutningur 1966-92 (magn)	44
VII.4	Helstu viðskiptalönd í saltfiskútflutningi 1966-92	45
VII.5	Saltfiskur til Spánar 1941-65	73
VII.6	Saltfiskur til Spánar 1966-92	77
VII.7	Saltfiskur til Portúgals 1941-65	89
VII.8	Saltfiskur til Portúgals 1966-92	94
VII.9	Saltfiskur til Ítalíu 1941-65	113
VII.10	Saltfiskur til Ítalíu 1966-92	117
VII.11	Saltfiskur til Grikklands 1941-65	125
VII.12	Saltfiskur til Grikklands 1966-92	128
VII.13	Saltfiskur til Frakklands 1966-92	134
VII.14	Saltfiskur til Brasilíu og Kúbu 1941-65	139
VII.15	Saltfiskur til Brasilíu 1966-92	144
VII.16	Saltfiskur til Þýskalands 1941-65	155
VII.17	Saltfiskur til Þýskalands 1966-92	156
IX.1	Saltfiskútflutningur 1941-65 (afurðategundir)	262
IX.2	Saltfiskútflutningur 1966-92 (afurðategundir)	262
IX.3	Gæðapróun saltfisks hjá SÍF-verkendum 1950, 1955 og 1958-92	293

Töflur í Töfluviðauka

- 7 Útflutningsmagn saltfisks 1941-92: Lönd og afurðategundir 337
Bretland 337, – Spánn 338, – Ítalía 339, – Grikkland 341, –
Portúgal 342, – Frakkland 343, – Brasilía 345, – Kúba 346, –
Bandaríkin 347, – Þýskaland 348, – Önnur lönd 349, –
Siglingar saltfisktogara 351, – Alls 352, 354
- 8 Hlutdeild saltfisks í heildarverðmæti vöruútflutnings 1941-92 356
- 9 Gæðapróun saltfiskframleiðslu SÍF-verkenda 1950, 1955 og 1958-92 357



VI.
Saltfiskverslunin
í seinni
heimsstyrjöld



1. Samdráttur

Með síðari heimsstyrjöld urðu miklar breytingar á viðskiptum Íslands við aðrar þjóðir. Vegna ófriðarins neyddust landsmenn til að beina útflutningsvörum sínum á aðrar slóðir en áður og þar sem landið var á yfirráðasvæði Bandamanna setti það mjög mark sitt á útflutningsverslunina. Hernám Breta árið 1940 færði Íslendingum björg í bú og atvinnuleysi kreppuáranna hvarf eins og döggr fyrir sólu. Nóg var að gera í Bretavinnunni og hagur sjávarútvegsins vænkaðist heldur betur.


Vegna stríðsins dró mjög úr fiskframleiðslu Breta sjálfra og annarra þjóða. Barst þess vegna minna af fiski á markað en áður. Til að fylla í skarðið urðu allar þær fiskveiðiþjóðir, sem studdu Bandamenn en voru ekki í hernaði, að láta svo mikinn fisk og aðrar sjávarafurðir af hendi sem kostur var.¹ Sama gildi um hlutlausu ríkin og var Ísland fúst að leggja sitt af mörkum.

Strax árið 1940 átti íslenskur sjávarútvegur góðu afurðaverði að fagna borið saman við árin á undan. Bestur var þó hagur ísfiskframleiðslunnar sem skilaði góðum hagnaði og olli það því að megináhersla var lögð á þessa grein sjávarútvegsins. Kom þetta einkum niður á saltfiskframleiðslunni. Snarminnkaði útflutningur saltfisks ár frá ári 1939-42 og lá svo að segja alveg niðri 1943-45 (myndrit VII.1). Jafnframt jókst sífellt útflutningur hraðfrysts fisks.²

Á styrjaldarárunum gerðu Íslendingar viðtæka fisksölusamninga við Breta og Bandaríkjamenn en fiskurinn fór aðallega til neyslu í Bretlandi. Þar var nægur markaður fyrir allan þann fisk sem Íslendingar gátu framleitt og sóttust Bretar einkum eftir fiskinum ísuðum eða frystum. En þótt saltfiskneysla tíðkaðist lítt í Bretlandi keyptu Bretar, og Bandaríkjamenn fyrir þeirra hönd, líka megnið af saltfiskinum sem framleiddur var hér á landi á þessum árum.

Saltfiskur var alger nýlunda á borðum flestra breskra neytenda og virðist ekki hafa fallið þeim vel. Að minnsta kosti var altalað að reynst hefði erfitt að koma í lóg þeim fiski sem Bretar keyptu af Íslendingum, hluti fisksins hefði skemmst og orðið óneysluhæfur.³ Má segja að vegna heildarhagsmuna hafi Bretar neyðst til að taka við því sem til féll af íslenskum saltfiski og ekki komst til hefðbundinna neyslupjóða á styrjaldarárunum. Þar sem Bretar fengu saltfiskinn að mestu blautverkaðan var einnig rofin hin langa saga sólþurrkunar á Íslandi. Fiskreitirnir stóðu auðir.

*Kaflaupphaf VI:
Við Háteigsveg 1946.
Saltfiskverkunarhús
Kveldúlfs hf. (t.h.) í notkun af
hernámsliðinu og
braggar í kring.
Sjómannaskólinn í baksýn.
(Þorsteinn Jósefsson.)
Löndun ísfisktogara,
Garðars GK 25, í breskri höfn
um eða upp úr 1940.
(Guðbjartur Ásgeirsson.)*



Sala íslenskra afurða. Er á leið ófriðarárin beindist utanríkisverslun þjóðarinnar æ meir til Bandaríkjamanna auk Bretlands. Fyrsti sölusamningurinn við Bandaríkjamenn, sem þó keyptu líka fyrir Breta, var undirritaður 27. júní 1942. Sitjandi f.v.: Haraldur Guðmundsson, alþingismaður; sennilega Robert Ross, aðalræðismaður Breta á Íslandi; Ólafur J. Ólafsson, starfsmaður bandaríska sendiráðsins á Íslandi; Hjálmar Björnsson, fulltrúi Bandaríkjastjórnar og sendiráðsstarfsmaður, og Magnús Sigurðsson. Standandi f.v.: Helgi Þórarinnsson, skrifstofustjóri Viðskiptanefndar sem sá um gerð samningsins; Jón Árnason, framkvæmdastjóri útflutningsdeildar SÍF; Arent Claessen, stórkaupmaður, og Stefán Þorvarðsson, skrifstofustjóri í utanríkismáladeild Stjórnarráðsins.

Á stríðsárunum rofnaði nær alveg sambandið við hefðbundna saltfiskmarkaði Sölusambandsins í Suður-Evrópu og í Suður- og Mið-Ameríku. Áttu samgönguörðugleikar sök á því en mestu skiptu þó samningarnir sem gerðir voru við Breta og Bandaríkjamenn. Samdrætti saltfiskframleiðslunnar var þess vegna í sjálfu sér ekki að kenna lystarleysi gamalgróinna neyslupjóða sem sóttust raunar mjög eftir saltfiski á styrjaldarárunum.⁴

Íslendingar voru ekki einir um að hætta að mestu leyti saltfiskframleiðslu á árum síðari heimsstyrjaldar. Aðrar framleiðslupjóðir í Norðurálfu trúðu svipaðar slóðir. Þetta varð til þess að sumar neyslupjóðir tóku að leggja mun meiri áherslu en áður á eigin saltfiskframleiðslu auk þess sem farið var að verka saltfisk í nokkrum löndum er aldrei höfðu verið kennd við hann áður, til dæmis í Perú.⁵

Eins og gefur að skilja dróst starfsemi SÍF verulega saman á styrjaldarárunum. Flestir þeirra, sem framleitt höfðu saltfisk, hófu nú nýjan atvinnurekstur í ljósi breyttra aðstæðna. Þar á meðal var ísfiskútflutningur og var því ekki að undra þótt sú hugmynd skyti upp kollinum að SÍF hefði hönd í bagga með honum.

Á aðalfundi Sölusambandsins í nóvember 1940 var samþykkt að samtökin skyldu aðstoða þá félagsmenn sem ekki réðu sjálfir yfir skipakosti til ísfiskútflutnings með því að útvega leiguskip til flutninganna. Var þetta gert með það fyrir augum að framleiðendur

gætu sem allra mest notið þess hagnaðar sem af ísfisksölunni kynni að hljótaskast.⁶ Reyndi samt aldrei á þetta þar eð ekki bárust óskir frá félagsmönnum um það eftir því sem séð verður.

2. Bjartsýni þrátt fyrir allt

Samdrátturinn á styrjaldarárunum hlaut að beina hugum manna að framtíð saltfiskverkunarinnar og jafnframt að framtíð þeirra samtaka sem stofnuð höfðu verið í tengslum við þessa atvinnugrein. Voru sumir þeirrar skoðunar að þessi atvinnugrein væri nú að syngja sitt síðasta hér á landi og framvegis yrði fiskur einkum fluttur út ísaður eða hraðfrystur. Ýmsir voru þó bjartsýnir fyrir hönd saltfiskframleiðslunnar, töldu að aftur kæmi betri tíð með blóm í haga að ófriði loknum og var vissulega töluverð ástæða til slíkrar bjartsýni.

Þrátt fyrir sáralitla sölu á stríðsárunum var enn sóst mjög eftir saltfiski og hinir fyrri neytendur hans vildu fúslega greiða hann háu verði, jafnvel hærra verði en Íslendingar fengu fyrir ísaðan fisk og frystan. Til dæmis bárust allt árið 1944 kauptilboð í saltfisk frá Spáni, Portúgal, Suður-Ameríku, Kúbu og Bandaríkjunum – jafnvel Frakklandi og Hollandi líka.⁷

Af þessu var ljóst að íslenskir saltfiskframleiðendur þurftu ekki að kvíða markaðstregðu og þeir töldu þar af leiðandi sjálfsagt að halda áfram starfi samtaka sinna. Magnúsi Sigurðssyni, stjórnarformanni SÍF, mæltist líka svo á aðalfundi samtakanna árið 1944:

... ég tel það engum vafa undir orpið, að saltfiskframleiðsla og kaup á saltfiski verða mikil er styrjöldinni lýkur, og verður Ísland, meðal annars, að byggja framtíð sína á miklum útflutningi á saltfiski, því að það þarf ekki að efa það, að þjóðir þær, sem hafa neytt þessarar fæðu öldum saman, munu ekki hætta við notkun hennar, heldur byrja aftur að neyta saltfisks í stórum stíl, undireins og þær geta náð í hann.⁸

Sölusambandið hafði afað sér viðurkenningar innanlands sem utan og tengsl þess við kaupendur voru ágæt. Því hefði óneitanlega verið varhugavert að leggja samtökin niður, það hefði kostað mikið fé og ærna fyrirhöfn að koma þeim aftur á laggirnar. Þess vegna var kappkostað að halda nánú sambandi við fyrri viðskiptavini SÍF því ætlinin var að taka aftur upp þráðinn að loknu stríði.⁹

Sveinn Árnason, fiskmatsstjóri, var í hópi þeirra sem horfðu með bjartsýni til framtíðar saltfiskframleiðslunnar. Árið 1940 ritaði hann:

Þó að menn reyni nú að hverfa frá þessari grein sjávarframleiðslu inn á ný svið, þá er ég samt þeirrar skoðunar, að jafnvel þó hún kunni að hafa lifað sitt fegursta skeið, þá eigi það enn langt í land, að þær þjóðir, sem hafa neytt fisks í þessu formi, hætti því, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að saltfiskur er ódýrasta fæðan, sem fánleg er úr dýraríkinu í stórum stíl, í hlutfalli við næringargildi.¹⁰

Starfsemi SÍF snarminnkaði á styrjaldarárunum í samræmi við afturkeppinn í saltfiskútflutningnum. Eftir stríðið, þegar spurn eftir saltfiski vaknaði aftur, hafði margt breyst innanlands. Það er athyglisvert í þessu samhengi að Magnús Sigurðsson, stjórnarformaður, lét þá ósk í ljós á aðalfundi 1946 að stjórn SÍF mundi á næstu árum „yngja sig upp, svo að þeir sem koma nýir í þjónustu þess læri af reynslu þeirra manna, er þar hafa um langan tíma starfað.“¹¹ Það var ekki að ástæðulausu að hann lét þessi orð falla því þáverandi fulltrúar fiskeigenda, að undanteknum einum, höfðu setið óslitið frá 1935 eða í rúm tíu ár og voru nú um sextugt.¹² Fáar breytingar urðu samt á fulltrúavali fiskeigenda næstu árin og meðalaldur lækkaði lítið.¹³


Við þetta bættist svo það að stjórnarmenn voru í misföstum tengslum við greinina þegar hér var komið sögu. Einn flutti út fyrir annars reikning (SÍS), annar flutti engan saltfisk út sjálfur, þriðji gegndi umsvifamiklum ábyrgðarstörfum öðrum og fjórði fékkst ekki síður við hraðfrystingu en söltun.¹⁴ Afkoma greinarinnar brann því eðlilega ekki jafnt á þeim og hinum sem höfðu saltfiskframleiðslu að aðalatvinnu og ráku hana fyrir eigin reikning. Greinin stóð á tímamótum eftir lok heimsstyrjaldarinnar og nú reyndi á saltfiskverkendur og forystumenn þeirra.



Sveinn Árnason, nálægt 1935-40. Sveinn, sem er hér á suðrænum slóðum, var bjartsýnn á framtíð saltfiskverkunar eftir stríðið og lagði sitt af mörkum að því loknu með tillögum að meiri hagræðingu og vélnotkun í greininni.



VII.
Saltfiskverslunin
1946-92



1. Afkoma og markaðsþróun

a. Við styrjaldarlok

Eftir að hildarleiknum mikla lauk árið 1945 tóku viðskipti þjóða smám saman að færast í eðlilegt horf. Var þá ljóst að saltfiskframleiðsla heimsins mundi örvast á ný og tóku íslenskir verkendur að leita viðskipta við kaupendur í fyrri markaðslöndum. Þeirri skoðun hafði að vísu verið haldið nokkuð á lofti á styrjaldarárunum að neysla saltfisks yrði aldrei frammar jafn útbreidd og áður fyrir. Þegar frá leið kom í ljós að þessi spá átti ekki við rök að styðjast. Saltfiskur var enn eftirsóttur meðal gamalgróinna neyslupjóða í Evrópu og Ameríku. Í löndum eins og Ítalíu, Spáni, Grikklandi og Portúgal sóttust neytendur vart eftir fiski sem verkaður var á annan hátt.¹

Það var ekki síst geymsluþol saltfisksins sem gerði hann jafn eftirsóttan og raun bar vitni. Hafa verður í huga að í neyslulöndunum var vélkæling mjög skammt á veg komin; kæligeymslur vantaði til dæmis í hafnir, ekki var alltaf unnt að halda matvöru kældri við dreifinguna innanlands og fá heimili gátu státað af kælihölfum til að halda ferskum og frystum fiski óskemmdum.² Jafnvel enn um 1960 stóð ónóg kæliaðstaða sölu á nýjum fiski og frystum mjög fyrir þrifum víða í Evrópu og einkanlega í suðurhlutanum.³


Saltfiskur var því enn sem fyrr kærkominn á borðum þeirra þjóða sem löngum höfðu neytt hans. Þær höfðu orðið að sætta sig við saltfiskskort á stríðsárunum en létu vita af sér eftir að Evrópubúar fóru á ný að geta talað saman án vopnaskaks. Spurn eftir saltfiski var næg þótt markaðsþjóðir, einkum Spánverjar og Portúgalir, legðu æ meiri áherslu á að auka eigin framleiðslu.⁴

Sem fyrr voru helstu saltfiskútflytjendurnir að stríði loknu Norvegur, Danmörk (þar með taldar Færeyjar og Grænland), Ísland, Nýfundnaland og Kanada. Aðalmarkaðirnir voru einnig þeir sömu og áður: Suður-Evrópa ásamt Mið- og Suður-Ameríku.⁵

En þótt saltfiskframleiðsla tæki víða fjörkipp að styrjöld lokinni kom vaxandi verslun með nýjan fisk og frystan í veg fyrir að framboð af saltfiski fullnægði eftirspurn. Höfðu ýmsir áhyggjur af þessari þróun og kom það meðal annars fram í áliti sjávarútvegsnefndar sem starfaði á vegum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu (OEEC) um 1950. Nefndin benti á að saltfiskur væri vel þekkt og vinsæl matvara í mörgum Evrópulöndum og hvatti jafnframt til þess að framleiðsluþjóðir gerðu gangskör að aukinni verslun með þessa

*Kaflaupphaf VII:
Saltfiskur á Norðfjarðar-
bryggju, ekki síðar en á
fimmta áratugnum.
Suðrænn saltfiskréttur:
Eggjakaka með saltfiski.
(Toni Ay Ne.)*

Myndrit VII.1



Heimild: Tafla 7 og 8 í Tölfluíðauka


vöru.⁶ Það var hins vegar hægara sagt en gert. Á Íslandi einkenndist saltfiskframleiðsla eftir stríð til dæmis lengi vel af því hversu hún stóð höllum fæti gagnvart öðrum vinnslugreinum í sjávarútvegi.

b. Viðreisn og varnarbarátta 1946-59

Eftir að stýrjöldinni lauk varð ljóst að íslenskir verkendur þyrftu að stórauka saltfiskframleiðslu sína ef sinna átti að fullu óskum erlendra neytenda.⁷ Framleiðsla þessi hafði þá nánast legið niðri um nokkurra ára skeið hér á landi en nýir tímar kölluðu á breyttar áherslur.

Að stríði loknu var utanríkisverslun Íslendinga ekki lengur bundin við Bretland og Bandaríkin. Auk þess dróst breski ífiskmarkaðurinn verulega saman fyrst í stað að stýrjöld lokinni⁸ og voru hvorki fyrir hendi framleiðslutæki né markaðir til að auka freðfiskframleiðslu sem þeim samdrætti nam.⁹ Meginhluti þess fisks sem ella hefði farið í ís var því saltaður og var engum vandkvæðum bundið að finna markaði fyrir þá vöru. Íslensk saltfiskframleiðsla var komin á skrið að nýju eftir samdrátt stýrjaldaráranna (myndrit VII.1).

Myndrit VII.2



Heimild: Tafla 7 í Töfluviðauka

Þeim sem til þekktu þótti sýnt að saltfiskframleiðsla Íslendinga mundi aukast á komandi árum og tengslin við gömlu markaðslöndin í Suður-Evrópu verða endurnýjuð. Litu menn sem fyrr mjög til Spánar, töldu að þar yrði eins og áður mikilsverðasti markaðurinn fyrir íslenskan saltfisk.¹⁰ Sú varð þó ekki raunin og viðreisn íslenskrar saltfiskframleiðslu á árunum eftir stríð byggðist einkallega á mörkuðum í Grikklandi og á Ítalíu (myndrit VII.2). Grikkir greiddu fyrir saltfiskinn með frjálsum gjaldeyri (dölum) sem Bandaríkjamenn létu þeim meðal annars í té með Marshallaðstoðinni. Ítalir keyptu hins vegar að hluta til fyrir lírus sem nota þurfti til vörukaupa á Ítalíu.¹¹ Það var ekki fyrr en um og upp úr 1950 sem tekið var að senda fisk til Spánar og Portúgals að einhverju marki og sömu sögu var reyndar að segja um markaði í Mið- og Suður-Ameríku.¹²

Enda þótt íslenskir saltfiskverkendur ykju framleiðslu sína mikið eftir síðari heimsstyrjöld komust þeir ekki með tærnar þar sem þeir höfðu haft hælana á árum áður (myndrit III.2 og VII.1). Saltfiskurinn hafði ekki lengur forgang í íslenskum sjávarútvegi; til sögunnar voru komnar nýjar útflutningsgreinar sem þóttu ábatasamari en hinn gamalgróni atvinnuvegur. Framleiðendur höfðu komist upp á lag með að flytja fiskinn út ísaðan eða frystan og er þar komin ein

ástæða þess að fiskverkendur létu saltfiskframleiðslu ekki meir til sín taka að lokinni síðari heimsstyrjöld en raun bar vitni.

Af þessum ástæðum var saltfiskframleiðslan ekki regluleg á árunum fyrst eftir stríð og markaðist nokkuð af því hversu mikið var unnt hverju sinni að selja af ísuðum fiski eða frystum. Til dæmis jókst framleiðslan mjög árið 1947 er nær alveg tók fyrir sölu ísaðs bátafisks og frystihúsin gátu ekki nema að litlum hluta hlaupið í skarðið.¹³ Náði útflutningurinn þá um 27.000 tonnum en var 10.000 tonn árið áður (myndrit VII.1).

Ýmsir örðugleikar fylgdu því samt að stunda þessa atvinnugrein. Þeir fólust einkum í því að hentugt húsnæði skorti til saltfiskverkuunar, bæði geymslur og þurrkhus, og reitir til sölþurrkunar voru orðnir fáir. Síðast en ekki síst veittist oft erfitt að fá fólk til starfa og margt af því var óvant að fást við framleiðslu þessarar vöru. Skorti marga hreinlega kunnáttu til að verka fiskinn svo vel færi.¹⁴

Afurðaverð átti líka stóran þátt í því að framleiðendur kusu eftir stríðið helst að selja fiskinn frystan eða ísaðan. Saltfiskurinn var að stærstum hluta seldur fyrir frjálsan gjaldeyri, það er gjaldmiðla sem voru greiðsluhæfir í flestum löndum en þetta voru sterlingspund og Bandaríkjadalir. Frystur fiskur var aftur á móti að verulegu leyti seldur í vöruskiptum því gjaldmiðlar viðkomandi landa voru hvergi teknir í milliríkjavíðskiptum. Þær þjóðir sem keyptu með þessu móti greiddu hátt verð fyrir freðfiskinn, afkoman í frystingunni var því góð og þetta var henni lyftistöng í samkeppninni við aðrar greinar. Saltfiskverkendur náðu ekki jafn háu afurðaverði og höfðu í heildina ekki jafn góða afkomu.¹⁵

Auk þessa ýtti útflutningsuppbótakerfi það sem þá var við lýði undir það að útflytjendur leituðu fremur eftir vöruskiptum en á frjálsa markaði.¹⁶ Um hitt var minna hugsað þótt andvirðið í vöruskiptalöndunum væri ósjaldan látið í té með vörum sem lakari voru og dýrari en unnt var að kaupa annars staðar fyrir frjálsan gjaldeyri.¹⁷

Á sjötta áratugnum færðist vöruskiptaverslun Íslendinga við aðrar þjóðir mjög í aukana. Átti þetta ekki síst rætur að rekja til þess að evrópskir freðfisk- og ísfiskmarkaðir brugðust nær samtímis. Stöðvaðist ísfisksalan vegna löndunarbannsins sem hófst í Bretlandi árið 1952 og var svar Breta við útfærslu íslensku landhelginnar í fjórar sjómílar sama ár.¹⁸ Einnig guldu Íslendingar þess að stjórnvöld í viðskiptalöndum þeirra hættu víða að hafa hönd í bagga með matarkaupum þegar markaðir tóku að færast í eðlilegt horf á ný eftir rask styrjaldarinnar.¹⁹ Kom þá betur í ljós en áður hversu erfitt var að selja og dreifa frystum fiski í Vestur-Evrópu vegna skorts á aðstöðu til kælingar.²⁰ Í staðinn opnuðust hins vegar stórir markaðir



Frjáls gjaldeyri. Um nokkurt skeið eftir stríðið voru aðeins tveir gjaldmiðlar teknir sem greiðsla landa í milli í heimsvíðskiptum, Bandaríkjadalur og sterlingspundið.



Í frystihúsi Haralds Bööðvarssonar & Co. á Akranesi árið 1953. Vinnan í frystihúsunum þótti að mörgu leyti fýsilegri en í saltfiskstöðvunum og hraðfrystingin var af mörgum álitin nútímalegri vinnslugrein. Hér snyrtir og gegnumlýsir kona flök fyrir frystingu. (Hjálmar R. Bárðarson.)

fyrir freðfisk í vöruskiptalöndunum, það er Austur-Evrópu og einkum Sovétríkjunum, og þótti eðlilegt að reyna að nýta þessa markaði sem kostur var.²¹

Vöruskiptin fóru fram með tilstuðlan opinberra viðskiptasamninga og aukin áhersla íslenskra stjórnvalda á vöruskipti kom sér afar illa fyrir saltfiskframleiðsluna. Hafði þetta ásamt öðru í för með sér að æ fleiri hurfu frá því að framleiða saltfisk en einbeittu sér að freðfiskframleiðslu. Frystihúsum fjölgaði mjög í landinu á sjötta áratugnum og stækkuð voru þau hús sem fyrir voru. Sala á frystum fiski gekk greiðlega eftir að Austur-Evrópuríkin hófu kaup á honum í vöruskiptum og jókst sífellt sá hluti aflans sem fór til frystingar. Auk þess fór drjúgur hluti til herslu eftir að Íslendingar sneru sér að þeirri verkun fyrir alvöru upp úr árinu 1950.²²

Það lét því að líkum að framleiðsla saltfisks minnkaði töluvert á seinni helmingi sjötta áratugarins. Hefði oft verið unnt að selja þúsundum tonna meira af saltfiski ef þessi vara hefði verið til og andvirðið var auðfengið í frjálsum gjaldeyri.²³ Útflutningurinn hafði verið um og yfir 40.000 tonn til jafnaðar eftir 1950 en fór niður í 25.000 tonn 1959 (myndrit VII.1).

Hitt þótti ekki síður alvarlegt að samkeppnin við frystingu hafði þau áhrif að æ meira af þeim fiski, sem saltaður var, kom úr lægri gæðaflokkum aflans. Til frystingar var nefnilega eingöngu tekið fyrsta flokks hráefni en til söltunar og herslu fór það sem ekki varð komist yfir að frysta og sá hluti aflans sem ekki þótti hæfur til frystingar. Af þessum sökum voru lægri gæðaflokkarnir stærra hlutfall hráefnisins en áður þegar mestallur aflinn hafði verið saltaður.²⁴

Áður fyrr hafði íslenskur saltfiskur skarað fram úr á erlendum mörkuðum og átt velgengni að fagna sökum gæða. Ekki var laust við að viðhorfin breyttust nokkuð í þessu efni eftir að stærri hluti saltfisksins kom úr lægri gæðaflokkunum. Torveldaði þetta íslenskum saltfiskframleiðendum nokkuð að halda við því álitum sem vara þeirra hafði alls staðar notið fyrir á árum. Því fór þó fjarri að þessi gamalgróna atvinnugrein væri að syngja sitt síðasta. Saltfiskútflutningur var Íslendingum enn drjúg og mikilvæg tekjulind og kom það einna best í ljós þegar aðrar útflutningsgreinar brugðust af einhverjum ástæðum.

Árið 1952 áttu Íslendingar í einu þorskastríðinu við Breta sem meðal annars gripu til þess ráðs að setja löndunarbann á íslenskan ísfisk í breskum höfnum eins og áður var getið. Til að koma í veg fyrir stöðvun togarafлотans söltuðu framleiðendur þá mun meira af aflanum en venja var til eða fast að 50.000 tonnum. Tókst samt gífusamlega að selja og var það einkum að þakka góðum árangri á



*Saltfisktúr á Grænlands-
miðum á sjötta áratugnum.
Um skeið sendu útgerðar-
menn nokkuð togara sína á
mið undan Grænlandi þar
sem veitt var í salt og siglt
með aflann heim eða til
Esbjergs í Danmörku.
Hásetar eru að ljúka aðgerð
og framar á skipinu er
kominn stór saltfiskstafl
því lestin er full.*

ítalska markaðinum (myndrit VII.1 og VII.9). Færði þetta mönnum rækilega heim sanninn um ótvírætt gildi saltfisksins fyrir íslenska þjóðarbúið. Hefði saltfiskframleiðslan árið 1952 raunar að líkindum orðið meiri ef skreiðarverkun hefði ekki aukist allverulega á árinu.²⁵

Hin mikla saltfiskframleiðsla ársins 1952 var undantekning, afleiðing þess að í harðbakkann sló á ísfiskmörkuðum landsmanna. Höfðu íslenskir saltfiskverkendur og heildarsamtök þeirra, SÍF, vissulega ástæðu til að fagna góðum árangri á þessu erfiða ári fyrir útveginn. Var ekki flutt út jafn mikið magn á einu ári fyrr en tuttugu og fjórum árum seinna eða 1976 (myndrit VII.3).

Árið 1952 var líka að öðru leyti óvenjulegt fyrir SÍF og saltfiskverkendur. Það ár hófust siglingar saltfisktogara til Danmerkur, nánar tiltekið Esbjergs, en fram að því höfðu togarar sem fóru á salt alltaf landað aflanum á Íslandi. Árið 1952 var mörg þúsund tonnum landað í Esbjerg og námu þessar landanir um þriðjung af saltfiskútflutningnum þetta ár. Annaðist SÍF sölu fisksins fyrir togaraeigendur sem almennt töldu sig bera meira úr býtum með þessu móti en að selja heima.²⁶

Fiskkös í Vestmannaeyjum árið 1965. Stundum barst svo mikill afli að landi að ekki var einu sinni hægt að koma honum inn í hús, hvað þá að vinna úr honum jafnóðum. Þetta olli verri fiski. (Sigurgeir Jónasson.)



Þótt fiskinum væri landað í Esbjerg var hann allur keyptur á staðnum af Ítölum og fluttur óunninn til Ítalíu.²⁷ Þetta var því hrein viðbót við Ítalíusöluna. Árin 1952-57 var mikið selt til Esbjergs þótt sumir togarar lönduðu í Bretlandi. Eftir þetta strjáluðust sölugerðir saltfisktogara erlendis uns þær lögðust niður í lok sjöunda áratugarins enda hnignaði togaraútgerðinni mjög á þeim árum.²⁸

Á sjötta áratugnum varð sú mikilvæga breyting að eftir því sem á hann leið varð örðugra að halda úti togurum á veiðum í saltfisk sökum þess að illa gekk að fá mannskap. Öðru máli gegndi ef þeir áttu að fara á ísfiskveiðar eða veiðar fyrir hraðfrystihúsin því sjómennirnir þurftu þá ekki að vinna jafn mikið að fiskinum sjálfir. Vanir flatningsmenn og sjómenn sóttu í önnur störf en manna varð saltfisktogarana óvaningum og hlaut það að koma niður á fiskgæðunum. Þetta kom sér þeim mun verr að saltfisktogararnir og bátar á línuveiðum skiluðu einu besta hráefninu á land.²⁹

Eftir því sem hlutur togaranna minnkaði jókst hlutur bátanna í hráefninu sem fór til söltunar. Hjá bátaflotanum voru netaveiðar þá að verða algengari en fiskur úr netum þótti verri en fiskur veiddur á

línu sem hafði verið eitt helsta veiðarfæri bátanna. Orsakaði þetta verri vöru en áður.³⁰

Síðast en ekki síst gerðist erfiðara að fá fólk í landi til starfa. Fékkst til dæmis ekki nægt fólk til að verka fiskinn svo hann varð að standa og rýrnaði á meðan. Öll önnur vinna við fiskinn, svo sem sólþurrkun og þökkun, galt mannfæðarinnar líka. Þá bar líka á skorti á mönnum til fiskmatsstarfa.³¹ Við þessi vandkvæði öll var raunar að etja alveg fram á sjöunda áratuginn.³²

Á þessum árum, nánar tiltekið 1950-58, sveiflaðist saltfiskframleiðslan á milli 30 og 40 þúsund tonna á ári. Var það álíka og á seinni hluta kreppuáratugarins, 1936-40, og laust upp úr 1920 (myndrit III.2 og VII.1). Af þessum samanburði sést að þótt saltfiskframleiðslan kæmist vel á legg eftir stríðið var hún ekki jafn mikil og til dæmis á þriðja áratugnum, þegar framleiðslan var 70-80 þúsund tonn, enda margt breytt síðan þá.

c. Úr vörn í sókn um 1960

Af framansögðu er ljóst að sjötti áratugurinn reyndist saltfiskverkendum að ýmsu leyti þungur í skauti og margháttað óánægja þeirra beindist meðal annars að SÍF. Fljótlega eftir stríð og einkanlega á sjötta áratugnum komu margir nýir framleiðendur til sögunnar en ekki urðu samsvarandi breytingar í stjórn samtakanna. Töldu ýmsir framleiðendur vítt og breitt um landið að hagsmunum sínum væri ekki nógu vel borgið nema breytingar yrðu gerðar. Þótt verk-svið SÍF væri vikkað út 1957 að eindregnum vilja félagsmanna fannst þeim lítið ávinnast í hagsmunamálum sínum, stjórnin vera stöðnuð og vinna ekki nógu vel, enda væru fæstir stjórnarmanna sjálfstæðir saltfiskverkendur eða hefðu söltun að aðalstarfi. Er nánar vikið að þessari gagnrýni aftar í ritinu.³³

Vegna þessarar óánægju héldu framleiðendur víðs vegar af landinu með sér fund á Hótel Borg í Reykjavík haustið 1959 og voru þar saman komnir verkendur sem réðu yfir um helmingi framleiðslunnar. Málin voru rædd og að endingu var samþykkt að undirbúa stofnun sérstaks hagsmunafélags saltfiskframleiðenda við hlið SÍF. Gengu fulltrúar fundarins síðan fyrir stjórn SÍF, sem hélt fund á sama tíma, og tilkynntu henni ákvörðun sína. Í framhaldi af þessu var gerð sú málamiðlun að stofnuð var sérstök hagsmunanefnd innan SÍF þetta sama haust (1959) og áttu í henni sæti að mestu leyti fulltrúar andófsmanna af fundinum á Hótel Borg.³⁴

Hagsmunanefndinni var ætlað margþætt hlutverk og var henni falið að vinna fyrst í stað að eftirfarandi málum sem voru brýn fyrir



Söltun í stæðu hjá Bæjarúterð Reykjavíkur á sjötta áratugnum. Þótt húsakynni BÚR væru stór komst ekki allur saltfiskurinn þar fyrir og því þurfti að salta úti.

saltfiskverkendur á þessum tíma. Í fyrsta lagi skyldi hún ræða og semja við ríkisstjórnina um rekstrargrundvöll saltfiskframleiðslunnar. Í öðru lagi skyldi nefndin vinna að því að fá hækkuð lán hjá bönkunum til saltfiskframleiðslu. Í þriðja lagi skyldi reynt að fá lánastofnanir til að auka og veita ný lán til byggingar þurrkhúsa, svo og til kaupa á vélum þeim sem menn vildu verða sér úti um og álitid var að kæmu saltfiskframleiðendum að notum. Þá skyldi nefndin vinna að öðrum þeim hagsmunamálum saltfiskframleiðenda er fram kynnu að koma.³⁵

Eitt fyrsta verkefni hagsmunanefndarinnar var að vinna að ýtarlegum útreikningum um verkunarkostnað saltfisks til að sjá mætti svart á hvítu hver væri afkoma greinarinnar um það leyti. Ætlunin var síðan að leggja útreikningana ásamt nákvæmri greinargerð fyrir stjórnvöld. Slíkt hafði aldrei verið gert áður.³⁶ Nefndin skilaði þessu af sér tveimur mánuðum eftir að hún var sett á fót og var þetta upphafið að þróttmiklu starfi nefndarinnar og ýmsum breytingum sem voru gerðar á starfi SÍF á næstu árum.³⁷

Þessi umbrot eru vottur þess hve saltfiskverkun þótti undir lok sjötta áratugarins orðin óhagkvæm og aðstöðumunur freðfiskfram-

leiðenda og saltfiskframleiðenda vera mikill. Frystihúsaeigendur og samtök þeirra höfðu um árabíl gert kostnaðarútreikninga fyrir frystinguna og lagt fyrir stjórnvöld. Höfðu þau jafnan tekið nokkurt mið af þeim við ákvarðanir útflutningsuppbóta.³⁸ Engin slík gögn höfðu hins vegar verið lögð fram af hálfu SÍF fyrir en um áramótin 1959-60 eins og áður segir.

Saltfiskframleiðendum fannst þeir vera hornreka hjá stjórnvöldum og ekki mæta sama skilningi og frystihúsaeigendur. Má í því sambandi benda á að þar sem stjórnvöld önnuðust sölu á freðfiski með milliríkjasamningum, höfðu seljendur hans beinni og greiðari aðgang að þeim en saltfiskverkendur. Ríkisvaldið var líka átalið fyrir að líta fram hjá því að söltunin aflaði gjaldeyris, öfugt við frystinguna.³⁹ Veitti þó ekkert af öllum þeim frjálsa gjaldeyri sem hægt var að afla til að ekki hlytust vandræði af í þjóðarbúskapnum og utanríkisversluninni.⁴⁰

Með kostnaðarútreikninga í höndunum stóðu saltfiskframleiðendur betur að vígi gagnvart stjórnvöldum en áður. Fóru þeir fram á það við ríkisvaldið að aðstöðumunurinn yrði jafnaður með uppbótum og vísuðu til greinargerðar sinnar en fengu fyrst í stað litlu áorkað í því efni.⁴¹ Nokkuð rættist þó úr því á næstu árum í samstarfi við Emil Jónsson sem var sjávarútvegsráðherra 1959-65.⁴²

Kostnaðarútreikningar saltfiskframleiðenda urðu tvímælalaust til að styrkja málflutning þeirra og fyrir stjórn SÍF og framkvæmdastjórn var líka akkur að þeim þegar staðið var í samningum við



Við Vestmannaeyjahöfn árið 1967. Hér sjást hús Vinnslustöðvarinnar og reyk leggur frá fiskimjölsverksmiðju í eigu hennar. Saltfiskverkendur státuðu ekki af svo góðum húsa-kosti en hafa ber í huga að sumir frystihúsaeigendur bæði frystu og söltuðu. (Sigurgeir Jónasson.)

kaupendur erlendis. Þá voru þessir útreikningar ekki síður gagnlegir fyrir verkendur. Næstu ár á eftir gerði hagsmunanefndin margs konar útreikninga á verkun saltfisks eftir þurrkstigum þótt erfiðlega gengi að fá stjórnvöld til að veita saltfiskverkuninni sömu fyrirgreiðslu og frystingunni.⁴³

d. Endurreisn saltfiskgreinarinnar


Tilkoma hagsmunanefndarinnar og aðrar breytingar á starfsemi SÍF marka þáttaskil í sögu greinarinnar og samtakanna um leið. Segja má að þá fyrst bregðist verkendur og SÍF skipulega og markvisst við sífellt versnandi aðstæðum sem saltfiskframleiðslan hafði orðið að búa við eftir seinna stríð.

Fyrir stríð hafði handaflíð verið einrátt í framleiðslunni, þegar þurrkhúsum er sleppt, og verkunin útheimti mikið vinnuafll. Eftir stríðið kröfðust aðstæður þess að saltfiskverkendur notuðust sem mest við vélar og tæki í stað fólks, og bættu húsakost sinn stórlega því blautfiskur var vandmeðfarnari í geymslu en þurrkaður.⁴⁴ Þótt sumir framleiðendur sýndu viðleitni í þessum efnum drógust þeir almennt aftur úr tæknilega miðað við frystihúsaeygendur, rekstrar-skilyrði þeirra versnuðu þess vegna og samtök þeirra voru ekki nógu árvökul vegna þess að félagslega samstöðu skorti.⁴⁵

Hér má minna á að eitt af verkefnum hagsmunanefndarinnar var einmitt að fá meiri stuðning frá lánastofnunum til þess að framleiðendur gætu keypt vélar og tæki sem þeir álitu að þeir þörfuðust og gætu enn fremur endurbætt og aukið húsakostinn. Varð nefndinni strax nokkuð ágengt í því efni.⁴⁶

Ráðning Lofts Loftssonar til fastra starfa í þágu verkenda síðla árs 1961 var afar mikilvægt skref. Vann hann fyrst í stað að þeim verkefnum sem hagsmunanefndin fól honum og framleiðendur sjálfir en síðar komst starfsemin í fastari skorður og varð upp úr þessu starfi til sérstök tæknideild. Hlutverk verkfræðingsins var að afla upplýsinga um hvaðeina er laut að saltfiskframleiðslu og að gagni mátti koma. Hann veitti ráðgjöf og teiknaði þurrkklefa og söltunarhús í samvinnu við framleiðendur. Hann aðstoðaði við niðursetningu fiskaðgerðarkerfa og annaðist tilraunir með þróun neytendapakkinga á sjöunda áratugnum, svo fátt eitt sé nefnt.⁴⁷

Markmiðið var að auka afköstin, spara mannskap, létta vinnuna og auka vörugæðin. Það var ekki aðeins gert með vélvæðingu vinnslunnar heldur einnig með því að bæta húsin og stækka þau. Voru þurrkklefar og söltunarhús þar ekki undanskilin. Einnig var vinnutilhögun bætt með ýmsu móti. Þá er ógetið stórs geymslu- og



Fiskhús Jóns Karlssonar í Keflavík um eða fyrir 1970. Ýmsir verkendur réðust í nýbyggingar og endurbætur á fiskvinnsluhúsum sínum og byggðu þá stálbitahús, eins og þetta, eða strengjasteypuhús. Þá var komist hjá að hafa súlur inni í húsunum og það gerði langtum hægara um vik að nota lyftara og koma fyrir vélum á hentugan hátt. (Loftur Loftsson.)


fiskverkunarhúss á Eiðsgranda í Reykjavík sem tekið var í notkun árið 1967. Með því varð bylting í þjónustu við verkendur og jók það mjög hagkvæmni við söfnun í skipsfarma og við afskipanir. Auk þurrkklefa var þar jafnframt aðstaða til að geyma fisk og ganga frá sendingum, merkja umbúðir og fleira.⁴⁸ Nytsemi hússins sannaði sig strax eftir að það var tekið í notkun, erfiðleikaárið 1968.

Jafnframt Grandahúsinu voru byggð verkunarhús víða á landsbyggðinni og skapaðist langtum betri aðstaða til saltfiskverkunarinnar en áður. Studdi hagsmunanefndin mjög að því og nutu framleiðendur aðstoðar verkfræðings SÍF við þessar byggingar.⁴⁹

Til viðbótar því starfi sem hagsmunanefndin vann og tækni-deildin má nefna að tekið var upp annað skipulag á sölu og dreifingu fisksins af hálfu stjórnar SÍF. Með því að gera sér betri grein fyrir mismunandi óskum og þörfum neytenda á hverjum markaði um stærðir og gæðaflokka fisksins og haga sölu í samræmi við það náðu Íslendingar hærra verði fyrir framleiðslu sína en ella. Kom það strax fram árið 1962. Í því sambandi má geta þess að þegar Tómas Þorvaldsson varð stjórnarformaður samtakanna 1965 tók stjórnin þá stefnu að vinna vel í markaðsmálunum enda höfðu þau verið eitt af gagnrýniatriðunum á stjórn SÍF í lok sjötta áratugarins.⁵⁰

Á sjöunda áratugnum og fram yfir 1970 voru víða tekin í notkun fiskaðgerðarkerfi en þau samanstóðu af færíböndum, hausunarvél, flatningsvél og vöskunarvél en það var nokkurs konar ker með færibandandi í. Sömuleiðis voru húsakynni bætt og aukin. Um og upp úr 1970 urðu stórstígar framfarir þegar lyftarar, bretti og fiskkör urðu

Aðgerðarkerfi í kringum 1970. Í bakgrunni hægra megin sést færiband sem tók við fiskinum úr mót-töku og flutti að hausunar-vélinni t.v. Þaðan rann hann á færibandi í flatningsvélina sem er lengst t.v. Úr henni fór fiskurinn ofan í vöskunarker fyrir miðju og upp úr því á færibandi. Yfir því er hlíf og þar undir eru stútar sem úðuðu vatni yfir fiskinn um leið og hann kom upp úr kerinu. (Loftur Loftsson.)



stöðugt algengari meðal saltfiskframleiðenda. Þá var þækilsöltunaraðferðin að ryðja sér til rúms og hún var framfaraspor.⁵¹

Frá því um 1960 og fram yfir 1970 má tala um endurreisn saltfiskframleiðslunnar. Menn tóku í þjónustu sína vélar og tæki, bættu húsakost og nutu góðs af margs konar hagræðingu. Árangurinn varð meiri afköst, léttari vinna fyrir starfsfólk og aukin vörugæði, svo nokkuð sé talið. Samtök framleiðenda eflust með nýju blóði í stjórn og hagsmunanefndin vann að þörfum málum. Er óhætt að segja að á milli 1960 og 1970 náði greinin að rétta úr kútnum fyrir eigin tilstilli og í krafti hagstæðari markaðsaðstæðna.

e. Verðhækkun og viðgangur á sjöunda áratugnum

Framan af sjöunda áratugnum eða til ársloka 1967 varð verðþróunin mjög hagstæð því saltfiskverð hækkaði meira en verð á freðfiski og skreið. Best voru árin 1964-66 saltfiskframleiðendum. Af þessum sökum var afkoma atvinnugreinarinnar betri en hún hafði verið um langt árabil.⁵² Auk þeirra umbóta sem urðu í greininni og áður er lýst stöfuðu verðhækkanimar af því að framleiðsluþjóðir gátu ekki að fullu annað eftirspurn eftir saltfiski.⁵³ Þetta leiddi til hærra verðs enda hafði efnahagur neysluþjóðanna líka batnað nokkuð.⁵⁴


Enda þótt verðþróun væri hagstæð saltfiskframleiðendum fram eftir sjöunda áratugnum hélt frystingin sínum hlut. Til dæmis hafði víða verið fjárfest mikið í frystihúsum og tækjum sem standa þurfti undir. Auk þess var mikil hætta á að markaðir fyrir frystan fisk færu forgörðum ef ekki væri lögð við þá nægileg rækt.⁵⁵

Sem fyrr var meiri áhersla lögð á frystiðnaðinn á sjöunda áratugnum en söltun og önnuðu íslenskir saltfiskframleiðendur ekki alltaf eftirspurn fremur en á áratugnum á undan. Átti þetta bæði við um blautfiskmarkaðina í Evrópu og þurrfiskmarkaðina í Ameríku. Hefði til dæmis oft verið unnt að selja mörgum þúsundum tonna meira af saltfiski til hinna rótgrónu markaða í Evrópu en gert var.⁵⁶

Í þessu sambandi má geta þess að stundum er eftirspurn kaupenda meiri en raunveruleg neysluþörf segir til um. SÍF, sem og aðrir saltfiskseljendur, völdu úr innflytjendum til að selja á mörkuðunum. Þegar aðrir kaupendur komu á eftir og vildu líka kaupa fisk þá leit svo út að fisk vantaði fyrir markaðina. Þeir sem fengu fisk keyptan reyndu hins vegar að áætla hversu mikið magn þyrfti til að fullnægja neyslunni og ekki meir. Var af þessum orsökum ekki alltaf um raunverulega vöntun að ræða þótt fram kæmu innflytjendum sem vildu kaupa fisk.⁵⁷

Tiltölulega góð afkoma saltfiskverkunarinnar framan af sjöunda áratugnum hvatti menn til dáða og stuðlaði að því að gerðar voru allmiklar tæknilegar umbætur í atvinnugreininni.⁵⁸ Þær umbætur færðu mönnum heim sanninn um að fleira gat haft áhrif á hag þeirra en söluverðið á erlendum mörkuðum. Eftir sem áður lögðu verkendur áherslu á að stuðningur stjórnvalda við tækninýjungar og

Þækilsöltun á áttunda áratugnum. Á þessum árum kom söltun fisks í körum og síðan stæðu í staðinn fyrir fullsöltun í stæðu. Þessi aðferð útheimti kaup á lyfturum og fiskkörum en kostirnir, sem voru ýmsir, vögu það upp. Vinnan varð léttari, salt sparadist og nýtingin var betri. Auk þess gátu konur farið að vinna við saltfiskverkun. (Vilberg Guðnason.)



Söltunarstöðin Flóki í Keflavík árið 1965 (á opnu). Ýmsar smærri stöðvar voru að mestu eða öllu leyti án véla fram yfir 1970 þótt stundum væri hagrætt smávegis. T.v. á myndinni eru stíur í fiskmóttöku, á miðju gólfinu er aðgerðar-svæðið og innst í húsinu er saltað. Engin vél og ekkert færiband er notað við aðgerðina. (Loftur Loftsson.)




ýmiss konar hagræðingu næði ekki síður til saltfiskframleiðslu en annarra greina í sjávarútvegi. Á þessu þótti hins vegar misbrestur.

Saltfiskframleiðendur töldu sig setta hjá þegar hið opinbera gekkst fyrir ýmsum úrbótum í sjávarútvegi. Svo var til dæmis árið 1964 er ríkisstjórnin lagði fram og fékk samþykkt frumvarp á Alþingi um ýmsar ráðstafanir vegna sjávarútvegsins. Þar var meðal annars gert ráð fyrir framlagi ríkissjóðs á því ári til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í frystingu en ekki voru fyrirhugaðar neinar fjárveitingar til saltfiskverkunar í þessu skyni.⁵⁹ Árið 1965 var enn samþykkt frumvarp, sem gekk í svipaða átt, að því viðbættu að nú var auk frystingarinnar gert ráð fyrir framlögum til skreiðarverkunar.⁶⁰ Næstu ár á eftir eða 1966-68 voru á hverju þingi samþykkt lög nær sama efnis.⁶¹

Verkendur voru ekki sáttir við þessa meðferð.⁶² En hvers vegna skildu stjórnvöld saltfiskverkun útundan þegar veitt var fé til vinnslustöðva í sjávarútvegi? Þessu var meðal annars svarað á þann veg að ekki væri talið rétt að framlög þessi næðu einnig til saltenda þar sem þeir hefðu um skeið búið við mun hagstæðari verðþróun en framleiðendur freðfisks og skreiðar; auk þess væru þessar ráðstafanir tímabundnar.⁶³

Saltendur áttu erfitt með að kyngja svörum af þessu tagi og kröfðust þess að fá að sitja við sama borð og aðrir. Til stuðnings þeirri kröfu var bent á að sáralitlar breytingar hefðu orðið á framleiðsluháttum við söltun fyrir en á síðustu árum og þar væri ekki síður þörf mikilla umbóta en í öðrum greinum sjávarútvegs. Húsa-kostur verkenda væri víða lélegur og fjárskortur stæði í vegi fyrir því að þeir gætu orðið sér úti um ný tæki og vélar, komið upp færí-bandakerfi og öðru sem að hagræðingu lyti.⁶⁴

Það var mál manna meðal saltfiskverkenda að stuðningur ríkisvaldsins við hraðfrystinguna, sem var miklu betur vélvædd en salt-



*Hér sést hvernig fiskinum er sturtað úr opnanlegum fiskkassa niður á borð til aðgerðar. Þótt engar væru vélarnar, að frátalinni dráttarvélinni, var þetta framför því mestöllu bogri og lyftingum með fisk var létt af mönnum.
(Loftur Loftsson.)*

fiskverkunin, stafaði að nokkru leyti af því að frystingin væri komin í vörn gagnvart söltuninni. Framleiðendum saltfisks gekk nú betur en nokkrum árum áður, þeir fengu hærra verð fyrir fiskinn, og af þessum ástæðum fór betri og meiri fiskur til söltunar en hafði verið um árabíl.⁶⁵

Þrátt fyrir ítrekaðar kröfur fengu saltfiskverkendur ekki sömu fyrirgreiðslu til tæknilegra endurbóta og veitt var freðfisk- og skreiðarframleiðendum.⁶⁶ Baráttan var þó ekki árangurslaus með öllu; til dæmis tókst að fá greiddan nokkurn styrk til verkunar á þurrfiski fyrir Suður-Ameríku, auk þess sem saltendum varð nokkuð ágengt í þeirri viðleitni sinni að fá fellda niður tolla á vélum og tækjum til fiskvinnslu.⁶⁷ Því fór samt fjarri að saltfiskframleiðendur teldu sig sitja við sama borð og þeir sem frystu fiskinn eða verkuðu í skreið.

f. Blautfiskmarkaðir og þurrfiskmarkaðir

Saltfiskur sá sem SÍF flutti út að lokinni síðari heimsstyrjöld var að einu leyti frábrugðinn fiskinum fyrir ófriðinn. Megnið af honum var nú blautverkað en áður hafði þurrkaður fiskur verið uppistaðan í saltfiskútflutningnum. Ýmislegt lá að baki þessari breytingu og mátti ekki síst rekja orsakirnar til aukins kostnaðar við fiskverkun hér á landi og til erfiðleika við að fá fólk til starfa. Framleiðslan varð því dýr og ónóg.⁶⁸

Þar við bættist að enda þótt töluverðir möguleikar væru á því að stríði loknu að selja verkaðan fisk til ýmissa gamalgróinna markaða fylgdi sá böggull skammrifi að verðið var mun lægra en tækt þótti að verka fiskinn fyrir hér á landi.⁶⁹ Þetta hvort tveggja tvinnnaðist líka saman við breytingar í markaðslöndunum.

Eftir að öll eðlileg heimsverslun fór úr skorðum á árum kreppu og styrjalda og saltfiskur var lítt fáanlegur komust sumar markaðsþjóðir upp á lag með að verka og þurrka saltfisk sjálfar. Þetta voru einkum Portúgalar og Spánverjar sem juku mjög fiskveiðar eftir stríðið og bjuggu í haginn fyrir eigin saltfiskverkun.⁷⁰ Portúgalar reistu auk þess stórar þurrkunarstöðvar.⁷¹ Voru verkalaun þar miklu lægri en á Íslandi og ekki hörgull á fólki. Þá var það Portúgölum í hag að kaupa blautfisk fremur en þurrkaðan því þeir gerðu kröfu um að innfluttur saltfiskur væri þurrkaður meira en gert var við innanlandsframleiðsluna. Blautfiskkaup þýddu því betri nýtingu á fiskinum og lægri verkunarkostnað.⁷²

Spánverjar höfðu annan hátt á en Portúgalar. Eftir að þeir fyrrnefndu tóku að kaupa saltfisk á ný af SÍF árið 1950 sóttust þeir eftir fiskinum þurrkuðum (myndrit VII.5) eins og áður.⁷³ Var Spánn aðalmarkaðurinn fyrir þurrfisk á sjötta áratugnum en um 1960 urðu þáttaskil. Þá hættu þeir kaupum á honum en sneru sér að blautverkuðum fiski. Bar margt til og er nánar fjallað um það annars staðar.⁷⁴

Upp úr 1960 voru allir hinir rótgrónu saltfiskmarkaðir í Evrópu komnir undir sama hatt hvað það snerti að kaupa blautverkaðan fisk. Eftir stóðu þá markaðslönd í Mið- og Suður-Ameríku þar sem ekki þekktist annað en þurrfiskur. Þar var sá hængur á að fiskverðið fylgdi ekki þeim verðhækkunum sem fengust á blautfiskmörkuðunum í Evrópu á sjöunda áratugnum og þurrkun því ekki álitleg.⁷⁵

Ekki bætti úr skák lokun Kúbumarkaðar 1962 í kjölfar byltingarinnar þar í landi og var ekkert selt þangað af íslenskum saltfiski eftir það. Enn urðu til að bæta gráu ofan á svart miklir fjárhagserfiðleikar sem Brasilíumenn áttu við að glíma um hríð.⁷⁶ Þá má einnig nefna þverrandi álit á íslenska þurrfiskinum vegna sífelldra misbresta á gæðum hans.⁷⁷

Allir þessir þættir höfðu í för með sér að verulega dró úr verkun þurrfisks hér á landi á sjöunda áratugnum og kom fyrir ekki þótt meðalverð hans hækkaði 1966-67 því tilkostnaður jókst líka. Þó að verkendur hölluðu sér skiljanlega meir að blautfiskmörkuðunum var jafnframt ljóst að samdrátturinn í þurrfiskframleiðslunni gæti valdið erfiðleikum ef skyndilega þyrfti að vinna markaði á ný fyrir slíkan fisk.⁷⁸

En ekki varð bæði sleppt og haldið og því fór fjarri að SÍF gæti fullnægt eftirspurn á blautfiskmörkuðum í Evrópu. Var af því til efni bent á að það sama hlyti að eiga við um alla markaðina að keppinautarnir hlypu í skarðið þegar ekki væri fisk að fá héðan. Mætti því búast við að erfitt yrði að auka söluna aftur ef á þyrfti að halda síðar.⁷⁹



Þeir sem óttuðust missi markaða vegna ónógs saltfisks höfðu einna mesta ástæðu til að fyllast kvíða árið 1967 þegar framleiðslan hér á landi dróst mjög saman og varð minni en nokkru sinni síðan 1949 eða 22.000 tonn (myndrit VII.1 og VII.3). Fór þá fjarri því að unnt væri að fullnægja eftirspurn frá ýmsum mörkuðum, hvort heldur þeir sóttust eftir blautfiski eða þurrfiski.⁸⁰ Er ekki að efa að íslenskir verkendur hafi að einhverju leyti goldið þessa þegar erfiðleikar stöðjuðu að á mörkuðum árið 1968.

g. Árið 1968: erfiðleikar og eftirköst

Árið 1968 kom enn í ljós að atburðir í fjarlægum heimshlutum geta haft afdrifarík áhrif á íslenskt efnahagslíf. Jafnframt fundu Íslendingar fyrir því hversu örlög útflutningsgreina þeirra í sjávarútvegi eru samofin. Árið áður var saltfiskframleiðslan í minna lagi, eins og áður sagði, tæplega 24 þúsund tonn. Gekk því vel að selja og fékkst ágætt verð fyrir fiskinn; raunar hækkaði blautfiskurinn lítillega í verði. Í árslok voru birgðir litlar, 1.300 tonn af blautfiski og 750 tonn í verkun, og útlitið því nokkuð bjart.⁸¹ En brátt dró sortubakka á loft.

Sólþurrkun á Spáni árið 1963. Um þetta leyti gerðist húspurrkun saltfisksins algengari á Spáni og var þessi stöð í Agreda í Soriahéraði á hásléttunni ein hin síðasta sem sólþurrkaði. Plássíð er vel nýtt eins og sést á fiskunum sem hanga á brúnum grindanna og á virnetsgirðingunni umhverfis stöðina. Í baksýn er fólk að vinna á kornakri.

Á öndverðu ári 1967 hófst borgarastyrjöld í Nígíeríu og markaði hún upphafið að miklum erfiðleikum í útflutningi íslensks saltfisks. Um langt skeið hafði Nígíería verið helsti markaðurinn fyrir íslenska skreið úr lægstu gæðaflokkunum en í kjölfar borgarastyrjaldarinnar lokaðist fyrir skreiðarsölu þangað suður eftir. Neyddust íslenskir framleiðendur því til að salta þann fisk sem að öllu óbreyttu hefði verið hertur fyrir Nígíeríumarkað. Ofan á þetta bættist að verð á frystum fiski hafði farið lækkandi 1966-67 og nokkrar sölutregðu gætt.⁸²

Þegar á leið árið 1968 var ljóst að það stefndi í stórauðna framleiðslu saltfisks, ekki síst vegna þess að Nígíeríumarkaður var enn að heita mátti lokaður og aðrir stórir markaðir ekki auðfundnir. Um 45 þúsund tonnum minna var tekið til herslu en árið áður; að sama skapi jókst það magn sem fór í söltun. Saltfiskframleiðslan varð því mikil, um 38 þúsund tonn. Af sömu ástæðum var óvenjuhátt hlutfall saltfisksins af lakari gæðaflokkum eða um fjórum sinnum meira en að jafnaði.⁸³

Í Noregi fór á sömu leið og á Íslandi en Norðmenn höfðu líka framleitt mikið af skreið fyrir Nígíeríu. Ofan á allt saman var mikið saltað í öðrum löndum: Færeyjum, Vestur-Þýskalandi og Frakklandi. Það gerði svo illt verra að í tveimur mikilvægustu markaðslöndunum, Spáni og Portúgal, var óvenjumikið framleitt af saltfiski. Er talið að saltfiskframleiðslan í Vestur-Evrópu hafi verið 60-70 þúsund tonnum meiri en árið 1967 og munaði um minna.⁸⁴

Útlitið fyrir íslenska saltfiskverkendur var því ekki bjart í byrjun sumars 1968. Í árslok var staðan samt allt önnur – nokkrar óseldar

Fiskbirgðir í júní árið 1968.

Um þetta leyti ársins var útlitið ekki bjart í sölu íslenska saltfisksins vegna feiknaframleiðslu víða um lönd. Í saltfiskstæðunum og fiskpökkunum liggja mörg tonn, trúlega óseld. (Loftur Loftsson.)





Fiskmarkaður í Sao Paulo í Brasilíu árið 1968. Í Mið- og Suður-Ameríku þekkist ekki annað en þurkaður fiskur og á erfiðleikaárinu 1968 gerðu forystumenn SÍF allt sem þeir gátu til að finna markaði fyrir saltfiskinn. Meðal annars fóru þeir í ferð til ýmissa landa í Suður-Ameríku til að freista þess að auka söluna þangað. (Tómas Þorvaldsson.)

birgðir voru til en þó ekki nema 3.000-3.600 tonn af blautfiski og um 1.700-1.800 tonn af þurrfiski. Það hafði tekist að koma úr landi nær 30 þúsund tonnum á árinu en tæplega 22 þúsund tonn höfðu verið seld árið áður.⁸⁵ Þó hafði lélegur fiskur verið óvenjuhátt hlutfall framleiðslunnar. Sömu sögu var að segja í Noregi og heimsframleiðslan var almennt geysimikil. Hvernig tókst þetta og hverjir keyptu fiskinn?

Portúgalar voru einir af helstu saltfiskkaupendum SÍF á þessum árum (myndrit VII.2 og VII.4) og keyptu þeir 11 þúsund tonn árið 1968, það var 10% meira en árið áður. Á Spáni hafði tekist að selja milli 5.000 og 7.000 tonn á undanförunum árum (myndrit VII.6) og voru þangað flutt út rúmlega 5.000 tonn 1968, um 15% meira en árið áður.⁸⁶

Þessi árangur mátti heita góður í báðum löndum eins og aðstæður voru. Áður er þess getið að Spánverjar framleiddu sjálfir mikið af saltfiski, meðal annars til útflutnings. Í Portúgal hafði saltfiskinnflutningur verið í höndum sérstakrar ríkisstofnunar (Reguladora) en kerfinu var breytt nokkuð á árinu 1967. Helstu breytingarnar voru þær að heimilt var að semja við sjálfa saltfiskinnflytjendurna en þeir þurftu að fá hjá yfirvöldum leyfi sem aðeins voru gefin út til þriggja mánaða í senn. Þurfti því sífellt að vera að endurnýja þau og fá ný til að koma fiskinum inn í landið.⁸⁷ Þetta skapaði ótrúlega mikla vinnu og umstang við að koma fiskinum á leiðarenda þótt sölusamningar væru í höfn.⁸⁸


Enn betri sölusamningar náðust við Ítali, sem höfðu jafnan verið drjúgir kaupendur, og við Grikki þótt sá markaður væri miklu smærri (myndrit VII.2 og VII.4). Til Ítalíu tókst að selja ríflega 5 þúsund tonn 1968 sem var um 3 þúsundum tonna meira en árið áður (138% aukning). Til Grikklands voru seld rúmlega 2 þúsund tonn eða nær 1.300 tonnum meira en 1967 (147% aukning). Í Bretlandi hafði jafnan verið nokkur markaður fyrir lakan saltfisk til þurrkunar og endurútflutnings og voru seld þangað rúmlega 2 þúsund tonn eða um 70% meira en árið áður.⁸⁹

Af þurrfiskmörkuðum skipti Brasilía langmestu máli. Þangað tókst að selja um 2 þúsund tonn 1968 eða tvisvar sinnum meira en árið á undan. Skipti þessi aukning því afar miklu máli, ekki síst fyrir þá sök að þangað fór fiskur úr lakari gæðaflokkum sem svo mikið var til af.⁹⁰ Þegar útflutningurinn til Brasilíu og annarra landa er borinn saman verður að hafa í huga að þessi tvö þúsund tonn samsvara um það bil þremur þúsundum tonna blautverkuðum.⁹¹

Þegar árið var á enda hafði meðalverð á þurrfiski lækkað nálægt 25% frá árinu á undan en um 11% á blautfiski.⁹² Þrátt fyrir það má telja þetta viðunandi útkomu því flestir saltfiskútflytjendur í öðrum löndum voru á sama báti og urðu að setta sig við miklar verðlækkanir. Salan í markaðslöndunum var ekki átakalaus og við ýmsa erfiðleika var að etja. SÍF var snemma á ferðinni í söluferðum sínum en kaupendur í markaðslöndunum fóru sér hægt. Þeir voru ýmist ekki viðláttnir eða báru við óvissu um ástand og horfur. Síðan tókst að ná sölusamningum smám saman en ljóst var að á brattann var að sækja. Fékk SÍF stundum aðstoð frá sendiráðum Íslands til að liðka fyrir og hafa áhrif.⁹³

Eftir að ljóst varð hve mikið var saltað af lélegum fiski og ufsaveiðin mikil á vertíðinni var ekki um annað að ræða en gera átak á þurrfiskmörkuðunum. Þessi fiskur var ekki nógu gott hráefni fyrir hina kröfuhörðu neytendur á Spáni, Ítalíu eða Grikklandi en hann gekk út í Suður-Ameríku enda bar minna á göllum fisksins þegar hann hafði verið þurrkaður. Markaðir þar höfðu verið vanræktir um árabíl vegna þess að íslenskir fiskframleiðendur höfðu lagt meiri áherslu á skreiðarverkun og fyrir bragðið höfðu aðrar þjóðir tekið sæti okkar.⁹⁴

Af þessum ástæðum ákvað stjórn SÍF að efna til ferðar til Suður-Ameríku til að efla tengslin við kaupendur, heyra óskir þeirra og kvartanir, skoða fisk og kynna sér milliðalaust ástand og horfur. Var sú ferð síðan farin um haustið, í september, og reyndist mjög gagnleg. Kom berlega í ljós að íslenskir framleiðendur þyrftu að hyggja vel að ýmsum atriðum og taka sig á ef þeir ætluðu að treysta stöðu sína á þessum markaði.⁹⁵



Í Rio de Janeiro í Brasilíu árið 1968. Hér sjást ferðalangarnir í Ameríkuferðinni ásamt öðrum. F.v.: Helgi Þórarinnsson, framkvæmdastjóri SÍF; Tómas Þorvaldsson, stjórnarformaður SÍF; Unigus Gembarovski, afkomandi íslensku Brasilíufaranna; Pétur Thorsteinsson, sendiherra í Washington, og Kaare Ringseth, umboðsmaður SÍF í borginni.

Ekki var samt nóg að kippa þessu í lag. Á þessum árum voru gæði íslenska fisksins minni en þau höfðu verið og söltun úrgangsfisks þetta ár bætti gráu ofan á svart. Þetta var slæmt því að keppinautarnir gátu boðið betri fisk. Þann skugga bar líka á árangursríka sölu til Suður-Ameríku árið 1968 að vigtin stóðst ekki nógu vel og matið ekki heldur, gæði fisksins voru með öðrum orðum minni en samið var um. Hafa sjaldan verið greiddar hærri skaðabætur á einu ári vegna undirvigtar og lélegs fisks.⁹⁶

Árið 1968 sýndi það sig betur en oft áður hve bagalegt það var fyrir framleiðendur að hafa ekki geymsluhúsnæði með kælibúnaði því þeir þurftu að geyma mikinn fisk yfir sumarið. Reyndist mörgum verkendum þetta erfitt því aðstaða þeirra til þess að geyma fisk var mjög misjöfn.⁹⁷ Þeir, sem stunduðu bæði frystingu og söltun, opnuðu sumir frystigeymslur sínar til að fá kulda á saltfiskinn⁹⁸ en auk þess bjargaði Grandahúsið miklu á árinu því þar var haft mikið af fiski í kæli.⁹⁹

Það lætur að líkum að þegar aðalfundur SÍF var haldinn, í ágúst, var mönnum efst í huga sölustarfsemin og fiskgæðin. Bera umræður á fundinum þess glöggt vitni. Í október var svo haldinn aukafundur, bæði vegna saltfisksölunnar almennt og eins deilumáls í sambandi við hana sem getið er annars staðar (Paonessamálið). Á aukafundinum gerði formaður stjórnarinnar, Tómas Þorvaldsson, grein fyrir öllum söluferðum ársins fram til þess tíma og rakti þær nákvæmlega. Framleiðendur voru enn þá uggandi um afsetningu fisksins enda mikið óselt en um þetta leyti horfði betur en áður og

töldu forsvarsmenn SÍF líkur til að takast mætti að selja megnið af því sem eftir var. Þessar spár gengu eftir og var það trúlega langtum betri árangur en menn þorðu að vona fram eftir árinu.¹⁰⁰

Þessi árangur í fískisölunni náðist ekki fyrirhafnarlaust eins og nærri má geta og fram að aukafundinum í október hafði stjórnarformaður verið erlendis samanlagt í um fjóra mánuði og farið bæði til landa í Suður-Ameríku og margsinnis til Miðjarðarhafslandanna.¹⁰¹ Áður en árið var á enda voru þó farnar enn fleiri ferðir og var stjórnarformaður, oftast með framkvæmdastjóra, Helga Þórarinssyni, hálfan fimmta mánuð erlendis þetta ár. Hefur sjaldan þurft að verja jafn miklum tíma í söluna á nokkru ári og sýnir það vel hversu ofhlaðnir markaðirnir voru.¹⁰²

Raunir ársins 1968 færðu mönnum heim sanninn um hve nauðsynlegt væri fyrir verkendur að hafa kæligeymslur svo að þeir gætu geymt fisk sinn ef á þyrfti að halda. Hafði stjórn SÍF milligöngu um að Fiskveiðasjóður veitti lán til byggingar kæligeymslna til þeirra sem vildu gera það. Enn fremur hlutaðist stjórnin til um það að ríkissjóður veitti saltfiskframleiðendum uppþætur á saltfiskinn sem námu um 40 milljónum króna.¹⁰³

Þótt betur tækist til með sölu árið 1968 en á horfðist voru samt allnokkrar birgðir til sem ekki yrði auðvelt að losna við þegar ný framleiðsla kæmi á markaðinn. Á árinu 1969 varð saltfiskframleiðslan um 28 þúsund tonn sem var nálægt 26% minna en 1968. Sölustarfið gekk samt bærilega og tókst að selja nær 32 þúsund tonn; birgðir í árslok voru 700 tonn af blautfiski og 2.000 tonn af þurrfiski.¹⁰⁴ Mátti þá birgðastaðan kallast nokkurn veginn eðlileg aftur.

Til Portúgals tókst að selja um 20% meira en 1968 og voru þriggja mánaða leyfin þó ekki til að auðvelda þá sölu. Meðal þess sem Portúgalar keyptu var töluvert af þurrfiski frá fyrra ári. Slíkan fisk höfðu þeir varla keypt áður frá Íslandi eftir stríðið og var þetta upphafið að þurrfiskkaupum þeirra sem stóðu um árabil.¹⁰⁵ Á Spáni og á Ítalíu gekk ekki eins vel því mun minna var flutt þangað 1969 en árið áður. Einkum dróst salan til Spánar saman enda var að mestu leyti lokað fyrir saltfiskinnflutning þangað á árinu. Til Bretlands seldist aftur á móti aðeins meira en árið 1968 og var sumt af því þurrverkaður úrgangsfiskur.¹⁰⁶

Í Brasilíu var afar dauft yfir markaðinum fram eftir ári enda var hann yfirfullur af fiski og verðlag því lágt. Með haustinu styrktist hann og fékkst sæmilegt verð fyrir þann fisk sem verkaður var á árinu 1969. Aftur á móti varð að selja framleiðslu frá 1968 á niðursettu verði til að losna við hana. Voru til samans flutt þangað rúmlega fjögur þúsund tonn á móti tveimur þúsundum árið á undan.¹⁰⁷



Pökkun þurrfisks nálægt 1982. Á áttunda áratugnum var byrjað að pakka þurrfiski í pappakassa í stað striga. Þrátt fyrir virðulegt nafn, Ambassador, var einhver lakasti þurrfiskurinn seldur undir þessu merki og fór hann mikið til Gana í Afríku.

Umreiknað yfir í blautverkaðan fisk nam útflutningurinn 1969 nálægt sex þúsundum tonna. Í þessu sambandi má geta þess að í upphafi árs 1969 var ráðinn sérstakur maður, Valgarð J. Ólafsson, til að vinna að sölnunni og sinna einkum þurrfiskmörkuðum, þ.e. Suður-Ameríku.¹⁰⁸ Var það gert til þess að fylgja betur eftir því átaki sem ætlunin var að gera þar.

Í heild lækkaði meðalverðið árið 1969 nálægt 10% á blautverkuðum fiski en um 13% á þurrverkuðum. Þar sem verðþróunin á árinu 1968 hafði líka verið óhagstæð stóð afkoma greinarinnar í járnnum um áramótin 1969-70.¹⁰⁹ Í upphafi árs 1970 byrjaði stjórn SÍF samt með hreint borð og voru birgðir skaplegar. Mestum vandræðum hafði valdið mikið magn af harðþurrkuðum úrgangsfiski frá 1968 og 1969 og reyndist erfitt að koma honum út, einkum þegar leið á síðara árið og ný framleiðsla var komin fram. Það hafðist þó að lokum og fór sumt af honum til Kongo (nú Saír), auk Brasilíu og Portúgals.¹¹⁰

Í byrjun árs 1970 höfðu íslenskir saltfiskverkendur komist út úr þeim erfiðleikum sem offramleiðsla ársins 1968 hafði valdið. Þótt betur færi en á horfðist um hríð er óhætt að fullyrða að þetta voru einhverjir mestu söluerfiðleikar sem SÍF hafði tekist á við allt frá

kreppuárunum. Verður því að fara um 30 ár aftur í tímann til að finna viðlíka aðstæður. Af þeim sökum verður enn ljósara hve fljótt og farsælega tókst að ná jafnvægi aftur og hve mikla vinnu það kostaði af hálfu SÍF.

h. Minnkandi saltfiskneysla upp úr 1970

Á áttunda áratugnum urðu mikilvægar breytingar í fiskveiðum sem höfðu áhrif á ástand markaða. Fiskframleiðsla í ýmsum markaðslöndum SÍF varð fyrir margvíslegum áföllum, til dæmis áttu veiðiflotar Spánverja og Portúgala við sívaxandi rekstrarörðugleika að etja og drógu þessar þjóðir mjög úr saltfiskverkun sinni. Átti þetta einkum rætur að rekja til þróunar landhelgismála í heiminum; Spánverjar og Portúgalar urðu að þoka af hefðbundnum miðum á Norður-Atlantshafi sem um langt skeið höfðu verið fengsæl.¹¹¹

Eftir að saltfiskverkun tók að dragast saman í ýmsum markaðslöndum á áttunda áratugnum var sums staðar komið í veg fyrir það með stjórnvaldsaðgerðum að innflutningur væri aukinn til að fylla það skarð sem myndast hafði. Stuðluðu slíkar aðgerðir að minnkandi saltfiskneyslu. Er til dæmis talið að um 1978 hafi heildarneysla á hefðbundnum mörkuðum numið um 200 þúsund tonnum en það var langtum minna heldur en undir lok sjöunda áratugarins þegar heildarneysla nam 350-400 þúsund tonnum. Var ört hækkandi verði til neytenda einnig kennt um þennan samdrátt þótt vera megi líka að neytendur hafi orðið fráhverfari saltfiski og snúið sér meir að ferskum fiski.¹¹² Þeirrar þróunar hafði reyndar gætt þegar um 1960 í sumum markaðslöndum.¹¹³

Hafa ber í huga að fyrrum hafði saltfiskur víðast hvar verið fæða efnalítils fólks á mörkuðum í Suður-Evrópu en á áttunda áratugnum komst hann í flokk dýrari matvöru. Höfðu ekki allir ráð á að borða eins mikinn saltfisk og áður.¹¹⁴ Sem fyrr voru neysluvenjur þó nokkuð mismunandi eftir löndum. Á Ítalíu og í Grikklandi var það til dæmis enn þá aðallega tekjulítið fólk sem neytti saltfisks en hinir fjáðari ekki svo neinu næmi. Á Spáni og í Portúgal höfðu hins vegar bæði ríkir og fátækir borðað saltfisk um langan aldur og gerðu enn, svo framarlega sem þeir áttu þess kost.¹¹⁵

Á mörkuðunum við Miðjarðarhafið urðu kröfur um gæði fisksins æ harðari. Gátu slíkar kröfur tekið á sig ýmsar myndir og má nefna að um 1970 neyddist SÍF til að semja þannig við Ítali að þeir fengju að koma hingað til lands, ganga í verkunarhús manna og velja úr þann fisk sem þeim þóknaðist. Þetta voru harðir kostir en verkendur urðu að sætta sig við þá um tíma.¹¹⁶

Þar sem minnkandi heildarneysla saltfisks fór saman með samdrætti í veiðum markaðsþjóða, einkum Spánverja og Portúgala, þurftu íslenskir saltfiskframleiðendur ekki að draga saman seglin. Þvert á móti fór saltfiskframleiðsla hér á landi vaxandi fram yfir miðjan áttunda áratuginn og var yfirleitt meiri en á sjöunda áratugnum. Munaði þar mest um aukinn útflutning til Portúgals og Spánar. Raunar hefði sá útflutningur getað orðið enn meiri ef saltfiskinnflutningur hefði verið frjálst í þessum löndum. Eftirspurn var næg en innflutningi haldið í skefjum.¹¹⁷

i. Skin og skúrir á áttunda áratugnum


Enda þótt saltfiskframleiðsla hér á landi færi vaxandi er líða tók á áttunda áratuginn skiptust á skin og skúrir. Helgaðist það ekki aðeins af markaðsaðstæðum hverju sinni heldur einnig því hvernig söltunin stóð að vígi gagnvart öðrum greinum í sjávarútvegi, einkum frystingu og skreiðarverkun. Þessar þrjár útflutningsgreinar kepptu um takmarkað hráefni og menn hylltust auðvitað til að framleiða þá vöru sem mest gaf í aðra hönd hverju sinni eftir því sem hráefnisgæðin leyfðu. Samspil þessara og fleiri þátta réð síðan árlegu magni og gæðum saltfiskframleiðslunnar.

Í upphafi áttunda áratugarins var verkað óvenjumikið af lélegum saltfiski hér á landi vegna þess að skreiðarmarkaðurinn í Nígeríu var enn þá lokaður. Þurfti SÍF að inna óhemjumikið starf af hendi til að koma þessum fiski í verð en útflutningurinn jókst samt úr 30.000 tonnum í 50.000 á áttunda áratugnum þrátt fyrir afturkipp 1977-79 (myndrit VII.3). Sölusamtökin gátu þakkað árangur sinn því að um þetta leyti var nokkuð bjart yfir saltfiskmörkuðum. Skuggi áranna 1968 og 1969 var að mestu horfinn og verð hafði hækkað verulega í flestum markaðslöndum.¹¹⁸

Góðar horfur stuðluðu að því að árið 1972 var framleitt meira af saltfiski en mörg undanfarin ár, að árinu 1968 undanskildu. Nokkuð syrti þó í álinn þegar í ljós kom að Norðmenn stórjuku einnig framleiðslu sína og framboð á mörkuðum varð slíkt að ugg setti að framleiðendum hér á landi. Betur fór þó en á horfðist og tókst SÍF árið 1972 að selja fyrir viðunandi verð þann fisk sem blautverkaður var. Hin mikla framleiðsla hlaut þó að segja til sín og um áramótin 1972-73 var dauft yfir saltfiskmörkuðum; nægar birgðir voru til víðast hvar og kaupendur héldu að sér höndum til að sjá hverju fram yndi.¹¹⁹

Slæmar markaðshorfur urðu skiljanlega ekki til að auka áhuga manna á saltfiskverkun árið eftir, 1973. Framleiðslan minnkaði

Myndrit VII.3



Heimild: Tafla 7 og 8 í Töfluviðauka

nokkuð og á sama tíma dró töluvert úr saltfiskframleiðslu hjá helstu keppinautum Íslendinga, Norðmönnum og Færeyingum. Þessi samdráttur í heildarframleiðslunni kom sér vel fyrir verkendur og veittist SÍF ekki erfitt að finna markaði fyrir blautverkaðan fisk. Hækkaði verð á þeim fiski verulega frá árinu áður og síðari hluta ársins 1973 var meiri spurn eftir honum en unnt var að sinna.¹²⁰

Vegna vænlegs útlits jókst saltfiskframleiðslan töluvert á árinu 1974, varð hún meiri en um langt skeið eða frá árinu 1956. Ekki spillti fyrir að gott verð fékkst fyrir fiskinn.¹²¹ Þó bar þann skugga á að þorri framleiðsluaukningarinnar var smáfiskur. Hafði það í för með sér nokkra söluerfiðleika þar sem lakur smáfiskur reyndist illseljanlegur eða óseljanlegur blautur. Var því hluti hans tekinn til þurrkunar.¹²²


Hin aukna saltfiskframleiðsla árið 1974 stafaði meðal annars af því hversu gott verð fékkst fyrir saltfisk í samanburði við frystan fisk. Framan af árinu 1975 var saltfiskverðið einnig hagstætt og jókst framleiðslan enn. Þegar líða tók á árið hallaði hins vegar nokkuð undan fæti á Spáni og í Portúgal, meðal annars vegna mikillar hækkunar á spænskum innflutningstolli. Síðla árs bættu innflutningshömlur í Brasilíu síðan gráu ofan á svart fyrir saltfiskframleiðendur.¹²³

Sumir keppinautar Íslendinga á saltfiskmörkuðum nutu verulegra ríkisstyrkja, ekki síst norskir framleiðendur, og gátu með hjálp þeirra brugðist við þeim efnahagsráðstöfunum sem ýmsar markaðsþjóðir gripu til. Íslenskir verkendur áttu hins vegar erfiðara um vik. Til að fá haldið hlut sínum á gamalgrónum mörkuðum urðu þeir því að setta sig við nokkrar verðlækkningar þegar leið á árið 1975. Í heild var árið íslenskum saltfiskframleiðendum þó tiltölulega hagstætt þegar frá er talin offramleiðsla á smáfiski.¹²⁴


Um áramótin 1975-76 heyrðust þær raddir að fyrirsjáanlegur væri verulegur samdráttur í saltfiskframleiðslu þar sem horfur færu batnandi á freðfiskmörkuðum, auk þess sem skreiðarverð væri gott en skreiðarinnflutningur til Nígeríu var gefinn frjálst árið 1975 eftir miklar takmarkanir undanfarin ár. Þessar spár rættust ekki; afkoma íslenskra saltfiskverkenda varð þá í heild nokkuð góð og verð á saltfiski var hagstætt í samanburði við frystan fisk. Á þessu ári jókst töluvert hlutdeild blautfisks í útflutningnum og stafaði það framur öðru af þeim erfiðleikum sem þurrfiskframleiðendur áttu við að glíma vegna innflutningshamla í Brasilíu. Einnig áttu hér hlut að máli opinberar niðurgreiðslur til saltfiskframleiðenda í Noregi.¹²⁵

Langstærsti markaðurinn fyrir íslenskan saltfisk um þessar mundir var í Portúgal, eins og verið hafði í mörg ár. Árið 1976 var

Myndrit VII.4



Heimild: Tafla 7 í Tölfluviðauka



Eldvík (II) 1974-89. Þetta 1.490 brúttórumlesta skip var meðal fyrstu íslensku kæliskipanna í saltfiskflutningunum og gert út af skipafélaginu Víkum. Var það einna lengst allra þeirra skipa í flutningunum eða í fimmtán ár. Kæliskip voru töluverð framför og minnkuðu hættu á undirvigt fískisins.

mun meira selt þangað en nokkru sinni fyrr, nær 30.000 tonn eða 60% saltfiskútflutningsins. En ýmsar blikur voru þar á lofti og settu viðskiptin við Portúgala mjög svip sinn á afkomu verkenda næstu árin. Portúgalskur efnahagur var í öldudal eftir ýmis áföll og bitnaði það á íslenskum saltfiskframleiðendum af þeim sökum.¹²⁶

Eftir metsöluna til Portúgals árið 1976 seldi SÍF þangað þriðjungi minna árið eftir og næsta ár, 1978, varð íslenskum saltfiskframleiðendum afar þungt í skauti. En fleira lagðist á vogarskálina. Innflutningsleyfi voru ekki veitt þótt samningar væru fyrir hendi og þar á ofan bættist afar óhagstæður viðskiptajöfnuður á milli landanna, Portúgölum mjög í óhag.¹²⁷ Þessir erfiðleikar á árinu 1978 leystust ekki fyrr en SÍF tókst að koma því í kring að keyptir voru tveir togarar frá Portúgal og er þessu nánar lýst aftar í ritinu.¹²⁸

Ekki var að undra þótt framleiðendur horfðu með nokkrum ugg til ársins 1979. Birgðir voru óvenjumiklar og saltfiskverð hafði ekki náð að halda í við verð á freðfiski undanfarin misseri, sökum hinnar óhagstæðu þróunar í langmikilvægasta markaðslandinu, Portúgal, og lágs verðs á þurrfiski.¹²⁹ Raunin varð samt sú að saltfiskverkinin varð ívið meiri og útflutningurinn langtum meiri en næstliðið ár. Portúgalar keyptu heldur minna en árið áður en þar á móti jókst salan til Spánar og Ítalíu mikið og einnig fengust drjúgar verðhækkanir.¹³⁰

Árið 1980 náðust töluvert hagstæðari samningar við Portúgala en næstu árin á undan og varð afkoma saltfiskframleiðslunnar þokkaleg miðað við það sem verkendur höfðu þurft að búa við um skeið.¹³¹ Enn vænkaðist hagurinn árið 1981 í kjölfar þess að gerðir voru mjög hagstæðir sölusamningar við Portúgala. Voru þeir einnig hinir langstærstu sem gerðir höfðu verið nokkru sinni og samsvör-

uðu um tvöföldu útflutningsmagni áranna á undan.¹³² Upp frá því tók hins vegar að syrta í álinn á helstu saltfiskmörkuðum Ísland-
inga. Fór þá líka útflutningurinn úr tæpum 60.000 tonnum 1981
niður í 42.000 tonn árið 1984 [myndrit VII.3].

Áður en vikið er að því er ástæða til að geta ánægjulegrar þróun-
ar sem hófst seint á áttunda áratugnum. Það var þegar verkun á
þorskflökum hófst aftur en hún hafði legið niðri um margra ára
skeið. Árið 1977 hófst smávægileg verkun fyrir Ítalíu og þróaðist
hún á fáum árum upp í stórframleiðslu því árið 1980 voru flutt
1.400 tonn þangað. Sama ár hófst útflutningur á þorskflökum til
Spánar, Grikklands og Frakklands og hefur útflutningur saltflaka
síðan eflst og styrkst.¹³³ Flökin eru afurð sem svarar vel kröfum tím-
ans um fljótlegan og handhægan mat en markaðsskilyrðin hafa ver-
ið þessari nýju grein mishagstæð.

j. Hágengi Bandaríkjadals 1981-85

Árið 1981, sama ár og hinn hagstæði og mikilvægi sölusamningur
var gerður við Portúgala, tók að draga blikur á loft í gjaldeyrismál-
um ýmissa Evrópuþjóða. Létu til dæmis gjaldmiðlar Portúgala,
Spánverja, Ítala og Grikkja mjög undan síga gagnvart bandaríska
dalnum, bæði vegna efnahagsvandræða heima fyrir og þróunar á al-
þjóðlegum gjaldeyrismörkuðum. Hátt gengi Bandaríkjadals jók á
vanda sem fyrir var og fólst í slökum efnahag, verðbólgu og miklu
atvinnuleysi. Þessir efnahagsörðugleikar og mikil lækkun á gengi
gjaldmiðlanna gagnvart Bandaríkjadal ollu því að saltfiskkaupendur
héldu að sér höndum og forðuðust að skuldbinda sig til langs tíma í
senn.¹³⁴ Ástæðan var sú að SÍF samdi um verðið í Bandaríkjadöllum
og fékk greitt í þeim.

Sem dæmi um hækkun Bandaríkjadals má nefna að frá því í
mars 1981 til janúarloka 1984 hækkaði hann gagnvart ítölsku
lírinni um 66%, um 82% gagnvart spænska pesetanum og 139%
gagnvart portúgölskum escudos. Lækkaði gengi þessara gjaldmiðla
mun meira en sem nam almennum verðlagshækkunum og því
reyndist óhjákvæmilegt að lækka saltfiskverðið. Árið 1981 náði það
hámarki en fór yfirleitt lækkandi upp frá því. Til dæmis var verðið
1983 að meðaltali um 25% lægra í Bandaríkjadöllum en það hafði
farið hæst árið 1981.¹³⁵

Allir helstu saltfiskkaupendur SÍF – Portúgalar, Spánverjar, Ítalir
og Grikkir – supu seyðið af sterkri stöðu Bandaríkjadals og setti
gengisþróunin mjög svip sinn á saltfiskkaup þeirra. Hafa ber líka í
huga að Norðmenn, Danir og Færeyingar miðuðu verðið á sínum
saltfiski við eigin gjaldmiðla og þurftu ekki að fylgja Bandaríkjadal

eftir jafn mikið og íslenskir framleiðendur. Þeir voru nauðbeygðir til þess því ella hefði minna verið saltað vegna betri afkomu í frystingunni. Frændþjóðirnar gátu hins vegar með góðu móti selt á lægra verði en íslensku sölusamtökin.¹³⁶

Til að standa betur að vígi í samkeppninni varð Sölusambandið að lækka verðið. Ekki var annarra kosta völ ef það á annað borð vildi standast keppinautum snúning á helstu saltfiskmörkuðunum. Þetta hafði svo aftur í för með sér versnandi samkeppnisstöðu saltfiskframleiðslunnar gagnvart frystiðnaðinum hér á landi, vegna þess að verð á frystum fiski á Bandaríkjamarkaði stóð nokkurn veginn í stað á sama tíma og saltfiskverðið lækkaði.¹³⁷ Varð verðsamburðurinn saltfiskframleiðendum stöðugt óhagstæðari.

Það var vissulega ekki að ófyrirsynju að Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri SÍF, komst svo að orði árið 1983 að saltfiskframleiðslan væri í öldudal sem erfitt væri að sjá hvernig komast mætti upp úr á meðan gjaldeyrismál hins vestræna heims þróuðust á þann veg sem þau gerðu um það leyti.¹³⁸ Fleiri þættir veiktu enn frekar stöðu saltfiskverkenda, til dæmis framleiðslukostnaður innanlands sem hækkaði vegna verðbólgu.

Til að draga úr áhrifum af misgengi Bandaríkjadals og gjaldmiðla markaðslandanna sættust kaupendur og SÍF á vissa kerfisbreytingu á útreikningi söliverðs árið 1983 en þá var það tengt við svokallað SDR-gengi. Í grófum dráttum fól það í sér að söliverð í Bandaríkjadöllum lækkaði þegar dalurinn styrktist á alþjóðlegum gjaldeyrisörkuðum en hækkaði líka sjálfkrafa þegar gengi hans lækkaði. Bandaríkjadalur vó um helming í SDR og því skiptu kaupendur og seljendur í raun á milli sín hækkunum og lækkunum á gengi dalsins. Má segja að hér væri um eins konar sveiflujöfnun að ræða til öruggis fyrir báða aðila.¹³⁹ Að þessu var mikil hagsbót fyrir saltfiskverkendur þótt þeir þyrftu eftir sem áður að hafa sig alla við til að geta keppt við Færeyinga, Norðmenn og Dani sem seldu saltfiskinn í dönskum og norskum krónum.¹⁴⁰

Ekki var að undra þótt verkendum þætti útlitið framan af árinu 1984 ekki gefa tilefni til bjartsýni. Voru þeir venju fremur tregir til að salta fisk, meðal annars vegna þess að horfur í þessari atvinnugrein voru mun lakari en í frystingu. Á sama tíma stóðu saltendur frammi fyrir harðnandi samkeppni á ýmsum mörkuðum, til dæmis af hálfu Kanadamanna sem æ meir hösluðu sér völlum á fiskmörkuðum heimsins um þær mundir. Betur fór þó en á horfðist um hríð og þegar leið á árið 1984 tókst SÍF að knýja fram nokkrar verðhækkanir á Evrópumörkuðum þrátt fyrir áframhaldandi hækkun Bandaríkjadals.¹⁴¹



Á fiskmarkaði í Barcelona árið 1989. Í Katalóníu, þar sem saltfiskur er hafður í mestum hávegum á Spáni, er hann ekki aðeins seldur í heilu lagi heldur ýmist út- vatnaður eða óútvatnaður og niðurskorinn með ýmsu móti. Hér er boðinn óút- vatnaður saltfiskur af ýmsu tagi. Lengst t.v. eru flök með þunnildunum (1.300 pesetar hvert kg), þá flök án þeirra (1.600 pesetar), síðan trúlega miðjustykki sem þykir best (1.600 pesetar) og síðast millifiskur (1.050 pesetar) og smáfiskur (850 pesetar). Miðað við þáverandi gengi má helminga þessar tölur til að fá verðið í íslenskum krónum.

Árið 1984 var því loks snúið við þeirri verðlækkunarþróun sem einkennt hafði árin á undan. Kaupendur í markaðslöndum greiddu mun meira fyrir íslenska saltfiskinn en fisk annarra þjóða og gátu íslenskir framleiðendur ekki síst þakkað það því góða álitu sem vara þeirra naut erlendis. Ekki má heldur gleyma því að viðskipti SÍF við alla helstu kaupendur höfðu verið mikil og trygg um árabíl og sam- böndin vel ræktuð. Allt átti þetta sinn þátt í því að þeir sölusam- ingar sem gerðir voru á Evrópumörkuðum árið 1984 urðu verkend- um að mörgu leyti hagstæðari en þau kjör sem þeir höfðu þurft að sæta undanfarin ár. Mest varð verðhækkunin í Portúgal og þegar á árið leið náðist umtalsverð hækkun á Spáni og Ítalíu. Einnig fékkst saltfiskverð hækkað töluvert í Grikklandi.¹⁴²

Meðal þess sem stuðlaði að fyrrgreindum verðhækkunum árið 1984 var minni saltfiskframleiðsla hér á landi og þar með minnk- andi framboð af íslenskum fiski erlendis. Samdráttur þessi stafaði öðrum þræði af lélegum afkomuhorfum í þessari atvinnugrein framan af árinu en vitanlega hafði svo kvótakerfið í fiskveiðum landsmanna sitt að segja en með tilkomu þess dróst aflinn saman.¹⁴³

Nokkur eftirvænting ríkti um það í upphafi ársins 1985 hvernig til tækist með söluna í ljósi verðhækkana á nýliðnu ári og síhækk- andi gengis Bandaríkjadals. Var jafnvel talað um að nú yrði að



Kjöt á markaði í Barcelona árið 1989. Á þessum árum var saltfiskur löngu kominn í hátt verð í flestum markaðslandanna og til samamburðar við verðið á saltfiskinum má benda á þetta kjötstykki sem var með þeim dýrustu á markaðinum. Þess ber þó að gæta að bestu bitarnir af kjöti munu vera dýrari en bestu hlutarnir af saltfiski.

lækka verðið ef ekki ætti til alvarlegrar sölutregðu að koma. Ekki þótti samt ástæða til þess því hvarvetna voru litlar birgðir til og ekki útlit fyrir að framleiðsla Íslendinga né annarra fullnægði eftirspurn.¹⁴⁴

Kapp var lagt á það í fyrstu samningum að fá örar afskipanir og hraðar greiðslur til að minnka vaxtakostnað framleiðenda, rýrnun fisksins og geymslukostnað. Í því fólst umtalsverð búbot og jafngilti lítils háttar verðhækkun. Vertíðin varð góð og meira framleitt en gert hafði verið ráð fyrir. Var því hægt að auka magnið frá fyrri samningum. Afkoma ársins virtist ætla að verða sæmileg þrátt fyrir að Bandaríkjadalur hækkaði enn í gengi.¹⁴⁵ En þá tók hann nýja stefnu.

Um mitt ár byrjaði gengi Bandaríkjadals að lækka í fyrsta skipti í langan tíma. Gengislækkun hans gagnvart gjaldmiðlum markaðslandanna gaf möguleika á verðhækkunum og að þeim studdi mikil eftirspurn vegna minnkandi framleiðslu annarra, einkum Kanadanna og Norðmanna. Haustið 1985 náðust því umtalsverðar verðhækkanir í dölum talið, um 8% í Grikklandi, 10% á Ítalíu og 16% á Spáni. Verðið hækkaði ekki fyrr en seinna í Portúgal, í janúar 1986, en þá náðist 16% hækkun. Ofan á þetta bættust svo SDR-hækkanir. Við þetta glæddist framleiðslan og vegna fyrirsjáanlegs skorts á mörkuðum tókst að halda afskipunum örum.¹⁴⁶

Þótt verðhækkanir væru vel þegnar voru þær tvíeggjaðar. Orsök in var sú að þrátt fyrir lækkandi verð í Bandaríkjadölum hafði verðið til neytenda hækkað á næstliðnum árum vegna þess hve dalurinn hafði hækkað gífurlega gagnvart gjaldmiðlum markaðslandanna. Minnkandi framleiðsla hjá Norðmönnum, Kandamönnum og Færeyingum, auk Íslendinga, hafði líka átt drjúgan þátt í því að halda uppi verðinu á mörkuðum.¹⁴⁷

Á aðalfundi SÍF 1985 kom fram að verðlag á íslenskum saltfiski þætti hátt og að SÍF næði nokkurn veginn hæsta verði sem kostur væri á þótt löngum megi gera betur.¹⁴⁸ Valt var hins vegar að treysta á það hversu lengi þetta háa verð héldist. Ástæðan var ekki síst sú að íslenskur saltfiskur var ekki lengur fæða allra – tekjulægra fólks líka. Hann var orðinn dýr og sérhæfð matvara sem keppti við dýrustu matvörur.¹⁴⁹ Ef tekjuháir neytendur drægu líka úr kaupum sínum á honum væru íslenskir verkendur illa staddir.

Bjartsýni um hagstæða þróun markaðanna næstu árin var enn fremur nokkuð blendin af öðrum orsökum. Á árinu 1985 lauk langvinnnum samningum Spánverja og Portúgala við Evrópubandalagið um aðild þeirra að því. Tollar, sem ekki hafði verið búist við, voru nú allt í einu yfirvofandi og saltfiskframleiðendur voru uggandi enda kom brátt í ljós að ótti þeirra var ekki ástæðulaus.¹⁵⁰

k. Evrópubandalagið stígur á sjónarsviðið

Evrópubandalagið var nýtt afl í saltfiskviðskiptunum og það setti hvað sterkastan svip á markaðsþróunina fyrir saltfiskiðnað Íslendinga frá 1986 og alveg þar til samningarnir um Evrópska efnahags-svæðið gengu í gildi í upphafi árs 1994. Þetta stafaði af þeim verndartollum sem bandalagið hafði reist umhverfis sig enda stofnað sem tollabandalag í upphafi, árið 1957.¹⁵¹ Feikilegir styrkir og millifærslur bandalagsins til stuðnings sjávarútvegi skekktu líka samkeppnisstöðu Íslendinga.¹⁵² Sjávarútvegsstefna þess var sama marki brennd og fólst í því að leggja lága tolla á óunninn fisk, til að fá hráefni til fiskvinnslunnar, en leggja háa tolla á unnar sjávarafurðir til að vernda framleiðendur innan bandalagsins.¹⁵³

Allt þetta olli saltfiskframleiðendum ómældum kostnaði, gerði samkeppnina mjög ójafna, sogaði hráefni úr landinu í formi gáma- og ferskfiskútflutnings og var alvarlegur þröskuldur fyrir fullvinnslu nýrra sjávarafurða sem svara betur tímans kröfum.¹⁵⁴ Námu tollagreiðslur af íslenskum saltfiskafurðum milljörðum króna á árunum 1986-93 og lentu bæði á saltfiskframleiðendum og neytendum í markaðslöndunum. Með gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið breyttist samkeppnisstaðan mikið enda féllu þá strax niður tollar og kvótar EB á langflestum saltfiskafurðum landsmanna.¹⁵⁵

Með inngöngu Spánar og Portúgals í Evrópubandalagið í ársbyrjun 1986 voru teknir upp kvótar og tollar á saltfisk frá ríkjum utan EB. Spánverjar fengu aðlögunartíma í þessu efni til ársloka 1992 og réðu kvótum og tollum sjálfir. Hvað Portúgal áhrærir færðust ákvarðanir um stærð kvótanna og hæð tollanna að mestu leyti yfir á hendur bandalagsins, til miðstjórnarinnar í Brussel í krafti þess yfirþjóðlega valds sem hún hefur. Reyndar hafði innfluttur saltfiskur á Spáni sætt tolli undanfarin ár en við þessar breytingar versnaði markaðsstaða Íslendinga því útflutningi til allra EB-ríkjanna var haldið niðri í krafti kvótanna og tollanna.¹⁵⁶


Mikilvægi þessara breytinga fyrir íslenskan saltfiskiðnað sést best á því að árið 1985 komu 23% af útflutningsverðmæti saltfisksins frá Evrópubandalagslöndum og munaði þar mest um Ítalíu og Grikkland sem bæði voru í EB. Árið eftir, þegar Spánn og Portúgal töldust innan bandalagsins, var hlutur þess hvorki meira né minna en 98% og árin 1987-91 var hann yfir 95%.¹⁵⁷

Í samningunum við Spánverja og Portúgala árið 1985 dró bandalagið fram ýmsar tollaheimildir sem það hafði ekki notað allengi. Þetta hafði í för með sér að 12-13% tollur var nú settur á flattan fisk, 20% á þorsklök og 16% tollur á ufsaflök. Tollurinn fyrir flatta

Spænskir togarar árið 1990.

Á sjötta og sjöunda áratugnum jókst saltfiskframleiðsla Spánverja mikið en síðan á áttunda áratugnum hefur hún verið litil og erfiðleikar í togarútgerð.

Þrátt fyrir það eru þeir ein helsta fiskveiðipjóð Evrópu-bandalagsins og hafa sóst eftir fiskveiðiheimildum fyrir togarafлотann. (Guðjón Einarsson.)



fiskinn tók raunar gildi um mitt ár 1985 en hafði samt ekki áhrif á útflutning Íslendinga því tollfrjáls kvóti, sem samið hafði verið um á sínum tíma á vettvangi GATT, var það rúmur. Spánn og Portúgal voru þá líka enn þá utan bandalagsins.¹⁵⁸

Talið er að saltfisktollar EB hafi verið dregnir fram í dagsljósið fyrir tilstilli portúgalskra og spænskra útgerðarmanna. Hugmyndin var sú að EB veitti þeim löndum tollfríðindi sem vildu láta í móti fiskveiðiheimildir innan landhelgi sinnar; annars yrðu þau að greiða fullan toll. Portúgalar höfðu gert slíka samninga við Norðmenn og Kanadamenn, áður en þeir gengu í EB, og þótti mikils um vert ef hægt væri að þrýsta á fleiri þjóðir að gera hið sama. Þá höfðu Spánverjar líka haft veiðiréttindi við Kanada. Þessi stefna kom hins vegar hart niður á þjóðum eins og Íslendingum sem vísuðu slíku á bug.¹⁵⁹

Samkeppnisstaða Íslendinga varð mun lakari en keppinautanna við aðild Spánar og Portúgals að EB. Danir voru í EB og höfðu því allan saltfisk sinn tollfrjálsan. Færeyingar og Grænlandingar voru með sérsamninga við EB og komust líka frítt inn með fiskinn. Kanadamenn höfðu nokkrum árum áður samið um tollfrjálsan kvóta við EB gegn fiskveiðiheimildum en aðrar þjóðir gátu reyndar líka notað hann.¹⁶⁰

Af keppinautum Íslendinga voru aðeins Norðmenn á sama báti og án nokkurra samninga. Þeir brugðust hins vegar fljótt við og sömdu árið 1986 við EB um tollfrjálsan innflutning á norskum saltfiski, bæði blautfiski og þurrfiski, söltuðum þorskflökum og skreið.

Alls losaði tollfrjáls sérkvóti Norðmanna 30.000 tonn en á móti urðu þeir að láta af hendi fiskveiðiheimildir.¹⁶¹

Kvótar á flöttum, blautverkuðum þorski til EB á árunum 1986-92 voru þrens konar en mestallur blautfiskur er unninn úr honum. Fyrst var 25.000 tonna tollfrjáls kvóti samkvæmt GATT-samkomu-
lagi en síðan annar tollfrjáls kvóti, upp á 6.000 tonn, sem varð til í samningum Kanadamanna við EB en aðrar þjóðir nutu líka meðan hann gildi en það var aðeins til ársloka 1987. Að síðustu úthlutaði EB á hverju ári viðbótarkvótum sem tóku venjulega gildi 1. apríl en voru misjafnlega rúmfrí og með misháum tolli. Þegar þessir kvótar voru fylltir tók við almenni EB-tollurinn sem nam 13%. Á þurrkuð-
um saltfiski og öllum flöttum fisktegundum öðrum en þorski var fullur tollur (12-13%) og engir tollfrjálsir kvótar.¹⁶²

Fyrstu þrjú árin deildi EB þorskkvótunum út til aðildarlandanna og var misjafnt frá ári til árs hversu mikla kvóta hvert ríki fékk. Frá og með 1989 var kvótunum ekki útdeilt heldur voru þeir öllum EB-ríkjunum til sameiginlegra nota þar til þeir voru fylltir. Í gegnum árin notuðu Portúgalar þó jafnan bróðurpartinn af kvótunum þar sem þeir fluttu inn langsamlega mest.¹⁶³

Eins og áður er sagt voru tollar líka lagðir á þorsk- og ufsaflök þegar Spánn og Portúgal gengu í EB. Meðan Kanadakovótinn á flöttum fiski var í gildi, 1986-87, var einnig 3.500 tonna tollfrjáls kvóti fyrir þorskflök. Eftir að Kanadakovótinn féll niður í árslok 1987 veitti EB þorskflakakvóta einhliða og voru þeir með lægri tolli. Árin 1988-89 var kvótinn smávægilegur (250-500 tonn) og með 10% tolli en síðan fór hann stækkandi. Árin 1990-91 var hann 1.200 tonn með 11% tolli og 1992 3.000 tonn með 9% tolli. Þegar alla þessa tolllágu kvóta þraut tók almenni 20% tollurinn gildi. Um ufsaflök er það að segja að fullur tollur á þeim var 16% en þess utan voru skammtaðir misstórir kvótar með lægri tolli en breytilegum þó. Fóru þeir mjög eftir framboði af ufsa innan EB.¹⁶⁴

Auk þessara hindrana í markaðslöndunum sjálfum þrengdu inn-
lendar aðstæður líka að saltfiskiðnaðinum. Mestu skiptu minni veiðiheimildir ár frá ári. Á aðeins sex árum, 1987-92, minnkaði þorskaflinn um ríflega 120.000 tonn eða nálægt þriðjung. Ber þá að hafa í huga að mestallt hráefni til söltunar kemur úr þorski.¹⁶⁵

Jafnframt juku nýjar ráðstöfunarleiðir fyrir aflann samkeppnina um hráefnið. Sjófrysting tók árin 1987-92 milli 30.000 og 40.000 tonn af þorski árlega að jafnaði og gámaútlutningur nam um og yfir 30.000 tonnum af þorski framan af þessum árum. Síðustu árin minnkaði hann þó töluvert og var um 15.000 tonn árið 1992. Afleiðing þessa var sú að þorskmagn til söltunar minnkaði um helming, fór úr 160.000 tonnum árið 1987 í 80.000 tonn árið 1992.¹⁶⁶

Gámaútflutningur nálægt 1988. Á níunda áratugnum jókst útflutningur ísaðs fišks í gámum hröðum skrefum því verðið var hátt. Neikvæða hliðin var sú að samtímis skorti fiškvinnsluna hráefni, fiškverkafólk var atvinnulaust og gámafiškurinn fór meðal annars til söltunar og var síðan seldur í samkeppni við saltfišk verkaðan á Íslandi.



Þessar tölur skýra nokkuð innanlandsaðstæður og baksvið sveiflna á saltfiškmörkuðunum. Verðhækkarnir við og við bættu ástandið en fišskorturinn á mörkuðum hafði ýmsar óheppilegar hliðarverkanir fyrir íslenska saltfiškframléiðendur. Auk Rússaþorsks Norðmanna og fišks frá Alaska má nefna útflutning á ferskum, flöttum fiški sem var töluverður um nokkurra ára skeið frá Íslandi og olli hann miklum deilum og ólgu meðal saltfiškverkenda og útflytjenda utan SÍF.

Að síðustu má nefna breytingar á dreifingu veiða og vinnslu á landinu en þær hafa að ýmsu leyti komið illa við saltfiškiðnaðinn. Þorskkvótinn hefur í auknum mæli færst yfir á hendur stórra útgerðarfyrirtækja sem hafa ekki haft bolmagn til að veiða hann sjálf og því fengið báta til að gera það fyrir sig. Sá fiškur hefur framar öðru farið í frystingu og jafnhliða þessum breytingum hafa veiðikvótar færst af hefðbundnum söltunarstöðum sunnanlands og lent mikið í höndum útgerða á Norðurlandi er hafa síður saltað aflann.¹⁶⁷

1. Glímt við tolla og kvóta Evrópubandalagsins 1986-92

Árið 1986 var fyrsta ár Spánverja og Portúgala innan EB og brátt komu í ljós þær tálmanir sem innganga þeirra hafði í för með sér fyrir íslenska verkendur. Tollfrjálsu kvótarnir fyrir flatta fiškinn, samtals 31.000 tonn, voru allsendis ónógir fyrir saltfiškinflutning

EB-landanna enda var úflutningur Íslendinga einna meiri en sem þessum kvótum nam. Var þá gefinn út viðbótarkvóti sem hljóðaði upp á 65.000 tonn með 3,7% tolli.¹⁶⁸

Þrátt fyrir ýmiss konar vandkvæði vegna EB var árið 1986 mjög hagstætt þegar litið er til verðþróunar og afkomu. Í Bandaríkjadöllum talið nam meðalhækkun ársins um 40% frá fyrra ári; var hún með því mesta um langt árabil. Margt kom til en helst það að fisk skorti víðast hvar á saltfiskmörkuðum; það var ekki vegna meiri neyslu heldur fremur vegna þess að framleiðsla keppinautanna minnkaði, Norðmanna og Kanadamanna. Þótt SÍF flytti meira út 1986 en tvö undanfarin ár gat það alls ekki annað eftirspurn kaupenda og stuðlaði það að verðhækkun. Lækkun Bandaríkjadals gagnvart gjaldmiðlum markaðslandanna gaf líka möguleika á verðhækkunum auk SDR-hækkana.¹⁶⁹


Eigin framleiðsla neyslupjóðanna hafði líka dregist saman á undanförunum árum og voru þær af þeim sökum háðari innflutningi. Eftir inngöngu Spánar og Portúgals í EB minnkaði framleiðsla þeirra á saltfiski vegna þess að sem aðildarríki bandalagsins höfðu þau ekki lengur sömu veiðiheimildir á fjarlægum miðum og áður. Samdrátturinn kom ekki hvað síst illa við Spánverja sem höfðu framleitt mikinn saltfisk og jafnvel flutt út nokkuð.¹⁷⁰

Vegna fiskskortsins á mörkuðum voru afskipanir mjög tíðar og greiðslur bárust fljótt frá kaupendum. Tókst því að lækka vaxtakostnað umtalsvert. Gæðin jukust einnig og var það að þakka betra hráefni, aukinni vöruvöndun, auk minni rýrnunar og betra mats



Suðurland (II) 1982-87. Þetta 2.334 brúttórumlesta skip var af annarri kynslóð kæliskipa í saltfiskflutningunum frá Íslandi. Það var gert út af skipafélaginu Nesskipum og tók við af eldra skipi með sama nafni. (Snorri Snorrason)

Neytendapakkningar SÍF frá árunum 1987-90. Í þessum umbúðum voru seld flök og hér sýnir Hólmfríður Karlsdóttir, alheimsfegurðardrottning, þau en SÍF fékk hana til þess að vekja athygli á íslenska saltfiskinum, Bacalao Islandia, í auglýsingum. Í stóru 5 kg öskjunnni voru flökin seld heil og einkanlega ætluð veitingahúsum. Í smærri pakkningunum, 400 g, voru flökin skorin niður og seld í stórmörkuðum.



vegna skjótra afskipana. Þá leiddu auknar tilraunir og rannsóknir til þess að nýjar verkunaraðferðir voru þróaðar en þær einfölduðu verkunina og stytta verkunartímann.¹⁷¹ Hér var einkum um að ræða þæklun sem sagt er frá annars staðar.¹⁷² Allt þetta átti líka sinn þátt í því að auka verðmæti afurðanna.

Eftir veltiárið 1986 kom annað gott ár. Eftirspurn árið 1987 var mikil og útflutningur var töluvert meiri en árið áður því söluhorfur voru vænlegar og tandurverkun varð æ meiri enda kom hún vel út fjárhagslega. Árangurinn var sá að söluverð saltfisksins hækkaði frá árinu á undan að meðaltali um ríflega 30% í Bandaríkjadöllum talið. Afskipanir voru örvar og greiðslur bárust hratt en það minnkaði vaxtakostnað.¹⁷³

Þótt árið 1987 væri gott ollu kvóta- og tollamál EB ýmsum vandkvæðum, líkt og árið áður. Um mitt ár voru tollfrjálsu kvótarnir uppunir, samtals 31.000 tonn. Þá var veittur 40.000 tonna viðbótarkvóti með 5% tolli en hann dugði ekki út árið og gildi þá almenni 13% tollurinn.¹⁷⁴

Á árinu 1987 hóf SÍF framleiðslu á saltfiski í neytendaumbúðum og fór hún fram í Pökkunarverksmiðju þess en næstu 2-3 ár á undan höfðu verið stigin fyrstu skrefin á þessari braut með tilraunasendingum. Heildarútlutningurinn á þessu fyrsta ári var um 150 tonn og voru þessar afurðir seldar bæði til hefðbundinna markaðslanda og nýrra. Góðar vonir voru strax bundnar við þessar afurðir því þær höfðu hlotið góðar undirtektir áður og þjóðfélagshættir í markaðslöndunum hafa stöðugt verið að breytast í þá átt að heimilin gera kröfur um handhægari og fljótteknari mat en áður.¹⁷⁵

Eftir góðæri í tvö ár þrengdi mjög að íslenskum saltfiskframleiðendum árið 1988. Með haustinu 1987 fór að bera á tregðu hjá kaupendum við að taka á móti fiski enda viðbótarkvótinn með 5% tolli þá fylltur og 13% tollurinn genginn í gildi. Nokkurs samdráttar gætti síðan í kaupum neytenda á saltfiski fyrir jólin og var hann talinn stafa af of háu verði í samanburði við önnur matvæli. En neyslan eykst jafnan mikið á haustin og fram að jólum. Þessi afturkippur þurfti samt ekki að koma á óvart því á aðalfundi SÍF um sumarið var talað um að verðþol markaðanna væri víðast hvar strekkt til hins ýtrasta.¹⁷⁶

Keppinautar Sölusambandsins í öðrum löndum höfðu sumir hverjir birgt sig upp og ætlað að selja á hækkandi verði fyrir jólin en vegna sölutregðunnar söfnuðust upp birgðir. Við þetta bættist það að innflutningur til Brasilíu var stöðvaður á árinu 1987 og seldu Norðmenn þar miklu minna en árið áður.¹⁷⁷ Af þessum ástæðum voru Norðmenn mjög birgir bæði af þurrfiski og blautfiski um áramótin.

Í upphafi ársins 1988 þegar allir kvótar voru ónýttir notuðu Norðmenn tækifærið, lækkuðu verðið um nálægt 10% og losuðu sig við mikið af birgðunum. Fylltu þeir stóran hluta af almenna tollfrjálsa kvótanum áður en þeir fóru að nýta sinn eigin kvóta hjá EB. Á meðan voru íslenskir verkendur fisklausir. Eftir að þeir höfðu fisk til að selja urðu svo tafir á því að viðbótarkvótinn tæki gildi en hann nam 52.500 tonnum með 5% tolli. Ekki létti það heldur ástandið að tollfrjálsu Kanadakvótarnir fyrir flattan fisk og flök voru ekki lengur fyrir hendi.¹⁷⁸

Það sem gerði þó útslagið í lakri útkomu ársins 1988 var það að söltun jókst verulega í öðrum löndum. Helstu ástæðurnar voru að gengi Bandaríkjadals fór enn lækkandi og verð á frystum afurðum þar með. Lokun Brasilíumarkaðar kom sér líka mjög illa. Af þessum sökum var meiri áhersla lögð á Evrópumarkaði og blautfiskframleiðslan jókst hjá helstu keppinautunum, Norðmönnum og Kanadömönnum. Síhækkandi verð 1986-87 hafði líka freistað annarra, svo sem Dana og Alaskamanna sem juku framleiðslu sína 1988.¹⁷⁹

Norskur fiskur á markaði í
Sao Paulo í Brasilíu árið
1991. Norðmenn, sem
höfðu aðallega látið að sér
kveða á þurrfiskmörkuðum,
höfu sókn á blautfiskmörk-
uðunum á níunda áratug-
um og þá sér í lagi í Portú-
gal. Þar var verðið einna
lægst en neytendur
gerðu jafnframt minni
kröfur til gæða.
(Bjarni Benediktsson.)



Afleiðingar aukinnar framleiðslu og verðlækkana Norðmanna í byrjun ársins 1988 létu ekki á sér standa. Markaðsverð nýju framleiðslunnar lækkaði, fyrst í Portúgal, þar sem Norðmenn seldu einkum, en síðar á öðrum mörkuðum. Greiðslufrestur lengdist og afskipanir drógust á langinn. Norðmenn voru þungir í skauti því þeir lækkuðu stöðugt verð, lengdu greiðslutímamann og tóku upp á því nýmæli að samþykkja vigt og mat á fiskinum í Portúgal en ekki við afskipun í Noregi eins og áður. Það kom til af því að þá höfu þeir í fyrsta skipti að kaupa rússneskan fisk að ráði til sölu í Portúgal.¹⁸⁰

Ofan á aukna framleiðslu erlendis bættust afleiðingar af útflutningi óunnins þorsks í gámum frá Íslandi. Hann hafði þá staðið í nokkur ár og var hluti hans tekinn til vinnslu og söltunar í Bretlandi, Frakklandi og Danmörku og seldur í samkeppni við íslenskan saltfisk á bestu mörkuðunum. Meðan skortur var á fiski 1986-87 olli hann ekki verðlækkunum en á þessu mikla framleiðsluári, 1988, kom hann SÍF illa því hann var seldur á lægra verði á mörkuðunum en heimasaltaður þorskur. Voru 32.000 tonn af þorski flutt út í gámum, miðað við fisk upp úr sjó, en til samanburðar má geta þess að til söltunar voru tekin 154 þúsund tonn af þorski á sama ári.¹⁸¹

Fleira varð til að minnka hráfnisframboðið til söltunar árið 1988. Þá kvað í fyrsta skipti verulega að útflutningi á ferskum, flöttum fiski til Spánar og var hann saltaður þar og seldur í samkeppni við íslenska fiskinn. Sumt var líka flutt til Bretlands, saltað þar og selt svo til Spánar. Stóðu bæði íslenskir og erlendir aðilar að þessum útflutningi sem hafði byrjað 1987. Að síðustu setti sjófrystingin nokkurt strik í reikninginn því nær 37.000 tonn af þorski fóru í

hana 1988 og hafði magnið rúmlega tvöfaldast frá 1986. Má geta þess að um 1980 hafði þessi grein fiskvinnslunnar naumast verið til.¹⁸² Allt þetta gerði stöðu SÍF heldur þrönga á saltfiskmörkuðunum.

Um áramótin 1987-88 féll úr gildi samningur Kanadamanna við EB eins og áður er sagt og þar með 3.500 tonna tollfrjálsi kvótinn fyrir þorsflök. Evrópubandalagið notaði tækifærið og herti tollákvæði sín með því að leyfa aðeins 250 tonna kvóta með lægri tolli en 20% (10%). Árin 1986-87 hafði þorsflakaútflutningur Sölusambandsins til EB-landa (að frátöldum Spáni) vaxið gríðarlega frá fyrri árum og numið 2.100-2.700 tonnum, svo að með þessum litla kvóta var í raun verið að útiloka íslensk flök frá mörkuðunum. Árið eftir, 1988, var kvótinn aukinn í 500 tonn en hann hrökk skammt enda gilti hann líka fyrir nýhafna framleiðslu SÍF á þorsflökum í neytendaumbúðum. Þorsflakaútflutningurinn 1988 fór af þessum sökum niður í 1.200 tonn og endurskipuleggja þurfti framleiðslu neytendapakkinganna því uppistaðan í þeim hafði verið flök.¹⁸³

Í heild lækkaði meðalverð á saltfiski sem SÍF hafði með höndum árið 1988 um 3% í Bandaríkjadöllum frá árinu á undan og voru það mikil umskipti. Árin 1986-87 hafði verð hækkað geysilega eða nálægt 80% mælt í Bandaríkjadöllum og markaðirnir verið blóðmjólkadír, eins og komist var að orði á aðalfundi SÍF 1988. Þetta dró tvímælalaust úr neyslunni.¹⁸⁴

Mótbyrinn á mörkuðunum hélt áfram á árinu 1989. Líkt og árið áður var óvenjumikið til af fiski í birgðum í upphafi árs, bæði í framleiðslulöndunum og markaðslöndunum, sérstaklega Portúgal. Þar var mikið tollafgreitt í janúar og var 25.000 tonna tollfrjálsi



Ný tegund af flakaumbúðum frá SÍF 1986-87, „skinnpökkun“. Svona var gengið frá heilum flökum í umbúðum til neytenda sem keyptu inn í stór-mörkuðum. Síðar var farið að selja þau skorin.

Heimsókn Spánarkonungs árið 1989. Þegar Juan Carlos, þjóðhöfðingi Spánar, kom til Íslands þetta ár tók SÍF þátt í móttökkunni og gaf honum innsýn í framleiðslu þessarar eftirsóttu og dýru matvöru á Spáni. Hér sjást f.v. Sigurður Einarsson, framkvæmdastjóri Ísfélags Vestmannaeyja, Juan Carlos og Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri SÍF, virða fyrir sér saltfisk af stærri gerðinni enda hefur stórfiskurinn verið eitt af helstu aðalmerkjum íslenskrar saltfiskframleiðslu. (Jím Smart.)



kvótinn fylltur strax í þeim mánuði. Þá tók við fullur tollur, 13%, á saltfiskinn og stóð svo fram til 1. apríl þegar EB-kvótinn með lægri tolli tók gildi.¹⁸⁵

Norðmenn voru erfiðir viðfangs í samkeppninni og í upphafi ársins lækkuðu þeir verðið á fiski sínum og lengdu greiðslutímann. Eins og árið áður var hluti fisksins keyptur úr rússneskum skipum, ýmist ferskur eða frystur og þá þíddur upp og saltaður í Noregi. Fannst ýmsum hart að Norðmenn skyldu komast upp með að selja fisk úr rússneskum fiskiskipum tollfrjálst til EB því það stríddi gegn samningi þeirra við bandalagið eins og síðar kom á daginn. Þá veittu Kanadamenn mikla samkeppni með lágu verði og fleira í sama dúr.¹⁸⁶

Saltfiskframleiðsla Íslendinga 1989 dróst saman frá árinu áður því söluhorfurnar voru ekki vænlegar og reynsla nýliðins árs ekki hvetjandi. Framboðið af þorski minnkaði heldur vegna minni aflakvóta og samkeppnin um hráefnið harðnaði verulega, bæði vegna sterkra stöðu frystingarinnar og vegna þorskútflutnings í gámum sem nam nær 30.000 tonnum á meðan rúmlega 132.000 tonn fóru til söltunar. Sjófrysting tók enn sem fyrr mikið til sín og þá kvað líka mikið að útflutningi á ferskum, flöttum fiski til Spánar (2.300 tonn) og gerði hann Sölusambandinu skráveifur þar.¹⁸⁷

Það sem mörgum saltfiskverkendum og forráðamönnum SÍF fannst verst var sú staðreynd að stór hluti gámafisksins var um síðir seldur sem íslenskur saltfiskur á mörkuðunum í samkeppni við fisk verkaðan hérlandis. Með þessu móti var markaðsstöðu Sölu-

sambandsins stefnt í hættu að þess mati því smáslattar af þessum fiski hefðu áhrif til verðlækkunar þótt ferskfiskútflytjendur teldu svo ekki vera.¹⁸⁸

Hættan af ferska og flatta Spánarfiskinum, sem seldur var gagnert til söltunar, var álitin sú sama en þar við bættist að fiskurinn var eldri þegar hann kom til söltunar á Spáni og verra hráefni, sérstaklega eftir að farið var að flytja hann með skipum en fyrst í stað hafði hann verið sendur með flugvélum. Sölusambandið óttaðist því að þessi fiskur skaðaði gæðaimynd og solumöguleika saltfisksins sem unninn var hérlendis.¹⁸⁹


Útflutningur ferskfisksins brann heitar en áður á framleiðendum og forsvarsmönnum þeirra þegar harðna tók á dalnum 1988 og 1989 og því voru þeir mótfallnir miklum útflutningi þeirra fisktegunda sem nýttust í söltun. Sér í lagi var óviðunandi fyrir þá sem seldu allan sinn fisk í gegnum SÍF að sumir félagsmanna flyttu út besta fiskinn ferskan og á dýrustu markaðina en létu svo SÍF selja það lakara. Þeir fleyttu rjómann ofan af mörkuðunum og stóðu samt jafnfætis hinum, sem seldu allt í gegnum SÍF, við afskipanir.¹⁹⁰

Þar sem aðstæður á mörkuðum voru um margt áþekkar 1989 og árið áður var verðþróunin svipuð. Mikið framboð af saltfiski í upphafi ársins og stöðugar verðlækkanir Norðmanna þrýstu niður verðinu á nýju framleiðslunni og í heildina lækkaði meðalverð á íslenskum saltfiski, sem fór um hendur SÍF, í kringum 9% miðað við árið áður. Var þó meira selt á dýrari markaðina en undanfarin ár. Þessi verðþróun dró úr framleiðslu saltfisks og var mun minna framboð af honum á síðustu mánuðum ársins heldur en árið áður. Lofaði það raunar góðu um verðþróun en þar sem viðbótarkvóti EB, 49.000 tonn með 6% tolli, fylltist í byrjun október var ekki fýsilegt að senda meiri fisk það sem eftir var ársins til tollafgreiðslu.¹⁹¹

Eftir tvö erfið ár gátu íslenskir saltfiskframleiðendur sagt með sanni að öll él birtir upp um síðir. Árið 1990 var þeim mjög hagstætt hvað snertir verðþróun. Má segja að allsherjar samdráttur í veiðum og framleiðslu, bæði hérlendis og erlendis, hafi einkennt árið og þótt menn hefðu gjarnan viljað fá meiri afla á Íslandsmiðum þá hækkaði verðlag mikið á ný eftir verðlækkanir tveggja ára. Á móti kom allnokkur ferskfiskútflutningur til Spánar (1.150 tonn) og ódýr saltfiskur úr nýjum fiskstofnum (Alaskaporski og -ufsa) en hvort tveggja dró úr sölu íslenska fisksins sem saltaður var hér heima.¹⁹²

Í upphafi árs 1990 var fiskskortur ríkjandi, birgðir voru litlar í markaðslöndunum og búist við samdrætti í framleiðslu Íslendinga, vegna minni aflakvóta, og minnkandi framleiðslu annarra þjóða vegna samdráttar í veiði Atlantshafsborsks sem fyrst gætti að ráði

*Flutningaskipið Ísnes á siglingu undan Spánarströndum. Árið 1987 eignaðist skipafélagið Nesskip þetta 2.870 brúttórúmlasta skip og lét breyta því fyrir brettaflutninga. Notkun bretta hafði breiðst út skömmu upp úr 1980 og gömlu kæliskipin voru ekki nógu hentug fyrir þau. Lestun og losun varð líka auðveldari vegna lyftubúnaðar fyrir brettin í skipunum.
(Rodolfo.)*



1989. Samningar miðuðust við þessar horfur og því náðust verðhækkanir strax í upphafi ársins. Hins vegar örvaðist ekki framleiðslan hérlendis í samræmi við þessar verðhækkanir eins og vonir stóðu til. Verðið hélt síðan áfram að hækka á árinu og árangurinn var sá að frá upphafi til loka ársins hækkuðu sumar saltfiskafurðir Íslendinga um allt að 51% í Bandaríkjadöllum. Meðalverð ársins var hins vegar rúmlega 30% herra en meðalverð ársins áður.¹⁹³

Þessi hagstæða verðþróun var kærkomin eftir erfiðleikana tvö undanfarin ár en Íslendingar nutu hennar samt ekki í Portúgal. Raunar ollu Portúgalar Sölusambandinu erfiðleikum fram eftir árinu því þeir fengust seint til samninga og náðu svo fram verðlækkun og löngum greiðslufresti. Helsta ástæðan var sú að Portúgölum bauðst á sama tíma ódýr fiskur frá Norðmönnum, meðal annars vegna tollfrelsis hans.¹⁹⁴

Vegna þessa erfiða markaðsástands í Portúgal alveg frá ársbyrjun 1988 og minni kaupgetu þar en í öðrum löndum ákvað stjórn SÍF að minnka mikilvægi Portúgalsmarkaðar framvegis. Einnig þótti of stór hluti útflutningsins fara á einn markað og tryggara væri að dreifa áhættunni meira.¹⁹⁵ Þar við bættist að eftir því sem hlutur gæðafisks í aflanum jókst – vegna skertra veiðiheimilda – hentaði það illa að senda hann á Portúgalsmarkað.¹⁹⁶ Hefur af þessum sökum miklu minna verið selt til Portúgals síðan 1989 (myndrit VII.8).

Aldrei þessu vant voru kvótar og tollar EB ekki til vandræða 1990 sem marka má af því að viðbótarkvótinn, 53.000 tonn með 7% tolli, dugði út allt árið. Aftur á móti voru Norðmenn Sölusam-



Fiskþurrkun á Spáni árið 1989. Þótt flestir Spánverjar kaupi saltfiskinn blautverkaðan hafa neytendur á Suður-Spáni vanist honum þurrkuðum. Lakur fiskur hentar vel í þurrkun og upp úr 1988 flutti SÍF nokkuð út af slíkum fiski til þurrkunar.

bandinu erfiðir sem áður. Á árinu 1990 var veiðikvóti Norðmanna minni en áður og framleiðslan minnkaði. Það gerði að verkum að þeir fóru að kaupa heilfrystan Alaskaþorsk sem þeir þíddu upp og söltuðu í Noregi. Þennan fisk buðu þeir fram á mörkuðum sem norskun fisk en á lægra verði en hefðbundinn saltfisk því Alaskaþorskur þykir lakari matvara en þorskur úr Atlantshafi.¹⁹⁷ Þetta varð að sjálfsgöðu ekki til að örva sölu á íslenskum fiski sem var mun dýrari enda betri.

Þegar ljóst var að þorskveiðikvóti Norðmanna yrði lítill árið 1990 sáu viðskiptavinir þeirra fram á að þeir fengju ekki nægan fisk þar. Þeir sneru sér þá til SÍF en gengu bónleiðir til búðar því útlit var fyrir að erfitt yrði að sinna föstum kaupendum Sölusambandsins, hvað þá nýjum. Þegar ekki fékkst fiskur hjá SÍF tóku sumir þeirra til bragðs að kaupa flattan, ferskan þorsk hér á landi í nokkrum mæli og salta erlendis. Þennan fisk seldu þeir þó sem íslenskan fisk og á lægra verði en hinn hefðbundna íslenska saltfisk enda var hann lakari og rýrði það álitid á íslenskum fiski þar syðra.¹⁹⁸

Í ársbyrjun 1991 voru horfur þokkalega góðar fyrir íslenska saltfiskframleiðendur og ástand markaða að mörgu leyti áþekkt og um áramótin á undan. Fiskbirgðir voru litlar, bæði í framleiðslulöndunum og markaðslöndunum, því framboðið hafði minnkað á nýliðnu ári og verðið hækkað. Þá var ljóst að þorskkvótinn yrði enn skertur hjá nágrannaþjóðunum og það þýddi minna framboð á komandi ári. Veiði Atlantshafsporsks dróst mikið saman 1990 og útlit var fyrir enn minni afla 1991. Þrátt fyrir þessar vænlegu markaðshorfur voru

íslenskir saltfiskframleiðendur varaðir við of mikilli bjartsýni því hátt verð hafði dregið úr neyslu og verðhækkunar saltfisks voru meiri en á öðrum matvælum sem hann keppti við, til dæmis á kjötvörum.¹⁹⁹

Eins og jafnan áður voru verkendur hvattir til að framleiða sem mest og afskipa sem mestu á fyrstu vikum ársins, svo tollfrjálsi GATT-kvótinn nýttist Íslendingum sem best, og því fremur sem páskarnir voru í fyrra lagi en eftir þá dettur neyslan mikið niður. Vetrarvertíðin fór hins vegar seint af stað og náðist ekki upp næg framleiðsla fyrir páska. Þá olli stærðarsamsetning aflans miklum vandræðum á árinu því lítið fékkst til söltunar af smáfiski og millifiski.²⁰⁰

Vegna skortsins á þessum fiskstærðum og eins hins að stórfiskur var dýr söfnuðust allmiklar birgðir í landinu um tíma. Var erfitt um vik að selja og þegar SÍF neitaði að taka á sig tollinn á viðbótarkvóta EB bættist enn við birgðirnar. Nam EB-kvótinn 55.000 tonnum með 7% tolli. SÍF mat markaðsaðstæður svo að ekki væru efni til þess að samtökin tækju á sig tollinn en kaupendur báru fyrir sig mikið framboð af ódýrum norskum fiski. Áður en árið var á enda tókst samt að selja fiskinn og birgðirnar voru með eðlilegu móti í árslok.²⁰¹

Eins og á undanförunum árum átti íslenskur saltfiskur í samkeppni við ódýrari þorskegundir. Á síðustu mánuðum ársins 1990 hófst söltun á Alaskaporski af heimamönnum og Norðmönnum en Alaskamenn voru í fyrsta skipti áberandi á saltfiskmörkuðum Evrópu á því ári. Þessi fiskur var aðallega seldur til Portúgals fyrri hluta árs 1991 en síðar á árinu dró mjög úr framleiðslu hans því hann þótti ekki nógu góður og auk þess of dýr.²⁰²

Þá fór að bera æ meira á Rússaþorski sem Norðmenn keyptu eins og áður heilfrystan af Rússum, þíddu síðan upp og söltuðu í Noregi. Hans gætti einkum í Portúgal og þar sem unnt var að bjóða hann á lægra verði en þann íslenska, meðal annars vegna lægra hrá-

Kjúklingar á markaði í Barcelona árið 1989. Meðal ódýrasta kjötmetis, sem hægt var að kaupa á Spáni, voru kjúklingar og kílóverðið, sem hér sést, var svipað og á sporðstykkinu á saltfiski einu saman.



efnisverðs, olli hann verðlækkunum á síðustu mánuðum ársins. Má raunar segja að mikill þrýstingur hafi verið á verð íslenska saltfisksins allt árið vegna Norðmanna en mest þó á seinni helmingi þess.²⁰³

Þegar árið 1991 var á enda hafði verð á saltfiski hækkað þótt það væri hátt fyrir og má rekja það til minnkandi framboðs. Afli Norðmanna jókst aðeins eftir botnárið 1990 en veiði Atlantshafsporsks dróst langtum meira saman og hafði ekki verið jafn lítil um margra ára skeið. Verðhækkunin frá upphafi til loka ársins var aðeins 5% en meðalverðið var þó hærra því seinni hluta ársins lækkaði verðlag vegna aðgerða Norðmanna. Miðað við árið 1990 var meðalverðið um það bil 16% hærra mælt í Bandaríkjadöllum og eru þá saltfiskafurðir í neytendaumbúðum taldar með.²⁰⁴

Heldur meira fór til söltunar af þorski en árið áður, 109.000 tonn á móti 100.000 tonnum, en samt dróst saltfiskframleiðslan saman því töluvert minna var saltað af öðrum fisktegundum. Gámaútlutningur olli Sölusambandinu og framleiðendum nokkrum erfiðleikum og áhyggjum á árinu 1991 eins og undangengin ár. Að vísu minnkaði hann nokkuð í fyrsta skipti í langan tíma og miklu minna fór af þorski út 1991 en árið áður eða 17.000 tonn á móti 30.000 tonnum. Samtímis dró enn frekar úr sölu á ferskum, flöttum fiski til Spánar og gætti hans lítið. Hlutur sjófrystingar hélst í sama horfi.²⁰⁵

Eftir tveggja ára hagstæða verðþróun skipti um á árinu 1992 og verð lækkaði þegar litið er yfir árið í heild. Var það raunar framhald þeirrar verðlækkunar sem hafði byrjað um mitt árið 1991. Í upphafi ársins virtust SPIG-markaðirnir svokölluðu, það er Spánn, Ítalía og Grikkland, nokkuð vænlegir og að flestu leyti varð þróun mála á þeim ekki andsnúin íslenskum framleiðendum. Öðru máli gegndi um Portúgal. Strax í ársbyrjun var vitað að þar í landi yrði við ýmis ljón að etja því mikið framboð var af norskum fiski og hann boðinn á lækkandi verði.²⁰⁶

Sá hængur var þó á norska fiskinum að hann var einkum stórfiskur og sama vandamál hrjáði reyndar íslenska verkendur allt árið. Af þessum ástæðum söfnuðust nokkrar birgðir fyrir á fyrri hluta ársins af stórum fiski af Portúgalsgæðum (PORT-fiski eins og hann kallaðist nú). Kaupendum þótti hann líka of dýr en SÍF vildi ekki selja hann fyrr en í síðustu lög til að komast hjá verðlækkunum á honum.²⁰⁷

Snemma á árinu komu líka upp mál sem ýttu undir birgðasöfnun af SPIG-fiski yfir sumarið og ollu tregðu í sölu um tíma. Eins og rakið er annars staðar hafði utanríkisráðuneytið veitt nokkrum aðilum utan SÍF leyfi til útflutnings á saltfiski í töluverðum mæli frá

*Mario Rotllant, stjórnar-
maður í Copesco-Sefrisa á
Spáni. Fyrirtækið var meðal
helstu kaupenda SÍF á
Spáni um 1990 og sá SÍF
fyrirtækinu fyrir mestöllum
saltfiski þess. Vegna óróans
framan af árinu 1992 var
Mario Rotllant, eins og
öðrum kaupendum, því
spurn hvað væri að gerast
í sölufyrirkomulaginu
á Íslandi.
(Guðjón Einarsson.)*



því á árinu 1990.²⁰⁸ Á árinu 1992 olli útflutningur þessara utanfé-
lagsmanna miklum óróleika hjá kaupendum SÍF á Spáni og samtím-
is var ljóst að sérleyfi SÍF félli úr gildi um komandi áramót.²⁰⁹ Spán-
verjar voru að kaupa fisk fyrir neyslutímabilið frá hausti og fram til
páska svo óvissan um verð var mikil þegar ljóst var að enn fleiri
yrðu um hituna eftir áramótin.

Þar sem kaupendum SÍF bauðst lægra verð frá þessum aðilum
utan Sölusambandsins vildu þeir ekki gera samninga snemma á ár-
inu nema gegn verðlækkun og SÍF var tregt til þess. Kaupendur voru
síður en svo áfjáðir í að birgja sig upp yfir sumarið af ótta við að
þeim eða keppinautum þeirra byðist íslenski fiskurinn á lægra verði
síðar á árinu þegar neyslan færi fyrst af stað.²¹⁰

Væntingar SÍF um betri markaðshorfur seinna á árinu fyrir
PORT-fiskinn rættust ekki og bar tvennt til. Mikið var flutt af ódýr-
um norskum stórfiski til Portúgals um sumarið, enda öfluðu Norð-
menn vel, og við slíkar aðstæður var ekki um annað að ræða fyrir
SÍF en að lækka stóra PORT-fiskinn verulega í verði til að koma
honum út. Varð mikið tap á sölu hans því fiskframleiðendur höfðu
fengið greitt fyrir fiskinn á mun hærra verði en hann seldist á og olli

þetta verulegum halla á rekstri SÍF þetta ár. Það hafði ekki gerst lengi.²¹¹

Hitt var að seint á árinu fóru gjaldmiðlar markaðslandanna í Suður-Evrópu mjög að veikjast gagnvart evrópsku mynteiningunni ECU. Til skamms tíma hafði SÍF selt saltfiskinn að langmestu leyti í Bandaríkjadöllum en á aðeins tveimur árum, 1990-91, höfðu viðskipti í ECU stórvaxið og seldi SÍF 70% af saltfiski sínum í þessum gjaldmiðli seinna árið. Sífellt veikari staða gjaldmiðla Ítalíu, Spánar og Portúgals gagnvart ECU endaði svo með gengisfalli þeirra eða floti í september og nóvember 1992. Íslenski saltfiskurinn þótti í háu verði fyrir sem tálmaði sölu á honum og því var ekki um annað að ræða en að lækka söluverðið.²¹²


Í heild lækkaði meðalverð á íslenskum saltfiskafurðum árið 1992 um 7-8% frá árinu áður, mælt í ECU, og er þá talið með það sem flutt var út fram hjá SÍF. Sökum þess hve illa horfði með söltun á árinu dróst framleiðslan töluvert saman og til söltunar voru aðeins tekin 82.000 tonn af þorski. Aflamagn sem fór í gámaútlutning og í sjófrystingu minnkaði enn og fóru 15.000 tonn í gáma en 35.000 tonn voru sjófryst; útflutningur á flöttum, ferskum fiski var sama sem enginn á árinu.²¹³

Áður en skilist er við þetta yfirlit um þróun markaðanna verður að geta nánar þeirra afurða í saltfiskiðnaðinum sem helsti vaxtarbroddurinn er í, nefnilega neytendaflakanna og afurðanna í neytendaumbúðunum. Sala á saltflökum hefur aukist stöðugt víðast hvar á mörkuðum og á kostnað flatts fisks. Er það eðlilegt því flök uppfylla betur kröfur neytenda og veitingastaða um handhægan og aðgengilegan mat. Íslensk flök áttu samt erfitt uppdráttar á mörkuðum Evrópubandalagsins fram yfir 1992 hvort heldur þökkðu í neytendaumbúðir eða ekki.²¹⁴ Er þá Spánn undanskilinn því þar giltu tollar og kvótar EB ekki fyrr en 1993 vegna aðlögunartíma sem landið fékk.

Þótt Evrópubandalagið yki kvóta sína fyrir þorskflök úr 500 tonnum árið 1989 í 3.000 tonn árið 1992 bætti það lítið úr skák enda báru þau eftir sem áður nálægt 10% toll.²¹⁵ Þetta sést berlega á því að útflutningurinn til EB-landa að frátöldum Spáni minnkaði úr 1.200-1.600 tonnum 1988-89 niður í 400 tonn árið 1992.²¹⁶ Er þá ufsaflökum til Þýskalands sleppt því þau eru notuð til matvælagarðar.

Hluti skýringarinnar á þessum samdrætti er sá að keppinautar Íslendinga, einkum Norðmenn, höfðu miklu betri aðstöðu vegna tollfrelsis. Við þær aðstæður útilokaði fullur tollur, 20%, Íslendinga nánast frá stærsta flakamarkaðinum, Ítalíu. Hér skipti þó ekki síður máli að sala á þorskflökum til Spánar jókst mikið á þessum árum því þau sættu sértollum Spánverja og þeir voru lægri. Fór útflutn-

Hinar nýju neytendapakkningar SÍF 1988-90. Árið 1988 voru markaðssett útvötnuð og fryst flök (efst) því þau nutu hagstæðari tolla. Jafnframt var framleiðslu léttsaltaðra þorskflaka (að neðan t.v.) haldið áfram. Á næstu árum voru ýmsar fleiri afurðir þróaðar og þeim komið í sölu. Sú saltfiskafurð sem einna bestar undirtektir fékk voru pönnukökur úr saltfiskmarningi (að neðan t.h.).



ingurinn þangað úr um 1.000-1.400 tonnum 1988-89 í 3.000 tonn 1992. Þorskflök voru þó ekki einu neytendaflökin sem flutt voru út því markaðir fundust t.d. á Spáni fyrir smá ufsaflök og flök úr löngutegundum. Voru lönguflökin þar að auki tollfrjáls og minnkuðu ekki sölu á þorskflökum.²¹⁷

Margvíslegar saltfiskafurðir og tilbúnir saltfiskréttir í neytendumbúðum hafa komið fram á sjónarsviðið til að fullnægja betur þörfinni fyrir fljóttekinn mat. Þessar afurðir er líka hentugt að selja í stórmörkuðum þar sem neytendur í markaðslöndum stunda innkaup sín æ meir. Má kalla tilbúna samsetta rétti sem hitaðir eru í örbylgjuofni meðal allra framsæknustu saltfiskafurða í neytendumbúðum nú um stundir. Sölusambandið hóf sölu á einni tegund slíkra rétta árið 1989 en það voru saltfiskpönnukökur sem unnu sér nokkurn sess um tíma.²¹⁸

Obbinn af afurðunum í neytendumbúðum fram til 1992 var samt flök, útvötnuð og fryst. Flokkuðust þau sem frystar afurðir og sluppu við EB-tolla. Hitt skipti þó ekki minna máli að með þeim og öðrum útvötnuðum, frystum afurðum var enn verið að minnka fyrirhöfn og vinnu neytenda.²¹⁹ Að vonum jókst útflutningur neytendapakkninga SÍF mikið eða úr um 150 tonnum árið 1987 og í 1.100 tonn árið 1991.²²⁰ Gildistaka EES-samningsins í ársbyrjun 1994 gaf síðan vonir um að sala þeirra gæti enn aukist því þá féllu niður tollar á flökunum og lækkuðu á tilbúnum réttum.²²¹

Þróun markaðanna eftir 1992 verður ekki rakin hér frekar enda urðu þáttaskil í saltfiskverslun Íslendinga þegar útflutningurinn var

gefinn öllum frjáls í ársbyrjun 1993. Síðan þá hafa íslenskir saltfisk-útflytjendur ekki komið fram sem ein heild heldur hafa nokkur útflutningsfyrirtæki keppt hvert við annað.

Eins og undangengið yfirlit sýnir hefur saltfiskverkun skipað mjög mikilvægan sess í sjávarafurðaframleiðslu landsmanna eftir stríðið. Þótt söltunin hafi ætíð keppt um hráefnið við frystinguna, sem löngum hefur þótt nútímalegri vinnsluaðferð fisks, þá hefur þessi gamla framleiðslugrein aftur og aftur sannað nauðsyn sína. Þegar eitthvað hefur fallið upp á í markaðsmálum frystingarinnar eða annarra verkunargreina hefur söltunin gert verðmæti úr aflanum og þau ekki lítil.

Samkeppnin milli verkunargreinanna hefur líka að sínu leyti gert það að verkum að aflanum hefur verið ráðstafað þangað sem hann gæfi mest verðmæti þegar ytri aðstæður hafa ekki skekkt samkeppnisstöðuna. Um sölumöguleikana þarf ekki að spyrja, hjá milljónum manna í Suður-Evrópu og víðar er saltfiskur ómissandi og verkendur hafa átt tryggja kaupendur um áratuga skeið.

Vegna nýrra verkunargreina eða ráðstöfunarleiða, sem verið hafa til staðar fyrir fiskaflann eftir stríðið, og vegna vaxandi fjölbreytni í efnahagslífi landsmanna hefur hlutdeild saltfisksins í heildarverðmæti vöruútflutnings verið mun minni en áður. Á þriðja áratugnum, þegar framleiðslan var í algleymingi, var hlutur hennar ríflega 50% og jafnvel yfir 60% stundum. Þetta minnkaði eðlilega í kreppunni og fór allt niður í um fjórðung áður en heimsstyrjöldin hófst (myndrit III.2). Eftir að framleiðslan var aftur komin af stað, um 1950, og fram til 1956 var hlutur saltfisksins í vöruútflutningnum reyndar nokkuð drjúgur eða 20-30%. Eftir það minnkaði hann og hefur hann lengstum leikið á bilinu 10-15% (myndrit VII.1 og VII.3). Hefur því saltfiskurinn eins og fyrr staðið undir ósmáum hluta af lífsafkomu og velmegun landsmanna.

2. Spánn

a. Vöruskiptaverslun 1950-60

Þegar tekið var að huga að hinum rótgróna fiskmarkaði á Spáni eftir stríð kom í ljós að ýmis ljón voru þar í veginum. Spænska borgarastyrjöldin, sem lokað hafði nær algjörlega fyrir saltfiskinnflutning þangað á fjórða áratugnum, hafði enn áhrif með ýmsum hætti. Íslensk stjórnvöld höfðu ekki tekið upp stjórnmálasamband við spænsku stjórnina eftir að Franco komst til valda og gátu því engin



Franco, þjóðhöfðingi Spánar. Íslensk stjórnvöld viðurkenndu nýju Francostjórnina á Spáni eftir að hún komst til valda en vegna stríðsins varð bið á því að stjórnmalasamband væri tekið upp.

viðskipti farið fram að sögn Spánverja. Vegna gjaldeyrisskorts settu þeir líka það skilyrði fyrir saltfiskkaupum frá Íslandi að greitt yrði í spænskum vörum og það var örðugur kostur.²²²

Stjórn SÍF beitti sér fyrir því við íslensk stjórnvöld að þau tækju upp samband við stjórn Francos til þess að unnt væri að hefja eðlileg viðskipti. Árið 1949 hófust samningaumleitarnir um saltfisksölu til Spánar og lyktaði þeim með undirritun viðskiptasamnings milli landanna í desember það ár. Af ýmsum ástæðum, meðal annars vegna tregðu Spánverja að kaupa íslenskar vörur fyrr en þeir ættu orðið allnokkrar inneignir hér á landi, var það svo ekki fyrr en í maí 1950 að gengið var frá fyrsta fisksölusamningnum við Spánverja frá því fyrir stríð.²²³

Spánverjar keyptu svo til eingöngu þurrkaðan fisk, eins og fyrir stríð, en flestar hinar þjóðirnar í Suður-Evrópu sneru sér að blautfiski þegar þær hófu aftur saltfiskkaup af SÍF. Þetta kom til af því að gagnstætt Portúgölum, sem þurrkuðu fiskinn líka áður en hans var neytt, þá áttu Spánverjar svo fáar verkunarstöðvar að þeir gátu engan veginn þurrkað allan fiskinn sjálfir.²²⁴ Ítalir og Grikkir þurrkuðu aftur á móti ekki fiskinn og þeir keyptu því skiljanlega mestmegnis blautan saltfisk.

Þeir, sem keyptu nú saltfisk á Spáni, voru margir hverjir Sölu-sambandinu að góðu kunnir, höfðu átt við það viðskipti áður en borgarastyrjöldin skall á árið 1936. Fljótlega mynduðu spænsku innflytjendurnir með sér félag, Asociación Española de Importadores de Bacalao, sem keypti saltfiskinn af SÍF og gætti ýmissa sameiginlegra hagsmuna félagsmanna.²²⁵ Alls voru spænskir saltfiskinnflytjendur um 110 talsins á árunum fram til um 1960, vítt og breitt um Spán.²²⁶ SÍF seldi samt ekki nema tiltölulega fáum þeirra enda íslenski fiskurinn aðallega borðaður af Katalóníubúum og á Norður-Spáni og auk þess margir um hituna.

Viðskiptasamningurinn, sem gerður var við Spánverja árið 1949, byggðist á vöruskiptum og fól í sér að Íslendingar gátu aðeins selt fisk til Spánar gegn andvirði þeirra vara sem þeir keyptu þaðan í staðinn. Eftir að sala saltfisks hófst til Spánar reyndist vöruinnflutningur þaðan fyrst í stað stórum minni en áætlað hafði verið. Lagði stjórn SÍF því mikla áherslu á það við íslensk stjórnvöld að ráðstafanir yrðu gerðar til að auka kaup á spænskum vörum. Ávannst nokkuð í því efni er á leið.²²⁷

Allan sjötta áratuginn seldu Íslendingar saltfisk til Spánar fyrir andvirði þarrendra vara og viðskiptasamningar þjóðanna voru framlengdir jafnóðum. Árið 1960 varð hins vegar breyting á með aðild Spánar að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu (OEEC), viðskiptin voru gefin frjáls og verslað í frjálsum gjaldeyri (sterlingspundum og

Vörur frá Spáni

Eftirtalðar vörur getum við útvegað frá Spáni með stuttum fyrirvara:

Skrifstofustálhúsgögn	Döðlur	Skófatnaður, allsk.
Sjúkrahúshúsgögn	Fikjur	Karlmannahattar
Barnavagnar	Ávaxtapúlp	Leikföng
Hreinlætisvörur	Nýlenduvörur, allsk.	Búsáhöld (aluminium)
Gúmmíúkar	Leirvörur	Hnífapör
Netakork	Málarastrigi	Rafgeymar
Ólivuólia	Krossviður	Saumavélar
Möndlur	Leðurvörur	Peningaskápar

Veitum skjóta fyrirreiðslu og upplýsingar um allar aðrar vörur fáanlegar frá Spáni.

SPÁNSK-ÍSLENZKA VERZLUNARFÉLAGIÐ H.F.

Vesturgötu 4 — Sími 3166.

Vöruskiptin við Spánverja. Þeir áttu lítið af frjálsum gjaldeyri eftir stríðið og eina leiðin til að selja þang- að saltfisk var að taka spænskar vörur í staðinn. Hér sést auglýsing frá íslensku innflutnings- fyrirtæki sem er að auglýsa spænskar vörur af ýmsu tagi.

Bandaríkjadöllum).²²⁸ Sem fyrr var fiskinnflutningurinn þó háður leyfum spænskra stjórnvalda og fór eftir innanlandsframleiðslunni hverju sinni.²²⁹ Hét ríkisstofnun sú, sem með saltfiskinnflutninginn fór, Comisaria de Abastecimenoos y Transportes og hafði hún einnig eftirlit með smásöluverði á saltfiski.²³⁰

Útflutningur saltfisks frá Íslandi til Spánar á sjötta áratugnum var lítill í samanburði við útflutninginn áður en spænska borgarastyrjöldin setti strik í reikninginn og samt hafði fólki fjölgað mjög á Spáni. Var þetta nokkurt áhyggjuefni íslenskum verkendum. Ein meginástæða minnkandi neyslu var talin sú hversu lítinn saltfisk Spánverjar höfðu fengið um níu ára skeið, frá því borgarastyrjöldin braust út árið 1936 og þar til heimstyrjöldinni lauk árið 1945. Var til dæmis haft fyrir satt að margt ungt fólk á Spáni hefði aldrei borðað saltfisk, það þekkti ekki bragðið og var því talið vafasamt að hann yrði eftirlætisfæða þess eins og fyrri kynslóða.²³¹

Til viðbótar þessu báru saltfiskverkendur nokkurn ugg í brjósti vegna þess hversu mjög Spánverjar voru farnir að leggja áherslu á eigin fiskframleiðslu; veiðiskipafloki þeirra stækkaði með ári hverju. Má geta þess að snemma á sjötta áratugnum var talið að Spánverjar þyrftu einungis að flytja inn tæplega helming þess saltfisks er þeir neyttu og árið 1958 var hlutfallið komið í um þriðjung. Þetta má rekja til stuðnings spænskra stjórnvalda við innlenda saltfiskframleiðslu en þau lögðu til dæmis tolla á innfluttan saltfisk og héldu uppi verðlagseftirliti á saltfiski. Af þessum ástæðum minnkaði nokkuð innflutningur Spánverja á saltfiski frá Íslandi á sjötta áratugnum (myndrit VII.5).²³²



Ole Lökvik, umboðsmaður SÍF í Barcelona. Hann vann að sölu íslensks saltþífsks á Spáni áratugum saman og munu engir menn hafa starfað lengur sem umboðsmenn en hann og Hálfdan Bjarnason á Ítalíu. Ole byrjaði á að selja fyrir Kveldúlf á þriðja áratugnum, varð umboðsmaður SÍF árið 1932 og lét af því rétt um 1970. Hann var einnig ræðismaður Íslands í Barcelona um árabíl. (Tómas Þorvaldsson.)

Saltþískþurrkstöð á Spáni árið 1963. Spánverjar reistu margar þurrkstöðvar á sjötta áratugnum til að vinna úr innlendri framleiðslu og eftir að þeir hófu kaup á blautþíski frá Íslandi var hann þurrkaður þar líka. Hér er að vísu enn þá sólþurrkað og ef til vill er þetta íslenskur saltþískur.

Þar sem aukin fiskframleiðsla Spánverja sjálfra dró úr þörfinni á innflutningi var vitanlega brýnt fyrir Íslendinga að standa vel að vígi gagnvart keppinautum. Þar fóru fremstir í flokki Færeyingar, Norðmenn og Nýfundnalendingar. Urðu Færeyingar umsvifamestir á Spáni eftir því sem á leið áratuginn og helstu keppinautar Íslendinga um sölu á gæðafíski.²³³ Saltþískframleiðsla annarra þjóða og Spánverja sjálfra var hins vegar nær eingöngu seld á þeim markaðssvæðum innan Spánar sem gerðu ekki eins miklar kröfur til gæða.²³⁴


Í samkeppni um markaðinn kom það sér vel hversu íslenskur saltþískur var vel kynntur frá fornu fari á Spáni. Til dæmis um það álit sem hann naut má nefna góðar viðtökur sem íslensk viðskipta-nefnd hlaut þar í landi árið 1949. Urðu nefndarmenn þess alls staðar varir að Spánverjar höfðu mikinn áhuga á að taka upp viðskipti við Íslendinga að nýju og minntust yfirleitt með hrifningu þeirra tíma er þeir gátu fengið keyptan íslenskan saltþísk.²³⁵ Spánverjar voru líka kröfuharðir og sóttust aðeins eftir gæðafíski.

Ónóg vörukaup Íslendinga á Spáni á fyrstu árum sjötta áratugarins voru samt ekki eina ástæðan fyrir minni sölu þangað en áhugi var fyrir. Spánverjar höfðu yfirdráttarheimild sem gerði þeim kleift að ganga frá saltþískkaupunum snemma ársins þótt íslenskir innflytjendur hefðu ekki ákveðið sín vörukaup. Spænsku kaupendurnir voru hins vegar lítt áánlegir til þess að nýta sér yfirdráttarheimildina að fullu og útkoman var sú að spjótin stóðu á íslensku innflytjendunum að kaupa spænskar vörur nógu fljótt á árinu svo afskipanir þyrftu ekki að dragast óhóflega.²³⁶

Afleiðing lítilla vörukaupa Íslendinga fyrstu árin og þess hversu seint þau gengu fyrir sig var sú að Spánarfískinum var ekki afskipað



Myndrit VII.5



Heimild: Tafla 7 í Tölfluviðauka

fyrir en seinast á árinu. Það hafði í för með sér að fiskurinn versnaði við svo langa stöðu hér á landi eða ofþornaði enda skilyrðin æði misjöfn hjá verkendum til að geyma fiskinn. Við þetta má bæta að mikil tregða var á að fá innflutningsleyfi og jafnvel stóð á útvegum skipa til flutninganna en það var í umsjá Spánverja.²³⁷

Frá og með 1953 stóðu lítil eða síðbúin vörukaup ekki svo mjög í veginum fyrir saltfisksölu til Spánar því þau höfðu aukist. Það var fremur eigin saltfiskframleiðsla Spánverja sem hindraði meiri útflutning því hún jókst og innflutningurinn minnkaði að sama skapi. Líkaði Spánverjum samt íslenski saltfiskurinn mjög vel um þær mundir og fékk hann bestu ummæli enda var honum afskipað miklu fyrir á árinu en verið hafði.²³⁸

b. Frá þurrfiski til blautfisks um 1960

Á seinni hluta sjötta áratugarins dró aftur ský fyrir sólu. Þá fór verkafólkskella í landi að verða tilfinnanlegri en áður, gekk oft seint að koma fiskinum í gegnum aðgerðina og varð það til að rýra gæði hans. Einnig stóð líka oft á því að fá fólk til að sinna sólþurrkuninni. Ekki fékkst heldur alltaf nóg hráefni fyrir Spánarmarkaðinn

þegar hægst var að sinna verkun þess fisks, á vorin og framan af sumri.²³⁹ Af þessum sökum var því ekki unnt að framleiða jafn mikið af Spánarfiski og hægt var að selja.²⁴⁰

Ekki bætti úr skák að hráefnið versnaði fyrir þennan kröfuharða markað þegar dró úr saltfiskveiðum togara og hlutur bátaflotans jókst. Togararnir skiluðu jafnan góðum fiski á land en netaveiðar báta fóru vaxandi og úr netunum kom oft dauðblóðgaður fiskur.²⁴¹ Þá seinkaði stundum flutningaskipum og þoldi linverkaður Spánarfiskurinn illa misjafnar geymslur og ókældar oft á tíðum. Um tíma naut hann ekki heldur sömu útflutningsbóta og fiskur sem seldur var í frjálsum gjaldeyri og var að mestu leyti blautverkaður.²⁴² Dró það enn frekar úr áhuga saltenda fyrir Spánarverkun. Afleiðingar alls þessa voru þær að matsgæðum fisksins hrakaði og verkun hans varð æ örðugri viðfangs.

Um 1960 voru íslenskir verkendur af framangreindum ástæðum í nokkrum vanda með Spánarmarkað. Við þetta bættust svo aðstæður þar í landi. Á sjötta áratugnum höfðu verið reistar stórar fiskverkunarstöðvar þar sem Spánverjar kusu að vinna bæði innlenda framleiðslu og innflutta. Líkt og í Portúgal voru verkalaun lægri en á Íslandi og ekki vanþörf á atvinnuaukningu á Spáni.²⁴³ Með því að þurrka fiskinn innanlands gátu þeir líka verkað fiskinn þegar þeim hentaði og samkvæmt kröfum hvers markaðssvæðis.²⁴⁴ Auk þess gerðist það síðan að árið 1959 hurfu Spánverjar frá vöruskiptaverzlun með aðild sinni að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu (OEEC) og tóku upp frjáls viðskipti.²⁴⁵ Það ýtti undir nauðsyn þess að sýna hagsýni í innflutningi og spara gjaldeyri.

Að öllu samanlögðu olli þetta því að Spánverjar hættu alveg að kaupa þurrkaðan fisk af SÍF og sneru sér að blautverkuðum fiski. Var það árið 1961 sem Spánverjar keyptu fyrst verulega mikið af slíkum fiski og vegna þessa dróst útflutningur verkaðs fisks stórlega saman á sjöunda áratugnum. Áhugi Spánverja á blautverkaða fiskinum var raunar slíkur að SÍF átti oft í mestu erfiðleikum með að anna þeirri eftirspurn á sjöunda áratugnum.²⁴⁶

Í þessu sambandi má nefna að innflytjendur íslenska fisksins höfðu aðallega verið frá Barcelona á austurströndinni og seldist hann mikið þar um kring. En í Bilbao á Norður-Spáni voru nokkrir smáir kaupendur sem ekki hafði verið rækt samband við í nokkur ár en árið 1962 var þráðurinn tekinn upp á ný. Sá hængur var samt á að þeir gátu ekki tekið á móti blautverkuðum fiski, höfðu ekki aðstöðu til að þurrka fiskinn sjálfir.²⁴⁷

Ekki var því um annað að ræða, ef selja átti þeim íslenskan saltfisk á annað borð, en að leiðbeina þessum Bilbaokaupendum við að koma sér upp verkunaraðstöðu. Var það gert og keyptu þeir fyrst af



IBESA-kaupendur árið 1963. Nokkrir smærri fisk-innflytjendur í Bilbao tóku sig saman þetta ár og stofnuðu IBESA-fyrirtækið. Hér sjást þeir ásamt forsvarsmönnum SÍF, talið f.v.: José María Otaola; José María Eguiluz; Pétur Benediktsson, stjórnarmaður í SÍF; Fernando Martin yngri, Þórður Albertson, umboðsmaður SÍF í Bilbao; Fernando Martin eldri; Helgi Þórarinnsson; Arbeiza og Valgarð J. Ólafsson, stjórnarmaður í SÍF. (Tómas Þorvaldsson.)


SÍF árið 1963, hver í sínu lagi, en stofnuðu árið eftir innflutningsfyrirtækið IBESA (Industrial Bacaladera Española, S.A.) og átti SÍF góð viðskipti við það allt fram á níunda áratuginn er fyrirtækið var lagt niður.²⁴⁸

Eftir að Spánverjar tóku upp frjálsari utanríkisviðskipti, eins og áður sagði, fækkaði innflytjendum saltfisks þegar mjög mikið. Eftir stóðu um 20 innflytjendur, þar af voru fjórir til fimm nokkuð umsvifamiklir og keyptu af SÍF. Þetta voru fyrirtækin IBESA í Bilbao, Trueba y Pardo í Bilbao, Hijos de Pedro Basterra í Bilbao og José Daurella í Barcelona. Hið síðasttalda sameinaðist reyndar öðrum Barcelonakaupanda árið 1970, fyrirtækinu Compania Hispano-Islandesa, undir heitinu Copesco og var það aðalkaupandinn í Barcelona eftir það.²⁴⁹

Mikil spurn eftir saltfiski á Spáni var til vitnis um vinsældir hans þar. Líkt og í Portúgal var hann í miklu uppáhaldi meðal allra þjóðfélagshópa, talinn hið mesta ljúfmeti. Gegndi þannig nokkuð öðru máli um Spán að þessu leyti en til dæmis Ítalíu og Grikkland þar sem saltfisks var aðallega neytt meðal tekjulægri hópa þjóðfélagsins.²⁵⁰

c. Tollamál og tandurfiskur 1968-85

Enda þótt Spánverjar fengu ekki jafn mikinn fisk á Íslandi og þeir vildu á sjöunda áratugnum setti neyslan því skorður hversu mikið var hægt að selja. Þá má ekki gleyma því að Spánverjar framleiddu



Þórður Albertson, umboðsmaður SÍF í Bilbao. Þórður starfaði ákaflega lengi að fisksölu fyrir íslenska saltfiskframleiðendur. Árin 1932-36 var hann umboðsmaður SÍF í Grikklandi, árið 1936 í Egyptalandi, árin 1937-40 á Ítalíu og 1947-72 í Bilbao. Var hann stjórnarmönnum SÍF oft til ráðuneytis og aðstoðar þegar þeir voru í erindum suður á Spáni.

æ meiri saltfisk sjálfir og voru því síður komnir upp á aðra í þessum efnum. Í lok sjöunda áratugarins framleiddu þeir til dæmis meira af saltfiski en nokkur önnur þjóð, yfir 100 þúsund tonn árlega.²⁵¹


Vegna mikillar framleiðslu Spánverja sjálfra var ekki að undra þótt sölutregða gerði vart við sig á Spáni þegar framboðið af fiski árið 1968 varð of mikið. Í byrjun júlí fór síðasti saltfiskfarmurinn frá Íslandi til Spánar á því ári en eftir það var hætt að veita innflutningsleyfi. Stöðvaðist saltfiskútflutningur til Spánar algerlega af þeim sökum og lá niðri það sem eftir var ársins.²⁵²

Árið eftir var landið áfram að mestu lokað fyrir innflutningi saltfisks en þó voru gefin út leyfi til SÍF fyrir magni sem nam tæpum helmingi af útflutningi árána á undan.²⁵³ Spænski markaðurinn færðist ekki í eðlilegt horf fyrir Sölusambandið fyrr en á árinu 1970 og lágu til þess ákveðnar ástæður sem hér segir.

Íslensk stjórnvöld höfðu um nokkurra ára skeið velt fyrir sér að endurnýja og stækka togarafлотann og var skipuð nefnd í því skyni árið 1967. Hafði hún athugað þessi mál og fengið óformleg tilboð frá nokkrum erlendum skipasmíðastöðvum. Þannig var ástatt er stjórnarformaður SÍF og framkvæmdastjóri, þeir Tómas Þorvaldsson og Helgi Þórarinsson, gerðu ferð til Spánar í janúar 1970 ásamt Gylfa Þ. Gíslasyni, viðskiptaráðherra, og Guðmundi Í. Guðmundssyni, sendiherra í London.²⁵⁴ Þeim til aðstoðar var Þórður Albertson, umboðsmaður SÍF í Bilbao.²⁵⁵ Ætlunin var að fá á ný leyfi fyrir hindrunarlausum innflutningi saltfisks gegn vilyrði um smíði á togurum þar í landi.²⁵⁶



Myndrit VII.6



Heimild: Tafla 7 í Töfluviðauka

Samkomulag náðist við spænsk stjórnvöld um frjálsan innflutning á saltfiski frá Íslandi og síðar á árinu var samið um smíði á fjórum togurum þar, eftir að Alþingi hafði samþykkt sérstök lög um að hefja smíði nýrra togara með tilstyrk ríkisvaldsins.²⁵⁷ Á næstu árum jók SÍF saltfiskútflutning sinn þangað aftur enda hallaði þá undan fæti í saltfiskframleiðslu Spánverja sjálfra er þeir neyddust til að þoka af ýmsum hefðbundnum fiskimiðum vegna þróunar hafréttarmála.²⁵⁸

Til að sporna við stórauðinni gjaldeyriseyðslu sáu Spánverjar sig knúna til að stemma stigu við sívaxandi saltfiskinnflutningi er líða tók á áttunda áratuginn. Í þessu skyni voru lögfestir innflutningskvótar og háir tollar lagðir á saltfisk. Þetta hafði áhrif á saltfisksölu frá Íslandi til Spánar. Árin 1976-77 dró töluvert úr henni en hún hafði vaxið jafnt og þétt undangengin ár. Var þetta til vitnis um þá erfiðleika sem spænskir saltfiskkaupendur áttu við að etja um þessar mundir, bæði vegna innflutningstollsins og innflutningsleyfanna sem mjög erfitt var að fá. Sölusambandið lét þó ekki deigan síga, saltfiskútflutningur til Spánar tók mikinn fjörkipp á ný undir lok áttunda áratugarins (myndrit VII.6) og verð hækkaði.²⁵⁹

Árið 1980 hófu Spánverjar kaup á söltuðum þorsflökum og var það tímanna tákn. Líkaði þeim flökin vel og jókst útflutningur

Neðri mynd á vinstri síðu: Afhending fálkaorðu á Spáni 1970. Til að liðka fyrir veitingu innflutningsleyfa og jafnframt að heiðra kjöræðismenn Íslands þar í landi var tveimur þeirra veitt fálkaorðan. Talið f.v.: Helgi Þórarinnsson; José Daurella, saltfiskkaupandi í Barcelona; José Maria Otaola, saltfiskkaupandi í Bilbao; Tómas Þorvaldsson; Francisco Sainz, saltfiskkaupandi í Bilbao og ræðismaður Íslands þar, með orðu; Guðmundur Í. Guðmundsson, sendiherra í London; frú Urquijo; Gylfi Þ. Gíslason, viðskiptaráðherra; Jaime Chacon Urquijo, aðalræðismaður Íslands í Madrid, hinn orðupeganna tveggja, og Þórður Albertson.

þeirra hægt og sígandi næstu árin.²⁶⁰ Reyndist þetta mikilvægt heillaspor því eftir að EB-kvótar og -tollar tóku gildi á Ítalíu 1986, stærsta flakamarkaði SÍF fram til þess tíma, var útflutningur aukinn til Spánar enda íslensku flökin þá orðin vel kynnt þar og nutu hagstæðari tollameðferðar.

Í upphafi níunda áratugarins syrti aftur í álinn. Dró töluvert úr saltfisksölu til Spánar árið 1981 og voru ástæður þess einkum tvær. Í fyrsta lagi var þá um vorið settur sérstakur viðbótartollur á innfluttan saltfisk. Tolti þessum var einkum beint að Kanadafiski en hann bitnaði að sjálfsögðu engu síður á saltfiski frá Íslandi. Í öðru lagi féll spænski pesetinn gagnvart Bandaríkjadal á vormánuðum og fyrri hluta sumars 1981, eftir að sölusamningar höfðu verið gerðir.²⁶¹

Fljótt varð sýnt að spænskir neytendur voru ekki reiðubúnir að taka á sig það viðbótarverð sem tollahækkunin og gengisfall pesetans höfðu í för með sér. Þarf það ekki að koma á óvart því að smásöluverð á saltfiski var mjög hátt á Spáni og fiskurinn kominn í harða samkeppni við dýrustu kjötvörur þar. Til að koma í veg fyrir samdrátt í neyslunni féllst Sölusambandið á kröfur spænskra kaupenda um verðlækkun. Þurftu samtökin á þessu ári, 1981, og fram eftir næsta ári hvað eftir annað að lækka verðið á Spánarfiski. Auk óhagstæðrar gjaldeyrispróunar og tollahækkunar á þessum markaði átti harðnandi samkeppni frá keppinautum hér líka nokkurn hlut að máli.²⁶²

Í lok ársins 1982 var ljóst að erfitt mundi reynast að ná samningum við Spánverja vegna gjörólíkra verðhugmynda þeirra og SÍF. Stóð í nokkru stappi fram eftir árinu 1983 eða þar til Spánverjar féllust á að greiða verð í líkingu við það sem íslensku sölusamtökin töldu skynsamlegt að fara fram á. Þótt SÍF yrði að setta sig við nokkra lækkun á verði fisksins frá árinu áður hækkaði saltfiskverð eftir sem áður til spænskra neytenda og voru Spánverjar mjög uggandi um viðbrögð almennings við hinu nýja verði, óttuðust að neyslan drægist enn meira saman.²⁶³ Virtist stefna í óefni á Spánarmarkaði en úr því rættist á óvæntan hátt.

Í samráði við kaupendur brá SÍF á það ráð árið 1983 að senda á markaðinn fisk sem ódýrara var að framleiða, pakka og flytja en saltfisk þann er framleiddur var á hefðbundinn hátt, vöru sem unnt væri að selja á lægra verði. Allt árið 1983 var því léttstaðinn fiskur, brátt kallaður tandurfiskur, sendur til Spánar í reynsluskyni. Tókust þessar tilraunir afar vel og sóttust Spánverjar strax mjög eftir þessum fiski, bæði vegna verðs og gæða.²⁶⁴

Mikil spurn eftir hinni nýju vöru, tandurfiskinum, olli því að Spánverjar voru eina markaðsþjóðin sem keypti meiri saltfisk frá Íslandi árið 1984 en 1983. Flutti SÍF raunar ekki annað til Spánar

seinna árið en tandurfisk þótt hann væri nýkominn til sögu. Hann þótti betri matvara og nýting fisksins var meiri, hvort tveggja styrkti stöðu íslenskra verkenda í samkeppninni við aðrar þjóðir. Með tandurfiskinum festi SÍF sig vel í sessi á langmikilvægasta markaðinum fyrir íslenskan fisk, nefnilega í Barcelona og nágrenni, og náði fljótlega 70-75% markaðshlutdeild.²⁶⁵


Íslenskir verkendur gátu vel unað við sölusamningana, sem gerðir voru við Spánverja árið 1984 því að með þeim tókst að snúa við þeirri verðlækkunarþróun sem einkennt hafði næstu ár á undan og stafað hafði af óhagstæðu gengi spænska pesetans gagnvart bandaríska dalnum. Verðlag á Spánarfiski var orðið verkendum mjög óhagstætt 1983 vegna stöðugra verðlækkana en þegar tandurfiskurinn kom til sögu voru Spánverjar reiðubúnir að borga óbreytt verð þrátt fyrir lægri framleiðslukostnað. Verðhækkunin 1984 bættist því ofan á snöggum betri rekstrarafkomu vegna tandurfisksins.²⁶⁶ Árið eftir, 1985, náðust einnig verðhækkningar og var það ekki síst að þakka þeirri mikilvægu breytingu sem varð á gengi Bandaríkjadals þegar hann byrjaði að lækka um mitt árið.²⁶⁷

Árið 1985 voru í deigluinni breytingar sem áttu eftir að hafa mikil áhrif á gengi íslenskra saltfiskframleiðenda á Spánarmarkaði. Þá voru Spánverjar ásamt Portúgölum að ljúka samningum við Evrópubandalagið um aðild ríkjanna að því. Frá og með árinu 1986 áttu bæði ríkin aðild að því og það breytti aðstæðum á Spáni mjög til hins verra fyrir þá sem voru utan bandalagsins og fluttu þangað saltfisk. Ólíkt Portúgölum fengu Spánverjar sjö ára aðlögunartíma og voru ekki háðir EB-tilskipunum um kvóta og tolla. Þeir máttu því sjálfir reisa ýmsar skorður við saltfiskinnflutningi en þær féllu niður frá og með 1993 um leið og EB-reglur gengu í gildi.²⁶⁸

d. Innflutningstálmanir og sala ferskfisks 1986-92

Aðalhindrun saltfisksölunnar til Spánar eftir aðild landsins að EB 1986 fólst í því að innflutningur á flöttum fiski var bundinn við ákveðið magn á hverju ári og ekki mátti flytja neitt inn umfram það. Þessi kvóti, sem Spánverjar ákváðu sjálfir, var breytilegur frá ári til árs og jók á óvissuna um söluna þangað.²⁶⁹


Auk hámarkskvótans settu Spánverjar síðan ýmsar tæknilegar hindranir. Þær fólust í því að deila kvótanum niður á ársfjórðunga, skylda innborgun á tolli að hluta, láta innflutningsleyfi aðeins gilda tímabundið og setja hámark á það magn sem hver innflytjandi mátti fá leyfi fyrir. Innflutningskvótinn, ásamt þessum tæknilegu hindrunum, setti saltfiskinnflutningi til Spánar þröngar skorður.



Ánægður úrvatnari í Barcelona árið 1985. Spænskir neytendur urðu brátt sólgirnir í tandurfiskinn og tóku hann fram yfir fullstaðinn saltfisk því hann var mýkri og líkur ferskum fiski úrvatnaður. Úrvatnarar urðu ekki síður hrifnir því vatnsupptaka fisksins var meiri en áður við útvötnunina. (Loftur Loftsson.)

*Fisksölustaðir á Spáni ná-
lægt 1990. Saltfiskur er ým-
ist seldur í litlum fiskbúð-
um (efri mynd) eða á mörk-
uðum sem eru þyrpingar
smábúða undir einu þaki.
Áður fór salan fram á torg-
um eða götum sem voru
stundum yfirbyggðar. Hér
er dæmi um það síðast-
nefnda (neðri mynd) en það
er Mercat la Boqueria á Las
Ramblas, aðalgötunni í
Barcelona. (Neðri mynd:
Guðjón Einarsson.)*





Sölumátinn á saltfiskinum nálægt 1990. Um langan aldur hefur saltfiskur í Katalóníu, þar sem helstu saltfiskneytendurnir á Spáni eru, annaðhvort verið seldur útvatnaður eða óútvatnaður. Auk þess er hann ýmist seldur í heilu lagi eða hlutaður sundur eftir kúnstarinnar reglum fyrir neytendur. Á efri myndinni sést óútvatnaður fiskur sem skorinn hefur verið niður á margvíslegan máta og á þeirri neðri eru útvötnuð fiskstykki.

Að vísu voru tollar fyrir á innfluttum saltfiski til Spánar og giltu áfram en þeir gengu jafnt yfir alla. Nokkur bót í máli var að innflutningur á flökum var ekki háður neinum kvótum eftir EB-inngönguna en þorsflök þurftu að bera toll sem fór stighækkandi til 1992.²⁷⁰

Árið 1986 áttu Spánverjar langstærsta fiskveiðiflotann af EB-ríkjunum og um langt árabil höfðu þeir framleitt um helming þess saltfisks sem þeir neyttu. Var það einkum fiskur af lægri gæðaflokkum handa þeim efnaminni.²⁷¹ Vegna þróunar hafréttarmála á áttunda áratugnum fór framleiðslan minnkandi og gripu þeir þá til innflutningstolla eins og áður segir.

Við EB-aðildina þrengdi enn að innlendri útgerð og ástæða þess var sú að sem aðilar bandalagsins höfðu Spánverjar ekki lengur rétt til að sitja einir að veiðiheimildum á fjarlægum miðum. Til að hlynna að útgerðinni og innlendri framleiðslu gripu þeir því til áðurgreindra hafta á saltfiskinnflutningi. Þau munu einnig hafa verið hugsuð öðrum þræði til að þrýsta á framleiðsluþjóðirnar um fiskveiðiheimildir til handa Spánverjum.²⁷² Verndaraðgerðir Spánverja komu fyrir lítið því eftir inngönguna í EB dró enn frekar úr saltfiskframleiðslu þeirra en vegna innflutningskvótans gátu aðrar þjóðir ekki fyllt það skarð.²⁷³

Aðild Spánar að EB setti strax á fyrsta ári allmikið strík í reikninginn fyrir SÍF. Kvóti Spánar var fyrst ákveðinn 8.150 tonn en var seinna aukinn um 2.000 tonn þegar sýnt var að hann mundi hvergi duga. Bót í máli var að kvótinn náði aðeins til flatts þorsks en ekki til þorsklaka eða löngutegunda og sóttust Spánverjar eftir að fá sem mest af þeim afurðum. Árangurinn varð sá að flakaútflutningurinn tvöfaldaðist frá árinu á undan. Eftir sem áður komu þessar takmarkanir illa við íslenska saltfiskverkendur enda höfðu þeir um 75% hlutdeild í innflutningi á saltfiski til Spánar.²⁷⁴

Forráðamenn SÍF töldu að ef útflutningur til Spánar hefði verið frjáls hefði verið hægt að selja um 2.000-3.000 tonnum meira árið 1986 vegna samdráttar í framleiðslu Spánverja sjálfra. Hér má til samanburðar geta þess að útflutningurinn á árinu varð rúmlega 11.000 tonn af flöttum fiski og flökum.²⁷⁵ Annars mátti heita að þorsflökin slyppu vel því þau sættu engum kvóta af hálfu Spánverja heldur tolli, lægri en almenna EB-tollinum fyrir þorsflök sem var 20%.²⁷⁶ Kom Spánarmarkaður sér vel þegar EB-kvótar og -tollar gerðu útflutning flakanna til Ítalíu illmögulegan eftir 1987.

Þrátt fyrir það var ekki ástæða til svartsýni því á aðalfundi SÍF 1986 var til þess tekið hve markaðshlutdeild Sölusambandsins á Spánarmarkaði hefði vaxið undanfarin ár og það mætti ekki síst þakka tandurfiskinum. Hann ætti miklum vinsældum að fagna hjá neytendum og nú vildu þeir hann miklu frekar en fullstaðinn fisk.

Hlutdeild SÍF á kröfuharðasta markaði Spánar, í Barcelona og nágrenni, væri þess vegna að aukast.²⁷⁷

Sitthvað fleira jákvætt má nefna sem gerðist á Spánarmarkaði 1987-88. Spánverjar borða ýmsar fisktegundir sem eru ódýrari en þorskur og höfðu spænskir útgerðarmenn lengi vel annað neyslupörf landsmanna fyrir þennan fisk. Eftir missi veiðiheimilda opnuðust sölumöguleikar fyrir aðra og árið 1986 fóru til Spánar fyrstu sendingarnar af löngutegundum frá Íslandi. Var hér bæði um að ræða flök og flattan fisk. Fiskurinn átti að hafa tandureiginleika og bauðst gott verð. Líkaði neytendum hann vel og á árunum 1988-92 fóru nokkur hundruð tonn árlega til Spánar af flökum úr þessum tegundum.²⁷⁸

Árið 1988 komst Sölusambandið inn á nýjan markað á Spáni þegar sala tókst á smáum ufsaflökum. Var þetta fyrst gert í reynsluskyni en viðtökur voru svo góðar að fram yfir 1992 slagaði útflutningur upp í 1.000 tonn árlega. Þessi flök voru seld til Suður-Spánar en þar er efnahagur fólks þrengri en annars staðar á Spáni og þorskur þykir þar of dýr. Salan á ufsaflökunum og lönguflökunum kom sér vel því innflutningur á hvorugu var takmarkaður af kvótum og neyslan á þessum flökum dró ekki heldur úr sölu á þorskflökum.²⁷⁹


Þrátt fyrir gott gengi á Spánarmarkaði voru þó ýmis ský á lofti. Á árinu 1988 glímdi SÍF við vandamál sem öðrum þræði spratt af breytingum á sölufyrirkomulaginu á Spáni en stafaði líka af versnandi markaðsástandi ásamt tollafyrirkomulagi Spánverja á ferskfiski. Síðla árs 1987 opnaði SÍF sérstaka söluskrifstofu og réð mann til að veita henni forstöðu, José Solernou. Þá hafði ekki verið neinn umboðsmaður þar um langa hríð og sölu til Spánar hafði verið komið á með ferðum stjórnarmanna og framkvæmdastjóra þangað.²⁸⁰

Með árunum hafði kaupendum fækkað og síðustu árin voru þeir að heita mátti aðeins tveir til fjórir; þar af hafði einn þeirra, fyrirtækið Trueba y Pardo, keypt á milli 60 og 70% fisksins. Stjórn SÍF komst á þá skoðun að nauðsynlegt væri að stækka kaupendahópinn til að treysta söluna og stuðla að vinnslu fisksins í neytendaumbúðir á Spáni. Auk þess væri óvarlegt að eiga jafn mikið undir einum kaupanda og verið hafði. Forstjóri Trueba y Pardo sætti sig ekki við þessa breytingu og hætti að skipta við SÍF. Komu þá aðrir til sögunnar og fjölgaði föstum kaupendum á næstu árum enda kapp lagt á að rækta vel sambandið við þá í samræmi við nýjar áherslur í sölunni. Unnu sumir þessara nýju kaupenda raunar er á leið mikið af íslenska saltfiskinum í neytendaumbúðir og sömuleiðis hófu nokkrar verkunarstöðvar kaup á íslenskum fiski til þurrkunar.²⁸¹

Í ársbyrjun 1988 hófst umtalsverður útflutningur á ferskum (ísuðum), flöttum þorski og flökum til Spánar að tilstuðlan fyrirtækis-



José Solernou, forstöðumaður söluskrifstofu SÍF á Spáni 1987-90 og framkvæmdastjóri dótturfyrirtækis SÍF á Spáni, Union Islandia, um tíma. Hann var áður framkvæmdastjóri innflutningsfyrirtækisins Copesco og hefur starfað að saltfisksölu á Spáni um langt skeið. (Guðjón Einarsson.)



Francisco Sainz, forstjóri Trueba y Pardo í Bilbao. Það var mjög gróíð innflutningsfyrirtæki og seldi íslenskan saltfisk á Spáni um áratuga skeið. Francisco var einnig ræðismaður Íslands í Bilbao um árabíl. (Friðrik Pálsson.)

ins Trueba y Pardo. Hafði slíkur fiskur fyrst verið seldur til Spánar í litlum mæli á nýliðnu ári. Þessi útflutningur var fyrst í höndum íslenskra heildsala en seinna tóku sumir saltfiskframleiðendur innan SÍF þátt í honum. Voru alls flutt um 950 tonn árið 1988 en til samamburðar má geta þess að útflutningur á blautfiski til Spánar nam ríflega 8.600 tonnum á sama tíma. Kaupendur SÍF á Spáni ókyrrðust yfir þessu því að fiskurinn var seldur sem íslenskur saltfiskur og boðinn á lægra verði en sá sem verkaður var héraendis.²⁸²

Fyrst í stað var ferski fiskurinn sendur til Spánar með flugvélum en fljótt var byrjað að senda hann með flutningaskipum og var hann þá eldri þegar hann komst í söltun og þar af leiðandi lakari. Við það vaknaði ótti Sölusambandsins um að hann lækkaði ekki aðeins verð heldur skaðaði ímynd íslensks saltfisks sem gæðavöru og stjórn SÍF áleit að þá væri hætta á ferðum. Íslenski saltfiskurinn hafði einu sinni verið alþýðufæði á Spáni og því ódýr en það var liðin tíð og hann kominn í mjög hátt verð, meðal annars vegna gæðanna. Ef íslenskur fiskur yrði kunnur fyrir lítil gæði væri ekki unnt að halda uppi verðinu.²⁸³

Fleira studdi að ferskfiskútflutningi til Spánar en það sem áður er nefnt. Hér kom til sú stefna Spánverja að binda innflutning á saltfiski við ákveðið hámark en hafa svo ferskfisk tollfrjálsan. Með minnkandi framleiðslu þeirra sjálfra hrökk saltfiskkvótinn ekki til og þá varð innflutningur á ferskfiski mjög fýsilegur. Þetta gerði það að verkum að ferskfiskútflutningur Íslendinga til Spánar borgaði sig og hægt var að bjóða neytendum ódýrari fisk en skila samt samþærilegu verði eða herra til framleiðenda en SÍF gerði. Þáverandi reglur SÍF um verðjöfnun á milli Ítalíufisks og Spánarfisks gerðu einnig það að verkum að útborgunarverð fyrir Spánarfisk lækkaði því hann var betur borgaður þótt kröfurnar væru svipaðar í báðum löndunum.²⁸⁴ Þá má ekki gleyma því að SÍF annaðist ýmiss konar þjónustu við framleiðendur, gagnstætt öðrum útflytjendum, og það kostaði sitt.

Árið 1989 varð markaðsástandið á Spáni verra en næstliðið ár. Birgðir voru miklar víðast hvar um áramótin og Norðmenn seldu á lækkuðu verði. Framleiðsla Íslendinga var minni vegna lélegra söluhorfa og minnkaði framboðið af hráefni til söltunar. Útflutningur á ferskum, flöttum fiski og flökum til Spánar stórjókst og nam 2.300 tonnum enda voru nú ýmsir aðrir um hituna; átti þetta drjúgan þátt í minna hráefnisframboði til söltunar.²⁸⁵

Þótt ekki liti vel út með útflutning á flöttum saltfiski til Spánar framan af þessu ári varð útkoman samt sú að hann varð litlu minni en árið áður enda kvótinn aldrei stærri (17.000 tonn). Heldur meira var flutt út af flökum en áður og fengu Spánverjar til dæmis ekki



Miss World. Eftir að Linda Pétursdóttir var kosin alheimsfegurðardrottning ársins 1989 fékk SÍF hana til þess að koma fram í auglýsingaskyni og kynna íslenska saltfiskinn. Meðal annars var þetta veggspjald gert fyrir spænska markaðinn. Á spjaldinu, sem hangir yfir búðarborðinu og er eins og saltfiskur í laginu, stendur á katalónsku: „Á morgun. Íslenskur saltfiskur – að sjálfsögðu.“

nægju sína af lönguflökum sem voru fyrir utan kvóta og því engum takmörkunum háð.²⁸⁶

Eftir andbyr á Spánarmarkaði um tveggja ára skeið skipti um á árinu 1990. Fiskskortur var á mörkuðum í upphafi árs en þrátt fyrir það dróst framleiðslan héraðs og erlendis saman. Afleiðingin var sú að fiskverð hækkaði og útflutningurinn til Spánar varð töluvert meiri, bæði á blautfiski og ekki síður flökum. Samt var eftirspurnin meiri en unnt var að fullnægja. Sala á ferskum, flöttum fiski til Spánar var nú langtum minni en árið áður og rétt losaði 1.150 tonn.²⁸⁷

Aðstæður voru áþekkar 1991 og árið áður, fiskskortur ríkti í upphafi ársins og útlit var fyrir minnkandi framleiðslu. Útflutningur SÍF til Spánar minnkaði líka frá árinu áður og kom það einkum til af því að vetrarvertíðin fór seint af stað og páskarnir voru

óvenjusnemma. Því komst framleiðslan ekki til Spánar fyrir páska-ana sem er aðalneyslutímabilið þar og varð að biða til haustsins. Salan á ferskum, flöttum fiski til Spánar minnkaði enn og var rétt um 350 tonn á árinu; næstu ár á eftir var hún hverfandi og hafði ekki lengur áhrif á markaðsástandið.²⁸⁸

Verðið á íslenska fiskinum var mjög hátt á árinu. Það dró úr neyslunni almennt en að vísu minnst í Katalóníuhéraði og í Barcelona, þar sem efnahagur íbúa er einna bestur á Spáni. Eins og oftast áður þegar verðið var hátt, færðist neyslan meira yfir í smáfiskinn og millifiskinn sem er ódýrari en stórfiskurinn. Verkendur áttu hins vegar erfitt um vik að fullnægja þeirri þörf því hlutfall stórfisks var óvenjuhátt í framleiðslu þeirra þá. Af þessum sökum tapaðist nokkur markaðshlutdeild.²⁸⁹

Á seinni hluta ársins 1991 var mikið af norskum fiski á markaði á Spáni og í fleiri löndum. Hann var einkum í samkeppni við íslenskan fisk til þurrkunar en fiskur af lakari gæðaflokkum er aðallega notaður í hana. Norski fiskurinn var ódýrari en sá íslenski og var skeinuhættur bæði vegna verðsins og eins vegna þess að gæðamunur á íslenskum og norskum fiski hafði farið minnkandi.²⁹⁰

Árið eftir, 1992, féll verðið á íslenskum saltfiskafurðum til jafnaðar en samt tókst SÍF og öðrum útflytjendum að komast hjá verðlækkunum á Spáni. Meðalverðið þar hækkaði meira að segja lítillega frá árinu áður, mælt í ECU.²⁹¹ Annars bar hæst á Spánarmarkaði þetta ár mikinn óróa vegna framboðs af íslenskum saltfiski frá öðrum útflytjendum en SÍF.

Eins og annars staðar er sagt frá í þessu riti hóf utanríkisráðuneytið að veita nokkrum útflytjendum leyfi til að selja saltfisk fram hjá SÍF árið 1990.²⁹² Árið 1992 var þessi útflutningur með mesta móti og var þessi fiskur boðinn á lægra verði en fiskurinn frá SÍF að sögn Spánverja. Kaupendur SÍF urðu órólegir yfir þessu því þeir voru að kaupa langt fram í tímann auk þess sem umræður um væntanlegt útflutningsfrelsi í saltfisksölu ollu óvissu um verðþróun.²⁹³

Kaupendur SÍF komu hingað til lands í marsmánuði að kynna sér málin og kröfðust mikillar verðlækkunar. Samningar tókust ekki á venjulegum tíma, í lok vetrarvertíðar, og olli þetta öllum hlutaðeigandi vandræðum: framleiðendum, SÍF og kaupendum. Í byrjun maímánaðar leystist svo hnúturinn er utanríkisráðherra, Jón Baldvin Hannibalsson, átti viðræður í Barcelona við saltfiskinnflytjendur. Hann var þá að koma frá undirritun samninganna um Evrópska efnahagssvæðið í Porto í Portúgal en þeir voru einmitt ásamt öðru orsök til þess að öðrum seljendum höfðu verið gefin útflutningsleyfi. Hér gafst óvenjugott tækifæri fyrir alla sem málið snerti að ræða saman og fá upplýsingar milliliðalaust frá ráðherra um



framtíðarskipan útflutningsmálanna og skiptast á skoðunum um áhrif hennar á sölu íslensks saltfisks til Spánar í framtíðinni. Eftir þennan fund var betra hljóð í kaupendum og tókust fljótlega samningar milli þeirra og SÍF.²⁹⁴

Þessi sölutregða um vorið orsakaði samt minni útflutning á blautfiski frá Íslandi þótt sala á flökum og fleira ykist mikið því Norðmenn notuðu sér óvissuástandið og tvöfölduðu útflutning sinn til Spánar frá árinu áður; seldu þeir ríflega 4.000 tonn á góðu verði. Hlutur íslenskra úflytjenda var samt miklu stærri eins og jafnan áður og þeir seldu þetta ár til samans hátt í 13 þúsund tonn, þar af 4 þúsund tonn af flökum.²⁹⁵

3. Portúgal

a. Félítill þjóð – vaxandi eigin framleiðsla

Þegar ró hafði færst yfir Evrópu eftir heimsstyrjöldina tók SÍF að leita viðskipta við Portúgal á nýjan leik. Þessi stóri markaður reyndist hins vegar ekki ýkja álitlegur fyrst í stað. Portúgalar voru ekki auðug þjóð og verðið, sem þeir buðu fyrir saltfiskinn, reyndist

Jón Baldvin Hannibalsson í Barcelona vorið 1992. Þetta ár ókyrrðust spænskir saltfiskkaupendur mjög vegna útflutnings fleiri aðila en SÍF til Spánar. Þetta óvissuástand kom niður á venjubundnum viðskiptum og til að hreinsa andrúmsloftið hitti utanríkisráðherra, sem hafði veitingu útflutningsleyfa með höndum, viðskiptamenn SÍF. F.v.: Jón Baldvin Hannibalsson, Emilio Bello, Eduardo Vila yngri og eldri, Francisco Rovira Vallhonrat, Mario Rotllant, Joaquín Escoda, Joan Armengol, Eduardo Armengol og Alfonso Romero. Baki snúa t.h. Antonio Fernández og t.v. Sigurður Haraldsson, framkvæmdastjóri SÍF.

Verkunarstöð í Portúgal árið 1968. Þar í landi er allur saltfiskur þurrkaður fyrir sölu og eftir stríðið reistu Portúgalar margar og stórar þurrkstöðvar, bæði fyrir innlenda framleiðslu og innfluttan saltfisk eins og þann íslenska.
(Tómas Þorvaldsson.)



lægra en unnt var að fá annars staðar. Eftirspurn vantaði hins vegar ekki og voru það Norðmenn og Nýfundnalendingar sem helst sáu um að sinna henni á fyrstu árunum eftir stríð.²⁹⁶ Segja má að bæði Sölusambandinu og Portúgölum hafi sviðið sárt að ekki skyldu takast samningar um saltfisksölu að styrjöld lokinni. Íslenskur fiskur naut góðs álits frá því fyrir stríðið og var talinn öðrum betri.²⁹⁷

Það var ekki fyrr en árið 1949 sem íslenskur saltfiskur var fluttur til Portúgals að nýju. Fiskurinn var allur blautverkaður og var þetta ljós vottur um þá breytingu sem orðið hafði með síðari heimstyrjöld. Portúgalar framleiddu sjálfir æ meira af saltfiski þegar hér var komið sögu, höfðu byggt verkunarstöðvar þar sem unnt var að fullverka jafnt innlendan saltfisk sem innfluttan. Um sama leyti tóku þeir í gagnið húspurrkun eða með öðrum orðum vélþurrkun. Var það ekki síst fyrir hvatningu stjórnvalda og stuðning þeirra sem síaukin áhersla var lögð á saltfiskframleiðslu í Portúgal.²⁹⁸

Saltfiskur skipaði háan sess í mataræði Portúgala og því ekki að undra þótt þeir legðu á það áherslu að verða sem mest sjálfum sér nógir um framleiðslu hans.²⁹⁹ Það minnir raunar á þá staðreynd að allir borðuðu saltfisk þar í landi, háir jafnt sem lágir. Meðalneysla á mann var líka langtum meiri en í hinum markaðslöndum SÍF í Suður-Evrópu.³⁰⁰ Þessar neysluvenjur höfðu lítið breyst um 1980³⁰¹ og mun svo enn vera.


Stjórnvöld í Portúgal höfðu ekki einungis afskipti af innlendra saltfiskframleiðslu heldur einnig innflutningi þessarar vöru. Heildarsamtök innflytjenda, Grémio dos Armazenistas de Merceria, urðu nefnilega að lúta opinberri stofnun, Comissão Reguladora

do Comércio de Bacalhau, sem réð því frá hvaða löndum fiskurinn var keyptur og hvert verð var boðið fyrir þessa vöru. Ákvarðanir um innflutning hverju sinni tók Reguladora með hliðsjón af því hversu mikið hafði verið framleitt af saltfiski innanlands.³⁰²

Enda þótt SÍF tæki á ný að flytja saltfisk til Portúgals í lok fimmta áratugarins fór því fjarri að samtökin væru fyllilega sáttt við það verð sem fékkst fyrir fiskinn. Má nefna sem dæmi að samkvæmt samningum, sem gerðir voru við Portúgala árið 1950 um sölu á þurrkuðum fiski, var verðið lágt en sökum mikilla fiskbirgða hér á landi varð ekki hjá því komist að selja þeim verulegan hluta þurrfisksins.³⁰³

Árið 1953 varð saltfiskútflutningur til Portúgals mun meiri en verið hafði um langt skeið (myndrit VII.7). Var talið að aflabrestur í Noregi þetta ár hefði valdið nokkru um að Portúgalar keyptu svo mikið af íslenskum fiski. Hins vegar voru menn ekki ýkja bjartsýnir á framtíðarsöluna á þessum markaði. Gilti þar að mestu hið sama og um Spán; fiskveiðiflota Portúgala hafði sífellt aukist á undanförunum árum og þeir virtust stefna að því að framleiða að mestu leyti sjálfir þann saltfisk sem landsmenn þurftu.³⁰⁴ Báru íslenskir saltfiskframleiðendur nokkurn ugg í brjósti vegna þessa eins og sjá má í skýrslu SÍF fyrir árið 1954:

Myndrit VII.7



Heimild: Tafla 7 í Töfluvíðauka



Sigurd Dundas, umboðsmaður SÍF í Portúgal frá 1932 og laust fram yfir 1960. Hann var ekki aðeins umboðsmaður lengi heldur einnig ræðismaður Íslands í Lisbónu (Lissabon) um árabíl.

Innflutningur á saltfiski til Portúgal fer ört þverrandi vegna hinnar stórkuknu útgerðar landsmanna sjálfra, og virðist allt útlit fyrir, að fiskisölu Íslendinga og annarra þjóða til Portúgal leggist að mestu niður í náinni framtíð, ef svo heldur áfram um aukningu veiðiflota landsins sem að undanförunu.³⁰⁵

Ekki varð raunin sú að Portúgalar hættu að kaupa íslenskan fisk þótt þeirra eigin framleiðsla færi vaxandi og um 1960 var SÍF aðal-seljandi blautfisks þar í landi. Portúgalsmarkaður var íslenskum verkendum mikilvægur á síðari hluta sjötta áratugarins og hefðu þeir auðveldlega getað selt meira af saltfiski ef þeir hefðu séð sér það fært. Sem fyrr greiddu Portúgalar lágt verð fyrir fiskinn, lægra en unnt var að fá á öðrum mörkuðum. Á móti kom að þeir greiddu ætíð í frjálsum gjaldeyri,³⁰⁶ sem var mikils um vert, og þeir tóku við meiri fiski úr lægri gæðaflokkunum en aðrir kaupendur.³⁰⁷

Því má bæta við að ef til vill hefur salan til Portúgals á sjötta áratugnum verið minni en ella og verð lægra en skyldi vegna þess að tengslin milli portúgalska umboðsmannsins og forystu stjórnar SÍF hafi ekki verið nógu góð. Víst er að við mannabreytingar í stjórn SÍF um og upp úr 1960 náðu menn vel saman og sambandið batnaði.³⁰⁸

b. Verðhækkun og eftirspurn á sjöunda áratugnum

Lágt verð átti sinn þátt í því að í upphafi sjöunda áratugarins dró um skeið töluvert úr saltfiskútflutningi til Portúgals en þeim mun meira var selt til markaða sem greiddu herra verð. Var af þessum sökum ekki unnt að sinna óskum Portúgala um saltfiskkaup nema að litlu leyti. Á þessu varð hins vegar töluverð breyting til batnaðar árið 1964 er Íslendingum tókst að ná mikilli verðhækkun í Portúgal.³⁰⁹

Verðhækkunin árið 1964 er athyglisverð í ljósi þess að Portúgal- ar höfðu undanfarin ár stöðugt aukið útgerð sína og saltfiskverkun. Jafnframt hafði innflutningur frá öðrum löndum farið minnkandi. Því fór þó fjarri að portúgalskir verkendur gætu annað allri eftirspurn.³¹⁰ Til þess að neytendur fengju nægju sína af þessari upphaldsfæðu sinni, saltfiskinum, urðu Portúgal- ar því að bjóða erlend- um framleiðendum verð sem var sambærilegt við það sem fékkst hjá öðrum kaupendum.

Enn fremur má benda á að vegna fyrrnefndra breytinga í stjórn SÍF skapaðist nýr og betri grundvöllur fyrir viðskiptin. Í kjölfarið breyttist kaupendahópurinn í Portúgal nokkuð. Nýir og yngri fisk- kaupendur komu fram á sjónarsviðið og tóku við af öðrum eldri; sumir voru stórir en aðrir keyptu minna.³¹¹



Sölubúð saltfisks í Portúgal kringum 1970. Þar í landi hefur saltfiskur einkum verið seldur í smáverslunum sem hafa saltfisk og annars konar fiskmeti til sölu, vín og fleira viðvirkjandi mat. Gagnstætt Spáni hefur fiskurinn alltaf verið seldur í heilu lagi og óútvatnaður.

(Tómas Þorvaldsson.)

Þótt saltfiskverðið yrði hagstæðara en áður var ekki þar með sagt að Sölusambandið gæti orðið við öllum óskum Portúgala um kaup á saltfiski. Árið 1965 dró til dæmis töluvert úr sölu til þeirra og var það eingöngu vegna þess að ekki var nægur saltfiskur fyrir hendi hér á landi. Tveimur árum síðar, 1967, var saltfiskútflutningur til Portúgals tæplega tvöfalt meiri en 1965 en samt reyndist ekki unnt þá fremur en undanfarin ár að fullnægja spurninni eftir blautfiski.³¹²

Ekki er ólíklegt að hin mikla eftirspurn hafi átt sinn þátt í því að portúgólsk stjórnvöld ákváðu að losa saltfiskinnflutning undan ýmsum opinberum afskiptum. Um langt skeið hafði hann verið í höndum Reguladora, eins og áður segir, en árið 1967 var þessu breytt. Saltfiskinnflutningur var gefinn frjálts, að minnsta kosti að nafninu til, en var þó áfram kominn undir opinberum leyfisveitingum, auk þess sem saltfisksala í Portúgal heyrði undir ströng verðlagsákvæði. Var það Reguladora sem veitti innflutningsleyfin og voru þau ekki alltaf auðfengin.³¹³

c. Efnahagssveiflur og gjaldeyrisskortur 1968-76

Erfiðleikar í saltfiskversluninni árið 1968 bitnuðu meðal annars á útflutningnum til Portúgals. Tók snemma árs að verða vart áhuga þarlandra stjórnvalda á því að takmarka innflutning frá öðrum löndum vegna þess hversu mikið hlóðst upp af saltfiskframleiðslu þeirra sjálfra. Portúgal hafði undanfarin ár verið helsti markaðurinn fyrir



Uppskipun á saltfiski í Aveiro í Portúgal árið 1968.

Efri mynd: Portúgalskir hafnarverkamenn í lestinni í Laxá að stafla pökkunum í hlaða eða heisi sem eru hífð frá borði.

Neðri mynd: Hér sýgur heisið niður á vörubíl. Eins og sjá má bögglast fiskurinn við þetta og því engin furða þótt kaupendur kvörtuðu stundum yfir skemmdum á fiskinum. (Myndir: Tómas Þorvaldsson.)





„Fiskþurrkunarstöð Aveiroborgar.“ Efri mynd: Í þessa stöð fór hluti af Laxárfarminum en þetta fyrirtæki stundaði líka útgerð og þurrkaði aflann af skipunum auk innflutts fisks. Neðri mynd: Konur að bera fiskpakkana, sem eru nær 50 kg, af vörubílnum inn í kæligeymslu í stöðinni. Við þetta verk eins og svo mörg önnur á þessum tíma var handaflíð notað en ekki vélar eða tæki. (Myndir: Tómas Þorvaldsson.)




blautverkaðan fisk íslenskan og hafði ekki reynst unnt að anna eftirspurn þar nema að hluta.³¹⁴

Um mitt ár 1968 var óafgreiddur nær helmingur selds magns og innflutningsleyfi, sem gefin höfðu verið til þriggja mánaða, fallin úr gildi; ekki hafði heppnast að fá kaupendur til að taka við fiskinum á þeim tíma. Það var svo ekki fyrr en kom fram í nóvember að nokkuð rättist úr eftir ötult starf SÍF sem naut dyggrar aðstoðar íslenskra stjórnvalda og þá einkum sendiherra Íslands í London, Guðmundar Í. Guðmundssonar.³¹⁵

Líkt og á öðrum mörkuðum tókst Sölusambandinu að yfirstíga erfiðleika ársins 1968 í Portúgal. Á næstu árum fór útflutningur þangað vaxandi og Portúgalar byrjuðu að kaupa þurrkaðan fisk. Höfðu þeir ekki keypt slíkan fisk um langt árabil en þessa miklu fiskneysluþjóð vantaði saltfisk og til að sinna eftirspurn í landinu varð að flytja inn bæði þurrkaðan fisk og blautverkaðan. Mestur var þurrfiskútflutningurinn til Portúgals árið 1974, sama ár og gerð var stjórnarbylting þar í landi (myndrit VII.8).³¹⁶

Með stjórnarbyltingunni í Portúgal árið 1974 leysti lýðræði af hólmi áratuga einræði. Fylgdi þessum breytingum ýmis uppstokkun í þjóðfélaginu og eins og gjarnan vill verða við slíkar aðstæður tók það efnahagslífið nokkurn tíma að laga sig að nýjum háttum.

Myndrit VII.8



Heimild: Tafla 7 í Töfluviðauka



Heimsókn frá Reguladora. Nálægt 1970-75 kom forstjóri Reguladora, sem sá um saltfiskinnflutninginn, til Íslands í kynnisferð. F.v.: Tómas Þorvaldsson, frú Coimbra, Helgi Þórarinnsson, Jorge Coimbra og Leif Dundas, umboðsmaður SÍF í Portúgal.

Portúgalskur efnahagur hafði orðið fyrir ýmsum áföllum og erfiðleikarnir birtust ekki hvað síst í gjaldeyrisskortri sem varð æ örðugri viðureignar.³¹⁷

Sölusambandið gerði sér ljóst að gjaldeyrisskorturinn hlyti fyrr eða seinna að bitna á viðskiptum þess við Portúgala með einhverjum hætti. Forsmekkinn fengu saltfiskverkendur þegar hinir fyrrnefndu tóku að leggja aukna áherslu á að Íslendingar keyptu vörur í staðinn fyrir saltfiskinn. Til að reyna að verða við kröfum Portúgala í þessu efni sóttu tveir menn frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna þá heim snemma árs 1976 til að kanna hvort þar væri að finna heppilegar útgerðarvörur. Fengust gagnlegar upplýsingar og voru útgerðarfyrirtæki hvött til að beina sjónum sínum að því sem Portúgalar höfðu að selja.³¹⁸

Enda þótt talsverður áróður væri rekinn fyrir auknum vörukaupum í Portúgal var það tæpast meira en dropi í hafið. Íslenskur markaður var lítill og mikið skorti á að unnt reyndist að jafna viðskipti þjóðanna tveggja. Að þessu leyti stóðu Íslendingar mun verr að vígi en helstu keppinautarnir á Portúgalsmarkaði, Norðmenn. Þeir lögðu mikið kapp á að kaupa vörur frá Portúgal, auk þess sem saltfiskútflutningur þangað naut dyggilegs stuðnings stjórnvalda.³¹⁹

Því fór fjarri að íslenskir innflytjendur sæju sér fært að kaupa portúgalskar vörur fyrir umtalsverðan hluta þess fjár sem fékkst fyrir saltfiskinn. Portúgölum var þó óljúft að láta íslenska saltfiskverkendur gjalda þessa og þeir vildu forðast í lengstu lög að sleppa hendinni af þessari vöru. Auk þess var það sterk röksemd SÍF í öllum samningaviðræðum að samtökin hefðu lengi séð Portúgölum fyrir stórum hluta þess fisks sem þeir höfðu þarfnast. Þau hefðu

ekki hlaupið upp til handa og fóta þótt á öðrum mörkuðum hefði stundum verið fánlegt hærra verð. Þvert á móti hefðu þau reynt að sjá fyrir þörfum Portúgala á hverju ári og ekki svelt markaðinn.³²⁰

d. Ójöfn viðskipti og togarakaup 1977-81

Sterk staða Sölusambandsins á Portúgalsmarkaði gat ekki komið í veg fyrir að efnahagserfiðleikar þar settu mark sitt á saltfiskverslunina og árið 1977 byrjaði útlitið að dökkna. Miklir gjaldeyrisörðugleikar sóttu þá að Portúgölum, ekki síst vegna þess hversu þeir fluttu mikið inn af matvælum.³²¹ Þessir erfiðleikar bitnuðu á saltfisksölu SÍF til Portúgals.

Á árinu 1976 höfðu allir helstu markaðir Sölusambandsins greitt svipað verð fyrir saltfiskinn en í árslok og árið eftir tóku Portúgalar að dragast aftur úr. Varð SÍF þá að sætta sig við nokkurn samdrátt í sölu til þeirra og verðlækkun.³²² Steininn tók þó úr árið eftir, 1978, en þá ágerðust mjög efnahagsörðugleikar Portúgala.

Vegna ástandsins afréðu Portúgalar árið 1978 að senda hingað til lands fjölmenna sendinefnd til að ræða viðskipti landanna á breiðum grundvelli því enn hallaði mjög á Íslendinga í því efni. Fyrr en þau hefðu verið rædd töldu Portúgalar ekki unnt að ákveða neitt um saltfisksölu þangað.³²³ Í viðræðunum kom fram að til að jafna viðskipti landanna munaði varla um neitt nema skip og töluðu Portúgalar um að fá að smíða þrjá til fjóra togara.³²⁴ Viljayfirlýsingar voru undirritaðar milli íslenskra stjórnvalda og Portúgala um að reyna eftir megni að jafna viðskipti landanna en engin ákveðin svör fengust um saltfiskaup þeirra.³²⁵

Eftir mikið þóf – marga fundi og ferðir fram og aftur – tókst loks um sumarið að knýja fram svör frá Portúgölum um að hefja mætti

*Jón Baldvinsson RE 208.
Efnahagsvandræði surfu að
Portúgölum á áttunda áratugnum og árið 1978 var innflutningur saltfisks frá Íslandi stöðvaður. Gekk hvorki né rak uns íslenska ríkisstjórnin samþykkti að smíða tvo togara í Portúgal en það urðu systurskipin Jón Baldvinsson og Mór SH 127. (Jón Björnsson.)*



útskipun á allt að átta þúsund tonnum upp í samning sem síðar yrði gengið frá. Í lok júní var byrjað að lesta tvö skip til þessara flutninga en í miðjum klíðum bárust þau boð að Portúgalar neyddust til að hætta við saltfiskkaup frá Íslandi. Jafnframt var sagt að stjórnvöld þar í landi hefðu aldrei gefið formlegt samþykki fyrir þessum saltfiskinnflutningi. Leyfi til innflutnings yrðu ekki veitt fyrir en fyrir lægi samþykki frá íslenskum stjórnvöldum um kaup á tveimur til fjórum portúgólskum togurum.³²⁶

Að vonum brá íslenskum saltfiskframleiðendum við þessi tíðindi en þó bætti nokkuð úr skák að Portúgalar fengust til að standa við skuldbindingar sínar vegna þeirra tveggja farma sem verið var að lesta. Við það sat síðan fram á haustið og urðu framleiðendur fyrir geysimiklu tjóni vegna rýrnunar fisksins og fleira.³²⁷


Mjög reyndi á íslensk stjórnvöld og Sölusambandið við lausn þessa máls. SÍF lagði fast að ríkisstjórninni að ábyrgjast kaup á portúgólskum togurum til að samningar tækjust um saltfisksölu og gekk mikið á eins og kemur fram í frásögn Tómasar Þorvaldssonar, stjórnarformanns:

Var gengið svo hart til verks, að ráðherrar voru gripnir, hvar sem til þeirra náðist, ef svo má að orði komast, á heimilum sínum, nýkomnir úr leikhúsum seint um kvöld og svo framvegis. Aðrir ráðamenn voru leitaðir uppi á föstudagskvöldi í fríi austur í sveitum og víðar, og er óhætt að segja, að einskis hafði verið látið ófreistað að knýja fram lausn á málinu hérlendis ...³²⁸

Stjórnarmenn í Sölusambandinu stóðu í ströngu í september 1978 vegna Portúgalsmálsins og voru linnulaus fundahöld hjá stjórninni frá 13. til 26. september. Hnúturinn fékkst loks leystur er íslenska ríkisstjórnin ákvað að ábyrgjast kaup á tveimur skuttogurum frá Portúgal auk þess sem fallist var á að kaupa olíu, bensín og fleira.³²⁹

Íslenskum verkendum létti þegar Portúgalsmarkaður opnaðist á ný haustið 1978. En þótt keyptir væru skuttogarar í Portúgal í staðinn fyrir saltfiskinn var verðið á þessum mikilvæga markaði eftir sem áður lágt. Vegna efnahagserfiðleika höfðu Portúgalar rekið mjög harða verðstefnu og hafði saltfiskverðið dregist aftur úr því sem fékkst fyrir fiskinn á öðrum mörkuðum.³³⁰

Sölusambandið varaði Portúgala raunar ítrekað við því að hið lága verð sem þeir greiddu fyrir saltfiskinn gæti komið þeim sjálfum í koll og leitt til þess að neytendur fengju ekki allan þann fisk sem þeir vildu kaupa; íslenskir verkendur gætu ekki haldið áfram að framleiða fyrir þá saltfisk sem greiddur væri mun lægra verði en fengist fyrir hann á öðrum mörkuðum.³³¹



Purrkstöð í Portúgal í kringum 1980. Portúgalar hafa ekki verið efnuð þjóð í tímans rás og striginn, sem saltfiskurinn var sendur í, hangir hér til þerris svo hann megi nota aftur. (Friðrik Pálsson.)

*Saltfiskbúð í Portúgal árið
1981. Húsmóðir kemur
og kaupir saltfiskinn
sinn sem hangir í plast-
pokum úti við dyr
kaupmannsins.
(Erlendur Sveinsson.)*



Árið 1979 þurftu Portúgalar að súpa seyðið af verðstefnu sinni er saltfiskkaup þeirra af SÍF drógust nokkuð saman frá erfiðleikaárinu 1978. Þeir greiddu einfaldlega ekki nógu hátt verð fyrir fiskinn, þótt þá næðist reyndar smáverðhækkun, og urðu nú að gjalda þess með því að eftirspurn þeirra var ekki fullnægt.³³² Það hafði svo aftur í för með sér svartamarkaðsbrask og smygl.

Þar sem saltfiskur er þjóðarréttur í Portúgal reyndu menn að verða sér úti um hann eftir ýmsum leiðum, til dæmis með því að smygla honum yfir landamærin frá Spáni. Auk þess keyptu portúgölsk skip, sem veiðileyfi höfðu í kanadískri landhelgi, töluvert af saltfiski í Kanada og fluttu með sér heim. Fiskur þessi var síðan settur á markað í Portúgal þar sem hann olli oft erfiðleikum og leiðindum.³³³

Árið 1980 var síðan tekin um það pólitísk ákvörðun í Portúgal að snúa við blaðinu, ætlunin var að reyna að fullnægja spurn eftir saltfiski með sómasamlegum hætti. Stóð hugur Portúgala til að kaupa mikið af íslenskum saltfiski, jafnvel 30-40 þúsund tonn. Vegna óhappaatviks í samningaviðræðunum varð niðurstaðan þó ekki nema 20 þúsund tonn og verð heldur lægra en annars stefndi í. Þetta var svipað magn og Portúgalar höfðu keypt á undanförunum þremur árum og verðið heldur hærra þrátt fyrir allt.³³⁴

Sölusambandinu varð miklu betur ágengt í Portúgal árið eftir er stjórnvöld þar í landi lögðu kapp á að stórauka saltfiskkaup af SÍF og koma jafnframt til móts við verðkröfur þess. Snemma árs var gerður afar stór samningur, samsvaraði hann um tveggja ára sölu og

reyndist verkendum ákaflega hagstæður. Salfisksalan til Portúgals jókst stórlega og allt árið 1981 fékkst þar hærra verð fyrir fiskinn en á öðrum mörkuðum. Var fluttur út meiri salfiskur þangað en nokkru sinni fyrr og síðar, rúm 38.000 tonn. Fóru alls 26 skipsfarmar af salfiski héðan til Portúgals á árinu og svaraði útflutningurinn til þess að þangað hafi verið flutt hvern einasta dag ársins, virka daga sem helgidaga, 105 tonn af salfiski.³³⁵

Ráðamenn í Portúgal höfðu áttað sig á því að spurn eftir salfiski yrði ekki fullnægt þar í landi nema komið væri til móts við Sölu-sambandið. Salfiskframleiðsla Portúgala sjálfra hafði mjög dregist saman eftir að þeir misstu hefðbundin fiskimið og ef unnt átti að vera að fullnægja eftirspurninni var þeim blátt áfram nauðsynlegt að kaupa mikinn salfisk af SÍF. Í önnur hús var ekki að venda þótt aðrar framleiðsluþjóðir, þar á meðal Norðmenn og Kanadamenn, gerðu sér um þessar mundir far um að auka framboð sitt í Portúgal.³³⁶ Þessir keppinautar gátu heldur ekki boðið nægilega mikið af stórfiski sem Portúgalar sóttust eftir en íslenskir verkendur áttu hann jafnan til.³³⁷

Um þetta leyti voru uppi háværar raddir í Portúgal um að gefa salfiskinnflutning frjálsan vegna þess að eftir stjórnarbyltinguna árið 1974 hafði ríkisfyrirtækið Reguladora á ný orðið eini innflytjandi salfisks. Stefndu portúgólsk stjórnvöld raunar að því að gefa þessa verslun frjálsa að einhverju leyti.³³⁸

Sumarið 1982 var til dæmis nokkrum einkafyrirtækjum veitt heimild til að annast hluta þess salfiskinnflutnings sem Regula-



Á portúgólskum þurrkreit 1983-85. Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri SÍF, t.v. lítur hér ásamt öðrum manni hugsandi yfir fiskinn sem liggur til þurrkunar á grindunum. (Bjarni Benediktsson.)


dora hafði þá þegar samið um við SÍF. Fyrirtæki þessi sem flest höfðu keypt íslenskan saltfisk fyrir byltinguna 1974 fengu sams konar heimild til saltfiskkaupa árið 1983. SÍF þótti fengur í að geta skipt beint við þessi fyrirtæki sem státað gátu af áralangri reynslu á þessu sviði. Þau áttu til dæmis þurrkunarstöðvar en höfðu eftir byltinguna þurft að leigja þær eða þurrka fisk fyrir ríkisfyrirtækið.³³⁹

e. Óhagstæð gengispróun 1982-85

Hinn viðamikli og mikilvægi samningur, sem gerður var við Portúgala í upphafi vertíðar 1981, reyndist íslenskum saltfiskverkendum mjög vel. Þegar leið að samningagerð árið 1982 var hins vegar komið babb í bátinn og nokkur verðlækkun óumflýjanleg. Portúgalar guldu þess eins og aðrar Evrópuþjóðir um þetta leyti hversu gjaldmiðill þeirra stóð illa gagnvart Bandaríkjadal. Hafði þetta í för með sér að saltfiskurinn, sem þá var greiddur í Bandaríkjadöllum, lækkaði nokkuð í verði er á árið leið.³⁴⁰ Nokkrum erfiðleikum ollu líka breytingar á skilmálum stóra samningsins frá 1981, gæðavandamál, byrjunarörðugleikar í brettavæðingu og fleira.³⁴¹ En þar með var ekki öll sagan sögð á Portúgalsmarkaði.

Á þessu ári, 1982, bárust mjög alvarlegar kvartanir þess efnis að fiskurinn væri illa þurrkaður og stæðist ekki gæðakröfur. Einkennidist allt starf SÍF fram eftir árinu af þeim erfiðleikum sem

*Hrauneyjarfossvirkjun.
Upp úr 1978 jukust viðskipti Íslendinga og Portúgala enda lögðu hinir síðarnefndu mikið kapp á það. Meðal annars lagði portúgalska fyrirtækið EFACEC til spennubreyta í Hrauneyjarfossvirkjun og sést hér einn slíkur.
(Mats Wibe Lund.)*



kvartanir Portúgala höfðu í för með sér fyrir verkendur. Með samstilltu átaki verkenda, matsmanna og eftirlitsmanna tókst þó furðufliótt að gera þá bragarbót á framleiðslunni sem nauðsynleg var til að fiskurinn félli Portúgölum í geð.³⁴²

Hátt gengi Bandaríkjadals setti áfram svip sinn á saltfiskverð í Portúgal árið 1983. Varð SÍF að fallast á verðlækkun en ekki sigldi það lygnan sjó lengi. Vorið 1983 kröfðust portúgólsk stjórnvöld þess fyrirvaralaust að saltfiskur, sem þangað kæmi, væri hringormalaus. Kom krafa þessi fram við losun á saltfiski úr Suðurlandi og svipaði til kröfu sem Grikkir höfðu sett fram árið 1980. Í framhaldi af þessu ákvað stjórn SÍF að framvegis skyldi allur íslenskur saltfiskur orma-hreinsaður á ljósaborðum.³⁴³

Sölusambandið varð að leggja aukna áherslu á gæðæftirlit til að geta staðist keppinautum sínum snúning á hinum mikilvæga saltfiskmarkaði í Portúgal. En kaupendur þar fóru fram á meira en góða vöru; sem fyrr lögðu þeir áherslu á að Íslendingar keyptu af þeim vörur í staðinn fyrir saltfiskinn. Áður hefur verið minnst á erfiðleikana árið 1978 sem meðal annars voru leystir með því að Íslendingar keyptu tvo skuttogara.

Eftir skuttogarakaupin árið 1978 lögðu Portúgalar hart að Íslendingum að auka vörukaup sín og ávannst nokkuð í því efni á næstu árum. Keyptu Íslendingar til dæmis allmikið af olíu þar syðra. Einnig má nefna að Portúgalar tóku þátt í virkjunarframkvæmdum hér á landi við Hrauneyjarfoss. En íslenski markaðurinn er lítill og vitanlega fór því fjarri að Portúgölum áskotnaðist einhver auður þótt Íslendingar keyptu af þeim olíu eða veittu hlutdeild í einni vatnsaflsvirkjun. Virtist auðsætt að ýmislegt fleira þyrfti að koma til sögunnar.³⁴⁴

Hafa ber í huga að ein þeirra þjóða sem kepptu við Íslendinga á Portúgalsmarkaði, Norðmenn, stundaði mikil vörukaup þar að kröfu Portúgala. Auðvitað gátu Íslendingar ekki staðið frændum sínum á sporði að þessu leyti en Portúgalar komu auga á aðra leið til þess að fá eitthvað fyrir snúð sinn. Þeir litu hýru auga til fiskimiðanna við Ísland. Á aðalfundi SÍF árið 1983 kom fram að Portúgalar hefðu í samningaviðræðum um nokkurra ára skeið gert harða hríð að SÍF og falast eftir fiskveiðiréttindum innan íslenskrar landhelgi. Þar var hins vegar ekkert til skiptanna enda hafði SÍF ekkert umboð, vald eða vilja til slíkra viðskipta og var þessum kröfum ávallt hafnað.³⁴⁵

Á sama tíma komu Portúgalar ár sinni vel fyrir borð í kanadískri landhelgi, fengu þar veiðiréttindi og keyptu auk þess af Kanada-mönnum mikið af fiski sem fluttur var til Portúgals og unninn þar. Svipuðum ívilnunum náðu Portúgalar í Noregi snemma árs 1983.



*Sótt í soðið. Gömul kona á heimleið eftir að hafa fengið saltfisk til matar í verkunarstöð.
(Bjarni Benediktsson.)*

Á götumarkaði í Portúgal 1978-85. Hér eru nokkrir ávaxtaræktendur að selja framleiðsluna í trékössum og körfum, hver með sína vog. (Friðrik Pálsson.)



Auk fiskveiðiréttinda í norskri lögsögu fengu portúgólsk skip heimild til að kaupa fisk í norskum höfnum og fylla skipin á heimleið af miðunum við Svalbarða.³⁴⁶ Þetta var mjög hagkvæmt fyrir portúgalska útgerðarmenn því fiskurinn taldist þá portúgalskur og var ekki háður verðlagseftirliti eins og innfluttur fiskur, til dæmis frá Íslandi.³⁴⁷

Þegar SÍF hóf samningaviðræður við Portúgala árið 1983 var ljóst að samtökin voru þátttakendur í nokkuð ójöfnum leik. Eigi að síður náðust samningar sem saltfiskverkendur gátu unað við eftir atvikum en til að halda hlut sínum í hinni óvæntu samkeppni varð SÍF að fallast á allmikla verðlækkun. Samt var engin ástæða til að örvænta því ekkert lát virtist vera á saltfiskneyslu í Portúgal. Er jafnvel talið að árið 1982 hafi markaðurinn verið nokkurn veginn mettaður í fyrsta sinn í langan tíma.³⁴⁸

Eftir nokkurra ára verðlækkunarþróun á Portúgalsmarkaði tókst Sölusambandinu loks að snúa dæminu við árið 1984. Birtust áhrif minnkandi framboðs af saltfiski það ár einna helst í viðskiptum við Portúgala. Þeim var gert ljóst í upphafi ársins að SÍF gæti ekki aukid framboð sitt ef ekki yrðu allmiklar verðhækkningar. Sáu Portúgalar sér ekki annað fært en að koma til móts við sjónarmið samtakanna og féllust um vorið á 12% hækkun söluverðsins.³⁴⁹

Hér má geta þess að þau tímamót höfðu nú orðið í Portúgal að einkafyrirtæki önnuðust allan innflutning, þurrkun og dreifingu saltfisksins þar í landi. Allt frá árinu 1974 hafði ríkisfyrirtækið Reguladora eitt haft leyfi til að kaupa íslenskan saltfisk þótt það tæki í

upphafi níunda áratugar að framselja hluta af samningum til þurrkstöðva þar syðra. Nú voru samningarnir hins vegar gerðir beint við þessi einkafyrirtæki en Reguladora hafði áfram leyfisveitingar með höndum og gæðaeftirlit.³⁵⁰ Einnig var unnið að því á næstu árum að gefa smásöluverð saltfisksins frjálst en yfirvöld höfðu ákveðið það eftir byltinguna 1974.³⁵¹

Með lækkandi gengi Bandaríkjadals í fyrsta skipti í langan tíma um mitt árið 1985 skapaðist nokkurt svigrúm til verðhækkunar. En þar sem samningar frá fyrri hluta ársins voru ekki uppfylltir fyrr en í árslok breyttist verðið ekkert. Og þótt verðhækkanir væru vel þagnar varð eftir sem áður að gæta þess að ofbjóða ekki kaupgetu Portúgala sem voru langstærstu saltfiskkaupendur SÍF en um leið með einn minnsta kaupmáttinn af þjóðunum í Suður-Evrópu.³⁵²

Á aðalfundi SÍF 1985 var minnt á að verðið í Portúgal væri hátt, kaupmáttur færi minnkandi í landinu og varan væri misjafnlega góð. Neysluhefðin væri að vísu sterk en sjá mætti að kaupendur væru farnir að snúa sér að ódýrari matvöru. Því yrðu saltfiskverkendur og sölusamtökin að vera vel á verði.³⁵³

f. Evrópubandalagskvótar og Rússafiskur 1986-92

Í ársbyrjun 1986 gengu Portúgalar í Evrópubandalagið og hafði það mikil áhrif á gengi íslenskra saltfiskframleiðenda þar næstu árin.³⁵⁴ Allt fram til ársbyrjunar 1994 er EES-samningurinn gekk í gildi heftu kvótar og tollar EB söluna og drógu afskipanir á langinn, framleiðendum til skaða. Norðmenn, helstu keppinautar SÍF í Portúgal, voru sérlega erfiðir viðureignar af ýmsum ástæðum og voru þar miklu meir áberandi en áður.

Eftir inngöngu Portúgala í EB gerðu Norðmenn samning við bandalagið um tollfrjálsa kvóta fyrir norskan fisk gegn fiskveiðiheimildum. Var kvótinn fyrir blautverkaðan fisk 10.000 tonn og fyrir saltflök 3.000.³⁵⁵ Nýttu Norðmenn þessa sérkvóta að sjálfsögðu óspart en oft notuðu þeir fyrst almenna kvóta sem voru meðal annars Íslendingum opnir.

Við þetta bættist að á þessum árum einbeittu Norðmenn sér meira að blautfiskmörkuðum en áður og þá einkum Portúgal. Ríkisstyrkir í Noregi höfðu um langt skeið meðal annars farið í að halda þurrfiskverkuninni gangandi og það gerði öðrum keppinautum eins og Íslendingum illmögulegt að láta þá framleiðslu bera sig. Minnkandi ríkisstyrkir frá því seint á níunda áratugnum ollu síðan því að Norðmenn drógu úr þurrfiskverkun og sneru sér að blautfiskinum³⁵⁶ enda var verðið á honum líka hagstæðara.³⁵⁷

Til skamms tíma voru Norðmenn ekki með eins góðan fisk og íslenskir verkendur og þeir beindu því einkum sjónum sínum að Portúgal þar sem fiskurinn er þurrkaður og krefst ekki eins góðs hráefnis og blautfiskverkun. Til að bæta sér upp minni afla og ráða betur við samkeppnina við aðra keppinauta stunduðu þeir líka á þessum árum að kaupa ódýran Rússaporsk og salta síðan. Veitti hann íslenska fiskinum mikla samkeppni og lækkaði verðlag.³⁵⁸

Þrátt fyrir margvíslega örðugleika í Portúgal 1986-92 blés byrlega fyrstu tvö árin enda velgengnisár í saltfiskiðnaðinum fyrir verkendur. Á fyrsta ári Portúgala innan EB, 1986, fengu þeir rúma saltfiskkvóta og skilaði það íslenskum saltfiski tollfrjálsum inn. Var útflutningurinn þó heldur meiri en árið áður. Í upphafi ársins náðist enn fremur verðhækkun og var hún hliðstæð söluverðshækkunum í öðrum markaðslöndum árið áður.³⁵⁹

Í ársbyrjun 1986 vildu Portúgalar kaupa mikið af SÍF því birgðir voru litlar bæði þar og hér. Ekki var þó talið óhætt að skuldbinda sig um jafn mikið magn og Portúgalar vildu fá því óvíst var um framleiðsluna. Um vorið var sýnt að ekki mundi vera hægt að selja Portúgölum jafn mikið og þeir vildu nema að þeir tækju tandurfisk til að uppfylla samninga. Fram til þess tíma höfðu þeir eingöngu keypt fullstaðinn blautfisk, sem þeir þurrkuðu, auk þurrfisks stundum.³⁶⁰

Fyrir á árinu höfðu Portúgalar fengið góð sýnishorn af tandurfiski og háltandurfiski og þeim líkað þau vel. Höfðu þeir samt tekið þennan lítt staðna fisk út úr hálfgerri neyð því hvergi var neinn fisk að fá á mörkuðum. Til að horfa ekki fram á hreinan fiskskort í landinu varð úr að þeir féllust á að taka við verulegu magni af tandurfiski til reynslu og sjá hvernig nýtingin á honum yrði. Reynsla Portúgala varð allgóð og tóku þeir meira af tandurfiski síðar á árinu.

Fiskþvottur í Portúgal nálægt 1990. Þar sem fiskurinn er þurrkaður þarf að þvo hann áður og það annast gjarnan konur eða unglingsstelpur eins og hér sést. Vélar koma þar ekki við sögu. (Bjarni Benediktsson.)



Endirinn varð sá að útflutningur tandurfisks til Portúgals nam um 4.500 tonnum eða um 17% af öllum blautfiski sem þeir keyptu af SÍF á árinu.³⁶¹

Þessir samningar voru saltfiskverkendum mjög hagstæðir því tandurfiskurinn var keyptur á sama verði og fullstaðni fiskurinn. Þetta jafngilti um 8% verðhækkun þar sem kostnaður við tandurfiskinn var minni og verkunartíminn styttri. Á móti var talið að Portúgalar fengju þykkari og bjartari fisk en ella. Annað sem kom framleiðendum vel og jafngilti lítills háttar verðhækkun var það að Portúgalar féllust á örur greiðslur fyrir fiskinn því það minnkaði lántökukostnað.³⁶²

Árið 1987 varð íslenskum framleiðendum einnig gott í Portúgal. Í janúar náðist drjúg hækkun á verði en þá hafði Portúgal dregist aftur úr öðrum mörkuðum vegna verðhækkana á þeim haustið 1986. Kvótamál EB voru ekki til vandræða heldur að heitið gæti því kvóti Portúgala var ekki fullnýttur fyrr en í nóvember.³⁶³

Kaupendur í Portúgal náðu fljótt nokkuð góðum tókum á þurrkun fisksins, eftir að byrjunarörðugleikar voru yfirstignir, enda var hann ekki lengur þurrkaður jafn mikið og áður. Má þess geta að Portúgalar eru raunar einu neytendurnir í Evrópu sem enn þá þurrka allan sinn saltfisk. Nýting tandurfisksins var samt ekki eins góð og úr fullstaðna fiskinum og Portúgalar vildu hann því fremur ef þess var kostur.³⁶⁴

Þessi breyting var saltfiskframleiðendum mikils virði og Sigurður Haraldsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SÍF, tók svo djúpt í árinni á aðalfundi 1988 að segja að tandurfiskkaup Portúgala, ásamt örrari afskipunum og greiðslum, hafi „verið ein helsta ástæðan fyrir þeirri velgengni sem saltfiskiðnaðurinn naut ...“ 1986-87.³⁶⁵

Eftir að ástand saltfiskmarkaða versnaði mjög árin 1988-89 var sá portúgalski með þeim erfiðustu. Margt bar til: Kvótar EB komu nú hart niður á íslenskum saltfiskverkendum og sérsamningar Norðmanna við bandalagið veittu mikið forskot sem erfitt var að svara. Framleiðslan var almennt mikil og Norðmenn gerðu líka SÍF miklar skráveifur þegar þeir gerðu áhlaup á Portúgalsmarkað bæði árin með ódýran Rússafisk að vopni.


Um áramótin 1987-88 áttu Norðmenn miklar birgðir saltfisks, meðal annars vegna tímabundins innflutningsbanns í Brasilíu. Á nýja árinu, þegar allir kvótar voru ónýttir, fluttu þeir mikinn fisk á lágu verði inn á Portúgalsmarkað og nýttu fyrst þann hluta almenna GATT-kvótans sem Portúgölum var ætlaður en síðan sérkvóta sinn hjá bandalaginu og var hlutur Portúgala af honum drjúgur. Fylltist almenni GATT-kvótinn alveg (25.000 tonn) og gekk þá í gildi EB-kvótinn (52.500 tonn) með 5% tolli.³⁶⁶




*Fiskþurrkun úti og inni á
niunda áratugnum. Efri
mynd: Konur í þurrstöð í
Porto að breiða fisk til
þerris á stórum grindareit.*

*Yfirleitt er fiskurinn
þurrkaður úti við fyrsta
sprettinn en síðan inni.
Neðri mynd: Hér er fiskin-
um raðað á grindur í loftinu
og heitt loftið notað til að
flýta þurrkuninni.*

*(Neðri mynd:
Bjarni Benediktsson.)*





Þurrklefar á níunda og tíunda áratugnum. Efri mynd: Dæmigerður þurrklefi í portúgalskri þurrstöð. Fiskurinn er keyrður á þessum grindum inn í klefann og þokast hann áfram eftir ganginum þar til hann kemur út hinum megin. Þá er hann látinn pressast í stafla og bíða næstu lotu í þurrklefanum. Neðri mynd: Nýtiskulegri þurrklefi (í bakgrunni) með grindum sem fiskinum er raðað á; þannig nýtist plássið betur. Í forgrunni f.v. eru Kristján Kjartansson frá SÍF, Sínde Monteiro, portúgalskur kaupandi og tveir Portúgalar. (Efri mynd: Bjarni Benediktsson.)





Leif Dundas, umboðsmaður SÍF í Portúgal frá því rétt eftir 1960 og fram yfir 1992.

Hann tók við af föður sínum, Sigurd Dundas, og hefur verið aðalræðismaður Íslands í Lisabón (Lissabon) um langt árabil. (Friðrik Pálsson.)

Meðan á þessu gekk voru íslenskir verkendur svo til fisklausir og þegar nýja framleiðslan kom fram varð hún að bera 5% tollinn en fiskur Norðmanna var á meðan tollfrjáls. Var verðmunur íslenska fisksins og þess norska þá um 15% að meðtalinni verðlækkun Norðmanna og gerði bæði framleiðendum og kaupendum íslenska fisksins mjög erfitt fyrir. Alaskaporskur, sem seldur var á helmingi lægra verði en íslenski fiskurinn, bætti ekki úr skák. Sumir portúgólsku kaupendanna lokuðu þá þurrkunarstöðvum sínum frekar en að bera skaða af sölu á íslenska fiskinum.³⁶⁷


Til að nýta EB-kvótann sem best og vera á undan keppinautum fékk Sölusambandið því framgengt við Portúgala að fá að afskipa fiskinum ört á fyrri helmingi ársins (1988); á móti varð samt að fallast á lengri greiðslufrest. Þetta kapphlaup SÍF og annarra um kvótann í Portúgal varð til þess að hann fylltist strax í september og voru Portúgalar ófúsir að taka við meiri fiski til tollafgreiðslu því hann þurfti að bera fullan toll (13%).³⁶⁸

Í upphafi þessa árs, 1988, náðust samningar við Portúgala um töluvert magn á föstu verði og var verðið óbreytt frá árinu áður þrátt fyrir mikinn þrýsting vegna norska fisksins. Síðar á árinu, þegar hægðist á afskipunum og salan tregðaðist vegna aðgerða Norðmanna, var óhjákvæmilegt að lækka verðið. Í heild var því verðþróun ársins óhagstæð í Portúgal en bjarta hliðin á því máli var samt sú að merkja mátti aukna neyslu á árinu vegna verðlækkunarinnar.³⁶⁹

Eftir reynsluna af Portúgalsmarkaði árið 1988 var ákveðið að draga markvisst úr útflutningi þangað og minnka þar með mikilvægi hans fyrir afkomu saltfiskverkenda. Portúgalar höfðu um langt árabil verið langstærstu kaupendur íslenska saltfisksins og keypt um og yfir helming framleiðslunnar. Stjórn SÍF hafði um tíma verið þeirrar skoðunar að varasamt væri að treysta jafn mikið á einn markað því ef eitthvað brygði þar út af þá væru framleiðendur um leið í stórvandræðum eins og stundum hafði sýnt sig áður.³⁷⁰ Sem dæmi um þetta má nefna efnahagserfiðleika Portúgala, sem komu gleggst fram árið 1978, og tollaaðgerðir Spánverja upp úr 1920 en þá var Spánn langmikilvægasti markaðurinn.

Einnig má benda á að síminnkandi veiðiheimildir Íslendinga höfðu það í för með sér að einungis var komið með að landi úrvalsfisk og hann hvorki hæfði Portúgalsmarkaði né bauðst þar jafn hátt verð fyrir hann og á öðrum mörkuðum.³⁷¹

Í stað Portúgals var ætlunin að selja fiskinn til annarra landa sem vildu fisk til þurrkunar. Hraðminnkandi framleiðsla Spánverja og Frakka á saltfiski skapaði líka svigrúm fyrir SÍF að selja til þessara og annarra landa fisk af Portúgalsgæðum. Þessari stefnu var hrundið í framkvæmd árið 1989 og voru nokkur þúsund tonn seld



Norskur fiskur í Rio de Janeiro í Brasilíu árið 1991. Um þær mundir gerðu Norðmenn harða hrið að Portúgalsmarkaði. Stærsti markaðurinn var samt Brasilía og þar höfðu þeir verið ráðandi áratugum saman. Hér skoða sendimenn frá SÍF norskan fisk til að kynna sér gæði hans.

til Hollands og Frakklands meðal annarra landa. Vegna áherslu Norðmanna á fisksölu til Portúgals var líka auðveldara um vik að komast inn á markaðinn í Frakklandi og víðar. Nokkuð var og selt til Spánar til þurrkunar en neytendur þar eru alætur á saltfisk þótt SÍF hafi aðallega einbeitt sér að efnaðasta og kröfuharðasta hluta þeirra. Eftir að þessi stefna var tekin minnkaði útflutningur til Portúgals á næstu árum og var hann um þriðjungur af heildarútflutningnum í stað 50-60% áður.³⁷²

Árið 1989 var annað árið í röð sem Norðmenn gerðu harða hrið að Portúgalsmarkaði og reyndu með öllum ráðum að ryðja sér þar til rúms. Auk minni ríkisstyrkja voru orsakirnar taldar vera þær að verðþróun hafði verið óhagstæð í Suður-Ameríku en verð hækkað í Evrópu. Blautfiskmarkaðir Suður-Evrópu voru því freistandi og ekki síst Portúgal sem er gríðarlega stór markaður og um leið ekki vandlátur hvað snertir fiskgæði.³⁷³

Í ársbyrjun 1989 voru geysimiklar birgðir í Portúgal og jafngiltu þær um hálfis árs neyslu. Ástæðan var sú að á síðustu mánuðum ársins 1988 keyptu Portúgalar mikið af saltfiski frá ýmsum löndum og átti hann að koma til tollafgreiðslu eftir áramótin. Þá voru kvótar tómir og Portúgalar gátu notað eins mikið af þeim og þeir vildu því EB hætti á þessu ári útdeilingum kvótanna. Afleiðingin varð sú að tollfrjálsi GATT-kvótinn var fylltur strax í janúar.³⁷⁴

Eins og árið áður buðu Norðmenn saltfisk sinn fram á lágu verði á nýja árinu, enda var sumt smár Rússaþorskur, og til að ná betri fótfestu á Portúgalsmarkaði pökkuðu þeir honum ómetnum á bretti og samþykktu vigt og mat portúgalskra kaupenda við móttöku. Þetta töldu Portúgalar jafngilda um 5% verðmun á íslenskum fiski og norskum, og bættist ofan á lágt verð fyrir, svo Íslendingar stóðu mjög höllum fæti í samkeppninni við Norðmenn. Frændur vorir

höfðu byrjað á þessu árið áður með Rússafisk sem þeir voru þá að selja.³⁷⁵

Við þessar markaðsaðstæður í upphafi ársins 1989 var samningsstaða SÍF þröng og þrýst á verðlækkun. Í lok apríl ákvað norska ríkisstjórnin öllum að óvörum að banna þorskveiðar fram í september og þá batnaði hljóðið mikið í Portúgölum enda höfðu þeir líka fengið misjafna reynslu af norska fiskinum. Í samræmi við ákvörðun SÍF um að selja minna til Portúgals en áður varð útflutningurinn samt aðeins tæp 22.000 tonn en var rúmlega 36.000 tonn árið áður.³⁷⁶

Að þessu sinni keyptu Portúgalar lítið af tandurfiski og skýrist það einna helst af miklum birgðum í landinu. Auk þess voru kaupendur í betri aðstöðu til þess að fara fram á fullstaðinn fisk eins og þeir kusu jafnan heldur. Helgast þetta af sömu lögmálum og þeim að þegar gæðakvartanir berast er það fyrsta merkið um að kaupendur eigi úr nógum fiski að velja og geti verið kröfuharðari við seljendur.³⁷⁷

Árið 1990 létti til og ástandið í Portúgal var heldur bærilegra. Spurn þar og í öðrum löndum eftir fiski af Portúgalsgæðum til þurrkunar var meiri en unnt var að sinna. SÍF seldi samt Portúgölum enn minna en áður, aðeins um 15.000 tonn, og bættu þeir sér fiskskortinn upp að nokkru leyti með kaupum á ódýrum Alaskaþorski en söltun í Alaska hafði aukist mjög á árinu.³⁷⁸

Hátt verðlag hafði dregið úr neyslu í Portúgal og það setti svip sinn á söluna þangað 1991. Það hve stórfiskur var orðinn dýr leiddi

Portúgalskur stórmarkaður árið 1992. Allt fram undir 1990 þekktust stórmarkaðir ekki í Portúgal en eftir að þeir voru reistir var þar að sjálfsögðu seldur saltfiskur.

Tveir íslenskir verkendur og stjórnarmenn í SÍF, Karl Njálsson í Garði og Gunnar Tómasson úr Þorbirni í Grindavík, skoða hér íslenskan saltfisk á boðstólum í Feira Nova stórmarkaðinum. Kílóverðið, sem sést á spjaldinu, má helm- inga og ríflega þó til að fá það í íslenskum krónum. (Bjarni Benediktsson.)





til meiri spurnar eftir smáfiski og millifiski. En svo illa stóð á hér-
lendis að æ minna af framleiðslunni var fiskur af þeim stærðum eft-
ir því sem á leið árið og kom það sér mjög illa. Þrátt fyrir það gekk
sölustarfið vonum framar og útflutningurinn varð ívið meiri en árið
áður.³⁷⁹

Í upphafi árs 1992 leit ekki vel út með Portúgalsmarkað því mik-
ið var boðið fram af ódýrum norskum fiski. Fór hann lækkandi í
verði en við hliðina á honum var íslenski fiskurinn sem portúgalsk-
ir kaupendur töldu 10% dýrari og auk þess fundu þeir að vigtinni,
stærðarflokkun hans og mati.³⁸⁰ Slíkar kvartanir eru alltaf tíðar þeg-
ar framboð er mikið en auk þess var SÍF að hrinda í framkvæmd um
þær mundir breytingu á stöðutíma fisksins fyrir Portúgala að kröf-
um þeirra.³⁸¹

Norskir útflytjendur seldu drjúgt til Portúgals fram eftir ári en
Sölusambandið átti mestmegnis stórfisk fyrir þennan markað og
vantaði mjög smáfisk til að hafa heppilega breidd í stærðunum.
Stóð þetta nokkuð í vegi fyrir sölunni. Síðast en ekki síst var ís-
lenski fiskurinn dýrari því SÍF vildi ekki selja nema lítið af honum
á lækkuðu verði og vonir stóðu til að ástandið mundi batna um
haustið. Söfnuðust því töluverðar birgðir fyrir á fyrri hluta ársins af

*Tímarnir tvennir í Aveiro.
Liðlega 25 árum eftir að
saltfiskurinn var hífður í
heisum úr Laxá árið 1968
mátti sjá lyftara þessa um
hafnarbakkann með salt-
fiskbretti sem sett voru á
stóra vörubíla. Handaflið
kom lítið við sögu gagn-
stætt fyrra árinu enda
margvíslegar efnahagsfram-
farir orðnar í landinu.
(Jón G. Magnússon.)*

stórum PORT-fiski en svo var farið að kalla fisk af Portúgalsgæðum um leið og reglum um stöðutíma fisksins var breytt.³⁸²

Um haustið brugðust alveg vonir um afsetningu fisksins án verðlækkunar og neyddist SÍF til að fella hann mjög verulega í verði til að losna við hann. Ástæða þess að svona fór var aðallega sú að mikið af ódýrum fiski helltist inn á markaðinn eftir ýmsum leiðum og það var að hluta til afleiðing hás verðs. En þess utan öfluðu Norðmenn óvenjuvel á árinu, miðað við undangengin ár, og eins jókst framboðið af Rússafiski. Norðmenn keyptu hann eins og áður, þíddu upp, söltuðu og seldu til Portúgals. Árangur Norðmanna við að hasla sér völl á Portúgalsmarkaði undanfarin ár sést best á því að á þessu ári náðu þeir helmingshlutdeild í saltfiskmarkaðinum þar þótt vafasamt sé að þeir hafi allir selt á kostnaðarverði, hvað þá meir, enda var gæðum fisksins ábótavant.³⁸³ Mátti hér sumpart kenna þess að á þessu ári gáfu Norðmenn útflutning til Portúgals frjálсан og sáust norskir útflytjendur ekki fyrir í ákafa sínum við söluna.³⁸⁴

Ekki var samt allt búið því 6% gengisfall portúgalska gjaldmiðilsins gagnvart ECU, sem saltfiskurinn var nú borgaður í, bætti gráu ofan á svart. Það gerðist í nóvembermánuði. Þegar meðalverð blautverkaðs saltfisks til Portúgals árið 1992 er borið saman við fyrra ár kemur í ljós að það féll um 21%. Hafði Portúgal hér algera sérstöðu meðal markaðslandanna í Suður-Evrópu því þar var verðþróunin ekki líkt því jafn slæm enda var saltfiskmarkaðurinn í Portúgal í algeru uppnámi og mikilli kreppu.³⁸⁵ Vegna samdráttarins í saltfiskframleiðslu hér heima og vandkvæðanna í Portúgal minnkaði útflutningurinn líka þangað um nálægt fjórðung frá fyrra ári. Varð hann aðeins tæp 12 þúsund tonn og hafði ekki jafn lítið verið selt þangað síðan á þrengingaárinu 1968.³⁸⁶


4. Ítalía

a. Mikilvægur markaður

Þegar tekið var á ný að verka saltfisk að ráði eftir síðari heimsstyrjöld varð ítalski markaðurinn afar drjúgur. Var raunar um skeið selt meira til Ítalíu en nokkurs annars lands (myndrit VII.2). Saltfiskurinn var nú að langmestu leyti fluttur blautverkaður þangað suður en ekki linþurrkaður og ollu því einkum breyttar neysluvenjur á Ítalíu.³⁸⁷

Áður en styrjöldin skall á hafði verið mjög rúmur markaður þar í landi fyrir Labradorfisk sem er lítt þurrkaður fiskur en á styrjaldar-

Myndrit VII.9




Heimild: Tafla 7 í Töfluviðauka


árunum var slíkan fisk ekki að fá á heimsmarkaði. Að stríði loknu vildu ítalskir neytendur hann ekki, hann þótti líka of dýr og stóðaði lítt þótt SÍF reyndi ítrekað að koma honum aftur á markað þar.³⁸⁸

Saltfiskverkendur gátu hins vegar huggað sig við það að Ítalir sóttust mjög eftir blautverkuðum fiski frá Íslandi. Var ítalski markaðurinn mjög mikilvægur á viðreisnarárunum eftir stríð og raunar stærsti markaðurinn langt fram á sjötta áratuginn (myndrit VII.2). Hann var líka hentugur vegna þess að þangað fór lakur fiskur og torseldur. Síðar meir urðu Ítalir samt kröfuharðari og sóttust eftir betri fiski. Gagnstætt Portúgölum og Spánverjum þurrkuðu Ítalir ekki fiskinn áður en þeir neyttu hans og því þurfti hann að vera fremur góður.³⁸⁹

Gott dæmi um það hversu mikilvægur Ítalíumarkaður var framleiðendum á árunum eftir stríð er saltfisksalan þangað árið 1952. Á því herrans ári settu Bretar löndunarbann á íslenskan fisk vegna landhelgisdeilu og var þá af þeim sökum saltað meira af fiski hér á landi en um langt árabíl.³⁹⁰ Kom það sér nú vel fyrir SÍF að geta reitt sig á Ítalíumarkað og varð beinn saltfiskútlutningur þangað árið 1952 langtum meiri en á nokkru öðru ári eftir síðari heimsstyrjöld eða riflega 19.000 tonn (myndrit VII.9). Þá má ekki gleyma því að mestur hluti þess saltfisks sem SÍF seldi til Danmerkur um þetta



„Merluzzo Islandese.“
Ítalíumarkaður var hag-
kvæmur verkendum því þar
fékkst frjáls gjaldeyrir fyrir
saltfiskinn þegar upp úr
1950. Hér sést kápa kyn-
ningarbæklings sem SÍF
gaf út á ítölsku árið 1955
en Helga Steffensen
prýddi hana.



Dino Eminente í Napolí.
Hann var meðal helstu
kaupenda íslensks salt-
fisks á Ítalíu eftir stríðið,
mjög virtur og hliðhollur
Íslendingum enda var
hann ræðismaður Íslands
í borginni um árabíl.
(Tómas Þorvaldsson.)

leyti var seldur áfram til Ítalíu. Hér var um að ræða sölu saltfisktog-
ara í Esbjerg sem rætt er um annars staðar.³⁹¹

Fyrstu árin eftir stríðið greiddu Ítalir fiskinn að mestu leyti í lír-
um. Með öðrum orðum varð að kaupa ítalskar vörur í staðinn ef
ekki tókst að losna við lírurnar öðruvísi, nefnilega með viðskiptum
við þriðja land. Vörukaupin á Ítalíu reyndust íslenskum innflytj-
endum erfið og báru Ítalir sig illa yfir ójöfnum viðskiptum landanna
og hvöttu til aukinna vörukaupa til að jafna metin. Upp úr 1950
fóru þeir svo að greiða fiskinn í frjálsum gjaldeyri, nánar tiltekið
sterlingspundum, og kom það sér vel. Þótt viðskiptajöfnuðurinn
væri Ítölum áfram óhagstæður um langa hríð voru engar takmark-
anir á saltfisksölu þangað, fremur en áður, og var Ítalía því svo hag-
stætt markaðsland sem raun bar vitni.³⁹²

Eftir að SÍF hóf saltfisksölu til Ítalíu á ný eftir styrjöldina tóku
brátt kvartanir að berast um skemmdan fisk og lélegt fiskmat. Ís-
lenski fiskurinn féll í álitu og var til dæmis um skeið talinn standa
færeyskum fiski og norskum að baki.³⁹³

Kvartanir Ítala urðu stundum mjög alvarlegar og svo var til
dæmis árið 1956 er innflutningsfyrirtækið ASTRA krafði SÍF um
háar skaðabætur vegna saltfiskfarma sem keyptir höfðu verið þá
um vorið. Þótti fyrirtækinu skorta svo á gæði fisksins að það hótaði
Sölusambandinu málsókn ef ekki yrði gengið að kröfum um skaða-
bætur. Og ítölsku kaupendurnir létu ekki þar við sitja. Þeir hótuðu
að bera fram kvartanir við Ítalíustjórn og gera það sem í þeirra valdi
stæði til að koma í veg fyrir að SÍF gæti framvegis selt fisk til Ítalíu.
Eftir nokkurt samningaþóf féllust samtökin síðan á að greiða kaup-
endunum umtalsverðar skaðabætur.³⁹⁴

Þessar kvartanir áttu sér eðlilegar skýringar. Ítalir tóku fiskinn
ekki hvað síst á haustin eða framan af vetri þegar helsti neyslutím-
inn var þar í landi, löngu eftir lok vetrarvertíðar. Þar sem kæli-
geymslur voru ekki ýkja algengar hérlandis vildi fiskurinn að von-
um slakna og skemmast við svo langa stöðu ókældur.³⁹⁵

Á seinni hluta sjötta áratugarins varð sú breyting að Ítalir fóru að
taka megnið af fiskinum á vorin og fyrri hluta sumars. Dró þá mjög
úr kvörtunum þeirra. Orsök þessa var sú að Portúgalar gerðust æ-
stórtækari kaupendur en áður á íslenskum fiski. Þeir buðu jafn gott
eða jafnvel betra verð en Ítalir og tóku hann mun fyrr til að þeir
væru búnir að þurrka hann áður en þeirra eigin framleiðsla kæmi á
markað. Þess vegna fóru Ítalir að flýta kaupum sínum og taka fisk-
inn fyrr til að verða ekki hreinlega út undan í fiskkaupum sínum
hér á landi.³⁹⁶

b. Sterk innflutningssambönd


Viðskiptin við ASTRA árið 1956 leiða hugann að því hvernig saltfiskinnflutningi var háttað á Ítalíu. Innflutningur þessi var í orði kveðnu frjáls en iðulega voru við lýði sambönd eða samsteypur sem fleiri eða færri innflytjendur stofnuðu til. Fjöldi slíkra sambanda var breytilegur og umfang þeirra einnig. ASTRA var dæmi um samsteypu af þessu tagi og hafði hún upphaflega verið stofnuð til að flytja inn íslenskan fisk og færeyskan.³⁹⁷

Eins og gefur að skilja voru framleiðsluþjóðir oft bundnar í báða skó vegna styrks þeirra félaga eða sambanda sem ítalskir innflytjendur stofnuðu til. Einstök félög gátu verið mjög öflug og ráðið miklu um innflutning frá einstökum löndum. Sem dæmi má nefna að árið 1950 seldi SÍF saltfisk til sex ítalskra innflytjenda í svokölluðu Arcobasambandi. Sá félagsskapur var þá talinn ráða um 85% alls saltfiskinnflutnings á Ítalíu. Svo öflugar samsteypur gátu vitanlega að ýmsu leyti sett útflutningsþjóðum stólinn fyrir dyrnar, til dæmis með því að krefjast þess að ekki yrði annar saltfiskur fluttur til landsins en sá er samsteypan keypti. Arcobasambandið gerði slíka kröfu og urðu Íslendingar, og raunar Færeyingar einnig, að ganga að henni.³⁹⁸


Vandkvæðin, sem fylgt gátu kröfum af þessu tagi, birtust í hnotskurn á sjöunda áratugnum er íslensk stjórnvöld losuðu um einkarétt SÍF til útflutnings á saltfiski. Þá fékk meðal annars leyfi til útflutnings fyrirtæki í eigu Friðriks Jörgensens sem beindi sjónum sínum einkum að Ítalíumarkaði.³⁹⁹

Innflutningsfélög þau, er SÍF skipti við, urðu lítt hrifin er á markaðinn barst fiskur frá Friðriki Jörgensen. Vildu þessi félög fá tryggingu fyrir því að ekki væri selt meira af íslenskum fiski til Ítalíu en það sem Sölusambandið hafði umráð yfir. Þótti viðskiptavinum SÍF nauðsynlegt að krefjast slíkrar tryggingar þar sem smærri sendingar á borð við þær sem Friðrik stóð fyrir gætu komið markaðinum úr jafnvægi og skaðað hagsmuni þeirra innflutningsfélaga sem samið hefðu við íslensku sölusamtökin um kaup á miklu magni saltfisks.⁴⁰⁰

Í þessu sambandi verður að hafa hugfast að viðskiptavinir Sölusambandsins á Ítalíu réðu stórum hluta markaðarins þar og var því ljóst að saltfisksala Friðriks Jörgensens, sem olli óróa hjá kaupendum SÍF, stefndi stórum sölusamningum í tvísýnu. Auk þess var mikil keppni um að komast í saltfiskviðskiptin og hver innflytjandi reyndi að útvega sér sem mestan fisk til að ná sem mestum viðskiptum. Eftirspurn ítalskra innflytjenda samanlagt var því jafnan meiri en raunveruleg neysluþörf sagði til um.⁴⁰¹



Hálfdan Bjarnason, umboðsmaður SÍF á Ítalíu. Hann gerðist umboðsmaður Kveldúlfs árið 1925 í Genovu, hélt áfram fyrir SÍF frá 1932 og hætti svo 1965, rétt um fjörutíu árum seinna. Munu engir hafa starfað lengur sem umboðsmenn en hann og Ole Lökvik í Barcelona á Spáni. Hálfdan var einnig aðalræðismaður Íslands í Genovu um langt skeið.



Ludwig F. Lustig. Þegar Hálfdan Bjarnason lét af störfum sem umboðsmaður SÍF árið 1965 settu samtök in upp söluskrifstofu. Lustig hafði um árabíl verið ritari og aðstoðarmaður Hálfdanar og var hann ráðinn stjórnandi skrifstofunnar og eini starfsmaður. Starfaði Lustig síðan til dauðadags, árið 1989. (Friðrik Pálsson.)



Carlo Alberto Rizzi í Genovu. Hann var kaupandi íslensks saltfisks um langt skeið og meðal helstu viðskiptavina SÍF á Ítalíu.

Samningaviðræður SÍF við kaupendur urðu oft erfiðari og snúnari vegna saltfiskútflutnings Friðriks Jörgensens. Sem dæmi má nefna að um vorið 1965 fullyrtu samningamenn SÍF í viðræðum við ítalskt innkaupasamband, C.A.B., að einungis yrði leyfður tiltekinn útflutningur á saltfiski frá Íslandi á því ári; töldu samningamennirnir sig hafa loforð íslenskra ráðamanna fyrir þessu. Það brást hins vegar er Friðriki Jörgensen var veitt viðbótarleyfi til útflutnings þá um haustið. Lenti SÍF árið eftir í hinu mesta stappi við C.A.B. og gengu samningar erfiðlega.⁴⁰²

Íslensku sölusamtökin áttu ekki margra kosta vöð við sölu á markaði eins og Ítalíu þar sem eftirspurn neytenda var meiri en unnt var að sinna. Til að tryggja söluna þar var ekki um annað að ræða en ganga að kröfum stóru félaganna sem í raun réðu markaðinum. Sölusambandið þurfti að selja mikið magn af saltfiski og hafa festu í sölunni til að búa í haginn fyrir síðari viðskipti. Útflutningur Friðriks Jörgensens var minni í sniðum og hann gat fremur sinnt tímabundinni eftirspurn fyrirtækja sem litla hlutdeild áttu í heildarinnflutningi saltfisks á Ítalíu. Árið 1966 lauk afskiptum Friðriks af sölu saltfisks og sat SÍF þá eitt að útflutningnum til Ítalíu aftur.

Eftirspurnin á Ítalíu leiðir hugann að neyslu saltfisks þar syðra. Fyrst eftir stríðið virðist að það hafi ekki þótt fínt að borða saltfisk á Ítalíu og var það einkum fátækasti hluti þjóðarinnar sem sóttist eftir þessari fæðutegund. Verðið hafði því úrslitaáhrif á neysluna.⁴⁰³ Er frá leið mun saltfisks hafa verið neytt af flestum eins og á Spáni og í Portúgal. Hins vegar var mikill munur á gæðakröfum neytenda og þar af leiðandi á verðlaginu. Markaður var til dæmis fyrir söltuð þunnildi sem var fátækramatur en þar fyrir utan voru margir neytendur sem vildu ekki nema góðan saltfisk.⁴⁰⁴

c. Saltflök og verðsveiflur 1968-85

Á erfiðleikaárinu 1968 tókst að selja venju fremur mikið til Ítalíu en útflutningur þangað var dálítið breytilegur á næstu árum (myndrit VII.10) og í lágmarki 1974-77 enda hafði neyslan dregist saman af ýmsum ástæðum.⁴⁰⁵ Í lok þessa áratugar skaut samt ný íslensk saltfiskafurð rötum á Ítalíu en hún var einmitt vel til þess fallin að auka aftur neyslu Ítala á saltfiski. Þetta voru þorsflök sem byrjað var að senda í litlum mæli árið 1977.


Ítalir höfðu verið óreglulegir kaupendur að flökum frá Íslandi á sjötta og sjöunda áratugnum en ekkert keypt þau um margra ára skeið þótt þeir væru annars sólgirnir í saltflök og keyptu mikið af Norðmönnum og Færeyingum. SÍF fylgdist með flakamarkaðinum

eftir að salan frá Íslandi datt niður um 1970 en hann var á næstu árum í höndum keppinautanna og verðið, sem bauðst, var lægra en fékkst fyrir þorskinn flattan og var því flakaframleiðslu ekkert sinnt af íslenskum verkendum.⁴⁰⁶

Það sem gerði SÍF mögulegt að koma íslensku flökunum inn á markaðinn var að framleiðsla Norðmanna minnkaði mikið og verðið hækkaði. Tækifærið var þá gripið og vegna þess hve verðið var hátt örvaðist framleiðslan hér heima fljótt. Jókst útflutningurinn úr 19 tonnum 1977 í liðlega 1.400 tonn 1980, aðeins þremur árum seinna. Íslenskir verkendur komu ár sinni vel fyrir borð á ítalska flakamarkaðinum á þessum árum þegar samdráttur var hjá Norðmönnum og bauðst hátt verð jafnan þótt flakamarkaðurinn væri annars mjög næmur fyrir framboðinu og verðið því sveiflugjarnt.⁴⁰⁷

Þó að nokkuð rættist úr saltfisksölu til Ítalíu undir lok áttunda áratugarins minnkaði hún aftur árið 1981 og næstu árin var útflutningur þangað í nokkurri lægð. Ástæða samdráttarins 1981 var meðal annars sú að þá voru til óvenjumiklar birgðir á Ítalíu vegna of mikils saltfiskinnflutnings á árunum 1979 og 1980. Þyngst vó samt á metaskálonum verulegt gengisfall lírunnar gagnvart Bandaríkjadal í gengisumrótinu 1981. Af þessum sökum gekk illa að ná samningum við ítalska kaupendur.⁴⁰⁸

Myndrit VII.10



Heimild: Tafla 7 í Tölfluviðauka

Heimsókn frá Ítalíu 1978-83. Meðal margra saltfiskinnflytjenda á Ítalíu var fyrirtækið Albacore í Genovu. Helsti forsvarsmaður þess var Salvatore Esposito og hér er hann á Íslandi. Talið f.v.: Einar M. Jóhannsson, fyrsti eftirlitsmaður SÍF; Esposito; Ludwig Lustig og Sigurður Haraldsson, skrifstofustjóri SÍF. (Friðrik Pálsson.)



Þegar samningaviðræður hófust snemma árs 1982 kom í ljós að sumir helstu saltfiskinnflytjendurnir, sem skipt höfðu við SÍF í fjölda ára, treystu sér af ýmsum ástæðum ekki til að kaupa íslenskan fisk. Settu þeir meðal annars fyrir sig að saltfiskverðið væri of hátt. Betur fór þó en á horfðist og jókst saltfiskútflutningur til Ítalíu árið 1982 lítillega frá árinu áður. Íslenski fiskurinn náði aftur fyrri hlutdeild sinni þar sem hann hafði aðallega verið seldur, á svæðinu umhverfis Napólí. Var þetta ekki síst að þakka meiri gæðum og betra eftirliti með verkuninni hér á landi.⁴⁰⁹

Árið 1983 gengu viðskiptin við Ítali bærilega. Þeim líkaði íslenski fiskurinn vel og eftirspurn skorti ekki; SÍF tókst raunar ekki að afgreiða að fullu upp í þá samninga sem gerðir voru. Það sem helst gat skyggt á var þróun gjaldeyrismála í heiminum en Bandaríkjadalur styrkti sífellt stöðu sína gagnvart evrópskum gjaldmiðlum. Urðu íslenskir saltfiskframleiðendur því að setta sig við nokkra verðlækkun á Ítalíumarkaði árið 1983.⁴¹⁰

Árið 1984 var verðlækkunarþróuninni snúið við á Ítalíu líkt og á öðrum helstu saltfiskmörkuðum SÍF í Evrópu. Sölusamningar, sem gerðir voru við Ítali árið eftir, voru einnig vel viðunandi því fyrri helming ársins tókst að koma í veg fyrir að saltfiskverð lækkaði þótt Bandaríkjadalur hefði haldið áfram að hækka gagnvart ítölsku lírunni. Seint á árinu náðist síðan nokkur verðhækkun enda hafði gengi dalsins þá byrjað að lækka í fyrsta skipti frá 1981.⁴¹¹ Þessar verðhækkningar komu áþreifanlega fram í neyslunni því hún hélt áfram að minnka og þá einkum hjá efnaminna fólki sem hafði lítil

ráð á honum lengur. Á níunda áratugnum var saltfiskur orðinn svo dýr á Ítalíu að hann var boðlegur á veitingahúsum og jafnaðist þar á við nautalundir og lax.⁴¹²

d. Aukin sala en minnkandi fiskneysla 1986-92

Eftir að hágengi Bandaríkjadals linnti, árið 1985, og fram til 1992 var fisksalan til Ítalíu með mesta móti; var þessi aukning einkum í flöttum fiski. Samt minnkaði fiskneysla Ítala á þessum árum. Skýringin á aukinni sölu fólst í því að markaðshlutdeild Sölusambandsins jókst á kostnað keppinautanna.⁴¹³

Minnkandi fiskneysla á Ítalíu olli mönnum áhyggjum. Helsta orsök þessa samdráttar var sú að þjóðfélagsbreytingar í landinu komu illa við hefðbundna saltfiskneyslu. Líkt og í fleiri löndum Suður-Evrópu breyttust þá neysluhefðir og matvöruinnkaup einnig. Aukin atvinnuþátttaka kvenna ásamt öðru skapaði aukna þörf fyrir mat sem var fljótlegt að tilreiða og krafðist lítils undirbúnings.⁴¹⁴

Í Napólí og nágrenni var salan að mestu leyti í verslunum sokaðra útvatnara. Þessum mönnum, sem selja saltfiskinn hlutaðan í sundur og útvatnaðan til þæginda fyrir neytendur, hafði um 1985 fækkað vegna sveiflna í framboði og gæðum fisksins. Um leið hafði sölustöðum fækkað og það var einnig talið hafa valdið minnkandi kaupum neytenda.⁴¹⁵

Til að bregðast við þessu var álitid vænlegast að koma með saltfiskinn í neytendaumbúðum, tilbúinn á pönnuna eða í örbylgjuofninn, og selja hann í stórmörkuðum þar sem fólk stundaði heimilisinnkaup sín æ meir. Á aðalfundi SÍF 1985 kom fram að nokkuð hefði verið unnið að undirbúningi á neytendapakningum og á þessu ári voru Ítölum send til reynslu léttsöltuð þorskflök í lofttæmdum umbúðum. Þrátt fyrir það töldu forsvarsmenn SÍF sjálf sagt að þjóna einnig útvötnurunum sem gegndu mikilvægu hlutverki.⁴¹⁶

Árið 1986 voru seld líðlega 3.000 tonn af blautum flöttum fiski til Ítalíu og var það lítillaga meira en næstu tvö ár á undan enda hafði verðið hækkað nokkuð. Eins og venjulega keyptu Ítalir líka þorskflök og að þessu sinni tókst sala á langtum meira magni en áður eða 1.650 tonnum. Eftir metárið í flakasölunum, 1980, hafði flakaútflutningurinn minnkað aftur og leikið á nokkur hundruð tonnum á ári, mestur orðið ríflega 600 tonn.⁴¹⁷

Aflabrestur í Noregi og minnkandi framboð frá öðrum keppinautum voru aðalástæðurnar fyrir aukinni flakasölu 1986 en verðhækkun sem náðist á árinu örvaði líka mjög framleiðsluna. Útlit

Fiskbúð á Ítalíu á níunda áratugnum. Eftir að pappkassar komu í stað strigans fékk fiskurinn ekki aðeins betri meðferð í flutningnum. Fisksalar á Ítalíu eins og þessi gátu þá líka selt fiskinn beint úr kassanum og umbúðirnar voru prýðileg auglýsing fyrir vöruna.

Í glerskápnnum t.h. eru smærri fiskstykki, trúlega útvötnuð; skápurinn varnar því að fiskurinn hitni um of í sólinni.



Fiskur á útmarkaði á Ítalíu um 1980-85. Þótt Ítalir kaupi einkum smáfisk, sem seldur er í heilu lagi, skera ítalskir fisksalar hann líka stundum í bita fyrir kaupendur. Þá kemur trékassi sér ágætlega eins og þessi. (Friðrik Pálsson.)






Fiskborð á ítölskum markaði um 1980-85. Hér er margs konar fiskmeti í boði og saltfiskinn vantar að sjálfsgöðu ekki. Sumt er blautverkað og annað þurrkað (morue seche). (Friðrik Pálsson.)



Ítölsk smábúð á níunda áratugnum. Hér kennir margra grasa hjá kaupmanninum því á boðstólum er vín, dósamatur, pakkamatur og saltfiskur auk margs annars. Þetta er stórfiskur og uppruninn leynir sér ekki. Á spjaldinu er kílóverð fisksins, 15.000 lírur eða riflega 600 kr. á þáverandi gengi.



„Filetti di Merluzzo Salato.“ Meðal fyrstu landanna, sem flök í neytendaumbúðum voru send til árið 1985, var Ítalía og náðu þau á næstu árum hylli neytenda. Hér sjást þær umbúðir sem notaðar voru um flökin fram til um 1987 og miðinn efst segir til um markaðslandið.

var fyrir að þarna hefði skapast lag fyrir íslenska framleiðendur til að auka hlut sinn á Ítalíumarkaði, bæði í flökum og flöttum fiski, á næstu árum. Eftir miklu var að slægjast því ítalskir neytendur borguðu eitt hæsta verðið af evrópskum saltfiskneytendum enda kaupmáttur þar mikill.⁴¹⁸

Velgengni ársins 1986 var fylgt eftir næsta ár og útflutningur á flöttum fiski og flökum varð heldur meiri. Náðist þar að auki hærra verð fyrir hvort tveggja. SÍF ruddi sér til rúms á flakamarkaðinum á kostnað Norðmanna og íslenskir verkendur löguðu framleiðsluna betur að kröfum kaupenda. Á aðalfundi SÍF 1987 var þess líka getið að eftir nokkurra ára lægð á Ítalíumarkaði mætti merkja aukna eftirspurn, sérstaklega eftir flökum en líka flöttum fiski.⁴¹⁹

Þrátt fyrir góðan árangur á Ítalíumarkaði 1987 hefði hann orðið enn betri ef ekki hefðu skotið upp kollinum tálmanir sem síðan hafa hindrað nokkuð sölu til Ítalíu, líkt og til Spánar og Portúgals: nefnilega kvótar og tollar Evrópubandalagsins. Ítalía var eitt stofnríkja EB 1957 en innflutningur á saltfiskafurðum þangað skertist ekki fyrr en eftir inngöngu Spánverja og Portúgala árið 1986 þegar fleiri ríki þurftu að skipta með sér tollfrjálsa GATT-kvótanum.⁴²⁰

Þar sem Ítalir höfðu í gegnum árin flutt tiltölulega lítið inn af saltfiski, miðað við Portúgala og Spánverja, fengu þeir jafnan nauma hlutdeild í EB-kvótunum meðan bandalagið deildi þeim út til aðildarþjóðanna (1986-88). Árið 1986, þegar þeir voru fyrst settir, sluppu íslenskir verkendur að vísu vel en árið eftir urðu kvótarnir hins vegar alvarleg hindrun fyrir sölu. Þá um haustið fylltu Ítalir sinn hluta af tollfrjálsa flakakvótanum og við tók 20% tollur á íslensku flökin sem voru í háu verði fyrir. Sama máli gegndi um flatta fiskinn því hlutur Ítala af tollfrjálsa kvótanum fyrir hann var uppurinn um vorið og við tók 5% tollur sem hækkaði svo í 13% um haustið þegar allir kvótar voru þrottnir. Samtímis gátu keppinautar SÍF flutt sinn fisk inn tollfrjálst.⁴²¹

Árið 1988 kreppti að á Ítalíumarkaði líkt og annars staðar. Raunar fór strax að halla undan fæti á síðari hluta ársins 1987 og kom margt til. Hátt verð, sem SÍF hafði náð á Ítalíu, freistaði keppinautanna og juku þeir framleiðsluna sem þeir buðu síðan fram á lægra verði. Varð því að lækka verðið á íslenska fiskinum en þrátt fyrir þessar verðlækkanir var neyslan lítil og um áramótin 1987-88 voru til óvenjumiklar birgðir, bæði af fiski frá Íslandi og öðrum löndum.⁴²² Vegna birgða og lækkandi verðs þegar á árið leið dróst salan til Ítalíu saman enda þóttust menn líka merkja minnkandi neyslu á flöttum fiski.⁴²³

Útflutningur þorskflaka til Ítalíu snarminnkaði líka árið 1988 og varð aðeins 800 tonn miðað við 1.700 tonn árið áður.⁴²⁴ Þetta stafaði



BACCALA' ISLANDA,
OGNI GIORNO SULLA TUA TAVOLA

BACCALA' ISLANDA


eingöngu af tollahindrunum sem voru innleiddar í byrjun ársins. Ástæðan fyrir þeim var sú að fram til ársloka 1987 hafði 3.500 tonna tollfrjáls kvóti gilt fyrir þorskflök frá löndum utan EB. Af því að samningar um hann voru ekki framlengdir féll hann niður frá og með 1988. Í staðinn ákvað EB sjálft kvóta fyrir flökin og voru þeir mjög litlir fyrstu tvö árin, 1988-89, eða 250-500 tonn og auk þess með 10% tolli. Urðu íslensku þorskflökin í raun að sæta fullum tolli, 20%, og var svo gott sem útilokað að selja flökin með þeim kjörum því að á sama tíma gátu Norðmenn og Færeyingar selt flök sín tollfrjálst til Ítalíu eins og annarra EB-landa.⁴²⁵

Á aðalfundi SÍF 1988 kom fram að útlitið væri að ýmsu leyti ekki sérlega bjart á Ítalíumarkaði. Neyslan hafði aftur dregist saman þótt markaðshlutdeild SÍF í flökum og flöttum fiski hefði vaxið á undanförunum misserum. Meðal annars var ástæðan sú að söluverð saltfisks hafði nær tvöfaldast í Bandaríkjadöllum talið frá ársbyrjun 1986 til ársloka 1987, á velgengnisárunum tveimur, og hrökk ríflega 20% gengishækkun ítölsku lírunnar gagnvart Bandaríkjadal skammt til mótvægis því. Á sama tíma hafði verð á niðurgreiddum landbúnaðarafurðum EB, sem fiskurinn keppti við, staðið í stað eða lækkað.⁴²⁶

Síðan árið 1985 hafði SÍF sent á Ítalíumarkað saltflök í neytendambúðum til reynslu. Veruleg sala mun þó ekki hafa orðið fyrr en

Ítalskt veggspjald frá 1991-95. Ítalir kunna að gera lystilega rétti úr saltfiski og á þessari auglýsingu er athygli vakin á því hve tilvalinn íslenski saltfiskurinn sé. Neðst á veggspjaldinu stendur: „Íslenskan saltfisk, dag hvern á borði þínu.“

„Filetti di Baccalá.“ Þessi þorskflök í neytendaumbúðum voru framleidd fyrir ítalska fyrirtækið Surgela af Pökkunarverksmiðju SÍF 1987-90 og síðan af Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum. Íslandamerkið minnir á upprunann en hér er dæmi um sammerkingu á íslenska saltfiskinum.




1988 eða 1989 en þá vildi svo illa til að frá og með árinu 1988 þurftu þau að sæta EB-kvótunum um þorskflök. Keppinautar SÍF í öðrum löndum höfðu tollfríðindi eða voru í EB og þetta gerði sölurnar vægast sagt erfiðar.⁴²⁷ Blés því ekki byrlega fyrir framleiðslu þorskflakapakkninga um þær mundir og erfitt um vik að svara kröfum Ítala um slíka þægindavöru.

Þrátt fyrir þetta gátu saltfiskframleiðendur samt fagnað ýmsu jákvæðu sem gerðist á árinu 1988. Eitt var það að markaður fyrir keilu- og lönguflok, sem voru ódýrari en þorskflök, hafði vaxið á Ítalíu. Sala tókst á keiluflokkum til Suður-Ítalíu þar sem efnahagur fólks var þröngur og það sem gaf þessum markaði aukið gildi var sú staðreynd að þar sátu Íslendingar við sama borð og Norðmenn við tollameðferð flakanna. Þá hófst líka sala á verulegu magni af flöttum smáfiski til Norður-Ítalíu en þar var nokkuð stór markaður fyrir slíkan fisk. Þessi markaður var kærkomin viðbót við stórfiskmarkaðinn sunnar á Ítalíuskaganum, í Napólí og nágrenni.⁴²⁸

Þótt árið 1989 væri erfitt á helstu mörkuðum SÍF þá gekk flest í haginn á Ítalíu og þá ekki síður árin 1990-92. Ekki var lengur við offramboð að etja á mörkuðum eða birgðir sem spilltu fyrir sölu á nýju framleiðslunni. Útflutningur var töluvert meiri en undangengin ár eða á bilinu 4.600-6.400 tonn. Einnig má nefna að til Ítalíu fór á árinu 1991 megnið af einni af nýju neytendapökkuðu afurðunum, nefnilega útvötnuðum og frystum þorskflökum sem miklar vonir voru bundnar við.⁴²⁹ Þau minnkuðu fyrirhöfn við matseldina og gátu þar af leiðandi enn frekar keppt við önnur matvæli og náð hylli fleiri neytenda.

Í ársbyrjun 1991 var opnuð söluskrifstofa í Mílanó með manni í fullu starfi, Sigurði Sigfússyni, en söluaðferðir á Ítalíu og minnkandi neysla þar höfðu verið Sölusambandinu mikið umhugsunarfni. Hlutverk skrifstofunnar var að annast öll samskipti við kaupendur á Ítalíu, hafa umsjón með auglýsinga- og kynningarstarfi, sjá



Sigurður Sigfússon. Hann hefur verið forstöðumaður söluskrifstofunnar í Mílanó á Ítalíu frá því hún var opnuð í ársbyrjun 1991. Þar áður var hann um nokkurra ára skeið sölu- maður hjá SÍF.

um sölu á ýmsum saltfiskafurðum frá dótturfyrirtæki SÍF í Frakklandi, Nord Morue, og byggja upp markað fyrir íslenska skreið á Ítalíu. Var þessari nýstofnuðu söluskrifstofu meðal annars þakkaður góður árangur á Ítalíu á fyrsta starfsári hennar.⁴³⁰


5. Grikkland

a. Ríkisafskipti og gæðaeftirlit

Á viðreisnarskeiði saltfiskframleiðslunnar fyrstu árin eftir síðari heimsstyrjöld var Grikkland annar helsti saltfiskmarkaður Íslendinga (myndrit VII.2). Var að jafnaði seldur meiri saltfiskur þangað frá stríðslokum og fram á sjötta áratuginn en nokkru sinni fyrr og síðar (myndrit VII.11 og VII.12). Íslenski fiskurinn naut góðs álots og viðskipti þessi voru verkendum hagstæð.⁴³¹

Grikkir greiddu allan fiskinn með frjálsum gjaldeyri (Bandaríkjadöllum og sterlingspundum) og verðið var hærra en bauðst í öðrum löndum með sama greiðslumáta.⁴³² Þeir gerðu líka miklar kröfur og keyptu helst ekki annað en fyrsta flokks þorsk. Fiskinn borðuðu

Myndrit VII.11



Heimild: Tafla 7 í Tölfluviðauka

bæði ríkir og fátækir en mest þó bændafólk inn til landsins og skipti þá verðið miklu. Líkt og Ítalir borðuðu Grikkir fiskinn blautan en þurrkuðu ekki.⁴³³

Fyrst í stað eftir stríðið höfðu grísk stjórnvöld mikil afskipti af saltfiskkaupum erlendis frá. Markmiðið var að fá fiskinn á sem hagstæðustum kjörum og leitaði gríska stjórnin eftir tilboðum frá framleiðslulöndunum ásamt ýtarlegum upplýsingum um gæði fisksins. Stjórnvöld völdu síðan úr tilboðunum og fólu jafnframt samtökum fiskinnflytjenda að annast saltfiskkaupin. Fór því þannig fjarri að saltfisksalan til Grikklands gæti talist frjáls fremur en til Spánar eða Portúgals enda voru fyrrgreind innflutningssamtök stofnuð að kröfu ríkisstjórnarinnar.⁴³⁴

Nokkuð var losað um innflutningshömlur í Grikklandi kringum 1950 en saltfiskkaup voru að mestu leyti áfram í höndum grísku innflutningssamtakanna. Í samtökum þessum voru öll helstu innflutningsfyrirtækin og voru þeim úthlutaðir innflutningskvótar. Samtökin höfðu náðið samráð við stjórnvöld, til dæmis um verð á fiskinum og um það hversu mikið skyldi keypt hverju sinni.⁴³⁵

Afskipti grískra stjórnvalda af saltfiskinnflutningi mörkuðust af þeim efnahagsferiðleikum sem gríska þjóðin átti við að glíma eftir heimsstyrjöldina. Vegna þessara erfiðleika nutu Grikkir víðtækrar aðstoðar Bandaríkjamanna frá og með árinu 1947 eftir ýmsum leiðum.⁴³⁶ Hafði sú aðstoð töluverð áhrif á saltfiskútflutning Íslendinga til Grikklands.

Þetta sama ár, 1947, sneru íslensk stjórnvöld sér til Bandaríkjamanna og fóru fram á það að þeir beittu sér fyrir því að Grikkir keyptu saltfisk frá Íslandi fyrir bandarískt lánsfé. Bandaríkjamenn urðu við þessari beiðni.⁴³⁷ Í framhaldi af því fékk bandaríska sendiráðið í Grikklandi fyrirsmáli um að styðja málaleitan Íslendinga og seldi SÍF nokkurt magn þannig til Grikklands, auk þess fisks sem Grikkir keyptu milliliðalaust.⁴³⁸

Um þetta leyti lögðu Bandaríkjamenn kapp á að veita vinveittum þjóðum í Evrópu efnahagsstuðning og er skemmst að minnast Marshallaástoðarinnar sem hófst árið 1948. Að ósk SÍF beittu Bandaríkjamenn sér aftur fyrir því að Grikkir keyptu íslenskan saltfisk þetta ár með tilstyrk Marshallfjárins.⁴³⁹ Sýnir þetta glögglega hve saltfiskframleiðsla á Íslandi gat verið háð margflókinni atburðarás og aðstæðum á erlendum vettvangi. Saltfiskútflutningurinn markaðist mjög af pólitísku og efnahagslegu ástandi úti í hinum stóra heimi.

Árið 1953 lauk afskiptum grískra stjórnvalda af saltfiskinnflutningi er hann var að fullu gefinn frjáls og gerður óháður opinberum leyfum. Jafnframt voru grísku innflutningssamtökin leyst upp en

upp úr þeim mynduðust tvö til þrjú innkaupasambönd. Helstu keppinautar SÍF á Grikklandsmarkaði á sjötta áratugnum voru Norðmenn, Færeyingar og Frakkar. Stóð Sölusambandið vel að vígi í þessari samkeppni því að íslenski saltfiskurinn féll Grikkjum yfirleitt vel í geð og sóttust grískir innflytjendur því mjög eftir honum.⁴⁴⁰

Saltfiskur var meðal helstu fæðutegunda grísku þjóðarinnar og þá sérstaklega efnaminni stéttanna.⁴⁴¹ Hann var mikilvæg innflutningsvara og því eðlilegt að Grikkir létu sér annt um að hún væri boðleg neytendum þar í landi. Til að fullvissa sig um gæðin gripu grískir kaupendur til þess ráðs árið 1950 að setja það skilyrði fyrir frekari fiskkaupum að fulltrúi þeirra hefði eftirlit með afskipun fisks hér á landi. Aðrar framleiðsluþjóðir, svo sem Norðmenn og Færeyingar, urðu einnig að sæta slíku skilyrði af hálfu Grikkja. Krafa Grikkja um fiskeftirlitsmann stafaði líka af því að saltfiskframleiðslan hafði um hríð reynst lakari en áður, bæði hér á landi og annars staðar.⁴⁴²

Að athuguðu máli féllst Sölusambandið á hina nýju tilhögun og sendu Grikkir þá eftirlitsmann, John Adamis, hingað til lands. Varð hann að gefa samþykki sitt áður en fiskinum var afskipað.⁴⁴³ Ýmsir verkendur áttu bágð með að sætta sig við þessa ákvörðun SÍF. Fannst þeim gengið á hlut sinn er Adamis fann að vigt eða mati og fékk því breytt. SÍF samþykkti þó aldrei slíkar leiðréttingar nema íslenskir fiskmatsmenn staðfestu ágallana og nokkrum árum síðar, 1955, hurfu grískir kaupendur frá þessari tilhögun og kölluðu Adamis heim.⁴⁴⁴

b. Frá samdrætti til sóknar 1958-83


Undir lok sjötta áratugarins dró töluvert úr saltfisksölu SÍF til Grikklands. Sá samdráttur stafaði þó ekki af minnkandi eftirspurn heldur einfaldlega því að ekki var nóg verkað fyrir þennan markað. Framleiðsla á þeim saltfiski sem Grikkir keyptu, smáfiski og milli-fiski, dróst mjög saman á næstu árum þar eð framleiðendur töldu hagkvæmara að herða þann fisk en salta. Á sjöunda áratugnum hefðu Grikkir oft getað tekið við mun meira af saltfiski en þangað var selt. Var sömu sögu að segja um Grikkland og aðra Miðjarðarhafsmarkaði á þessum tíma; ekki var hægt að anna eftirspurn.⁴⁴⁵

Þegar leið á áttunda áratuginn fór saltfiskútflutningur til Grikklands töluvert vaxandi (myndrit VII.12) en þó skiptust á skin og skúrir á þessum markaði sem öðrum. Undir lok áratugarins hertu grísk yfirvöld mjög gæðaeftirlit og gerðu strangari kröfur en áður til



John Adamis. Grikkir sendu hann til að fylgjast með matinu á íslenska saltfiskinum og fullvissa sig um að fiskurinn uppfyllti gæðakröfur þeirra.

Myndrit VII.12



Heimild: Tafla 7 í Töfluviðauka

innfluttra matvæla. Voru hringormar í saltfiski Grikkjum sérstakur þyrnir í augum.

Árin 1980-81 stöðvuðu grísk heilbrigðisyfirvöld tvívegis innflutning á íslenskum fiski vegna hringorma.⁴⁴⁶ Í fyrra skiptið kom í ljós að Grikkir höfðu brugðist harðar við en ástæða var til, ormar voru að vísu margir í sumum fiskum en kvartanirnar beindust sumpart að öðrum meintum göllum í fiskinum.⁴⁴⁷ Í seinna skiptið var fallist á að hleypa megninu í gegn en nokkurn hluta hreinsuðu kaupendur á kostnað SÍF.⁴⁴⁸

Vegna þessara aðfinnslna Grikkja var á fyrri hluta ársins 1981 nokkur uggur í saltfiskframleiðendum sem óttuðust að salan til Grikklands drægist saman. Var ljóst að ástæða var til að herða eftirlit með framleiðslunni hér á landi og fylgja fiskmatinu betur eftir svo íslenskir verkendur stæðust keppinautum sínum snúning á gríska markaðinum. Í þessu skyni ferðuðust eftirlitsmenn SÍF um landið vorið 1981 og var umboðsmaður samtakanna í Grikklandi, Constantine J. Lyberopoulos, með í för. Var framleiðendum gerð grein fyrir nauðsyn þess að ormahreinsa allan Grikklandsfisk.⁴⁴⁹

Framleiðendur brugðust vel við þessari brýningu og með strangara eftirliti tókst þeim brátt að senda frá sér ormalausan fisk. Þrátt fyrir það varð saltfiskútflutningur til Grikklands nokkru minni árið



Á góðri stund. Kaupendahópurinn í Grikklandi hefur lengstum verið stöðugur og kaupendur aðallega í tveimur borgum, Píreus og Patras. Meðal helstu og bestu kaupendanna um langt árabil var Christos Karsakos (t.v.) í Píreus. Hér er létt yfir honum og þáverandi stjórnarformanni SÍF, Þorsteini Jóhannessyni. (Friðrik Pálsson.)

1981 en árið áður. Það var þó ekki orðum að kenna heldur aðallega því að eitt flutningaskipanna, Mávur, fórst í október. Strandaði hann í Vopnafirði með tæplega þúsund tonn af saltfiski innanborðs.⁴⁵⁰


Fram til ársins 1981 hafði verðþróun á Grikklandsmarkaði verið viðunandi fyrir íslenska saltfiskframleiðendur en syrta tók í állinn er gríski gjaldmiðillinn lét undan síga gagnvart Bandaríkjadal. Vegna sterkrar stöðu dalsins varð SÍF að fallast á verðlækkanir í Grikklandi líkt og á öðrum saltfiskmörkuðum í Evrópu. Var það líka sumpart vegna þess að samkeppnin þar hafði harðnað og íslenskur saltfiskur var orðinn einna dýrastur. Verðþróun á Grikklandsmarkaði var síðan framleiðendum óhagstæð næstu árin eða allt til ársins 1984 er dæmið snerist við með lækkandi gengi Bandaríkjadals.⁴⁵¹


c. Minnkandi útflutningur 1984-92

Grikklandsmarkaður hefur lengstum verið mjög stöðugur og neyslan í föstum skorðum. Seint á áttunda áratugnum og fram yfir 1980 var útflutningurinn með mesta móti eða á fimmta þúsund tonn árlega. Síðan minnkaði hann, fór í rúmlega 3.000 tonn á árunum 1984-89 og þá niður í um 2.000 tonn næstu árin (myndrit VII.12).

Ástæður minnkandi útflutnings eru af ýmsum toga. Um tíma þrengdi gríska stjórnin mjög að kaupmönnum á ýmsan hátt. Væringar á milli hvorra tveggja komu illa við matvörukaupmenn sem


Smásala á saltfiski upp úr 1980. Í Grikklandi hefur saltfiskur yfirleitt verið seldur óútvatnaður og í heilu lagi enda hafa Grikkir einkum flutt inn smáfisk. Eftir að pappakassar voru teknir upp var þægilegt að selja fiskinn beint upp úr þeim eins og hér sést. Efri mynd f.v.: Grískur smákaupmaður; Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri SÍF; Dagbjartur Einarsson, stjórnarmaður í SÍF; Constantine Lyberopoulos, umboðsmaður SÍF, og Þorsteinn Jóhannesson, stjórnarformaður. Neðri mynd: Stærri búð í Aþenu en sölumátinn sá sami. (Efri mynd: Friðrik Pálsson. Neðri mynd: Loftur Loftsson.)





Saltfiskur í kjörbúðum nálægt 1990. Á báðum myndunum sést saltfiskur til sölu meðal annarra matvæla í kæliborðum. Á efri myndinni er hann lengst t.v., hjá íslenska fánanum, og á neðri myndinni sést kynning á íslenskum saltfiski og öðrum afurðum úr íslenskum matvælum.





Constantine J. Lyberopoulos, umboðsmaður SÍF í Grikklandi síðan skömmu eftir 1970. Hann var vel kunnugur saltfiskverslun og tók við af fyrri umboðsmanni SÍF í Grikklandi, Marios G. Pipinelis, sem hafði starfað fyrir SÍF frá því á fimmta áratugnum eða fyrr. (Friðrik Pálsson.)

voru flestir með umfangslítinn rekstur og tregir til að skuldbinda sig með stórinna kaupum, ekki síst þar sem stjórnin ákvað smásöluverðið. Liðu ýmsir þeirra taprekstur fyrir bragðið og bætti það ekki úr skák.⁴⁵²

Upp úr 1990 dró svo annað afl úr saltfisksölu til Grikklands en það var Evrópubandalagið. Grikkir gengu í það árið 1981 og líkt og aðrar aðildarþjóðir bandalagsins þurftu þeir að beygja sig undir reglur þess um kvóta og tolla. Hluttur Grikkja af tollfrjálsa kvótanum fyrir flattan fisk varð þegar árið 1984 mjög naumur og því gekk erfiðlega að koma fiskinum inn á honum. Grískir innflytjendur reyndu að taka sem minnst af fiski með tolli og er talið að lítið framboð af þessum sökum hafi dregið heldur úr neyslu landsmanna.⁴⁵³

Það létti ekki heldur róðurinn að um tíma útdeildu grísk stjórnvöld tollfrjálsa kvótanum, sem Grikkir fengu, til allra sem flutt höfðu inn saltfisk á undanförunum árum. Þetta hafði í för með sér að til að nýta kvótann til fulls þurftu virkir innflytjendur hverju sinni að kaupa hluti hinna sem voru hættir að flytja inn saltfisk. Þetta fyrirkomulag lagðist þó af í árslok 1988 því eftir það hætti EB kvótaútteilingum sínum til aðildarlandanna.⁴⁵⁴ Auk þess dró minnkandi fiskafli Íslendinga úr útflutningi til Grikklands því Grikkir sækjast einkum eftir smáfiski og millifiski en hann skorti iðulega.⁴⁵⁵

Þótt saltfisksalan til Grikklands hafi ekki verið meiri á þessum árum en raun ber vitni var þessi markaður verkendum mjög hagkvæmur því kaupendur borguðu yfirleitt vel fyrir fiskinn eftir að hágengi Bandaríkjadals linnti 1985. Verðhækkningar voru jafnar og stöðugar og markaðsverðið með því besta. SÍF mátti líka vel una við markaðshlutdeild sína því hún var um og yfir 50% seint á níunda áratugnum.⁴⁵⁶

Í þessu sambandi verður að geta þess að Grikkland hefur nokkra sérstöðu meðal annarra saltfiskmarkaða og hún setur neyslunni viss takmörk. Ólíkt því sem við á um aðra Evrópumarkaði mun saltfiskneysla Grikkja tengjast nokkuð trúariðkunum þeirra og er langmest nokkra daga á ári en lítil þess utan. Þeir eru líka nokkuð íhaldssamir og seinir til að taka við nýjungum. Ekki síst þess vegna höfðu saltfiskafurðir í neytendaumbúðum lítið fest rætur þar á markaði 1992. Saltflök hafa hins vegar verið flutt þangað frá 1980 en í mjög litlum mæli, innan við 100 tonn að jafnaði á ári.⁴⁵⁷

6. Frakkland

Þau lönd sem hér hafa verið gerð að umtalsefni – Spánn, Portúgal, Ítalía og Grikkland – eru gamalgrónir markaðir sem Sölusambandið hefur selt til um langt skeið. En íslenskur saltfiskur hefur líka verið sendur til ýmissa annarra landa í Evrópu, til dæmis Frakklands sem hefur orðið saltfiskverkendum æ mikilvægari markaður á síðustu árum. Fram til um 1970 seldi SÍF sáralítið þangað en á áttunda áratugnum jókst útflutningurinn heldur. Það var samt ekki fyrir en í lok þess áratugar sem salan þangað tók verulegan kipp.⁴⁵⁸

Frakkar voru um langt skeið í hópi helstu saltfiskframleiðsluþjóða heims. Á áttunda áratugnum tók hins vegar mjög að halla undan fæti í saltfiskframleiðslu þeirra vegna þróunar hafréttarmála og breytinga á styrkjum til útgerðarinnar. Þegar komið var fram yfir miðjan áratuginn var atvinnugrein þessi nánast liðin undir lok í Frakklandi og var þá gripið til þess ráðs að auka saltfiskinnflutning til að sinna eftirspurn.⁴⁵⁹

Í hópi franskra neytenda var fjöldi erlendra farandverkamanna sem flestir komu frá Suður-Evrópulöndum. Þeir þekktu saltfisk af eigin raun og vildu gjarnan hafa hann á borðum í Frakklandi. Fyrsta árið sem Sölusambandið haslaði sér þar völl, árið 1979, keyptu Frakkar eingöngu þurrkaðan fisk en hann ruddi brautina fyrir sölu á blautum fiski og fiskflökum strax árið eftir.⁴⁶⁰




Þökkun þurrfisks um 1980. Fullþurr fiskur stendur vart undir nafni nema hann sé svo harður að hann svigni ekkert þegar honum er haldið útréttum á sporðinum. Því dugar ekkert annað en sög til að stytta hann ef hann er of langur í kassana.

Samkeppni á Frakklandsmarkaði var einkum hörð af hálfu Norðmanna, auk Færeyinga og Dana, sem sent gátu fisk sinn með fárra daga fyrirvara á bílum beint til kaupenda. Þrátt fyrir harða verðsamkeppni tókst SÍF samt að stórauka útflutning á blautverkuðum og þurrkuðum fiski framan af níunda áratugnum og féll fiskurinn frönskum kaupendum vel í geð. Það gaf þessum nýja markaði ef til vill hvað mest gildi að þangað fór aðallega fiskur úr lægri gæðaflokkum og jafnvel fiskur sem lítt eða ekki var seljanlegur annars staðar. Verkuðu Frakkar sumt af blautfiskinum og fluttu svo áfram út til fyrirverandi nýlendna sinna; þangað fór líka hluti þurrfisksins.⁴⁶¹

Fljótlega eftir að SÍF fór að selja til Frakklands kom í ljós að neysluhefðir voru mjög að breytast þar. Á aðalfundi 1985 kom til dæmis fram að franskir neytendur væru að snúa sér meir að frystum flökum og gerast fráhverfari hefðbundnum saltfiski. Þetta krefðist þess að hugað væri að nýjum og breyttum umbúðum og afurðum. Kom fram að tilraunir hefðu þegar verið gerðar með léttsöltuð þorskflök í neytendaumbúðum og voru þau send til Frakklands þetta ár til reynslu.⁴⁶²

Undangengin ár höfðu leitt vel í ljós að franskir markaðurinn var býsna fjölbreytilegur og tók við margs konar saltfiskafurðum.

Myndrit VII.13



Heimild: Tafla 7 í Töfluviðauka



Franskar neytendapakningar frá 1990-95. Sala á matvöru í neytendaumbúðum hefur lengi tíðkast í Frakklandi og hér sjást sýnishorn af saltfiskafurðum frá Nord Morue. Meðal annars eru þarna útvötnuð og útvötnuð flök, blautverkaðir og þurrkaðir saltfiskbitar og heill þurrfiskur í plastpokum. Hér er því komið til móts við alla, bæði þá sem hafa lítinn tíma til eldamennsku og þá sem hafa betri tíma. Og allt selt undir vörumerki SÍF, Islandia.

Frakkar hófu, eins og áður segir, nær samtímis kaup á blautfiski og þurrfiski og um líkt leyti prófuðu þeir saltflök líka sem þeir hafa síðan ætíð keypt nokkur hundruð tonn af á ári hverju. Eftir að tandurfiskur kom fram á sjónarsviðið 1983-84 fóru þeir að kaupa hann og rétt á eftir hófst sala á bütungi (heilsöltuðum, óristum smáfiski). Bütunginn fluttu þeir ýmist áfram út til Réunioneyjar, gamallar nýlendu í Inlandshafi, eða notuðu í nokkurs konar kæfu (pâté).⁴⁶³

Eftir að framleiðsla á saltfiskafurðum í neytendaumbúðum hófst fyrir alvöru 1987 var fljótt tekið að hugleiða sölu þeirra til Frakklands. Um haustið var hafin sókn þangað og árið eftir, 1988, voru flutt út ríflega 200 tonn, sumt af því var þurrkaður fiskur enda

Nord Morue verksmiðjan í Frakklandi. Stjórn SÍF tók tímamótaákvörðun er hún keypti þessa fiskverksmiðju árið 1990. Hér var farið inn á nýjar brautir og ávinningurinn var margvíslegur, meðal annars tollahagræði, viðskiptasambönd, nálægð við alla Evrópumarkaðina og fleira. Fastráðið starfsfólk hefur síðan verið á annað hundrað, veltan aukist og hlaupið á nokkrum milljörðum króna.



keyptu Frakkar jafnan nokkurn þurrfisk, ýmist til neyslu heima eða til útflutnings. Þetta sama ár fengust líka góð viðbrögð við útvötnuðum, frystum saltflökum í neytendaumbúðum enda eru þau afar fljótleg til matreiðslu.⁴⁶⁴

Þessi fjölbreytni markaðarins gerði það að verkum að Frakkland varð á fáum árum mjög mikilvægt fyrir saltfiskiðnað Íslendinga. Frá 1979, þegar SÍF komst verulega inn á hann, jókst útflutningurinn hröðum skrefum og fór úr tæpum 300 tonnum í rúmlega 3.000 tonn 1983-84 þegar allt er talið með. Síðan komu nokkur ár þegar hann var minni en sveiflaðist þó upp og niður. Þá jókst hann aftur og nam um 5.000 tonnum 1990-92 (myndrit VII.13). Á þeim árum var hann orðinn helmingi meiri en til Grikklands og jafnaðist á við söluna til Ítalíu.

Árið 1989 var óvenjumikið flutt út til Frakklands af blautfiski. Ástæðurnar voru einkum þær að samningar náðust við helsta þurrfiskframleiðandann í landinu og Norðmenn vanræktu þennan markað á árinu vegna áherslunnar á Portúgal. Þar með skapaðist lag fyrir SÍF til að auka hlut sinn. Veiðar Frakka drógust líka stöðugt saman og þetta gaf öðrum tækifæri á að ryðja sér til rúms með fisk til þurrkunar.⁴⁶⁵

Nokkur kaflaskipti urðu í viðskiptum íslenskra saltfiskverkenda við Frakkland árið 1990 og þáttaskil í sögu SÍF einnig. Útflutningur þangað hafði aukist undangengin ár og einkum kaup fiskverksmiðju einnar, Nord Morue. Þetta var stöndugt fyrirtæki, hafði stóra markaðshlutdeild í Frakklandi og fékkst aðallega við þurrkun fisks en líka fleira, svo sem framleiðslu á tilbúnum réttum og pökkun saltfisks í ýmiss konar neytendaumbúðir. Árið 1990 kannaði Sölusambandið rækilega möguleika á kaupum á saltfisk-

verksmiðju innan EB og eftir nákvæma athugun varð úr að það keypti þessa verksmiðju á árinu þegar í ljós kom að Nord Morue var falt.⁴⁶⁶

Árið eftir, 1991, jókst enn útflutningurinn til Frakklands og var Nord Morue stærsti kaupandinn. Þá og árið eftir keypti fyrirtækið margvíslegar afurðir af Sölusambandinu og styrktu kaupin á því mjög stöðu SÍF á mörkuðunum. Mestu skipti að hægt var að hagnýta sér EB-kvóta þegar þeir voru tollfrjálsir eða tolllágir með því að geyma eftir þörfum í kæligeymslu verksmiðjunnar. Ekki voru þó síður um verð þau viðskiptasambönd og sú þekking á smásölnni sem fékkst með kaupum á fyrirtækinu. Auðveldara var líka að þróa nýjar afurðir í svo mikilli nálægð við Evrópumarkaðina, afgreiðslutími var stuttur, framleiðslukostnaður lægri en héraendis og sumt af framleiðslu Nord Morue var flutt út áfram til annarra markaðslanda, tollfrjálst að sjálfsgöðu.⁴⁶⁷

7. Ameríka og aðrir þurrfiskmarkaðir

Að lokinni síðari heimsstyrjöld tók Sölusambandið að huga að saltfiskmörkuðum í Mið- og Suður-Ameríku þar sem það hafði náð fótfestu á fjórða áratugnum. Salan var samt lítil því fiskverkendur tóku ekki að fást við þurrkun að ráði á ný fyrr en um 1950, meðal annars vegna þess að tiltölulega greiðlega gekk að selja fiskinn blautverkaðan til Suður-Evrópu og aðstæður á Íslandi til fiskþurrkunar voru bágbornar þegar hér var komið sögu.⁴⁶⁸ Auk þess áttu tollamál og kröfur um jafnvirðis kaup nokkurn þátt í því að mörkuðum í Mið- og Suður-Ameríku var ekki gefinn verulegur gaumur fyrr en á sjötta áratugnum. En þegar á leið varð útflutningur þangað suður eftir töluverður og komu mörg lönd við sögu en stærsti kaupandinn var jafnan Brasilía auk Kúbu um skeið.

a. Brasilía 1946-67

Saltfisksala til Brasilíu hófst strax eftir stríð, 1946, og jókst heldur en hún var samt tiltölulega lítil fyrstu árin. Seinni hluta árs 1950 hættu Brasilíumenn skyndilega að veita innflutningsleyfi fyrir saltfiski og í febrúar 1951 lokuðu þeir alveg fyrir saltfisk frá öðrum þjóðum en þeim sem féllust á að kaupa brasilískar vörur fyrir andvirði fisksins. Fram að því hafði saltfiskurinn verið seldur fyrir frjálsan gjalddeyri (Bandaríkjadali).⁴⁶⁹

Saltfiskur og kaffi. Þessi skopmynd minnir á það að viðskipti Íslendinga og Brasilíumanna hafa síðan 1951 svo til eingöngu falist í skiptum á saltfiski fyrir kaffi. Umrætt ár hófust þessi vöruskipti og undirritaði Thor Thors, sendiherra (t.v.), samningana. (Halldór Pétursson.)



Fiskmarkaðurinn í Brasilíu var algjörlega lokaður af þessum sökum langt fram eftir ári 1951. Þá auðnaðist Thor Thors, sendiherra í Washington, með aðstoð Kristjáns Einarssonar, framkvæmdastjóra SÍF, að ná samningum við Brasilíustjórn um innflutningsleyfi fyrir þurrkaðan saltfisk frá Íslandi gegn kaffikaupum í staðinn. Þessir vöruskiptasamningar voru Íslandi hagstæðir og því endurnýjaðir nokkrum sinnum næstu árin.⁴⁷⁰

Enn var síðan búið í haginn fyrir saltfiskútflutning til Brasilíu árið 1953 er stjórnvöld þar í landi ákváðu að losa um innflutning á saltfiski gegn því að innflytjendur keyptu á yfirverði þann erlenda gjaldeyri sem til saltfiskkaupanna þyrfti. Hafði þá skortur Brasilíumanna á nægum gjaldeyri hindrað nokkuð saltfiskkaup þeirra um árabíl.⁴⁷¹

Um miðjan sjötta áratuginn jókst saltfiskútflutningur til Brasilíu svo mjög að inneignir mynduðust þar í landi því að kaffi- og sykrukaup af Íslands hálfu dugðu ekki til að jafna viðskiptin. Kom þetta í veg fyrir að SÍF gæti selt eins mikinn fisk til Brasilíu og kaupendur óskuðu eftir. Til dæmis er talið að árið 1954 hefði verið unnt að selja Brasilíumönnum um þúsund tonnum meira af saltfiski en gert var ef Íslendingar hefðu séð sér fært að kaupa brasilískar vörur fyrir allt andvirði fisksins. Til samanburðar má geta þess að það ár voru flutt út ríflega 3.000 tonn.⁴⁷²

Forráðamenn SÍF reyndu að fá íslenska innflytjendur til að kynna sér vörur sem þeir gætu hugsanlega keypt frá Brasilíu og varð nokkuð ágengt. Vegna hækkaðs álags á gjaldeyri til matvælainnflutnings í Brasilíu árið 1957 snerist dæmið svo við. Á næstu árum


hallaði jafnan á Brasilíumenn í viðskiptum landanna því þeir keyptu ekki nægan saltfisk til að jafna innkaup Íslendinga þar í landi.⁴⁷³

Íslenskum saltfiskverkendum þótti Brasilíumarkaður mjög hentugur að því leyti að hann tók við miklum hluta verkaðs fisks í lægri gæðaflokkunum. Þetta hafði hins vegar ókosti eins og glögglega kom í ljós undir lok sjötta áratugarins. Vegna gjaldeyriserfiðleika Brasilíumanna þá og aðgerða í gengismálum hækkaði saltfiskur mjög í verði. Má nefna sem dæmi að árið 1958 kostaði hann helmingi meira en besta nautakjöt.⁴⁷⁴

Nú kom það verkendum í koll að hafa eingöngu selt til Brasilíu saltfisk úr lægri gæðaflokkunum. Slíkan fisk hafði tekjulágt fólk aðallega keypt en þegar verðið stórhækkaði hafði það vart ráð á honum lengur. Urðu innflytjendur því tregir til að kaupa þennan fisk. Hins vegar var áfram sóst eftir betri tegundum saltfisks því að efnað fólk hafði ráð á að hafa slíkan fisk á borðum eins og hverja aðra úrvalsmatvöru. Þótti sýnt að íslenskir framleiðendur þyrftu að hasla sér völl meðal þessa neysluhóps ef þeir vildu halda fótfestu í Brasilíu.⁴⁷⁵

Ónóg kaupgeta Brasilíumanna og versnandi sölumöguleikar fyrir lakasta fiskinn þar voru ekki það eina sem gerði þennan markað

Myndrit VII.14



Heimild: Tafla 7 í Tölfluviðauka



Finn B. Arnesen. Hann var umboðsmaður SÍF í Sao Paulo í Brasilíu frá því snemma á fjórða áratugnum og fram undir 1970. Fáir störfuðu lengur sem umboðsmenn fyrir SÍF en Finn og hann var auk þess aðalræðismaður Íslands í Sao Paulo um árabíl.

erfiðan. Fiskgæðin á sjötta áratugnum voru mikið vandamál og skaðabótageiðslur tíðar á þurrfiskinum vegna of- eða vanþurrkunar. Allt þetta gerði að verkum að útflutningur saltfisks til Brasilíu minnkaði í lok sjötta áratugarins (myndrit VII.14).⁴⁷⁶

Á sjöunda áratugnum var Brasilíumarkaður óstöðugur. Árin 1961 og 1962 felldi stjórnin gengi gjaldmiðils síns og fór markaðurinn þar úr skorðum um tíma og hafði mjög truflandi áhrif. Nokkuð rofaði þó til þegar verðhækkun náðist árið 1963 og varð hún þess valdandi ásamt öðru að allmargir íslenskir framleiðendur lögðu í verulegan kostnað við endurbætur og nýsmíði þurrkklefa. Babb kom hins vegar í bátinn eftir að stjórnarbylting var gerð í landinu árið 1964 og stöðvaðist þá nær alveg um hríð útflutningur á saltfiski þangað. Gekk treglega að selja vegna gengisfellinga, verðbólgu, minnkandi kaupgetu, hertra verðlagsákvæða og ýmissa hamla á verslun og viðskiptum. Aftur rofaði þó til árið 1965 með vaxandi eftirspurn og hækkandi verði.⁴⁷⁷

Hagkvæmni þess að verka fisk fyrir Brasilíu var komin undir ýmsu öðru en innanlandsástandi og eftirspurn þar. Ekki skipti síður máli hvar brasilíski markaðurinn stóð gagnvart öðrum saltfiskmörkuðum og þá einkum í Evrópu. Hafa verður í huga að um miðjan sjöunda áratuginn var tiltölulega hagstætt að flytja fiskinn blautverkaðan til landanna í Suður-Evrópu. Var kaupgeta almennings á þessum mörkuðum mun meiri en á mörkuðunum í Ameríku. Verð á þurrfiski var því ekki sambærilegt við það sem fékkst fyrir fiskinn blautverkaðan í Evrópu þótt tekinn sé með í reikninginn kostnaðurinn við þurrkunina.⁴⁷⁸

Þetta var skiljanlega lítt til þess fallið að auka áhuga á verkun fyrir Ameríkumarkaði og reyndist því oft erfitt að anna eftirspurninni þar. Árið 1966 vantaði til dæmis mikið á að eftirspurn í Brasilíu væri sinnt að fullu og sömu sögu var raunar að segja árið 1967.⁴⁷⁹ Blautfiskmarkaðirnir voru látnir sitja í fyrirrúmi því neytendur þar guldu betra verð.

Ýmsir voru ósáttir við það að láta þurrkunina sitja á hakanum og bentu á að erfitt gæti reynst að auka þurrfisksölu og ná mörkuðum aftur úr höndum keppinauta ef SÍF þyrfti á slíku að halda síðar. Gæðakvartanir voru hins vegar tíðar og til að athuga bæði þær og markaðshorfur þar var gerð ferð árið 1966 til Brasilíu en fulltrúar SÍF höfðu ekki farið þangað í nokkur ár. Niðurstaða ferðarinnar var að samræma þyrfti matið svo fiskurinn væri rétt og vel flokkaður, vanda yrði verkunina betur og geyma ætíð fiskinn í kældum geymslum. Þá fyrst væri unnt að koma því slæma orði af íslenska þurrfiskinum sem hann hefði á sér.⁴⁸⁰

b. Kúba


Næststærsti markaður SÍF vestanhafs eftir stríðið var á Kúbu. Saltfiskútflutningur þangað hófst fljótlega að lokinni styrjöldinni en varð þó ekki umtalsverður fyrr en í upphafi sjötta áratugarins. Háir innflutningstollar voru lagðir á íslenskan saltfisk á Kúbu og stóð þetta sölu þangað fyrir þrifum uns leiðrétting fékkst árið 1951 með tollalækkun sem fól í sér verulega búbot fyrir Íslendinga. Þessi tollalækkun fékkst gegn skuldbindingu um nokkur vörukaup og átti Thor Thors, sendiherra í Bandaríkjunum, mestan heiður af þessum samningi. En samkeppnin á Kúbumarkaði var mjög hörð og virtist raunar harðna með ári hverju, einkum af hálfu Kanada-manna, Nýfundnalendinga og Norðmanna.⁴⁸¹

Í orði kveðnu átti svo að heita að Kúbumenn greiddu allt andvirði saltfisksins í Bandaríkjadölum en í raun var um eins konar vöruskipti að ræða, að minnsta kosti um tíma. Með samningum um saltfisksöluna til Kúbu var nefnilega bundið svo um hnútana að Íslendingar keyptu þaðan sykur fyrir milligöngu fyrirtækis í Bretlandi. Þetta fyrirtæki, Tate & Lyle, keypti hrásykur frá Kúbu fyrir andvirði þess fisks sem SÍF seldi en í staðinn keyptu Íslendingar unninn sykur af hinu breska fyrirtæki. Hér voru því á ferðinni þríhliða viðskipti en SÍF sætti sig fyllilega við þennan sölumáta þar sem saltfiskmarkaðurinn á Kúbu var að ýmsu leyti hagstæður. Var það ekki síst mikilvægt fyrir íslenska framleiðendur að til Kúbu var unnt að selja hina lakari gæðaflokka en hlutur þeirra fór vaxandi í saltfiskframleiðslu sjötta áratugarins.⁴⁸²

SÍF bætti mjög stöðu sína í samkeppni á Kúbumarkaði árið 1955 eftir að undirritaður var fyrsti milliríkjasamningurinn sem gerður var við Kúbu. Samningur þessi fól meðal annars í sér að Íslendingar skyldu njóta bestu kjara á Kúbumarkaði. Slíkra kjara nutu þá þegar sumir keppinautar þeirra, svo sem Kanadamenn og Norðmenn.⁴⁸³

Samkvæmt milliríkjasamningnum var Íslendingum leyft að auka verulega saltfiskinnflutning til Kúbu gegn því að auka vörukaup sín þar í landi en þeir keyptu aðallega sykur af Kúbumönnum. Enda þótt saltfisksala til Kúbu ykist ekki á næstu árum (myndrit VII.14) nutu Íslendingar góðs af samningnum frá 1955 og var hann endurnýjaður til þriggja ára árið 1958 og aftur 1961.⁴⁸⁴ Atburðir á Kúbu í millitíðinni ollu því hins vegar að síðastnefndi samningurinn kom aldrei til framkvæmda.

Árið 1958 fór ólga mjög vaxandi á Kúbu; átök milli uppreisnarmanna og stjórnarhers áttu sinn þátt í því að mjög dró úr saltfiskútflutningi þangað á síðustu mánuðum þess árs. Í ársbyrjun 1959 komust kommúnistar síðan til valda eftir stjórnarbyltingu. Ró



Tate & Lyle. Vörumerki fyrirtækisins sem tók þátt í þríhyrningsviðskiptum við Ísland og Kúbu með sykur.

Fidel Castro. Stjórnarbylting kommúnista á Kúbu 1959 varð þess valdandi að saltfisksala SÍF þangað stöðvaðist brátt.



færðist yfir og fisksalan jókst allverulega fram eftir árinu. Má raunar segja að hin auknu viðskipti við Kúbu árið 1959 hafi að mestu leyti bjargað verkendum úr þeim örðugleikum er stöfuðu af stórminnkandi saltfiskútflutningi til Brasilíu einmitt þetta sama ár.⁴⁸⁵

Saltfiskútflutningur til Kúbu jókst enn árið 1960 en síðla á því ári tók að halla undan fæti er afleiðingar stjórnarbyltingarinnar fóru að segja til sín. Sú breyting var þá gerð á saltfiskinnflutningi að hann var tekinn úr höndum þeirra fyrirtækja sem hann höfðu annast en í staðinn falinn einni ríkisstofnun. Ofan á þetta bættist að Kúbumenn skorti mjög gjaldeyri. Að auki má nefna að Íslendingar höfðu dregið úr kaupum sínum á kúbönskum vörum þegar hér var komið sögu og varð það vitanlega ekki til að auka áhuga Kúbumanna á saltfiskkaupum frá Íslandi.⁴⁸⁶

Þannig stuðlaði ýmislegt að því að árið 1961 dró talsvert úr saltfiskútflutningi til Kúbu og síðan hefur ekki verið um neinn slíkan útflutning að ræða. Um margra ára skeið var SÍF þó í reglulegu sambandi við hið ríkisrekna innflutningsfyrirtæki, Alimport, en forvarsmönnum þess fyrirtækis þótti íslenskur saltfiskur dýrari matvara en svo að Kúbumenn réðu við kaup á honum.⁴⁸⁷

c. Söluátak í Brasilíu 1968-74

Erfiðleikarnir á blautfiskmörkuðunum árið 1968 ollu því að SÍF ákvað að gera átak í fiskþurrkun. Um skeið höfðu gamlir þurrfiskmarkaðir lítið verið nýttir sökum þess að verðið hafði ekki verið sambærilegt við blautfisk. Hafði ekki þótt svara kostnaði að þurрка annan saltfisk en þann sem ekki reyndist unnt að selja blautverkaðan.⁴⁸⁸



Í Argentínu árið 1968. Ferðalangarnir í Ameríkuferðinni fóru meðal annars til Argentínu. Hér sjást þeir í Buenos Aires, t.v. Helgi Þórarinnsson og t.h. Pétur Þorsteinsson. Forsetahöllin í baksýn með fjármálaráðuneytið og hermálaráðuneytið til beggja handa. (Tómas Þorvaldsson.)

Sölutregðan árið 1968 stafaði öðrum þræði af því hversu mikið var af lökum saltfiski eða með öðrum orðum hversu lélegt hráefni var saltað sem að öllu óbreyttu hefði farið í skreið. Kaupendur að þessum lakari saltfiski voru einkum í Mið- og Suður-Ameríku en á undanliðnum árum höfðu aðrar framleiðsluþjóðir tekið þar sæti Íslendinga. Í staðinn höfðu íslenskir verkendur kosið að verka lélegt hráefni í skreið þar sem hún hafði gefið meira í aðra hönd en þurriskur.⁴⁸⁹

Þegar á þetta var litið og þá ekki síður hitt að þjóðir eins og Ítalir og Spánverjar gerðu æ meiri kröfur til fiskgæða var ljóst að til mikilla erfiðleika hlyti að draga með sölu fisks úr lakari gæðaflokkunum. Eina ráðið væri að verka á ný töluvert af saltfiski fyrir Ameríkumarkaði og árið 1968 var þurrkað mun meira af fiski en þangað hafði verið selt undangengin ár.⁴⁹⁰

Þar sem þunglega horfði um sölu á hinni auknu þurriskframleiðslu ákvað stjórn SÍF að senda fulltrúa sína til viðræðna við kaupendur og umboðsmenn í Mið- og Suður-Ameríku. Fóru í þá för stjórnarformaður og framkvæmdastjóri, Tómas Þorvaldsson og Helgi Þórarinnsson, auk Péturs Þorsteinssonar, sendiherra í Brasilíu, sem veitti þeim fulltingi sitt og ræddi við ráðamenn ásamt Tómasi og Helga. Voru gamlir og nýir viðskiptavinir þar í álfu heimsóttir haustið 1968.⁴⁹¹


Árangur af förinni var góður eftir atvikum og tengslin við kaupendur styrktust. Einnig kom í ljós að með batnandi lífskjörum höfðu kröfur neytenda um gæðameiri fisk aukist og sumt af íslenska saltfiskinum þótti vera of mikið þurrkað.⁴⁹² Þá var sýnilegt

að enn sem fyrr þyrfti að bæta mjög flokkun fískisins og matið, breyta þökkun hans eða samsetningu í pakkana og gæta vel að því að vigt stæðist.⁴⁹³ Einnig þótti bagalegt að við skyldum ekki geta boðið neinn góðan fisk með lakari gæðaflokkunum sem voru uppi- staðan í Brasilíufískinum.⁴⁹⁴ Í öllum þessum efnum höfðu Norð- menn skotið okkur ref fyrir rass svo íslenskir verkendur urðu að taka sig rækilega á ef þeir ætluðu sér að bæta orðspor íslenska fískis- ins og ná upp sölu þar syðra.

SÍF og íslenskir saltfískverkendur þóttust ekki síst draga þann lærdóm af erfiðleikunum 1968 að mikilvægt væri að hafa ávallt þurrfísk á boðstólum fyrir markaðina í Mið- og Suður-Ameríku. Sölusambandið hafði reyndar oft varað við þeim háska sem því gæti fylgt að hverfa alveg út af þeim mörkuðum en sá háski varð mönn- um ljósari en nokkru sinni fyrir árið 1968.⁴⁹⁵

Á þessu erfiða ári tókst með þrautseigju að selja Brasilíumönn- um tvöfalt meira magn en næstu ár á undan og enn betur tókst til árið eftir, 1969, en þá tvöfaldaðist magnið aftur (myndrit VII.15). Næstu ár á eftir var Brasilía eitt helsta markaðslandið fyrir þurrfísk þótt Portúgalar hæfu umtalsverð kaup á sams konar físki árið 1970 og þau stæðu í allmörg ár. Kom þessi aukna sala á þurrkaða fískin- um sér vel því útflutningur skreiðar var þá í lágmarki.⁴⁹⁶

Myndrit VII.15



Heimild: Tafla 7 í Töfluvíðauka



Sölubúð í Rio de Janeiro árið 1968. Forsvarsmenn SÍF, Helgi Þórarinnsson og Tómas Þorvaldsson, skoðuðu í Ameríkuferðinni sölustaði saltfisksins og kynntu sér verðlag og fisk keppinauta. T.v. er Kaare Ringseth, umboðsmaður SÍF í borginni í áratugi og lengi aðalræðismaður Íslands þar, en síðan Helgi Þórarinnsson og Pétur Thorsteinsson. (Tómas Þorvaldsson.)

Eftir þetta fóru verkendur markvisst að minnka þurrkinn á sumum tegundum og gæðaflokkum þurrfisks þótt sumt væri áfram fullþurrkað eða jafnvel harðþurrkað.⁴⁹⁷ Þá reyndu þeir líka að ná betri tókum á framleiðslunni til að fá hana jafnari að gæðum. Þetta og fleira var unnið í samræmi við ábendingar og vitneskju sem fékkst með heimsókninni til Suður-Ameríku 1968 og öðrum ferðum á næstu árum.⁴⁹⁸

Verkun þurrfisksins heppnaðist misvel næstu árin. Brasilíumenn kvörtuðu til dæmis mjög yfir framleiðslunni 1971 og beið íslenski fiskurinn nokkurn álitshnekki af þessu. Af því tilefni gerði stjórn SÍF út tvær ferðir árið 1972 til Suður-Ameríku til að kynna sér kvartanir og gæði fisksins í von um að geta bætt úr þessum ágöllum eftirleiðis. Mun betur tókst til með framleiðsluna 1972 og gaf hún góð fyrirheit. Hafði SÍF líka ráðið sérstakan mann á haustmánuðum 1972 til að fara á milli verkenda, líta eftir og leiðbeina. Árið eftir þótti framleiðslan sæmileg en aftur bárust kvartanir 1974.⁴⁹⁹

Eftir sem áður var til lítils að þurrka saltfisk nema viðunandi verð fengist fyrir hann. Verðþróunin reyndist þurrfiskverkendum ekki hagstæð um og upp úr 1970; þurrkaði fiskurinn hækkaði að vísu aðeins í verði en ekki eins mikið og sá blauti. Af þessum sökum dróst fiskþurrkun nokkuð saman hér á landi árið 1973.⁵⁰⁰

Kaupendur þurrfisks voru á hinn bóginn ekki sáttir við þá verðhækkun sem hafði orðið. Varð ljóst eftir að árið 1974 gekk í garð að neysla hafði dregist saman í flestum markaðslöndum, meðal annars vegna þess að verðið hafði hækkað mjög miðað við önnur matvæli

og þá einkum kjöt. Einnig reyndist það saltfiskverkendum fjötur um fót þetta ár að innflytjendur í Brasilíu sátu uppi með mikið af óseldum saltfiski eftir að páskaföstu lauk en það er eitt af helstu neyslutímabilunum þar í landi. Þessar birgðir voru miklu meiri en eðlilegt gat talist og voru allsráðandi á markaðinum langt fram á haust.⁵⁰¹


d. Innborgunarskyldan í Brasilíu 1975-80

Með áðurgreindu andstreymi í Brasilíu á áttunda áratugnum var þó ekki allt upp talið. Stjórn landsins ákvað fyrirvaralaust árið 1975 að krefjast þess af innflytjendum að þeir byndu um tiltekinn tíma fullt andvirði innfluttra vara, vaxtalaust. Átti þessi fjárbinding eða innborgunarskylda í fyrstu að gilda í 180 daga en var nokkrum mánuðum seinna framlengd upp í ár. Þessar ráðstafanir voru taldar hækka verð innfluttra vara um tugi prósentu vegna stöðugs gengissigs í Brasilíu og hárra vaxta.⁵⁰²

Íslensk og norsk stjórnvöld reyndu að fá brasilísku stjórnina til að breyta ákvörðunum sínum en allt kom fyrir ekki. Norðmenn, sem voru aðalkeppinautar okkar, gripu þá til þess ráðs að veita þurrfiskframleiðendum mikla ríkisstyrki til þess að þeir gætu selt fisk sinn áfallalaust. Höfðu styrkirnir í för með sér verðlækkun sem SÍF þurfti einnig að setta sig við til að sitja ekki uppi með framleiðsluna.⁵⁰³ Kom það til af því að norskir saltfiskframleiðendur seldu að jafnaði nálægt tíu sinnum meira af saltfiski til Brasilíu en íslenskir og gat SÍF engin teljandi áhrif haft á verðmyndunina.⁵⁰⁴ Til að létta framleiðendum róðurinn lækkuðu íslensk stjórnvöld nokkuð útflutningsgjöld á þurrfiski og gáfu eftir innborgun af honum í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Var það vel þegið eins og aðstæður voru.⁵⁰⁵

Verðlækkunin á Brasilíumarkaði hafði áhrif víða um lönd. Heimsmarkaðsverð á þurrkuðum saltfiski réðst að miklu leyti í Brasilíu og innborgunarskyldan þar hafði í för með sér að verðið féll langt niður fyrir það sem talist gat sambærilegt við verð á blautfiski í Suður-Evrópu. Var þurrfiskverð í lægð frá miðju ári 1975 og fram á haustið 1976. Síðla árs 1976 tók söluverð hins vegar að þokast nokkuð upp á við á Brasilíumarkaði og var það ekki síst að þakka því að þá var tekið að gæta áhrifa minnkandi framleiðslu og framboðs af þurrkuðum saltfiski. Þessi hækkun dugði þó engan veginn til þess að þurrfiskverðið væri jafn hagstætt og á blautfiski.⁵⁰⁶

Árin 1977 og 1978 var útflutningur þurrkaðs fisks í algjöru lágmarki. Gætti enn innborgunarskyldunnar í Brasilíu, þeirrar verð-



Í Sao Paulo árið 1968. F.v.: Helgi Þórarinnsson, Pétur Thorsteinsson og Arne S. Arnesen, umboðsmaður SÍF í borginni um skeið og aðalræðismaður Íslands þar. (Tómas Þorvaldsson.)

lækkunar sem hlaust af henni og útflutningsbótum í Noregi. Á sama tíma hækkaði verð á blautverkuðum fiski í Miðjarðarhafslöndunum svo að þurrfiskverðið dróst enn meir aftur úr því. Gráur ofan á svart bættu síðan vaxandi erfiðleikar í Portúgal með þeim afleiðingum að þurrfiskútflutningurinn þangað hrundi árið 1977 og var ekki nema svipur hjá sjón eftir það.⁵⁰⁷

Ofan á allar raunir þurrfiskframleiðenda bættist svo eitt enn. Kvartanir og skaðabótakröfur dundu á þeim frá þýðingarmiklum mörkuðum í Mið- og Suður-Ameríku, bæði 1977 og 1978. Tiltrú kaupenda þar á íslenski framleiðslu hafði minnkað og var slíkt vitanlega ekki til þess fallið að fá fiskverðið hækkað, ekki síst þar sem norski fiskurinn var yfirleitt vel verkaður.⁵⁰⁸

Innborgunarskyldan alræmda í Brasilíu var afnumin í janúar 1980 en þá tók lítið betra við. Gengið var fellt verulega og ströng skömmtun innflutningsleyfa tekin upp. Þurfti oft að bíða mánuðum saman frá því gengið var frá sölusamningum og þangað til leyfi fengust. Útflutningstölur sýna glögglega að Brasilíumarkaður þótti ekki ýkja eftirsóknarverður þegar hér var komið sögu. Reyndar stefndu stjórnvöld í ýmsum Suður-Ameríkulöndum markvisst að því að draga úr fiskinnflutningi og var beitt til þess tollum og ýmsum öðrum höftum.⁵⁰⁹

e. Þurrkað á kostnað SÍF 1981-82

Þegar haft er í huga að þurrfiskverð hélst engan veginn í hendur við verðþróun á blautfiskmörkuðum í Miðjarðarhafslöndum þarf engan að undra síminnkandi áhuga manna á þurrkun fisksins undir lok áttunda áratugarins. Íslenski fiskurinn lét æ meir undan síga á hefðbundnum þurrfiskmörkuðum og framleiðslan var á niðurleið.

Stórmarkaður í Rio de Janeiro 1985-90. Stórmarkaðir og jafnvel risamarkaðir hafa verið reistir í Brasilíu á seinni árum. Hér er eigandi eins þeirra í hópi SÍF-manna, talið f.v.: Margeir Ásgeirsson, eftirlitsmaður; Sigurður Sigfússon, sölumaður; Paes Mendonca, eigandi stórmarkaðarins; Tom Ringseth, umboðsmaður SÍF, og innfæddur maður.



Kenndu verkendur frændum sínum, Norðmönnum, að miklu leyti um hvernig komið var, sögðu þá þrýsta verðinu niður með ríkisstyrkjum og útflutningsbótum. Mátti því segja að SÍF væri komið út af öllum hefðbundnum þurrfiskmörkuðum um 1980. Þá var ástandið líka þannig að heimsmarkaðsverð á þurrkuðum þorski dugði svo til eingöngu fyrir hráefninu.⁵¹⁰

Enda þótt ekki blési byrlega vildu menn samt ekki segja alveg skilið við þurrkun saltfisks. Af ýmsum ástæðum þótti óvarlegt að gefa þurrfiskmarkaðina alveg upp á bátinn. Til dæmis mátti alltaf búast við því að aðstæður á öðrum fiskmörkuðum knýðu menn til að salta og þurrka hluta aflans. Til að geta brugðist við slíku yrði SÍF að hafa áfram fótfestu á mörkuðum fyrir þurrkaðan fisk og jafnframt viðhalda kunnáttu við verkunina. Hafa bæri í huga að fiskþurrkun væri vandasamt verk ef vel ætti að fara og stöðvun þessarar atvinnugreinar gæti haft í för með sér að mikilvæg verkunnátta glataðist í veigamiklum atriðum.⁵¹¹

Mitt í þessu mótlæti vildi svo til að um mitt ár 1979 virtust söluhorfur á þurrfiski til Brasilíu fyrir jólin óvenjugóðar. Hvatti SÍF því framleiðendur til að nota sér tækifærið og þurrka töluvert af góðum stórfiski (þorski). Margir brugðu við og nokkuð var tekið af góðum fiski til þurrkunar en framleiðslan varð þó minni en stefnt var að. Það var samt lán í óláni því markaðsaðstæður í Brasilíu breyttust til hins verra á seinni helmingi ársins og gekk mjög illa að koma fiskinum út sem verkaður hafði verið. Varð því að selja megn-

ið af honum til annarra landa á mun lægra verði. Afleiðingin varð sú að framleiðendur biðu tap á þessu og sátu uppi með mikinn fisk.⁵¹²

Til að gleymast samt ekki alveg á þurrfiskmörkuðunum og létta áhættunni af framleiðendum, ekki síst í ljósi reynslunnar, var ákveðið á aðalfundi SÍF árið 1981 að samtökin létu verka á eigin kostnað allt að 3.000 tonnum af þorski og ufsa. Verkuð voru rúm þúsund tonn og urðu þessar ráðstafanir til þess að útflutningur þurrfisks jókst nokkuð árið 1982 en þessi útflutningur hafði árið áður verið minni en nokkru sinni síðan 1949. Salan jókst og aðallega á nýjum markaði, nefnilega í Frakklandi. Á aðalfundi SÍF árið eftir, 1982, var samtökunum einnig veitt heimild til að láta þurрка á sína ábyrgð nokkuð af þorski til að halda sambandi við markaðina og koma þannig í veg fyrir að íslenskur saltfiskur dytti alveg út af þeim. Jókst útflutningurinn nokkuð við þessar aðgerðir enda var mat og flokkun eins og vera átti.⁵¹³

Verðið, sem fékkst fyrir þurrfiskinn, var yfirleitt lágt og stafaði það meðal annars af því að efnahagsástand í Brasilíu fór hríðversnandi og þar með kaupgeta fólks þar í landi. Brasilía var þó ekki eina landið sem tók við íslenskum þurrfiski á áttunda áratugnum og fyrri hluta þess níunda; lönd eins og Portúgal, Frakkland og Afríkuríkið Saír keyptu stundum drjúgan. Obbinn af því sem flutt var út þurркаð var fiskur sem erfitt var að selja blautverkaðan nema á mjög lágu verði. Var hér einkanlega um að ræða ufsa og svo fisk sem af einhverjum ástæðum komst ekki í hefðbundna gæðaflokka fyrir saltfiskmarkaðina.⁵¹⁴



Saltfiskur hjá Paes Mendonca 1985-90. Saltfiskur er oft á tíðum í miklu úrvali í stórmörkuðum þótt þar sé annars lögð meiri áhersla á lágt verð en góðan fisk. Þorskur er líka aðeins hluti þurrfisksins – sá dýrasti – og Brasilíumenn kaupa þar að auki ufsa, keilu og löngu þótt í mismiklu magni sé. (Bjarni Benediktsson.)

Aðgerðir SÍF til að efla þurrfiskverkunina upp úr 1980 hrukku skammt. Þegar þeim slepti datt útflutningurinn aftur niður og fór árið 1986 niður fyrir botnárið 1981. Þurrkunin komst því ekki á fastan kjöl. Hráðu hana stöðugt hinir sömu draugar og áður. Markaðirnir höfðu mismunandi kaupgetu og efnahagsástandið á helsta markaðinum, Brasilíu, var mjög breytilegt. Síðast en ekki síst var íslenski fiskurinn svo misjafn að gæðum að erfitt var að skapa honum gott orðspor.⁵¹⁵ Á síðari hluta níunda áratugarins var svo aftur reynt að skjóta styrkari stöðum undir þessa grein með nýjum hætti.


f. Nýjar afurðir – stöðugri markaðir

Frá upphafi og fram á níunda áratuginn var íslenskur þurrfiskur eingöngu einnar gerðar. Hann var seldur fluttur og í heilu lagi. Upp úr miðjum níunda áratugnum litu svo nokkrar nýjar þurrkaðar saltfiskafurðir dagsins ljós en framleiðsla þeirra var hverfandi samborið við flatta fiskinn og hurfu þær aftur enda þurrkunin almennt í hnignun.


Sammerkt hinum nýju þurrkuðu afurðum var það að reynt var að þróa nýjar matvörur úr þurrkuðum saltfiski, pakka þeim inn í handhægari og smærri umbúðir og stytta tímunn við matseldina með ýmsu móti. Þjóðfélagsbreytingar höfðu orðið neyslu á hefðbundnum þurrfiski í óhag og skapað um leið tækifæri fyrir nýjar afurðir sem hæfðu betur nýjum tímum. Þeim var um leið ætlað að efla saltfiskhefðina á mörkuðunum.

Því má ekki gleyma í þessu sambandi að staðreyndin er sú að þurrfiskur er mun algengari sem söluvara til neytenda en blautfiskur enda þótt íslenskir saltfiskframleiðendur hafi aðallega verkað fyrir blautfiskmarkaðina. Má benda á að tveir stærstu saltfiskmarkaðir heims, Brasilía og Portúgal, vilja fiskinn þurrkaðan. Á þetta hafa forsvarsmenn framleiðenda jafnan verið óþreypandi að minna þegar á móti hefur blásið á liðnum áratugum. Einnig má minna á að yfirleitt fellur eitthvað til af fiski í söltuninni sem ekki er söluvara nema hann sé þurrkaður. Meðal annars þess vegna hefur þótt óráðlegt að íslenskir verkendur dyttu alveg út af þurrfiskmörkuðunum þótt ríkisstyrkir í Noregi og á seinni árum líka í Kanada hafi gert samkeppnina ójafna.⁵¹⁶

Upphaf þess að byrjað var að þróa nýjar þurrfiskafurðir var á árinu 1985 og spratt það einkum af athugunum sem SÍF ákvað að gera á Bandaríkjamarkaði. Um þær mundir virtist skapast lag fyrir samtökin að komast inn á markaðinn og var ákveðið að kanna viðbrögð



Tom Ringseth. Hann gerðist umboðsmaður SÍF í Rio de Janeiro eftir föður sinn, Kaare Ringseth, á níunda áratugnum. Hér stendur hann hjá hlaða af íslenskum þurrfiski í trékössum en þannig er dýrasti fiskurinn (stór-fiskurinn) sendur þangað. (Bjarni Benediktsson.)



Stórmarkaður í Miami 1987. SÍF seldi nokkuð af þurrkuðum saltfiskafurðum á Bandaríkjamarkaði um tíma upp úr 1985 en þar í landi eru margir af portúgölsku og spænsku bergi brotnir og kunna að meta saltfisk. Hér sést kúbanskur stórmarkaður og þar vantar saltfiskinn ekki.

neytenda. Þá höfðu viðskipti með hrogn, sem SÍF hafði haft með höndum um árabíl, ásamt öðru sannað mikilvægi rannsókna og tilrauna og var ákveðið að leggja í kostnað til að þróa nýjar afurðir fyrir væntanlega neytendur í Bandaríkjunum.⁵¹⁷

Fyrst í stað voru nýju afurðirnar léttþurrkaður tandurfiskur og léttþurrkuð, roðlaus keilu- og lönguflok. Fljótt bættust fleiri afurðir við og aðrir markaðir komu til sögunnar. Má þar nefna harðþurrkaðan hryggfisk, þ.e. smákeilu og smáufsa með dálknum í. Þurrkað-



Þurrfiskafurðir SÍF 1987-90. Á þessum árum voru þróaðar af SÍF nokkrar nýstárlegar þurrfiskafurðir og sumar þeirra seldar í neytendaumbúðum undir vörumerkinu Trésor d'Islande. Hér er bæði heill fiskur og skornir bitar til sýnis á erlendri matvælasýningu.

*Mercado Municipal
í Sao Paulo 1991. Eins og
myndirnar á opnunni bera
með sér er norskur fiskur
áberandi á þessu markaðs-
torgi og verðflokkarnir
ýmsir. Á myndinni efst t.v.
eru Bjarni Benediktsson,
deildarstjóri gæðaeftirlits
hjá SÍF, og Tom Ringseth
(bak við hann) á tali við
afgreiðslumann.
(Efri mynd: Kristján Þ.
Davíðsson. Neðri mynd:
Bjarni Benediktsson.)*





(Efri mynd: Bjarni Benediktsson. Neðri mynd: Kristján Þ. Davíðsson.)



Á Martiník í Vestur-Indíum 1988. Hér er verið að hluta sundur saltfisk á tréhnalli og eggjárnið er vígalegt enda ekki vanþörf á því fiskurinn er vel þurrkaður. (Sigurður Sigfússon.)

ur bútungur, sem er saltaður en óflattur smáfiskur, náði vinsældum og var seldur til nokkurra landa. Meðal nýjunganna voru líka ýmsar aukaafurðir sem falla til við vinnslu á hefðbundnum saltfiski en höfðu ekki verið nýttar fram til þessa. Þetta voru einkum þurrkuð þorskfés (hausvöðvar), gellur, kinnar og þurrkaðir dálkar og bein-garðar.⁵¹⁸

Jafnhliða þróun á nýjum þurrfiskafurðum var markvisst unnið að því að afla nýrri og stöðugri markaða en gefa eftir aðra óstöðugri. Í ljósi reynslunnar af Evrópubandalaginu var líka lögð áhersla á að afla markaða utan þess. Til bandalagslandanna sjálfra þýddi ekkert að selja því þurrfiskur þangað þurfti að bera fullan toll eða 13% og engir kvótar með lægri tolli voru fyrir hendi. Auk þess höfðu Norðmenn tollfrjálsan kvóta samkvæmt sérsamningum við EB fyrir þurrfisk. Hvort tveggja útilokaði í raun SÍF frá þessum mörkuðum.⁵¹⁹

Meðal hinna nýju markaða voru Afríkurland Gabon og Kamerún þar sem stjórn mála- og efnahagslíf var mjög stöðugt. Sala tókst líka til eyja í Indlandshafi og Karíbahafi. Af öðrum nýjum mörkuðum má nefna Sviss, Holland og Portúgal en til síðastnefnda landsins hafði ekki verið seldur þurrfiskur um langt skeið. Nokkuð fór líka til hjálparstofnana í gegnum Þýskaland en misjafnlega mikið frá ári til árs. Markaðslönd, sem dattu út að meira eða minna leyti, voru til dæmis Panama enda höfðu tollar þar löngum verið breytilegir og himinháir. Eins tók af útflutning til Saír og Kongó sem voru gamalkunnir en óstöðugir markaðir lengstum.⁵²⁰

Almennt má segja að þurrfiskverkunin og framleiðsla þessara nýju afurða hafi mótast mikið af ástandi blautfiskmarkaða á þessum árum sem hér um ræðir, eins og svo oft áður. Mikil eftirspurn á blautfiskmörkuðunum og fiskskortur 1986-87 gerði þurrkun lítt eftirsóknarverða og skýringarinnar á auknum útflutningi árið 1987 á þurrfiski er einkum að leita í góðri sölu á bútungi. Á árunum 1988-89 sköpuðust svo hagstæðari aðstæður fyrir þurrkun þegar blautfiskmarkaðir voru mjög ásetnir. Jókst þá þurrfisksala SÍF og var vel hægt að sinna nýjum og gömlum mörkuðum. Aftur skipti um til hins verra á árunum 1990-92, eins og útflutningstölur sýna, þegar verðlag hækkaði á blautfiski og fisk skorti. Fleira hafði samt áhrif á þurrfisksölu, gæðin voru ekki alltaf nógu mikil og það stóð íslenska fiskinum enn sem fyrr nokkuð fyrir þrifum.⁵²¹


8. Þýskaland⁵²²

Í öllum markaðslöndum SÍF nema einu hafa saltfiskafurðir farið beint til neyslu þótt sumir kaupendur hafi þurrkað fiskinn áður. Í Vestur-Þýskalandi, þangað sem íslensk ufsaflök hafa verið seld um áratuga skeið, hafa þau nefnilega verið notuð til matvælaframleiðslu. Hér er átt við sjólax en hann er áleggstegund í niðursuðudósnum og hefur áratugum saman verið mjög vinsæl vara þar í landi.

Sala ufsaflakanna hófst árið 1934 og hljóp útflutningurinn á nokkur hundruð tonnum fyrir stríðið og fór aðallega til Danmerkur og Vestur-Þýskalands. Óljóst er um útflutning ufsaflaka á stríðsárunum en síðan 1954 hafa Þjóðverjar verið fastir kaupendur ufsaflaka frá Íslandi og hefur útflutningurinn þangað vaxið í gegnum tíðina. Skin og skúrir hafa hafa skipst á í sölnunni sem SÍF hefur lengst af séð um en um 1990 var magnið á annað eða þriðja þúsund tonn árlega (myndrit VII.16 og VII.17).^{52,3}


Þótt ufsaflökin séu hráefni í annarri matvælaframleiðslu þýðir það ekki að lakleg flök séu boðleg. Þjóðverjar hafa þvert á móti jafn-

Myndrit VII.16



Heimild: Tafla 7 í Tölfluviðauka

Myndrit VII.17



Heimild: Tafla 7 í Töfluvíðauka

an gert miklar kröfur til hráefnisins og í raun hefur aðeins það besta úr ufsanum verið tækt til flökunar á Þýskalandsmarkað. Kaupendur virðast yfirleitt hafa verið ánægðir með íslensku flökin því útflutningur þeirra jókst stig af stigi alveg til um 1975-76 en þá hafði SÍF náð 40-50% markaðshlutdeild.⁵²⁴

Á næstu árum minnkaði salan til Vestur-Þýskalands og bar marga til. Flökin höfðu hækkað mikið í verði og þess vegna gætti vaxandi sölutregðu, fyrirtæki stóðu illa eða urðu gjaldþrota og fiskiðnaðurinn barðist í bökkum. Aðrar þjóðir, til dæmis Færeyingar og Bandaríkjamenn, buðu þá fram góð flök á lágu verði og náðu að auka hlut sinn á markaðinum. Þetta hvatti ekki íslenska verkendur til að flaka ufsann enda bauðst um þessar mundir gott verð á honum flöttum til Portúgals og hertum fyrir Nígeríu.⁵²⁵

Sölusambandið var nokkuð stíft á verði ufsaflakanna 1979-80 og árið 1981 var ljóst að það hafði verðlagt sig út af þýska markaðinum og misst mikla hlutdeild. Verðið var því lækkað en flakaframleiðslan náðist ekki upp því verðið á flöttum ufsa var hagstæðara og gengi þýska marksins gagnvart íslensku krónunni fallandi.⁵²⁶

Fleira kom líka til. Verkendur voru svo óheppnir að framleiðsla flakanna mistókst nokkuð 1981 og greiða varð skaðabætur. Þá vildu


Þjóðverjar í vaxandi mæli fá flökin án klumbubeins og kviðbeina en það þýddi lakari afkomu í flakaframleiðslunni nema með verðhækkun og hún var ekki til umræðu. Keppinautar SÍF buðu hins vegar flökin fram án þessara beina og bættu með því stöðu sína á markaðinum.⁵²⁷ Þeir höfðu það líka fram yfir íslensku sölusamtökin, sumir hverjir, að sleppa við tolla og kvóta Evrópubandalagsins og við það sat fram yfir 1992.

Með árinu 1983 jókst salan aftur til Vestur-Þýskalands og á næstu árum var markvisst unnið að því að ná aftur fyrri markaðshlutdeild. Færeyingar voru þá ráðandi á markaðinum og SÍF varð að setta sig við þeirra verð líka þótt það þýddi verðlækkun. Ný og breytt flokkun á ufsaflökunum var tekin upp hjá íslensku verkendum veturinn 1983-84 og það hafði í för með sér nákvæmari og jafnari flokkun flakanna eftir stærðum. Þá var verkun flakanna lítilllega breytt nálægt 1985 og það féll í góðan jarðveg. Allt þetta og fleira styrkti samkeppnisstöðu íslensku flakanna, verðið hækkaði vegna hækkandi gengis þýska marksins gagnvart íslensku krónunni og smám saman jókst markaðshlutdeild SÍF aftur með vaxandi framleiðslu.⁵²⁸

Um miðjan áratuginn reyndist SÍF erfitt að afhenda umsamið magn eins og stundum áður. Framleiðslan var sveiflukennd og tölur um magnið ónákvæmar. Rekstur þýsku sjólaxverksmiðjanna byggðist á jöfnu og stöðugu framboði af hráefni sem bundið er með samningum hálf tveggja ára fram í tímann enda fjöldi fastra starfsmanna í þeim og því komu allar sveiflur illa við þýsku kaupendurnar. Minni framleiðsla en samningar hljóðuðu upp á var bagaleg því keppinautunum gekk betur að standa við sína samninga, til dæmis Færeyingum. Framboðið hjá þeim minnkaði hins vegar á þessum árum og kom það sér vel fyrir íslenska verkendur.⁵²⁹

Þrátt fyrir vandkvæði stöku sinnum á að afhenda fullt magn upp í samninga naut Sölusambandið góðs gengis á Þýskalandsmarkaði. Framleiðslan jókst ár frá ári og markaðshlutdeildin að sama skapi því markaðurinn fyrir ufsaflökin var nokkuð jafn, 5.000-6.000 tonn á ári. Frá botnárinu 1982 jókst útflutningurinn úr um 640 tonnum í yfir 3.000 tonn árið 1986, þegar fisk skorti víða á mörkuðum. Hafði SÍF þá náð fyrri hlutdeild, 40-50%, og skipti við alla sjólaxframleiðendur í Vestur-Þýskalandi.⁵³⁰

Sölusambandið gat samt ekki gengið að sölunni til Þýskalands vísri þótt kaupendur væru ánægðir með flökin. Þau voru ætíð í samkeppni við ferskan ufsa sem seldur var á uppboðsmörkuðum og sjólaxframleiðendur hneigðust til að kaupa hann og flaka til að tryggja sér hráefni og bregðast við sveiflum í flakaframboðinu. Einnig var



Söltuð ufsaflök. Sérstaða Þýskalandsmarkaður er sú að þangað fara nær eingöngu ufsaflök og þau eru notuð sem hráefni í matvælaframleiðslu, nefnilega sjólax. (Sigurgeir Jónasson.)

*Þýskur sjólax. Meðal kaup-
enda SÍF í Þýskalandi er
verksmiðja sem selur undir
merkinu Ice Land og fram-
leiðir sjólaxinn í áldósum
sem þessari.*



hann iðulega ódýrari. Árið 1987 var meira að segja töluvert selt af íslenskum ufsa þar úr gámum og dró það úr ufsaflakasölu frá Íslandi þetta árið.⁵³¹

Þetta sama ár gerðist líka nokkuð sérkennilegt í Vestur-Þýskalandi því það olli allmiklum samdrætti í neyslu sjólax um hríð og minni sölu hjá SÍF. Eftir sýningu sjónvarpsþáttar síðla sumars um orma í fiski fór af stað mikil umræða og hræðsla greip um sig. Neysla á sjólaxi dróst skyndilega mikið saman eða allt að 20-25% og kom þessi hræðsla þó einna minnst niður á sjólaxsölu. Neyslan byrjaði samt aftur að aukast nokkrum mánuðum seinna og var orðin nokkuð eðlileg á árinu 1988. Þetta mál varð til þess að reglugerð var sett í Vestur-Þýskalandi um að óleyfilegt væri að flytja inn ufsaflök nema þunnildin væru skorin af því hringormur er aðallega í þeim.⁵³²

Fljótt á lítið virðist kommúnismi lítið koma sjólaxi við en þó varð sú raunin á síðla árs 1989. Með sameiningu þýsku ríkjanna áttu hinir austur-þýsku íbúar allt í einu kost á að kaupa sjólax sem hafði verið fáséð vara í austurhlutanum. Salan stórkjóst og enginn var undir þetta búinn. Framleiðslan var ekki næg og fóru þá sjólaxframleiðendur að kaupa ódýran Alaskaufsa. Höfðu þeir reyndar um tíma stór orð um að hætta að kaupa af SÍF ufsaflök vegna hás verðs. Það jafnaði sig þó og var selt til Þýskalands árið 1990 óvenjumikið eða nær 3.400 tonn.⁵³³

Á árunum 1991-92 var Þýskalandsmarkaður fremur óstöðugur og heldur óhagstæður íslenskum verkendum. Árið 1991 dróst sala þangað saman vegna ódýrs Alaskaufsa en auk þess fór kaupmáttur Þjóðverja dvínandi og kom það niður á neyslu á sjólaxi. Árið 1992 var samningagerð mjög erfið því Þjóðverjar vildu mikla lækkun á ufsaflökunum og kom það til af ýmsu. Þeir áttu þá miklar birgðir af

ufsaflokum til, samdráttur var í neyslu á sjólaxi og verð á Alaska-ufsa og frystri ufsablokk var lágt. Niðurstaðan varð sú að verð var lækkað mikið og samningar hljóðuðu upp á miklu minna magn en áður; afleiðingin var sú að útflutningurinn náði aðeins rúmum 1.200 tonnum.⁵³⁴

9. Samskipti SÍF við keppinauta

a. Útflutningsskipan keppinauta eftir stríðið

Á kreppuárunum var í ýmsum löndum farið að dæmi Íslendinga og efnt til samvinnu meðal saltfiskútflytjenda. Þó komst þessi útflutningur hvergi nema í Færeyjum í eins fastar skorður og á Íslandi. Annars staðar voru samtök framleiðenda og útflytjenda nokkuð lausari í reipunum og hefur svo verið allt fram á þennan dag.

Fyrir síðari heimsstyrjöld starfaði í Færeyjum félag allra fiskframleiðenda, Føroya Fiskaexportur, og hafði það einkaleyfi til útflutnings á færeyskum fiski. Félagið lagðist niður á styrjaldarárunum en lifnaði aftur við og um líkt leyti var annað félag stofnað, Føroya Fiskaútflutningur. Bæði óskuðu þau eftir einkaleyfi á saltfiskútflutningi en færeyska lögþingið féllst ekki á það. Eftir nokkurt þóf stofnuðu svo fiskútflytjendur árið 1948 Føroya Fiskasøla og fékk hún um leið einkarétt á saltfiskútflutningi.⁵³⁵

Fáum árum síðar, 1953, var einkaleyfið fellt úr gildi og fékk Føroya Fiskasøla þá samkeppni. Samtök um síldarsölu voru sett á fót sama ár og árið eftir, 1954, var stofnað Samvinnufélag fiskimanna og flutti það út fisk um árabíl. Nokkru seinna, árið 1964, mynduðu nokkrir smærri útgerðarmenn Føroya Útflutningssamtökun og starfaði það fram á áttunda áratuginn. Þrátt fyrir þetta seldi Føroya Fiskasøla yfirleitt obbann af færeyskum saltfiski eftir stríð og auk þess frystan fisk og fleiri afurðir.⁵³⁶ Árið 1992 var sam-söluinni svo breytt í hlutafélag undir nafninu Faroe Seafood Prime.

Norðmenn hafa löngum verið skæðari keppinautar Íslendinga á saltfiskmörkuðum en Færeyingar. Eins og frammar er getið í þessu riti voru í Noregi stofnuð þrenn samtök um saltfiskútflutning á kreppuárunum (Norklip, Hispanor og Norsal). Þetta voru aðeins sölusamtök eða sölunefndir og til að sinna félagsstarfi og hagsmunamálum saltfiskútflytjenda voru tvö landssambönd mynduð á fjórða áratugnum. Var annað fyrir útflytjendur þurrfisks, De Norske Klippfiskeksportørers Landsforening (DNKL), og hitt fyrir seljendur



Føroya Fiskasøla. Hér sést vörumerki færeysku útflutningssamtakanna sem þau notuðu um árabíl og seldu saltfisk sinn undir.



*Unidos. Þessi sölustofnun
Norðmanna hefur notað
þetta sem einkennismerki
áratugum saman. Það er vel
þekkt á saltfiskmörkuðum
og litið á það sem nokkurs
konar gæðastimpil fyrir
norskan saltfisk þótt hver
útflytjandi selji undir eigin
vörumerki.*

blautfisks, De Norske Saltfiskeeksportørers Landsforening (DNSL). Hvorugt þeirra seldi fisk þótt norskir saltfiskútflytjendur fengju ekki útflutningsleyfi nema að vera innan vébanda þeirra.⁵³⁷

Eftir seinna stríð var útflutningur á flesta markaði miðstýrður eða skammtaður með kvótum um lengri eða skemmri tíma en síðan 1991 hefur aðeins sala til Jamaíka og til Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna vegna þróunarhjálpur verið undir stjórn. Til að annast sölu á þessa miðstýrðu markaði var A/L Unidos stofnað árið 1952 en sú stofnun tók við hlutverki samtakanna Norklip, Hispanor og Norsal.⁵³⁸

Eftir því sem dró úr miðstýringu saltfiskútflutningsins á markaðina minnkaði hlutverk Unidos og árið 1987 var gerð sú skipulagsbreyting í Noregi að landsamböndunum tveimur, DNKL og DNSL, ásamt Unidos og fleiri aðilum viðkomandi saltfiskútflutningi var steipt saman í nýja stofnun sem fékk heitið Unidos A/L.⁵³⁹ Hefur hún síðan starfað með áþekktum hætti og SÍF gerði, það er verið í senn hagsmunasamtök saltfiskframleiðenda, eftirlitsaðili og sölufélag þeirra fyrir miðstýrða markaði.

Þótt saltfiskútflytjendur, sem seldu á frjálsu markaðina eftir stríðið, önnuðust sölu sjálfir tók stjórnskipuð nefnd ákvarðanir um lágmarksverð. Útflytjendurnir, sem alltaf hafa skipt tugum, höfðu síðan hver og einn umboðsmenn í markaðslöndunum og háðu harða keppni sín á milli. Vegna þessarar samkeppni reyndu þeir ósjaldan að fara ýmsar krókaleiðir til að komast hjá hinu opinbera norska lágmarksverði og máttu íslenskir saltfiskverkendur súpa seyðið af verðlækkunum sem slíku fylgdu.⁵⁴⁰

Nýfundnalendingar létu nokkuð til sín taka á ýmsum saltfiskmörkuðum en þó yfirleitt ekki mikið á þeim sem SÍF seldi til. Á kreppearunum var skipulagi komið á saltfiskútflutning á Nýfundnalandi en það var ekki fyrr en eftir síðari heimsstyrjöld sem sterk útflutningssamtök voru stofnuð, Newfoundland Associated Fish Exporters Limited (NAFEL). Svipaði skipulagi þeirra og starfsemi nokkuð til SÍF. NAFEL var veitt einkaleyfi til útflutnings á saltfiski en samtök þessi lentu hins vegar fljótlega í ýmsum kröggum og í lok sjötta áratugar voru þau komin að falli.⁵⁴¹

Á sjöunda áratugnum var snúið til fyrra horfs og útflutningur komst á hendur margra fyrirtækja. Reyndist sú ráðstöfun saltfiskverslun Nýfundnalendinga síst til góðs og hélt henni áfram að hraka. Árið 1970 greip Kanadastjórn því til þess ráðs að setja á fót sérstaka nefnd til að hafa umsjón og eftirlit með öllum saltfiskútflutningi frá Nýfundnalandi og Kanada. Hefur nefndin, Canadian Saltfish Corporation (CSC), skilað margvíslegum árangri og meðal annars komið í veg fyrir undirboð innbyrðis en þau voru áður tíð.⁵⁴²



NAFEL. Samtök saltfiskútflytjenda á Nýfundnalandi, NAFEL, störfuðu á svipaðan hátt og SÍF. Þau fluttu líka út undir eigin merki eins og sést á þessum trékössum fyrir þurrfisk. (Loftur Loftsson.)

Sjálfir voru Kanadamenn lengi sú framleiðsluþjóð sem einna minnst skipulag hafði á saltfiskútflutningi sínum. Í Kanada var til dæmis ekki komið á neinum heildarsamtökum um þennan útflutning á kreppuárunum. Eftir síðari heimsstyrjöld starfaði hins vegar þar í landi mjög sterkur félagsskapur sem hafði mikil áhrif á útflutning og verð þess fisks sem úr landi var seldur. Nefndust þessi samtök The Canadian Atlantic Salfish Exporters' Association.⁵⁴³

Á þessu sést að helstu keppinautar Íslendinga á saltfiskmörkuðum eftir stríðið hafa með einum eða öðrum hætti skipulagt útflutning sinn. Sterkust hafa útflutningssamtök verið á Íslandi og í Færeyjum þar sem þau hafa sjálf flutt út fisk og oftast setið ein að þeim útflutningi. Annars staðar hefur skipulag saltfiskútflutningsins ekki verið jafn mikið.

b. Tilraun til samvinnu 1946-48

Samkeppnin við aðrar framleiðsluþjóðir hefur oft verið ákaflega hörð. Óvild hefur þó alls ekki verið til að dreifa og saltfiskútflytjendur í helstu framleiðslulöndunum hafa átt ýmiss konar samskipti á liðnum áratugum. Fyrir í þessu riti var minnst á fund saltfiskframleiðsluþjóða í London árið 1939 þar sem ákveðið var að setja á stofn í London sameiginlega skrifstofu til að miðla upplýsingum um saltfiskframleiðsluna og stuðla að heiðarlegri samkeppni. Styrjöldin setti hins vegar strik í reikninginn og varð að leggja þessi áform til hliðar um sinn.⁵⁴⁴

Hugmyndinni um samvinnu milli framleiðsluþjóðanna var haldið vakandi á stríðsárunum. Til dæmis ræddi Thor Thors, sendiherra í Bandaríkjunum, margsinnis við menn frá Kanada, Nýfundnalandi og Noregi um nauðsyn þess að koma skynsamlegri skipan á sölu saltfisks að styrjöld lokinni til að forðast verðfall og vandræði á borð við þau sem ríkt höfðu í upphafi fjórða áratugarins.⁵⁴⁵

Eftir að heimsstyrjöldinni lauk náðist samkomulag um að Norðmenn gengjust fyrir fundi og var hann haldinn í Björgvin í september 1946. Voru Norðmenn raunar helstu talsmenn alþjóðlegrar samvinnu um saltfisksölu og óskuðu þeir sérstaklega eftir samvinnu við Íslendinga á þessu sviði.⁵⁴⁶

Á Björgvinjarfundinum árið 1946 var tekinn upp þráðurinn þar sem frá hafði verið horfið í London sjö árum áður. Á fundinum sendu fulltrúa sína, auk Frakka, sömu þjóðir og staðið höfðu að fundinum í London, það er Íslendingar, Kanadamenn, Danir, Færeyingar, Nýfundnalendingar, Norðmenn og Bretar. Fundarmenn urðu ásáttir um að halda til streitu þeim tillögum sem samþykktar höfðu verið í London 1939. Skyldu útflutningsamtök í þáttökuríkjunum reka sameiginlega skrifstofu í London en hún ætti meðal annars að miðla upplýsingum milli framleiðslulandanna og vinna að auglýsingum. Yfirumsjón með skrifstofunni skyldi vera í höndum framkvæmdaráðs sem skipað yrði einum fulltrúa frá hverju landi.⁵⁴⁷

Eftir fundinn í Björgvin fór hver til síns heima og lagði niðurstöður fyrir þá sem hagsmuna áttu að gæta. Á aðalfundi SÍF í nóvember 1946 var stjórn samtakanna veitt heimild til að taka þátt í stofnun sameiginlegrar skrifstofu saltfiskframleiðsluþjóðanna í London og tilkynnti hún það í árslok. Þá höfðu Noregur, Nýfundnaland og Bretland einnig tilkynnt þátttöku í þessari samvinnu.⁵⁴⁸

Þegar til átti að taka skárust aðrar framleiðsluþjóðir hins vegar úr leik, að sinni að minnsta kosti. Frakkar drógu sig í hlé vegna þess að þeir gerðu ekki ráð fyrir að flytja út saltfisk á komandi árum. Kanadamenn, Danir og Færeyingar voru að sönnu hlynntir stofnun skrifstofu til eflingar samvinnu framleiðsluþjóðanna en skortur á samstöðu þeirra heima fyrir kom í veg fyrir þátttöku þeirra.⁵⁴⁹

Enda þótt einungis fjórar framleiðsluþjóðir gæfu afdráttarlaust jáyrði var ætlunin að koma Lundúnaskrifstofunni á laggirnar. Nýr fundur var því haldinn í London í apríl 1948 og var fyrirhugað að ganga þar frá stofnun hinnar sameiginlegru skrifstofu. Að fundinum stóðu Norðmenn, Nýfundnalendingar, Íslendingar og Bretar en auk þess sendu Kanadamenn og Færeyingar áheyrnarfulltrúa.⁵⁵⁰

Á fundinum kom í ljós að dregið hafði úr áhuga Breta á náinni samvinnu og Nýfundnalendingar virtust hikandi. Hins vegar voru Norðmenn og Íslendingar eindregnustu talsmenn þess að saltfisk-

framleiðsluþjóðirnar tækju upp samvinnu sín á milli í samræmi við fyrri samþykktir. Lagði Kristján Einarsson, fulltrúi SÍF, áherslu á það sjónarmið íslensku sölusamtakanna að kynning og samstarf þeirra manna sem færu með saltfisksölu viðkomandi þjóða mundi stuðla að hækkun saltfiskverðs.⁵⁵¹

Kanadamenn og Færeyingar voru ekki fremur en áður reiðubúinir til þátttöku en mæltu þó með stofnun skrifstofu í London. Bretar vildu gera miklar breytingar á fyrirhuguðu skrifstofuhaldi og var ljóst að koma yrði til móts við þá til að greiða fyrir sem mestri þátttöku. Var því ákveðið að fara hægar í sakirnar, kosta minna fé og fela einhverju álitlegu fyrirtæki að annast upplýsingastarfsemina. Var ákveðið að hefja samstarf ef útflutningssamtök fjögurra landa tjáðu sig reiðubúin til þátttöku fyrir 15. júní sama ár.⁵⁵²

Bretar, Norðmenn og Íslendingar lýstu sig fúsa til samstarfs fyrir tilsettan tíma árið 1948 en þegar á reyndi drógu Nýfundnalendingar sig til baka.⁵⁵³ Var þá ekki talin ástæða til frekari aðgerða og ekkert varð af fyrirhuguðu samstarfi saltfiskframleiðsluþjóðanna.⁵⁵⁴ Sundurlyndi keppinauta kom í veg fyrir samvinnu þeirra á milli; góður vilji í upphafi dugði ekki þegar á hólminn kom.

c. Samvinna íslensku, norsku og færeysku sölusamtakanna á sjötta áratugnum

Enda þótt ekkert yrði af alþjóðlegri samvinnu um saltfisksölu á fimmta áratugnum voru ekki allir af baki dottnir í þessum efnum. Norðmenn og Íslendingar voru þær þjóðir sem einna mest munaði um á saltfiskmörkuðum. Var ljóst að tækist þessum tveim framleiðsluþjóðum að efna til náinnar samvinnu um sölu á saltfiski gætu þær mjög ráðið þróun mála í saltfiskversluninni.⁵⁵⁵

Árið 1951 grennsluðust Íslendingar fyrir um viðhorf Norðmanna til hugsanlegrar samvinnu þjóðanna um sölu á saltfiski. Eins og vænta mátti töldu Norðmenn slíka samvinnu mjög æskilega enda höfðu þeir verið helstu talsmenn samvinnu í saltfiskversluninni. Ýmsir Norðmenn létu einnig í ljós þá skoðun að reyna bæri að fá Færeyinga með í samstarfið; slíkt væri þó ekki nauðsynlegt þar sem Íslendingar og Norðmenn réðu yfir svo miklum saltfiski að þeir gætu sameiginlega haft úrslitaáhrif á markaðinn.⁵⁵⁶ Íslendingar höfðu þó líkt og Norðmenn áhuga á að fá Færeyinga með til fyrirhugaðrar samvinnu og ræddu við þá af því tilefni árið 1951.⁵⁵⁷

Árangurinn af þessum umleitunum varð sá að í maí 1952 hittust í París fulltrúar íslenskra, norskra og færeyskra saltfiskútflýjtjenda. Var tilgangur fundarins að ná samkomulagi um ýmislegt sem laut

að saltþisksölu þjóðanna þriggja. Samþykktu fundarmenn meðal annars að beita sér fyrir því að sölusamtökin í þessum löndum skiptust reglulega á upplýsingum um framleiðslu og sölu. Enn fremur var lýst áhuga á samvinnu um auglýsinga- og kynningarstarfsemi á mörkuðum til að auka saltþiskneyslu.⁵⁵⁸

Fundurinn í París árið 1952 markaði upphafið að töluverðu samstarfi sem saltþiskútflytjendur í þessum þremur löndum höfðu með sér um sölu næstu árin. Skiptust forsvarsmenn þeirra á upplýsingum um framleiðslu- og markaðsmál, verðlag og sölu til markaðslanda og héldu með sér fundi öðru hverju. Gerðu þjóðirnar sér meðal annars far um að forðast að bjóða of mikið fram á einstökum mörkuðum.⁵⁵⁹ Þegar halla tók á sjötta áratuginn strjáluðust þessi samskipti uns þau lögðust af með öllu enda bar þá á misklíðarefnunum.⁵⁶⁰

d. Fundahöld á áttunda og níunda áratugnum

Lítið fór fyrir alþjóðlegri samvinnu um saltþisksölu á sjöunda áratugnum. Hafa ber í huga að á þessum tíma fór því fjarri að við offramboð væri að etja og samkeppnin var því ekki eins hörð og oft áður. Nægir að minna á að spurn eftir íslenskum saltþiski var oftast mun meiri en framleiðendur hér á landi gátu annað. Undir lok sjöunda áratugarins dró hins vegar blikur á loft; saltþiskframleiðsla ýmissa þjóða stórjókst og erfitt reyndist að finna kaupendur að öllum fiskinum.

Þessir erfiðleikar áttu sinn þátt í því að nokkrar framleiðsluþjóðir ásamt ítölskum innflytjendum hugðust vinna saman að markaðsrannsóknum og útbreiðslustarfi á Ítalíumarkaði. Var stofnað félag á Ítalíu í þessu skyni í desember 1969 og stóðu að því útflytjendur saltþisks og skreiðar á Íslandi, í Færeyjum og Noregi, auk hagsmunafélags ítalskra fiskinnflytjenda (ANIPESCA). Var megintilgangur félagsins að vinna að aukinni neyslu á saltþiski og skreið á Ítalíu.⁵⁶¹ Í reynd varð þó ekkert úr fyrirhuguðu samstarfi og áður nefnt félag lognaðist út af. Strandaði samvinnan einkum á því að í Noregi var hver höndin upp á móti annarri; framleiðendur saltþisks og skreiðar þar í landi gátu ekki komið sér saman um kostnaðarhlutdeild í samtökunum.⁵⁶² Ekki mun heldur hafa verið algjör eining meðal ítölsku innflytjendanna.⁵⁶³

Tilraun þessi á Ítalíu var eitt dæmi um það að fiskframleiðendur sáu hagsmunum sínum best borgið með því að reyna einhvers konar samvinnu sín á milli. Í þessu tilviki var fyrirhuguð samvinna



Kynnisfundur í Montreal 1973. Forsvarsmenn saltfisksölusamtaka í helstu framleiðslulöndunum héldu um skeið fundi með sér. Hér sjást nokkrir þátttakendanna á einum þeirra, f.v.: Jákup Hansen, umboðsmaður Føroya Fiskasøla í markaðslöndunum; Aidan Maloney, framkvæmdastjóri Canadian Saltfish Corporation (CSC); Magnulf Myklebust, formaður De Norske Saltfiskeeksportørers Forening (DNKL); E. P. Weeks, stjórnarformaður CSC, og Tómas Þorvaldsson. (Asbjørn Solbakk.)

bundin við einn markað og beindist einkum að auglýsingastarfi. Af almennari toga var sú viðleitni sem framleiðsluþjóðir höfðu uppi á áttunda áratugnum til ýmiss konar samstarfs og upplýsingamiðlunar.

Það voru Kanadamenn sem riðu á vaðið og höfðu samband við stjórnarformann SÍF, Tómas Þorvaldsson. Hann var jákvæður og var því boðað til fundar haustið 1972 í Kaupmannahöfn.⁵⁶⁴ Þar hittust fulltrúar saltfisksölusamtaka í Noregi, Færeyjum og Kanada, auk þeirra íslensku. Fulltrúar framleiðsluþjóðanna ræddu ýmislegt sem snerti útflutningsmál og markaði fyrir saltfisk, eftirspurn, birgðir, meðferð fisksins, pökkunaraðferðir, samræmingu á vigt og fleira. Eftir fundinn lýstu fulltrúar allra þjóðanna fjögurra yfir því að þeim hefði þótt hann mjög gagnlegur; þeir hefðu aflað sér mikilvægra upplýsinga og stofnað til persónulegra kynna hver við annan.⁵⁶⁵

Á fundinum var ákveðið að þátttökupjóðirnar héldu reglulega með sér fundi af þessu tagi og voru þeir haldnir tvisvar á ári allt fram undir 1980. Á þeim var saltfisksalan rædd frá ýmsum sjónar-




Kynnisfundur í Álasundi 1986. Þegar á leið strjáluðust fundahöld saltfiskframleiðsluþjóðanna en þessi mynd er tekin við eitt slíkt tækifæri, f.v.: Robert Poulsen, forstöðumaður tækni-sviðs hjá Føroya Fiskasöla; Aidan Maloney frá CSC; Jorulf Straume, aðstoðarframkvæmdastjóri Unidos og DNKL; Jorunn Straume; Peer A. Torvik, formaður DNKL; Sjurður Rasmussen frá Føroya Fiskasöla; Sigurður Sigfússon, sölumaður hjá SÍF; Sigurður Haraldsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SÍF; Carl E. Wheeler, framkvæmdastjóri CSC, og Sigurður Bogason, forstöðumaður rannsóknastofu SÍF.

hornum og skipst á margvíslegum upplýsingum.⁵⁶⁶ Hér var hins vegar ekki á ferðinni tilraun til náinnar samvinnu um saltfiskverð og sölu á einstaka markaði í líkingu við það sem verið hafði á sjötta áratugnum og áður er lýst.

Þótt fundirnir á áttunda áratugnum snerust eingöngu um upplýsingamiðlun og ýmis samræmingaratriði höfðu þeir margvíslegt gildi. Tómas Þorvaldsson, er sat marga þessara funda sem stjórnarformaður SÍF, taldi þeim það helst til gildis að þær upplýsingar sem kæmu fram á þeim væru yfirleitt nokkuð áreiðanlegar, auk þess sem slíkir fundir stuðluðu að því að framleiðsluþjóðirnar tækju meira tillit hver til annarrar en ella og að samkeppnin yrði heiðarlegri.⁵⁶⁷ Þá leiddu þessir fundir til allnáinna, persónulegra kynna milli manna og urðu til dæmis til þess að nefnd starfsmanna og framleiðenda frá SÍF, auk starfsmanns frá Fiskmati ríkisins, heim sótti fiskverkunarstöðvar í Noregi árið 1974 og kynnti sér vinnubrögð Norðmanna og tækni.⁵⁶⁸

Þrátt fyrir ýmsan ávinning af þessum fundahöldum munu þau að mestu hafa fallið niður á níunda áratugnum. Þó hittust forsvars-

menn íslenskra, norskra, færeyskra og kanadískra saltfiskseljenda nokkrum sinnum og ræddu ýmis sameiginleg hagsmunamál eins og til dæmis ráð gegn ormagengd í fiski en það var mál sem unnt var að ná samstöðu um hvað sem leið samkeppni á mörkuðum.⁵⁶⁹



MORUE

Islandaise

J.L.

VIII.
Sölusamband
íslenskra
fiskframleiðenda
1932-93



1. Starfssvið og stjórn

a. Sölustarfsemin

Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda hafði ávallt það meginmarkmið að koma framleiðslu félagsmanna á markað fyrir besta fánlegt verð. Þetta meginmarkmið var sett í fyrstu lög samtakanna árið 1935 þar sem sagði að tilgangur þeirra væri að selja saltfisk félagsmanna með sem hagstæðustum kjörum og beita sér jafnframt fyrir vöruvöndun.¹

Samtökin framfylgdu þessu markmiði lengstum með þeim hætti að þau seldu fiskinn með aðstoð umboðsmanna í hverju markaðslandi fyrir sig. Fiskinnflytjendurnir sáu síðan um dreifingu á fiskinum og þurrkun þar sem það tíðkaðist. Þess utan fóru framkvæmdastjóri eða -stjórar og stjórnarformaður að sjálfsögðu í samningaferðir og yfirleitt margar á ári; stundum var einn stjórnarmaður eða fleiri með í för. Á síðustu árum SÍF urðu dálitlar áherslubreytingar þótt söluferðirnar héldu fullu gildi sínu en það var þegar skrifstofum var komið á fót með mönnum á launum í fullu starfi.²

Á ferð og flugi. Sölustarfið
í markaðslöndunum
hefur alltaf útheimt mörg
ferðalög og hér eru fram-
kvæmdastjórar SÍF,
Kristján Einarsson, Ólafur
Proppé og Richard Thors,
á ferð ásamt dóttur
Richards, Unni Thors,
og eiginkonu hans, Jónu
Þórðardóttur Thors.



Sala með milligöngu umboðsmanna stóð á gömlum merg í íslenskri útflutningsverslun þegar SÍF var stofnað og af stofnendum samtakanna hafði Kveldúlfur að minnsta kosti haft umboðsmenn í markaðslöndunum.³ Þrátt fyrir langlífi umboðsmannakerfisins risu samt stundum umræður innan samtakanna um hugsanlegar breytingar í þessu efni. Var þá meðal annars tekið mið af reynslu annarra íslenskra sölusamtaka, ekki síst Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna sem um áratugaskeið hefur notast við sérstakar söluskrifstofur í Evrópu og Ameríku til að koma frystum fiski á markað.


Árið 1954 samþykkti aðalfundur SÍF að beina því til stjórnar samtakanna að leggja drög að margvíslegri nýskipan í sölu. Skyldi stjórnin meðal annars vinna að því að setja upp skrifstofu í Suður-Ameríku til að annast sölu á saltfiskinum. Jafnframt var skorað á félagsstjórnina að undirbúa stofnun eigin skrifstofu í aðalmarkaðslöndum SÍF í Evrópu en þar til slíkt væri komið í kring skyldu íslenskir menn látnir ganga fyrir við veitingu fiskumboða, væru þeir á annað borð búsettir í viðkomandi löndum og stjórn samtakanna teldi þá hæfa til starfans.⁴ En sannleikurinn var sá að þá voru nær allir umboðsmennirnir, nálægt 8-10 talsins, erlendir; aðeins Hálfan Bjarnason og Þórður Albertson voru íslenskir.⁵

Þeir sem tortryggastir voru á hugmyndir um söluskrifstofur erlendis og töluðu líklega af einna mestri þekkingu um þessi mál voru forystumenn Sölusambandsins. Richard Thors, stjórnarformaður, sagði að slíkar skrifstofur væru með öllu óþarfar; SÍF hefði ágæt sambönd í Evrópu og söluskrifstofum mundi einungis fylgja aukinn kostnaður. Kristján Einarsson, framkvæmdastjóri, var einnig vantrúaður á þessar hugmyndir. Hann kvaðst hins vegar síður en svo hafa á móti því til dæmis að ala upp unga menn til starfa í Brasilíu en slíkt tæki að sjálfsögðu nokkurn tíma.⁶

Helsta sýnilega breytingin vegna tillögunnar, sem samþykkt var á aðalfundinum 1954, var sá að Pálmi Ingvarsson var ráðinn til starfa fyrir SÍF í Brasilíu árið 1956 og dvaldi hann þar til ársins 1958. Voru störf Pálma afar þýðingarmikil og fólust þau einkum í því að greiða fyrir leyfum til innflutnings á íslenskum saltfiski og aðstoð við íslenska aðila sem vörur keyptu í Brasilíu.⁷ Pálmi kom hins vegar ekki í stað umboðsmannanna sem þar voru heldur starfaði hann við hlið þeirra og í samvinnu við þá. Í Evrópu varð engin breyting; engar söluskrifstofur voru settar á legg og umboðsmannakerfið hélst óbreytt.

Um miðjan sjöunda áratuginn var ákveðið að leggja meiri áherslu á söluferðir framkvæmdastjóra og stjórnarformanns en fækka umboðsmönnum þess í stað og lækka laun þeirra. Þótti þetta skapa nánara samband milli kaupenda og SÍF, hafa umtalsverðan

*Kaflaupphaf VIII:
Auglýsingabæklingur
gefinn út af SÍF árið 1953.
(Atli Már.)
Kæligeymslur SÍF í Bilbao á
Spáni um 1990.*



Pálmi Ingvarsson. Hann var vararæðismaður Íslands í Rio de Janeiro um tíma og lagði jafnframt lið við sölu á saltfiski þar 1956-58.

sparnað í för með sér og stjórnin fékk betri þekkingu á þörfum og óskum kaupenda.⁸


Einnig varð nokkur breyting á tengslunum við Ítalíu eftir að Hálfðan Bjarnason lét þar af störfum sem umboðsmaður samtakanna árið 1965. Var þá sett upp skrifstofa í Genovu, þar sem Hálfðan hafði búíð, og maður að nafni Ludwig Fritz Lustig ráðinn til að veita henni forstöðu. Skrifstofa þessi var starfrækt til ársins 1989 þegar Lustig féll frá og hafði hún með höndum öflun upplýsinga um saltfiskmarkaðinn á Ítalíu og hélt jafnframt uppi sambandi við saltfiskinnflytjendur þar í landi.⁹

Þá varð breyting á sambandinu við Spán eftir að Þórður Albertson, sem verið hafði um langt skeið annar tveggja umboðsmanna SÍF á Spáni, lést árið 1972.¹⁰ Hinn umboðsmaðurinn, Ole Lökvik, hafði þá stuttu áður látið af störfum og við fráfall Þórðar var ákveðið að leggja niður umboð SÍF á Spáni en annast þess í stað sölu þangað með sérstökum ferðum.¹¹ Líkt og fyrirnefnd breyting á Ítalíu hafði þetta í för með sér töluverðan sparnað fyrir Sölusambandið.¹²

Hugmyndin um skrifstofur erlendis kom ávallt upp á yfirborðið öðru hverju næstu árin. Má til dæmis geta þess að á aðalfundi árið 1976 hreyfði Tómas Þorvaldsson, stjórnarformaður, því að ef til vill væri rétt að setja á stofn nokkurs konar „Saltwater Seafood Corporation“ einhvers staðar í Suður-Evrópu sem annaðist fyrir SÍF málefni markaðanna þar að svo miklu leyti sem lítil stofnun væri fær um. „Ég held að öll upplýsingasöfnun og samband við kaupendur yrði auðveldara viðfangs og að sölukostnaður þyrfti ekki að aukast“, sagði Tómas en gat þess einnig að hugmyndin hefði ekki verið rædd í stjórn SÍF.¹³

Vangaveltur Tómasar voru að mörgu leyti keimlíkar hugmyndum manna á sjötta áratugnum um opnun söluskrifstofa erlendis. Er greinilegt að sölukerfið varð mönnum oft tilefni til umhugsunar og verkendur höfðu augun opin fyrir hugsanlegum breytingum á því. Hvað sem því líður stóð umboðskerfið styrkum fótum. Margir umboðsmannanna höfðu starfað fyrir SÍF um áratuga skeið, þeir höfðu aflað sér dýrmætrar reynslu, góðrar þekkingar á mörkuðum og síðast en ekki síst mikilvægra tengsla við saltfiskkaupendur.

Seint á níunda áratugnum varð ýmislegt þess valdandi að settar voru upp söluskrifstofur og markaðsstarfið aukið með stofnun dótturfyrirtækja. Fyrsta breytingin í þessu efni var á Spáni árið 1987. Eins og drepið var á framar í þessu riti var svo komið á níunda áratugnum að kaupendum SÍF þar í landi hafði fækkað mjög, innflutningurinn var aðeins í höndum fárra innflytjenda og aðallega þó eins þeirra, fyrirtækisins Trueba y Pardo.¹⁴ Þetta þótti af ýmsum ástæðum óheppilegt og var því ákveðið að opna söluskrifstofu í Barcelona



Saltfiskvika á Spáni. Í samvinnu við ýmsa spænska aðila skipulagði söluskrifstofan á Spáni mikla kynningu á íslenskum saltfiski árið 1990. Meðal annars var slegið upp stóru tjaldi í Barcelona og gestum boðið að bragða á saltfiskréttum; auk þess höfðu sum veitingahús óvenjumikið úrval saltfiskrétta á boðstólum.

með manni í fullu starfi, José Solernou. Ætlunin var að komast í nánari tengsl við markaðinn, fjölga kaupendum og auka söluna síðast en ekki síst.¹⁵

Skrifstofan á Spáni var opnuð síðla árs 1987 og nokkrum árum síðar, 1990, var stofnað sérstakt dótturfyrirtæki SÍF þar í landi, Union Islandia, sem tók við af söluskrifstofunni. Þá var starfsemin komin í mótaðan farveg og nýja fyrirtækinu var einkum ætlað að sjá um dagleg samskipti við Spánarmarkað og kaupendur þar, vinna áfram að almennu markaðsstarfi og minna stöðugt á íslenska saltfiskinn með ýmsu móti. Meðal þess sem dótturfyrirtækið vann að í samvinnu við spænska aðila var vegleg saltfiskvika árið 1990 og útgáfa matreiðslubókar um saltfiskrétti.¹⁶

Að auki var í verkahring Union Islandia að hafa umsjón með stórrí kæligeymslu sem SÍF hafði tekið á leigu nokkrum árum áður. Hún gerði SÍF líka kleift að veita kaupendum, sem ekki áttu kæligeymslur sjálfir, meiri þjónustu og meðferðin á fiskinum batnaði. Tildrögin að leigu kæligeyslunnar voru þau að eftir að söluskrifstofan var sett upp árið 1987 hætti aðalkaupandi SÍF fram að því, Trueba y Pardo, viðskiptum við sölusamtökin en hann hafði átt sína eigin kæligeymslu. Hinir nýju kaupendur á Spáni höfðu hins vegar ekki yfir nægu kælirými að ráða og tókst SÍF þá að komast að hagstæðum samningum um leigu stórrar og góðrar kæligeymslu í Bilbao, rétt við höfnina. Einfaldaði hún líka losun skipanna og lækkaði kostnaðinn við hana.¹⁷

Árið 1990 fór Sölusambandið inn á nýjar brautir í sölu- og markaðsstarfsemi sinni er það festi kaup á saltfiskverksmiðju í Frakklandi. Ákveðið hafði verið að ná betri fótfestu á mörkuðunum innan Evrópubandalagsins og voru kaup afráðin þegar í ljós kom að Nord Morue, sem var gróið fyrirtæki í þessari grein og hafði átt góð viðskipti við SÍF, var til sölu um þær mundir. Fyrirtækið reykti fisk, þurrkaði saltfisk og framleiddi margs konar saltfiskafurðir, meðal annars í neytendaumbúðir sem voru seldar í stórmörkuðum, bæði í Frakklandi og víðar.¹⁸




La Cocina del Bacalao. Matarmenning Spánverja, og þá einkum Katalóníubúa, er sérlega auðug af saltfiskréttum enda aldalöng hefð fyrir neyslu saltfisks þar. Þessi matreiðslubók um saltfiskrétti kom síðar út á íslensku undir heitinu Suðrænir saltfiskréttir.

Með kaupunum á Nord Morue aflaði SÍF sér meiri og breiðari þekkingar á framleiðslu ýmiss konar fiskafurða og í leiðinni fengust mikilvæg viðskiptasambönd, líka í smásölnunni. Þá gerði verksmiðjan unnt að komast hjá háum tollum EB á unnum saltfiskafurðum eins og neytendapakningum. Með því að flytja út hráefni á lágum tollum til vinnslu í verksmiðjunni hefur virðisaukinn verið fluttur óskertur heim til Íslands, í stað þess að vera tollaður við innflutning til EB-landa. Einnig gerði verksmiðjan það auðveldara en áður að selja afurðir, unnar á Íslandi, áfram til annarra Evrópulanda vegna nálægðar við markaðina og þekkingar á þeim.¹⁹

Kæligeymslan í Bilbao. Árið 1988 tók SÍF á leigu kæligeymslu í Bilbao og reyndist hún mjög notadrjúg. Ekki fer milli mála hvaða bygging hýsir saltfiskinn og er hún að sjálf-sögðu höfð hvít eins og skipin til að fyrirbyggja óþarfa hitamyndun af völdum sólarinnar. Stuttu seinna var svo önnur geymsla reist við hliðina á þessari.

Eftir að verksmiðjan komst í eigu SÍF árið 1990 starfaði þáverandi framkvæmdastjóri, Gille Mercier, um skamma hríð en síðan hefur henni verið stjórnað af íslenskum mönnum, fyrst Sighvati Bjarnasyni en síðan Birgi Sævari Jóhannssyni.²⁰ Er óhætt að fullyrða að kaupin á Nord Morue voru tímamótaákvörðun því þau styrktu mjög stöðu SÍF á saltfiskmörkuðum Evrópu, og í Frakklandi sér-





Vélasalur í Nord Morue. Hér eru íslenskir framleiðendur og fleiri gestir að skoða Nord Morue-verksmiðjuna sem SÍF keypti árið 1990. Sigurður Haraldsson, annar f.h., sýnir hér vélar sem pakka fiski í neytendaumbúðir. (Guðjón Einarsson.)

staklega, og gerðu Sölusambandið hæfara til að bregðast við sífellt örrari breytingum sem gerast nú á matvælamörkuðum.

Próun mála á Ítalíu var Sölusambandinu nokkurt áhyggjuefni þegar kom fram á níunda áratuginn því neyslan var að minnka smám saman. Á síðustu áratugum hafði dreifing matvæla og neysluvenjur breyst mikið og komið illa við sölu og neyslu hefðbundins saltfisks.²¹ Áður hafði saltfiskurinn einkum verið seldur í smáverslunum útvatnara sem sérhæfðu sig í sölu á saltfiski og skreið. Stórmarkaðir sáu nú æ meira um sölu og dreifingu á matvörum almennings og ópakkaður, hefðbundinn saltfiskur féll illa að matvælum í neytendaumbúðum í kæliborðum vegna lyktar, stærðar og umbúnaðar hans. Ef saltfiskurinn átti ekki einfaldlega að hverfa af borðum ítalskra neytenda varð að bregðast við þessu með sölu á saltfiskafurðum í neytendaumbúðum, við hliðina á hefðbundnum saltfiski.²²

Eftir að söluskrifstofu SÍF í Genova var lokað árið 1989 við lát umboðsmannsins þar, Ludwigs F. Lustigs, voru þessi mál athuguð ofan í kjölinn og ákveðið að opna nýja skrifstofu í Mílanó sem þótti hentugri staður. Var hún opnuð í ársbyrjun 1991 og veitti Sigurður Sigfússon henni forstöðu.²³

Framleiðsla saltfiskafurða í neytendaumbúðum var þá hafin og til að fylgja markaðssetningu þessarar vöru betur eftir á Ítalíu var álitnið nauðsynlegt að opna þar aftur skrifstofu með manni í fullu starfi. Vegna áður nefndra breytinga á Ítalíu þótti líka nauðsynlegt að vera nálægt kaupendum til að veita þeim betri þjónustu og efla kynningu á íslenskum saltfiskafurðum, meðal annars með auglýsingum eins og á Spáni. Hefur þetta tvennt, ásamt því að selja framleiðsluvörur Nord Morue og Ítalíuskreið, verið aðalverkefni skrifstofunnar síðan.²⁴



Sighvatur Bjarnason. Hann var sölumaður hjá SÍF um nokkurra ára skeið áður en hann tók við rekstri Nord Morue árið 1990.



*Birgir Sævar Jóhannsson.
Áður en hann tók við af
Sighvati Bjarnasyni
sem framkvæmdastjóri
Nord Morue árið 1992
gegndi hann starfi fjár-
málastjóra hjá SÍF.*

b. Hagsmunagæsla – þjónusta

Á stríðsárunum lagðist saltfiskverkunin svo til niður og SÍF stóð frammi fyrir nýjum aðstæðum eftir að verkun og sala gat hafist á nýjan leik. Sú tíð var liðin að þessi sölusamtök væru þau stærstu í íslenskum sjávarútvegi. Frystingin var komin í fyrsta sætið og þau samtök sem stofnuð höfðu verið um freðfiskútflutning árið 1942 voru í örum vexti. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna var fulltrúi nýrrar atvinnugreinar sem lofaði góðu og ýmsir bundu miklar vonir við. Hin gamalgróna atvinnugrein, saltfiskframleiðslan, átti hins vegar nokkuð í vök að verjast gagnvart frystingunni og þá ekki síst á sjötta áratugnum.

Framleiðendur undu þessu lítt og innan SÍF var tekið að ræða hugsanlegar leiðir til að efla samtökin og nota þau til að berjast fyrir bættum hag félagsmanna. Menn áttuðu sig fyllilega á því að það var ekki síst komið undir félagslegum styrk Sölusambandsins og virku starfi hvort saltfiskframleiðslan fengi að njóta sannmælis og viðunandi rekstrargrundvallar.

Það var engin tilviljun að mál þessi komu til umræðu á aukafundi SÍF sem haldinn var í ársbyrjun 1957. Tilefnið var að þá hafði nýlega verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um sölu og útflutning sjávarafurða og taldi stjórn SÍF það ógna tilvist samtakanna. Félagsmenn voru á einu máli með stjórninni og var frumvarpinu mótmælt af yfirgnæfandi meirihluta fundarmanna.²⁵

Á þessum aukafundi urðu þess utan töluverðar umræður um Sölusambandið, eðli þess og árangur. Fram að stríðinu hafði SÍF stundum beitt sér í hagsmunamálum framleiðenda.²⁶ En síðan hafði það aðallega starfað sem sölufélag eins og félagslög mæltu fyrir um. Stjórnin hafði litið svo á að önnur málefni framleiðenda lægju utan verksviðs SÍF enda Landssamband íslenskra útvegsmanna stofnað til þeirra hluta árið 1939.²⁷ Við þetta voru ekki allir félagsmenn sáttir, á sama tíma og hagur þeirra þrengdist að ýmsu leyti. Af þessum sökum var samþykkt að fela stjórn og framkvæmdastjórum SÍF að undirbúa nauðsynlegar breytingar á lögum félagsins þannig að það starfaði sem almennt hagsmunafélag saltfiskframleiðenda jafnframt því að vera sölufélag.²⁸

Í samræmi við samþykkt aukafundarins lagði stjórn SÍF fram á aðalfundi í júní 1957 tillögu til breytingar á félagslögum sem samþykkt var mótakvæðalaust og markaði hún óneitanlega nokkur tímamót í sögu Sölusambandsins. Með breytingu þessari var starfssvið samtakanna aukið. Var það nú fest í lög að auk þess sem SÍF seldi afurðir félagsmanna og beitti sér fyrir vöruvöndun skyldi það starfa sem almennt hagsmunafélag saltfiskframleiðenda; meðal



Stjórn og framkvæmdastjórnar SÍF árið 1952. Á aðalfundi þetta ár var fjölgað í aðalstjórn úr fimm í sjö og hér sést nýja stjórnin. Fremri röð f.v.: Jón G. Mariásson, bankastjóri; Richard Thors, formaður, og Jóhann Þ. Jósefsson. Aftari röð f.v.: Kristján Einarsson, framkvæmdastjóri; Ólafur Jónsson; Hafsteinn Bergþórsson; Valgarð J. Ólafsson, vara- maður Helga Péturssonar, og Helgi Þórarinnsson, framkvæmdastjóri. Jón Gíslason vantar og alla sjö varamennina. (Pétur Thomsen.)

annars skyldu samtökin leita samstarfs við stjórnvöld landsins um verðlagsmál og þau málefni öll er starfsemina vörðuðu.²⁹

Þrátt fyrir breytinguna á félagslögum 1957 var innra félagsstarf SÍF og hagsmunabaráttu samtakanna áfram í deiglu. Mörgum verkendum fannst þeir standa höllum fæti og það sjást best á því að æ fleiri hættu saltfiskverkun. Annað skref var því stigið í maí árið 1959 er aðalfundur SÍF samþykkti einróma tillögu um kosningu þriggja manna nefndar sem ræða skyldi við ríkisstjórnina og bankana og vinna að því að hlutur saltfiskverkunar yrði svo ríflegur að ekki þyrfti að stunda þá atvinnugrein með lakari árangri en aðrar greinar í sjávarútvegi. Voru kosnir í þá nefnd Ársæll Sveinsson, Vestmannaeyjum, Hafsteinn Bergþórsson, BÚR, og Loftur Bjarnason, Hafnarfirði.³⁰ Áður en þessi nefnd hæfi störf gerðust hins vegar atburðir sem urðu vendipunktur í hagsmunastarfi samtakanna.

Um þessar mundir fannst mörgum verkendum stjórnin ekki hafa verið nógu skelegg og ekki fylgt eftir útvíkkun starfssviðsins frá árinu 1957 nægilega vel. Þeim þótti stjórnin aðgerðalítill í hagsmunamálum þeirra og vera orðin stöðnuð.³¹ Blandaðist inn í þetta ýmiss konar óánægja frá fyrri árum með stjórnina. Snemma á sjötta áratugnum heyrðust þær raddir að ekki væri nógu náið samband milli fiskeigenda og stjórnar SÍF.³² Enn fremur var að því fundið öðru hverju að þótt nefndir væru skipaðar um ýmis brýn mál kæmi ekkert frá þeim og bæri stjórnin að sjá til þess að þær skiluðu af sér.³³ Þá var stjórnin gagnrýnd fyrir að vera ekki nægilega vakandi í markaðsmálum, standa ekki rétt að sölusamningum og fyrir að

huga ekki að nýjum pakkningum sem aukið gætu sölu.³⁴ Síðast en ekki síst fannst sumum hlutur landsbyggðarmanna vera lítill því stjórnarmennirnir væru allir af Suðvesturlandi;³⁵ fleira má raunar og nefna.³⁶

Erfitt er að leggja dóm á öll þessi atriði og raunar illgerlegt að meta til fulls hversu réttmæt gagnrýnin var. Stjórnin hafði vissulega ekki reynt nýjar pakkningar og nefndir hefðu mátt vera skilvirkari af aðalfundargerðum að dæma. Markaðsmálin voru löngum umdeild og brestur höfunda bæði gögn og þekkingu til að meta störf stjórnarinnar í því efni. Gagnrýnin snerist líka undir niðri ekki hvað síst um menn, stjórnina sjálfa, og þegar litið er á hana sést að stjórnarmenn voru ekki allir í föstum tengslum við saltfiskútflutning, orðnir nokkuð aldraðir og höfðu setið lengi sumir hverjir.

Eftir breytingu á félagslögum SÍF árið 1952 sátu sjö í aðalstjórn og áttu fiskverkendur þar sex fulltrúa. Frá árinu 1952 til 1959 höfðu eftirtaldir verið fyrir hönd fiskeigenda: Helgi Pétursson til 1957 og þá Valgarð J. Ólafsson, báðir fyrir SÍS; Hafsteinn Bergþórsson fyrir BÚR; Ólafur Jónsson árið 1952 og síðan Tryggvi Ófeigsson; Jón Gíslason; Jóhann P. Jósefsson; og Richard Thors.³⁷ Af þeim fluttu tveir fulltrúar út fyrir annars reikning (SÍS, BÚR), tveir voru ekki síður í öðrum vinnslugreinum (frystingu og herslu) og tveir munu hafa verið í fremur litlum tengslum við saltfiskframleiðslu á þessum árum. Þá voru stjórnarmennirnir árið 1959 allir að undanteknum einum komnir á sjötugs- og áttæðisaldur og höfðu sumir setið mjög lengi í stjórninni.³⁸ Framleiðendum þótti eðlilegra að í stjórn samtakanna sætu einungis þeir sem stæðu sjálfir í eldlínunni, hefðu saltfiskframleiðslu að aðalatvinnu og flyttu út fyrir eigin reikning.³⁹

Allt að einu magnaðist óánægja meðal saltfiskframleiðenda sem höfðu söltunina að aðalstarfi. Kom þar að boð var látið út ganga, haft var samband við að minnsta kosti 39 framleiðendur og boðað til fundar 10. september 1959 á Hótel Borg í Reykjavík. Komu þar saman milli tuttugu og þrjátíu fiskverkendur víðs vegar af landinu og ræddu málin. Þótt ekki gætu allir, sem boðaðir voru, komist á fundinn var þetta um þriðjungur félagsmanna í SÍF og réðu þeir yfir meira en helmingi útflutningsins.⁴⁰ Niðurstaðan varð sú að stofna félag til að vinna að hvers konar hagsmunamálum framleiðenda og rituðu tólf verkendur undir eftirfarandi yfirlýsingu:

Félagsstofnun

Við undirritaðir saltfiskframleiðendur höfum ákveðið að beita okkur fyrir stofnun félagsskapar með því markmiði að vinna að hagsbótum saltfiskframleiðenda á sem flestum sviðum.

Við teljum rétt, að stofnfundurinn verði það snemma í haust, að félagið geti orðið samningsaðili við fulltrúa ríkisstjórnarinnar, þegar rætt verður um fjárhagsgrundvöll útflutningsframleiðslunnar fyrir árið 1960.

Félagsskapur þessi á að gegna sams konar hlutverki fyrir saltfiskframleiðsluna í samstarfi við S.Í.F. og félag síldarsaltenda gera nú fyrir salt-síldarframleiðsluna í samstarfi við Síldarútvegsnefnd.⁴¹

Þennan sama dag var haldinn stjórnarfundur í SÍF og gengu þrír af þeim tólf sem höfðu ritað undir yfirlýsinguna á fund stjórnarinnar. Þetta voru þeir Margeir Jónsson, Keflavík, Sveinbjörn Árnason, Kothúsum, og Tómas Þorvaldsson, Grindavík. Á þeim fundi ræddust hvorir tveggja við um ágreiningsmálin.⁴²

Nokkrum dögum seinna var haldinn stjórnarfundur í SÍF og í bréfi stjórnar til forsvarsmanns hópsins, Margeirs Jónssonar, komu fram viðbrögð hennar. Stjórn SÍF sagði að samkvæmt lögum þess ættu samtökin að gæta hagsmuna framleiðenda almennt og áleit hún því að ekki væri „ástæða til að stofna sérstakt hagsmunafélag saltfiskframleiðenda ...“ Hins vegar bauðst hún til að skipa nefnd „til að vinna að bættri aðstöðu til saltfiskframleiðslu við væntanlega ríkisstjórn og aðra aðila, svo og öðrum hagsmunamálum saltfiskframleiðenda.“ Óskaði hún eftir tilnefningum framleiðenda í þessa nefnd.⁴³

Í bréfi stjórnar SÍF voru talin upp nokkur verkefni sem nefndin skyldi hafa með höndum:


- 1) Samninga við ríkisstjórnina um rekstrargrundvöll fyrir næsta ár.
- 2) Að vinna að hækkuðum útlánum út á saltfisk við bankana.
- 3) Að fá lánsstofnanir til þess að auka og veita ný lán til saltfiskhúsa – þurrkhúsa, svo og til kaupa á þeim tæknilegu vélum, sem menn vildu afla sér, og álitid er, að kæmu saltfiskframleiðendum að notum.
- 4) Að vinna að öðrum þeim hagsmunamálum saltfiskframleiðenda, er fram kunna að koma.⁴⁴

Andófsmennirnir af fundinum á Hótel Borg tóku þessu boði eftir að gengið hafði verið að vissum kröfum þeirra.⁴⁵ Tilnefndu þeir sex menn í nefndina en stjórn SÍF tilnefndi þrjá menn. Hinir fyrrnefndu voru Tómas Þorvaldsson, Margeir Jónsson, Ársæll Sveinsson, Vilhjálmur Árnason, Reykjavík, Víglundur Jónsson, Ólafsvík, og Egill Júlíusson, Dalvík. Þeir síðarnefndu voru Hafsteinn Bergþórsson og framkvæmdastjóri SÍF, þeir Helgi Þórarinsson og Kristján Einarsson.⁴⁶ Formaður nefndarinnar var kosinn Tómas Þorvaldsson.

Að frátöldum framkvæmdastjórum SÍF og fulltrúa BÚR, Hafsteini Bergþórssyni, voru allir í hagsmunanefndinni sjálfstæðir framleiðendur og höfðu fíksöltun að aðalatvinnu. Var tilnefning



Margeir Jónsson. Hann rak verkunarstöðina Röst í Keflavík og var einn andófsmanna.



Sveinbjörn Árnason í Kothúsum í Garði. Hann var meðal eldri verkenda en fylgdi andófsmönnum að málum á árinu 1959. (Ljósstofan Loftur.)



Tómas Þorvaldsson. Hann rak saltfiskstöðina Þorbjörn í Grindavík ásamt tveimur öðrum og valdist fljótt til forystu af andófsmönnum.

nefndarinnar staðfest af stjórn SÍF 25. september 1959 og hófst hún þegar handa.⁴⁷ Gekk hún í daglegu tali undir nafninu hagsmunanefndin allt fram á síðustu ár en formlegt heiti hennar, að minnsta kosti framan af, var fulltrúanefnd saltfisksölumála.⁴⁸

Jafnframt skipun hagsmunanefndarinnar urðu breytingar í stjórn SÍF á næsta aðalfundi samtakanna, vorið 1960. Var Tómas Þorvaldsson kosinn aðalmaður, en varamenn Lárus Ársælsson úr Vestmannaeyjum, Margeir Jónsson, og Ólafur Sigurðsson frá Akranesi sem allir höfðu saltfiskverkun að aðalstarfi. Á næstu árum urðu enn mannabreytingar og treystu verkendur stöðu sína í stjórn SÍF.⁴⁹ Samhliða þessu urðu varamenn virkari en áður í starfi samtakanna og voru þeir alltaf boðaðir á stjórnarfundum frá og með 1965.⁵⁰

Hagsmunanefndin hófst þegar handa og aflaði ýtarlegra upplýsinga um kostnað við verkun saltfisks og samdi greinargerð með til að leggja fyrir stjórnvöld en það hafði ekki verið gert áður. Reyndar höfðu einhverjir útreikningar verið gerðir um framleiðslukostnað saltfisks mörgum árum áður en þeir voru aðeins vinnuþag fyrir stjórnina. Auk þessa beitti hagsmunanefndin sér fyrir því að upplýsingar yrðu fengnar um flatningsvélar sem byrjað var að nota við saltfiskverkun en þær þóttu mikil þarfæing.⁵¹

Með útreikningana og greinargerðina að vopni var þess síðan farið á leit við stjórnvöld að þau leiðréttu rekstrarafkomu saltfiskframleiðslunnar með aukauppbótum á saltfisk. Enda þótt stjórnvöld sæju sér ekki fært að verða við þeirri ósk árið 1960 sannaði starf hagsmunanefndarinnar brátt gildi sitt. Hún sá til þess að eftirleiðis lægju fyrir upplýsingar um hin margvíslegustu hagsmunamál saltfiskframleiðenda, upplýsingar um afkomuna og aðra þætti sem snertu þessa atvinnugrein.⁵²


Fyrsta hagsmunanefndin (1959) var skipuð með þeim hætti sem framar er lýst en árið eftir var í fyrsta sinn kosið í þessa nefnd á aðalfundi samtakanna og hélst sá háttur á síðan. Fjöldi nefndarmanna, sem verkendur kusu úr sínum hópi, var breytilegur í gegnum árin eða frá fimm og í níu, og síðustu árin allt að 14 manns. Auk þessara manna áttu framkvæmdastjórn SÍF sæti í nefndinni fram til 1978 og skrifstofustjóri SÍF var þar um árabíl. Við breytingar á félagslögum árið 1991 var heiti nefndarinnar breytt í hagsmunaráð en verksvið hennar var að mestu hið sama.⁵³

Verkefni hagsmunanefndarinnar voru af ýmsu tagi. Afkomumál-in voru eitt helsta viðfangsefni hennar en hún fjallaði einnig um ýmis önnur hagsmunamál saltfiskframleiðenda.⁵⁴ Verðlagsmálin voru jafnan ofarlega á baugi og hafði hagsmunanefndin frá upphafi með höndum ýmiss konar ráðgjöf og þátttöku í fiskverðsákvörðun-

um. Í þessu sambandi ber að nefna að í lok ársins 1961 tók Verðlagsráð sjávarútvegsins til starfa og þeir sem fyrstir voru tilnefndir í ráðið af hálfu SÍF, Helgi Þórarinsson sem aðalmaður og Margeir Jónsson varamaður, áttu báðir sæti í hagsmunanefndinni um það leyti.⁵⁵

Að forgöngu hagsmunanefndarinnar var ráðinn verkfræðingur til starfa hjá SÍF árið 1961.⁵⁶ Var honum ætlað að leiðbeina framleiðendum um fjölmargt sem sneri að framleiðslunni sjálfri: fiskaðgerð, verkun, húsakost, vélvæðingu og fleira.⁵⁷ Vann verkfræðingurinn í nánu sambandi við hagsmunanefndina og bar starf hans góðan árangur. Þá átti hagsmunanefndin í viðræðum við lánastofnanir að fá meiri og hagstæðari lán til vélakaupa og út á framleiðsluna sjálfa. Varð henni nokkuð ágengt þar. Einnig hafði nefndin afskipti af tilraunum með neytendapakkingar sem gerðar voru að hálfu SÍF á sjöunda áratugnum og sagt er frá annars staðar.⁵⁸

Að lokum má nefna ýmis mál sem hagsmunanefndin hafði afskipti af á seinni árum. Um og upp úr 1980 vann hún að undirbúningi og áætlunum í sambandi við ákvæðisvinnu í saltfiskframleiðslu og endurskoðun hennar síðar. Þá kynnti hún sér fjölmörg atriði sem lutu að aukinni framleiðni í vinnslunni og kom á framfæri við framleiðendur. Nefndin stóð einnig að nokkrum kerfisbreytingum á útreikningi skilaverðs til framleiðenda og á gæðaflokkun og stærðarflokkun saltfisks seint á níunda áratugnum. Auk þess ræddi nefndin framleiðslu- og markaðsmál reglulega, afskipanir, gæðamál, umbúðamál, afurðalán og fleira.⁵⁹



Fiskkassi og lyftari á Stokkseyri um 1965. Þótt framfarirnar í saltfiskstöðvunum væru sums staðar hægar var hver breyting til bóta. Litill lyftari eða lyfta eins og þessi létti lýjandi fiskburði af mönnum og kassinn var þar að auki opnanlegur svo ekki þurfti að tína upp úr honum. Fyrstu fiskkassarnir í saltfiskstöðvunum voru af þessari gerð og teiknaði þá Loftur Loftsson, verkfræðingur SÍF. (Loftur Loftsson.)

Grandahúsið árið 1967. Aðstaða SÍF til að safna saman fiski af landinu, umþakka honum og geyma umbúðir var fremur léleg áður en Grandahúsið í Reykjavík var reist. Með tilkomu þess urðu alger umskipti. Hér var ekki aðeins nægilegt rúm fyrir umbúðir, þökkun og merkingu strigans, heldur einnig góðar kæligeymslur.
(Loftur Loftsson.)




Þótt stór hluti hagsmunagæslunnar væri í höndum hagsmunanefndarinnar einskorðaðist hún ekki við störf hennar. SÍF átti til dæmis yfirleitt fulltrúa í ýmsum nefndum og stjórnnum, sem fást við málefni sjávarútvegsins, auk Verðlagsráðs. Nefna má Fiskveiðasjóð, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hringormanefnd, Útflutningsráð og Samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi.⁶⁰ Eftir því sem tímar liðu fram jukust verkefni á sviði hagsmunamála og þjónustupátturinn, sem blandaðist raunar hagsmunastarfinu, eflaðist líka.⁶¹

Milli hagsmunagæslu og þjónustu eru auðvitað ekki alltaf glögg skil en þessi greinarmunur varpar skýrara ljósi á þróun mála. Eins og að framan var greint voru viðfangsefni hagsmunanefndarinnar einkum tengd rekstrargrundvöllinum og hreinum hagsmunamálum framleiðenda gagnvart opinberum aðilum (stjórnvöldum, bönkum, ráðum). Með starfi verkfræðingsins, þ.e. tæknideildar SÍF, má aftur á móti fullyrða að þjónustupáttinum hafi fyrst verið vel sinnt,

Flutningur á þurrfiski árið 1967. Þessi mynd er tekin í Grandahúsinu og er ein-kennandi fyrir nýja tímamann í saltfiskvinnslunni. Í stað þess að bera kassana í höndunum er þeim rennt af vörubilsþallinum niður færiband sem er á hjólum svo laga megi það að hverju verki í stöðinni. Kössunum er síðan ræðað á bretti sem lyftari flytur burt.
(Loftur Loftsson.)





nefnilega málum sem sneru að framleiðslunni, hagræðingu í vinnslurásinni, notkun véla, endurbótum húsakosts og því um líku.

Margt fleira má nefna sem lýtur að þjónustuþættinum. Mikill áfangi náðist árið 1967 þegar stórt og gott geymslu- og verkunarhús var tekið í notkun við Grandaveg í Reykjavík.⁶² Áður eða frá 1950 hafði SÍF haft nokkra aðstöðu í Baldursstöðinni við Sörlaskjól.⁶³ Guðmundur Eiríksson rak þá söltunarstöð og stundaði verkun sjálfur. Fékk SÍF þar inni hjá Guðmundi en frá um 1960 og þar til Grandahúsið var reist leigðu samtökin stöðina af honum. Var hægt að geyma þarna umbúðir og merkja þær en ekki miklu meira.⁶⁴ Í Baldursstöðina fór SÍF eftir bruna Landssmiðjuhússins 1950 sem drepið er á aftar í þessu riti.⁶⁵ Þar áður hafði SÍF haft aðstöðu í fiskverkunarstöðinni Dvergi á Bráðræðisholti.⁶⁶

Með Grandahúsinu var bætt úr brýnni þörf og mikið hagræði að því fyrir SÍF og framleiðendur. Í það var hægt að safna saman fiski frá minni stöðum af landinu og voru áætlunarferðir strandferðaskipanna notaðar við það. Áður höfðu fisktökuskipin þurft að koma við á fjölda staða um landið til að ná saman í heilan farm. Nú fækkaði viðkomustöðum og aðeins komið við á þeim helstu. Þetta sparadi tíma og fé.⁶⁷ Í Grandahúsinu voru einnig kæligeymslur fyrir um 1.000 þúsund tonn og meira ef plássið var gjörnýtt. Þá var hægt að pakka þar inn fiski, merkja og geyma umbúðir.⁶⁸ Aukið var við húsplássið 1973-74 og nokkrum árum seinna, 1984-85, var húsið stækkað að mun.⁶⁹

Af þessu er ljóst að hagsmunagæsla og þjónusta við framleiðendur varð verulega gildur þáttur í starfi SÍF á sjöunda og áttunda áratugnum. Um og upp úr 1980 hafði starf hagsmunanefndarinnar og tæknideildarinnar borið þann árangur að húsakostur saltfiskframleiðenda var stórum betri en áður. Vélar og tæki, til dæmis aðgerðarkerfi, voru notuð í meiri eða minni mæli. Kæligeymslur voru komnar hjá allflestum framleiðendum og þeir áttu auðveldara með að fullnægja þáverandi kröfum til hreinlætis og meðferðar fisksins.

Grandahúsið árið 1996. Þótt húsakynnin væru rífleg á sjöunda áratugnum reyndist þörf á að stækka þau síðar. Pappakassarnir, sem byrjað var að nota á áttunda áratugnum, tóku mikið pláss og fiskverkun í húsinu jókst. Rannsóknastofa SÍF var líka þar til húsa síðar meir ásamt Þökkunarverksmiðjunni. (Halldór Bjarnason.)

SÍF hafði með hagsmunabaráttu sinni líka fengið betri aðgang að stjórnvöldum og naut jafnréttis á við samtök frystihúsaeigenda.

Pegar kom fram á níunda áratuginn komu til sögunnar fleiri markmið og nýjar áherslur í hagsmunamálum og þjónustu við framleiðendur. Var það til að fylgja eftir nýjum aðstæðum sem skapast höfðu í rás tímans. Hagsmunagæslan víkkaði út við það að Evrópumálin komust í brennidepil. Innganga Spánar og Portúgals í Evrópubandalagið og þátttaka Íslands í samningunum um Evrópska efnahagssvæðið krafðist þess að Evrópumálin væru skoðuð ofan í kjölinn. Íslensk stjórnvöld þurftu að móta stefnu sína og ákveða að hve miklu leyti Íslendingar skyldu taka þátt í samruna Evrópu um leið og þau þurftu að gæta lífshagsmuna þjóðarinnar. Málefni íslensks sjávarútvegs skiptu þar einna mestu máli og kröfðust þess að SÍF, sem málsvari saltfiskiðnaðarins, tæki þátt í umræðum og mótaði afstöðu sína svo að framtíð greinarinnar væri sem tryggust, bæði í lengd og bráð.

Magnús Gunnarsson gerðist framkvæmdastjóri SÍF um sama leyti og Evrópumálin komust á dagskrá og hafði hann meðal annars umsjón með þessum málaflokki. Var hann helsti fulltrúi SÍF gagnvart opinberum aðilum og tók þátt í umræðu og stefnumörkun. Átti hann fundi með innlendum og erlendum ráðamönnum og beitti sér fyrir hönd SÍF fyrir því að hagsmunum saltfiskiðnaðarins væri borgið í samningum Íslands um EES.⁷⁰

Eftir inngöngu Spánar og Portúgals í EB urðu tollar og kvótar, ásamt öðrum hindrunum, mikill tálmi á sölu saltfisks og þurfti SÍF þá mjög oft að reiða sig á stuðning stjórnvalda til að leysa einstök mál. Á sama hátt studdi SÍF að framgangi ýmissa mála sem auðveldað gætu glímuna við EB. Má þar nefna stofnun sérstakrar skrifstofu við sendiráðið í Brussel 1986 en SÍF lagði kapp á að flýta fyrir því máli.⁷¹

Rétt og nákvæm verkun fisksins hefur alltaf verið mikilvæg en til að aðstoða framleiðendur við að standa sem réttast að henni byrjaði SÍF árið 1986 að gefa út verkunarleiðbeiningar. Birtist sagnar slíkra leiðbeininga um ótal afurðir.⁷² Af sama toga var *Saltfiskdagbókin* sem SÍF gaf út 1984-91. Þar voru handhægar og stutturðar leiðbeiningar, töflur, skýringar og almanak til hægðarauka fyrir framleiðendur og verkstjóra, til dæmis við tilkynningar um birgðir.⁷³

Frá því að hagsmunanefndin hóf samantektir á kostnaði við framleiðsluna hafa alls kyns útreikningar og áætlanir skipt æ meira máli í rekstri fiskverkunarstöðva. Þetta hefur ekki aðeins snúist um kostnað og tekjur þeirra heldur ekki síður um nýtingu fisksins frá einu vinnslustigi til annars og ráðstöfun aflans í mismunandi saltfiskafurðir eða jafnvel aðra vinnslu, svo sem frystingu. Fjöldi-

margin þættir hafa stuðlað að þessari þróun og víst er að framleiðendur nýttu sér þetta óspart er á leið með tilkomu tölvanna. Frá 1984 stóð framleiðendum til boða að færa sér í nyt framlegðarútreikninga sem SÍF hafði látið útbúa og er það lítið dæmi um þjónustu SÍF af þessu tagi.⁷⁴

Allt frá fyrstu tíð hefur saltfiskverkun ætíð verið því marki brennd að langur tími hefur liðið frá því að verkun fisksins lauk þar til að greiðslur hafa borist fyrir hann. Framleiðendur hafa því í tímans rás alltaf mátt bera tilkostnaðinn mánuðum saman áður en nokkrar tekjur kæmu. Að þessu leyti hefur greinin staðið illa að vígi, sérstaklega eftir seinni heimsstyrjöld því önnur ráðstöfun aflans hefur jafnan skilað tekjunum miklu fyrr (frysting, ísfisksala, ferskfisksala í gámum). Eftir því sem samkeppnin um hráefnið óx á síðustu árum vegna minnkandi kvóta varð það æ afdrifaríkara að geta fengið greiðslur sem fyrst.

Upp úr 1980 byrjaði SÍF á því að flýta greiðslum til framleiðenda með því að taka erlend lán þegar þess þurfti, var þá miðað við að greiðsla bærisk fjórum vikum eftir brottför skips. Þetta lækkaði kostnað verkenda af afurðalánum, þó að erlendu lánin kostuðu auðvitað sitt, og gerði söltunina samkeppnisfærari. Með hagstæðum fjármögnunarsamningum árið 1990, meðal annars við erlenda banka, tókst að stytta greiðslufrestinn niður í tvær vikur að jafnaði og oft minna frá því að skipin sigldu frá Íslandi.⁷⁵

Af líkum toga var það þegar SÍF hóf síðla árs 1985 reglubundna birtingu á því verði sem verkendur mættu eiga von á fyrir saltfiskafurðir sínar. Þetta var birt í upphafi hvers verðtímabils en árinu var skipt í nokkur slík tímabil.⁷⁶ Framleiðendur gátu þá stýrt framleiðslunni í þær afurðir sem markaðsaðstæður hverju sinni kölluðu helst eftir. Með þessari tilhögun var mörkuðunum þjónað betur og verkendum gert unnt að nýta sér aðstæður til að fá sem hæst verð fyrir hráefnið.

Ýmislegt fleira má nefna sem talist getur til hagsmunagæslu og þjónustu við framleiðendur innan SÍF. Haustið 1972 var til dæmis ráðinn maður, Einar M. Jóhannsson, til að fylgjast með mati, pökkun og öðru varðandi frágang saltfisks, bæði þurrverkaðs og blautverkaðs.⁷⁷ Var þetta vísirinn að eftirlitsmannakerfi SÍF. Á áttunda áratugnum voru líka haldin nokkur námskeið fyrir fiskmatsmenn og voru þau haldin með stuðningi SÍF þótt Fiskmat ríkisins stæði fyrir þeim.⁷⁸ Þetta samstarf kom öllum vel, jafnt framleiðendum, SÍF og hinum erlendu kaupendum, því ónákvæmt og slælegt mat var öllum til tjóns og vandræða.

Árið 1982 var ákveðið að gangast fyrir gerð leiðbeininga- og fræðslumyndar um fiskverkun. Um sama leyti voru tveir eftirlits-



Námskeið fyrir matsmenn saltfisks árið 1972. Fiskmat ríkisins hélt á vegum sjávarútvegsráðuneytis allmörg námskeið á áttunda áratugnum og studdi SÍF að þeim enda hagar allra að matsmenn væru sem færastir í starfi sínu.

Hér sjást þátttakendur ásamt skipuleggjendum og leiðbeinendum að afloknu einu slíku námskeiði.

Fremsta röð, f.v.:

Jóhann J.E. Kúld, fulltrúi, Fiskm. rík.; Sigfús Magnússon, deildarstjóri, Fiskm. rík.; Loftur Loftsson, verkfr.

SÍF; Tómas Þorvaldsson, stjorm. SÍF; Bergsteinn Á. Bergsteinsson, fiskmatsstj. og forstöðumaður námsk.;

Dr Sigurður Pétursson, gerlafræðingur, Rannstofn. fiskiðn.; Halldór Gíslason, efnaverkfr.; Hjálmar Gíslason, yfirfiskmatsm.; Guðmundur Ágústsson, yfirfiskmatsm.; Jón P. Ólafsson,

menn ráðnir til viðbótar, ekki síst til að koma betur í veg fyrir kvartanir og skaðabótakröfur, og á næstu árum var fleiri mönnum bætt við. Þá má nefna að löngum var í ráði hjá forystumönnum SÍF að efna til óformlegra funda með framleiðendum úti um land. Í desember 1981 var sú hugmynd gerð að veruleika þegar heimsóttir voru ýmsir staðir á Norðurlandi. Gaf þetta góða raun og var slíkum fundahöldum síðan haldið áfram eftir því sem tími gafst til.⁷⁹

Til viðbótar þessu má nefna þætti eins og námskeiðahald og aðra fræðslustarfsemi, ferðir fyrir framleiðendur til markaðslandanna, rannsóknir og vöruþróun matvælafræðinga á rannsóknastofu SÍF, brautryðjendastarf Pökkunarverksmiðjunnar og ýmislegt fleira. Sýnir þetta allt saman hversu þjónustu- og leiðbeiningastarf SÍF hafði aukist frá því um 1960 og hve mikilvægt það var fyrir saltfiskframleiðendur. Gildir það ekki síður um hagsmunagæslu samtakanna.

c. Horft til ýmissa átta

Enda þótt starfssvið SÍF snerist framar öðru um saltfiskútflutning beindu samtökin stundum sjónum að útflutningi annarra sjávarafurða. Svo var til dæmis á fjórða áratugnum þegar umræður spunnust um það hvort Sölusambandið skyldi hafa með höndum útflutning á frystum fiski. Eru framar í þessu riti raktar deilur sem

risu vegna frumkvæðis og tilrauna SÍF til sölu freðfisks á kreppuárunum.⁸⁰

Ýmsum þótti sjálfsagt og eðlilegt að samtök þau, sem fiskframleiðendur höfðu stofnað til, fengju að flytja út aðrar afurðir félagsmanna og þar á meðal frystan fisk. Þetta sjónarmið var rótin að lagabreytingu sem samþykkt var á aðalfundi Sölusambandsins árið 1937 og fól í sér að auk saltfiskútflutnings skyldi því heimilt að selja hvers konar afurðir félagsmanna ef þeir óskuðu þess. Var slíkt ákvæði í lögum Sölusambandsins allt til þess þegar SÍF var lagt niður árið 1993. Einn meginilgangurinn með ákvæðinu á sínum tíma var að halda opnum leiðum fyrir útflutning freðfisks á vegum SÍF en hugsanleg afskipti samtakanna af slíkum útflutningi voru endanlega úr sögunni með stofnun Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna árið 1942.⁸¹

Íslendingar hafa flutt fleira út en saltaðan fisk og frystan. Skreiðarframleiðsla var gamalgróin atvinnugrein hér á landi þótt hún legðist alveg niður um skeið eða því sem næst. Fyrstu áratugin eftir stríðið kom oft til tals að saltfiskframleiðendur og skreiðarverkendur sameinuðu krafta sína í útflutningsmálum. Raunar tók SÍF eitt sinn að sér að flytja út skreið. Var það árið 1952 þegar nýstofnað Samlag skreiðarframleiðenda sneri sér til Sölusambandsins og fór fram á að það seldi skreiðina fyrir sig. SÍF varð við þessari beiðni og seldi alla framleiðslu ársins 1952 fyrir samlagið. Eftir að ljóst varð að skreiðarframleiðslan mundi margfaldast árið 1953 fékk Skreiðarsamlagið sér eigin skrifstofu og sölustarfinu var létt af SÍF.⁸²

son, skrifstofustj., Fiskm. rík. Miðröð, f.v.: Þorbjörn Þorsteinsson, Seyðisfirði; Guðmundur R. Árnason, Akranesi; Kristbjörg Jónsdóttir, Kópavogi; Kristinn Bjarnason, Hveragerði; Magnús Jörundsson, Reykjavík; Eiður Árnason, Tjörnesi; Gunnar Þór Magnússon, Ólafsfirði; Daníel Guðmundsson, Rífi. Aftasta röð, f.v.: Jens Sævar Guðbergsson, Garði; Matthías P. Guðmundsson, Rv.; Páll Gíslason, Siglufirði; Njáll Mýrdal, Kópavogi; Gestur Guðnason, Þorlákshöfn; Guðmundur Antonsson, Siglufirði; Ólafur Ásgeirsson, Kópavogi; Sigursveinn Friðriks-son, Akureyri; Skjöldur Þorgrímsson, Rv.; Haraldur Kjartansson, Ólafsvík.



Skreið og saltfiskur í Vestmannaeyjum á sjötta eða sjöunda áratugnum. Skreiðarverkinin var endurvakin á fjórða áratugnum að tilhlutan Fiskimálanefndar og upp úr 1950 fór hún að aukast mjög.

Oft kom til tals innan SÍF að taka upp náíð samstarf við Skreiðarsamlagið og jafnvel var minnst á hugsanlegan samruna hvorra tveggja samtakanna. Samlagið átti iðulega frumkvæði að tillögum í þessa átt og leitaði eftir viðræðum við Sölusambandið. Ekkert varð þó úr áformum um samstarf þótt stundum munaði litlu.⁸³ Tómas Þorvaldsson, sem sat í viðræðunefndum um þetta málefni fyrir hönd SÍF um árabíl, sagði árið 1974 að iðulega hefði samkomulag við Skreiðarsamlagið virst á næstu grösom en alltaf gufað upp á síðustu stundu.⁸⁴ Þar kom þó að lokum að samkomulag náðist milli SÍF og Samlags skreiðarframleiðenda árið 1991. Hóf SÍF þá sölu skreiðar og um leið var Skreiðarsamlagið lagt niður.⁸⁵

Viðleitni fiskframleiðenda til samvinnu þessara samtaka þarf síður en svo að koma á óvart. Hafa ber í huga að fjölmargir saltendur verkuðu jafnframt skreið, hagsmunir þessara tveggja framleiðslugreina voru að mörgu leyti samofnir. Í ljósi þessa töldu ýmsir sjálf-sagt að nýta heildarsamtök saltfiskframleiðenda til skreiðarútflutnings. Skreiðarverkendum tókst nefnilega aldrei að sameinast um söluna í samtökum á borð við SÍF. Samlag skreiðarframleiðenda var ekki eitt um útflutninginn heldur dreifdist hann á nokkra smærri aðila einnig. Sveið ýmsum sárt samstöðuleysið og þá ekki síst þeim sem þekktu til í SÍF því sundrunin í skreiðarsölunni olli á tíðum framleiðendum tjóni.⁸⁶

Á fyrstu áratugunum eftir stríðið sýndu framleiðendur stundum áhuga á útflutningi fleiri afurða en saltfisks þótt ekkert yrði af framkvæmdum.⁸⁷ Á aðalfundi SÍF árið 1973 atvikaðist það svo að stjórninni var falið að taka að sér fyrir félagsmenn sölu þorsk-hrogna, grófsaltaðra og sykursaltaðra. Sölusambandið hóf viðræður við stjórnvöld um þessi mál og allt frá árinu 1974 aðstoðaði það viðskiptaráðuneytið við ákvörðun útflutningsverðs og sölu á söltuðum þorskrognum.⁸⁸ Í kringum 1990 hætti Sölusambandið svo afskiptum af þessari sölu.⁸⁹

Hér hafa verið tekin nokkur dæmi um sölustarf sem beindist að fleira en útflutningi saltfisks. Enn er þó víðamesta dæmið ótalið, sala á framleiðsluvörum Niðursuðuverksmiðju SÍF sem samtökin starfræktu á árunum 1938-52 í Reykjavík. Reyndar rak SÍF einnig verksmiðju í Vestmannaeyjum en það var aðeins um skamma hríð og auk þess var hún fremur lítil.⁹⁰

Til Niðursuðuverksmiðju SÍF í Reykjavík var stofnað á krepputímum þegar menn leituðu allra ráða til að búa til fjölbreytilegri afurðir og vinna á þann hátt nýja markaði. Niðursuðuverksmiðjan var í eigu SÍF og var ekkert til hennar sparað. Var henni reyndar ætlað nokkurt forystuhlutverk í niðursuðu sjávarafurða og naut stuðnings Fiskimálanefndar. Töldu erlendir sérfræðingar að hún stæði ekki að




Niðursuðuverksmiðja SÍF.
Í henni var mikið soðið og
lagt niður af fiski og jafnvel
grænmeti. Einnig var sild
söltuð þar. Mest af vörinni
fór í litlar pakkningar eða
dósir enda var kjörorð verk-
smiðjunnar: „Opnið eina
dós og gæðin koma í ljós.“

baki nýttisku verksmiðjum erlendis, hvorki um húsnæði né véla-
búnað. Í Niðursuðuverksmiðjunni var unnt að leggja og sjóða niður
flestar tegundir sjávarafurða, grænmeti og fleira. Framleiðslan var
bæði seld innanlands og utan og fór mikið af útflutningnum til
Bandaríkjanna.⁹¹

Að jafnaði unnu nokkrir tugir manns í Niðursuðuverksmiðju
SÍF og var hún því kærkomið atvinnutæki á tímum kreppu og at-
vinnuleysis. Eftir að heimsstyrjöldin síðari skall á og næga vinnu
var að fá reyndist hins vegar stundum erfitt að fá fólk til starfa í
verksmiðjunni og umbúðaskortur var oft bagalegur. Af ýmsum
ástæðum gekk rekstur verksmiðjunnar illa á stríðsárunum og gerð-
ust þær raddir háværar sem vildu að hún yrði seld. Til dæmis lagði
stjórn SÍF fram tillögu þess efnis á aðalfundi samtakanna árið 1944
en naumur meirihluti var þá andvígur sölu hennar.⁹²

Eftir styrjöldina gekk rekstur Niðursuðuverksmiðjunnar mis-
jafnlega eins og áður. Reynsla sú sem fengist hafði kom þó að góð-
um notum þegar fram í sótti og framleiðsluvörur verksmiðjunnar
unnu sér smám saman nafn. Er því ekki unnt að segja að örðugleik-
ar í rekstri hafi ráðið úrslitum þegar aðalfundur SÍF samþykkti í
desember 1951 tillögu um að selja verksmiðjuna. Menn töldu hins
vegar að hún hefði lokið því forystuhlutverki sem henni hafði verið
ætlað í upphafi, að ryðja brautina fyrir niðursuðu og niðurlagningu
íslenskra sjávarafurða. Niðursuðuverksmiðjan var því seld árið
1952.⁹³ Fyrsti forstöðumaður hennar var Þorvaldur Guðmundsson,
síðar kenndur við Síld og fisk, en frá 1944 og þar til hún var seld
stjórnaði henni Tryggvi Jónsson sem var einn af stofnendum niður-
suðuverksmiðjunnar ORA.⁹⁴

Sala verksmiðjunnar var nátengd áhuga saltfiskframleiðenda á
skipakaupum í upphafi sjötta áratugarins. Var ætlunin að nota and-
virði verksmiðjunnar til slíkra kaupa. Flutningsgjöld voru há um



Katla (II) 1948-66. Á þeim tíma sem framleiðendur innan SÍF hugleiddu skipakaup var Katla eitt helsta saltfiskflutningaskipið. Það voru því skip á borð við þetta sem rætt var um að kaupa. (Ólafur K. Magnússon.)

þetta leyti og töldu menn að unnt væri að hagnast af rekstri flutningaskipa. Félagsmenn í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna höfðu þá stofnað skipafélagið Jökla árið 1945 og eignast skip til flutninga þannig að fordæmið var fyrir hendi.⁹⁵

Á aðalfundi SÍF árið 1951 var samþykkt ályktun þess efnis að samtökin eignuðust minnst þrjú flutningaskip og skyldi söluverð Niðursuðuverksmiðjunnar meðal annars notað til þess auk fram- laga frá verkendum. Erfitt reyndist samt að afla loforða um fjárframlög og réð þar vafalaust miklu að flutningsgjöld tóku að lækka stórlega á ný. Þó var málinu haldið vakandi allt til ársins 1956 og það rætt ýtarlega innan sölusamtakanna. Umræður ein- kenndust þó allar öðrum þræði af hálfvelgju og stórhugurinn í upp- hafi tók fljótlega að dvína.⁹⁶

Umræðan um skipakaup dróst líka á langinn vegna deilna innan samtakanna um það hvernig að skiparekstrinum skyldi staðið og hvernig háttað skyldi eignarhaldinu. Þegar botn var fenginn í það hafði verð á skipum farið mjög hækkandi og margir saltfiskfram- leiðendur töldu fjárhag sinn bágbornari en svo að þeir gætu innt fé af hendi til skipakaupa.⁹⁷ Framkvæmdir reyndust því ógerlegar og skipakaup SÍF voru þar með úr sögunni.

Saltfiskframleiðendur vildu þó ekki gefa skipakaup alveg upp á bátinn eins og best sést á því að þegar starfssvið SÍF var víkkað formlega út 1957 þá sagði í grein sem bætt var í lögina að samtökun- um væri heimilt að kaupa flutningaskip. Jafnframt var bætt við ákvæði þess efnis að SÍF væri heimilt að annast innflutning og vöru- sölu ef nauðsyn krefði.⁹⁸ Það hafði SÍF reyndar lengi gert í meiri eða minni mæli því lengstum flutti SÍF inn umbúðir utan um saltfisk-

inn þótt aðrir gerðu það líka. Einnig má nefna að laust fyrir stríðið flutti SÍF inn salt.⁹⁹

Fyrirætlanir Sölusambandsins á sjötta áratugnum um skipakaup og hugmyndir um innflutning ýmissa vara fyrir framleiðendur voru tvær greinar af sama meiði. Með því að færa út starfssvið SÍF með skipakaupum og innflutningi var stefnt að því að tryggja betur en ella hagsmuni framleiðenda. Enda þótt ekkert yrði af skipakaupunum sýndu umræður um þau glögglega hversu menn reyndu á allan hátt að draga úr kostnaði við þessa atvinnugrein sem stóð svo höllum fæti lengst af á sjötta áratugnum.

d. Félagsmenn, stjórn og starfsfólk

Félagslegan bakhjarl Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda mynduðu saltfiskverkendur um allt land og frá því að samtökunum voru fyrst sett félagslög árið 1935 var kveðið á um það hverjir gætu orðið félagar í þeim. Frá stofnun SÍF 1932 og fram að þeim tíma var ekki um að ræða neina formlega aðild saltfiskverkenda á landinu að samtökunum heldur var fiskurinn seldur af stjórn SÍF í umboði verkenda.¹⁰⁰

Samkvæmt ákvæðum, sem sett voru í félagslög SÍF árið 1935 og giltu að mestu leyti óbreytt fram á síðustu ár, gátu félagar í samtökunum orðið: a) samlög útgerðarmanna er náðu yfir eina eða fleiri veiðistöðvar eða tiltekið svæði; b) samvinnufélög og sambönd samvinnufélaga sem höfðu fisk meðlima sinna í umboðssölu; c) samvinnuútgerðarfélög og útgerðarfélög bæjar- og sveitarfélaga; d) einstakir útgerðarmenn og útgerðarfélög. Þessi skilyrði voru einfölduð við lagabreytingar 1983 og sagði þá einungis að þeir allir gætu orðið félagsmenn sem ynnu sjávarafurðir til útflutnings.¹⁰¹

Leyfi til aðildar að SÍF var upphaflega bundið við tiltekið fiskmagn; útgerðarmenn og útgerðarfélög þurftu árlega að afhenda samtökunum að minnsta kosti 240 tonn af saltfiski til sölu en aðrir 160 tonn. Skömmu eftir síðari heimsstyrjöld, árið 1949, voru inntöku-skilyrðin rýmkuð og sett við 50 tonn hver sem í hlut átti. Stuttu seinna, 1952, var lágmarkið fært enn neðar, niður í 25 tonn.¹⁰²

Á aðalfundi SÍF árið 1963 var svo samþykkt að fella úr lögum samtakanna öll ákvæði um lágmarksframleiðslu félagsmanna. Breytingu þeirri var meðal annars talið það til gildis að með henni gætu ungir menn, sem væru að hefja saltfiskframleiðslu, strax orðið fullgildir félagar í samtökunum þótt þeir næðu ekki að framleiða þann tonnafjölda sem áður hafði verið krafist.¹⁰³ Þetta ákvæði hafði samt aldrei verið nein hindrun fyrir verkendur að flytja út í gegnum



Aðalfundur SÍF árið 1963. Á þessum fundi var ákveðið að fella niður ákvæðið um lágmarksfiskeign til að fá atkvæðisrétt á aðalfundum samtakanna. (Pétur Thomsen.)

SÍF, hversu lítið sem magnið var, því það kvað einungis á um atkvæðavægi félagsmanna á aðalfundum.¹⁰⁴

Fjöldi félagsmanna hefur í tímans rás verið misjafn en ekki liggja fyrir áreiðanlegar og aðgengilegar upplýsingar um það fyrr en síðustu áratuginna hver hann hefur verið. Af félagaskrá frá því á seinni hluta fjórða áratugarins – hugsanlega eru það stofnendur SÍF við endurskipulagninguna árið 1935 – má samt sjá að þá hafa þeir verið 322 talsins, þar af eru 45 bátar skráðir sem sérstakir aðilar að SÍF.¹⁰⁵ Þetta mun eiga skýringu sína í því að á þessum tíma var ekki óal-gengt að fleiri en ein fjölskylda gerðu út bát saman. Afli bátsins var þá seldur í einu lagi og söluandvirðinu skipt þegar það skilaði sér.¹⁰⁶

Árið 1949 voru mun færri saltfiskverkendur í SÍF, aðeins 138¹⁰⁷ og um áratug síðar var fjöldi þeirra áþekkur eða heldur færri enda fækkaði þeim sem söltuðu á þessum árum.¹⁰⁸ Árin 1968-69 voru þeir um eða yfir 200¹⁰⁹ og síðan árið 1970 er vitað nákvæmlega um fjölda verkenda innan SÍF. Þetta ár, 1970, voru þeir 219 og hafði því fjölgað mjög frá því á sjötta áratugnum. Þeim fór enn fjölgandi, svo til árlega, og árið 1977 voru þeir 272 talsins. Næstu tvö árin fækkaði verkendum lítillega en voru komnir í 311 árið 1982. Á allra

næstu árum fækkaði þeim en fjölgaði á ný og sérstaklega á árunum 1986-87 þegar fjöldinn fór úr 332 í 405. Hafa þeir líklega aldrei verið fleiri en þá enda mikil góðæri í saltfiskversluninni. Fækkaði verkendum enn á ný og voru 286 árið 1991.¹¹⁰

Upplýsingar um annað áhugavert efni, dreifingu framleiðslunnar yfir landið í gegnum tíðina, eru óaðgengilegar nema fyrir allra síðustu árin, 1984-91. Skipta má landinu í sjö svæði: Suðvesturland (meðal annars Reykjavík), Reykjanes, Suðurland (Hornafjörður meðtalinn), Austfirði, Norðurland, Vestfirði og Snæfellsnes. Sé fyrsta og síðasta árið skoðað kom frá þessum sjö framleiðslusvæðum mest af Reykjanesi, rúm 11.000 tonn á hvoru ári. Þær tölur sýna þó ekki að töluverðar breytingar urðu á aflamagni á þessu árabili. Reyndar jókst saltfiskframleiðslan alls staðar á landinu fram til 1987-88 en eftir það skipti í tvö horn. Á sumum svæðunum hélt framleiðslan áfram að aukast en á öðrum minnkaði hún niður í sama magn og 1984 eða jafnvel minna.

Næst á eftir Reykjanesi árið 1984 komu Norðurland, Suðurland og Snæfellsnes, öll með um riflega 6.000-7.000 þúsund tonn hvert. Þau voru því hálfdrættingar og þó rúmlega það á við Reykjanes. Minnsta framleiðslan var svo á Vestfjörðum og Suðvesturlandi, ekki langt innan við 3.000 tonn frá hvoru svæði. Austfirðir féllu þarna á milli flokka, með 4.000 tonn. Þetta var nokkuð breytt sjö árum seinna.

*Svipmynd frá aðalfundi
á fimmtíu ára afmæli
SÍF 1982.*



Mesta saltfiskframleiðslan árið 1991 var enn þá á Reykjanesi og Norðurland og Suðurland komu næst en þau höfðu saxað mjög á yfirburði Reykjanes því frá hvoru svæði komu 9.000-9.500 tonn. Á Snæfellsnesi hafði framleiðslan hins vegar minnkað niður í um 5.000 tonn. Með minnstu framleiðsluna voru svo Vestfirðir og Austfirðir með innan við 3.000 tonn hvort svæði; hafði framleiðslan austanlands minnkað töluvert. Á Suðvesturlandi hafði hins vegar hlaupið mikill vöxtur í framleiðsluna því hún var um 6.000 tonn sem var ríflega tvöföldun frá því 1984.¹¹¹

Þótt hér sé um mikla framleiðslu að ræða víða á landinu þá má með nokkrum rétti segja að saltfiskverkun sé grein hinna smærri fiskframleiðenda. Þetta sést best á því að á þessum árum verkaði nær helmingur framleiðenda eða 40-45% félagsmanna innan við 25 tonn á ári og einungis 3-4% þeirra framleiddu meira en 800 tonn. Langflestir saltfiskverkendur verka því nokkra tugi tonna eða fáein hundruð og hefur svo lengi verið í þessari atvinnugrein.¹¹²

Hér ber þó að hafa í huga að þetta eru ekki allt eiginlegar saltfiskstöðvar heldur eru í þessum hópi líka fjölmörg hraðfrystihús sem salta mismunandi mikið. Stærstu saltfiskframleiðendurnir eru líka blandaður hópur því þar eru bæði saltfiskstöðvar og svo fiskvinnsluhús með blandaða framleiðslu (söltun og frystingu).¹¹³ Má líka geta þess að á seinni hluta níunda áratugarins verkuðu þeir stærstu yfir 2.000-3.000 tonn af saltfiskafurðum á ári.¹¹⁴

Ýmislegt var gert allt frá stofnun SÍF til að halda góðum tengslum milli forystu samtakanna og einstakra félagsmanna svo að ávallt lægju fyrir upplýsingar á báða bóga um ýmsa þætti framleiðslunnar og útflutningsins. Ársskýrslur komu út nær samfelld um starfsemi samtakanna, fjármál þeirra, afskipanir, markaði, verð og það sem fram fór á aðalfundum. Þær voru auk Fréttabréfs SÍF, sem nánar getur á eftir, vettvangur stjórnarinnar til að miðla upplýsingum til félagsmanna.

Á móti var félagsmönnum gert skylt að hafa ávallt á reiðum höndum nauðsynlegar upplýsingar um framleiðslu sína, tegundaskiptingu og verkun. Var þetta að sjálfsögðu nauðsynlegt fyrir félagsstjórnina við gerð sölusamninga, útvegum flutningaskipa og þar fram eftir götunum. Vanræktu verkendur að gefa nauðsynlegar upplýsingar á réttum tíma áttu þeir á hættu að missa rétt til svokallaðs jafnaðarverðs.¹¹⁵

Jafnaðarverð fól í sér að sama verð var greitt fyrir allan fisk sömu tegundar, jafnan að gæðum, tilbúinn til útflutnings á sama tíma eða á tímabili sem félagsfundur eða félagsstjórn ákvað. Á þennan hátt var reynt að tryggja öllum félagsmönnum sama verð fyrir sömu vöru á sama sölutímabili, án tillits til þess verðs sem fékkst fyrir



einstakar sendingar og einnig óháð því hvar á landinu félagsmenn stunduðu framleiðslu sína.¹¹⁶

Hagsmunanefndin (öðru nafni fulltrúanefnd saltfisksöllumála) árið 1959 reyndist stjórninni mikilvægur bakhjarl allt frá fyrstu tíð. Nefndin aflaði upplýsinga um afkomu atvinnugreinarinnar hverju sinni en þær voru sölusamtökunum ekki síst nauðsynlegar þegar rætt var við stjórnvöld og haft samráð við þau um ýmislegt sem að saltfiskverkuninni laut.

Upplýsingamiðlun innan Sölusambandsins af nokkuð öðru tagi var útgáfa fréttabréfs. Var það á aðalfundi SÍF árið 1968 sem samþykkt var að beina því til félagsstjórnarinnar að hún tæki að senda reglulega bréf til framleiðenda með helstu upplýsingum um verkun, sölusamninga, söluhorfur og annað það sem félagsmenn varðaði á hverjum tíma.¹¹⁷ Byrjað var að gefa út Fréttabréf SÍF árið eftir og reyndist það mikilvægur vettvangur allar götur síðan.

Helsti sameiginlegi vettvangurinn fyrir félagsmenn var svo árlegur aðalfundur sem fór með æðsta vald í málefnum samtakanna. Allt frá því SÍF var endurskipulagt árið 1935 fór atkvæðavægi á aðalfundum eftir útfluttu fiskmagni hvers og eins félaga. Þó mátti

Svipmynd frá aðalfundi á sextíu ára afmæli SÍF 1992. (Ljósmt. Kristjáns Magnússonar.)

Stjórn SÍF árin 1962-64.
Fremri röð f.v.: Helgi Þórarinsson, framkvæmdastjóri; Valgarð J. Ólafsson; Richard Thors, formaður; Hafsteinn Bergþórsson og Ársæll Sveinsson, varamaður. Aftari röð f.v.: Stefán Jónsson, skrifstofustjóri SÍF; Tómas Þorvaldsson; Margeir Jónsson, varamaður; Pétur Benediktsson, bankastjóri; Loftur Bjarnason, varamaður; Sighvatur Bjarnason og Jón Gíslason. Fjóra varamenn vantar. (Pétur Thomsen.)



Stjórn SÍF árin 1976-78.
Fremri röð f.v.: Stefán Runólfsson; Víglundur Jónsson; Sigurður Markússon; Tómas Þorvaldsson, formaður; Helgi Þórarinsson; Margeir Jónsson og Bjarni Jóhannesson. Aftari röð f.v.: Þorsteinn Jóhannesson, varamaður; Valgarð J. Ólafsson, sölustjóri; Sigurður Einarsson, varamaður; Friðrik Pálsson, skrifstofustjóri, og varamennirnir Benedikt Thorarensen, Einar Sveinsson, Soffonías Cecilsson og Hallgrímur Jónasson. Jón Ármann Héðinsson vantar og einn varamann.



Neðri mynd á hægri síðu: Stjórn SÍF árin 1992-93. F.v.: Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri; Einar Sigurðsson; Magnús Björgvinsson, Gunnar Þór Magnússon, Gunnar Tómasson; Finnbofi Jónsson; Tryggvi Finnsson; Dagbjartur

enginn fara með meira fyrir sjálfan sig og aðra en 8% allra atkvæðanna.¹¹⁸ Var það ákvæði sett til tryggingar því að einstakir félagar næðu ekki óhæfilega miklum völdum í samtökunum og gætu þannig setið yfir hlut hinna smærri fiskframleiðenda.

Vegna þess hvernig til Sölusambandsins var stofnað var frá fyrstu tíð svo um hnúta búið að SÍF safnaði ekki eignum heldur léti arðinn af starfseminni renna sem mest til félagsmanna. Allt frá



Stjórn SÍF árin 1981-83. Fremri röð f.v.: Sigurður Markússon; Bjarni Jóhannesson; Þorsteinn Jóhannesson, formaður, og Soffonías Cecilsson. Aftari röð f.v.: Benedikt Thorarensen, varamaður; Stefán Runólfs-son; Guðbergur Ingólfsson, varamaður; Ólafur Björns-son, varamaður; Gunnar Tómasson, varamaður; Hallgrímur Jónasson, vara- maður; Kristján Guð- mundsson, varamaður; Einar Sveinsson; Sigurður Einarsson, varamaður, og Dagbjartur Einarsson.



upphafi 1932 var því ákveðið að einungis skyldi halda eftir hæfilegu fé af söluandvirðinu til að standast rekstrarkostnað og greiða síðan það sem af gengi til fiskframleiðenda í árlegri lokaverðsgreiðslu.¹¹⁹ Gjarnan var miðað við að halda eftir 2% af söluandvirðinu, að minnsta kosti síðustu áratuginu.¹²⁰

Ein undantekning var þó á þessu, ef undantekningu má kalla, en hún var sú að þegar skipulagi SÍF var komið í fastar skorður árið

Einarsson, formaður; Kristján Guðmundsson; Benedikt Sveinsson; Karl Njálsson; Guðjón Indriða-son, Ari Þorsteinsson; Viðar Eliásson og Sigurður Haraldsson, aðstoðarfram- kvæmdastjóri. Jennyju Guðmundsdóttur vantar.

1935 var ákveðið að stofna skyldi varasjóð og í hann leggja 0,25% af söluandvirði fisksins. Sjóður þessi var við lýði alla tíð síðan og nefndist seinni árin séreignasjóður því greiðslur hvers félagsmanns í SÍF voru settar á sérstakan reikning og haldið aðskildum frá innignum annarra félagsmanna.¹²¹

Eins og nafnið bendir til var aðeins gripið til hans þegar sérstaklega stóð á og með lagabreytingum árið 1952 var nánar kveðið á um ráðstöfun hans. Honum mátti verja til reksturs SÍF, markaðsleita, skipakaupa eða annarra ráðstafana í þágu SÍF eftir ákvörðun stjórnarinnar.¹²² Sjóðurinn jókst með árunum og árið 1993, þegar samlagið var lagt niður, myndaði hann stofninn að hlutfé SÍF hf.¹²³

Þetta sérkenni SÍF – að hagnaði var ekki haldið eftir heldur deilt út og séreignasjóðurinn í raun séreign hvers fiskeiganda – gerði það að verkum að SÍF naut skattfrelsis allt frá 1936 með sérstökum lögum.¹²⁴ Löggjafinn leit svo á að þar sem hagnaðinum væri deilt út til framleiðenda væri hann skattlagður við álagningu á atvinnurekstri þeirra hvers um sig og því væru ekki rök til að leggja einnig skatt á SÍF.

Frá upphafi annaðist sérstök stjórn rekstur Sölusambandsins og gætti hagsmuna þess í öllum greinum. Þegar samtökin voru stofnuð árið 1932 tóku fimm menn sæti í stjórn þeirra, tveir frá bönkunum og þrír frá fiskseljendum, þ.e. útflutningsaðilunum þremur sem stóðu að SÍF. Við endurskipulagningu SÍF árið 1935 var gerð sú breyting að ríkisstjórnin fékk heimild til að tilnefna tvo stjórnarmenn en aðrir fimm skyldu kosnir á aðalfundi, auk jafnmargra varamanna.¹²⁵


Á fimmta áratugnum hætti ríkisstjórnin að neyta réttar síns¹²⁶ og voru stjórnarmenn SÍF því fimm til ársins 1952 þegar samþykkt var á aðalfundi að fjölga þeim í sjö.¹²⁷ Alllöngu seinna, árið 1965, var sú regla tekin upp að boða varamenn líka á fundi¹²⁸ og árið 1983 þótti síðan ástæða til að viðurkenna stöðu varamanna og gera þá alla að formlegum aðalmönnum þar sem þeir höfðu þá um langt skeið starfað sem slíkir í raun. Var stjórnarmönnum þá fjölgað úr sjö í fjórtán.¹²⁹

Vegna þess hve ríkan þátt bankarnir áttu í stofnun SÍF árið 1932 höfðu þeir tvo fulltrúa í stjórn SÍF. Var annar fulltrúanna frá Landsbanka Íslands en hinn frá Útvegsbanka Íslands. Fáum árum seinna, 1938, hvarf fulltrúi Útvegsbankans úr stjórninni og það sæti gekk til fiskeigenda. En Landsbankinn átti sæti í stjórninni allt til ársins 1976 og má segja að SÍF hafi verið búið að slíta barnsskónum allvel þegar bankarnir slepptu af því hendinni.¹³⁰


Stjórn SÍF kaus frá upphafi formann og varaformann úr sínum röðum. Á æviskeiði samtakanna, frá 1932 til 1993, gegndu einungis




Magnús Sigurðsson, formaður stjórnar SÍF 1935-47. Bankastjóri Landsbanka Íslands.



Tómas Þorvaldsson, formaður stjórnar SÍF 1965-81. Fiskverkandi í Grindavík.



Þorsteinn Jóhannesson, formaður stjórnar SÍF 1981-83. Fiskverkandi í Garði.



Dagbjartur Einarsson, formaður stjórnar SÍF 1983-93. Fiskverkandi í Grindavík.

fimm menn stöðu stjórnarformanns. Fyrstur var Richard Thors, 1932-35, en við endurskipulagningu SÍF árið 1935 tók Magnús Sigurðsson við formannsembættinu af Richard og gegndi því næstu 12 árin þar til hann lést árið 1947. Þá tók Richard Thors aftur við stjórnartaumunum og var til 1965, eða í 21 ár alls. Tómas Þorvaldsson tók við og var stjórnarformaður í 16 ár samtals, til ársins 1981 er Þorsteinn Jóhannesson tók við starfanum. Árið 1983 leysti svo Dagbjartur Einarsson hann af hólmi og hafði hann formennskuna með höndum þar til SÍF var formlega lagt niður árið 1993 eða í 10 ár samtals.¹³¹


Stjórn SÍF réð framkvæmdastjóra til að veita starfseminni forstöðu og annast söluna til markaðslandanna. Af þeim fimm mönnum, sem sæti tóku í fyrstu stjórn SÍF árið 1932, voru fulltrúar stofnaðilanna þriggja jafnframt titlaðir framkvæmdastjórar: Kristján Ein-

*Richard Thors, formaður
stjórnar SÍF 1932-35 og
1947-65. Einnig fram-
kvæmdastjóri SÍF 1932-36.
(Studio Guðmundar.)*



*Kristján Einarsson, fram-
kvæmdastjóri SÍF 1932-62.
(Pétur Thomsen.)*

*Ólafur Proppé, fram-
kvæmdastjóri SÍF 1932-47.
(Mendoza.)*



*Thor Thors, framkvæmda-
stjóri SÍF 1936-40.
(United Nations.)*

arsson, Ólafur Proppé og Richard Thors. Við endurskipulagningu SÍF 1935 gengu þeir úr stjórn en voru ráðnir framkvæmdastjórar áfram og störfuðu þeir þremmenningar saman næstu árin að undanteknu því að árið 1936 tók bróðir Richards, Thor Thors, við af honum. Thor hætti svo störfum árið 1940 er hann varð aðalræðismaður í New York og voru þeir þá tveir eftir sem framkvæmdastjórar, Kristján Einarsson og Ólafur Proppé. Skall þá líka stríðið á og starfsemi SÍF lagðist í raun niður um tíma.¹³²

Eftir stríðið jukust umsvifin aftur og í ársbyrjun 1947 urðu framkvæmdastjórar þrír er Helgi Þórarinsson kom til liðs við þá Kristján og Ólaf en fækkaði aftur um einn er Ólafur lét af störfum síðar á árinu. Helgi hafði raunar starfað sem bókari hjá SÍF um nokkurra ára skeið á fjórða áratugnum svo hann var ekki ókunnugur samtökunum. Þeir Kristján og Helgi voru tveir við framkvæmdastjórn allt til



Helgi Þórarinnsson, framkvæmdastjóri SÍF 1947-78. (Pétur Thomsen.)



Jóhann Þ. Jósefsson, framkvæmdastjóri SÍF í starfsleyfi Helga Þórarinnssonar árin 1950-52.



Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri SÍF 1978-85.




Valgarð J. Ólafsson, framkvæmdastjóri SÍF 1978-85 en hafði sviþað verksvið og síðan 1969.

ársins 1962. Eru þá undanskilin árin 1950-52 er Jóhann Þ. Jósefsson, stjórnarmaður í SÍF, kom í stað Helga sem var við tímabundin störf erlendis. Kristján Einarsson lést snemma árs 1962 og var Helgi Þórarinnsson eftir það einn framkvæmdastjóri SÍF allt til ársins 1978 er hann lét af störfum.¹³³

Frá sama ári, 1978, voru þeir Friðrik Pálsson, er verið hafði skrifstofustjóri SÍF, og Valgarð J. Ólafsson framkvæmdastjórar fyrir Sölusambandið og til ársloka 1985. Hafði Valgarð í raun áfram sama verksvið og síðan 1969 er hann réðst til samtakanna. Í ársbyrjun 1986 varð Magnús Gunnarsson framkvæmdastjóri SÍF og gegndi því starfi þar til samtökin voru lögð niður, árið 1993. Líkt og Helgi Þórarinnsson hafði Magnús einnig unnið á skrifstofu SÍF um fárra ára skeið, verið skrifstofustjóri snemma á áttunda áratugnum. Við hliðina á Magnúsi starfaði svo Sigurður Haraldsson sem aðstoðarfram-

Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri SÍF 1986-93.

Sigurður Haraldsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SÍF 1986-92 og starfandi framkvæmdastjóri 1992.



kvæmdastjóri árin 1986-92 og hann leysti Magnús líka af í leyfi 1992. Sigurður hafði þar á undan verið skrifstofustjóri SÍF um árabil.¹³⁴

Þannig voru alls níu menn reglulegir framkvæmdastjórar frá stofnun samtakanna árið 1932 til 1993 og einn aðstoðarframkvæmdastjóri. Lengst allra hafði Helgi Þórarinsson þennan starfa með höndum eða alls í nær 32 ár og Kristján Einarsson kemur næstur með þriggja áratuga starf að baki. Aðrir voru mun skemur í starfi en þeir.

Verkaskipting milli framkvæmdastjóra, félagsstjórnar og starfsmanna á skrifstofu samtakanna var jafnan í svipuðum skorðum. Lengst af var hlutverk framkvæmdastjóra að annast sölustarfið í markaðslöndunum í samráði við stjórn félagsins, fiskeigendur sjálfa, og nutu þeir við það aðstoðar umboðsmanna erlendis.¹³⁵ Þar fyrir utan skiptu framkvæmdastjórar með sér mörkuðum þannig að á meðan Kristjáns Einarssonar naut við sinni hann einkum Mið- og Suður-Ameríku (þurrfiskmörkuðunum) en Ólafur Proppé og Helgi Þórarinsson Suður-Evrópu (blautfiskmörkuðunum). Eftir lát Kristjáns árið 1962 bættust markaðssvæði hans við Helga þar til árið 1969 að Valgarð J. Ólafsson var ráðinn til að sinna þeim.¹³⁶ Þá tók stjórnarformaður einnig þátt í sölustarfinu og markaðsferðunum, að minnsta kosti frá stríðslokum og fram á níunda áratuginn.

Allt frá upphafi og fram til um 1985 hafði skrifstofustjóri umsjón með daglegum rekstri skrifstofunnar og starfseminni hér innanlands. Áður eða frá því á áttunda áratugnum höfðu ýmiss konar afskipti af hagsmunamálum (afkomuútreikningar, seta í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, samskipti við Þjóðhagsstofnun og fleira) svo bæst við önnur störf skrifstofustjórans. Samtímis hafði skrif-

stofustjórinn byrjað að taka æ meiri þátt í sölustarfinu í markaðs-löndunum með framkvæmdastjóra og stjórnarformanni. Stundum tóku líka einhverjir stjórnarmanna þátt í samningaferðunum.¹³⁷

Frá 1986 og til loka starfsemi SÍF árið 1993 var verkaskipting nokkuð önnur. Framkvæmdastjórinn var aðallega í forsvari fyrir samtökin innanlands og utan, fylgdist með rekstri skrifstofunnar, átti samskipti við stjórnvöld og vann að bættri samkeppnisstöðu ís-lenskra saltfiskútflutjenda á erlendri grund, til dæmis í sambandi við tolla- og EB-mál, svo eitthvað sé nefnt. Samtímis því var skrifstofustjóranum falið að annast söluna auk annars og heiti hans breytt í aðstoðarframkvæmdastjóra. Hann hafði líka fyrst í stað um-sjá ýmissa daglegra hagsmunamála líkt og undanfarin ár en Bjarni Sívertsen, sem réðst til samtakanna árið 1986, tók þau fljótt í sínar hendur og markaðsmálin urðu aðalstarfi aðstoðarframkvæmda-stjóra.¹³⁸

Um leið og Valgarð J. Ólafsson lét af störfum síðla árs 1985 var annar starfsmaður ráðinn í hans stað, Sigurður Sigfússon. Sá hann um þurrfiskmarkaðina, sölu á nýjum þurrfiskafurðum sem þá var byrjað að þróa og, er á leið, Ítalíumarkað. Nýr maður, Sighvatur Bjarnason, kom til liðs við þá nafna, Sigurð Sigfússon og Sigurð Har-aldsson, aðstoðarframkvæmdastjóra, sem sölumaður 1988-89 og gegndi því starfi uns hann gerðist framkvæmdastjóri Nord Morue árið 1990.¹³⁹

Þegar Sigurður Sigfússon var ráðinn forstöðumaður Ítalíuskrifstofunnar um haustið 1990 var Kristján Þ. Davíðsson fenginn til þess að annast þurrfiskmarkaðina í hans stað. Réttu ári síðar, haustið 1991, var ráðinn nýr sölumaður, Ásbjörn Björnsson, enda hafði Sighvatur Bjarnason þá horfið til Nord Morue árið áður. Undir lok ársins 1992, þegar Sigurður Haraldsson lét af störfum, kom Jón S. Friðjónsson í stað hans og voru þeir Jón og Ásbjörn við fiskisöluna uns SÍF hf. tók við rekstrinum 1. mars 1993.¹⁴⁰

Í rúmlega sextíu ára sögu Sölusambandsins urðu að vonum breytingar á mannhaldi eftir því sem umfang saltfiskútflutningsins minnkaði og jókst. Á stríðsárunum, þegar saltfiskframleiðsla lagðist svo til niður, var flestöllu starfsfólki sagt upp störfum. Árið 1943 voru aðeins skrifstofustjóri, bókarari og vélritunarstúlka eftir á skrifstofunni og framkvæmdastjórastöðurnar voru hlutastörf.¹⁴¹ Þegar úr rættist að stríði loknu var aftur fjölgað á skrifstofunni og á sjötta og sjöunda áratugnum voru starfsmenn 10-15 talsins, eins og fyrir stríð.

Um og upp úr 1970, og svo aftur á níunda áratugnum, var fleira fólk ráðið og var það afleiðing aukinnar þjónustu við félagsmenn í einu og öðru formi. Má þar einkum nefna rekstur vörugeymslu,

Fyrsta starfsfólk SÍF, tekið undir 1940. Fremri röð f.v.: Kristján Einarsson, frkvstj.; Bertha Zoëga, símadama; Áslaug Sigurðardóttir, vélritunarstúlka; Ólafur Proppé, frkvstj., og Guðmundur Þórðarson, aðalbókari. Aftari röð f.v.: Ágúst Ármann; Haraldur Ágústsson, gjaldkeri; Páll Þorleifsson, bókari; Haraldur Jónasson, sendisveinn; Ólafur Briem, skrifstofustjóri, og Árni Jónsson frá Múla, birgðaskýrslumaður. Þriðja framkvæmdastjórn, Richard Thors, vantar á myndina og trúlega tvær vélritunarstúlkur.




Starfsfólk SÍF árið 1952. Fremri röð f.v.: Margrét Thors, símadama; Mabel Guðmundsson, einkaritari; Kristján Einarsson, frkvstj.; Helgi Þórarinnsson, frkvstj.; Fjóla Eggertsdóttir, vélritunarstúlka, og Guðrún Einarsdóttir, vélritunarstúlka. Aftari röð f.v.: Ragnar Stefánsson, umsjónarmaður afskipana; Halldór M. Sigurgeirsson, skrifstofumaður; Ólafur Vignir Albertsson, sendisveinn; Árni Kristjánsson, gjaldkeri; Vilhjálmur Sigurðsson, umsjónarmaður útflutningspappíra; Guðmundur Þórðarson, aðalbókari, og Haraldur Jónasson, bókari. (Pétur Thomsen.)



fiskverkun og umbúðapökkun á Keilugranda, fjölþættara fræðslu- og leiðbeiningastarf, vaxandi gæðaeftirlit á vegum SÍF og stóraukið rannsókn- og vöruþróunarstarf á níunda áratugnum, svo eitthvað sé nefnt. Árið 1992 voru starfsmenn samtakanna á fimmta tug, þar af um 25 á skrifstofu SÍF.¹⁴²



Starfsfólk SÍF árið 1992. Efst mynd, f.v.: Ásbjörn Björnsson, Bryndís Erla Sigurðardóttir, Sigurður Haraldsson, Marít Davíðsdóttir, Kristján P. Davíðsson, Guðfinna Theodórsdóttir, Alda Ólafsdóttir og Bjarni Sívertsen. Miðmynd, f.v.: Hinrik Olsen, Svanur Jóhannsson, Einar Sveinbjörnsson, Andrés Pétursson, Jón Ólafur Magnússon, Hannes Oddsson, Ingólfur Teitur Garðarsson og Karl Jónsson. Neðsta mynd, sitjandi f.v.: Krístrún Sigursteinsdóttir, Vilhjálmur Sigurðsson, Hafðís Vilhjálmisdóttir og Sigríður Bára Einarsdóttir. Standandi, f.v.: Steinunn Tómasdóttir, Guðrún Sigurðardóttir, Þórunn Eiðsdóttir, Anna Kristín Sævarsdóttir, Brynjar Þórsson, Anna P. Kristjánsdóttir og Ellen Símonardóttir. Birgi Sævar Jóhannsson vantar. (Sjá Ársskýrslu SÍF 1991, 5-6, um starfssvið allra á þessum myndum.)



Starfsfólk SÍF á skrifstofu í Grandahúsi 1992. F.v.: Kristín Jónsdóttir, Stefán Jónsson og Sigurborg Kristjánsdóttir.

2. Útflutnings sérleyfið

a. Umdeild samtök

Stofnun Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda árið 1932 var til vitnis um samtakaviðleitni á krepputímum. Fiskútflytjendur, sem oft höfðu háð skefjalausa samkeppni sín á milli, tóku höndum saman til að forða fyrirtækjum sínum og helsta útflutningsatvinnuvegi landsmanna frá stórfelldu hruni. Árangurinn af starfi SÍF í erfiðleikum fjórða áratugarins verður ekki vefengdur og saltfiskverkendur þess tíma efuðust ekki um gildi samtaka sinna.

Frá því að Sölusambandið var stofnað og fram til um 1990 ríkti yfirleitt einhugur meðal framleiðenda um nauðsyn samtakanna. Þessi einhugur tryggði stöðu SÍF því hann færði stjórnvöldum heim sanninn um vilja félagsmanna. Stjórnvöld voru oftast sama sinnis og framleiðendur, töldu að saltfiskútflutningi væri best borgið með því að hafa hann á einni hendi. Í samræmi við þetta viðhorf var leyfi til þessa útflutnings sárasjaldan veitt öðrum en Sölusambandinu.

Enda þótt saltfiskframleiðendur væru á einu máli um gildi samtaka sinna stóð stundum styr um SÍF. Við öðru var raunar ekki að búast þegar í hlut áttu samtök sem frá árinu 1932 fengu oftast að sitja ein að útflutningi einnar helstu framleiðsluvöru landsmanna. Allt frá upphafi sættu samtökin gagnrýni og árásum úr ýmsum áttum. Deilur þær sem stundum spunnust um sölusamtökin snerust að miklu leyti um réttmæti þess að veita einungis einum aðila leyfi til útflutnings. Ádeilurnar á SÍF voru þó oft og í bland af pólitískum toga. Það var skotsþónn pólitískra afla sem sáu sér hag í að ráðast á SÍF, finna snögga bletti á því og koma jafnframt höggi á Sjálfstæðisflokkinn sem næstur þótti standa Sölusambandinu.

Peir, sem gagnrýndu sölusamtökin, virtust sjaldnast hafa áhuga á viðhorfi framleiðenda sjálfra. Það var oftast óvefengjanlegt. Gagnrýnin hlaut ekki hljómgrunn meðal framleiðenda sem þvert á móti stóðu saman og reyndu að treysta samtökin í sessi. Þetta var sá grunnur sem samtökin byggðu tilvist sína á, þau gátu ávallt treyst á ótvíræðan stuðning umbjóðenda sinna. Slíkur stuðningur kom best í ljós þegar eitthvað bjátaði á og utanaðkomandi öfl reyndu að færa sér slíkt í nyt með árásum á sölusamtökin.

Áður hefur verið fjallað um þær pólitísku deilur sem risu um Sölusambandið eftir að það var stofnað árið 1932 (IV.2-3). Þær voru harðvítugar og enda þótt nokkuð drægi úr þeim eftir endurskipu-

lagninguna árið 1935 fór því fjarri að SÍF sigldi lygnan sjó. Með vaxandi umsvifum að lokinni síðari heimsstyrjöld varð starf Sölusambandsins fljótlega tilefni deilna um skipan saltfiskútflutningsins og skal drepið á þær helstu.

b. Andstreymi um 1950

Sósíalistar höfðu löngum horn í síðu SÍF og beindu spjótum sínum að samtökunum allt frá stofnun þeirra árið 1932. Í alþingiskosningunum haustið 1949 gerðu þeir árásir á Sölusambandið að einu höfuðatriða kosningabaráttunnar; sjálf innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið fyrr á árinu féll í skuggann. En hver var þessi feiti biti sem sósíalistar töldu sig hafa komist í og geta notað til að klekkja bæði á SÍF og Sjálfstæðisflokknum?

Síðla árs 1948 og snemma á árinu 1949 bárust Landssambandi íslenskra útvegsmanna tvær skýrslur frá umboðsmanni sínum og trúnaðarmanni í London, Geir H. Zoëga. Í skýrslum sínum fjallaði Geir meðal annars um saltfisksölu SÍF til Ítalíu og Grikklands. Bar hann umboðsmenn SÍF í þessum löndum þungum sökum og taldi sölu á íslenskum fiski mjög ábótavant.¹⁴³ Beindist gagnrýnin ekki síst að umboðsmanni SÍF á Ítalíu, Hálfðani Bjarnasyni, en hann sá um sölu á öllum íslenskum saltfiski sem til Ítalíu fór þótt stjórn SÍF yrði að samþykkja alla sölusamninga hans eins og annarra umboðsmanna.¹⁴⁴

Geir H. Zoëga benti á að jafnframt því að vera umboðsmaður Sölusambandsins á Ítalíu og fá umsamin sölulaun væri Hálfðan meðeigandi í innflutningsfyrirtæki, sem keypti íslenskan fisk, og með þeim hætti þægi hann nýjan ágóða af fiskinum. Auk þess væri Hálfðan meðeigandi í fyrirtæki, sem annaðist smásölu á saltfiski, og hagnaðist á því til viðbótar. Geir benti á að innflutningsfyrirtæki það sem Hálfðan væri aðili að hefði um hríð setið eitt að íslenskum



Geir H. Zoëga. Hann var starfsmaður Landssambands íslenskra útvegsmanna í London.

ÞJÓÐVILJINN X C
 11. árgangur. Þinnabúður 20. októ. 1950. 121. tölublað.

Uppljóstranir sem ræpa nýju ljósi á öll atvörðasölumálin:

ÍSLENDINGAR RÆNDIR MILLJÓNUM MEÐ SALTFISKSÖLU Í ÍTALÍU OG GRIKKLANDI

Geir H. Zoega, starfsmaður Landssambands íslenskra útvegsmanna kemur upp um svíksamlega verzlunarhætti Thorsaranna og umboðsmanna þeirra á Ítalíu og Grikklandi

Stofnun og prentun: Stofnun Geira H. Zoega um þetta málið í fyrri

„Íslendingar rændir milljónum ...“ Þjóðviljinn sparði ekki stóru orðin um söluhætti SÍF rétt fyrir alþingiskosningar árið 1949. Blaðið hamraði á ásökunum sínum fram að kjördegi enda var þetta kosningabomba flokksins.

saltfiski sem til Ítalíu fluttist; aðrir kaupmenn þar í landi hefðu ekki fengið keyptan íslenskan fisk. Taldi Geir að sá háttur sem þarna væri hafður á væri íslenskum framleiðendum síst til hagsbóta heldur misstu þeir spón úr aski sínum vegna þeirra hagsmuna sem umboðsmaðurinn á Ítalíu ætti að gæta í fyrirtækjum þar syðra.¹⁴⁵

Eftir að Landssambandi íslenskra útvegsmanna bárust greinargerðir Geirs H. Zoëga skipaði stjórn þess þriggja manna nefnd til að kanna hvað hæft væri í máli hans. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að ásakanir og aðdróttanir á hendur umboðsmanni SÍF á Ítalíu ættu ekki við rök að styðjast. Var stjórn LÍÚ sömu skoðunar.¹⁴⁶

En málið var ekki úr sögunni þótt þessum ásökunum væri hrundið því eins og áður segir tóku sósíalistar það upp í kosningabaráttunni haustið 1949. Veittust þeir mjög að Sölusambandinu, gagnrýndu starfshætti þess og reyndu á allan hátt að lasta það með því að skírskota til atriða sem fram höfðu komið í skýrslum Geirs H. Zoëga.¹⁴⁷ Allt var þetta gert í pólitískum tilgangi, markmiðið var að veitast að þeim flokki sem frá upphafi hafði verið ötulastur málsvari Sölusambandsins á hinum pólitíska vettvangi. Gömul tortryggni í garð SÍF gerði einnig vart við sig hjá mál gagni Framsóknarflokksins, *Tímanum*, en mál gagn Alþýðuflokksins, *Alþýðublaðið*, leiddi þetta kosningamál hjá sér. Síðari skrif í því blaði sýndu þó að það var allgagnrýnið í garð SÍF.¹⁴⁸

Vegna fyrrgreindra skýrslna Geirs H. Zoëga um saltfisksöluna og umræðnanna, sem um þær spunnust, óskaði stjórn Sölusambandsins eftir því í janúar 1950 að dómsmálaráðuneytið léti fara fram opinbera rannsókn á afskiptum stjórnar og framkvæmdastjóra SÍF af sölu og flutningi saltfisks til Ítalíu og Grikklands. Fyrirskipaði ráðuneytið réttarrannsókn í málinu og urðu niðurstöður hennar þær að enginn grundvöllur væri til málsóknar gegn neinum af forráðamönnum SÍF eða öðrum þeim mönnum er rannsóknin náði til.¹⁴⁹

Hið eina sem ástæða þótti til að kanna nánar voru umboðslaun sem Geir H. Zoëga taldi Kristján Einarsson, framkvæmdastjóra SÍF, hafa fengið af saltfiski sem seldur var til Grikklands sumarið 1948. Þótti rétt að láta dómstóla skera úr um það. Var höfðað mál gegn Kristjáni en hann var algerlega sýknaður af ákærinni, bæði fyrir undirrétti og Hæstarétti.¹⁵⁰

Endirinn varð því sá að sósíalistar, sem hugðust koma höggi á Sjálfstæðisflokkinn með gagnrýni á SÍF, höfðu ekki erindi sem erfiði. Hvorki Sölusambandið né einstakir starfsmenn þess urðu uppvisir að nokkru því sem hin óvægna gagnrýni hafði snúist um. Þessi niðurstaða var mikilvæg fyrir SÍF og þá ekki síður saltfiskframleiðendur.

c. SÍS vill líka útflutningsleyfi

Enda þótt Sölusambandið stæði af sér allar árásir úr herbúðum pólitískra afla um 1950 þurftu samtökin brátt að heyja nýja baráttu fyrir tilvist sinni. Hún spratt af tilraunum Sambands íslenskra samvinnufélaga, sem átti þá aðild að SÍF, til að fá sjálft leyfi til saltfiskútflutnings. Samvinnumenn fullyrту að þeir væru fyllilega færir um að flytja út saltfisk sinn án tilstillis Sölusambandsins. Ber hér að hafa í huga að SÍS hafði margvíslega reynslu af útflutningi sjávarafurða, flutti til dæmis út frystan fisk og hafði gert það um árabil.¹⁵¹

Áhugi á saltfiskútflutningi hafði vafalaust blundað lengi með forráðamönnum SÍS og hefur ekki dregið úr þeim áhuga árið 1950 er samvinnufélagin höfðu til umráða óvenjumikið af heildarframleiðslunni. Það ár sótti SÍS um heimild til að flytja út þann saltfisk sem það fengi umráðarétt yfir á árinu 1951. Ólafur Thors gegndi þá stöðu atvinnumálaráðherra sem hafði á valdi sínu að veita slík leyfi. Hann synjaði beiðninni á þeirri forsendu að SÍS væri samkvæmt félagslögum SÍF bundið þeim samtökum til ársloka 1950.¹⁵²

Þá sagði SÍS sig úr Sölusambandinu og endurnýjaði haustið 1951 beiðni sína til ráðuneytisins um útflutningsleyfi. Ráðuneytið sendi beiðni SÍS til umsagnar þeim aðilum sem mestra hagsmuna áttu að gæta, Landssambandi íslenskra útvegsmanna og Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda. Lögðust hvor tveggja samtökin mjög eindregið gegn því að SÍS yrði veitt útflutningsleyfi.¹⁵³ Stjórn SÍF benti meðal annars á að umsókn SÍS kæmi að því leyti spánskt fyrir sjónir að ekki væri unnt að sjá í fundargerðarbókum að þeir fulltrúar SÍS sem átt hefðu sæti í stjórn SÍF hefðu nokkru sinni gert ágreining vegna ákvarðana sem stjórnin hefði tekið um sölusamninga.¹⁵⁴ Að fengnum umsögnum LÍÚ og SÍF síðla árs 1951 ákvað ráðherra, Ólafur Thors, að veita SÍS ekki leyfi til saltfiskútflutnings.¹⁵⁵

Forráðamenn SÍS voru samt ekki af baki dottnir og komu sér nú vel tengsl samvinnuhreyfingarinnar við Framsóknarflokkinn. Í nóvember 1951 lögðu þrír framsóknarmenn fram frumvarp til laga á Alþingi þess efnis að SÍS yrði ásamt SÍF heimilað frá 1. janúar 1952 að bjóða til sölu, selja og flytja saltfisk til útlanda án þess að leyfi atvinnumálaráðherra þyrfti til; öðrum aðilum skyldi hins vegar ekki heimill útflutningur nema að fengnu slíku leyfi.¹⁵⁶

Þingmennirnir lögðu með öðrum orðum ekki til að saltfisksalan yrði gefin frjáls heldur vildu þeir einungis að SÍS hefði hana með höndum ásamt Sölusambandinu. En fólst ekki í þessu tvískinnungur og augljós hagsmunavarsla fyrir samvinnuhreyfinguna? Það töldu þingmennirnir ekki vera og rökstuddu andstöðu sína við



Einkennismerki Sambands íslenskra samvinnufélaga.

óheft útflutningsfrelsi með því að þess hefði orðið vart að margir framleiðendur teldu óvarlegt að gefa fiskverslunina alveg frjálsa.¹⁵⁷

Ekki þótti öllum rök framsóknarmanna góð. Ólafur Thors gagnrýndi þá hagsmunavörslu sem hann taldi felast í frumvarpinu. Sagðist hann raunar ekki undir neinum kringumstæðum, ef SÍS með lögum öðlaðist rétt til að flytja sérstaklega út sinn fisk, treysta sér til að neita ýmsum öðrum aðilum um sams konar réttindi ef þeir færu fram á þau.¹⁵⁸

Það er ekki hægt með neinni sanngirmi að ætlast til þess af mér, að ég geti staðið á móti þeim kröfum. Afleiðing af samþykkt þessa frumvarps yrði því án efa upplausn þeirra samtaka eða þess samstarfs, sem útvegsmenn hafa haft um saltfiskssöluna, upplausn gegn þeirra eindregnu mótmælum.¹⁵⁹

Ólafur vísaði þarna til mótmæla saltfiskframleiðenda sjálfra en sölusamtök þeirra lögðust enn sem fyrr harkalega gegn hugmyndum um að SÍS fengi leyfi til útflutnings á saltfiski. Á aðalfundi SÍF í nóvember 1951 var til dæmis samþykkt að skora á Alþingi að fella frumvarpið, sem þá lá fyrir þinginu, „þar sem það miðar að því að kljúfa sölusamtök íslenskra saltfiskframleiðenda og veikja aðstöðu þeirra í markaðslöndum vorum, en það myndi torvelda viðleitni landsmanna til að halda uppi verði vörunnar.“ Enn fremur skoraði aðalfundurinn á SÍS að vera áfram innan vébanda SÍF og láta þau samtök annast sölu þess fisks sem SÍS hefði umráð yfir, hér eftir sem hingað til.¹⁶⁰

Fulltrúar samvinnufélaganna stóðu fast á sínu á aðalfundinum og þá einkum Vilhjálmur Þór, framkvæmdastjóri.¹⁶¹ Hann var reyndar einn helsti hvatamaðurinn að tilraunum SÍS til að fá leyfi til saltfiskútflutnings um þær mundir.¹⁶² Vilhjálmur sagði að ákvörðun um úrsögn SÍS hefði verið tekin vegna eindreginna áskorana þeirra útvegsmanna sem væru innan vébanda SÍS.¹⁶³ Talsmenn Sölusambandsins ítrekuðu hins vegar að varhugavert væri að losa um útflutningsleyfi hér á landi á sama tíma og í ýmsum öðrum framleiðslulöndum væru starfandi útflutningsamtök sem þættu gefa góða raun. Enn fremur var bent á að í markaðslöndum væri saltfiskinnflutningur víða á einni hendi og því hæpið að fisksalan tækist betur þótt fleiri aðilar hér á landi hefðu framleiðsluna á boðstólum.¹⁶⁴

Frumvarpinu, sem framsóknarmenn lögðu fram á Alþingi um útflutningsleyfi handa SÍS, var ekki haldið til streitu og dagaði það uppi án þess að til atkvæðagreiðslu kæmi.¹⁶⁵ Sölusambandið hóf hins vegar viðræður við SÍS til að reyna að ná samkomulagi og samstöðu um saltfiskútflutninginn. Ljóst var að úrsögn SÍS úr Sölusam-



bandinu gat haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar og taldi stjórn SÍF það skyldu sína að gera allt sem í hennar valdi stæði til að samtökin rofnuðu ekki. Til að ná því markmiði var óhjákvæmilegt að koma nokkuð til móts við kröfur SÍS og náðist samkomulag loks í janúar árið 1952. Það fól meðal annars í sér að SÍS fékk söluumboð fyrir saltfisk í Danmörku, Bandaríkjunum og í þeim löndum öðrum þar sem SÍF hafði ekki fasta umboðsmenn.¹⁶⁶

Í raun breyttist ekki annað en það að nú komust viðkomandi söluumboð í hendur SÍS og sölulaun runnu til þess en ekki erlendra umboðsmanna eða -fyrirtækja eins og áður. Salan var eftir sem áður óskoruð í höndum SÍF. Breytingin snerti einkum saltfisksölu til Danmerkur og fékk SÍS umboðslaun af þeim saltfiski sem fór til Ítalíu um Esbjerg.¹⁶⁷ SÍS hafði um þetta leyti starfrækt skrifstofu í Kaupmannahöfn lengi en þegar hún var lögð niður nokkrum árum síðar, 1960, sagði það upp söluumboði sínu fyrir saltfisk þar í landi og fyrirkomulagið varð eins og áður.¹⁶⁸

Enda þótt samkomulag tækist með SÍF og SÍS árið 1952 héldu samvinnumenn áfram að gefa í skyn að þeir væru ekki sáttir við útflutningsfyrirkomulagið. Næstu árin hafði SÍS ávallt til reiðu úrsögn úr Sölusambandinu ef vera kynni að útflutningsleyfi yrðu rýmkuð. Úrsögn var þó ávallt frestað.¹⁶⁹ Bendir raunar ýmislegt til þess að aldrei hafi verið full alvara að baki þessum tilburðum SÍS til að fá útflutningsleyfi og síendurteknum yfirlýsingum þess efnis að

Aðalfundarhóf árið 1952. Þessi mynd á tuttugu ára afmæli SÍF sýnir bæði starfsfólk og framleiðendur. Við borðið næst horfa fram, talið f.v.: Eyþór Hallsson, framkvæmdastjóri Bæjar-útgerðar Siglufjarðar; ókunnur; Jóhann Eiríksson, yfírfiskmatsmaður; Guðmundur Eiríksson, verkstjóri SÍF í Baldursstöðinni; Arni Kristjánsson; Guðrún Einarsdóttir og Halldór M. Sigurgeirsson. Við borðið fjær er Magnús Gamalíelsson, fiskverkandi á Ólafsfirði (horfir fram, þriðji f.v.); aðrir ókunnir. (Pétur Thomsen.)

úrsögn úr SÍF kynni að vera á næsta leiti. Virðist SÍS hafa verið fyllilega sátt við að fá því framgengt sem fólst í fyrrgreindu samkomulagi við Sölusambandið árið 1952.

Kjarni málsins var sá að stórfelldur saltfiskútflutningur var nokkuð sem hægara var um að tala en í að komast. Hefði hann kostað SÍS mikið átak og fyrirhöfn, meðal annars vegna nauðsynlegrar þjónustu við smáframleiðendur víða um land og þá ekki síst á smáhöfnum norðanlands og austan. Hefði reynt afar erfitt að standast SÍF snúning í þessu efni en Sölusambandið bjó yfir þaulskipulögðu sölukerfi og rótgrónum tengslum við verkendur um allt land. Í þessu fólst raunar einn helsti styrkur Sölusambandsins og jafnframt forsenda þess trausts sem samtökin nutu meðal alls þorra framleiðenda. Þetta var forráðamönnum SÍS ljóst og niðurstaða þeirra varð sú að hag þeirra félagsmanna SÍS sem framleiddu saltfisk væri best borgið með áframhaldandi aðild að SÍF.¹⁷⁰

d. Frá vinstri stjórn til viðreisnar

Í júlímánuði 1956 var mynduð samstjórn Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Alþýðubandalags. Hér voru á ferðinni þau stjórn málaöfl sem allt frá upphafi höfðu með einum eða öðrum hætti haft horn í síðu SÍF, gagnrýnt starf samtakanna og krafist breytinga á útflutningsfyrirkomulaginu. Harðasta gagnrýnin hafði komið úr röðum sósíalista en alþýðuflokksmenn og framsóknarmenn höfðu líka tekið undir hana.

Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur unnu saman fyrir alþingiskosningarnar þetta ár og í sameiginlegri stefnuskrá flokkanna var ákvæði þess efnis að komið skyldi á fót yfirstjórn í útflutningsversluninni; skyldi þessi stjórn skipuð fulltrúum frá ríkisstjórn, sjómönnum, útvegsmönnum og fiskvinnslustöðvum. Tilgangurinn var sagður sá að gefa sem flestum aðilum, sem hér höfðu hagsmuna að gæta, kost á að fylgjast með því hvernig útflutningsverslunin væri af hendi leyst og skyldu fulltrúar fyrrgreindra aðila fá sæti í stjórnunni útflutningsfyrirtækja í þessu skyni.¹⁷¹

Með stefnu þessa í veganesti héldu Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn til ríkisstjórnarsamstarfs við Alþýðubandalagið. Þegar ofan á þetta bættist að viðskipta- og sjávarútvegsráðherra hinnar nýju stjórnar, Lúðvík Jósepsson, kom úr herbúðum sósíalista virtist einsýnt að breytinga væri að vænta í útflutningsmálum því veiting útflutningsleyfa var færð í hendur sjávarútvegsráðherra við skiptingu verkefna atvinnumálaráðuneytisins.



Stefnuskrá umbótaflokka árið 1956. Þetta var kosningabæklingur Hræðslubandalagsins sem samflot Alþýðuflokks og Framsóknarflokks í kosningabaráttunni var kallað af andstæðingum. (Halldór Pétursson.)


Í stjórnarfrumvarpi, sem Lúðvík Jósepsson lagði fram á Alþingi í janúar 1957, var að ýmsu leyti boðuð nýskipan í útflutningi sjávarafurða. Eitt helsta nýmælið var að allur útflutningur skyldi vera undir nákvæmu eftirliti sérstakrar nefndar sem ráðherra sjávarútvegs mála skipaði. Skyldu allir útflytjendur sækja um leyfi til nefndarinnar og fá samþykki hennar fyrir útboðum og sölu. Samkvæmt frumvarpinu, sem átti sér norska fyrirmynd, skyldi enginn útflytjandi fá einkarétt til útflutnings neinnar vörutegundar.¹⁷²

Til skýringar verður að geta þess að þótt SÍF hefði þá setið eitt að saltfiskútflutningi um langt árabil þá var það svo í framkvæmdinni að SÍF þurfti ætíð á fimmta og sjötta áratugnum að sækja formlega um löggildingu stjórnvalda til útflutningsins. Fyrstu árin var það veitt til eins árs í senn en síðar virðist SÍF hafa þurft að sækja um leyfi fyrir hverjum farmi.¹⁷³ Samtökin höfðu því ekki sjálfkrafa rétt eða ótímabundið einkaleyfi til útflutningsins þótt leyfisbeiðnir þess hafi undantekningarlaust verið samþykktar á þessum árum.

Jafnvel þótt fyrrgreint stjórnarfrumvarp varðaði útflutning allra sjávarafurða er ljóst af umræðum á Alþingi að það átti frammar öðru rætur að rekja til þeirra deilna sem stundum höfðu risið um SÍF og einkaleyfi samtakanna. Gaf sjávarútvegsráðherra til dæmis fyllilega í skyn að einn megintilgangur frumvarpsins væri að brjóta á bak aftur þá „einkaréttaraðstöðu“ sem SÍF hefði notið varðandi útflutning á saltfiski.¹⁷⁴ Útflutningi sjávarafurða um þessar mundir var líka þannig háttað að Síldarútvegsnefnd hafði með höndum allan útflutning á saltsíld; Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, SÍS og Fiskiðjuver ríkisins fluttu út frystan fisk en útflutningur skreiðar, fiskimjöls og nokkurra fleiri afurða var á vegum allmargra aðila, samlaga og einstaklinga.¹⁷⁵ Frumvarpið snerti því aðallega síldar- og saltfiskverkendur.

Andstæðingar frumvarpsins á Alþingi, sjálfstæðismenn, sögðu að ekki fælist í því nein breyting á formlegum rétti stjórnvalda til íhlutunar um útflutning sjávarafurða; hins vegar hygðist ríkisstjórnin beita hinu formlega valdi á annan hátt en gert hefði verið fram að þessu, ætlunin væri meðal annars að riðla samtökum saltfiskframleiðenda með því að afnema einkarétt þeirra til útflutnings.¹⁷⁶

Fyrirætlanir vinstri stjórnarinnar um breytta skipan útflutningsmála voru ræddar víðar en á Alþingi. Meðal annars létu ýmis samtök í sjávarútvegi til sín heyra. Er skemmst frá því að segja að SÍF, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Samlag skreiðarframleiðenda, félag síldarsaltenda og Landssamband íslenskra útvegsmanna mæltu gegn öllum áformum um að veikja þau sölusamtök sem starfandi



Lúðvík Jósepsson. Hann var sjávarútvegsráðherra hinnar nýju stjórnar árið 1956.

væru. Fiskifélag Íslands taldi ekki sjáanlegan tilgang með frumvarpinu þar sem ekki fælist í því breyting á formlegum íhlutunarrétti stjórnvalda um útflutning sjávarafurða.¹⁷⁷

SÍF taldi hins vegar heppilegast að minnst tveir útflytjendur væru löggiltir til að hafa útflutning á öllum sjávarafurðum.¹⁷⁸ Skírskotaði Sambandið þannig til þess áhuga sem það hafði áður látið í ljós á útflutningi saltfisks. Hafa einhverjir samvinnumenn vafalaust hugsað gott til glóðarinnar þegar ljóst var að vilji væri til þess á hinum pólitíska vettvangi að veita öðrum en SÍF leyfi til saltfisk-útflutnings.

Lítil hrifning ríkti meðal forráðamanna Sölusambandsins og flestra félagsmanna þess með frumvarpið. SÍF lagðist eindregið gegn áformum ríkisstjórnarinnar um breytta skipan útflutningsmála. Í greinargerð, sem stjórn samtakanna sendi Alþingi, var því meðal annars haldið fram að það mundi veikja mjög stöðu SÍF á saltfiskmörkuðum ef einstökum aðilum yrði leyfður útflutningur á saltfiski, jafnvel þótt í smáum stíl væri:

... virðist það auðsætt, að breyting á núverandi söluþyrirkomulagi á íslenskum saltfiski til markaðslanda vorra víðs vegar um heim, er fólgin væri í því, að útflutningnum væri dreift á fleiri útflutningsaðila, mundi verða skaðleg fyrir framleiðendur fisksins og án efa verka til verðlækkunar.¹⁷⁹

Töluverður hiti var í saltfiskframleiðendum vegna þessa máls og var boðað til aukafundar í Sölusambandinu í febrúar 1957. Var þar

Ríkisstjórn Hermanns Jónassonar 1956-58. F.v.: Hannibal Valdimarsson; Eysteinn Jónsson; Hermann Jónasson; Birgir Thorlacius, ráðuneyttisstjóri; Ásgeir Ásgeirsson, forseti; Guðmundur Í. Guðmundsson; Gylfi Þ. Gíslason og Lúðvík Jósepsson. (Pétur Thomsen.)



samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða að skora á Alþingi að fella margnefnt frumvarp ríkisstjórnarinnar. Auk þess lét fundurinn í ljós það álit sitt að hagsmunum fiskframleiðenda væri best borgið með því að sala og útflutningur saltfisks yrði áfram eingöngu í höndum sölusamtaka fiskframleiðenda, það er SÍF. Í lok ályktunar aukafundarins sagði:

Fundurinn óttast, að með fjölgun útflytjenda muni sækja í sama horf og var fyrir stofnun S.Í.F., þannig að útboð fleiri aðila muni óumflýjanlega valda verðlækkun og glundroða.¹⁸⁰


Enda þótt saltfiskframleiðendur samþykktu á aukafundi sínum öflug mótmæli gegn áformum ríkisstjórnarinnar létu stjórnarsinnar ekki segjast. Mótmæli SÍF og annarra samtaka í sjávarútvegi stóðu úttítt og margnefnt frumvarp um sölu og útflutning sjávarafurða var samþykkt á Alþingi í apríl 1957. Í samræmi við hin nýju lög var svo í nóvember 1957 skipuð þriggja manna nefnd, útflutningsnefnd sjávarafurða, sem sjávarútvegsráðherra skipaði og heyrði hún undir hann. Skyldi nefndin meðal annars hafa eftirlit með útflutningi og veita leyfi til hans.¹⁸¹

Saltfiskframleiðendur höfðu óttast að ný skipan útflutningsmála mundi ógna samtökum þeirra, riðla þeim, fengju aðrir leyfi til saltfiskútflutnings. Sá ótti var vissulega ekki ástæðulaus ef hafður er í huga málflutningur þeirra manna sem beittu sér fyrir hinum nýju lögum. En hver varð svo raunin? Var Sölusambandið brotið á bak aftur? Nei, fjarri því. Verður ekki séð að skipun sérstakrar útflutningsnefndar hafi í raun breytt nokkru um stöðu SÍF. Næstu árin var það eitt um saltfiskútflutninginn. Meira að segja SÍS, sem svo oft hafði látið í ljós áhuga á eigin útflutningi, hafði hægt um sig og kaus að starfa áfram innan vébanda Sölusambandsins.¹⁸²

Lögin, sem sett voru árið 1957 um sölu og útflutning sjávarafurða, voru öðru fremur til vitnis um ríkisafskiptastefnu þeirra flokka sem stóðu að vinstri stjórninni.¹⁸³ Að því leyti svipaði þessum aðgerðum til afskipta „stjórnar hinna vinnandi stétta“ á fjórða áratugnum af útflutningsmálum. Sú stjórn hafði sett lögum um Fiskimálanefnd og snertu þau ekki síst málefni SÍF, líkt og lögum frá 1957. Í báðum tilvikum hugðust stjórnarflokkar auka afskipti ríkisvaldsins af saltfiskútflutningi vegna rótgróinnar tortryggni í garð Sölusambandsins og starfsemi þess.

Reginmunur var samt á raunverulegum áhrifum aðgerða „stjórnar hinna vinnandi stétta“ á fjórða áratugnum og vinstri stjórnarinnar á þeim sjötta. Í fyrra tilvikinu urðu áhrifin afgerandi með því að knúin var fram breyting á félagslegri skipan SÍF og þar með öllu starfi þeirra samtaka. Aðgerðir vinstri stjórnarinnar 1957 höfðu

*Ríkisstjórn Ólafs Thors
1959-63. F.v.: Gunnar
Thoroddsen; Ingólfur Jóns-
son; Bjarni Benediktsson;
Ólafur Thors; Birgir Thor-
lacius, ráðuneyttisstjóri;
Ásgeir Ásgeirsson, forseti;
Guðmundur Í. Guðmunds-
son; Emil Jónsson og
Gylfi Þ. Gíslason.
(Pétur Thomsen.)*



hins vegar engar raunverulegar breytingar í för með sér þegar til kastanna kom. Útflutningsnefndin, sem skipuð var, setti SÍF ekki stólinn fyrir dyrnar; samtökin héldu áfram að starfa líkt og fyrr og flytja út saltfisk þótt leyfi til þess þyrfti að sækja til nýrra aðila. Framleiðendur stóðu einhuga að baki sölusamtökum sínum og þau pólitísku öfl sem kunna að hafa vænst þess að skarð yrði rofið í SÍF höfðu ekki erindi sem erfiði fremur en fyrri daginn.

Eftir að viðreisnarstjórnin svokallaða, samstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, tók við völdum árið 1959 var formlegri skipan saltfiskútflutnings komið í svipað horf og verið hafði áður en lögin um sölu og útflutning sjávarafurða voru sett árið 1957. Útflutningsnefnd sjávarafurða var lögð niður árið 1960 enda taldi viðreisnarstjórnin fengna reynslu benda til þess að heppilegt væri að sjávarútvegsráðuneytið sjálft undir stjórn hlutaðeigandi ráðherra, en ekki sérstök nefnd, færi með veitingu útflutningsleyfa.¹⁸⁴

Ekki var laust við að ýmsum andstæðingum viðreisnarstjórnarinnar þætti sem mótsagna gætti í stefnu hennar; einokun væri áfram haldið við í útflutningsversluninni á sama tíma og höftum væri aflétt í innflutningsversluninni.¹⁸⁵ Gylfi Þ. Gíslason, viðskiptaráðherra, einn helsti hvatamaður að lögunum 1960, svaraði því til að rökin fyrir því að heimila ekki sams konar frelsi í útflutningsverslun og innflutningsverslun væru mjög einföld:

Meginrökin fyrir kerfinu í útflutningnum eru þau að koma í veg fyrir keppni íslenskra aðila á erlendum markaði, sem gæti haft í för með sér í fyrsta lagi verðfall á íslenskum afurðum og svo óþarflega kostnaðar-

sama baráttu aðila í hinu litla íslenska þjóðfélagi um sama markaðinn.¹⁸⁶

Þessi skipan mála hélst síðan óbreytt að undanteknu því að veiting leyfanna færðist yfir til utanríkisráðuneytisins árið 1988.¹⁸⁷

e. Leyfisveitingar á sjöunda áratugnum

Enda þótt forsvarsmenn viðreisnarstjórnarinnar teldu varhugavert að veita sama frelsi í útflutningsverslun og innflutningsverslun varð raunin sú að losað var nokkuð um saltfiskútflutning snemma á ferli stjórnarinnar. Fékk Magnús Z. Sigurðsson, framkvæmdastjóri, leyfi sjávarútvegsráðherra, Emils Jónssonar, til þess í upphafi sjöunda áratugarins að flytja út smávegis af saltfiski til Ítalíu en það var gert í nafni SÍF sem síðan greiddi Magnúsi sölulaun.¹⁸⁸ Friðrik Jørgensen, stórkaupmaður, fékk einnig leyfi um svipað leyti til að flytja út nokkuð af saltfiski og gerði hann það allt til ársins 1966.¹⁸⁹

Nú er eðlilegt að spurt sé hvað legið hafi að baki þeirri ákvörðun stjórnvalda að veita öðrum aðila en SÍF leyfi til saltfiskútflutnings fram eftir sjöunda áratugnum. Hér áttu vafalaust hlut að máli þær hugmyndir um viðskipta- og verslunarfrelsi sem viðreisnarstjórnin ýtti undir í upphafi ferils síns og gerði raunar að einu helsta stefnumáli sínu.¹⁹⁰ Enda þótt stjórnarflokkarnir vildu forðast að veikja starfandi sölusamtök varð það sjónarmið ofan á að SÍF skyldi ekki sitja eitt að öllum saltfiskútflutningi. Þetta var meðal annars viðhorf norska sjávarútvegsfræðingsins Gerhards M. Gerhardsens sem íslenska ríkisstjórnin fól síðla árs 1960 að gera úttekt á ýmsum þáttum íslensks sjávarútvegs, kanna vandamál hans og gera tillögur til úrbóta.

Í greinargerð, sem Gerhardsen skilaði í mars 1961, komst hann meðal annars að þeirri niðurstöðu að óraunhæft væri að gefa saltfiskútflutning algerlega frjálstan. Hins vegar taldi hann mikilvægt að veita SÍF eitthvert aðhald og lagði því til að nokkuð yrði losað um útflutninginn, til dæmis með því að aðilar utan SÍF fengju leyfi til að selja saltfisk á einstaka markaði.¹⁹¹ Magnúsi Z. Sigurðssyni og Friðriki Jørgensen voru veitt útflutningsleyfi í samræmi við þetta sjónarmið. Einnig fékk Jón Guðmundsson fyrir hönd Sjólastöðvarinnar í Hafnarfirði að flytja út eigin framleiðslu af flöttum fiski og flökum árin 1967-68 en þá sat viðreisnarstjórnin enn.¹⁹²

Fyrirtæki Friðriks Jørgensens flutti út margs konar aðrar afurðir en venjulegan saltfisk, svo sem mjöl, skreið, tunnusaltaðan bítung, stýfðan saltfisk og frosna síld, og hugðist framfarir öðru einbeita sér að ýmsum sérverkunum á fiski. Þar á meðal var sala á söltuðum



Emil Jónsson. Hann var sjávarútvegsráðherra 1959-65 og veitti fleiri en SÍF leyfi til útflutnings á saltfiski.



*Friðrik Jörgensen. Hann rak bæði innflutnings- og útflutningsverslun um nokk-
urra ára skeið og kom mik-
ið við sögu saltfisksölnnar
á sjöunda áratugnum.
(Jón K. Sæmundsson.)*

ufsaflokum til Þýskalands og jókst hún fljótt. Friðrik fékk æ fleiri fiskframleiðendur í viðskipti við sig og marga innan SÍF en samtök-
in höfðu lítið eða ekki selt ufsaflok til Þýskalands heldur höfðu að-
rir gert það.¹⁹³

Forsvarsmenn Sölusambandsins sáu brátt að hér var um álitleg-
an markað að ræða og hugðust láta þar til sín taka. Þetta mál var
rætt í stjórn SÍF sem ákvað síðla árs 1961 að selja ekki saltfisk fyrir
félagsmenn nema að öll framleiðsla þeirra væri seld á vegum sam-
takanna, ufsaflok líka. Á aðalfundi SÍF árið eftir var síðan ályktað
að verkun á ufsaflokum væri ekki sérverkun heldur félli innan sölu-
viðs samtakanna. Í framhaldi af því var framleiðendum sent bréf
um það að þeim væri ekki heimilt að selja Friðriki ufsaflok.¹⁹⁴

Friðrik Jörgensen undi þessu illa og bar sig upp við sjávarútvegs-
ráðherra, Emil Jónsson. Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar að
leyfa nokkra samkeppni og auka fjölbreytni sjávarvöruframleiðsl-
unnar óskaði hann eftir því við SÍF að samtökin endurskoðuðu af-
stöðu sína og leyfðu verkendum að selja Friðriki ufsaflokin. Þau
héldu fast við sitt og árið 1962 gaf ráðherra þá Friðriki leyfi til þess
að flytja út flattan saltfisk þótt hann hafi ekki ætlað sér að fara inn
á þann vettvang og keppa við SÍF. Leyfið var hins vegar skilyrt og
mátti Friðrik ekki flytja út nema visst magn, sem var breytilegt frá
ári til árs, og eins þurfti Friðrik að selja á alla hefðbundnu
saltfiskmarkaðina.¹⁹⁵

Saltfiskútflutningur Friðriks jókst hratt og árin 1963-66 hafði
hann um fjörutíu framleiðendur í viðskiptum um allt land. Mest fór
til Ítalíu og var stærsti kaupandinn Cesare Paonessa í Catanzaro á
Suður-Ítalíu. Komst útflutningur Friðriks upp í 4.000-5.000 tonn af
flöttum saltfiski árið 1965 og fór hann til Grikklands, Ítalíu, Spá-
nar og Portúgals.¹⁹⁶

Eins og áður er sagt bar Sölusambandið fram mótmæli við ráðu-
neytið þegar fyrirtæki Friðriks Jörgensens var veitt leyfi til saltfisk-
útflutningsins. Héldu forsvarsmenn Sölusambandsins því fram að
saltfisksala þess skaðaði hagsmuni samtakanna, samkeppnin hefði
skaðleg áhrif á fiskverðið auk þess sem samheldni framleiðenda
væri stefnt í hættu. Var bent á að þeir sem seldu fram hjá SÍF not-
færðu sér eingöngu þá markaði sem best gæfu verð hverju sinni en
hins vegar þyrfti Sölusambandið, vegna heildarhagsmuna og fram-
tíðarafkomu framleiðenda, að halda fótfestu á mörgum mörkuðum.
Töldu Sölusambandsmenn þetta geta haft í för með sér upplausn
samtakanna sem á endanum sætu uppi með lélegasta fiskinn og rýr-
ustu markaðina eina saman.¹⁹⁷

Enn fremur sögðu talsmenn samtakanna að meðan spurn eftir
saltfiski væri ekki fullnægt væri mjög auðvelt fyrir aðila utan SÍF að

fá lítið eitt hærra verð fyrir lítið magn af fiski eftir að samtökin hefðu gert sína samninga. Á aðalfundi Sölusambandsins í júní 1962 var samþykkt samhljóða ályktun þess efnis að tækist öðrum útflytjendum að ná hagstæðari kjörum fyrir seldan fisk en sem svaraði meðalverði SÍF væri það einungis því að þakka að til væru sölusamtök sem hefðu með höndum útflutning á miklu magni er selja þyrfti á marga og misjafnlega hagstæða markaði.¹⁹⁸

Þessi ályktun beindist að saltfiskútflutningi Friðriks og ályktuðu samtökin oftast en einu sinni gegn honum.¹⁹⁹ Forsvarsmenn Sölusambandsins ræddu líka við Friðrik og óskuðu eftir því að hann léti af honum en hann hélt sínu striki.²⁰⁰ Óvænt rás atburða leiddi síðan til þess að Friðrik neyddist til að hætta saltfisksölu í ársbyrjun 1967 og var fyrirtækinu lokað. Var hann sakaður um misferli í viðskiptum og vanefndir samninga. Eftir áralanga rannsókn kvað sakaðómur Reykjavíkur, sem skipaður var þremur dómendum í þessu máli, upp sýknudóm og sá ríkissaksóknari ekki ástæðu til að áfrýja þeim úrskurði til Hæstaréttar. Hélt Friðrik verslunarleyfi sínu áfram en hóf ekki saltfiskútflutning aftur.²⁰¹


f. Söluerfiðleikar og sérleyfið 1968

Á erfiðleikaárinu 1968 stóðu samningamenn Sölusambandsins í ströngu eins og annars staðar er rakið. Þeir voru á þönum víða um lönd og þurftu að hafa sig alla við til að koma saltfiskinum í verð vegna þess hve framleiðslan varð mikil, bæði hér á landi og annars staðar. Enda þótt starf þeirra bæri ótvíræðan árangur við erfiðar aðstæður orlaði á því viðhorfi sem ósjaldan hefur gert vart við sig hjá verkendum við söluerfiðleika að brotalamir væru á sölufyrirkomulaginu.

Á aðalfundi SÍF í ágúst 1968 var lögð fram tillaga um að þess yrði farið á leit við ríkisstjórnina að hún veitti þremur til fimm aðilum leyfi til útflutnings á saltfiski „til þess að allir sölumöguleikar, sem nú eru fyrir hendi erlendis eða kunna [að] verða á hverjum tíma, verði nýttir til fulls.“ Tillaga þessi féll í afar grýttan jarðveg meðal félagsmanna SÍF og var henni vísað frá aðalfundinum með 40 atkvæðum gegn einu.²⁰² Saltfiskframleiðendur töldu þannig að sá vandi sem við var að etja yrði ekki leystur með því að rjúfa samstöðuna í sölunni, vænlegra til árangurs væri stóraukið starf samtakanna sjálfra.²⁰³ Þrátt fyrir þessa niðurstöðu á aðalfundinum voru deilur um fisksöluna ekki úr sögunni. Voru það einkum viðskiptin við Ítalíu sem urðu tilefni gagnrýni á SÍF og umræðna um hugsanlegar breytingar á fyrirkomulagi saltfiskútflutningsins.



Mercurio. Hann var innkaupastjóri ítalska kaupandans Cesare Paonessa og kom nokkrum sinnum til Íslands í viðskiptaerindum. (Friðrik Jörgensen.)



Jón Guðmundsson. Hann rak Sjólastöðina í Hafnarfirði en hún stóð utan SÍF.

Saltfiskinnflytjendur á Ítalíu höfðu jafnan miklar áhyggjur af því að of mikið kynni að berast af fiski á markaðinn. Til að forðast slíkt offramboð hafði sá háttur komist á að allir helstu innflytjendurnir semdu sameiginlega við erlend sölusamtök, til dæmis SÍF.²⁰⁴ Árið 1968 var sérlega erfitt fyrir ítalska innflytjendur því þá reyndi SÍF, eins og aðrir seljendur, vegna aukinnar framleiðslu að fá Ítali til að kaupa mun meiri saltfisk en áður. Náðist töluverður árangur í þessu efni en Ítalir voru þó tregir til að kaupa eins mikinn fisk og SÍF bauð fram.²⁰⁵

Um sumarið gengu allir helstu innflytjendurnir í eina sæng til að standa sameiginlega að saltfiskkaupum erlendis frá. Í ágústmánuði gerði SÍF við þá sölusamning en þeir settu það skilyrði að öðrum innflytjendum á Ítalíu yrði ekki seldur saltfiskur fram til 31. janúar 1969. Hafði þá SÍF gert samninga við ítalska kaupendur um sölu á 6.000 tonnum á árinu en það var töluvert umfram meðalinnflutning þeirra á íslenskum saltfiski næstliðin ár. Það var samdóma álit samningamanna og stjórnar SÍF að með tilliti til viðunandi sölusamninga við Ítali á árinu og framtíðarviðskipta væri unnt að ganga að fyrrgreindu skilyrði enda var hér við að eiga stærstu innflutningsfyrirtækin sem réðu að mestu leyti ítalska saltfiskmarkaðinum.²⁰⁶

Sumir áttu erfitt með að sætta sig við þessi málalok. Þar á meðal var Cesare Paonessa sem oft hafði keypt saltfisk af Sölusambandinu og meðal annars dálítið magn fyrir á árinu. Vildi félagið ekki kyngja því að fá ekki keyptan meiri saltfisk frá Íslandi það sem eftir lifði ársins. SÍF var hins vegar ekki til viðræðu um frekari fishölu til Ítalíu og var sú afstaða í fullu samræmi við ákvæði þeirra sölusamninga sem gerðir höfðu verið. Paonessa greip þá til þess ráðs að senda seint í ágúst tilboð til Sjólastöðvarinnar í Hafnarfirði um kaup á saltfiski. Var magnið minna en SÍF hafði selt en hins vegar bauð Paonessa hærra verð að sögn.²⁰⁷ Sjólastöðin hafði byrjað að verka fisk þá um vorið en kosið að standa utan Sölusambandsins.²⁰⁸

Sjólastöðin sótti um útflutningsleyfi eftir að hafa fengið tilboðið frá Paonessa en sjávarútvegsráðherra, Eggert G. Þorsteinsson, var bundinn loforði um einkaleyfi til handa SÍF á sölu til Ítalíu. Hafði Sölusambandið raunar gengið frá samningum sínum við Ítali í trausti þessa loforðs. Héldu forsvarsmenn SÍF því fram að útflutningsleyfi til annarra en sölusamtakanna mundi skaða hagsmuni SÍF á Ítalíumarkaði og hafa í för með sér veruleg vandræði fyrir samtökin. Bentu þeir á að hinir ítölsku viðsemjendur SÍF hefðu það í hendi sér að rifta gerðum samningum og jafnvel höfðu mál á hendur Sölusambandinu fyrir samningsrof fengju aðrir leyfi til útflutnings. Stjórnvöld vildu ekki ganga á bak orða sinna og stofna í hættu hags-

munum íslenskra framleiðenda og ákváðu því að veita Sjólastöðinni ekki umbeðið útflutningsleyfi.²⁰⁹ Hins vegar fékk hún síðar leyfi til saltfiskútflutnings um 2-3 ára skeið og seldi hún aðeins eigin framleiðslu.²¹⁰

Ekki gengu þessar hræringar haustið 1968 hávaðalaust fyrir sig. Var saltfisksalan mjög í deiglunni á opinberum vettvangi, mikið um hana rætt og ritað. Sýndist sitt hverjum og eins og svo oft áður bar umræðan um Sölusambandið mjög keim af pólitískum deilum. Gamalgrónir andstæðingar samtakanna vöknudðu til lífsins og þóttust enn einu sinni greina eitthvað gruggugt í saltfisksölunni. Var Þjóðviljinn sem jafnan fyrr harðorðastur í garð SÍF og vó blaðið harkalega að samtökunum og forystumönnum þess. Málagn Framsóknarflokksins, Tíminn, lét þetta mál einnig til sín taka og taldi tímabært að endurskoðuð yrðu lög um útflutningsverslunina í því skyni að veita fleiri en SÍF rétt til saltfiskútflutnings. Þá var Vísir allóvæginn í skrifum sínum um málið.²¹¹

Fyrir sölusamtökin sjálf varðaði afstaða framleiðendanna mestu. Hún birtist á aukafundi SÍF sem kom saman í október 1968 til að ræða ástand og horfur í fisksölunni. Kom þar berlega í ljós að hugmyndir um að veita öðrum en SÍF leyfi til saltfiskútflutnings nutu ekki stuðnings meðal framleiðenda. Var felld með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða, 428 gegn 26, tillaga um að leyfa þeim aðilum „sem reynst hafa traustir seljendur skreiðar og annarra útflutningsafurða“ að selja þann saltfisk er þeir kynnu að geta fengið kaupendur að. Hins vegar ályktuðu fundarmenn og þökkuðu forsvarsmönnum SÍF fyrir góð störf við erfiðar markaðsaðstæður svo afstaða þeirra í þessu máli var ótvíræð.²¹²

g. Nýjar leyfisveitingar – sérleyfið afnumið 1992

Eftir sviptingarnar á sjöunda áratugnum fylgdu stjórnvöld þeirri stefnu nær undantekningarlaust að láta SÍF halda sérleyfi sínu til saltfiskútflutnings. Einhver smáútflutningur var að vísu leyfður fram hjá SÍF árið 1978 en annars hafði SÍF hann alveg á sinni hendi fram um 1990.²¹³ Þá höfðu viðhorf margra breyst og þróun mála í Evrópu virtist knýja á um breytingar. Enn fremur hafði þá útflutningur á ferskum, flöttum fiski vaxið mjög hratt á örfáum árum en hann fór til söltunar erlendis og kenndu sumir sérleyfi SÍF um þessa þróun.

Á árinu 1987 hófst útflutningur á ferskum, flöttum fiski til Spánar og kvað verulega að honum árið eftir þegar hann nam um 950 tonnum eins og framfar er getið í þessu riti. Útflutningur hans



*Eggert G. Þorsteinsson,
sjávarútvegráðherra
1965-71.
(Pétur Thomsen.)*

náði þó hámarki árið 1989 og varð þá nær 2.300 tonn; það ár voru flutt út ríflega 11.000 tonn af saltfiski til Spánar.²¹⁴ Ferski, flatti fiskurinn var líka seldur til kaupenda í Danmörku og Bretlandi, auk Spánar, en í þessum löndum var hann saltaður og seldur á saltfiskmörkuðunum sem íslenskur fiskur. Veitti hann saltfiski, verkuðum hérlandis, nokkra samkeppni því hann var seldur á lægra verði enda ekki talinn jafn góður.²¹⁵

Forsvarsmenn SÍF sögðu að með þessum útflutningi á flöttum fiski, sem og gámafiski, væri verið að efla erlenda fiskvinnslu, styrkta af Evrópubandalaginu, á meðan íslenskir útflytjendur þyrftu að borga tolla til að geta selt á mörkuðunum. Auk þess væri fiskvinnslufólk svipt atvinnunni og fiskvinnsluna skorti hráefni.²¹⁶ Ferskfiskútflytjendur sögðu aftur á móti að sérleyfi SÍF væri orsök þessa útflutnings því ef salta mætti fiskinn hérlandis og selja fram hjá Sölusambandinu dytti þessi útflutningur að miklu leyti niður.²¹⁷

Útflutningur ferskfisksins almennt og einkum þó salan til Spánar urðu mikið hitamál milli SÍF, saltfiskframleiðenda og sjálfstæðra útflytjenda upp úr 1987. Hinir síðastnefndu og sumir fiskframleiðendur vildu að stjórnvöld afnæmu sérleyfi SÍF til saltfiskútflyttingsins líkt og gert hafði verið í frystingunni en árið 1987 höfðu stjórnvöld byrjað að veita öðrum en SH og SÍS leyfi til sölu á hraðfrystum fiski til Bandaríkjanna.²¹⁸

Þar áður höfðu heyrst raddir, meðal annars úr sjávarútvegi, um að einokun stóru sölusamtakanna, eins og það var kallað, væri tímaskekkja og ætti ekki lengur við í nútímaviðskiptum. Stór sölusamtök ættu fyllilega rétt á sér en einkaleyfisveiting stjórnvalda þeim til handa væri fjarri lagi því þá væri girt fyrir frjálsa samkeppni sem væri holl fyrir báða aðila. Í þessu sambandi má benda á það að árið 1986 var stofnað Útflutningsráð Félags íslenskra stórkaupmanna en því var ætlað að vera málsvari hvers konar útflytjenda sem stæðu utan hinna stóru sölusamtaka. Forsvarsmenn þeirra voru eindregnir talsmenn þess að aflétta hömlum í útflutningi, bæði á saltfiski og öðrum vörum.²¹⁹

Samtímis þessu, á seinni hluta níunda áratugarins, gerðust aðrir atburðir sem tvinnuðust saman við umræðuna um sérleyfi SÍF. Í lok níunda áratugarins settu Evrópubandalagið og Fríverslunarbandalag Evrópu (EFTA), sem Íslendingar áttu aðild að, sér það mark að stefna að samræmdum og hindrunarlausum markaði með vörur og þjónustu, fjármagnsviðskipti og vinnuafli. Var þessi innri markaður – Evrópska efnahagssvæðið (EES) – opnaður eftir nokkurn drátt 1. janúar 1994 en tildrögin má rekja allt til ársins 1984.²²⁰

Þátttaka EFTA-ríkjanna í innri markaðinum var þeim skilyrðum háð að ýmiss konar hömlum í viðskiptalífi þeirra skyldi aflétt. Ella

gætu þau ekki uppfyllt skilyrði EES-samningsins. Meðal þeirra hindrana í viðskiptum sem Ísland þurfti að afnema var einkaréttur eða sérleyfi SÍF til saltfiskútflutnings. Álitid var að það samræmdist ekki ákvæðum eða anda væntanlegs samnings um EES. Á árinu 1990 var það líka orðin skoðun sumra stjórnmalamanna og forsvarsmanna SÍF að ef svo væri þá væri réttast að nota það sem skiptimynt í viðræðum við EB og því fremur að SÍF væri saltfiskframleiðendum innan bandalagsins þyrnir í augum og því hefðu Íslendingar hér gott tromp á hendi.²²¹ Forsvarsmenn SÍF bentu hins vegar jafnframt réttilega á að það stæði ekki skýrum stöfum í drögum samningsins að sérleyfi af þessu tagi væri ólöglegt.²²²

Umræðan um hugsanlegt afnám sérleyfis SÍF var af framangreindum orsökum mjög í deigluinni í lok níunda áratugarins og með nokkrum rétti má segja að fyrir eða síðar mundu einhverjar glufur opnast. Upphafið að því var það að í marsbyrjun 1990 lét sjávarútvegsráðherra, Halldór Ásgrímsson, undan þrýstingi SÍF, Samtaka fiskvinnslustöðva og verkalýðsforingja og bannaði útflutning á flöttum, ferskum fiski í skipum. Hins vegar mátti senda hann með flugvélum enda voru rök ráðherra þau að verið væri að tryggja gæði fisksins. Að mati þeirra, sem flutt höfðu út þennan fisk, þýddi þetta í raun rekstrarstöðvun og að grundvellingum væri kipt undan rekstrinum.²²³


Skjótt var brugðist við þessu og fulltrúar 30 fiskverkenda og útflytjenda gengu á fund starfandi utanríkisráðherra, Jóns Sigurðssonar, og fóru fram á að þeim yrði þá veitt leyfi til að flytja út léttsaltaðan eða fullsaltaðan fisk til að standa við gerða samninga og firra sig vandræðum. Hann tók erindinu ekki fjarri og lét svo um mælt að skoða mætti hvort gefa ætti fleiri en SÍF möguleika á að flytja út saltfisk, að minnsta kosti til reynslu. Ákvörðun beið þó utanríkisráðherra, Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem ákvað að gefa þeim, sem hefðu flutt út ferskan, flattan fisk undanfarna tvo mánuði, tímabundið leyfi (3 vikur) til að flytja út léttsaltaðan fisk svo standa mætti við samninga.²²⁴

Um leið og utanríkisráðherra veitti leyfin gaf hann ádrátt um að hugsanlega yrði ferskfisk- eða saltfiskútflutningur þessara aðila leyfður áfram. Samkomulag náðist svo stuttu seinna milli sjávarútvegs- og utanríkisráðherra um að ferskfiskútflutningur með skipum yrði leyfður aftur að uppfylltum ströngum skilyrðum um meðferð og hámarkstíma áður en hann kæmist í verkun erlendis. Birti sjávarútvegsráðherra reglugerð þess efnis mánuði síðar en hina fyrri eða í aprílbyrjun 1990.²²⁵

Áður en sjávarútvegsráðherra gaf út fyrri reglugerð sína hafði einn ferskfiskútflytjendanna, Jón Ásbjörnsson, fengið tilraunaleyfi



Halldór Ásgrímsson, sjávarútvegsráðherra 1983-91. (Anna Fjöla.)



Jón Baldvin Hannibalsson. Hann var utanríkisráðherra á árunum 1991-95 en ráðuneyti hans hafði fengið veitingu útflutningsleyfa í sínar hendur nokkru áður. (Gunnar Gunnarsson.)



Jón Ásbjörnsson. Hann var helsti útflytjandi ferskfisks á níunda áratugnum. Svo hóf hann saltfiskverkun og hefur rekið umfangsmikla verkun og útflutningsverslun með saltfisk síðustu ár.

hjá utanríkisráðherra til verkunar saltfiskflaka og útflutnings þeirra. Var hér um að ræða hálfstöluð flök, þ.e. fisk í körum með þæklinum á. Jón fékk leyfi til að halda þessu áfram eftir birtingu seinni reglugerðarinnar og reyndar fengu einir fjórir til viðbótar leyfi til saltfiskútflutnings þetta sama ár. Alls mun því saltfiskútflutningur fram hjá SÍF á þessu ári hafa numið hátt í 2.000 tonnum eða sem svaraði nær 4% saltfiskútflutningsins.²²⁶

Árið eftir, 1991, urðu stjórnarskipti en utanríkisráðherra var hinn sami, Jón Baldvin Hannibalsson, og leyfði hann áfram saltfiskútflutning fram hjá SÍF. Nam hann um 2.700 tonnum og árið 1992 varð hann í kringum 7.530 tonn.²²⁷ Samtímis þessu dró mjög úr útflutningi á flöttum, ferskum fiski til Spánar en af saltfiskmörkuðunum hafði aðallega borið á honum þar. Fór hann úr nær 2.300 tonnum 1989 í 1.150 tonn 1990, tæp 360 tonn 1991 og aðeins 24 tonn 1992.²²⁸

Einn umsvifamesti útflytjandi ferskfisksins og aðalkeppinautur SÍF var Jón Ásbjörnsson, heildsali. Hann hafði í fyrstu flutt út fyrir erlenda aðila sem söltuðu, meðal annars Trueba y Pardo á Spáni, en í árslok 1989 keypti hann fyrirtæki í Bretlandi og stundaði þar um hríð töluverða söltun með íslensku hráefni. Jafnhliða því eða frá 1990 flutti hann út með leyfi utanríkisráðuneytisins hálfaltaðan fisk.²²⁹

Eftir að Jón Ásbjörnsson hóf starfsemi sína í Bretlandi fannst ýmsum ekki réttlætanlegt lengur að jafn mikið væri saltað á erlendri grund, eins og raun bar vitni, meðan fiskskortur og atvinnuleysi ríkti hérlendis. Jón fékk því á árinu 1991, með stuðningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, tímabundið leyfi utanríkisráðherra til þess að flytja saltfisk út frá Íslandi og hætti hann þá sama ár rekstri sínum í Bretlandi.²³⁰ Á árunum 1991 og 1992 var hann einn stærsti útflytjandi saltfisks fyrir utan SÍF þótt fleiri hefðu leyfi utanríkisráðuneytisins til útflutnings.²³¹

Þegar hugmyndir um afnám sérleyfisins komu fyrst til umræðu brást SÍF hart við og krafðist til dæmis aðalfundur árið 1988 þess að stjórnvöld gerðu engar breytingar á söluþyrirkomulaginu nema í samráði við samtökin.²³² Eftir að utanríkisráðuneyti veitti ferskfiskútflytjendunum tímabundnu útflutningsleyfin í mars 1990 óskaði það eftir viðræðum við SÍF um „langtímastefnumörkun vegna saltfiskútflutnings“ og hugsanlegar leiðir til að auka frjálsræði til útflutnings.²³³ Fóru þær fram og hélt ráðuneytið fast við það markmið að gefa útflutninginn fyrr eða síðar frjálsan.²³⁴

Í ljósi þessarar niðurstöðu hóf SÍF að búa sig undir breytingar á stöðu sinni. Fyrst af öllu skoraði aðalfundur árið 1990 á stjórnvöld að þau breyttu ekki útflutningsþyrirkomulaginu fyrr en búið væri



*Svipmynd frá aðalfundi
SÍF árið 1990.*

að fá niðurstöðu í því hvernig haga ætti viðskiptum með sjávarafurðir á Evrópska efnahagssvæðinu.²³⁵ Jafnframt fól aðalfundur stjórninni að vinna að „endurskoðun á félagsformi og stefnu sölusamtakanna ... til undirbúnings aukinni samkeppni að loknum samningum við Evrópubandalagið.“²³⁶ Þegar hér var komið sögu fór stjórn SÍF að meta stöðuna og athuga hvaða kostir kæmu til greina varðandi framtíð samtakanna. Ekkert var fyrirfram útilokað og einn kostanna var sá að breyta SÍF í hlutafélag.²³⁷

Um haustið var haldinn aukafundur hjá SÍF og tillögur stjórnarinnar lagðar fyrir félagsmenn. Þá um sumarið höfðu formaður og framkvæmdastjóri ferðast um landið og kynnt sér skoðanir framleiðenda.²³⁸ Samkvæmt tillögunum skyldi félagsformið vera óbreytt því ókostir hlutafélagsformsins, sem mikið hafði verið rætt, voru taldir vega þyngra en kostirnir.²³⁹ Stjórninni skyldi í staðinn gefið meira vald til stýringar á framleiðslu félagsmanna og heimilað að fara fleiri leiðir við söluna en áður. Auk þess skyldi skerpt á ákvæðum um gagnkvæmar skyldur og ábyrgð félagsmanna og SÍF.²⁴⁰ Ýmsar fleiri breytingar voru einnig lagðar til.

Meðal hinna mikilvægari tillagna má nefna að SÍF skyldi heimilað að hlutast til um framleiðslumagn og -afurðir félagsmanna, semja við einstaka framleiðendur um sérvinnsluverkefni og hafa frjálsari reglur um greiðslur fyrir fiskfarma til að skila betur verðinu á mörkuðunum til framleiðenda. Þá skyldi SÍF frjálst að kaupa fisk og selja undir eigin nafni og einnig að eiga og reka fyrirtæki, hér-

lendis og erlendis, sem féllu að markmiðum SÍF. Skemmt er af því að segja að tillögur stjórnarinnar voru samþykktar og árið eftir, 1991, leiddar í félagslög SÍF á aðalfundi.²⁴¹

Sem vænta mátti var þessi breyting á afstöðu SÍF ekki auðveld enda höfðu saltfiskframleiðendur ítrekað lýst yfir stuðningi við óbreytt fyrirkomulag fiskisölnunar.²⁴² Formaður stjórnarinnar, Dagbjartur Einarsson, komst svo að orði í framsögu sinni á aukafundinum um árið 1990 um þetta:

Mér er það engin launung að það tekur mig sárt sem formann SÍF að flytja hér þær tillögur sem geta hugsanlega leitt til þess að rúmlega 58 ára samheldni íslenskra saltfiskframleiðenda og sérleyfi á saltfiskútflutningi sé í hættu. En það er sannfæring mín og stjórnar SÍF að þetta sé eina mögulega leiðin í stöðunni til þess að gæta hagsmuna okkar saltfiskframleiðenda sem vilja starfa saman ...²⁴³

Fullyrða má að samþykktir aukafundarins 1990 hafi markað upphaf mikils breytingaskeiðs í sögu samtakanna enda umbrotatímur í alþjóðamálum og utanríkismálum Íslands sem snertu útflutningsverslunina með saltfisk mjög. Jafn margar og mikilvægar breytingar á félagslögunum höfðu heldur ekki verið gerðar um áratugaskeið.

Á fundinum haustið 1990 voru lagðar fram nokkrar tillögur frá stjórn SÍF og þar á meðal áskorun um að saltfiskframleiðendur, sem hefðu verið að flytja út flattan, ferskan fisk, hættu því og tækju heldur þátt í útflutningi SÍF. Þessi áskorun var samþykkt en önnur tillaga stjórnarinnar um sama efni var felld. Hún hljóðaði á þá leið að SÍF skyldi ekki taka til sölu saltfisk frá þeim sem seldu fram hjá samtökunum saltfisk eða flattan, ferskan fisk til söltunar erlendis.²⁴⁴

Í kjölfar þessarar niðurstöðu fundarmanna sagði Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri SÍF, starfi sínu lausu því hann áleit vilja fundarmanna í þessu efni ganga þvert á stefnu stjórnarinnar. Síðar um haustið dró Magnús svo uppsögn sína til baka eftir að yfirgnæfandi meirihluti félagsmanna hafði lýst yfir trausti á hann og skorað á hann að halda áfram störfum fyrir SÍF.²⁴⁵

Þessir atburðir sýna hve útflutningurinn á flatta, ferska fiskinum var umdeildur og um leið tengdur saltfisksölnunni. Margir saltfiskframleiðendur voru í raun klofnir í afstöðu sinni gagnvart söluskipulaginu: Þeir vildu halda SÍF við lýði, vera þar félagsmenn og láta samtökin flytja út fyrir sig saltfisk en vera þó frjálsir að því að flytja út ferskfisk til söltunar eða fullunninn saltfisk fram hjá samtökunum. Hér rákust hagsmunir á og vandséð hvernig unnt var að vera fylgjandi hvoru tveggja.

Ástæðurnar fyrir ferskfiskútflutningi þessara framleiðenda, sem og annarra, eru hins vegar mjög skiljanlegar. Greiðslur fyrir hann

bárust yfirleitt mun fyrr en fyrir saltfiskinn, verðið var hagstætt vegna lægri tolla en á saltfiski og minni verkunarkostnaðar erlendis auk þess sem hátt fiskverð og jákvæðir raunvextir þrýstu á framleiðendur að fá sem hæst verð fyrir fiskinn. Þáverandi reglur um útborgunarverð hjá SÍF gerðu það líka að verkum að skilaverð til framleiðenda var svipað eða lægra en verðið sem ferskfiskútflytjendur fengu þegar þeir seldu til verkunar fyrir dýrustu markaðina. Þá má geta þess að flyttu verkendur ekki út sjálfir voru sjálfstæðir útflytjendur og heildsalar meira en fúsir til að annast söluna og gámaflutningar urðu á níunda áratugnum mjög þægileg leið til að senda út litlar sem stórar sendingar.²⁴⁶

Seint á árinu 1990 eða snemma ársins 1991 átti SÍF aftur viðræður við utanríkisráðuneytið um framtíðarskipan útflutningsmálanna eftir að viðræðurnar við Evrópubandalagið yrðu til lykta leiddar. Var það í samræmi við ósk aukafundarins haustið 1990.²⁴⁷ Varð þá ljóst að sérleyfið yrði afnumið.²⁴⁸ Í apríl 1991 féllst ráðuneytið samt á, að sögn SÍF, að ekki yrði öðrum en Sölusambandinu veitt útflutningsleyfi á saltfiski til Evrópu. Ráðuneytið taldi sig aftur á móti aðeins hafa gefið vilyrði fyrir því að það mundi eftir getu beina útflytjendum á Amerikumarkað.²⁴⁹ Hvað sem því líður urðu lyktir þær að ráðuneytið veitti fleiri en einum útflytjanda leyfi til saltfiskútflutnings til Evrópu.

Útkoman varð sú að saltfisksalan fram hjá SÍF árið 1991 varð heldur meiri en árið áður, í kringum 2.700 tonn eins og fyrr segir. Snemma árs 1992 mótmælti stjórn Sölusambandsins harðlega vinnubrögðum ráðuneytisins og taldi það sniðganga eigin reglur um saltfiskútflutninginn. Skoraði hún á stjórnvöld að afturkalla leyfin og láta SÍF halda sérleyfi sínu á Evrópumörkuðunum. Jafnframt lagði hún það til við félagsmenn sína að afstaða samtakanna til sérleyfisins skyldi endurskoðuð ef ráðuneytið breytti ekki um stefnu.²⁵⁰ Ráðuneytið hélt sínu striki og framleiðendur sýndu þá hug sinn er aðalfundur SÍF skoraði á ríkisstjórnina vorið 1992 að „endurnýja sérleyfi SÍF eða ella gefa þennan útflutning alveg frjálstan“.²⁵¹

Þegar hér var komið sögu höfðu EFTA og EB náð samkomulagi um Evrópska efnahagssvæðið en það gerðist 22. október 1991. Alþingi hafði að vísu ekki enn, á vordögum 1992, samþykkt samninginn og gerði það ekki fyrr en 12. janúar 1993 en allt útlit var fyrir að sérleyfið yrði afnumið. Ekkert í sjávarútvegsbókuninni við EES-samninginn bannaði að SÍF hefði einkaleyfi á saltfiskútflutningnum en utanríkisráðuneytið leit svo á að það stangaðist á við anda sjálfs samningsins og líka á við GATT-skuldbindingar Íslendinga.²⁵²

Utanríkisráðherra var gestur á aðalfundi SÍF í maí árið 1992 þegar samtökin fögnuðu 60 ára starfsafmæli sínu og þótt hann væri



SAGU. Undir þessu merki seldu kaupendur Jóns Ásbjörnssonar á Spáni.



*Svipmynd frá aðalfundi
SÍF árið 1992. (Ljósmt.
Kristjáns Magnússonar.)*

ekki afdráttarlaus í orðum fór ekki á milli mála að sérleyfi SÍF yrði afnumið. Síðar á árinu, í nóvember, birti utanríkisráðuneytið reglugerð um frjálsan útflutning saltfisks frá og með 1. janúar 1993.²⁵³ Þótt þetta væru ekki gleðitíðindi fyrir stuðningsmenn óbreytts fyrirkomulags voru þau samt í reyndinni lausn á þeirri úlfakreppu sem SÍF hafði verið í frá því að ferskfiskútflutningurinn hófst og utanríkisráðuneytið byrjaði að veita fleiri aðilum útflutningsleyfi fyrir saltfiski.

Afleiðingar þessa vandræðaástands komu til dæmis vel fram á þessu ári, 1992, þegar spænskir kaupendur voru nær ófáanlegir um tíma til að gera samninga við SÍF um fiskkaup. Um langa hríð hafði það tíðkast að kaupendur á Spáni og fleiri markaðslöndum keyptu saltfiskinn af SÍF síðla vetrar, flyttu út og geymdu yfir sumarið þar til neyslutímabilið hæfist en það stendur með hléi frá hausti og fram til páska. Á þessu sinni voru kaupendur SÍF tregir til að gera samninga á venjubundnum tíma því að saltfiskur frá öðrum útflytjendum íslensks saltfisks stóð líka til boða og jafnvel á lægra verði. Fyrirframkaup og geymsla í langan tíma voru því lítt fýsileg fyrir kaupendur við svona aðstæður.²⁵⁴

Úlfakreppa SÍF fólst í því að hafa að nafninu til einkaleyfi á útflutningnum en í reyndinni ekki. Hvorki kaupendur né seljandi (SÍF) sátu við hreint borð þegar þeir gátu ekki verið vissir um hvort aðrir fengu rétt til útflutnings og fyrir hve miklu magni. Geðþótta-ákvarðanir ráðuneytisins ollu óvissu sem gerði samninga erfiðari og stuðlaði síst að hærra verði. Stundum voru meira að segja sömu verkendur að flytja í gegnum SÍF og fram hjá. Enn fremur má benda á það að allt fram á árið 1992 mótuðust starfshættir og skipulag SÍF af því að það hefði einkaréttinn og á því hvíldu þar af leiðandi vissar skyldur gagnvart öllum framleiðendum, til dæmis um upplýsingagjöf, hagsmunagæslu og þjónustu.²⁵⁵ SÍF gat því ekki beitt sér eins og hinir útflutningsaðilarnir í samkeppninni, hvorki innanlands né utan.

Sölusambandið stóð nú frammi fyrir niðurfellingu sérleyfisins en voru samtökin í óbreyttri mynd nógu vel undir nýjar aðstæður búin? Á aukafundinum 1990, þar sem fyrstu tillögurnar um breytingar á starfsemi SÍF voru samþykktar, var einnig ákveðið að skipa nefnd til að endurskoða ýmsa fleiri þætti og gera tillögur þar um. Hún skyldi fara í gegnum félagslögin svo þau tækju betur mið af nýjum viðskiptaháttum og skoða hugsanlegar breytingar á innri skipulagsmálum SÍF ef þurfa þætti.²⁵⁶

Í þessari endurskoðun kom hlutafélagsformið aftur til álita en niðurstaðan varð þó sú að taka það ekki upp. Vegna þess hve eigendur að séreignasjóði SÍF voru margir hefði það krafist þess að SÍF yrði gert að önu hlutafélagi en það þótti stjórninni ekki æskilegt því þá hefði hún ekki haft neina stjórn á kaupum og sölum hlutabréfa í því. Í staðinn var það ráð tekið að breyta nokkrum atriðum í félagslögunum svo ná mætti fram meginkostum lokaðra hlutafélaga en halda um leið sérkennum samlagsins.²⁵⁷

Í samræmi við þessa ákvörðun var samþykkt á aðalfundi 1992 önnur tilhögun á eignum þeirra framleiðenda sem segðu sig úr SÍF og settar ýmsar reglur því viðvíkjandi. Samfara þessu var ákveðin ný skipan atkvæðaréttar í Sölusambandinu þar sem hann miðaðist ekki lengur einungis við útflutningsmagn fyrra árs heldur einnig við inneign í séreignasjóði félagsins.²⁵⁸ Má benda á að fyrri tilhögun á atkvæðarétti í Sölusambandinu hafði staðið óbreytt allt frá árinu 1935 svo hér var umtalsverð breyting á ferðinni.

Af þessu er greinilegt að stjórn SÍF og félagsmenn báru enn þá, á fyrri hluta árs 1992, nokkurn ugg gagnvart því að breyta SÍF í opið hlutafélag, það er almenningshlutafélag, þar sem viðskipti með hlutabréf væru óheft og hverjir sem er gætu keypt hluti. Margvíslegir erfiðleikar ársins, meðal annars í rekstri SÍF, virðast samt hafa breytt skoðun margra og sannfært þá um að ekki yrði umflúið að

Fáni SÍF.



breyta yfir í hlutafélag ef samtökin ættu að geta staðist samkeppnina þegar saltfisksalan yrði gefin frjáls.²⁵⁹

Hlutafélagsformið varð óumflýjanlegt og á fundi stjórnar SÍF hinn 15. desember 1992 var samþykkt að leggja til við verkendur að SÍF yrði breytt í opið hlutafélag. Í janúarmánuði 1993 voru haldnir fundir með framleiðendum víða um land og hugur þeirra kannaður. Síðan var haldinn almennur félagsfundur 26. janúar og var þar lögð fram tillaga stjórnarinnar um að fundurinn gæfi henni heimild til að stofna hlutafélagið Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda og það yfirtæki rekstur, eignir, skuldir og aðrar skuldbindingar gamla samlagsins. Síðan yrði það gert upp og lagt niður.²⁶⁰

Á félagsfundinum í janúar 1993 reifaði formaður samtakanna, Dagbjartur Einarsson, stöðuna og þá kosti sem um væri að velja. Sagði hann stjórnina einhuga um að affarasælast yrði að snúa rekstri SÍF yfir í hlutafélagsform og hefði sú hugmynd fengið góðar undirteki á fundum með framleiðendum eftir að málin höfðu verið rædd ýtarlega. Aðrir möguleikar, eins og að leggja SÍF niður og hver færi sína leið eða viðhalda óbreyttu formi, væru ótækir.²⁶¹

Þegar litið væri til alls væri langbesti kosturinn að breyta SÍF í hlutafélag, sagði Dagbjartur Einarsson. Slíkt sýndi samstöðu meðal íslenskra saltfiskframleiðenda, styrkti sölustarfið á mörkuðunum og gerði SÍF langtum hæfara til að vinna að markmiðum sínum. Einnig mætti benda á að þeir sem vildu selja hluti sína í væntanlegu

hlutafélagi, til dæmis vegna sameiningar fyrirtækja eða gjaldþrota, gætu fengið þá strax greidda en ekki nema á löngum tíma að óbreyttri skipan. Sterk eiginfjárstaða væri líka skilyrði þess að framleiðendur gætu fengið fiskfarma borgaða svo fljótt sem raunin væri á, einni til tveimur vikum eftir brottför. Þetta væri aðeins mögulegt vegna þess að erlendir bankar, sem fjármögnuðu svo skjótar greiðslur, sæju að eiginfjárstaðan væri góð.²⁶²

Að lokinni greinargerð formanns fór fram atkvæðagreiðsla um tillögu stjórnarinnar en á fundinum sátu handhafar nær 82% atkvæðamagnsins. Var samþykkt með nær öllum greiddum atkvæðum að stofna samnefnt hlutafélag og færa rekstur SÍF, eignir og skuldir og aðrar skuldbindingar yfir á hendur þess. Þá var borin upp tillagan um félagsslit samlagsins og var hún einnig samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta. Í samræmi við félagsslögin varð að staðfesta félagsslitin aftur á nýjum félagsfundi og hinn 1. febrúar var það gert samhljóða.²⁶³

Stuttu eftir seinni samþykktina á slitum SÍF stofnaði stjórn samtakanna á fundi sínum 18. febrúar 1993 hlutafélagið Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda með sömu mönnum í stjórn. Þann 1. mars hóf SÍF hf. svo starfsemi er það tók við öllum verkefnum samlagsins. Um haustið, 12. október, var uppgjori á því lokið, hlutabréf í SÍF hf. voru þá afhent eigendum og ný stjórn kosin. Gamla samlagið var þar með endanlega úr sögunni. Hér urðu kaflaskil og rúmlega 60 ára tímabili í sögu saltfisksölunnar á Íslandi var lokið. Nýr kafli hófst – við nýjar aðstæður og með nýja menn við stjórnvölinn.²⁶⁴



IX.

***Framleiðslu-
hættir, vörupróun
og gæðamat
1946-92***



1. Á mótum tvennra tíma

a. Breytt framleiðsla eftir stríð

Þegar Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda tók að flytja út saltfisk á ný að lokinni síðari heimsstyrjöld bar framleiðslan annað svipmót en áður. Fyrir stríð hafði saltfiskurinn að mestu verið fluttur út þurrkaður en nú hafði dæmið snúist við. Meginhluti fisksins var fluttur út blautverkaður eins og verið hefur allar götur síðan þá. Útflutningur þurrkaðs fisks var meira að segja sérstaklega lítill fram undir 1950. Skýringar á þessum umskiptum í saltfiskversluninni eru margvíslegar og er þeirra bæði að leita hér innanlands og í markaðslöndunum sjálfum.

Fyrir það fyrsta voru heillegir fiskreitir ekki auðfundnir á landinu. Þeir höfðu margir farið forgörðum á styrjaldarárunum og voru flestir orðnir óhæfir til fiskþurrkunar nema gerðar yrðu á þeim endurbætur. Svipaða sögu var að segja af mörgum þeim þurrk- og fiskgeymsluhúsum sem byggð höfðu verið; á stríðsárunum höfðu þau verið tekin til annarra nota og gengið mikið úr sér.¹

Fleira hafði líka látið á sjá en fiskreitirnir og þurrkhúsin. Saltfiskverkun var vinna sem krafðist töluverðrar kunnáttu ef vel átti að vera. Þegar saltfiskframleiðslan var sem mest á fyrstu áratugum þessarar aldar lærði fólk þetta starf til hlítar og framleiðendur höfðu margir hverjir rekið fyrirtæki sín árum saman. Allt var þetta til þess

Reitavinna á sjötta áratugnum. Fiskvask og vinna á reitum þótti ekki fýsileg þegar ýmis önnur vinna var í boði. Hér sjást samt nokkrar konur stakka þurrfisk hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur.



fallið að ýta undir alhliða þekkingu og kunnáttu í þessari atvinnugrein. Þegar söltunin lagðist að mestu leyti niður á styrjaldarárunum sneri hið reynsluríka fólk sér hins vegar að öðru. Fór því fjarri að það væri auðfengið til saltfiskverkunar á ný að styrjöld lokinni.²

Sama gildi um fiskmatsmennina og verkafólkið. Margir matsmenn, sem höfðu ráðið sig til annarra starfa á stríðsárunum, komu ekki aftur vegna þess að fiskmatið tryggði hvorki mikla né stöðuga atvinnu sem menn gætu byggt afkomu sína á með góðu móti. Töldu ýmsir þetta hafa stuðlað að því að matið væri að stríði loknu verra en áður.³

Fiskvinna á reitum var nefnilega í eðli sínu stopul og mjög komin undir veðri og vindum. Hún fól í sér að verkafólk breiddi fiskinn til þurrkunar að morgni en gerði svo hlé þar til síðla dags er saltfiskurinn var tekinn saman. Þótti ýmsum lítið til þessa starfs koma að stríði loknu, ekki síst vegna þess að fólki stóðu nú fleiri dyr opnar í atvinnumálum en áður.⁴ Vinna við saltfiskverkun var ekki eins eftirsótt og áður.

Síðast en ekki síst hafði kaupgjald hækkað mjög hér á landi á stríðsárunum, vinnuaflið var því orðið mun dýrara en áður.⁵ Reita- vinna var mannfrek og af þessum sökum ákaflega kostnaðarsöm eftir kjarabætur styrjaldaráranna. Þessi aukni framleiðslukostnaður gerði það að verkum að markaðsverð þurrkaðs fisks fyrir Portúgal var lægra en svo að verkun hans borgaði sig. Sama gildi um þurrfiskmarkaðina í Suður- og Mið-Ameríku, þeir fengu ekki íslenskan saltfisk á fyrstu árunum eftir stríð þótt eftirspurn þar væri mikil og framleiðendur væru hvattir til að þurrka.⁶

Ofan á þessar öndverðu innanlandsaðstæður bættist það að á styrjaldarárunum hafði lítill saltfiskur verið í boði á heimsmarkaði og neyslupjóðir því reynt að verða sjálfum sér nógar í þessu efni. Þær lögðu meiri áherslu á eigin framleiðslu en áður, juku fiskveiðar og komu sér upp búnaði til að verka og þurrka saltfisk. Að vísu var ætlun þeirra að flytja áfram inn saltfisk enda engin leið fyrir þær að veiða og verka nægilega mikið til að fullnægja innanlandspörf.⁷ En þessi heimaframleiðsla dró óneitanlega úr innflutningsþörf þeirra.

b. Átak í þurrfiskframleiðslu um 1950

Enda þótt ljóst væri að styrjöld lokinni að blómatími fiskþurrkunar væri liðinn gat stundum reynst bráðnaudsynlegt að grípa til hennar. Svo var til dæmis árið 1947 en um miðjan júní það ár horfði mjög illa um sölu og afskipanir saltfisksins. Í landinu voru þá til yfir 20 þúsund tonn og allt óselt því vonir um stóran sölusamning við Sov-



Hraðfrystihús á Kirkjusandi á fimmta áratugnum. Í stríðinu breyttust aðstæður til saltfiskverkunar mjög til hins verra. Til dæmis voru hús tekin til annarra nota. Þessi mynd er úr einu þeirra og afurðin er ekki lengur saltfiskur eins og sjá má.

*Kaflaupphaf IX:
Fiskverkakonur í
Flatey á Skjálfaða árið
1965, síðasta árið sem
þar var saltað.
(Friðrik Jörgensen.)
Flutnings- og vigtunarkerfi
frá hollenska fyrirtækinu
Meyn, þarna er pakkað
bæði á bretti og í pappakassa. Tekið í Þorbirni í
Grindavík um 1990.*


étríkin höfðu brugðist. Hitatíminn í neyslulöndunum var genginn í garð og engar líkur til að unnt væri að koma nokkru af þessum fiski frá landinu fyrr en að mestu hitunum loknum, í september.⁸

Þetta kom sér afar illa því erfiðleikum var bundið að geyma blautverkaðan saltfisk yfir sumartímann, bæði vegna mikillar rýrnunar og skemmdarhættu. Var meira að segja sýnilegt að eitthvað af fiskinum yrði vart flutt út fyrr en í byrjun árs 1948. Af þessum sökum voru fiskeigendur mjög hvattir til að þurrka það sem þeir gætu en það var hægara sagt en gert; fáir framleiðendur höfðu aðstöðu til fiskþurrkunar, hvorki reiti né þurrkklefa, þegar hér var komið sögu. Tíðarfarið um sumarið reyndist líka óhagstætt til þurrkunar, kalt og sólarlítið, þótt það kæmi reyndar í veg fyrir að fiskurinn geymdist verr en raun varð á. Fór eins og menn höfðu óttast að framleiðslan seldist ekki fyrr en seint og um síðir, að mestu leyti á árinu 1948.⁹

Tilvik af þessu tagi færðu mönnum heim sanninn um nauðsyn þess að fyrir hendi væri verkunaraðstaða ef á þyrfti að halda, gera yrði mönnum kleift að þurrka hluta framleiðslunnar. Ljóst var hins vegar að til sólþurrkunar yrði ekki gripið á ný svo einhverju næmi. Þurrkhúsin voru því sá kostur sem litið var til.¹⁰

Sölusambandið ákvað að ganga á undan með góðu fordæmi í húsþurrkun. Ákveðið var að reka stórt og gott þurrkhús sem tekið gæti til verkunar þann fisk sem lægi undir skemmdum, auk þess sem þar væri unnt að geyma blautverkaðan fisk. Síðla árs 1947 tóku samtökin á leigu hús Landssmiðjunnar við Elliðaárvog í Reykjavík í þessu skyni og voru þurrkunartæki sett þar upp. Mikill kostnaður

Húsþurrkun um og upp úr 1950. Mjög var horft til húsþurrkunar vegna verka-fólksskorts og til að halda í landinu virðisaukanum við þurrkunina. Hér sjást þurrkklefar Bæjarútgerðar Reykjavíkur. T.h. er maður að draga fisk á þurrkgrindum inn í klefann en t.v. er fiskur í stæðum og staflar af grindum.





var lagður í þær breytingar sem gera þurfti á húsinu og árið 1948 keypti Sölusambandið fiskþurrkunarstöðina. Hún var þó sáralítið notuð á því ári og einnig árið 1949; hagstæðara þótti að selja fiskinn blautverkaðan. Hins vegar áttuðu menn sig á því að ykist saltfiskframleiðslan að miklum mun yrði að verka verulegan hluta viðbót-arinnar.¹¹

Saltfiskframleiðendur um allt land voru hvattir um 1950 til að verða sér úti um búnað til fiskþurrkunar. Markmiðið var að forðast skemmdarhættu en opna jafnframt leiðir til sölu á verkuðum fiski. Var meðal annars bent á að aukin þurrkun gæti orðið þjóðinni til mikilla hagsbóta þar sem hún yki atvinnu landsmanna og gjaldeyr-istekjur. Þótti ýmsum súrt í broti að framleiðendur skyldu flytja fiskinn út sem hálfunna vöru í stað þess að fullverka hann.¹²

Spár manna um nauðsyn þurrkhúsanna gengu brátt eftir því á árinu 1950 stórjókst söltun vegna þess að ísfiskmarkaðurinn var lélegur og þunglega horfði um sölu á hraðfrystum fiski framan af. Jafnframt varð ljóst snemma árs að örðugt mundi reynast að selja allan saltfiskinn blautverkaðan. Menn stóðu hins vegar frammi fyrir því að landið mátti heita þurrkhúsalaust, ekki síst eftir að hið afkastamikla þurrkhús SÍF brann að allmiklum hluta í apríl 1950. Stjórn samtakanna taldi samt ekki rétt að halda áfram rekstri stöðv-

Verkaþólk á sjötta áratugnum. Bæjarútgerð Reykjavíkur rak mikla fiskverkun og hafði fjölda fólks í vinnu. Hér hefur fólkið gert hlé á vinnu við saltfisk- eða skreiðarverkun og hnappað sig saman fyrir ljósmyndarann.

Börn og unglingar á reit á sjötta áratugnum. Þegar á leið áratuginn urðu börn og unglingar æ fjölmennari á reitunum vegna verkafólkslekl. Stundum inntu þau af hendi meginhluta vinnunnar við breiðslu og samantekt og fullorðna fólkið var einkum til leiðbeiningar og verkstjórnar. Þessi mynd er tekin á reit Bæjarútgerðar Reykjavíkur.



arinnar þar sem margir félagsmanna höfðu hafist handa við byggingu þurrkhúsa og nokkur voru tilbúin til notkunar um sumarið.¹³

Með stórátaki í byggingu þurrkhúsa voru slegnar tvær flugur í einu höggi. Í fyrsta lagi gerði þurrkunin framleiðendum kleift að koma í verð þeim fiski sem ekki var unnt að selja blautverkaðan. Í öðru lagi var hér um að ræða ákjósanlega leið til að bæta úr atvinnuleysi, sem farið var að gera vart við sig, og auka um leið útflutningsverðmæti fisksins. Lögðust allir á eitt til aukinnar fiskþurrkunar. Stóð Landssamband íslenskra útvegsmanna ásamt SÍF þar í fararbroddi en einnig létu önnur samtök í sjávarútvegi í sér heyra, auk ríkis, bæjarfélaga og einstaklinga.¹⁴

Sem dæmi má nefna að LÍÚ hafði forgöngu um rannsókn á því hvað verkendur gætu lært af öðrum þjóðum í húspurrkun saltfisks. Upplýsinga var aflað frá Noregi og Bretlandi um þurrkhús þar og Kristján Einarsson, framkvæmdastjóri SÍF, fór til Kanada og Bandaríkjanna í mars 1950 á vegum sölusamtakanna og LÍÚ til að kynna sér nýjustu tækni þar vestra í húspurrkun. Keypti hann til reynslu tæki sem gefið höfðu besta raun.¹⁵

Eftir heimkomu Kristjáns voru önnur tæki af sömu eða svipaðri gerð smíðuð hér innanlands og sett í þurrkhús. Seinni hluta árs 1950 voru mörg slík hús tekin í notkun og breiddust þau út á næstu árum. Samkvæmt úttekt árin 1955-56 voru 15 þurrkhús á 14 stöðum á Norður-, Austur- og Vesturlandi en alls var þá saltað á yfir 40 stöðum í þessum landshlutum. Á Suðurlandi voru hins vegar starf-

rækt litlu seinna, 1956-58, alls 38 þurrkhús á 13 stöðum en alls var saltað á 15 stöðum í þeim fjórðungi.¹⁶ Sýnir þetta að þurrkhúsin voru hreint ekki svo fá en flest sunnanlands.

SÍF fann stórauðinu framleiðslu á verkuðum fiski upp úr 1950 einkum markað á Spáni og í Mið- og Suður-Ameríku. Kom sér þá sérstaklega vel að Spánarmarkaður opnaðist á ný eftir að tekið var upp stjórnmalasamband við Spánverja árið 1949. Á sjötta áratugnum voru flutt út að jafnaði milli 6.000 og 9.000 tonn af þurrkuðum saltfiski ár hvert til ýmissa landa og hefur þessi útflutningur ekki orðið meiri síðan (myndrit VII.2 og VII.3).

Stærstur hluti verkaða fiskisins var þurrkaður í húsi á sjötta áratugnum enda að langmestu leyti harðþurrkaður fiskur sem varð að verka með hjálp vélþurrkunar. Hins vegar notuðu framleiðendur enn þá fiskreiti til þurrkunar og einkum þá fyrir Spánarfisk sem var linverkaður og krafðist ekki húspurrkunar. Var til dæmis sums staðar komið í fyrra horf reitum sem staðið höfðu ónotaðir um hríð.¹⁷ Þegar fram liðu stundir varð sólþurrkun þó æ sjaldgæfari og leið hún að mestu undir lok á sjöunda áratugnum eftir að Spánverjar hættu að kaupa þurrkaðan fisk.¹⁸ Samt sólþurrkuðu einstaka framleiðendur töluvert lengur og mun Guðbergur Ingólfsson í Garði hafa verið þar umsvifamikill enda verkaði hann mikið í þurrfisk til Suður-Ameríku. Hjá honum var sólþurrkað fram um eða yfir 1980.¹⁹

c. Vanþróuð atvinnugrein á sjötta áratugnum?

Það átak sem gert var í þurrfiskframleiðslu upp úr 1950 var til vitnis um viðleitni verkenda til að auka verðmæti afurða sinna og notfæra sér framþróunina í húspurrkun. Þurrkhúsin voru búin nokkuð fullkomnum vélum og hér var á ferðinni ein helsta tækninýjungin í saltfiskverkun um þetta leyti. Atvinnugreinin einkenndist annars af rótgrónum vinnubrögðum þar sem vélarafli og ýmiss konar hagræðing komu enn lítt við sögu. Vitanlega höfðu framleiðendur þó augun opin fyrir ýmsum kostum sem tækir voru á þessu sviði. Gáfu þeir gaum að ýmsum hugsanlegum leiðum til að framleiða saltfisk á sem hagkvæmastan hátt og gera vöruna um leið sem best úr garði.

Sölusambandið var kjörinn vettvangur fyrir umræður manna um nýjungar og framfarir í saltfiskframleiðslunni enda var þar stundum vikið að nauðsyn vélvæðingar. Á aðalfundi SÍF árið 1946 spurðist Vilhjálmur Þór til dæmis fyrir um það hvort SÍF hefði látið athuga eða reyna nýjar aðferðir við saltfiskverkun þannig að vélar kæmu að einhverju leyti í stað mannafls. Kristján Einarsson, framkvæmda-

Burstavél. Þessar vélar þóttu mikil þarfabing þegar þær komu fram á sjónarsviðið eftir stríðið.

Fiskinum var haldið á sporðinum meðan burstar á vals hreinsuðu fiskinn, síðan var honum sleppt og féll þá fiskurinn niður hinum megin.



stjóri, svaraði því til að stjórn SÍF hefði látið kanna möguleika á smíði fiskþvottavélar, athugað geislaþurrkun og fleira. Árið eftir var þess getið á aðalfundi að fyrirhuguð væru kaup á fiskþvottavél en SÍF og Fiskimálanefnd legðu fram féð.²⁰

Í framhaldi af þessu fóru framleiðendur, sem verkuðu í þurrfisk, fljótlega að nota vélar til að vaska fiskinn í fyrir þurrkun. Slíkar vélar, oft kallaðar burstavélar, voru meðal annars smíðaðar hér innlands og leið ekki á löngu áður en þær urðu svo vinsælar að handvöskun lagðist niður,²¹ hins vegar þótti sumum þær ekki jafnast á við handvöskunina.²²

Húsakosturinn, sem notaður var við saltfiskverkunina eftir stríðið, var í mörgum tilvikum ákaflega bágborinn og úrbóta þörf. Er ekki að efa að kvartanir frá kaupendum vegna íslenska saltfisksins hafi öðrum þræði stafað af því hversu slæm hús voru notuð til geymslu á honum hér á landi.²³ Eftirfarandi lýsing Finnþoga Guðmundssonar, útgerðarmanns frá Gerðum, frá árinu 1956 gefur hugmynd um ástandið:

Tugir ef ekki hundruð milljóna fara í súginn vegna þess að fiskvinnslu-
stöðvarnar eru ófullkomnar vegna fátæktar útvegsins. Framleiðsla salt-
fisksins ... fer að mestu leyti fram í gömlu skúradrasli og verður miklum
mun erfiðari og kostnaðarmeiri en þyrfti að vera, ef viðunandi húsa-
kostur væri. Einnig verður framleiðslan mun lakari að gæðum af þessum
ástæðum.²⁴

Þessi lýsing er ófögur en alls ekki út í hött. Einkum var skortur á kæligeymslum bagalegur og urðu fiskverkendur oft og iðulega fyrir tjóni vegna skemmda á fiski sem beið útskipunar í lélegum fiskgeymsluhúsum. Til að reyna að ráða bót á þessu fóru sumir að nota kælibúnað snemma á sjötta áratugnum. Riðu Vestmannaeyingar á

vaðið, svo Bæjarútgerð Reykjavíkur og þá Ísfirðingar og Akureyringar fljótt á eftir. Upp úr þessu komst nokkur skriður á notkun kælibúnaðar í fiskgeymsluhúsum þótt við ýmsa byrjunarörðugleika væri að glíma og ekki nema stærstu framleiðendurnir hefðu bolmagn til byggingar slíkra húsa. Studdi SÍF nokkuð við bakið á verkendum með lánum til að koma sér upp sumum af fyrrgreindum kæligeymslum.²⁵

Reynsla erlendis sýndi að stórmikil bót var að því að geyma bæði þurrkaðan saltfisk og blautverkaðan í kæligeymslum. Höfðu til dæmis norskir verkendur tekið að nota slíkar geymslur með góðum árangri. Var eðlilegt að íslenskir saltendur færðu sér í nyt reynslu annarra þjóða í þessu efni.²⁶ Til marks um áhuga framleiðenda á þessari nýjung má nefna að í framhaldi af ályktun á aðalfundi árið 1953 samþykkti aðalfundur SÍF í nóvember 1954 að skora á stjórn samtakanna að kanna hverjir hefðu í hyggju að koma upp hjá sér kæligeymslum fyrir saltfisk og gangast í framhaldi af því fyrir sameiginlegu útboði til kaupa á vélum og öðrum útbúnaði sem í kæligeymslur þyrfti.²⁷

Sennilega hafa undirtektir verkenda við þessu boði verið eitt-hvað daufar því árið 1956 var fullyrt að enn væri ekki til neitt kæli-hús hér á landi er hefði allan nauðsynlegan búnað til geymslu á saltfiski.²⁸ Er líklegt að menn hafi veigrað sér við að ráðast í framkvæmdir sakir kostnaðar og vegna þess að kæligeymslur þær, sem til voru, höfðu ekki reynst sem skyldi undanfarin ár þótt þar mætti sumpart um kenna rangri notkun eða umgengni.²⁹ Hitt er víst að til að létta undir kostnaðinn með verkendum lánaði SÍF þeim fé til byggingar kæligeymslana um tíu ára skeið að minnsta kosti, frá 1957-66.³⁰

Enda þótt fáeinar mikilvægar tækninýjungar litu dagsins ljós eftir stríðið vaknar óhjákvæmilega sú spurning hvers vegna framleiðendur gerðu ekki meiri gangskör að umbótum í þessu efni en raun bar vitni á fimmta og sjötta áratugnum. Þegar nánar er að gáð má finna ýmsar skýringar. Saltfiskframleiðslan var gömul og gróin atvinnugrein hér á landi og í sjálfu sér ekki óeðlilegt að hún væri seinni til að taka upp ýmsar nýjungar en yngri greinar eins og til dæmis hraðfrystingin.³¹

Handaflíð hafði verið allsráðandi í greininni fyrir stríð, eldri verkendur þekktu ekki annað og höfðu kannski takmarkaða trú á mikilli vélanotkun.³² Til að vélar kæmu að fullum notum þyrfti líka kunnáttu eða ráðgjöf við niðursetningu þeirra, notkun og viðhald og hún lá ekki á lausu á þessum árum. Með reynslunni gátu verkendur að vísu þreifað sig áfram en það tók tíma, kostaði fé og mikið umstang svo ýmsir hikuðu án efa vegna þess.

Hjólbörur og fiskvinna. Allt fram undir 1960 var saltfiskvinnslan á nokkurs konar hjólbörustigi því nánast engar vélar við fiskaðgerðina fyrirfundust. Hjólbörur, hnífar og skóflur voru helstu verkfærin í húsunum á þessum tíma.



Þá má ekki gleyma því viðhorfi sem ríkti á árunum eftir stríð í garð þessarar atvinnugreinar en ýmsir töldu að hraðfrysting mundi ganga af fiskisöltun dauðri. Var það sjónarmið útbreitt að frysting væri það sem koma skyldi, saltfiskframleiðsla væri leif frá liðinni tíð, eins konar aukagrein sem notast mætti við til að vinna úr þeim fiski sem ekki væri hæfur til frystingar.³³

Skiljanlegt er að viðhorf af þessu tagi hafi ekki ýtt undir áhuga manna og kjark til að takast á við nýjungar og ráðast í stórvirkar framkvæmdir í hinni gamalgrónu atvinnugrein. Púðrinu var eytt í uppbyggingu frystiiðnaðarins, þar voru nýjungarnar og tæknin, frystingin naut herra afurðaverðs og betri skilnings hjá stjórnmöndum en á meðan sat saltfiskframleiðslan hins vegar á hakanum.

2. Breytingar á framleiðsluháttum

a. Frumherjar vélvæðingar

Segja má að þrátt fyrir viðleitni SÍF og verkenda sjálfra hafi tæknileg framþróun saltfiskstöðvanna frá stríðslokum og fram undir 1960 verið lítil og hæg, að minnsta kosti þegar það tímabil er borið saman við áratuginu eftir 1960. Hér er þá átt við hagnýtingu vélbúnaðar og endurbætur á aðstöðu en ekki söluna eða markaðsöflunina enda er það annar handleggur. Sú framþróun sem greina má var einkum fólgin í húsakosti, nefnilega í fjölgun þurrkhúsa og, í minna mæli, byggingu kæligeymslna. Eiginlegar vélar við vinnsluna voru ekki teknar í notkun að undanteknum burstavélunum og þær voru aðeins notaðar við verkun þurrfisksins sem var minni hluti framleiðslunnar eða 15-35% útflutningsmagnsins á sjötta áratugnum.³⁴

Allmörg þurrkhús voru vissulega tekin í notkun en nokkrar brotalamir virðast hafa verið á notkun þeirra ef dæma má af gæðum þess fisks sem úr þeim kom. Kunnáttuleysi og stundum líka hirðuleysi spillti fyrir árangrinum og framleiðslan varð því verri en efni stóðu til.³⁵ Þótt nokkrar kæligeymslur væru líka byggðar áttu samt smærri framleiðendur, sem voru margir, erfitt um vik vegna kostnaðar. Því munu kældar geymslur hafa verið bæði fáar og ófullkomnar hjá þorra verkenda. Hraðfrystihúsaeigendur stóðu í þessu efni betur að vígi en hinir sem mestmegnis eða eingöngu söltuðu.

Áður var vitnað til orða Finnboga Guðmundssonar þar sem hann lýsti ástandi saltfiskstöðva um miðjan sjötta áratuginn. Að mati Lofts Loftssonar, verkfræðings SÍF, var ástandið á húsakosti verkenda nokkrum árum seinna, um 1960, ekki mikið breytt, það var „mjög svipað og fyrir stríð, þ.e. húsin voru almennt þröng, köld, dimm og vélarvana. Einu tækin voru skóflur, börur og hnífar ...“³⁶ Hér er djúpt tekið í árinna en þetta mun vera raunsönn, almenn lýsing á þorra verkunarstöðva. Hins vegar voru til undantekningar og um 1960 höfðu nokkrir verkendur tekið í notkun nýjar vélar sem voru upphaf nýs skeiðs í þessum efnum.

Fyrstar af hinum nýju vélum sem reyndar voru af saltfiskverkendum seint á sjötta áratugnum voru flatningsvélar. Þær höfðu að vísu eitthvað verið prófaðar áður, bæði fyrir og eftir stríðið, en ekki gefist nógu vel og enga útbreiðslu hlotið. Sömu sögu er að segja af hausunarávélum.³⁷ Seint á þessum áratug munu hins vegar nokkrar flatningsvélar hafa verið prófaðar og fékkst við það reynsla sem benti mönnum í rétta átt um notkun þeirra.³⁸

Vitað er að árið 1956 kom hingað til lands flatningsvél sem tekin var í notkun á vetrarvertíð 1957 í Þorlákshöfn.³⁹ Hún mun ekki hafa reynst vel því stöðugt þurfti að endurbæta hana, stykki fyrir stykki. Var loks gefist upp við það.⁴⁰ Önnur vél var sett upp hjá Meitlinum í Þorlákshöfn 1958 og færibandakerfi um leið.⁴¹ Á þess-



Saltfiskstöðin Þorbjörn í Grindavík nálægt 1968-69. Í þeirri stöð var tekið í notkun fullbúið aðgerðarkerfi árið 1959 (í miðhúsinu lága) og var hún ein hin fyrsta á landinu þar sem það var gert. Heppnaðist kerfið vel og var fljótt að sanna nytsemi sína þrátt fyrir hrakspár í upphafi. (Loftur Loftsson.)

um árum mun flatningsvél líka hafa komið til Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum.⁴²

Árið 1958 réðst saltfiskverkunarstöðin Þorbjörn í Grindavík í kaup á aðgerðarkerfi en það voru færribönd, hausunarlína og flatningsvél. Var þessi vélasamstæða, sem var hin fyrsta í söltunarstöð á landinu, þá sett upp og tekin í notkun á vetrarvertíðinni 1959. Gaf hún góða raun, sparaði mannskap og var afkastamikil. Áður hafði þurft fjóra menn við hausun og átta flatningsmenn en með tilkomu vélanna þurfti aðeins fjóra í stað þessara tólf: einn við hausunarlína, annan við flatningsvélina og tvo til að snyrta og blóðhreinsa eftir flatningu.⁴³ Komu þessi auknu afköst sér vel því stundum bárust heilu togarafarmarnir á dag í stöðina, 100-150 tonn. Á næstu árum keyptu fleiri stöðvar, bæði í Grindavík og annars staðar, svipaðar samstæður auk þess sem margir fengu sér stakar vélar eða færribönd.⁴⁴

b. Tæknideild SÍF og starf hennar

Upp úr þessu framtaki einstakra verkenda á eigin spýtur hófst nokkuð samfelld og markviss notkun vélasamstæðna og ýmiss konar tækja við saltfiskvinnsluna og var það einkum að þakka forgöngu SÍF. Tildrögin að hlutdeild SÍF í þessari þróun voru aftur á móti röð atburða sem hófst með fundi allmargra verkenda í Reykjavík 1959 þar sem samþykkt var stofnun sérstaks hagsmunafélags þeirra við hlið SÍF, eins og rakið er á öðrum stað í þessu riti.^{44a} Báðir aðilar sættust síðan á að koma á fót hagsmunanefnd sem skipuð var að meiri hluta mönnum er höfðu saltfiskverkun að aðalstarfi.

Hagsmunanefndinni var vel kunnugt um þá hagnýtingu véla sem ýmsir verkendur höfðu ráðist í og að forgöngu nefndarinnar⁴⁵ ákvað stjórn SÍF í október 1961 að ráða verkfræðing, Loft Loftsson, til athugunar á vinnutilhögun og ýmsu öðru er sneri að saltfiskframleiðslu.⁴⁶ Hafði þá líka komið fram á aðalfundi fyrr á árinu ósk um að reynt yrði að fylgjast sem best með því hvaða nýjar vélar kæmu á markaðinn og hver vélakostur væri hentugastur til að vinna fiskinn.⁴⁷

Starf Lofts hófst aðallega árið 1962 og markaði það upphafið að tæknideild þeirri sem síðan starfaði á vegum Sölusambandsins allt fram á níunda áratuginn og vann að ýmiss konar hagræðingu, endurbótum og nýjungum í saltfiskframleiðslunni. Stofnun tæknideildar SÍF var afar merkilegt skref í sögu Sölusambandsins og hafði feikimikla þýðingu fyrir verkendur. Deildin hafði frá upphafi með höndum það verkefni að afla fróðleiks um ýmsar tækninýjungar

sem hagnýtt gildi höfðu og koma þessum fróðleik á framfæri við saltfiskframleiðendur. Var megintilgangurinn að vinna að bættum vinnuskilyrðum og hagræðingu með það fyrir augum að auka afköst og vörugæði. Var þetta mjög hliðstætt því sem tæknideild SH hafði unnið að fyrir frystihúsaeygndur.⁴⁸

Með ráðningu verkfræðings til SÍF var stutt við bakið á vélvæðingu meðal framleiðenda og fengu þeir loks þann bakhjarl sem þá hafði skort. Loftur Loftsson naut góðs af fyrri tilraunum og þeim vélasamstæðum sem höfðu gefið góða reynslu og komst á vel heppnuð samvinna milli hans og framleiðenda sem skilaði þeim árangri að æ fleiri vélar og tæki voru tekin í notkun á sjöunda áratugnum og ráðist var í endurbætur á húsakosti og vinnuaðstöðu.⁴⁹

Hér mættust hin fræðilega þekking annars vegar og náin þekking á öllum hliðum framleiðslunnar hins vegar þar sem margvísleg vandamál voru leyst og heppilegri leiðir fundnar. Er óhætt að fullyrða að tæknideildin, með stuðningi hagsmunanefndarinnar, var undirstaða þeirrar miklu vélvæðingar og hagræðingar sem fór af stað í saltfiskframleiðslunni upp úr 1960 og hefur haldið áfram æ síðan.

Loftur Loftsson, verkfræðingur, gerði einnig ýmiss konar tilraunir og prófanir, stundum í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, og aflaði sér upplýsinga erlendis frá um flest það er varðaði aðferðir við verkun saltfisks, geymslu hans og flutning.⁵⁰ Loftur leitadist einnig við að kynna sér til hlítar útbúnað hinna ýmsu saltfiskstöðva og fræða framleiðendur um það hvar úrbóta væri helst þörf. Einnig var unnið ötullega að öflun alhliða upplýsinga um alls konar vélar, tæki og efni sem nota mætti í fiskvinnsluhúsum.⁵¹


Sem dæmi um upplýsingaöflun af þessu tagi má nefna að árið 1962 fór Loftur í rúmlega tveggja vikna kynnisferð til Kanada og Nýfundnalands. Þar skoðaði hann ýmsar söltunarstöðvar, þó sérstaklega nýja og stóra tilraunastöð á Nýfundnalandi sem kanadíska ríkið rak. Þar voru um þessar mundir gerðar ýmsar vinnslutilraunir í saltfiskframleiðslu og niðurstöðum þeirra komið áleiðis til verkenda þar í landi. Mátti þarna líka finna fleiri en eina tegund þurrklefa og vöskunarvéla en auk þess kynntist Loftur notkun gaffallyftara og pappakassa utan um saltfiskinn svo eitthvað sé talið.⁵²

Tengsl tæknideildar SÍF við Kanada má meðal annars rekja til þess að Loftur Loftsson hafði fengið menntun sína þar í landi.⁵³ En vitanlega var víðar leitað fanga og reynt að kynnast ýmsu því sem aðrar þjóðir höfðu tileinkað sér við saltfiskframleiðslu. Til dæmis var spurst fyrir um ýmsar verkunaraðferðir, svo sem léttisöltun og



Loftur Loftsson, verkfræðingur SÍF. Hann var menntaður í matvælafræðing og ráðinn til samtakanna árið 1961. Þar með hófst þrjátíu ára starfsferill í þágu þeirra. Á þeim tíma gerbreyttust framleiðsluhættir og starf Lofts var ein af undirstöðum þess árangurs.

Þurrfiskvél árið 1974 í Vestmannaeyjum. Sem vott um aukna trú á þurrfiskverkuninni upp úr 1970 má benda á þessa vélasamstæðu frá Raufossverksmiðjunum norsku en tvær vélar af þessari gerð voru fluttar til landsins. Fiskinum var stungið inn á grindum öðrum megin, síðan fór hann á vixl í gegnum hitablástur og valsa sem pressuðu eða sléttuðu fiskinn. Út úr vélinni kom hann síðan 20-30 klukkustundum seinna. Með þessari einu lotu var hægt að fá allt að 7/8 þurrkaðan fisk (45-7% vatnsinnihald) og gat vélin afkastað um fimm og hálfu tonni af blautfiski á sólarhring. (Sigurgeir Jónasson.)



þækilsöltun, fengnar upplýsingar um nýjar tegundir þurrkklefa og athugað ýmislegt sem orðið gæti til að endurbæta héraðsklefa.⁵⁴

Skömmu eftir að tæknideild SÍF tók til starfa byrjaði Loftur að hanna þurrkklefa sem búnir voru sjálfstýringu og hentuðu söltunarrúsum hér. Voru þeir mikil framför frá gömlu þurrkklefunum sem höfðu enga sjálfstýringu en þessi sjálfstýring, bæði á hita- og rakastigi, gerði unnt að þurrka fiskinn í færri lotum og með betri árangri. Komst sérstaklega mikill skriður á byggingu og endurbætur þurrkklefa í lok sjöunda áratugarins þegar fiskþurrkum jókst mjög hér á landi. Enda þótt þessi atvinnugrein hefði þá setið á hakanum um nokkurt skeið voru fyrir hendi allgóðir möguleikar til þurrkunar saltfisks. Nokkur afkastamikil þurrkhús voru enn til frá fyrri árum og mátti færa mörg þeirra til nýttiskuhorfs með tiltölulega litlum breytingum og endurbótum.⁵⁵

Starf tæknideildar SÍF var fjölbreytt og miðaðist við óskir og þarfir félagsmanna hverju sinni. Deildin skipulagði og teiknaði fjöldann allan af nýjum og endurbættum fiskaðgerðarkerfum í stærri og minni stöðvum og sífellt var unnið að hagræðingu hjá einstökum fyrirtækjum. Teiknuð voru og hönnuð mörg ný söltunarrúsum eða viðbyggingar við eldri hús.

Þá lagði tæknideildin sig sérstaklega í líma við að afla ýtarlegra upplýsinga um notkun margvíslegra tækja og útbúnaðar sem sparadi mikla vinnu og erfiði við saltmokstur, söltun og allar tilfærslur innanhúss. Má þar nefna gaffaltrillur, gaffallyftara, vörubretti og fleira sem byrjað var að nota í húsunum á sjöunda áratugnum.⁵⁶ Síðar, á áttunda og níunda áratugnum, bættust meðal annars við staflanleg þækilkör og nýttist þá plássíð í húsunum langtum betur.⁵⁷ Þetta og fjölmargt annað gerbreytti allri vinnuaðstöðu í húsunum.

Sem dæmi um framþróunina í þessum efnum á sjöunda áratugnum má benda á að árið 1966 höfðu 20-30 saltfiskverkunarstöðvar

keypt hausunar- og flatningsvélar, auk færibandaútbúnaðar í kringum þessar vélar. Og ýmsar stöðvar sem ekki höfðu yfir hausunareða flatningsvélum að ráða höfðu sett upp færibönd sem létu mikið vinnuna. Nokkrar stöðvar voru líka farnar að nota gaffallyftara við tilfærslur á fiskinum og um 10 stöðvar höfðu góða þurrkklefa með sjálfstýringu á hita og loftraka.⁵⁸ Flatningsvél var langdýrasti hluti fullkomins vinnslukerfis en samt tvöfaldaðist fjöldi þeirra á næstu árum, voru nálægt 75 talsins árið 1973.⁵⁹

Eins og búast mátti við voru það aðallega hinar stærri vinnslustöðvar sem nutu góðs af nýmælunum. Má í þessu sambandi geta þess að árið 1971 voru hér á landi 214 aðilar sem framleiddu saltfisk. Af þeim voru aðeins 94 sem framleiddu yfir 100 tonn á árinu. Þessir 94 framleiddu 84% heildarmagnsins en hinir 120 aðeins 16%. Af fyrrnefndum 94 aðilum var þriðjungurinn frystihús en eiginlegar saltfiskstöðvar voru rúmlega 60 talsins.⁶⁰

Það voru sérstaklega síðastnefndu stöðvarnar sem miklum stakkaskiptum höfðu tekið eða áttu endurbætur í vændum. Litlu stöðvarnar höfðu lítið bolmagn til fjárfrekra framkvæmda og frystihúsin, sem framleiddu þriðjung alls saltfisksins og þá aðallega lakari gæðaflokkana, höfðu þessa framleiðslu sem hliðargrein og lögðu að sjálfsögðu megináherslu á aðalgreinina, frystingu.⁶¹

Víðtækar endurbætur í saltfiskframleiðslunni á tiltölulega skömmum tíma áttu meðal annars rætur að rekja til þess að fram-



Aðgerðarkerfi um 1970. Hér sést nokkuð fullkomið aðgerðarkerfi í saltfiskstöð á Gauksstöðum í Gerðum. Lengst t.h. er maður við hausunurvél, næsti maður teygir sig í fiskinn og slægir hann, einn rifur úr og annar rennir honum síðan í flatningsvélina lengst t.v. Renna fyrir slóg liggur frá þeim sem rifur úr og færiband undir flatningsvélinni flytur hryggina burt. (Loftur Loftsson.)

leiðendur vildu fyrir engan mun dragast aftur úr ýmsum öðrum atvinnugreinum sem þegar höfðu gert átak í hagræðingu og tekið ýmsar nýjungar í þjónustu sína. Var reyndar svo komið um hríð að fáir fengust til svo erfiðrar og óþrifalegrar vinnu sem salfiskframleiðslunni fylgdi. Eins og nærri má geta fór mikið fé í endurbæturnar en árangurinn lét heldur ekki á sér standa.⁶²

*c. Vélvæðing og hagræðing á sjöunda og áttunda áratugnum*⁶³

Vélvæðing saltfiskstöðva í lok sjötta áratugarins og á þeim sjöunda var aðallega fólgin í afkastamiklum aðgerðarkerfum sem gerðu framleiðendum kleift að koma fiski á sem skemmstum tíma úr móttöku, gegnum fiskaðgerð og í salt með sem fæstum mönnum og án sérstaks erfiðis. Þetta var mjög þýðingarmikið, ekki síst vegna þess hversu erfitt var að fá nægilegan mannskap í fiskaðgerð þegar mikill fiskur barst að, auk þess sem gæðum fisksins hrakaði ef aðgerð og söltun drógust á langinn. Einnig átti vélkæling við fiskmóttöku að draga úr gerla- og gerhvatastarfsemi en slíkar lífrænar breytingar gátu ráðið miklu um endanleg gæði saltfisksins.

Helstu tæki og útbúnaður við þennan fyrsta þátt framleiðslunnar voru færribönd við fiskmóttöku og í aðgerðarsal. Þau fluttu fisk á milli vinnslustaða og véla og fluttu jafnharðan bein, slóg og lifur frá aðgerðarsvæðinu út í kassa. Þá komu við sögu í vinnslukerfinu þrjár vélar, hausunarvél, flatningsvél og vöskunarvél en margar stöðvar höfðu gott færibandakerfi þótt þær vantaði flatningsvél.

Auk framangreindra tækja hafði ný aðferð verið tekin upp við frumsöltun fisks, svokölluð þækilsöltun. Var hún fólgin í því að í stað þess að flytja flattan fisk að stæðum og salta hann í stafla með miklu salti á milli laga var flatti fiskurinn nú saltaður beint ofan í

*Þækilsöltun á áttunda áratugnum. Ávinningurinn af söltun í kör í stað stafla var ýmislegur, til dæmis sparaðist salt, vinnan var auðveldari og nýtingin betri. Þetta, ásamt því að lyftarar voru komnir víða í saltfiskstöðvar, gerði það að verkum að þessi söltunaraðferð breiddist skjótt út.
(Loftur Loftsson.)*





*Saltmokstur um 1970.
Lyftarar léttu störfin mikið
og sums staðar voru þeir
notaðir til að moka salti.
Vorur þá gafflarnir teknir af
og skúffa sett á í staðinn.
(Loftur Loftsson.)*

stóra kassa eða kór sem sett voru niður hjá vöskuninni. Var litlu salti dreift milli laga. Um leið og hver kassi hafði verið fylltur tók gaffallyftari hann frá og staflaði honum á heppilegum stað. Eftir um það bil þrjú daga voru kassarnir teknir niður og fiski umsaltað í stæður úr þæklinum. Með þækilsöltun af þessu tagi varð öll vinna við sjálfa söltunina mun léttari en með gamla laginu. Auk þess hafði þessi breytta söltunaraðferð þann kost að salt sparadist og nýttist mun betur en ella.

Snemma á áttunda áratugnum var þorri framleiðenda farinn að nota þækilkassa, gaffallyftara og vörufleka í stað hjólbara og gömlu stæðusöltunarinnar. Enda þótt hinn nýi búnaður væri nokkuð dýr höfðu margar minni stöðvar, þó ekki þær minnstu, orðið sér úti um hann eins og stóru stöðvarnar. Hafði þetta líka flesta kosti, svo sem vinnusparnað, bættu nýtingu og meiri gæði saltfisksins. Gaffallyftarar voru notaðir við flutning á saltfiski í húsunum, við útskipun á fiski og við saltmokstur. Spöruðu þeir feikimikla vinnu og erfiði.

Þá má nefna vélkælinguna sem mjög færðist í vöxt þegar líða tók á áttunda áratuginn. Verkendum var nú orðið ljóst mikilvægi kæli-geymslna því fiskur geymdur í þeim hélt mun betur lit og raka en sá sem geymdur var við hærri hita, auk þess sem kælingin varnaði því að skemmdir kæmu fram í fiskinum við lengri geymslu. Að lokum er vert að minnast aftur á litlu þurrkklefana sem margar saltfiskstöðvar komu sér upp. Klefar þessir gerðu framleiðendum kleift að taka hluta af saltfiskinum, sérstaklega úr lakari gæðaflokkunum, og vinna að þurrkun hans frá vertíðarlokum og fram eftir árinu. Þannig var unnt að halda uppi starfsemi í húsunum allt árið.

Hér hefur verið minnst á helstu tæki og vélar sem æ meir voru teknar í notkun á sjöunda og áttunda áratugnum. En að sjálfsögðu kom þessi búnaður ekki að fullum notum nema húsakynni væru

Söltunarsalur nálægt 1970. Bjartir og góðir salir til söltunar eins og þessi voru ekki algengir um tíu árum fyrr en góð söltunaraðstaða létti mjög vinnuna því umstafla þurfti fiskinum tvisvar sinnum eftir fyrstu söltun og þá kom gott gólfpláss sér vel. (Loftur Loftsson.)



góð. Voru sífellt byggðir stærri og rúmbetri söltunarsalir, vandaðar fiskmóttökur, bjartir og rúmgóðir salir fyrir fiskaðgerð, góð aðstaða fyrir starfsfólk og svo framvegis.

Vitanlega stóðust ekki allar saltfiskstöðvar ýtrustu kröfur en þær viðamiklu breytingar sem margir framleiðendur létu gera á stöðvum sínum á sjöunda og áttunda áratugnum voru stórt skref í áttina. Í þessu sambandi eru athyglisverð ummæli Loftssonar á fundi Félags áhugamanna um sjávarútveg í mars 1973. Loftur sagði þar að það væri að sumu leyti heppilegt að dregist hefði fram á allra síðustu ár að vélvæða og endurbæta saltfiskstöðvarnar. Þessu til stuðnings benti Loftur á að skilningur og kröfur væru nú miklu meiri í þessum efnum heldur en verið hefði um það bil 10 árum áður „og því meiri von að þessar endurbætur verði mun fullkomnari og meiri nú en hefði verið ráðist í þær fyrir ca. 10 árum og síðan álitid að lítið sem ekkert hefði núna þurft að gera til viðbótar.“⁶⁴

d. Tvennir tímar

Til að gefa nánari hugmynd um þær miklu breytingar sem urðu á ýmsum saltfiskstöðvum á sjöunda og áttunda áratugnum skulum við virða fyrir okkur hvernig ein slík stöð leit út snemma á sjöunda áratugnum og hverjum breytingum hún hafði tekið ellefu árum seinna. Lýsingin er komin frá Lofti Loftssyni sem kannaði þessa stöð fyrst árið 1962 og síðan aftur árið 1973.⁶⁵ Á hún vel við allflestar saltfiskstöðvar á þessum árum en þær stöðvar sem fyrstar urðu til voru þó komnar með vélbúnað áður eins og að framan hefur verið getið.

Árið 1962 var tekið á móti fiski og gert að honum í einum 80-90 fermetra sal. Þriðjungur salarins var stúkaður af með lestarborðum fyrir fiskmóttöku. Þarna var engin teljandi upphitun enda erfitt um vik þar sem opið var fram í söltunarsal. Þá voru tvær fisklúgur við fiskmóttökuna og blés mjög kaldur gustur inn um þær enda frost úti það febrúarkvöld sem Loftur var þarna á ferð.

Kvöld þetta bárust um 20 tonn af þorski í stöðina og unnu tólf manns við að koma fiskinum í salt frá því klukkan átta um kvöldið og langt fram á nótt. Í fiskbingnum stóðu tveir menn við að hausa fiskinn ofan í kassa hinum megin við lestarborðin. Þurfti hvor maður að lyfta hverjum fiski upp á hausunarfjöl í um það bil 80 sm hæð frá gólfi og skera og brjóta hausana þar af fiskinum. Hausunum fleygðu þeir út í horn í hrúgu nálægt færignigli og fiskbeininum hentu þeir á gólfið en hlupu til annað slagið að moka þeim upp í kassa. Lofti Loftssyni reiknaðist til að meðan mennirnir voru óþreyttir þyrfti hvor þeirra að færa, lyfta og hausa rúmlega 300 fiska á klukkustund en hver fiskur vó 5-6 kg og sumir meira. Var þetta því bæði mjög erfitt verk og óþrifalegt.

Þegar Loftur kom í þessa sömu stöð ellefu árum síðar, 1973, höfðu heldur betur orðið umskipti. Þá var um 120 fermetra húsnaði notað til fiskmóttöku eða fjórum sinnum stærra en áður. Gólfinu hallaði að færibandinu í gryfju með hlerum yfir. Var nú þarna aðeins einn maður sem stuggaði við eða ýtti helmingi fleiri fiskum ofan á færibandinu á mun auðveldari hátt en hausararnir áður. Þá var fiskmóttakan algerlega þiljuð af frá öðrum húshlutum og þar var komið fyrir kæliblæstri sem hélt hita við frostmark.


Í framhaldi af færibandinu í fiskmóttökunni var annað band sem færði fiskinn inn í aðgerðarsal og að hausunarfél. Einn maður raðaði á hausunarfélina en lyfti aldrei fiski. Enda þótt mennirnir tveir við færibandinu og hausunarfélina færu höndum um helmingi fleiri fiska á hverri klukkustund en hausararnir áður fyrr unnu þeir við mun betri skilyrði og þurftu ekki að erfiða nærri því eins mikið.


Ýmsar fleiri breytingar höfðu verið gerðar í stöðinni okkar góðu. Árið 1962 féllu hausuðu fiskarnir ofan í söfnunarkassa við lestarborðin. Að kassanum lá eitt tveggja metra langt kúttunarbord og stóðu þrjú menn við það. Sá fyrsti dró fiskana úr kassanum upp á bord og skar fyrir en hinir tveir tíndu innan úr fiskinum og söfnuðu slori, lifur og hrognum í tunnur sem við bordið voru. Um leið og tunnurnar fylltust urðu mennirnir að hætta slægingu, draga tunnurnar frá bordinu og koma öðrum þar fyrir. Tafði þetta töluvert sjálfa vinnuna við aðgerðina auk þess sem þetta var bæði óþrifalegt og þrengdi að mönnum.




Gamli tíminn í vinnslunni. Hér t.h. er fiskurinn hausaður á búkkum; á gólfinu er fiskur um allt og saltbingir í bakgrunni. Myndin er tekin á Akranesi 1952-53.

Á myndinni fyrir ofan sést fiskur slægdour og flattur í höndunum í Vestmannaeyjum árið 1969. Að síðustu er honum ekið til söltunar í hjólbörum t.v.; úr Meitlinum í Þorlákshöfn. Öll vinnan útheimtir hér krafta því mikið þarf að beygja sig og lyfta fiski, beita snöggum og kröftugum handtökum við aðgerðina auk þess að bera fisk og moka salti í höndunum. (Mynd efst t.v.: Sigurgeir Jónasson. Mynd efst t.h.: Vigfús Sigurgeirsson.)





Nýi tíminn í vinnslunni. Dæmigerð fiskmóttaka t.v. þar sem hitastig er lægra en í aðgerðarsal og fiskinum ýtt niður á færiband í gólfinu. Inni í aðgerðarsalnum er fiskurinn fyrst hausaður í vél (efst t.h.) og síðan rennt í gegnum flatningsvél (t.v.). Þá er hann snyrtur lítillga og honum ýtt ofan í vöskunarvél. Upp úr henni fer fiskurinn á færíbandi og í söltun í fiskkör (neðst t.v.) sem síðan eru keyrð burt með lyftara og staflað upp (t.h.). Minna reynir hér á krafta því fiskurinn kemur og fer á færíböndum, allt er í þægilegri vinnuhæð og vélaraflið sér um flutninga á fiski og salti. (Myndir: Loftur Loftsson.)



Frá slægingarborðinu fór fiskurinn í vatnskistu og þaðan á tvö flatningsborð þar sem fjórir menn unnu við handflatningu. Hryggjunum fleygðu þeir í beinahrúguna en flatti fiskurinn lenti ofan í vöskunarkeri með veltibúnaði. Starfaði einn maður við að hvolfa fiskinum úr því í hjólbörur og aka þeim inn í söltunarsal að fiskstæðum en jafnframt þurfti hann að sækja salt í börum úr öðrum stað í húsinu. Reiknaðist Lofti til að maðurinn keyrði þannig um 3-4 tonn af fiski og salti á hverri klukkustund.

Við fiskstæðuna stóðu tveir menn. Tók annar fisk úr börum og raðaði í stæður meðan hinn mokaði miklu salti yfir hvert fisklag. Um leið og hækka tók í stæðunum fór saltmoksturinn að verða all-erfiður enda mokaði starfsmaðurinn um tveimur tonnum salts á klukkustund. Um klukkan 3-4 um nóttina voru mennirnir búnir að koma þessum ca 20 tonnum af þorski í salt og hreinsa eftir sig.

Ellefu árum seinna, 1973, var þetta allt orðið gerólikt. Eins og áður sagði var fiskurinn nú fluttur á færriböndum úr kældri fiskmót-töku að hausunarvél sem honum var raðað í. Hausaði fiskurinn lenti síðan á slægingarborði þar sem hann var opnaður og öll innnyfli flutt á bandi að borði þar sem þau voru skilin í sundur. Hrognum var safnað í upphækkaða álkistu en lifur, hausar, hryggir og slor var flutt jafnóðum á böndum út í söfnunarkassa.

Slægða fiskinum var þessu næst ýtt að flatningsvél sem hann var lagður í. Úr vélinni féll fiskurinn á borð þar sem tveir menn stóðu við að snyrta og blóðhreinsa alla fiska áður en þeim var ýtt ofan í vöskunarvél sem skilaði þeim í grunna söfnunartrekt í þægilegri seilingarhæð. Hjá trektinni var raðað tveim tómum þækilkössum. Stóð einn maður við hvorn kassa og raðaði fiskinum úr trektinni ofan í hann en þriðji maðurinn stóð við saltkassa rétt hjá og stráði salti úr honum yfir hvert fisklag.

Enda þótt saltarinn þyrfti að strá salti yfir nálægt 1.200 fiska á klukkustund, rösklega helmingi fleiri en gert hafði verið með gamla laginu, stráði hann minna salti á hverri klukkustund en saltarinn ellefu árum áður og á mun auðveldari máta því að nú þurfti ekki að moka salti í háar stæður heldur niður í kassana. Eftir að hver kassi fylltist af fiski og salti var hann færður frá með gaffallyftara og staflað upp annars staðar í húsinu.

Eins og framangreindar lýsingar bera með sér var öll vinnuaðstaða í þessari söltunarstöð sem Loftur Loftsson kom aftur í árið 1973 gjörbreytt frá því sem verið hafði ellefu árum áður. Nú var fiski hvergi lyft upp af gólfi né salti mokað upp í stæður. Allur úrgangur var nú fluttur á böndum jafnharðan frá vinnslusvæðinu, engra hjólbara var þörf og þannig mætti áfram telja. Nú var unnið í björtum, hlýjum og rúmgóðum sal. Við alla aðgerð og söltun unnu

nú 13-14 manns við hin bestu skilyrði og afköstuðu helmingi meira en mennirnir 12 fyrir ellefu árum.

Fyrir utan gerbreyttar vinnuaðstæður og aukin afköst við aðgerð og frumsöltun hafði margt annað breyst í stöðinni. Þannig varð til dæmis fiskurinn fyrir mun minna hjaski en áður í fiskmóttökunni vegna þess hversu mjög hún hafði verið stækkuð. Saltnýtingin hafði aukist nokkuð vegna breyttrar söltunaraðferðar (þækilsöltunarinnar) og vélkæling olli því að gerlagróður var minni en áður í fiskmóttökunni. Söltunarsalir höfðu verið stækkaðir mjög og komin var stór kæligeymsla með vélkælingu sem hafði í för með sér að fullstaðinn fiskur léttist mun minna en áður. Í stað hjólbara voru komnir tveir nýir gaffallyftarar, fullkominn þurrkklafi hafði verið settur upp í stórum sal, góð upphitun var komin þar sem þörf var á henni og svona mætti lengi telja.


Þær breytingar, sem hér hefur verið lýst, voru ekkert einsdæmi. Reyndar var fyrrgreind stöð dæmigerð að flestu leyti bæði árin 1962 og 1973 þótt sumar stöðvar hefðu verið fyrri til að taka áðurnefnd tæki og vélar í þjónustu sína og betrumbæta vinnubrögð og vinnuaðstöðu. Í upphafi sjöunda áratugarins voru til dæmis aðeins fáar flatningsvélar í notkun hér á landi og færibandakerfi í kringum þær oft ófullnægjandi. Þækilsöltun, eins og lýst var hér að framan, þekktist þá ekki og hvergi var að finna gaffallyftara í söltunarhúsum. Það eina sem lítið hafði breyst á þessum ellefu árum var mat og þökkun saltfisks og minnti þökkunin óneitanlega á gamla tím-ann.

e. Framleiðsluhættir og búnaður saltfiskstöðva um 1992

Á níunda áratugnum héldu áfram þær framfarir í saltfiskstöðvunum sem farið höfðu af stað um 1960. Vélakostur var endurbættur og þeir hinir síðustu, smæstu stöðvarnar sem ekki höfðu keypt sér vélar í aðgerðina, keyptu ásamt þeim lyftara og fiskikör. Þetta létti miklu erfiði af fólkinu og nú orðið vinnur kvenfólk engu síður en karlmenn í saltfiskvinnslu. Þetta er bylting frá því um 1960 þegar vinna við saltfiskverkun var svo erfið að hún var naumast fyrir neina nema eflda karlmenn. Vinnan fólst þá að miklu leyti í mokstri, burði og bogri.⁶⁶

Húsakynni voru enn misgóð en flestir framleiðendur höfðu komið sér upp sæmilegum húsakynnum og sumir góðum, bæði vel lýstum og þrifalegum.⁶⁷ Í ýmsum stöðvum voru húsin einnig stór, bæði að gólfleti og að hæð, og hefðu verið kölluð hallir á sjötta ára-

Nýleg fiskvinnsluhús nálægt 1980. Um það leyti voru langflestir verkendur búnir að gera meiri eða minni endurbætur á húsakosti og aðgerðarkerfi voru komin alls staðar. (Loftur Loftsson.)



tugnum. Umhverfi saltfiskstöðvanna er enn þá mismunandi snyrtilegt en það hefur farið batnandi.⁶⁸

Kröfur um hreinlæti hafa aukist síðustu áratuginna en aldrei þó eins og síðan á níunda áratugnum. Það á ekki aðeins við um húsa-kynnin og þríf þeirra heldur einnig fatnað verkafólksins og allan aðbúnað þess. Upp úr 1990 voru til dæmis sum fiskvinnsluhús þriffin á hverjum degi með gerileyðandi efnum og víða máluð reglulega, nokkuð sem var óþekkt fram á sjöunda áratuginn í saltfiskvinnslu.⁶⁹

Saltfiskverkunin hefur heldur ekki farið varhluta af tölvuvæðingunni. Framlegðarútreikningar, þ.e. útreikningar á tekjum (að frá-dregnum breytilegum kostnaði) á móti föstum útgjaldaliðum til að finna hagkvæmasta framleiðslumagnið, hafa tíðkast um árabil og hafa verkendur notfært sér þá við fiskkaup og stýringu á framleiðslu sinni.⁷⁰ Þeir hefðu verið nánast óframkvæmanlegir fyrir daga tölvanna. eru þá ótaldir margs kyns aðrir útreikningar sem margar saltfiskstöðvar færa sér í nyt, meira og minna, við rekstur stöðvanna.

Allir þessir þættir, sem hér hafa verið taldir, juku framleiðni stöðvanna mikið og bættu hag verkenda enda veitti ekki af þar sem aflaheimildir fóru minnkandi og fiskverðið hækkaði mikið. Hluttur hráefnisins í afurðaverðinu fór úr um það bil 50% til jafnaðar í allt að 80% á síðari helmingi níunda áratugarins og er þá ljóst að lítið var eftir fyrir öðrum kostnaði.⁷¹

Í því sambandi má minnst á starfsemi fiskmarkaðanna sem byrjuðu árið 1987 en þar hefur myndast markaðsverð á fiskinum og gert opinberar fiskverðsákvæðanir óþarfar. Fiskmarkaðirnir hafa haft ýmsa kosti í för með sér og einn af þeim er sá að þeir hafa gert smærri og stærri verkendum og einnig þeim, sem ekki reka útgerð, kleift að kaupa hráefni til vinnslu. Þannig hefur nýting stöðvanna batnað og sumar, ekki síst þær smærri, getað sérhæft sig í einstökum afurðum. Þetta hefur að sínu leyti stuðlað að meiri framleiðni og betri afkomu.⁷²

Til nánari glöggvunar og til samanburðar við lýsingar Lofts Loftssonar hér framar skulum við líta á hvernig framleiðsluhættirnir voru víðast hvar um og upp úr 1990. Fiskmóttakan var ekki ýkja

mikið breytt frá því um 1980. Fiskur kom ýmist slægður eða óslægður í húsin og víða var honum sturtað á gólf sem hölluðu að færibaldi og þaðan fór hann áleiðis í vinnslusalinn. Sums staðar var honum aftur á móti hvolft ofan í vatnskör og færibönd fluttu hann í aðgerðina. Stundum var líka ísuðum, slægðum fiski hvolft úr plastkössum á ristar hjá hausunarvélunum.⁷³

Vélvæðingin í vinnslurásinni var orðin algjör. Aðgerðin var öll framkvæmd með vélum, hausunarvél og flatningsvél, og slógið fór sína leið á færiböndum eða í sniglum ofan í kassa eða þrær. Burður og bis við flutning og tilfæringar heyrðu sögunni til því lyftarar og færibönd sáu um það. Eftir snyrtingu fór fiskurinn síðan ofan í vöskunarkar og sums staðar jafnvel tvö kör, hvort á fætur öðru, til að tryggja að hann væri laus við öll óhreinindi og slitur sem gætu skemmt út frá sér í söltuninni.⁷⁴ Færíbönd fluttu hann síðan úr vöskunarkörunum og í söltun.

Eins og áður segir jukust hreinlætiskröfurnar hratt á níunda áratugnum og sést það vel í söltuninni um 1990. Saltið kom í skipunum ýmist sekkjað í 1.000 kg pokum eða laust í lestunum og var þá mokað í kör sem það var flutt í til framleiðenda. Það var samt hvergi látið koma við gólf áður en það var notað en áður var hins vegar alsíða að geyma það á gólfum og því var mokað til og frá með vélskóflum og gengið í því. Eins var sama saltið ekki notað oftar en tvisvar til þrisvar en áður var það notað margoft.⁷⁵

Söltunaraðferðum fleygði mikið fram á níunda áratugnum. Þækilsöltunin, sem lýst er aftar í þessu riti, ruddi að fullu burt staflasöltuninni gömlu eftir að tandurfiskurinn kom til sögunnar



Saltdreifari nálægt 1985. Um og upp úr 1980 var í mörgum stöðvum farið að nota tæki eins og þetta við söltun í kör (t.v.) og umsöltun á bretti (t.h.). Saltið hristist í gegnum síur niður á fiskinn og söltunin varð enn fyrirhafnarminni. (Loftur Loftsson.)

1983-84. Fiskurinn var því með öðrum orðum alls staðar saltaður ofan í kör áður en hann var saltaður til fulls í stafla. Körin voru ekki öll úr stáli eins og áður heldur víða úr plasti og eru þau langtum þrifalegri. Vinnulagið við söltunina í körin var líka orðið allt annað en það var um 1980 því saltinu var dreift yfir fiskinn með aðstoð vélbúnaðar. Ýmist voru körin sett undir saltkassa og sáldraðist saltið yfir fiskinn í gegnum ristar á kassanum eða þá að saltið þeyttist yfir fiskinn úr rana eða túðu.

Þetta var algengasti máttinn á frumsöltun en á seinni hluta níunda áratugarins komu fram tvær nýjar aðferðir við hana, þæklun og sprautusöltun. Þæklunin fólst í því að fiskurinn var settur í tilbúinn þækil í stað þess að láta hann myndast af fiskinum og saltinu. Sprautusöltunin fólst hins vegar í því að sprauta þæklinum í fiskholdið með nálum í sérstakri vél sem fiskurinn fór í gegnum. Þæklunin vann mjög á en áhuginn á sprautusöltuninni dvínaði í ljósi reynslunnar.⁷⁶

Fljótt eftir að þækilsöltunin breiddist út var byrjað að stafla körunum upp til að nýta gólfplássið betur. Þetta hafði jafnframt í för með sér að lofthæðin í húsunum jókst enda var körunum staflað í 3-4 hæðir meðan fiskurinn var að saltast. Eftir tilskilinn tíma í körunum var svo fiskurinn tíndur upp úr og saltaður á ný á bretti. Til léttis var reyndar sums staðar bretti spennt ofan á karið og með lyftara var því snúið við svo að fiskurinn lá eftir á brettinu. Eftir að mesti þækillinn hafði sigið af honum var hann síðan saltaður á bretti eða kör sem fóru að verða algengari um og upp úr 1990.⁷⁷

Þökkun og mat breyttist mikið milli 1980 og 1990. Ekki aðeins hvarf striginn heldur einnig margnota brettin sem þó voru nýjung um 1980 og þóttu mikil framför. Einnota bretti, svokallaðir pappagámar, tóku við af gömlu brettunum og um 1990 var æ meira af blautfiskinum pakkað í 25 kg og 50 kg pakkakassa.⁷⁸

Hið aldagamla sporðatal var einnig aflagt árið 1989 en fram að því hafði fiskurinn verið flokkaður eftir lengd. Síðan hafði hverjum lengdarflokki verið pakkað en bæði varð þakinn að ná vissum þunga (52 kg með yfirvigt) og eins máttu fiskarnir hvorki vera of margir (þ.e. smáir) né of fáir (þ.e. stórir). Til að ná bæði réttir þyngd og réttu sporðatali í pakka var stundum settur óvenjustór fiskur eða lítill og þessu var misjafnlega vel tekið af kaupendum. Hver fiskur var nú veginn og settur í þann flokk sem hann tilheyrði. Um leið urðu fiskarnir jafnari að stærð en áður og það mæltist vel fyrir hjá kaupendum.⁷⁹

Eftir þessa breytingu urðu nákvæmar vogir mikilvægari en áður og voru sérstakar vogir búnar til fyrir saltfiskvinnslu.⁸⁰ Í því sambandi má geta þess að tveir stórir saltfiskframleiðendur að minnsta



Meynflokkari um 1990. Þetta hollenska flutnings- og vigtunarkerfi var ein nýstárlegasta tækni framförin á níunda áratugnum en einungis tveir framleiðendur höfðu keypt þennan útbúnað um 1990 því gott pláss og mikla framleiðslu þarf til. Þegar þakka átti fiskinum var honum smellið í nokkurs konar klemmur á færribandi sem gekk í hring. Fiskarnir fóru síðan fram hjá sérstökum skynjara þar sem þyngd þeirra var mæld, færribandið hélt síðan áfram og klemmurnar opnuðust á vissum stöðum svo allir fiskar á sama þyngdarbili féllu á sama stað, niður í opnu skúffurnar. Þessi útbúnaður er þægilegur en krefst þess að fiskurinn sé metinn í gæðaflokka áður. Þessi mynd er tekin í fiskvinnsluhúsi Kaupfélags Austur-Skaftfellinga á Höfn í Hornafirði og hér er flokkað í sjö stærðarflokka samtímis.

kosti höfðu um 1990 komið sér upp mjög fullkomnum tölvustýrðum búnaði við þessa stærðarflokkun. Var þessi búnaður raunar þróaður og notaður við kjúklingaframleiðslu erlendis en hann sýndi sig að henta engu síður við saltfiskframleiðslu. Er hver fiskur hengdur á nokkurs konar krók á færribandi sem gengur í hring. Hver fiskur fer fram hjá nema eða tæki sem mælir þyngdina og dettur síðan á mismunandi stöðum þannig að fiskar af sömu þyngd detta ætíð niður á sama stað þar sem fiskinum er pakkað.⁸¹

Þessi tilhögun hefur gert matsmönnum fært að einbeita sér meir að eiginlegu mati í stað þess að vera samtímis að flokka fisk eftir stærð og gæðum. Í framhaldi af þessu var meira að segja þróaður tölvustýrður „matsmaður“ í samvinnu fyrirtækisins Marels og SÍF. Þetta var sambyggður búnaður sem með myndgreiningu ákvað gæða- og stærðarflokk hvers saltfisks. Þetta tæki var fullþróað um 1991-92 en hefur ekki verið sett í framleiðslu svo að það er hvergi enn í notkun.⁸²

Fram eftir níunda áratugnum var kæligeymsluástaða verkenda í nokkru skötulíki og sumir höfðu jafnvel engar slíkar geymslur í fiskhúsum sínum. Um og upp úr 1990 voru gerðar strangari kröfur og ástandið fór mikið að batna. Kæligeymslur urðu annars mikilvægari eftir tilkomu tandurfisksins því með þeim mátti forðast létt-



Pökkun á bretti á níunda áratugnum. Við pökkunina voru tréplötur og samtengd járnör notuð sem skriðmót. Hlerinn framan á var dreginn upp eftir því sem hækkaði á brettinu. Stundum var brettunum í þessum járnrindum staflað í tvær til þrjár hæðir hjá framleiðendum og komst fiskurinn þannig hjá pressu.

un á fiskinum svo fremi að hann væri nægilega staðinn áður en hann var settur inn í þær. Enn fremur mátti betur koma í veg fyrir fiskskemmdir.⁸³

Þær skemmdir sem einkum gerðu vart við sig þegar saltfiskur var geymdur í of heitum eða rakasömum geymslum voru jarðslagi, sveppur sem orsakaði brúna flekki á fiskinn og rauðamaur, gerill sem gat gert fisk rauðan að meira eða minna leyti. Þessir skemmdarvaldar höfðu lengi fylgt saltfiskverkun en koma mátti í veg fyrir þá með nógu köldum geymslum og þurrum.⁸⁴ Ekki sakaði að það loftaði vel og reyndar var það svo að eftir að húsakynni tóku að batna á sjöunda og áttunda áratugnum vildi jafnvel bera meira á jarðslaga og maur. Urðu þau þá svo þétt að súg vantaði á fiskinn og raki settist fremur að honum sem opnaði leið fyrir vöxt gerlanna.⁸⁵

Á níunda áratugnum gerbreyttist pökkun saltfisksins eins og lýst er annars staðar. Striginn vék fyrir pappakössum og brettum sem fiskinum var staflað lausum á. Yfir staflann var svo smeygt strigahettu eða saumaður strigi utan um; fyrst var gamli hessianstriginn notaður en seinna kom nælonstrigi sem þótti snyrtilegri.^{85a} Fljótt var síðan tekið að herða plast að eða vefja það utan um fiskbrettin. Í lok áratugarins breyttist frágangurinn enn þegar einnota bretti, svokallaðir pappagámar, komu til sögunnar. Þá var pappahólki ýmist steipt yfir staflann á brettunum eða hann settur á þau tóm og fiskinum raðað þar ofan í, síðan pappalok sett á og hert að með plasti. Þessi umbúnaður tók hinum gamla mikið fram og með honum var saltfiskurinn endanlega kominn úr striganum í nútímalegar, hreinlegar umbúðir sem auðvelt var að merkja og vekja athygli á vörumerki seljandans, *Islandia* – merki SÍF.

Eins og sjá má urðu ýmsar framfarir á níunda áratugnum í saltfiskstöðvunum, bæði á búnaði og aðstöðu, fyrir utan ýmsar breytingar á því hvernig staðið var að verkuninni sjálfri og í pökkuninni. Árangurinn af þessum framförum og vaxandi hreinlætiskröfum má meðal annars sjá af úttektum á fiskvinnslustöðvum sem Ríkismat sjávarafurða gerði um árabil. Árið 1988 var hreinlæti og búnaði stöðvanna ábótavant hjá flestum eða 60% þeirra en aðeins 34% höfðu þetta í lagi eða til fyrirmyndar. Má þá nærri geta hvernig þessu var háttað fyrir þann tíma þótt hafa beri í huga að kröfurnar hafa aukist mikið á síðari tímum. Aðeins fjórum árum seinna, 1992, var ástandið langtum betra. Í flestum saltfiskstöðvum (64%) var þetta í lagi eða til fyrirmyndar þótt hjá 31% þeirra væri hreinlæti og búnaði enn þá ábótavant.⁸⁶

3. Verkun, vörupróun og umbúnaður

a. Breytingar á smekk neytenda

Þegar komið var vel fram á sjötta áratug þessarar aldar var ljóst að rask seinni heimsstyrjaldarinnar og spænska borgarastríðsins hafði beint og óbeint dregið úr neyslu. Fyrir það fyrsta höfðu á þessum róstutímum vaxið úr grasi kynslóðir sem þekktu lítið eða alls ekki saltfisk og kunnu naumast átið á honum. Eldra fólkið þekkti hann frá fyrri tíð og hélt tryggð við hann eftir að viðskipti komust aftur á. En hjá yngra fólkinu átti hann undir högg að sækja, því þótti fiskurinn vera of saltmikill og harður, það vildi hann mýkri og saltminni.⁸⁷


Þetta var að hluta til afleiðing af vaxandi ferskfiskneyslu og óvana af því að borða sterksaltaðan fisk eins og þann íslenska. Neysla á ferskum fiski og frystum var líka að verða heldur algengari og meðferð hans og gæði fóru jafnframt batnandi á sjötta áratugnum.⁸⁸ Þessi þróun var samt lengi vel hæg í Suður-Evrópu vegna ófullkominnar kæliaðstöðu eins og minnst er á framar.⁸⁹

Við þetta bættist það að með tilstuðlan endurreisnarstarfsins í Evrópu alveg fram á sjötta áratuginn, einkum í krafti mikilla lána og gjafafjár frá Bandaríkjunum, jókst velmegun í Evrópu. Tekjur heimila hækkuðu og útvinna húsmæðra varð algengari. Um leið jukust lífskröfurnar, fólk gat veitt sér að kaupa dýrari mat og alls kyns smápakkningar, meira eða minna tilbúnar til eldunar, urðu mjög vinsælar líkt og í Bandaríkjunum nokkru fyrr. Þessi neysluþróun var samt mun hægari í Suður-Evrópu en Norður- og Vestur-Evrópu. Af markaðslöndunum var langmestur efnahagsuppgangur á Ítalíu enda varð hinna nýju lífs- og neysluháttu snemma vart þar.⁹⁰

Þessi þróun var óhagstæð saltfiskinum sem yfirleitt var seldur óútvatnaður og til neytenda; aðeins á Spáni var hann algengari útvatnaður. Víða var hann líka seldur í heilu lagi en ekki í skornum bitum.⁹¹ Saltfiskurinn krafðist því nokkurrar fyrirhafnar og ákveða þurfti neyslu hans fram í tímann.


Þau ummæli eru höfð eftir Kristjáni Einarssyni, framkvæmdastjóra SÍF, eftir að hann kom úr einni markaðsferð til Suður-Evrópu um 1960 að saltfiskneyslan mundi deyja út með ungu kynslóðunum sem væru að vaxa upp.⁹² Þótt hann tæki hér djúpt í árinna sýna þessi ummæli að það höfðu almennt orðið meira en litlar breytingar á smekk neytenda frá því fyrir stríð. En hvernig lifði saltfiskhefð-

Myndrit IX.1



Heimild: Tafla 7 í Tölfluviðauka

Myndrit IX.2



Heimild: Tafla 7 í Tölfluviðauka

in áfram í markaðslöndunum og hvað gerðu íslenskir verkendur og sölusamtök þeirra, SÍF, við þessar breyttu aðstæður?

Fyrst í stað, á sjötta áratugnum og fram á þann sjöunda, var þessari þróun mætt með sölu á saltflökum og fóru þau lítillga til Ítalíu auk fleiri landa. Á sjöunda áratugnum voru síðan gerðar nýstárlegar tilraunir með neytendapökkuð saltflök sem seld voru til margra landa. Þau reyndust þó of dýr í framleiðslu og var sjálfhætt.

Seint á sjöunda áratugnum og í upphafi áttunda áratugarins voru að lokum gerðar ýmsar breytingar á söltunarmáta og verkun hins hefðbundna flatta saltfisks og voru þær tvímælalaust til bóta enda var þar óskum um mýkri fisk mætt. Enn síðar, á níunda áratugnum, kom saltminni og enn þá mýkri fiskur fram á sjónarsviðið, tandurfiskur, og er óhætt að fullyrða að hann vakti mikla hrifningu saltfiskneytenda.

Eins og sjá má af þessu gerðu íslenskir saltfiskverkendur og SÍF sitthvað til að mæta óskum neytenda en þær hafa raunar stöðugt hnigið að saltminni og mýkri fiski alveg frá því eftir seinna stríð. Þannig hefur saltfiskhefðinni verið haldið við. Óskum um fljóttekinn mat sem unnt væri að selja í stórmörkuðum var líka sinnt og margvíslegar nýstárlegar afurðir úr saltfiski litu dagsins ljós, fyrst hér á landi en svo með framleiðslu erlendis í dótturfyrirtæki SÍF, Nord Morue. Sumt af þessu síðastnefnda voru tilbúnir réttir. Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru til að gefa yfirlit um heildarþróunina og því er við hæfi að líta nánar á það hvernig þessi aðlögun íslenska saltfisksins gekk fyrir sig.

b. Verkun flatta fiskisins

Verkun saltfisksins tók litlum sem engum breytingum alveg frá seinna stríði og fram til loka sjöunda áratugarins. Um og upp úr 1970 byrjuðu svo æ fleiri framleiðendur að þækilsalta fiskinn en það var í rauninni endurvakning á söltunaraðferð Sveins Árnasonar sem mikið var notuð á Austurlandi fyrr á öldinni eins og lýst er fyrr í þessu riti.⁹³ Svo virðist að hún hafi tíðkast eitthvað á landinu eftir stríðið, að minnsta kosti sunnanlands, en Fiskmat ríkisins mun hafa lagst gegn henni og reynt að hindra notkun hennar.⁹⁴

Tildrögin að almennri útbreiðslu þækilsöltunar voru tilraunir og athuganir Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og tæknideildar SÍF skömmu eftir 1970 en þær leiddu í ljós að betri hráefnisnýting fékkst með þækilsöltun, þ.e. fiskurinn hélt betur þyngd sinni, og aðferðin var saltspör og kostaði minni vinnu. Síðast en ekki síst var hann blæfallegr og mýkri vegna meira vatnsmagns og við það kom



Fisksöltun hjá Bæjarútgerð Reykjavíkur á sjötta áratugnum. Fiskinum var umstaflað tvisvar eftir fyrstu söltun og af hæðinni á stæðunni er ljóst að fiskurinn hefur fengið seinni umstöflun því æskilegt þótti að láta þá stæðuna ná upp undir tveggja metra hæð og þessi er fyllilega það.

hann betur út í mati.⁹⁵ Þækilsöltunin gaf því verðmætari fisk en var samt ódýrari í framleiðslu en hefðbundinn stafsaltaður fiskur.

Fram til þessa tíma hafði fiskurinn verið saltaður til fulls í stöflum eins og nafnið gefur til kynna. Eftir aðgerð var fiskurinn saltaður í stæðu og látinn liggja í um það bil eina viku, þá var hann rifinn upp og umsaltaður. Þannig lá hann í 1-2 vikur en var þá aftur umsaltaður og lá enn í 1-2 vikur. Að því loknu taldist hann fullstaðinn og hæfur til mats enda búinn að liggja í um 4 vikur í salti.⁹⁶

Með þækilsöltunaraðferðinni var fiskurinn fyrst lagður ofan í þétt kör og salti dreift yfir hvert lag. Brátt myndaðist sjálfrunninn þækill og í honum lá fiskurinn í 3-4 daga. Þá var hann tekinn upp úr karinu, skolaður í þæklinum og saltaður í stæðu á gólfi. Þar lá hann í um það bil 2 vikur, var síðan umsaltaður í hærri stæðu og aftur látinn liggja í 3-4 vikur. Stundum var honum umstaflað enn á þessum tíma, einkum lakari fiski. Eftir þetta taldist hann fullstaðinn og matshæfur enda hafði hann fengið milli 5 og 6 vikna söltun.⁹⁷

Þessi breyting á verkun fisksins lætur ekki mikið yfir sér en hún var framleiðendum mjög hagstæð og gaf ótvírætt mýkri og fallegri fisk. Á áttunda áratugnum breiddist því þækilsöltunin hratt út, ekki hvað síst hjá stærri framleiðendum saltfisks. Mátti hún heita

nær alsíða um 1980 eða þar um bil.⁹⁸ Þó notuðu sumir stafłasöltun-
ina þangað til tandurfiskurinn, sem getið verður á eftir, kom til
sögu 1983-84.⁹⁹

Upp úr athugunum á þækilsöltuninni gerði Rannsóknastofnun
fiskiðnaðarins tilraunir með blöndun efna út í þækilinn ef það
mætti bæta útlit fisksins og hráefnisnýtingu. Þetta voru kalsíum-
klóríð, sem reyndist gefa hvítari og stinnari fisk, og pólýfosfat sem
fékk fiskinn til að halda betur þyngd sinni.¹⁰⁰ Í þessu sambandi er
nauðsynlegt að benda á að í náttúrlegu salti eru fjölmörg efnasam-
bönd. Salt er hins vegar mismunandi að gerð og magn einstakra efna
er mismikið eftir því hvernig saltið er framleitt.

Margt bendir til þess að á sjötta áratugnum hafi mestmegnis ver-
ið notað óþvegið salt hér á landi og að jafnaði mjög kalsíumríkt.
Þetta salt gaf fiskinum fallegan blæ en dró nokkuð úr rotverjandi
áhrifum saltsins og örvaði jafnvel gerlagróður. Á sjöunda áratugn-
um og um 1970 var hins vegar byrjað að nota þvegið salt en við það
skolaðist mikið af sumum efnasamböndum úr. Þá varð betra að
verjast skemmdum í fiskinum en hann fékk ekki jafn góðan blæ á
sig.¹⁰¹ Ástæða þess að íslenskir framleiðendur hófu að blanda þess-
um efnum í þækilinn var því sú að þeir voru að bæta fyrir neikvæð
áhrif saltþvottarins. Íblöndun kalsíumklóríðs breiddist mikið út á
áttunda áratugnum, enda gaf það 10-12% verðmætari fisk, en
notkun pólýfosfats var hætt því það var bannað í matvælum í
sumum markaðslöndum.¹⁰²

Þrátt fyrir kosti nýju verkunaraðferðarinnar stóð samt eftir að
fiskurinn var sterksaltaður eins og fyrr. Það hafði þó engin áhrif á
sölu fisksins enda hafði verkunin sannarlega tekið framförum og
við þetta sat fram yfir 1980 en þá gripu nokkrir samverkandi þættir
inn í verkun fisksins. Árin 1981-83 var markaðsástandið á Spáni
erfitt, ekki hvað síst vegna hækkandi gengis Bandaríkjadals gagn-
vart pesetanum, og SÍF varð stöðugt að lækka fiskinn í verði. Hann
þótti eftir sem áður dýr og það hamlaði sölu á honum, jafnvel þótt
efnahagur þar væri annars með besta móti af markaðslöndunum í
Suður-Evrópu. Saltfiskverkendur hér á landi töldu hins vegar erfitt
að lækka framleiðslukostnað fisksins því afkoman væri í járnum.¹⁰³

Á þessum árum samþykktu Grikkir og Ítalir nýjan umbúnað á
fiskinum, nefnilega pappakassa sem fluttir voru á brettum. Notkun
bretta hafði á undanförmum árum sífellt farið vaxandi í saltfisk-
stöðvum og tilraunir með fiskinn, lausan á brettum í flutninga-
skipum, höfðu byrjað. Brettin höfðu líka í för með sér vinnuhagræð-
ingu við þökkun og útskipun og fiskurinn pressaðist ekki eins í
þeim og í striganum. Þau gáfu því með öðrum orðum kost á blautari
fiski.¹⁰⁴

Samtímis þessu eða í kringum 1980 höfðu Rússar verið að krefjast saltminni síldar af íslenskum síldarsaltendum.¹⁰⁵ Út frá því kviknuðu hugmyndir um að framleiða saltminni fisk eða blautari og umfram allt ódýrari. Bar þetta á góma milli forystu SÍF og helsta saltfiskkaupandans á Spáni til langs tíma, fyrirtækisins Trueba y Pardo.¹⁰⁶ Voru hugmyndir í þessa veru ræddar innan SÍF um nokkurt skeið.¹⁰⁷

Um það leyti atvikaðist það að þennan kaupanda sárvantaði fisk en ekki var þá til í landinu nema Ítalíu- og Grikklandsfiskur sem var heldur blautari. Að endingu tók spænska fyrirtækið þennan fisk heldur en ekkert.¹⁰⁸ Í ljós kom að fiskurinn skilaði sér ekki aðeins vel heldur var hann hvítari og þykkari, sem eðlilegt var, en venjulegur Spánarfiskur. Þessi kaup leiddu til þess að Trueba y Pardo byrjaði að þreifa sig áfram með slíkan fisk og fékk margar sendingar frá SÍF með mismunandi stöðnum (blautum) fiski.¹⁰⁹ Tilraunasendingar þessar hófust 1982 eða í ársbyrjun 1983 og um haustið síðara árið höfðu menn komið sér niður á verkunaraðferð sem virtist ákjósanleg.

Skemmst er af því að segja að kaupendur og neytendur urðu mjög hrifnir af þessum fiski og árið eftir, 1984, var ekki annað en tandurfiskur, sem farið var að kalla hann, seldur til Spánar.¹¹⁰ Brátt vildu Ítalir og Grikkir hann líka en þeir höfðu raunar einhvern tímunn á áttunda áratugnum byrjað að kaupa svokallaðan millistaðinn fisk sem var blautari og mýkri en hefðbundinn Spánarfiskur, eins og fyrir segir, vegna þess að hann var skemur staðinn og umstöflun sleppt.¹¹¹

Tandurfiskurinn var verkaður töluvert öðruvísi en þækilsaltaður fiskur því eftir að tandurfiskurinn hafði legið í um þrjá daga í kari, líkt og þækilsaltaður fiskur, var hann einungis kafsaltaður í lágar stæður í vikutíma eða rúmlega það. Þá var hann matshæfur, eftir aðeins tíu daga söltun.¹¹² Þótt fiskurinn væri ekki saltminni en áður var hann minna pressaður, hvítari og þykkari, og líkur ferskum fiski útvatnaður.¹¹³ Þetta var skýringin á feiknavinsældum tandurfisksins meðal neytenda.

En þetta var ekki allt. Útvatnara á Spáni og víðar urðu ekki síður hrifnir þegar í ljós kom að vatnsupptaka tandurfisksins við útvötnun var enn meiri en þess fisks sem þeir höfðu áður selt.¹¹⁴ Fyrir verkendur var hann líka miklu hagstæðari í framleiðslu en fullstaðinn fiskur. Hráefnisnýtingin var miklu betri, vinna og salt sparaðist og geymslukostnaður líka vegna örari afskipana að öðru jöfnu.¹¹⁵

Í ljósi þessara staðreynda er engin furða þótt tandurfiskurinn yrði vinsæll og ruddi hann á næstu árum millistöðnum og fullstöðnum fiski alveg til hliðar á flestum mörkuðum. Portúgalar, sem einir



Tandurfiskur á markaði í Barcelona árið 1989. Þessi útvötnuðu miðjustykki úr tandurfiski skýra af hverju hann varð svona vinsæll meðal neytenda á Spáni og víðar þrátt fyrir verið sem má helminga til að fá kílóverðið í íslenskum krónum.

markaðsþjóðanna í Suður-Evrópu þurrkuðu fiskinn, vildu samt heldur fullstaðinn fisk af því að hann nýttist þeim betur í þurrkuninni og fengu þeir jafnan eitthvað af honum. En oft urðu þeir að taka tandurfisk með því verkendur lögðu megináherslu á hann.¹¹⁶


Staðreyndin var sú að alltaf féll nokkuð til af fiski sem ekki var hæfur til tandurfiskverkunar og hentaði hann ágætlega fyrir Portúgalsmarkað fullstaðinn því við stöðuna fékk hann betra útlit. Eftir tilkomu tandurfisksins var samt alveg undir hælinn lagt hvort nægur fullstaðinn fiskur fékkst hér á landi og stundum var hann ekki fullstaðinn þótt hann væri seldur sem slíkur. Þetta olli óánægju Portúgala og að lokum var sæst á að afnema verðmuninn á tandurfiski og fullstöðnum fiski og var framleiðendum eftir það í sjálfsvald sett hversu mikla stöðu umfram tandurverkun fiskurinn fékk.¹¹⁷

Með tandurfiskinum mætti ætla að framþróun verkunarinnar hefði stöðvast enda vinsældir hans miklar og tiltölulega stutt síðan hann kom fram á sjónarsviðið. En svo var ekki og árin 1986-87 voru gerðar tilraunir með tvær nýjar aðferðir við frumsöltun, þ.e. áður en fiskurinn var settur í stafla. Sú fyrri var sprautusöltun en hún fól í sér að sprauta saltþækli í fiskholdið með nálum í sérstökum vélum. Þessi aðferð dalaði svo í ljósi reynslunnar vegna þess að fiskholdinu hætti til að springa, hún útheimti meira salt, fjárfestingu í sprautuvél og var á allan hátt vandmeðfarin.¹¹⁸

Hin aðferðin, þækluð, fór þannig fram að fiskurinn var lagður í tilbúinn saltþækil. Hún hentaði vel fyrir tandurfiskinn því hún gaf heldur betri hráefnisnýtingu og fiskurinn varð þykkari í sér. Varð þækluðin fljótlega alsíða við verkun tandurfisks en aðferðin hentaði síður fyrir lakari fisk sem þurrka átti.¹¹⁹

Þessar verkunarbreytingar á níunda áratugnum ásamt ólíkum gæðakröfum markaðanna urðu til þess að farið var að greina milli SPIG-fisks og PORT-fisks. Hinn fyrrnefndi var gæðamikill og blæfallægur fiskur sem kröfuharðir markaðir eins og Spánn, Ítalía og Grikklands kröfðust en PORT-fiskurinn var lakari fiskur sem hentaði betur til þurrkunar og seldur var til Portúgals og fleiri landa. Þess utan skiptist hvor flokkurinn um sig í hefðbundna gæðaflokka sem kallaðir voru AB, CD og jafnvel E í stað I, II, III, IV og V eins og áður fyrr.¹²⁰

Þegar þurrfiskur er frátalinn var meginhlutinn af íslenskum saltfiski kringum 1992 aðeins 10 daga staðinn eða rúmlega það og því lítið pressaður. Allt fram til um 1970 var hann hins vegar látinn standa í mánuð eða meira í salti og pressast vel í háum stöflum. Hann var því margfalt mýkri í sér og þykkari og það vildu neytendur enda var tandurfiskinum líka þakkað það að SÍF tókst á Spáni að



Sprautusöltun. Nokkur áhugi vaknaði fyrir þessari aðferð á seinni hluta níunda áratugarins því hún gaf aðeins betri nýtingu en söltun í sjálfrunnum þækli. Aðferðin var hins vegar mjög vandmeðfarin og erfið því fiskholdið vildi til dæmis springa þegar þæklinum var sprautað í það. Því hættu flestir við þessa aðferð aftur.

Íslenskur þurrfiskur. Verkun þurrfisksins hefur sáralitið breyst á undanförunum áratugum enda er aðstaða til kælingar enn þá víða bágborin á þurrfiskmörkuðunum. Því verður fiskurinn að vera vel þurrkaður enn sem fyrr.



auka saltfiskneyslu aftur eftir hnignun margra ára.¹²¹ Hins vegar er staðreyndin sú að íslenskur saltfiskur er orðinn mjög dýr á flestum mörkuðum og í flokki dýrari matvara.¹²² Þar á móti kemur að mönnum hefur orðið ljósara en áður hollustugildi fisks og SÍF hefur tekist að nýta það viðhorf til að efla neysluhefðina.¹²³

Gagnstætt blautfiskinum tók þurrfiskurinn sáralitlum breytingum. Sú verkunargrein átti nokkuð erfitt uppdráttar eftir stríðið og hnignaði bæði vegna þess að verð á blautfiskmörkuðum var löngum betra en á þurrfiskmörkuðum og erfitt reyndist að skapa íslenskum þurrfiski gott orðspor til langframa. Er þessu nánar lýst annars staðar í ritinu.¹²⁴ Hins vegar voru stundum gerðar mjög ákveðnar og markvissar ráðstafanir til þess að skjóta styrkari stoðum undir þurrfiskframleiðsluna og auka gæðin en þær báru ekki varanlegan árangur.¹²⁵

Við þessar aðstæður var ekki að búast við miklum breytingum á verkuninni enda þurfti fiskurinn ætíð að vera vel þurrkaður til að standast hita og jafnvel rakt loftslag í markaðslöndunum. Þó hneig smekkur neytenda á þurrfiskmörkuðunum að ögn blautari og mýkri fiski enda batnaði kæliaðstaða, bæði til flutninga og geymslu á mörkuðunum, og um 1970 brugðust íslenskir verkendur við óskum í þessa veru.¹²⁶

Í þessu sambandi er skylt að geta þess að mjög athyglisverðar tilraunir voru gerðar á seinni hluta níunda áratugarins til að vinna nýjum þurrfiskafurðum sess og voru sumar í neytendaumbúðum. Nefna má þurrkaða bita, fés (hausvöðva), bútung (heilsaltaðan fisk) og hryggfisk en það var í raun bútungur sem var ristur upp.¹²⁷ Marg-

víslegar ástæður, innlendar og erlendar, urðu þó til þess að ekki varð framhald á.¹²⁸

c. Flök og aukaafurðir


Minni tími og betri efnahagur manna í Evrópu eftir heimsstyrjöldina ýtti undir kaup á handhægum og fljótlegum mat eins og fiskflökum. Þau voru óneitanlega þægileg aðgöngu enda var þar besti hluti fisksins boðinn fram og svo til beinlaus að auki. Útflutningur á saltflökum frá Íslandi hófst reyndar laust fyrir seinna stríð en þau fóru einkum til Norður- og Vestur-Evrópu og voru sumpart ufsaflök til sjólaxgerðar sem minnst er á annars staðar.¹²⁹

Sala á söltuðum þorskflökum til hefðbundinna saltfiskmarkaða byrjaði um miðjan sjöunda áratuginn þegar nokkuð fór til Ítalíu, sem var álitinn vænlegur flakamarkaður, og Frakklands. Útkoman á sölunni til Ítalíu var ekki góð fjárhagslega og datt hún niður eftir aðeins tvö ár; á sjöunda áratugnum var þó flest árin eitthvað selt þangað af flökum. Hins vegar komu önnur lönd til sögu í lok sjötta áratugarins og þar á meðal Bandaríkin sem voru drjúgur markaður. Samanlagt nam flakaútflutningurinn um 200-300 tonnum á ári til þessara landa.¹³⁰

Rétt upp úr 1970 datt botninn úr þorskflakasölunni frá Íslandi, meðal annars vegna óhagstæðrar verðþróunar og velgengni keppinauta á þessu sviði. Lag skapaðist samt aftur árið 1977 þegar dró úr framleiðslu þeirra og verð hækkaði. Notuðu verkendur sér það og náðu góðri fótfestu á Ítalíu sem varð brátt drjúgur markaður fyrir þorskflök og voru þau borguð háu verði.¹³¹ Skömmu seinna, 1980, hófst flakasala til Spánar, Grikklands og Frakklands og jókst hún smátt og smátt á næstu árum.¹³²

Eftir inngöngu Spánar og Portúgals í Evrópubandalagið árið 1986 dró brátt ský fyrir sólu. Frá og með 1988 komu háir tollar og kvótar á flökum til bandalagslanda illa niður á íslenskum verkendum. Dró þá mjög úr flakasölu til Ítalíu en hún jókst til Spánar sem hafði lægri tolla og enga kvóta á flökum vegna aðlögunartíma sem landið fékk við inngönguna. Þrátt fyrir að flakaútflutningur ykist á þessum árum hamlaði EB-aðild Spánar og Ítalíu sölunni en úr því rættist loks með EES-samningnum sem tók gildi í ársbyrjun 1994.¹³³

Af þessu má sjá að sala saltaðra þorskflaka frá Íslandi var allsveiflukennd og ótrygg allt fram á seinni hluta áttunda áratugarins þegar góð fótfasta náðist á einum markaði og aðrir bættust svo smám saman við. Ástæðurnar fyrir litlum árangri fyrstu áratuginna voru meðal annars of lágt markaðsverð miðað við framleiðslu-



Söltun fésa. Þau urðu söluvara á níunda áratugnum en fés eru samhangandi gellur og kinnfiskar af hausunum. (Sigurgeir Jónasson.)

kostnaðinn hérlandis og gott gengi keppinautanna. Því náðu íslenskir fiskframleiðendur ekki að láta að sér kveða í þessari grein saltfiskviðskipta fyrr en frekar seint.

Það er samt óhætt að fullyrða að íslenskir fiskverkendur hafi ekki sofið á verðinum í þessu efni heldur reynt að notfæra sér erlenda saltflakamarkaði að einhverju leyti. Það gerðu þeir að minnsta kosti frá því á sjötta áratugnum enda hafa saltflökin stöðugt unnið á meðal neytenda. Sala á flökum er vaxandi á saltfiskmörkuðunum og nokkuð á kostnað flatta fisksins.¹³⁴

Í þessu sambandi má ekki gleyma söltuðum aukaafurðum sem hafa um langa hríð verið fluttar út. Lengi vel eða allt frá því laust fyrir seinna stríð var aðeins um eina afurð að ræða, þunnildi sem urðu til við afskurð í hraðfrystihúsum. Eftir 1960 bættust við gellur og á níunda áratugnum komu fleiri afurðir til sögunnar, einkum fés (hausvöðvar) og marningur.¹³⁵ Þessar aukaafurðir hafa þó ekki verið til þess fallnar að efla saltfiskhefðina nema í hæsta lagi óbeint heldur hafa verkendur með þessu skapað arð úr hráefni sem annars færi til ónýtis.

d. Frá strigapökkum til kæligáma

Sá umbúnaður sem tekinn var í notkun utan um fiskinn á milli-stríðsárunum, striginn, reyndist ákaflega lífseigur. Eftir stríðið, þegar megnið af saltfiskinum var flutt út blautt, var striginn eftir sem áður eini umbúnaður fisksins. Var hann þó af eðlilegum ástæðum blautari en þurrfiskurinn og þoldi verr þá pressu sem hann fékk jafnan þegar honum var staflað upp í lestum skipanna. Loks þegar breyting varð á, upp úr 1972, var það á þökkun þurrfisksins. Blautfiskurinn var enn um nær tíu ára skeið fluttur út í gamla, góða striganum í 52 kg þökkum; þar af var 1 kg til að mæta rýrnun á leiðinni til kaupanda og 1 kg vegna salts sem loddí við fiskinn.

Um 1970 byrjaði norskur seljandi að flytja út þurrfisk í pappakössum þótt þeir væru ekki algjör nýjung þá. Tveimur árum seinna ákvað SÍF að byrja á þessu líka. Fram að því hafði fiskinum verið pakkað inn í þykkann pappír, striga vafið utan um pakkana, saumað síðan fyrir og járnbönd strekkt yfir. Stundum notuðu framleiðendur að vísu trékassa, einkum fyrir besta fiskinn, en kassarnir voru dýrir og striginn var allsráðandi. Árið 1972 byrjaði SÍF að pakka hluta af þurrfiskinum í pappakassa og útrýmdu þeir á næstu árum að mestu hinum umbúnaðinum. Þóttu pappakassarnir smekklegrir og voru auk þess ódýrari.¹³⁶ Einungis stórum þorski, dýrasta fiskinum, hefur verið pakkað í trékassa eftir þetta og sama hafa Norðmenn gert.¹³⁷

Blautfiskurinn var áfram fluttur út í striganum einum en árið 1980 varð breyting á þegar byrjað var að nota pappakassa; munu menn hafa bundið vonir við að betur mætti komast hjá undirvigt með þeim. Þá höfðu líka saltflök verið flutt þannig út um árabíl og gefist vel. Fyrstir til að reyna pappakassana voru Grikkir og var farið rólega af stað. Brátt kom í ljós að þeir reyndust vel og tveimur árum seinna, 1982, var allur fiskur til Grikklands settur í pappakassa sem hlaðið var á bretti. Eftir þessa góðu reynslu var reynt að fá Spánverja og Ítali til að taka við fiskinum svona. Spánverjar reyndust ófáanlegir til þess en Ítalir voru fúsir og eftir reynslusendingar fór nær allur fiskur til þeirra árið 1983 þannig um búinn.¹³⁸

Eftir stóðu Portúgalar og Spánverjar en þótt þeir vildu ekki kassana breyttist pökkunin samt. Af ýmsum orsökum, meðal annars vaxandi notkun gaffallyftara og bretta í saltfiskstöðvum auk markaðserfiðleika í þessum löndum um og fyrir 1980, var ákveðið að prófa að senda fiskinn til þeirra lausan á brettum. Fiskinum til hlífðar var striga sveipað um fiskinn og hann saumaður eða striga-hettu steipt yfir staflann á brettunum; seinna var farið að strekkja plast yfir strigann.¹³⁹


Árið 1979 byrjaði SÍF að prófa flutning fisksins á brettum.¹⁴⁰ Nokkurn tíma tók að ná góðum tókum á þessu því brettin vildu hreyfast á siglingunni og fiskurinn nuddast saman og eins þurfti að finna út heppilega stærð og gerð af brettum.¹⁴¹ Þá þurftu margir kaupendur í markaðslöndunum að leggja fé í breytingar á húsum sínum til að hægt væri að koma brettunum inn í þau, kaupa lyftara og fleira.¹⁴² Allt þetta var samt leyst í samvinnu kaupenda og SÍF.

Smám saman leystust þessir byrjunarörðugleikar og árið 1982 fóru stórar tilraunasendingar á brettum til Spánverja og Portúgala og gáfu þau góða raun. Árið eftir var obbinn af fiski þeirra sendur þannig og brátt urðu bretti allsráðandi. Kaupendur sáu að fiskurinn varð fyrir minna hnjaski en áður og fékk betri meðferð en í striganum, vigtin varð jafnari, uppskipun gekk greiðar og var ódýrari. Framleiðendur nutu líka góðs af þessari breytingu því kostnaður við umbúðirnar var minni og vinnan sömuleiðis. Það sem skipti þó hvað mestu máli var að fiskurinn kom betur fram og undirvigtarkröfur voru úr sögunni eftir þetta svo fremi að fiskurinn væri nægilega staðinn fyrir pökkun.¹⁴³ Útslugið gerði síðan tandurfiskurinn því nauðsynlegt reyndist að nota bretti fyrir hann enda þoldi hann enga stöflun.

Með þessum breytingum var meðferð fisksins við flutninginn komin í gott horf. En á þessu var samt einn agnúi og það voru skipin sjálf sem fluttu fiskinn, þau voru ekki smíðuð fyrir brettaflutning. Allt fram til loka sjöunda áratugarins voru skipin í stórum


*Gamli tíminn í pökkun-
inni. Efri mynd: Pökkun á
þurrkuðum ufsa af Populargæðaflokki og stærðinni 30-
40 sporðar (í 50 kg). Neðri
mynd: Verkafólk hjá Bæjar-
útgerð Reykjavíkur að
störfum á sjötta áratugnum.
Lengst t.h. sést skrið-
mót sem notað var til að
raða fiskinum í. Síðan var
það tekið upp og snæri
bundið utan um fiskbúntið;
konan við hjólbörurnar
stráir smásalti yfir hvert
fisklag áður en gengið er frá
pökkunum. Því næst var
striga vafið utan um þá og
hann saumaður vel saman.*







Nýi tíminn í þökkuninni. Efri mynd: Pappi er kominn í stað striga, rúlluband í stað tréborðs og lyftarar í stað handaflsins. Minni pressa er á fiskinum, umbúðirnar verja hann betur og gefa kost á gleggri merkingum og plássi fyrir vörumerki útflytjandans. Neðri mynd: Einnota bretti og pappi utan um fiskinn (pappagámur). Þetta var ódýrari umbúnaður en pappakassarnir og fiskurinn fékk aðeins meiri pressu. Að öðru leyti hafði hann sömu kosti.

Gamli tíminn í flutningun-
um. Efri mynd: Mávur, eitt
spænsku kæliskipanna
sem keypt var til Íslands
árið 1976. Neðri mynd:
Útskipun strigapakka árið
1981. Svona var fiskpökk-
unum hlaðið upp í lestum
skipanna eftir því sem
rúmið leyfði. Upp undir 20
raðir gátu verið í hæðinni
og má ímynda sér pressuna
neðan til í hlaðanum.
(Efri mynd: Foto-Mar.
Neðri mynd: Sigurgeir
Jónasson.)





Nýi tíminn í flutningunum. Efri mynd: Hvítanes, annað brettaflutningaskipa Nesskipa. Það var tekið í notkun árið 1987 og þessi gerð skipa hafði í för með sér gerbreytingu á útskipun og meðferð fisksins. Neðri mynd: Útskipun 1994-95. Saltfiskurinn, sem allur er fluttur á brettum, er settur á lyftupall um borð í skipinu sem flytur hann niður á þilförin. Þar er brettunum raðað í eina hæð og fullnægjandi kæling höfð á fiskinum. (Efri mynd: Sigurgeir Jónasson.)



dráttum eins. Þau voru ókæld og með bogalaga lestir þar sem hátt var til lofts. Fiskpökkunum var staflað í háar stæður á þilförin og það ásamt skorti á kælingu bauð alltaf heim hættu á undirvig. ¹⁴⁴

Árið 1969 byrjuðu nokkur spænsk kæliskip að flytja saltfiskinn og komu þó aðeins yfir heitasta tímenn, á vorin og sumrin. ¹⁴⁵ Til-drögin voru þau að stjórn SÍF eða Tómas Þorvaldsson fékk vitneskju um að spænsk kæliskip, sem fluttu ávexti til Norður-Evrópu, fóru tóm til baka. Tókst að koma því til leiðar að skipin lengdu ferð sína til Íslands og tækju saltfiskinn. Reyndist þessi flutningur mjög hag-stæður því fragtin var mun lægri. ¹⁴⁶

Nokkrum árum seinna, 1975-76, komu fyrstu íslensku kæliskipin til sögunnar í saltfiskflutningunum, Suðurland (I) og Eldvík (II), og dró þá mjög úr komum spænsku skipanna enda komust tvö þeirra í íslenska eigu. Á árunum 1981-85 fjölgaði enn íslenskum kæliskipum í saltfiskflutningunum þegar meðal annarra Suðurland (II), Vesturland (I) og Keflavík bættust við skipastólinn. ¹⁴⁷ Þau höfðu öll kassalaga lestir sem hentuðu vel fyrir brettaflutning. ¹⁴⁸

Kæliskipin voru ótvíræð framför en eftir að brettin komu til sögunnar upp úr 1980 sýndi það sig að bogadregnar lestirnar í þeim elstu voru mjög til baka. Með tandurfiskinum nýttist plássið í skipunum, bæði þeim eldri og yngri, líka mun verr því ekki var hægt að stafla brettunum í tvær til þrjár hæðir eins og gert hafði verið við fullstaðna fiskinn. ¹⁴⁹ Tandurfiskurinn þoldi það ekki fremur en stöflun í strigapökkum.

Árið 1987 og á næstu árum voru ný skip – Ísnes, Hvítanes og Sel-foss (IV) – tekin í notkun við fiskflutningana. Þau voru sérhönnuð fyrir brettavöru og leystu hin eldri smátt og smátt af hólmi. Þau voru með kassalaga lestir, höfðu fleiri þilför og gátu tekið við brettunum um borð á nokkurs konar lyftupalli sem var til mikilla þæginda. ¹⁵⁰

Þessi nýju skip gáfu tilefni til þess að endurskoða brettin. Þau voru margnota og þurfti að flytja tugi þúsunda árlega milli Íslands og markaðslandanna. Þetta kostaði mikið umstang auk þess sem brettin gengu fljótt úr sér. Eftir nokkrar athuganir og prófanir á ýmsum gerðum bretta komu menn sér niður á einnota bretti sem tóku heldur minna fiskmagn en hin eldri. Þau voru þannig að yfir fiskinn var hvolfst hólki úr stífum pappa, sams konar lok sett yfir og síðan strekkt að með plasti allt um kring. ¹⁵¹

Þessir pappagámar, eins og farið var að kalla þennan umbúnað, voru langtum smekklegri umbúðir, vörðu fiskinn betur og voru meira í samræmi við nútímakröfur um meðferð matvæla. Árið 1988 voru þeir fyrst reyndir og árið eftir voru pappagámarnir eingöngu notaðir undir Spánarfisk en Portúgalar héldu sig við gömlu

brettin allt til 1992 er þeir samþykktu þau nýju.¹⁵² Þar með hvarf að lokum hinn lífseigi strigi alveg úr umferð sem umbúðir utan um íslenska saltfiskinn.

Þróun flutningsmátans stöðvaðist samt ekki með hinum nýju sérhönnuðu brettaflutningaskipum heldur var fljótt byrjað að senda sumt af saltfiskinum í kæligámum með gámaskipum sem hafa fastar áætlunarsiglingar til Evrópuhafna. Voru þá brettin keyrð inn í kæligámanna, þeir fluttir að skipshlið og hífðir um borð. Eftir losun í komuhöfn voru gámarnir fluttir með flutningabílum eða lestum til ákvörðunarstaða í markaðslöndunum.¹⁵³

Þessi flutningsmáti færðist í vöxt þótt hann væri dýrari, ekki síst eftir að Eimskipafélag Íslands byggði Sundakæli í Sundahöfn í Reykjavík til að safna fiski saman af landinu. Aðalástæðan fyrir notkun gámaskipanna var sú að margir fiskinnflytjendur keyptu nú fiskinn tíðar og í minna magni en áður var venja.¹⁵⁴ Brettaflutningaskipin héldu hins vegar fullu gildi sínu og önnuðust enn þá meiri hluta flutninganna upp úr 1990 enda ódýrari flutningsmáti þegar flytja þurfti stóra farma sem keyptir voru í einu lagi.¹⁵⁵

e. Neytendapakningar og stórmarkaðir

Eins og fyrr var minnst á skapaðist eftir seinni heimsstyrjöldina nokkur spurn eftir handhægum smápakningum af hvers kyns tagi. Lengi vel gætti þessa lítið í saltfiskmarkaðslöndum SÍF í Suður-Evrópu nema á Ítalíu. Á allra síðustu áratugum hafa óskir um slíka matvöru vaxið í öðrum markaðslöndum SÍF og um leið hafa gamlir sölustaðir saltfisksins verið að ganga fyrir ætternisstapann og nýir að taka við, nefnilega stórmarkaðir.

Á síðustu 20-30 árum hafa töluvert miklar þjóðfélagsbreytingar átt sér stað á Spáni og raunar Ítalíu líka. Útivistinnandi húsmæðrum hefur fjölgað og minni tími gefst til matseldar. Á sama tíma hefur kaupmáttur heimilanna aukist með meiri heildartekjum fjölskyldna. Fólk hefur því efni á að kaupa dýrari mat. Yngra fólk hefur í vaxandi mæli hvorki tíma né löngun til að verja löngum tíma í matseld.¹⁵⁶

Við þessar aðstæður hefur skapast markaður fyrir hvers kyns matvörur sem eru þannig tilreiddar að sem minnst þurfi að hafa fyrir. Hér er átt við frágang matarins í handhæga og fljóttekna bita í neytendaumbúðum og jafnvel tilbúna samsetta rétti sem stinga má inn í örbylgjuofna. Með mikilli útbreiðslu þeirra á heimilum síðustu ár hefur skapast nýr markaður fyrir tilbúna rétti og hentar fiskur einmitt vel í þá.¹⁵⁷

Hefðbundnir sölustaðir saltfisks. Í markaðslöndunum hefur saltfiskur ýmist verið seldur í almennum búðum, sérstökum fiskbúðum eða á mörkuðum. Efri myndin sýnir litla búð í Portúgal um 1970 þar sem ýmsu matarkyns ægir saman og saltfiskur liggur í hlaðe við dyrnar. Neðri myndin sýnir fisk á markaði í Barcelona nálægt 1962-65. Munurinn er mikill og sýnir fjölbreytileika sölustaðanna í markaðslöndunum og mismunandi hefðir. (Myndir: Tómas Þorvaldsson.)



Til viðbótar þessum nýju aðstæðum hafa líka dreifileiðir eða söluleiðir saltfisks breyst nokkuð. Allt fram undir þetta hefur saltfiskur ýmist verið seldur í sérstökum fiskbúðum, smáum kjörbúðum eða opnum mörkuðum. Sums staðar, einkum á Spáni, hefur hann líka verið útvatnaður til þæginda fyrir neytendur og skorinn niður á ýmsan máta fyrir þá.¹⁵⁸ Þetta hefur verið og er enn þá að mestu leyti hinn hefðbundni sölumáti saltfisks í Grikklandi, á Spáni og í Portúgal.

Á allra síðustu tímum hefur þróunin orðið sú að mikilvægi þessara smásöluverslana hefur minnkað í markaðslöndunum. Kemur það til af því að stórmarkaðir hafa rutt sér til rúms og neytendur, einkum þeir yngri, beina innkaupum sínum æ meir til þeirra. Stöðugt færri kaupa mat sinn á þessum sérstöku stöðum sem selja fisk, þeim fækkar fyrir vikið og um leið verður erfiðara að nálgast fiskinn. Stórmarkaðir hafa þar að auki ekki viljað taka ópakkaðan saltfisk í kæliborð sín til að önnur matvæli taki ekki í sig lykt hans eða bragð.¹⁵⁹

Þessi breyting á sölustöðum fisksins var þegar um og fyrir 1980 mjög áberandi á Ítalíu að ótöldu Frakklandi þar sem allar nýjungar hafa verið fljótt á ferðinni, miklu fyrr en á Spáni, í Grikklandi eða í Portúgal. En á seinni árum hafa stórmarkaðir verið settir á fót á Spáni, í Grikklandi og meira að segja í Portúgal líka. Þar hefur hins vegar fátækt verið almenn og Portúgalar hafa haft langminnsta kaupmáttinn meðal Suður-Evrópubúa.¹⁶⁰

Þótt aðlögun flatta fisksins og þá aðallega tandurfiskurinn hafi unnið gegn minnkandi saltfiskneyslu hefur hnignun gömlu sölu-



Nýju sölustaðirnir. Þótt selja verði fiskinn innpakkaðan getur hann verið heldur sundurhlutaður eða heill. Auk þess gefst færi á að selja útvatnaðar og frystar afurðir en með þeim og tilbúnum réttum er saltfiskhefðinni haldið við. Hér sést Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri SÍF og einn helsti frumkvöðull þess að SÍF hóf framleiðslu neytendapakninga, í frönskum stórmarkaði árið 1992. (Sighvatur Bjarnason.)




Dr Sigurður Bogason, forstöðumaður rannsóknastofu SÍF. Hann er menntaður í matvælafræði og upp úr ötulu starfi stofunnar spratt Þökkunarverksmiðja SÍF.

staðanna og vaxandi þörf fyrir fljótlegan eða tilreiddan mat grafið undan saltfiskhefðinni. Því hefur mikilvægi neytendapakkinganna aukist mikið fyrir saltfiskiðnaðinn og til að viðhalda neysluhefðinni þarf að ná til yngri kynslóðanna – sem einkum versla í stórmörkuðunum.¹⁶¹

Sölusambandinu og íslenskum saltfiskverkendum hafði verið ljóst frá því um 1980 eða fyrr að svara þyrfti þörfum neytenda fyrir smápakkningar sem selja mætti í stórmörkuðum og öðrum verslanakeðjum. Við þessari staðreynd var svo brugðist á árinu 1984 þegar ráðinn var matvælafræðingur, dr Sigurður Bogason, og stofnuð rannsóknastofa SÍF sem Sigurður veitti forstöðu og ætlað var að styðja við markaðsstarfið og inna af hendi ýmiss konar rannsókn- og þróunarstarf fyrir saltfiskiðnaðinn.¹⁶²

Upp úr rannsóknastofunni spratt síðan Þökkunarverksmiðja SÍF sem starfrækt var frá árinu 1987 og fram á árið 1990. Þá voru afurðir, tæki og vélar settar í hendur framleiðenda sjálfra. Með Þökkunarverksmiðjunni var ráðist í markvissa þróun og framleiðslu á saltfiskafurðum í neytendaumbúðum til að selja í stórmörkuðum og smásöluverslunum.¹⁶³ Eftir sölu verksmiðjunnar hefur þessi starf-



semi haldist við og var upp úr 1990 aðallega í höndum eins framleiðanda, Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, en ýmsir smærri framleiðandur hafa fengist við þetta líka.¹⁶⁴


Í þessu samhengi má benda á að kaupin á frönsku fiskverksmiðjunni Nord Morue árið 1990 voru óbeint framhald Pökkunarverksmiðju SÍF. Kaupin voru meðal annars liður í því að styrkja framleiðslu og sölu á neytendapökkuðum saltfiskafurðum og þess vegna hefur fyrirtækið síðan keypt hráefni af SÍF og unnið úr því í neytendaumbúðir. Stofnun söluskrifstofanna á Spáni 1987 og á Ítalíu 1991 gerði einnig að sínu leyti auðveldara um vik að fylgja markaðssetningu pakkinganna eftir.

Í ljósi þessa er saga saltfiskafurða í neytendaumbúðum merkileg því með þeim er verið að fullvinna sjávarfangið eins mikið og unnt er. Með þeim er virðisaukinn gerður eins mikill og hægt er, atvinna sköpuð í landi og gjaldeyrstekjur auknar. Þessi meiður í saltfiskiðnaðinum er að sönnu hlutfallslega smár enn sem komið er, í magni og verðmæti, en hans er framtíðin.

Ekki er unnt að skiljast við sögu saltfiskafurða í neytendaumbúðum án þess að geta tilraunaframleiðslu SÍF á þessu sviði löngu áður. Má líta á hana sem eina tilraun í tveimur lotum, fyrst 1962-64 og svo 1969-71. Þetta voru léttþurrkuð þorskflök í 454 g og 500 g pökkum.¹⁶⁵

Það kom í hlut verkfræðings SÍF, Lofts Loftssonar, að sjá um þessa nýstárlegu tilraunaframleiðslu sem hófst árið 1962. Þá hafði fyrirverandi umboðsmaður SÍF á Kúbu tjáð samtökunum að hann gæti selt eitthvað af saltfiski í neytendaumbúðum til New York.¹⁶⁶ Um 15 tonn voru framleidd og fór megnið til Bandaríkjanna en hitt til Spánar. Ekki tókst að selja þessa vöru á kostnaðarverði og var tilraunum þessum því hætt um skeið.¹⁶⁷


Eftir að Sölusambandið hafði komið sér upp húsi við Keilugranda í Reykjavík var komin í gagnið ný og betri aðstaða til þessara tilrauna. Í þetta skipti var enginn kaupandi fyrirfram að flökunum¹⁶⁸ en svipað magn var framleitt og áður. Langálitlegasti markaðurinn var í Bandaríkjunum en einnig var reynt að selja hina nýju vöru til landa eins og Brasilíu, Spánar, Grikklands og Ítalíu. Neytendum líkaði flökin vel en þau áttu samt vegna verðsins mjög erfitt uppdráttar í harðri samkeppni við sams konar framleiðslu annarra þjóða, auk þess sem í sumum löndum voru lagðir háir tollar á saltfisk í neytendaumbúðum.¹⁶⁹ Einnig var erfitt að fá flök til verkunar við hóflegu verði, sumir höfðu vantrú á framleiðslu svona afurða og sala þeirra krafðist annarra söluaðferða og -leiða en flattur fiskur.^{169a}



Nord Morue. SÍF keypti þessa fiskverksmiðju í Frakklandi árið 1990 og með þeim kaupum urðu nokkur tímamót bæði í sögu samtakanna og íslenskum saltfiskiðnaði.

Neðri mynd á vinstri síðu: Pökkunarverksmiðja SÍF. Hún var rekin á árunum 1987-90 og framleiddi ýmsar saltfiskafurðir í neytendaumbúðum, einkum þó flök, bæði óútvötnuð og útvötnuð. Með verksmiðjunni vann SÍF mikið brautryðjendastarf í þágu íslensks saltfiskiðnaðar og steig stórt skref í átt til nútímalegra sölu- og framleiðsluhátta.

Neytendapakkingar SÍF 1969-71. Í þessum umbúðum seldi SÍF léttþurrkuðu þorskflökin og fóru þau til nokkurra landa. Ýmissa orsaka vegna varð samt ekki framhald á.



Niðurstaðan varð því sú að frekari tilraunir í þessa veru voru lagðar á hilluna. Þetta var samt athyglisverð viðleitni á ýmsa lund. Hér var reynd ný aðferð við þökkun og sjónum beint að þeim neytendum sem gerðu kröfu um fljóttekinn og handhægan mat, auk þess sem verðmæti saltfisksins var aukið. Seinni tilraunin sýndi líka að hægt var að sögn að borða fiskinn löngu eftir að honum var pakkað niður svo að ekki skorti á geymsluþolið.¹⁷⁰

f. Saltfiskafurðir í neytendaumbúðum 1985-92

Þegar litið er fram hjá tilraunaframleiðslu SÍF á sjöunda áratugnum má segja að árið 1984 marki upphafið að vinnslu saltfiskafurða í neytendaumbúðir. Það ár hóf að minnsta kosti eitt fyrirtæki, Útgerðarfélag Akureyringa, tilraunaframleiðslu á léttsöltuðum þorskflökum sem pakkað var inn í neytendaumbúðir og sama ár var rannsóknastofa SÍF stofnuð og dr Sigurður Bogason, matvælafræðingur, ráðinn. Fljótlega hófst samstarf milli rannsóknastofunnar og nokkurra fiskverkenda um framleiðslu á léttsöltuðum þorskflökum og síðar léttþurrkuðum og roðlausum keilu- og lönguflökum.¹⁷¹

Upphaflega var hinum nýju afurðum beint að Bandaríkjamarkaði, þótt þær væru sendar víðar, og var dálítið selt þangað 1985-87 en vegna óhagstæðrar gengisþróunar var því síðar hætt. Árið 1986 tók SÍF þátt í matvælasýningum og sýndi þar nýju afurðirnar fyrsta

sinni. Fengu þær svo góðar viðtökur að ákveðið var að koma á fót verksmiðju á vegum samtakanna til að hefja eiginlega framleiðslu þeirra.¹⁷²

Þökkunarverksmiðja SÍF tók til starfa árið eftir, 1987, og urðu þá ný kaflaskil. Ýmsar prófanir á nýjum afurðum voru komnar í framleiðslu og nú reyndi á viðtökur neytenda. Þær létu ekki á sér standa og jókst framleiðsla verksmiðjunnar hratt á fáum árum. Þrátt fyrir að framleiðslan kæmist ekki á fullan skrið fyrr en um mitt ár 1987 losaði útflutningur hennar 150 tonn og síðasta heila árið sem hún starfaði, 1989, var hann orðinn rúmlega 720 tonn.¹⁷³

Sölusambandið hafði fjögur meginmarkmið með framleiðslu neytendapakkinganna. Í fyrsta lagi að fylgja eftir þróuninni á nýj-



Íslenskar neytendapakkingar. Um miðjan níunda áratuginn framleiddu fáein íslensk fyrirtæki afurðir úr saltfiski til innanlandssölu. Sýnishorn af þeim gaf að sjá á vörusýningu í Reykjavík árið 1986 þar sem SÍF kynnti starfsemi sína. Þessar pakkingar voru þó alls ekki þær fyrstu sem framleiddar voru til sölu á innanlandsmarkaði.

Fyrstu neytendapakningar SÍF á níunda áratugnum.

Fyrstu framleiðsluvörur Pökkunarverksmiðju SÍF voru útvötnuð flök sem seld voru ýmist í stórum 5 kg öskjum (fyrir miðju) eða í plastumbúðum, óskorin (t.h.) eða skorin (t.v.). Skornu flökin voru send á markaðina í hvítu kössunum lengst t.v.



um dreifileiðum og tryggja að saltfiskafurðir væru á boðstólum í stærri matvöruverslunum þar sem matarinnkaup færu æ meir fram. Í öðru lagi að auka verðgildi vörunnar með því að setja hana í þessar umbúðir. Í þriðja lagi að nýta nýja markaði, afla reynslu í sölu þessara pakkinga og ná til Suður-Evrópubúa sem höfðu flust til Vestur- og Norður-Evrópu og til Ameríku. Í fjórða og síðasta lagi að vekja áhuga hjá kaupendum hefðbundins saltfisks fyrir aukinni og fjölbreyttari markaðs- og sölustarfsemi.¹⁷⁴ Verður ekki betur séð en að þessi markmið hafi náðst bærillega þegar titið er á útflutningstölur.

Fyrsta starfsár Pökkunarverksmiðjunnar, 1987, var mest áhersla lögð á framleiðslu léttsoltuðu þorsflakanna og léttþurrkuðu keilu- og lönguflakanna sem höfðu fengið góðan hljómgrunn. Einnig voru framleiddar margar aðrar afurðir, svo sem skornir þurrfiskbitar, ufsaflök, smáfiskur, kinnar og gellur – allt í neytendaumbúðum. Um áramótin 1987-88 urðu hins vegar breytingar í tollamálum að undirlagi Evrópubandalagsins þess valdandi að breyta varð mjög verulega um framleiðsluvörurnar. Þá féll úr gildi tollfrjáls kvóti fyrir saltflök (Kanadakvótinn) en hann hafði líka gilt fyrir flök í neytendaumbúðum. Ofan á þau bættist nú allt í einu 20% tollur því sérstakur flakakvóti EB með lágum tolli var svo naumur að hann dugði engan veginn.¹⁷⁵

Þessi tollur gjörbreytti rekstrarforsendum neytendapökkuðu flakanna og varð því að finna nýjar afurðir sem fengu hagstæðari tollameðferð. Þá vildi svo til að árið áður hafði rannsóknastofa SÍF gert tilraunir með útvötnuð og fryst flök. Var árangurinn góður og

nú sannaði rannsókn- og tilraunastarfið nytsemi sína því þegar í stað var hafin framleiðsla á útvötnuðum og frystum saltfiskafurðum, bæði af Þökkunarverksmiðju SÍF og nokkrum framleiðendum.¹⁷⁶

Með útvötnuðu og frystu afurðunum var stigið merkilegt skref í þróun neytendapakkinganna. Markmiðið var að minnka enn fyrirhöfn neytenda og gera þeim matseldina sem auðveldasta. Þessi útvötnun gerir það að verkum að ekki er lengur þörf á að ákveða máltíðina með tveggja daga fyrirvara svo að fiskurinn geti legið í bleyti eða að kaupa fiskinn á sölustöðum útvatnara. Máltíðin er keypt í stórmarkaðinum ásamt öðrum vörum til heimilisins og fiskurinn er tilbúinn til matreiðslu. Þessum afurðum var að vonum þegar vel tekið á mörkuðunum. Hitt skipti þó ekki síður máli að þær mátti flytja inn tollfrjálst til EB því þær töldust til freðfisks.¹⁷⁷

Eftir að fyrstu útvötnuðu, frystu afurðirnar komu fram á sjónarsviðið voru flestar saltfiskafurðir í neytendaumbúðum fram til 1992 af þessu tagi eins og fyrr segir. En þrátt fyrir mikla velgengi þessara afurða og tollaálögur EB á óþökkuð þorskflök var framleiðsla léttsaltaðra flaka í neytendaumbúðum þó haldið áfram enda voru tryggir markaðir fyrir þau á Ítalíu og Spáni. SÍF hafði líka þá stefnu að halda uppi framleiðslu á flökunum til að minna á sig á mörkuðunum og vera viðbúið þegar tollar lækkuðu með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Nokkuð bætti líka úr skák að heimildir EB fyrir innflutningi á þorskflökum með lágum tolli voru aðeins rýmkaðar með árunum.¹⁷⁸

Þegar SÍF hóf framleiðslu á neytendapakkingunum stóðu samtökin frammi fyrir vandasamri ákvörðun: Átti að selja afurðirnar undir merkjum einhvers hinna stóru matvælarisa eða undir eigin merki og reyna að ryðja því til rúms á mörkuðunum? Þetta álitamálið



*Síðari neytendapakkingar SÍF á níunda áratugnum. Með nýjum EB-reglum um tollmeðferð flaka var sala þeirra í neytendaumbúðum mjög torvelduð. Því var grip-
ið til þess ráðs að útvatna og frysta síðan flökin, þá töldust þau frystar afurðir og nutu hagstæðari tolla. Nýju, útvötnuðu flökin eru efst t.h. (í pappaöskju) en fyrir neðan eru hin eldri.*



Islandia. Þetta vörumerki ákvað SÍF að velja sér og nota á allar saltfiskafurðir sínar á mörkuðunum. Jafnframt því var með auglýsingum reynt að styrkja sem mest og best mynd íslenska saltfisksins sem hreinnar og ómengaðrar afurðar úr svala norðurhafanna.


kom til af því að sala smápakkninga lýtur öðrum lögmálum en sala á hefðbundnum saltfiski, þær eru merkjavara og gengi þeirra fer mjög eftir því undir hvaða merki þær eru seldar og hvort það tekst að auglýsa merkið upp. Gagnstætt mörgum fiskútflytjendum á Íslandi tók SÍF þá ákvörðun að selja neytendapakkingarnar undir eigin merki og leggja þá jafnframt í þann kostnað sem það útheimti. Varð vöruheitið *Islandia* fyrir valinu þótt *Bacalao Islandia* ('Íslenskur saltfiskur') sé líka notað meðfram og þá einnig á hinn hefðbundna flatta fisk.¹⁷⁹

Meðan Þökkunarverksmiðjan var rekin á vegum SÍF, 1987-90, voru margs kyns afurðir, aðrar en þær sem hér hafa verið nefndar, framleiddar um lengri eða skemmri tíma. Þess utan voru ótal sýnishorn send út til kynningar og reynslu. Eins og í allri vörubrúun féll sumt í góðan jarðveg en annað ekki og stundum tókst ekki að finna markaði fyrir afurðirnar. Til að sýna gróskuna í þessu er við hæfi að geta þeirra nánar. Sama ár og framleiðsla útvötnuðu og frystu afurðanna hófst, 1988, ákvað SÍF að byrja á nýju verkefni en það var þróun tilbúinna rétta sem hægt væri að hita í örbylgjuofni á örskömmum tíma. Tildrögin voru meðal annars þau að þörf var talin á að nýta betur ýmiss konar hráefni sem annars færi fyrir lítið eða væri jafnvel hent.

Ætlunin var að búa til saltfiskmassa sem nota mætti sem hráefni í tilbúna rétti þar sem sóst væri eftir saltfiskbragði. Þetta var svokallaður marningur og var t.d. unninn úr hryggjum og þunnildum ýmissa fisktegunda. Hráefnið var marið í vélum og síðan útvatnað og fryst. Úr þessu kom saltfiskmassi með greinilegu saltbragði en þó mildu.¹⁸⁰ Var framleiðsla hans að vissu leyti angi af útvötnuðu, frystu afurðunum sem voru settar í framleiðslu á sama tíma.

Árið 1989 leit dagsins ljós fyrsta afurðin unnin úr marningi og voru það saltfiskpönnukökur sem framleiddar voru af fyrirtækinu

Saltfiskpönnukökur. Þessi girnilegi matur lítur ekki út fyrir að vera búinn til úr neinu nema úrvalshráefni enda er hann það þótt meðal annars sé í honum marningur.



BACCALÀ
D'ISLANDA®

IL RE
DEL BACCALÀ

L'Islandese LINDA PÉTURSDÓTTIR
Miss Mondo 1989

THE UNION OF ICELANDIC FISH PRODUCERS ICELAND

Baccalà d'Islanda. Linda Pétursdóttir, alheimsfegurðardrottning, var fengin til að leggja SÍF lið við kynningu á saltfiskinum í markaðslöndunum og gerði hún það á ýmsan hátt. Meðal annars var þetta veggspjald gert á grísku, ítölsku og frönsku. Hér er ítalska útgáfan og þar er fiskurinn okkar kallaður konungur saltfisksins.

Marska á Skagaströnd. Fleira var á þrjónunum og fljótlega var hugað að þróun á saltfiskflatböfum (þítsum) og saltfiskpasta. Í framhaldi af þessu voru gerðar margar tilraunir með notkun marningsins í ýmiss konar rétti og matvæli og má nefna salöt, nasl („snakk“), skyndibita, saltfiskeggjakökur (omelettur), saltfiskkæfu (pâté), saltfiskfars í túpum ofan á brauð og jafnvel saltfiskhamborgara.¹⁸¹ Þönnukökurnar voru eina afurðin sem framleidd var reglulega en

smám saman kom í ljós að fjarlægðin frá mörkuðunum í Evrópu gerði Íslendingum afar erfitt um vik að framleiða matvöru sem hefur jafn stutt geymsluþol og tilbúnir réttir. Var því framleiðsla þeirra hætt.¹⁸²

Til að ryðja frekar braut samsettum tilbúnum réttum með saltfiskbragði athugaði Sölusambandið árið 1989 möguleika á að fá matvælaverksmiðjur erlendis til að nota marning í framleiðslu sína. Hér má nefna matvörur eins og fiskfars, fiskibollur, tilbúna rétti og niðursóðinn mat í dósir. Bar það góðan árangur og jókst útflutningur marningsins á næstu árum.¹⁸³

Í þessu sambandi má geta að samkeppnin var hörð í sölu neytendapakkinga og kostaði mikið fé að vinna sess nýjum afurðum eða vörumerkjum. Auglýsa varð í blöðum og tímaritum en auk þess voru annað slagið farnar auglýsingaherferðir. Þátttaka í vörusýningum og matvælasýningum eins og SIAL skilaði miklu og voru þær góður vettvangur til að kynna neytendapakkingarnar. Í því skyni að auka sölu var Sölusambandið á síðustu árum stundum með sammerkingar á neytendapakkingunum en þá voru þær merktar Islandiamerkinu og vörumerki dreifandans eða kaupandans.¹⁸⁴

Samvinnan við íslensku og erlendu matvælafyrirtækin leiðir hugann að Pökkunarverksmiðjunni. Árið 1990 lauk sögu hennar, eins og áður er getið, því að þá voru vélarnar seldar til eins saltfiskframleiðanda í Vestmannaeyjum og síðan þá hefur framleiðsla neytendapakkinganna hvílt á saltfiskframleiðendum sjálfum en ekki Sölusambandinu. Reyndar höfðu þá þegar sumar afurðir verið settar í hendur framleiðenda enda var það ekki heldur markmiðið að SÍF starfrækti Pökkunarverksmiðjuna eftir að neytendapakkingarnar væru komnar á traustan grundvöll.¹⁸⁵

Í verksmiðju Nord Morue í Frakklandi var líka hægt að neyta nálagðar við markaðina, skjótra samgangna og þróa nýjar afurðir með árangursríkari hætti auk þess sem kaupgjald þar er lægra og afurðirnar því samkeppnisfærari í verði en ella. Þetta voru líka sömu ástæður og réðu því að spænskir fiskinnflytjendur, kaupendur SÍF, voru hvattir til þess að vinna íslenska fiskinn í neytendaumbúðir fyrir utan að selja hann á hefðbundinn hátt til smásala og í veitingahús.¹⁸⁶

4. Fiskgæði og fiskmat

a. Verri framleiðsla?

Um langt skeið var íslenskur saltfiskur viðurkennd gæðavara á erlendum mörkuðum og talinn betri en framleiðsla annarra landa. Þegar tekið var að framleiða saltfisk að ráði á ný eftir síðari heimsstyrjöld þóttu hins vegar hafa orðið umskipti til hins verra í þessu efni. Yfirbragð framleiðslunnar var verra en áður og var það ekki síst rakið til þess samdráttar sem orðið hafði í atvinnugreininni á stríðsárunum. Jóhann P. Jósefsson, þingmaður og stjórnarmaður í SÍF, lýsti þessu svo á Alþingi árið 1952:

Stríðsárin voru búin að fara svo með þekkingu manna á saltfiski, að það mátti segja, að þar væri hvorki orðin til framleiðsluþekking né matsþekking nema hjá hinum eldri fiskmatsmönnum, sem höfðu fyrir stríð verið við slík störf. Nú sýndi það sig og, þegar saltfisksframleiðsla og saltfisksverkun færðist í aukana eftir stríðið, að við vorum ákaflega illa á vegi staddir, hvað snertir verkun á þessari vöru. Við hlutum af því talsvert mikil og þung áföll á erlendum markaði, fiskurinn þótti illa verkaður og sérstaklega illa metinn og svo framvegis.

Jóhann hélt áfram og sagði:

Og stríðsárin og sú vinna, sem stunduð var á þeim, hvort sem heldur var við framleiðslustörf eða annað, að minnsta kosti í sjávarplássunum, voru síst til þess fallin að kenna mönnum vandvirkni. Hróðvirkni jókst mjög á ýmsum sviðum á þessum árum og það sýndi sig og kom hart niður einmitt á fiskverkuninni og þá ekki hvað síst saltfisksverkuninni.¹⁸⁷

Á fyrstu árunum eftir stríð bárust kvartanir frá ýmsum aðalmarkaðslöndum SÍF og töldu kaupendur að íslenski saltfiskurinn væri búinn að missa það góða orð sem áður hafði af honum farið.¹⁸⁸ Undir lok fimmta áratugarins var svo komið að frammámönnum í þessari atvinnugrein þótti sem ekki yrði lengur við þessa þróun unað og var mjög tekið að hvetja framleiðendur til aukinnar vöruvöndunar.

Snemma árs 1949 voru félagsmönnum SÍF gefnar ýmsar leiðbeiningar um meðferð og verkun saltfisks auk þess sem fyrrverandi fiskmatsstjóri, Sveinn Árnason, var ráðinn til þess að heimsækja fiskstöðvar, leiðbeina framleiðendum og hvetja til vöruvöndunar. Þá gaf fiskmatið framleiðendum ýmsar leiðbeiningar og varaði við afleiðingum þeirrar óvandvirkni sem gætt hafði við fiskverkun hin

síðari ár. Aðgerðir af þessu tagi á sjötta áratugnum báru ótvíræðan árangur en því fór þó fjarri að nóg þætti að gert.¹⁸⁹

Þar sem lakari hluti þurrfiskframleiðslunnar og lakasta hráefnið fór til Mið- og Suður-Ameríku var kannski eðlilegt að þaðan kæmu helstu kvartanirnar yfir verkun fiskisins. Hitinn og rakinn, sem gat verið 80-90% sums staðar, gerði líka miklar kröfur til hráefnisins og sérstaklega verkunarinnar.¹⁹⁰ Þegar hvort tveggja var í ólagi og gallarnir fóru fram hjá matsmönnum var ekki von á góðu enda bærust iðulega kvartanir yfir suðu og yfirborðspurrkun á sjötta og sjöunda áratugnum.

Suða kom til af því að of mikill raki var hafður á fiskinum í þurrkklefunum og gat þessi galli leynst við fiskmatið ef fiskurinn hafði þornað nóg. Við það að komast í hita og raka þar syðra, hvort heldur við uppskipun og skoðun eða eftir stutta geymslu, linaðist fiskurinn upp. Var hann þá svo morkinn og slepiulegur að hann datt jafnvel í sundur þegar taka átti hann upp á sporðinum.¹⁹¹

Yfirborðspurrkunin fólst aftur á móti í því að hraðþurka fiskinn svo að hann náði ekki að ryðja sig milli þurrklotna. Var þá í honum raki þó að við matið virtist hann gegnþurr því yfirborð hans var þurrt. Eftir margra daga stöðu í ókældum flutningaskipum, stundum í allháum stæðum, hafði rakinn jafnast um fiskinn og við komu til hafnar var hann oft blautur. Þoldi hann engan veginn hitann og rakann, sérstaklega ef hráefnið var lélegt í upphafi, og áttu því skemmdargerlar greiða leið að honum ef hann soðnaði ekki hreinlega.¹⁹²

Suður-Ameríkufiskur um 1950


„Í Rio de Janeiro og Sao Paulo fór ég til 25 fiskinnflytjenda. Allir höfðu þeir meiri eða minni birgðir af fiski, en aðeins 8 af þeim höfðu ísl. fisk. ... Í fimm stöðum var fiskurinn þolanlegur – þó voru alls staðar sýnilegir stærri eða smærri bleytublettir í flestum fiskunum. Blettir eða skellur þessar voru af raka, og var eins og fiskurinn hafi á blettum þessum „svitnað“, sem sagt er hér, en þó ekki allur. ...

Hjá hinum þrem fiskkaupmönnum var útlit fiskisins þannig, að ég hefði ekki getað trúð því, hver sem hefði sagt mér það. Skal ég gefa hér rétta lýsingu, eins og hún var, er ég sá fisk þenna:

Flestir pakkarnir voru rakir að utan, striginn sumstaðar með dökkum blettum af raka,

sumstaðar var allur striginn dökkur af bleytu – stálböndin orðin mjög ryðguð af rakanum og hafði ryðið breiðzt út í strigann í kringum böndin. Þegar striginn var skorinn utan af pakkanum kom pappírinn í ljós – hann var því nær allur blautur og fallinn í snepla, sem ýmist fylgdu fiskinum eða striganum þegar honum var flett af. Fiskurinn var „fúinn“, „rotinn“ og taldi því aðeins saman að hann lægi kyrr í búntinu. Í yztu köntum pakkans var allt ein rotin mylsna. – Þegar tekið var í fiskinn og honum lyft upp á venjulegan hátt, hélt maður eftir í hendinni, stærra eða smærra stykki af fiskinum, hitt lá eftir. Með öðrum orðum, hann var svo fúinn, að hann þoldi ekki þyngd sína.“

Kristján Einarsson: *Skýrsla Kristjáns Einarssonar um Brazílíu – Argentínu*, 10-11.



Hvassafell (I). Með þessu skipi var saltfiskur sendur í fyrsta skipti beint til Brasilíu frá Íslandi en fram að því hafði hann farið þangað suður í gegnum Evrópuhafnir eða New York. Gerðist þetta árið 1953 en ekki munu beinu ferðirnar frá Íslandi hafa orðið margar.

Verkendur og fiskmatsmenn deildu nokkuð um það hvar orsakanna væri að leita. Framan af var því kennt um að fiskurinn var sendur suður með viðkomu í New York þar sem hann tafðist iðulega töluvert og hitnaði oft á honum. Við þessu var séð með því að senda hann sem mest í gegnum Evrópuhafnir, þar sem tafir voru minni, en þó var líka sent stundum í gegnum New York. Árið 1953 var svo í fyrsta skipti sendur saltfiskfarmur beint frá Íslandi suður til Brasilíu og kom hann mjög vel fram. Þetta var gert nokkrum sinnum næstu árin en ekki mun þessi flutningsmáti þó hafa orðið almennur.¹⁹³

Þrátt fyrir fljótari ferðir bar á næstu árum enn á því að fiskurinn væri soðinn eða þá þurrkaður um of eða van. Einkum var smáfiskurinn ofþurrkaður, jafnvel brenndur, en stærri fiskurinn einungis yfirborðsþurrkaður og vildi því soðna. Árið 1956 var fyrirskipuð af Fiskmati ríkisins meiri þurrkun en vegna kvartana frá framleiðendum var þurrkstigið fyrir Suður- og Mið-Ameríku lækkað nokkuð árið 1958 og mátti fiskurinn innihalda 32-4% vatn í stað 30% áður. Vildu sumir kenna þessari linun um það hversu illa fiskurinn kæmi fram.¹⁹⁴

Aðrir töldu að ástæðan lægi fremur í því að allur fiskur væri þurrkaður saman og jafn lengi, hvort heldur hann væri smár eða stór, nýr eða gamall. Því ofþurrkaðist smáfiskurinn en stórfiskurinn og gamalfiskur, sem þyrfti lengri þurrkun og meiri stöðu, þornaði stundum aðeins á yfirborðinu og hefði meira vatn inni í sér en leyfilegt væri. Við útflutningsmatið hér virtist stórfiskurinn nægilega þurr en síðar linaðist hann upp, þegar rakinn jafnaðist um fiskinn, og við að komast í mikinn hita og raka soðnaði hann.¹⁹⁵

Suða í saltfiski var alls ekki neitt nýtt vandamál á þessum tíma og hún gat líka hent sig við sólþurrkun ef fiskurinn var ekki kældur niður fyrir stökkun eða lá í hitasvækju.¹⁹⁶ Hins vegar hafði ekki borið mikið á henni fyrr en eftir stríð og mun tvennt hafa valdið: lakara hráefni og vankunnátta við húspurrkunina sem var notuð við



Geir Arnesen, efnaverkfræðingur. Hann á heiðurinn af því að hafa uppgötv- að orsakir guluskemmda í saltfiski en þær höfðu oft valdið miklum skaða í honum. Orsökinn var að saltið komst í snertingu við kopar í saltverunum á Spáni.

þurrkun Ameríkufisksins. Þetta tvinnnaðist saman því lélegur fiskur krefst mun meiri þurrkunar en góður fiskur (harðþurrkunar) og gættu verkendur þess ekki sem skyldi að vanalegur þurrktími var ekki nægur þegar hráefnið var svona slakt.¹⁹⁷


Ágallar íslenska þurrfisksins (suðan, ójöfn þurrkun og fleira) spilltu mjög álitni hans í Suður- og Mið-Ameríku og urðu til þess að hann gekk illa út á mörkuðunum. Slíkt var ekki gott þegar keppinautar buðu fram betri fisk á samkeppnishæfu verði. Um miðjan sjöunda áratuginn dró úr þurrfiskframléiðslunni en dráttur á verkun fisksins og röng meðhöndlun var áfram á tíðum mikill höfuðverkur og stórspillti sölu hans.¹⁹⁸ En það var fleira sem gerði saltfiskframléiðendum lífið leitt. Meðal þess sem glíma þurfti við var saltgulan svonefnda en hún olli oft miklum skemmdum á fiskinum.

Skömmu eftir að saltfiskframléiðsla hófst aftur að lokinni síðari heimsstyrjöld tók að bera á því að saltfiskur gulnaði á óeðlilegan hátt og var orsökinn ókunn. Sömu skemmdareinkenna hafði orðið vart víða erlendis en engar fullnægjandi skýringar fundist. Í upphafi sjötta áratugarins var farið að sinna þessu máli af alvöru með rannsóknnum fyrir tilstilli SÍF. Beindist athyglin fljótlega að saltinu og í ársbyrjun 1954 þóttu niðurstöður rannsókna Geirs Arnesens, eins af sérfræðingum rannsóknastofu Fiskifélags Íslands, benda eindregið til þess að orsök gulunnar væri örlítið magn af kopar sem stundum fannst í saltinu.¹⁹⁹

Þessar niðurstöður urðu til þess að Geir Arnesen fór til Spánar og Ítalíu á vegum SÍF og var Kristján Einarsson, framkvæmdastjóri samtakanna, með í för. Þeir tvímenningar skoðuðu saltver sem sendu salt til Íslands og við athugun reyndist saltið víða komast í snertingu við kopar, einkum þó við mölun og útskipun. Eftir að sönnun fékkst fyrir skaðsemi hans var allt koparkyns rífið burt úr saltverunum. Báru þessar aðgerðir verulegan árangur en þó átti saltgulan enn eftir að valda tjóni öðru hverju um árabíl, vegna koparmengunar í flutningaskipum. Koma mátti í veg fyrir það með því að klæða lestarrúm flutningaskipa að innan með plasti við saltflutninga og var farið að gera það eftir 1967. Var þetta vandamál þá að mestu úr sögunni.²⁰⁰

Áður hefur komið fram að á sjötta áratugnum hallaði á ýmsan hátt undan fæti fyrir saltfiskverkuninni. Ein orsök þess og í senn afleiðing var að blautfiskframléiðslan versnaði nær stöðugt að gæðum og þegar verst gegndi, árið 1960, komust aðeins 67% af blautverkuðum stórfiski (þorski) í 1. og 2. flokk á móti 95% árið 1950 (myndrit IX.3). Var bæði um að kenna lakari vinnubrögðum og lélegum aðstæðum eins og áður er sagt og versnandi hráefni sem vikið verður að hér síðar.

Myndrit IX.3



Heimild: Tafla 9 í Töfluviðauka

Á fyrri hluta sjöunda áratugarins tókst að bæta framleiðsluna og má þar kenna árangurs af ýmsum aðgerðum. Þá breiddust vinnslu- eða aðgerðarkerfi (vélar og færíbönd) út sem gerðu það að verkum að stöðvarnar gátu komið fiskinum fyrir í gegnum vinnsluna og í salt. Skipti það ekki síst máli þegar mikill afli barst að eins og stundum gerðist. Vélkæling varð smátt og smátt algengari og SÍF með tæknideildina í fararbroddi brýndi mjög vandvirkni fyrir verkendum og gaf góð ráð við úrvinnslu fisksins. Sölusambandið lagði líka ríka áherslu á það að markaðirnir væru harður húsbóndi og samkeppni framleiðsluþjóðanna væri mikil um að selja fiskinn.²⁰¹ Allt þetta bar áþreifanlegan árangur í gæðameiri fiski, því milli 71% og 80% blautverkaðs stórfisks komst að jafnaði í 1. og 2. flokk um 1961-67 (myndrit IX.3).

Nokkur afturkippur varð í gæðum fisksins í lok sjöunda áratugarins þegar skreiðarmarkaðir lokuðust svo að segja og taka varð lélegasta hráefnið, sem kom á land, í salt. Gæðum fisksins hrakaði eðlilega og sagði þetta ástand til sín fram yfir 1970. Þrátt fyrir ýmsar framfarir í greininni sem stuðluðu að gæðameiri fiski, svo sem byggingar kæligeymslna og íblöndun efna við þækilsöltun, þá náðist ekki að auka aftur gæði fisksins á áttunda áratugnum til jafns við það sem var á sjöunda áratugnum og fóru að jafnaði 65-70%

Netaveiðar árið 1968. Með nýjum og betri netum eftir stríðið urðu þau fisknari en þá reið á að vitja þeirra nógu oft til að fiskurinn væri ekki meira eða minna dauður. Á þessu vildi vera misbrestur og stundum lögðu menn svo mörg net að ekki varð komist yfir þau í einni veiðiferð. Því var og er línufiskur jafnan trygging fyrir góðum fiski og hann eftirsóttur. (Sigurgeir Jónasson.)



stórfiskframleiðslunnar í 1. og 2. flokk (myndrit IX.3). Leiðir þetta hugann að ástandi hráefnisins á þessum tíma.

b. Verra hráefni?

Þótt verkunin væri þýðingarmikil hlutu gæði framleiðslunnar þó að standa og falla með því hráefni sem í hana fór. Er hér einmitt komið að einni höfuðástæðu þess að yfirbragð saltfisksins þótti á árunum eftir síðari heimsstyrjöld verða en áður. Hráefnið var í heild ekki eins gott og það hafði verið þegar saltfiskvinnsla var langmikilvæg-

asta útflutningsgreinin í sjávarútvegi. Þetta kom til af því að hraðfrystihúsaeygndur settu að vonum eins mikið í frystingu og komist var yfir og tóku í hana besta fiskinn. Það sem var umfram fór í söltun ásamt lélegra hráefni.²⁰²

Á sjötta áratugnum lenti sífellt stærri hluti saltfiskframleiðslunnar í lakari gæðaflokkana (myndrit IX.3) og þetta ástand var kveikja þess að sjávarútvegsráðuneytið skipaði árið 1958 nefnd til að athuga gaumgæfilega hvort rétt væri að taka upp mat á nýjum fiski. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að ástæður fyrir hrakandi gæðum íslenskra fiskafurða væru einkum minnkandi gæði hráefnisins sem til vinnslunnar fór en ekki brotalamir í vinnslunni sjálfri. Ættu hér hlut að máli allar greinar fiskiðnaðarins en saltfisk- og skreiðarverkun hefðu þó orðið einna verst úti því lakara hráefnið væri jafnan saltað og hert af frystihúsaeygndum. Minni gæði fiskaflans voru svo meðal annars rakin til óhóflegrar netanotkunar hjá stórum hluta bátaflotans.²⁰³

Til að reyna að ýta undir betri meðferð fisksins var lagt fram á Alþingi árið 1960 frumvarp til laga um ferskfiskeftirlit og var það í samræmi við tillögur fyrrgreindrar nefndar. Var einn megintilgangur frumvarpsins að koma á eftirliti með meðferð og gæðum nýs fisks og skyldi í þessu skyni komið á fót stofnun sem nefndist Ferskfiskeftirlitið. Varð frumvarpið að lögum og hóf eftirlitið starfsemi árið 1961.²⁰⁴

Meðal fyrstu verkefna Ferskfiskeftirlitsins var að fylgjast með vertíðarafla báta og togara, skoða meðferð hans og gæði og gera úttektir á ástandi fiskiskipanna. Með áróðri fyrir betri meðferð, reglulegum þrifum og endurnýjun á útbúnaði um borð tókst til dæmis að útrýma svokölluðum slagvatnsskemmdum í fiski á fáum árum en það voru skemmdir af völdum gerlagróðurs. Auk þess fylgdist stofnunin með búnaði og þrifum, bæði í fiskvinnslustöðvum og á landi, gaf upplýsingar og ráðleggingar og gerði ýmsar rannsóknir á gæðum og nýtingu afla.²⁰⁵

Árið 1968 var Ferskfiskeftirlitið sem sérstök stofnun lagt niður og verkefni þess fengin Fiskmati ríkisins í hendur. Báðar stofnanir áttu samt við ákveðinn vanda að etja. Allt fram til 1975 skorti beinar laga- eða reglugerðarheimildir til þess að skylda útvegsmenn til að leyfa eftirlit með gæðum afla síns og þótt flestir heimiluðu það voru fáeinir sem stóðu öndverðir gegn því. Þetta gróf undan starfi fiskmatsins en með lögum um Framleiðslueftirlit sjávarafurða, sem tók við af Fiskmati ríkisins, var með skýrum hætti kveðið á um skyldumat á nýjum fiski eftirleiðis. Framkvæmd eftirlitsins með ferskum fiski var líka nokkuð breytt þetta sama ár. Áður höfðu eft-

irlitsmenn farið á milli vinnslustöðva og skoðað aflann en nú voru teknar upp sérstakar skoðunarstöðvar í stærri verustöðvum og fiskflutningabílum ekið þangað til sýnatöku og mælinga.²⁰⁶

Þegar kom fram á miðjan níunda áratuginn hafði margt breyst í útgerð og vinnslu. Ferskfiskútflutningur var hafinn, bæði í gámum og með flugvélum, og innlendir fiskmarkaðir byrjuðu starfsemi þá líka. Sýnt þótti að eftirlitið í þáverandi mynd bæri ekki nægan árangur og annaðhvort yrði að stórefla það eða leggja niður og færa það fiskframleiðendum sjálfum í hendur. Síðarnefndi kosturinn var tekinn og var ríkiseftirlit með afla lagt niður í árslok 1986.²⁰⁷

Með skipulagsbreytingum á fiskmati í landinu sem tóku gildi árið 1985 var mjög breytt um stefnu og eftirlitið með afla og afurðum fært í hendur þeirra sölusamtaka sem seldu afurðirnar. Það leiðir athyglina að framlagi framleiðenda sjálfra, saltfiskverkenda, til þess að tryggja og auka gæði vöru sinnar en sitthvað hafði verið reynt til þess.

c. Skaðabótaábyrgð framleiðenda

Stofnun Ferskfiskeftirlitsins á sínum tíma var til vitnis um að fleira var talið stuðla að hrakandi gæðum saltfiskframleiðslunnar en meðferð fisksins eftir að hann var tekinn til söltunar. Saltfiskframleiðendur höfðu þó vitanlega fulla ástæðu til að líta sér nær. Oft var ýmsu ábótavant í framleiðslunni sjálfri eins og að framan greinir. Hvatningar og leiðbeiningar þóttu ekki bera tilætlaðan árangur og stóðu menn því frammi fyrir þeirri spurningu með hverju móti væri unnt að knýja verkendur til aukinnar vöruvöndunar. Bentu þá ýmsir á nauðsyn þess að einstakir framleiðendur tækju á sig þær skaðabótageiðslur sem af fiski þeirra kynnu að hljótast.

Allt frá árinu 1935 og fram til síðasta starfsárs SÍF, 1993, var í félagslögum samtakanna ákvæði um ábyrgð einstakra félagsmanna á framleiðslu sinni:

Hver félagi ber fulla ábyrgð gagnvart S.Í.F. á fiski þeim, er hann afhendir til sölu, og verði það skaðabótaskyldt við kaupanda vegna vörugalla ... hefir S.Í.F. endurgjaldsrétt hjá hlutaðeigandi félaga.²⁰⁸

Ákvæði þetta reyndist af ýmsum ástæðum mjög erfitt í framkvæmd. Var oft vandasamt að skera úr um það á hverjum ábyrgð í skaðabótamálum hvíldi. Til dæmis mátti í mörgum tilvikum rekja kröfur um skaðabætur til mistaka við mat á fiskinum. Var fiskur þá metinn í hærri gæðaflokka en kaupendur töldu réttmætt og var slíkt auðvitað ekki sök framleiðenda sjálfra.²⁰⁹



Siendurteknar kvartanir og skaðabótakröfur frá markaðslöndum um og upp úr 1950 ýttu rækilega við mönnum og þær raddir gerðust æ háværi sem kröfðust þess að einstakir framleiðendur yrðu látnir bera fulla ábyrgð á vöru sinni.²¹⁰ Var þetta til dæmis mjög rætt á aðalfundi Sölusambandsins í júní 1956 og voru skoðanir þar skiptar eins og gleggst sést á úrslitum þeirrar atkvæðagreiðslu sem fram fór um eftirfarandi tillögu:

Aðalfundur S.Í.F. ... samþykkir að fela stjórn S.Í.F. að tilkynna félagsmönnum, er erlendir kaupendur gera skaðabótakröfur vegna skemmda á fiski þeirra og S.Í.F. verður að greiða þær, að þá verði hlutadeigandi fiskeiganda gert að skyldu að bera þær að einhverju leyti, ef honum er um að kenna.²¹¹

Því fór fjarri að allir framleiðendur gætu sætt sig við ályktun af þessu tagi en þó var hún samþykkt með 641 atkvæði gegn 497. Var ályktuninni meðal annars fundið það til foráttu að væru einstakir

Fiskmat á sjötta áratugnum. Hér er verkafólk í Bæjarútgerð Reykjavíkur að skoða og flokka fiskinn eftir stærð og gæðum.

framleiðendur að öllu leyti látnir gjalda fyrir þau mistök sem þeim kynnu að verða á gætu ein slík mistök riðið viðkomandi framleiðendum að fullu sumum hverjum.²¹²

Kristján Einarsson, framkvæmdastjóri, sagði að í raun yrði ábyrgð einstakra framleiðenda á skaðabótaskyldum fiski vart komið við. Nefndi hann sem dæmi að til Ítalíu og Portúgals væri seldur sams konar fiskur en Ítalir gerðu hins vegar meiri kröfur til gæða en Portúgalar. Frá þeim síðarnefndu hefðu aldrei borist kvartanir en öðru máli gegndi um Ítali. Væri óréttlæt看legt að sá sem sendi fisk til Ítalíu yrði fyrir öllum skakkaföllum vegna skaðabóta á meðan hinn sem væri svo heppinn að koma öllum sínum fiski á Portúgalsmarkað slyppi við allar greiðslur.²¹³ Þrátt fyrir rök af þessu tagi varð það sjónarmið ofan á að einstökum framleiðendum skyldi gert að bera ábyrgð á vöru sinni og taka þátt í greiðslu þeirra skaðabóta sem af henni kynnu að hljótask.

Svo er að sjá sem stjórn Sölusambandsins hafi ekki treyst sér til að fylgja út í æsar þeirri samþykkt sem gerð var um þetta efni á aðalfundinum árið 1956. Þó var tekinn upp sá háttur að bærust aðfinnslur frá markaðslöndunum var þeim fiskeigendum sem hlut áttu að máli þegar í stað tilkynnt í hverju gallarnir á fiski þeirra væru fólgnir. Með þessu móti var framleiðendum veitt ráðrúm til að sníða gallana af vöru sinni og þótti fyrrgreind vinnuregla gefa góða raun.²¹⁴

Á aðalfundi samtakanna árið 1972 drap Tómas Þorvaldsson, stjórnarformaður, á ábyrgð framleiðenda og sagði að eitt það erfiðasta í starfi samtakanna væri að fara nákvæmlega eftir lagabókstafnum í skaðabótamálum, ýmis vandkvæði væru á því að láta einstaka framleiðendur sæta ábyrgð þegar skaðabótakröfur bærust. Tómas sagði að þó hefði sú regla komist á varðandi undirvigt að þeim sem á henni bæri ábyrgð væri gert að greiða hluta þeirra bóta sem krafist væri. Einnig væru einstakir framleiðendur látnir bera hluta af tjóni sem rekja mætti á óyggjandi hátt til fisks frá þeim.²¹⁵

Til efni þess að Tómas fór út í þessa sálma á aðalfundinum 1972 voru miklar kvartanir og skaðabótakröfur sem SÍF hafði nýlega borist frá kaupendum vegna lélegrar þurrkunar og annarra galla á þurrfiskframleiðslunni. Átti þetta einkum við um Portúgal og Brasilíu. Mistök þau sem orðið höfðu mátti meðal annars rekja til þess að þurrkun hafði verið aukin gífurlega til að koma í verð þeim lélega fiski sem áður hefði verið hengdur upp í skreið en þurfti nú að verka í salt vegna erfiðleika á skreiðarmörkuðum. Greiða varð háar skaðabætur og mikið átak þurfti til að vinna aftur þann markað sem forgörðum hafði farið vegna þeirrar miður góðu vöru sem úr landi var flutt.²¹⁶



Fiskmat og pökkun á áttunda áratugnum. Vinnubrögðin við þetta verk voru enn þá þau sömu. Þótt nýttískulegri vogir kæmu í stað eldri og húsakynnin stækkuðu var flokkunin eftir stærð og gæðum innt af hendi á sama hátt og pökkunin var alveg eins.

Meðal þess sem Sölusambandið gerði til að reyna að vinna bug á þeim göllum sem fram höfðu komið var að ráða sérstakan eftirlitsmann til starfa á haustmánuðum 1972, Einar M. Jóhannsson. Hann ferðaðist um og fylgdist með mati og pökkun og öllu öðru sem laut að frágangi og verkun saltfisks. Einnig var á árinu ákveðið að hornmerkja með nýjum hætti allan þurrfisk framleiðenda svo sjá mætti nákvæmlega hvaðan hver fiskpakki kom og létti það starfið við meðferð skaðabótakrafna.²¹⁷ Þetta var ljós vottur um viðleitni sölusamtakanna til að auka gæði framleiðslunnar og gera hana þannig útgengilegri á erlendum mörkuðum.

Framleiðslan 1972 af þurrfiskinum reyndist góð svo verkendur gátu framleitt góða vöru ef þeir lögðu sig fram. Betur mátti þó ef duga skyldi. Öðru hverju bárust kvartanir og skaðabótakröfur, misalvarlegar þó. Árið 1974 barst til dæmis frá Portúgal einhver alvarlegasta kvörtun sem saltendur höfðu þurft að standa frammi fyrir vegna gæðamats á þurrfiski. Var ljóst að þeir áttu nokkuð í land með að geta haldið jöfnum gæðum sem er forsenda tryggra og stöðugra viðskipta.²¹⁸

Um þetta leyti var íslensk þurrfiskframleiðsla talin standa að baki framleiðslu Norðmanna sem þóttu að mörgu leyti búa betur að saltfiskverkun sinni en Íslendingar. Þetta varð til þess að í febrúar 1974 ákvað stjórn SÍF að senda nokkra menn til Álasunds í Noregi til að kynna sér hvernig staðið væri að saltfiskverkun þar. Í ferðinni voru þeir Loftur Loftsson, verkfræðingur Sölusambandsins, Einar M. Jóhannsson, eftirlitsmaður hjá SÍF, og Sigfús Magnússon, yfir-


fiskmatsmaður, ásamt nokkrum framleiðendum. Þeir félagar skoðuðu gaumgæfilega tilhögun alla og vinnubrögð í þrem stærstu verkunarstöðvunum í Álasundi og átta ýtarlegar viðræður við forstöðumenn fyrirtækjanna, verkstjóra og fleiri starfsmenn.²¹⁹ Þarf ekki að efast um að akkur hafi verið í kynnisferðum af þessu tagi.


Í janúar 1976 markaði stjórn SÍF svo nýja stefnu í skaðabótargreiðslum er hún kom sér saman um vinnureglur sem miðuðu að því að framleiðendur bæru viðtækari ábyrgð á fiski sínum en reyndin hafði verið til þessa. Samkvæmt þessum reglum, sem tóku gildi með framleiðslu ársins 1976, var einstökum framleiðendum gert að taka stóran þátt í greiðslu þeirra skaðabóta sem óvefengjanlega mátti rekja til framleiðslu þeirra.²²⁰ Með þessari ráðstöfun var ætlunin að knýja framleiðendur til meiri vöruvöndunar.

d. Ormafár og gæðakvartanir upp úr 1980

Það er óneitanlega kaldhæðni örlaganna að skömmu eftir að nýju reglurnar um ábyrgð framleiðenda voru kunngerðar tóku að berast hlutfallslega fleiri og alvarlegri kvartanir og skaðabótakröfur vegna útflutts þurrfisks en menn rak minni til að verkendur hefðu áður þurft að standa frammi fyrir. Átti Sölusambandið í hinum mestu vandræðum af þessum sökum á árunum 1976-77. Mikið af fiskinum var illa þurrkað, auk þess sem gæðamati og stærðarflokkun var mjög ábótavant. Má segja að á flestum þurrfiskmörkuðum SÍF hafi

Ormahreinsun. Hringormar hafa lengi valdið fiskframleiðendum þungum búisifjum og um 1980 sættu saltfiskkaupendur sig ekki lengur við orma í fiski enda hafði ástandið heldur versnað ef eitthvað var. Eina ráðið var því að gegnumlýsa fiskinn á ljósaborði og plokka ormana úr með litlum tögum eins og hér er gert.





Umstöflun á fiski á áttunda áratugnum. Til þess að forðast undirvignt var af hinu opinbera fiskmati lögð rík áhersla á að umstafla fiskinum tvisvar – oftar ef þurfa þótti – og hafa stæðurnar nógu háar. Matsmenn voru því íðulega að líta eftir þessu um leið og þeir mátu við þökkun og útskipun. Þrátt fyrir það var erfitt að koma í veg fyrir undirvignt: verkendur voru misár-vökulir, kæliaðstöðu oft áfátt, mikil stöflun var í lestum skipanna og þær jafnvel ókældar. Allt þetta gerði að verkum að undirvigntarkvartanir voru ekki óalgengar.

verið stórskemmt það starf sem búið var að vinna undanfarin ár og ljóst var að langan tíma tæki að ná trausti kaupenda á ný.²²¹

Öll él birtir þó upp um síðir og árið 1979 var til þess tekið hversu gæði saltfisksins væru meiri en undanfarin ár. Veitti raunar ekki af því vegna þess að kröfur kaupenda og neytenda fóru sífellt vaxandi. Fóru Grikkir þar einna fremstir með því að gefa út reglugerðir sem fólu í sér mjög hertar kröfur um frágang og gæði innfluttra matvæla.²²² Var þeim ekki síst þyrnir í augum hringormur í saltfiskinum.

Sölusambandið lenti í nokkrum vandræðum af þessum sökum haustið 1980 þegar stöðvaður var í Grikklandi saltfiskfarmur frá Íslandi og hann skoðaður sérstaklega vegna hringorms sem í honum fannst.²²³ Eftir nokkurt þóf tókst að leysa málið enda vildu Grikkir ekki missa af saltfiskviðskiptunum við íslenska verkendur.²²⁴ Nokkrum mánuðum síðar sáu grísk heilbrigðisyfirvöld ástæðu til að stöðva á ný innflutning á íslenskum fiski vegna hringorma. Var ljóst að verkendur þurftu að taka sér tak ef ekki átti illa að fara á Grikklandsmarkaði.²²⁵

Vorið 1981 ferðuðust eftirlitsmenn SÍF og umboðsmaður samtakanna í Grikklandi á milli framleiðenda og brýndu fyrir þeim

nauðsyn þess að allur Grikklandsfiskur yrði ormahreinsaður. Tókst eftir nokkra byrjunarörðugleika að ná mjög góðum árangri í þessu efni. Fór nú allur fiskur á ljósaborð áður en honum var pakkað fyrir Grikklandsmarkað og fylgdi þessu skiljanlega veruleg viðbótarvinna og allmikill kostnaður. Hefur síðan tekist að halda fiski til Grikklands ormalausum.²²⁶

Enda þótt framleiðendum tækist að útrýma ormum úr Grikklandsfiski voru kvartanir erlendra kaupenda ekki úr sögunni. Var sérstaklega bagalegt þegar ekki tókst að gera langmikilvægasta saltfiskmarkaðinum til hæfis, Portúgal. Sumarið 1982 bárust mjög alvarlegar kvartanir þaðan vegna íslensks saltfisks og vörpuðu þær nokkrum skugga á hátíðahöld í tilefni af 50 ára afmæli Sölusambandsins.

Miklum ferðalögum og löngum tíma var varið til að fá þetta mál leyst. Meðal annars fóru stjórnarmenn SÍF, framkvæmdastjóri, eftirlitsmenn, forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða, yfirfiskmatsmenn og fleiri til Portúgals og skoðuðu umræddan fisk. Var það samdóma álit allra að mat fisksins væri ekki í samræmi við íslenskar reglur enda væri hann jafnvel óstaðinn. Sölusambandið varð að taka á öllu sínu til að koma máli þessu í höfn og einkenndist allt starf samtakanna fram eftir árinu 1982 af þessum erfiðleikum. Með samstilltu átaki allra sem í hlut áttu tókst þó furðufliótt að vinna bug á þessum vanda, nógu snemma til þess að takast mætti á við næsta stórverkefni, hringormamál sem upp kom í Portúgal vorið 1983.²²⁷

Fram til þessa höfðu Portúgalar ekki gert neinar athugasemdir þótt eitthvað myndist af ormi í fiski sem til þeirra var fluttur.²²⁸ Þar fyrir utan voru ormaaðfinnslur stundum partur af verðstríði kaupenda, til dæmis þeirra sem ekki fengu fisk.²²⁹ Með vaxandi orma-gengd í fiski við Ísland og annars staðar í Norður-Atlantshafi hafði ormur í Portúgalsfiski hins vegar aukist og kom loks að því að portúgólsk matvælayfirvöld töldu sig ekki lengur geta við slíkt unað. Við losun á saltfiskfarmi úr Suðurlandi í mars 1983 fannst allmikið af ormi og kröfðust Portúgalar þess fyrirvaralaust að fá eingöngu ormalausán fisk þaðan í frá.²³⁰

Að vel yfirveguðu máli ákvað stjórn SÍF einróma að taka allan Portúgalsfarminn aftur heim og hreinsa orm úr fiskinum áður en hann yrði sendur aftur á markaðinn. Tókst þetta betur en á horfðist.²³¹ Hringormar í fiski voru mikið vandamál enda komst skrifstofustjóri SÍF, Sigurður Haraldsson, svo að orði að þessi ormahreinsun hefði ekki kostað undir 100 milljónum króna á árinu en það samsvaraði því að 300 manns hafi ekki gert neitt annað allt árið en að hreinsa selorm úr saltfiski.²³²

Eftir þetta ákvað stjórn SÍF að framvegis skyldi allur íslenskur saltfiskur ormahreinsaður á ljósaborðum. Var þetta gert í samræmi við kröfur kaupenda, ekki aðeins í Portúgal og Grikklandi heldur einnig á Spáni og Ítalíu.²³³ Óhætt er að segja að íslenskir framleiðendur hafi látið sér framangreind áföll í upphafi níunda áratugarins að kenningu verða. Þótti framleiðsla ársins 1983 til dæmis að mörgu leyti til fyrirmyndar og eftir þetta bárust nánast engar kvartanir vegna hringorma í íslenskum saltfiski.²³⁴

e. Frá ríkiseftirliti til gæðastaðla

Eftir að hringormavandamálið hafði verið kveðið niður fór almennt gott orð af íslenskum saltfiski og gerði Friðrik Pálsson, framkvæmdastjóri SÍF, það að umtalsefni á aðalfundi samtakanna árið 1984. Hann sagði gott orðspor einkum að þakka auknum gæðum og bætti svo við:

Tilkoma og gott starf eftirlitsdeildar S.Í.F., góð samvinna við Framleiðslueftirlit sjávarafurða, pallettuvæðing [þ.e. brettanotkun], notkun pappakassa, fræðslustarfsemi, hugmyndaþróunir flutningsaðilar, handbók um saltfiskverkun og fleira mætti til nefna, sem hefur haft mjög mikil áhrif í þá átt að auka vöruvöndun og meðferð alla. En fyrst og fremst teljum við að hugarfarsbreyting hafi orðið hjá framleiðendum og starfsfólki þeirra og að hún hafi skilað feikilega góðum árangri.²³⁵



Eftirlit hjá SÍF árið 1986. Um miðjan áratuginn tók SÍF gæðaeftirlitið í sínar hendur og eftirlitsmenn fylgdust með verkun og leiðbeindu. Hér er Örn Ingólfsson, eftirlitsmaður SÍF t.h., ásamt Bergi Elíasi Guðjónssyni hjá Ísfélagi Vestmannaeyja að skoða keiluflok. (Sigurgeir Jónasson.)

Eins og orð Friðriks benda til voru margvíslegar og mikilvægar breytingar hafnar 1984 sem stuðluðu að gæðameiri vöru, aðrar en bættur umbúnaður og flutningur fiskisins. Breytt hugarfar og fræðsla ásamt mikilvægri skipulagsbreytingu á gæðaeftirliti hér á landi um áramótin 1984-85 skipti ekki minna máli. Árið 1985 markaði tímamót í sögu fiskmats í landinu því þá var heimilt að færa eftirlitið með gæðum og framleiðslu frá opinberri stofnun í hendur framleiðenda og sölusamtaka þeirra. Eftir sem áður átti hið opinbera að hafa eftirlit með að gæðamat og eftirlitshættir væru í samræmi við alþjóðleg gæðastjórnunarkerfi sem voru að festast í sessi.²³⁶

Þótt ný opinber stofnun, Ríkismat sjávarafurða, tæki við af annarri eldri, Framleiðslueftirliti sjávarafurða, var hér um grundvallarbreytingu að ræða í sögu fiskmats á Íslandi. Ábyrgðin á fiskmatinu var nú færð af höndum opinberra eftirlitsmanna á herðar framleiðenda og sölusamtaka þeirra sjálfra. Þetta fyrirkomulag hvatti viðkomandi aðila til að leggja sitt ýrasta fram því ef mistök yrðu lægi ábyrgðin hjá þeim sjálfum og engum öðrum.²³⁷ Þessi tilhögun átti tvímælalaust þátt í vaxandi gæðum þess saltfisks sem fór um hendur SÍF eftir breytinguna (myndrit IX.3).

Þessari kerfisbreytingu á fiskmatinu ber samt ekki einni að þakka aukin gæði á íslenskum saltfiski því margt hefur lagst á sömu sveif alveg frá því á áttunda áratugnum. Mikill áróður hefur verið rekinn um árabíl fyrir betri meðferð og verkun fiskisins, fræðsla verið aukin og minnkandi aflaheimildir hafa gert það að verkum að takmörkuð gæði sjávarins eru nú nýtt betur. Vélvæðing hefur aukist jafnt og þétt, húsakostur batnað og fleira mætti telja.

Sem dæmi um fræðslu af þessu tagi má nefna námskeið sem voru haldin fyrir fiskvinnslufólk um áraradír. Þar sem endanleg gæði fiskisins hvíla mikið á réttri meðferð frá upphafi hafði þetta framtak án efa mikla þýðingu.²³⁸ Til að festa réttar aðferðir við verkunina í sessi og léttu verkstjórum starfið gaf Framleiðslueftirlit sjávarafurða og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins líka út handbækur um saltfiskverkun á níunda áratugnum.²³⁹

Ótaldar eru síðan aðgerðir og ráðstafanir SÍF á mörgum sviðum til að auka gæðin, alveg frá því upp úr 1970. Einar M. Jóhannsson, sem SÍF réð til að fylgjast með verkuninni og gæðunum, kom til starfa árið 1972. Um allmörg ár var hann einn þótt starfssviðið væri vítt en 1981 var tveimur bætt við, Stefáni Jónssyni og Markúsi Jónssyni. Var hlutverk þeirra allra eins og áður eftirlit með mati og gæðum og síðast en ekki síst að reyna með úttektum eða skoðun á fiski fyrir útskipun að koma í veg fyrir það að skaðabótakröfur kæmu upp erlendis vegna lítilla gæða eða undirvigtar.²⁴⁰


Ráðning eftirlitsmannanna tveggja spratt að minnsta kosti öðrum þræði af gæðakvörtunum á undanförunum árum en þar fyrir utan mun það staðreynd að saltfiskverkendur höfðu löngum verið ósáttir við það hvernig fiskmatið var framkvæmt, yfirmenn fiskmatsins sættu gagnrýni ýmissa hluta vegna og nokkuð skorti á gott samstarf.²⁴¹

Svo mikið er víst að Sölusambandinu fannst upp úr 1980 að fiskmatið firrti sig ábyrgð á kvörtunum kaupenda yfir mati fiskisins og árið 1982 fól aðalfundur samtakanna stjórninni „að vinna að því að SÍF taki í sínar hendur eftirlit með framleiðslu og mati saltfisks...“²⁴² Þá og árið eftir kom saltfiskurinn líka óvanalega illa út í gæðamati því seinna árið náði aðeins rétt um helmingur stórfiskframleiðslunnar (þorskur) 1.-2. flokki en um langt árabíl á undan höfðu nálægt 65% náð þeim flokkum (myndrit IX.3). Þar fyrir utan hafði SÍF lýst áður yfir áhuga á því að taka í meiri mæli að sér eftirlit og mat.²⁴³


Í framhaldi af þessari slöku útkomu var einum eftirlitsmanni bætt við árið 1983, Bjarna Benediktssyni, og Margeir Ásgeirsson kom þá í stað Einar M. Jóhannssonar.²⁴⁴ Þótt nokkur bið yrði á því að SÍF tæki fiskmatið í eigin hendur var óskín um það komin fram og árið 1985 varð þessi tillaga að veruleika eins og áður segir. Snemma það ár fengu sölusamtökin löggildingu sjávarútvegsráðuneytisins og voru þá fastráðnir tveir eftirlitsmenn til viðbótar þeim fjórum sem fyrir voru og einn í hlutastarf.²⁴⁵

Þess var getið á aðalfundi SÍF 1985 að þótt starfsemi eftirlitsdeildarinnar kostaði sitt mætti greinilega sjá að eftir að SÍF tók gæðaeftirlitið meira í sínar hendur árið 1983 væru skaðabótakröfur í lágmarki og greiðsla þeirra vegna sjaldan minni en um þær mundir.²⁴⁶ Þessi stefnubreyting sannaði hér rækilega gildi sitt enda höfðu gæðin aftur aukist (myndrit IX.3). Í lok árs 1986 var ákveðið að draga úr vægi úttekta við útskipun, sem tími eftirlitsmanna hafði einkum farið í, en beina starfi þeirra meir að leiðbeiningum og reglubundnu eftirliti við framleiðsluna sjálfa til að fyrirbyggja mistök.²⁴⁷

Eftir að SÍF tók gæðaeftirlitið formlega að sér var eftirlitsmönnum fjölgað enn og voru þeir sjö í fullu starfi árin 1988-92 auk deildarstjóra. Sumir eftirlitsmannanna áttu orðið mörg ár að baki við fiskmat árið 1992 því þeir höfðu líka starfað sem opinberir matsmenn áður en þeir réðust til SÍF. Þetta skapaði festu og mikla kunnáttu í öllum greinum saltfiskvinnslunnar og var Sölusambandið því vel í stakk búið til að taka gæðaeftirlitið í sínar hendur. Árið 1992 höfðu lengst allra starfað þeir Einar M. Jóhannsson og Markús Jónsson, í um ellefu ár hvor, og nokkrir upp undir tíu ár.²⁴⁸



Einar M. Jóhannsson, fyrsti eftirlitsmaður SÍF. Hann var einn frá byrjun, 1972, til 1981 og starf hans var upphafið að eftirlitsdeild SÍF.



Markús Jónsson. Hann er með reyndustu saltfiskmatsmönnum SÍF og hefur starfað lengst allra eftirlitsmannanna eða vel á annan áratug. (Sigurgeir Jónasson.)

Eftirlitsmenn SÍF og fleiri árið 1992. Hér sést hluti af starfsliði framleiðslu- sviðs SÍF, talið f.v.: Jón S. Friðjónsson, forstöðumaður þess; Óskar Karlsson, rannsóknamaður; Loftur Loftsson, verkfræðingur; Bjarni Benediktsson, deildarstjóri gæðaeftirlits, og eftirlitsmennirnir Markús Jónsson, Kristján Kjartansson, Sigurður Jóhannsson, Júlíus Bergsson, Örn Ingólfsson og Margeir Asgeirsson. Á myndina vantar Einar Gíslason, eftirlitsmann.



Starfsemi eftirlitsdeildarinnar var aðeins hluti, en veigamestur þó, af gæðaeftirliti og leiðbeiningastarfi SÍF. Rannsóknastofa SÍF, sem stofnuð var 1984, studdi beint og óbeint við eftirlitsdeildina og útgáfa verkunarleiðbeininga frá og með 1986 og Saltfiskdagbókar SÍF 1984-91 gerði það líka. Fræðslumyndband um saltfiskverkun, sem SÍF lét fyrst gera árið 1983, hitti vel í mark hjá verkstjórum og fiskvinnslufólki og var það endurskoðað nokkrum sinnum eftir því sem vinnubrögðin breyttust í vinnslunni. Af sama tagi má nefna gerð saltstaðals sem byggðist meðal annars á tilraunum og rannsóknnum rannsóknastofu SÍF. Árið 1991 markaði SÍF sér líka ákveðna gæðastefnu sem byggðist á viðurkenndu, alþjóðlegu gæðakerfi.²⁴⁹

Einnig má nefna verkstjóra- og svæðafundi SÍF sem haldnir voru víða um land um árabíl alveg frá 1981. Þeir fyrrnefndu voru ætlaðir verkstjórum og hinir síðarnefndu framleiðendum. Þar að auki hóf SÍF árið 1989 samræmingarnámskeið fyrir matsmenn í saltfiski og voru þau fjölsótt. Síðast en ekki síst má nefna nokkrar ferðir til markaðslandanna sem SÍF skipulagði fyrir verkstjóra, framleiðendur og eftirlitsmenn til að þeir kynntust kaupendum, sæju hvernig fiskurinn og umbúðir stæðust flutninginn og fengju innsýn í meðhöndlun fisksins, sölu hans og neysluvenjur.²⁵⁰

Öll þessi viðleitni hafði það í för með sér að á árunum 1986-92 féll æ meira af saltfiskinum í betri gæðaflokkana. Síðustu þrjú árin

voru gæðin meiri en þau höfðu verið um þrjátíu ára skeið því þá féllu yfir 80% blautfisksins í 1.-2. flokk (myndrit IX.3). Raunar má líka segja að utanaðkomandi aðstæður eins og minnkandi aflaheimildir hafi hvatt sjómenn, skipstjóra og útgerðarmenn til að fara sem best með aflann til að auka verðmæti hans. Einnig má benda á að frystingin er orðin kröfuharðari en áður um hráefni eftir minnkandi Rússlandsviðskipti og það hefur komið saltfiskvinnslunni vel því þá hefur hún fengið betra hráefni sem áður var fryst.²⁵¹

Það sem mestu skiptir þó er að flestir íslenskir saltfiskframleiðendur átta sig fyllilega á því að þeir eru að stunda matvælaframleiðslu í mjög harðri samkeppni á öllum mörkuðum. Saltfiskur þykir úrvalsmatur í Suður-Evrópu og gæðakröfur fara vaxandi. Jafnframt er hann í dýrasta verðflokki og í samkeppni við annan slíkan mat.²⁵² Ef verkendur sofna á verðinum missa þeir markaðina. Fiskvinnslufólk og sjómenn átta sig líka á mikilvægi þess að meðhöndla fiskinn rétt því ella verður hann aldrei fyrsta flokks vara.

Þessi viðhorf fólksins, sem leggur hönd að verkun íslenska saltfisksins, hafa skapað gott hráefni. Síharðnandi gæðaeftirlit hefur síðan tryggt að mistök væru lagfærð, flokkun og mat fisksins væri ætíð í samræmi við kröfur kaupenda svo neytendur fái þann fisk sem þeir óska eftir. Stöðugt rannsóknastarf og vörupróun, bæði hérlandis og erlendis, hefur að síðustu gert verkendum fært að bæta verkunina og fella fiskinn sem best að smekk neytenda. Þetta eru höfuðskýringarnar á sterkri stöðu íslenska saltfisksins og lykillinn að velgengni hans á erlendum mörkuðum.



Samræmingarnámskeið í fiskmati. SÍF gekkst fyrir námskeiðum til að samræma mat á saltfiski meðal þeirra sem önnuðust það í saltfiskstöðvum. Hér sést Einar Gislaason, eftirlitsmaður SÍF (þriðji f.v.), leiðbeina matsmönnum um flokkun fisksins.

Rannsóknastarf SÍF. Á rannsóknastofu SÍF voru gerðar ýmsar tilraunir og athuganir á fisksöltun og saltfiski. Hér sjást t.v. Óskar Karlsson, fiskiðnaðarmaður og iðnrekstrarfræðingur, og t.h. Gunnar Már Kristjánsson, matvælafræðingur, að störfum.

Horft um öxl

Framleiðsla og sala á saltfiski var meðal gildustu og áhrifamestu þáttanna í atvinnusögu Íslands um aldarskeið. Þetta kemur glögg í ljós þegar skoðuð eru þau keðjuverkandi áhrif sem framleiðsla hans hafði á efnahagslíf og samfélag allt eftir að verkunin skaut rótum um miðja 19. öld. Hlutur saltfisksins í útflutningsverðmætum þjóðarinnar var líka feiknastór og vitnar um mikilvægi greinarinnar í þjóðarbúskapnum. Enn þann dag í dag er saltfiskvinnsla meðal höfuðstoða sjávarútvegsins og aflar 10-15% af verðmæti vöruútflutnings þjóðarinnar.

Þegar litið er yfir sögu saltfiskframleiðslu á Íslandi má greina þrjú höfuðskeið og er þá höfð til marks staða atvinnugreinarinnar í efnahagslífi Íslendinga. Hverju skeiði um sig má svo aftur skipta í smærri tímabil sem einkennast meðal annars af framleiðsluháttum og ástandi greinarinnar sjálfrar.

Fram á fyrri hluta 19. aldar var saltfiskverkunin að slíta barnskónum. Þá leið skreiðarverkun, sem hafði verið ráðandi, undir lok að mestu og saltfiskverkunin komst á fastan fót. Frá miðri þeirri öld og fram undir 1940 var sjávarútvegur og saltfiskur eitt og hið sama. Varla var sá þorpsbúi sem ekki átti afkomu sína beint eða óbeint undir því að sá guli gæfi sig, tíðarfarið væri þolanlegt til þurrkunar og að markaðirnir væru hagstæðir. Því er saga þéttbýlis á þessum tíma um leið saga sjávarútvegsins. Þetta er það gullaldarskeið sem saltfiskurinn tengist í huga flestra. Það er hér kallað saltfisköld en mætti eins kalla þurrfisköld því sólþurrkaður fiskur þá var uppi-staðan í framleiðslunni.

Seinni heimsstyrjöldin olli straumhvörfum í saltfiskframleiðslu landsmanna. Hin glæsta gullöld saltfisksins var að baki og skin og skúrir hafa gengið yfir þessa gömlu og rótgrónu framleiðslugrein. Eftir seinni heimsstyrjöldina hefur staða saltfiskframleiðslunnar verið öll önnur en áður vegna vaxandi fjölbreytni í efnahagslífi þjóðarinnar. Hún ber því ekki lengur ægishjalm yfir aðrar atvinnugreinar eins og áður þótt hún sé meðal helstu úrvinnslugreina sjávarútvegsins. Mætti helst kenna þetta tímabil við blautfisköld því sólþurrkun dó víðast hvar út upp úr 1960 og yfirgnæfandi hluti saltfisksins var þegar frá stríðslokum fluttur út óþurrkaður (blautverk-aður).

Fisksöltun hér á landi á sér annars býsna langar rætur þótt salt væri löngum flutt í takmörkuðu magni því það var ódýrt miðað við

þyngd og fyrirferð í skipum. Meira var upp úr því að hafa fyrir kaupmenn og sæfarendur að flytja dýrari vöru enda notuðu landsmenn yfirleitt aðrar aðferðir við geymslu matar, svo sem þurrkun og súrsun.

Söltun fisks í tunnur hófst ekki síðar en á 15. öld þegar enskir og þýskir kaupmenn og sjómenn tóku að sækja á Íslandsmið. Allt fram að tíð einokunarverslunar um 1600 mun hún þó hafa verið bundin við þá og síðan við dönsku kaupmennina. Lítið er vitað um markaði fyrir þennan tunnufisk en sennilega hefur hann farið mest til neyslu í Danmörku eða nálægum löndum.

Í Suður-Evrópu, og síðar í Mið- og Suður-Ameríku, tileinkuðu menn sér hins vegar annan smekk fyrir söltuðum fiski. Var hann þurrkaður eftir söltun og geymdist því betur í hitum. Portúgalar og Spánverjar tóku mjög að sækja á gjöful mið undan Nýfundnalandi eftir landafundina upp úr 1500 og ekki síðar en þá komust þessar þjóðir upp á bragðið með þurrkaðan saltfisk. Eftir söltun í stafla um borð í skipum var fiskinum skipað á land, ýmist á ströndum hins nýja heims eða í heimalandinu, og hann saltaður áfram í stæðum uns hann var sólþurrkaður. Var þessi aðferð síðan kennd við heiti Nýfundnaland á frönsku, *Terre-Neuve*, og á íslensku kölluð *terra-neufsverkun*.

Víkur þá sögunni til Íslands um miðja 18. öld. Dönsku kaupmennirnir höfðu þá fengist við þurrkun saltfisks og vitað er að árin 1733-43 voru um og yfir 100 tonn flutt út á ári. Fiskurinn var hins vegar saltaður í þéttum kerum og meðhöndlaður á nokkuð annan hátt en Nýfundnalandsaðferðin mælti fyrir um. Því var aðferð kaupmannanna kölluð dönsk verkun eða Kaupmannahafnarverkun. Þótt munurinn virðist ekki mikill var hann nægur til að neytendum í Suður-Evrópu geðjaðist ekki að þessum saltfiski.

Einokunarverslunarfélögum þeim, sem fóru með íslenska verslun um og eftir miðja 18. öld, var ljóst að ef selja átti saltfisk í Suður-Evrópu varð að verka hann eftir Nýfundnalandsaðferðinni. Var ýmislegt reynt af hálfu þessara félaga, ýmissa framsýnna Íslendinga og danskra stjórnvalda til að efla þá verkun. Er til þessa tíma að rekja upphafið að þeim verslunarsamböndum við saltfiskkaupendur í Suður-Evrópu sem ekki hafa rofnað enn – 250 árum seinna.

Lengi vel eða fram á fyrri hluta 19. aldar átti saltfiskverkunin samt erfitt uppráttar af ýmsum ástæðum. Hún útheimti auk saltsins kunnáttu þeirra sem verkuðu fiskinn og síðast en ekki síst fisk því mest var hert í skreið. Kaupmönnum var hins vegar bönnuð veturseta og að hafa fólk í vinnu fyrir sig fram til 1763, svo dæmi sé tekið, og saltið var jafnan af skornum skammti. Sjávarútvegur átti líka alltaf undir högg að sækja gagnvart landbúnaðinum og þótt vís-

ar að þéttbýli væru myndaðir með lögleiðingu kaupstaða við afnám einokunarinnar 1787 var það allt í skötulíki. Andúð sveitabænda á búðsetu við sjóinn var djúprætt og við þessar aðstæður var erfitt að efla fiskveiðar og saltfiskverkun. Þó jókst hún nokkuð og árin 1768-84 hljóp útflutningurinn á 300-700 tonnum árlega.

Ástand markaða skipti vitanlega höfuðmáli fyrir viðgang saltfiskverkunarinnar og á ýmsu valt í þeim efnum fram á fyrri hluta 19. aldar. Stundum sköpuðust hagstæðar aðstæður um lengri eða skemmri tíma, til dæmis í frelsisstríði Bandaríkjanna 1776-83. Þá gátu kaupmenn fært sér í nyt skort á mörkuðunum og hækkaða skipaleigu. Nokkru seinna geisaði síðan ófriður í Evrópu, með hléum frá um 1800 og fram til um 1815. Voru það styrjaldir Napóleons við nággranna sína og drógust ýmsar þjóðir inn í þær, bæði Danir og Engendingar auk Spánverja. En á Spáni, í ítölsku smáríkjunum og Suður-Frakklandi voru helstu verslunarborgirnar fyrir íslenska saltfiskinn á þeim tíma. Þetta stríðsástand hafði mjög truflandi áhrif á fisksölurnar og hrein siglingateppa var milli Íslands og annarra landa um tíma upp úr 1800.

Eins og áður segir má líta svo á að bernskuskeiði saltfiskverkunarinnar ljúki á fyrri hluta 19. aldar. Þá dró mjög úr skreiðarverkun en saltfiskútflutningur efldist að sama skapi. Þar við bætist að fram til þess tíma er svo að sjá að ekki hafi aðrir kunnað verkunina en verslunarþjónar kaupmanna og þeir fáu sem bjuggu í þeim húsaþyrpingum sem kallaðar voru kaupstaðir. Ef til vill hafa kaupmenn viljað sitja að þessari kunnáttu einir eða verið hræddir við slæma verkun af hálfu landsmanna. Því var að minnsta kosti haldið fram á seinni hluta 18. aldar. Um þetta er samt allt miklu minna vitað en skyldi og erfitt að fullyrða neitt með vissu hvernig þessu var háttað. Tölur um útflutning í kringum 1800 og á fyrri hluta 19. aldar eru fáar en af þeim að dæma þá var hann ívið minni en 1768-84 eða fáein hundruð tonn. Á fimmta áratug aldarinnar var hann hins vegar á þriðja þúsund tonn svo mikil umskipti höfðu orðið.

Þetta þarf ekki að koma á óvart því um miðja 19. öld og laust fyrir þann tíma sköpuðust hagstæðari aðstæður fyrir saltfiskverkunina. Þá hófst blómatími hennar á Íslandi. Fólksfjöggun og efnahagslegur uppgangur í aðalmarkaðslandinu, Spáni, var ein af höfuðforsendum aukinnar framleiðslu. Á móti þessum hagstæðu aðstæðum vann samt tollur sem Spánverjar settu árið 1825 og stóð lítið breyttur allt til 1872. Gerði hann það að verkum að af saltfiski, sem fluttur var til Spánar á öðrum skipum en spænskum, þurfti að greiða hærri toll. Spánverjar komust upp á lag með að sækja sjálfir saltfisk til Noregs og voru norskir útflytjendur fúsir til þess en dönsku kaupmennirnir reyndu þvert á móti að hindra siglingar þeirra til

Íslands svo þeir misstu ekki spón úr aski sínum. En saltfiskverslunin var eins og öll önnur verslun milli Íslands og annarra landa að mestu leyti í höndum danskra manna allt fram yfir 1900 þótt viðskipti við önnur lönd, einkum Bretland, ykjust nokkuð.

Eftir 1872 valt á ýmsu í tollamálum en almennt var gott efnahagsástand á Spáni á seinni hluta aldarinnar og skipti það ekki litlu máli. Samkeppni af hálfu annarra saltfiskframleiðsluþjóða hafði líka áhrif á gengi íslensks saltfisks á mörkuðunum. Umsvifamestir voru Norðmenn og Nýfundnalendingar þótt fleiri þjóðir flyttu út saltfisk. Íslenskur fiskur átti samt vaxandi vinsældum að fagna og gæði hans munu almennt hafa aukist svo hann varð eftirsóttur. Margt var rætt og ritað um nauðsyn fiskmats til að auka gæði saltfisksins og matsmenn tilnefndir en allt fram yfir 1900 var fiskmat í sjálfvaldi fiskútflytjenda. Skyldumat var svo tekið upp 1909 og voru Íslendingar meðal hinna fyrstu í því efni enda nutu verkendur þess í samkeppninni.

Kunnáttan við verkun saltfisksins breiddist smám saman út, fyrst á Suður- og Vesturlandi laust fyrir miðja öldina en nokkru síðar, milli 1870 og 1880, á Norður- og Austurlandi. Hin aldagamla skreiðarverkun dó jafnframt að mestu leyti út á seinni helmingi aldarinnar. Saltfiskverkunin eflist þess í stað og sjósóknin jókst. Skútur komu til sögunnar að ráði um 1880 og um aldamót bættust við togarar og vélbátar en árabátar og skútur tóku að týna tölunni.

Þessar breytingar á útgerðinni voru afdrifaríkar fyrir atvinnulíf og þjóðfélagsgerð. Þorp tóku að myndast á nýjum stöðum og í eða við sumar verstöðvar tók fólk sér fasta búsetu. Nokkur verkaskipting upphófst því karlmenn sóttu sjóinn en konur, börn og aðrir verkuðu fiskinn. Ýmsir kaupmenn tóku að hafa afskipti af útgerð og voru sums staðar fremstir í flokki í skútuútgerðinni. Þar skapaðist fjármagn sem þeir nýttu til frekari athafna. Þeir tóku að ráða fólk í vinnu til sín og vann það ýmist á sérstökum fiskreitum í eigu kaupmanna eða við heimahús sín og fékk síðan borgað visst fyrir það magn sem skilað var inn í verslunina. Í kringum útgerðina og verkunina tóku síðan að skapast ný störf og aðrar stéttir að dafna þótt í smáum stíl væri lengi vel.

Hér voru með öðrum orðum alveg nýjar aðstæður að skapast: sjávarþorp óháð landbúnaði. Raunveruleg þorp tóku að myndast þar sem fólk gat haft fasta búsetu árið um kring jafnvel þótt það sækti vinnu lengra um einhvern tíma ársins. Þorpin voru samt lengi vel ekki rishá, mannlífið ekki fjölbreytt og þau byggðust á saltfiski og engu öðru. En kringum fiskinn skapaðist smátt og smátt fjölbreyttara mannlíf og aðrar stéttir fundu þar tilverugrundvöll. Þetta er upphaf nútímans á Íslandi. Saltfiskverkunin ruddi honum braut.

Framleiðslan jókst stöðugt eftir því sem leið á 19. öldina og enn frekar með tilkomu togaranna og vélbátanna eftir aldamótin. Árin 1862-77 voru 3-4 þúsund tonn flutt út að jafnaði á ári og laust fyrir fyrri heimsstyrjöldina slagaði útflutningurinn í 30 þúsund tonn. Fyrri heimsstyrjöldin truflaði saltfiskverslunina en strax að henni lokinni hófst saltfiskútflutningur aftur og á þriðja áratugnum sló framleiðslan öll met. Hún náði 60 til 80 þúsund tonnum á ári og saltfiskurinn skapaði þá um og yfir helming teknanna af vöruútflutningi. Lífið var þá löngu orðið saltfiskur.

Sumpart vegna þessarar miklu framleiðslu, bæði á Íslandi og í öðrum löndum, var þriðji áratugurinn sviptingasamur í saltfiskversluninni. Spánverjar ollu líka Íslendingum alvarlegum áhyggjum í upphafi þriðja áratugarins með því að neita að kaupa saltfisk nema að vinnflutningsbann, sem staðið hafði í nokkur ár, væri afnumið. Endirinn varð sá að leyfa innflutning léttra vína sem Spánverjar framleiddu mikið af. Ítalía hafði reyndar komið til sögunnar sem markaðsland seint á 19. öld en þangað var flutt mun minna en til Spánar.

Heimsframleiðslan á þriðja áratugnum jaðraði við að vera mörkuðunum um megn og íslenskir útflytjendur áttu fullt í fangi með að koma saltfiskinum í lóg. Útflytjendur hans voru fjölmargir og samkeppni þeirra mikil. Umboðssala jókst mjög og fóru ýmsir útflytjendur og fiskverkendur flatt á því vegna þess að stundum fór verðið niður úr öllu valdi. Samtök meðal íslenskra fiskútflytjenda voru reynd en þau héldu ekki eða enduðu með gjaldþroti.

Með heimskreppunni versnuðu markaðsaðstæður mjög. Hún olli því að kaupgeta kaupendanna stórskertist því útflutningsvörur þeirra voru tiltölulega einhæfar eins og á Íslandi – mestmegnis landbúnaðarafurðir – og vöruskipti á fiski og slíkum vörum voru ekki aðgengileg fyrir Íslendinga. Þetta stefndi atvinnulífi í þorpum og kaupstöðum landsins í voða og samkeppnin harðnaði enn frekar. Sumir sluppu en ýmsir biðu tjón á fisksölum því umboðssala komst í algleyming.

Á árinu 1932 var ástandið svo ískeygilegt að bankarnir gripu að lokum til sinna ráða enda mikið í húfi fyrir þá. Með stuðningi ríkisvaldsins fengu þeir þrjá stærstu útflytjendurna um sumarið til að sameinast um sölu saltfisksins. Þetta voru Kveldúlfur, Alliance og Fisksölusamlögin. Var sett á fót sameiginleg nefnd sem fékk heitið Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda. Bankarnir tveir áttu hvor sinn fulltrúann í stjórn félagsskaparins og einn sat frá hverjum hinna. Þetta var bráðabirgðaráðstöfun og enginn vissi hve lengi þessi samtök mundu standa. Þessi ráðstöfun bar samt svo góðan árangur á árinu 1932 að ríkisstjórnin framlengdi líf samtakanna með

bráðabirgðalögum um eitt ár, 1933. Það ásamt vilja meirihluta útflytjenda til samvinnu dugði til að samtökin gátu starfað áfram um sinn.

Fiskútflytjendur og -verkendur voru hins vegar óánægðir yfir því að eiga ekki fulltrúa í stjórn samtakanna og með tilstyrk þeirrar ríkisstjórnar sem sat árið 1935 tókst að knýja fram breytingar á félagsskipaninni og samtökin hlutu einkaleyfi til saltfiskútflutnings að tilskilinni lágmarkspátttöku. Hún fékkst og eftir það voru samtökin komin á fastan grundvöll og nægilegur friður ríkti um þau til að þau gætu einbeitt sér að markmiðum sínum. Þau voru að halda uppi verðinu á fiskinum og ekki síður að stuðla að ró á mörkuðunum svo kaupendur gætu öruggir keypt fiskinn fyrirfram án þess að eiga stöðugt á hættu ódýrari fisk frá Íslandi.

Fjórdi áratugurinn markaði endalokin á blómaskeiði saltfiskverkunarinnar, þurrfisköldinni, og seinni heimsstyrjöldin rak endahnútinn á það. Á þriðja áratugnum höfðu Portúgal og Grikkland bæst við sem markaðslönd og sölur voru einnig hafnar til Mið- og Suður-Ameríku. Vegna kreppunnar lokaðist hins vegar markaðurinn í Grikklandi og sama gerðist á Spáni í borgarastyrjöldinni 1936-39. Á þeim árum var nær ekkert flutt til þess lands. Ítalía og Portúgal voru helstu markaðirnir á seinni hluta áratugarins, ásamt Ameríkumörkuðunum, en útflutningurinn var ekki nema svipur hjá sjón. Útflutningurinn fór niður í um 40 þúsund tonn á ári og menn gerðust svartsýnir á framtíð þessarar atvinnugreinar. Tilraunir með hraðfrystingu höfðu þá hafist og margir hugðu gott til hennar en skreiðarverkun, niðursuða og niðurlagning voru einnig álitnar vænlegar greinar.

Seinni heimsstyrjöldin gerbreytti öllum aðstæðum og saltfiskverkun var lögð að mestu leyti á hilluna. Eftirspurn var mikil eftir ísfiski og ógerningur að verka saltfisk lengur því flestir voru komnir í vinnu fyrir hernámsliðið, bæði verkafólk og matsmenn. Kaupgjald hækkaði mikið og önnur þrifalegri og stöðugri atvinna var fýsilegri en reitavinna og fiskvask.

Eftir stríðið reyndi SÍF að örva saltfiskverkun og endurvekja fyrri viðskipti en það reyndist hægara sagt en gert. Erfitt reyndist að fá fólk til vinnu því það var komið til annarra starfa og óvant fólk kunni ekki verkunina. Hún var líka mikið undir veðri og vindi komin og alltaf var eyða í vinnunni yfir miðjan daginn meðan fiskurinn þurrkaðist. Reitavinnan þótti því ekki fýsileg þegar samfellda og betur launaða vinnu var að fá annars staðar. Reitir höfðu líka farið forgörðum, þurrkhús voru fá og fiskgeymslur vantaði.

Ástandið í markaðslöndunum var ekki heldur alls staðar jafn gott. Engin viðskipti tókust við Spán né Portúgal fyrr en 1949-50 og

saltfiskur til Ítalíu var seldur gegn lírum sem erfitt var að færa sér í nyt. Einungis Grikkir greiddu í frjálsum gjaldeyri (Bandaríkjadöllum). Nokkuð rættist úr þessu á sjötta áratugnum því frjáls gjaldeyri fékkst frá Ítalíu og Portúgal en fiskurinn til Spánar var seldur gegn vörum allt til 1960 þegar viðskiptin urðu frjáls. Frá Brasilíu varð hins vegar að kaupa kaffi gegn saltfiskinum og frá Kúbu, sem var drjúgur markaður fyrir þurrfiskinn á sjötta áratugnum, varð að kaupa sykur.

Eftir stríðið var meginhluti saltfisksins fluttur út blautverkaður og hefur svo verið alla tíð síðan. Þessi breyting átti sér ýmsar orsakir. Fyrir stríðið höfðu Grikkir og Ítalir stöðugt aukið kaup á linverkuðum fiski og blautverkuðum og þeir héldu því áfram enda var hann ekki þurrkaður í þeim löndum fyrir neyslu. Á Spáni var allur saltfiskur þurrkaður og tókst að halda úti sólþurrkun hér á landi fyrir þann markað fram til 1960 en þá var henni hætt. Í Portúgal voru fljótt eftir stríðið reist mikil þurrkhús og sjávarútvegur eflður með ýmsu móti. Þörf var á atvinnuaukningu þar og vinnulaun voru lægri. Portúgalar keyptu saltfiskinn þess vegna blautverkaðan frá Íslandi þegar þeir hófu kaup nokkru eftir stríðið.

Eins og sjá má af þessu voru aðstæður til saltfiskframleiðslu verri en áður og má segja að það hafi komið sér vel að Spánverjar og Portúgalar gátu þurrkað fiskinn sjálfir þótt virðisaukinn af því tapaðist Íslendingum. Viðskipti við gömul og ný viðskiptalönd tókust svo smám saman eftir stríðið og á sjötta áratugnum þótt framleiðslan markaðist mjög af því hve mikið aðrar greinar tóku til sín, einkum hraðfrystingin; sala á ísfiski minnkaði er frá leið stríðinu en skreiðarverkun skaut rótum. Af þessum sökum fékkst ekki alltaf nægilegt hráefni til söltunar. Þrátt fyrir allt þetta jókst framleiðslan úr svo að segja engu árið 1945 í um 40 þúsund tonn á fyrri hluta sjötta áratugarins. Er þá frátalið metárið 1952 en þá voru flutt út nær 50 þúsund tonn vegna löndunarbannsins í Bretlandi.

Þann skugga bar á að gæði hráefnisins voru almennt minni en fyrir stríðið þegar allur afli hafði farið í söltun. Af því sem barst til frystihúsanna var það besta sett í frystingu en það lakara og það sem húsin komust ekki yfir að vinna úr fór í söltun. Það allra lakasta fór svo í herslu eða í söltun og þurrkun fyrir Suður-Ameríku. Besta framleiðslan var oftast frá þeim fiskframleiðendum sem eingöngu stunduðu söltun eða herslu ef til vill með. Gæðin voru þar af leiðandi ekki alltaf nógu mikil og ástandið á Suður-Ameríkufiskinum var slíkt að það var oft og iðulega happdrætti hvort hann slyppi án kvartana og skaðabótakrafna. Hráefnið var mjög lélegt í upphafi og vankunnátta eða hirðuleysi við þurrkun fisksins virðist hafa verið býsna alengt.

Þrátt fyrir allgóðan árangur í markaðsmálunum á sjötta áratugnum og að gæði blautfisksins væru almennt vel viðunandi varð lítil tæknileg framþróun í greininni og þetta rýrði afkomu saltfiskverkenda. Allt fram undir 1960 var vélvæðing nánast engin við verkunina þrátt fyrir meiri eða minni verkafólksskort. Vinnan var líka oft í hrotum og ef ekki náðist í því fleira fólk komst fiskurinn ekki nógu hratt í gegnum aðgerð og í söltun. Þetta kom niður á gæðum hans.

Að sönnu var sitthvað gert á sjötta áratugnum. Fleiri þurrkhús voru reist og burstavélar komu til sögunnar við fiskþvott en þetta var aðeins notað við þurrfiskverkunina sem var minnihluti saltfiskframleiðslunnar. Kæligeymslur voru einnig reistar á nokkrum stöðum á landinu en þær munu einungis hafa verið í stærstu saltfiskstöðvunum þar sem hraðfrysting var mjög oft aðalgreinin. Það sem allir verkendur þurftu á að halda voru vélar við fiskaðgerðina sjálfa en fram undir 1960 voru helstu tækin í hinum eiginlegu saltfiskstöðvum ekki annað en hnífar, hjólbörur og skóflur.

Fyrir þessa kyrrstöðu eða stöðnun í framleiðsluháttunum leið greinin og þá einkum í samkeppninni við frystinguna sem var vel tækjum búin samanborið við saltfiskstöðvar. Vinnan var svo erfið að naumast nema sterkir og hraustir karlmenn gátu þolað þann burð, mokstur og bogur sem verkuninni fylgdi. Framleiðnin var því minni og afkoman verri. Frystingin var líka álitin skapa meiri gjaldeyristekjur í krónum talið en þá var litið fram hjá því að freðfiskurinn var einkum seldur í vöruskiptum við Austur-Evrópu og Sovétríkin og látinn í té með lakari eða dýrari vörum en kaupa mátti á frjálsum markaði. Meirihluti saltfisksins var aftur á móti seldur fyrir frjálsum gjaldeyri sem var dýrmætur þjóðarbúinu.

Þessar aðstæður á sjötta áratugnum ásamt ýmiss konar gagnrýni á stjórn SÍF, meðal annars fyrir aðgerðaleyfi í hagsmunamálum, leiddu til uppgjors í lok áratugarins við þáverandi forystu Sölusambandsins. Sæst var á stofnun hagsmunanefndar innan SÍF og mannabreytingar urðu í stjórninni á næstu árum. Þessar hræringar marka upphaf nýrra tíma og mikils viðreisnarskeiðs í greininni eftir heimsstyrjöldina því þá fyrst bregðast verkendur og samtök þeirra markvisst við þeim aðstæðum sem greinin hafði búið við síðan í stríðslok. Horfið var úr vörn í sókn í afkomu- og hagsmunamálum saltfiskverkenda.

Einhver þýðingarmesta breytingin upp úr 1960 var sú vélvæðing sem þá fór af stað. Einstaka verkandi hafði byrjað að þreifa sig áfram með flatnings- og hausunarvélar, og jafnvel færíbönd, fyrir 1961 en það ár réð stjórn SÍF verkfræðing í þjónustu sína. Með starfi hans var mikilli vélvæðingu hrundið af stað í greininni. Jafnframt var

ýmiss konar hagræðing innleidd, húsakostur aukinn og endurnýjaður, þurrkklefar endurbættir, aðgerðarkerfi teiknuð fyrir húsin, vélar og tæki eins og lyftarar keyptir og svo mætti lengi telja. Þessi þróun, sem hófst upp úr 1960, hélt áfram allan sjöunda áratuginn og um 1980 mun engin stöð hafa verið með gamla laginu.

Jafnframt þessari breytingu á framleiðsluháttunum nutu saltfiskverkendur verðhækkana á sjöunda áratugnum. Gilti þetta þó aðallega um blautfiskinn því verðlag þurrfisksins hélt ekki í við verðhækkana á hinum. Bæði vegna þess og meiri framleiðni batnaði hagur verkenda mjög á þessum árum. Fleira jákvætt gerðist, til dæmis jukust gæði saltfisksins allmikið. Á mörkuðunum skiptust á skin og skúrir og einir mestu söluerfiðleikar eftir stríðið komu upp árið 1968 þegar skreiðarmarkaðir lokuðust nær alveg og gríðarlega mikið var saltað bæði hérlendis og erlendis af lélegum fiski. Þeirri sölutregðu er einungis hægt að jafna til ástandsins á kreppuárunum en í árslok 1969 mátti heita að markaðirnir væru komnir í nokkuð eðlilegt horf.

Í lok sjötta áratugarins dróst saltfiskútflutningurinn saman og fór úr 40-45 þúsund tonnum niður í 25-30 þúsund tonn. Með batnandi afkomu á sjöunda áratugnum jókst hann aftur og fór vaxandi nokkuð jafnt og þétt fram til 1976 er hann náði um 50 þúsund tonnum sem var einn mesti útflutningur frá stríðslokum.

Á áttunda áratugnum dró úr saltfiskframleiðslu Spánverja og Portúgala en báðar þjóðirnar, og einkum sú fyrnefnda, höfðu veitt og verkað allmikið af saltfiski, bæði til innanlandsneyslu og útflutnings. Þetta spratt einkum af þróun hafréttarmála því að æ fleiri ríki færðu út efnahagslögsögu sína á þessum árum og þá þrengdi að fiskveiðiflotum erlendra þjóða. Þetta bitnaði hart á Spánverjum og stjórnvöld settu tolla á innfluttan saltfisk til að hlynna að innlendri útgerð. Portúgalar, stærstu kaupendurnir, börðust lengi við gjaldreyrisskort og efnahagsþrengingar á áttunda áratugnum auk sviptinga í stjórnmalum landsins og það bitnaði líka á kaupum þeirra á íslenskum saltfiski. Nokkur afturkiptur kom af þessum sökum í útflutninginn á seinni hluta áttunda áratugarins en hann jókst aftur og varð nær 60 þúsund tonn 1981 sem var nýtt metár eftir stríðið.

Framan af níunda áratugnum hækkaði Bandaríkjadalur mikið gagnvart gjaldmiðlum markaðslandanna og það kom sér illa því íslenskir verkendur fengu borgað í þeirri mynt. Þetta olli verðhækkunum á saltfiskinum í markaðslöndunum og útflutningurinn héðan dróst þar af leiðandi saman. Gengi dalsins tók að lækka árið 1985 og vænkaðist þá hagur verkenda og útflutningur jókst á nýjan leik. En þá kom fram nýtt afl í saltfiskviðskiptunum sem setti mjög

mark sitt á þróun markaðsmálanna frá 1986 og fram yfir 1992. Þetta var Efnahagsbandalag Evrópu.

Spánn og Portúgal gengu í EB árið 1986 og um leið voru dregnar fram gamlar tollaheimildir. Þetta hafði afdrifaríkar breytingar í för með sér því skyndilega var nær því allur saltfiskútflutningur landsmanna háður tollum og kvótum EB. Kvótarnir voru langt frá því að vera ríflegir og allar EB-þjóðir, líka Ítalir og Grikkir, urðu að skipta þeim á milli sín. Þetta þýddi það að á árunum 1986-93 voru greiddir milljarðar íslenskra króna í tolla sem féllu á kaupendur og seljendur. Þar fyrir utan takmörkuðu þeir sölugerðir til þessara markaðslanda. Árið 1994 gekk svo í gildi samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og með honum féllu strax niður að mestu leyti tollar á íslenskum saltfiskafurðum.

Aðgerðir EB komu íslenskum saltfiskverkendum þeim mun verr að vegna ýmissa þjóðfélags- og neyslubreytinga í markaðslöndunum eftir stríðið hafði neysla á hefðbundnum saltfiski heldur minnkað með árunum. Þessar breytingar á stöðu saltfisksins í mataræði og lífsháttum neytenda kröfðust nýrra og nútímalegri afurða og pakkninga þótt með tilkomu þækilsöltunar upp úr 1970 félli hinn hefðbundni, flatti fiskur neytendum betur í geð. Tilkoma tandurfisksins 1983-84, sem var enn mýkri undir tönn og blæfalegri, var stórt skref fram á við og jók raunar aftur saltfiskneyslu í Katalóníu og Baskalandi en þar eru helstu og kröfuhörðustu saltfiskneytendur Spánar. En nútímalegri pakkningar í smærri einingum voru jafn brýnar eftir sem áður og SÍF hafði tekið þá stefnu að bregðast við þessu þegar EB setti óvænt strik í reikninginn og hefti mjög alvarlega þessa vaxtarbrodda í saltfiskiðnaðinum þar til EES-samningurinn kom til framkvæmda.

Þessara þjóðfélagsbreytinga gætti mismikið í markaðslöndum Íslendinga í Suður-Evrópu eftir seinna stríð en mest á Ítalíu því þar varð mikill efnahagsuppgangur og mikið þjóðfélagsumrót strax eftir stríðið gagnstætt hinum löndunum. Nýjar neysluvenjur skutu rótum á Ítalíu því með vaxandi vinnu kvenna utan heimilis og aukinni velmegun almennt jókst kaupmáttur og kröfur til lífsgæða. Þetta kom meðal annars fram í því að meira eða minna tilbúinn matur í litlum einingum varð vinsæll og hvað saltfiskinn snerti voru saltflök mun aðgengilegri en flattur fiskur. Því myndaðist þegar á sjötta áratugnum markaður fyrir söltuð þorskflök og íslenskir fiskframleiðendur gerðu tilraun með að selja þau þangað um miðjan áratuginn. Þeirri sölu var samt fljótt hætt sökum þess að tilkostnaðurinn var of mikill.

Á næstu árum og allt til 1970 voru samt nokkur hundruð tonn af þorskflökum seld til Ítalíu, Bandaríkjana og fleiri landa en þá datt

botninn úr þeirri sölu. Keppinautar náðu þá undirtökunum á flakamörkuðunum og hagstæðara var fyrir íslenska saltfiskverkendur að selja þorskinn flattan. Lag skapaðist svo aftur árið 1977 og á næstu árum stórkjóst útflutningur þorskflaka. Fóru þau mest til Ítalíu en einnig til Spánar, Grikklands og síðar Frakklands. Hafði náðst trygg og góð hlutdeild á Ítalíu árið 1988 þegar breytingar í tollamálum EB þrengdu mjög að sölunum þangað því 20% tollur lagðist ofan á þorskflökin þegar smákvóti með lágum tolli er frátalinn.

Þetta hartnær útilokaði íslenska framleiðendur frá þessum flakamörkuðum allt til ársbyrjunar 1994 þegar EES-samningurinn tók gildi. Að vísu var bót í máli að vegna undanþáguákvæða Spánar var hægt að auka útflutninginn þangað á árunum 1988-93. Þetta kom sér eigi að síður afar illa og tollurinn kom líka niður á neytendapökkuðum flökum sem hafin var framleiðsla á árið 1987. Ætlunin var að þjóna kaupendum betur, ekki síst þeim sem versla í stórmörkuðum. Þetta var þýðingarmikið því hefðbundnum fiskbúðum og útvötnurum, sem selja saltfiskinn útvatnaðan, hefur fækkað mikið á seinni árum og neytendur í markaðslöndunum hafa beint innkaupum sínum meir að stórmörkuðum sem hafa orðið algengari. Í þeim verður að selja fiskinn í smásöluumbúðum, hvort heldur það eru flök eða annað.

Áðurnefnd tollabreyting árið 1988 gjörbreytti rekstrarforsendum Pökkunarverksmiðju SÍF sem sett hafði verið á fót árið áður. Meginhluti framleiðslunnar voru flök og breyta varð verulega um framleiðsluafurðir. Í staðinn sneri SÍF sér að framleiðslu á útvötnuðum, frystum saltflökum því þau flokkuðust sem freðfiskafurðir og báru lægri toll. Framleiðsla ýmissa slíkra útvatnaðra og frystra afurða jókst næstu árin og voru þær uppistaðan í neytendapakningunum sem framleiddar voru í Pökkunarverksmiðjunni. Hún var svo seld árið 1990 og sett í hendur framleiðenda.

Ætlunin með afurðum Pökkunarverksmiðjunnar var hin sama og með framleiðslu flakanna, nefnilega sú að ná til yngri kynslóðanna sem versla í stórmörkuðunum, vilja hafa matinn fljóttekinn og í smáum einingum. Þetta var ein af ástæðunum fyrir kaupum SÍF á fiskverksmiðju einni í Frakklandi, Nord Morue, árið 1990. En ávinningurinn af kaupunum var einnig sá að senda hráefni og afurðir þangað á hentugum tíma til að lækka EB-tollgreiðslur, afla viðskiptasambanda, neyta nálægðarinnar við markaðina við framleiðslu og þróun saltfiskafurða, auka þekkingu á dreifileiðum og sölu afurðanna, lækka framleiðslukostnað og fleira.

Eins og sjá má af rekstri Pökkunarverksmiðjunnar og kaupunum á Nord Morue fóru saltfiskframleiðendur og samtök þeirra, SÍF, hér inn á nýjar brautir. Upphafið að því var á miðjum níunda áratug-

um þegar sett var á fót rannsóknastofa SÍF árið 1984 og matvælafræðingur ráðinn. Pökkunarverksmiðjan spratt síðan upp úr tilraunum og prófunum á nýjum saltfiskafurðum sem höfðu líka hlotið góðar viðtökur á matvælasýningum árið 1986.

Þetta og fleira sem gerðist á níunda áratugnum ber vott um það að forysta SÍF tileinkaði sér nýja og frumkvæðisríkari afstöðu til sölu- og markaðsmála, afstöðu sem kom líka fram í ýmissi nýsköpun, rannsóknum og þróunarstarfi. Með vissum rétti má segja að viðreisnartímabili saltfiskverkunarinnar hafi lokið á níunda áratugnum því þá var greinin fyllilega búin að bæta upp fyrir kyrrstöðu margra ára og var farin að færa sér í nyt tæki og vélar síns tíma. Síðari framþróun í saltfiskstöðvunum, meðal annars með tölvutækniinni, má líta á sem framhald af vélvæðingunni.

Með fyrrgreindum nýjungum á níunda áratugnum urðu hins vegar nokkur vatnaskil og má fullyrða að nýtt tímabil hafi byrjað í saltfiskiðnaði landsmanna. Til viðbótar því sem áður er getið má benda á útgáfu á fjölda verkunarleiðbeininga, gerð fræðslumyndbands um saltfiskverkun, eflingu eftirlitsmannakerfis, fundi með framleiðendum og verkstjórum og margt fleira sem var stuðningur við verkendur og ætlað að auka gæði saltfisksins enda hafði SÍF um miðjan áratuginn tekið í sínar hendur gæðaeftirlitið. Síðar, um og upp úr 1990, bættist fleira við, til dæmis námskeið fyrir matsmenn, gerð saltstaðals eftir undangengnar rannsóknir á ýmsum tegundum af salti og samning gæðahandbókar svo eitthvað sé talið.

Auk Pökkunarverksmiðjunnar og Nord Morue má benda á fleiri nýmæli í sölustarfinu. Um nokkurra ára skeið, 1989-91, stóð SÍF ásamt spænskum kaupendum og fleiri fyrir mikilli kynningar- og auglýsingaherferð á Spáni til að auka neysluna og bar það góðan árangur. Stofnuð var söluskrifstofa í Barcelona árið 1987 og seinna lítið dótturfyrirtæki. Á Ítalíu var sett upp föst söluskrifstofa árið 1990, meðal annars til að þjóna kaupendum betur, fylgja eftir sölum á neytendapakningum, annast auglýsingar og fleira. Segja má að allar þessar breytingar síðan á níunda áratugnum kristallist í því að íslenski saltfiskurinn er ekki lengur venjuleg magnvara heldur merkjavara, *Bacalao Islandia*, sem er í forystu á kröfuhörðustu saltfiskmörkuðunum.

Í samræmi við þessa breytingu tók pökkun og flutningur fisksins stökkbreytingu á níunda áratugnum. Hinn lífseigi strigi utan um fiskinn og stöflun fiskpakkanna í margar hæðir í lestum skipanna vék fyrir pappakössum og brettum sem klædd eru með snyrtilegum pappa. Stöflun í lestir skipanna heyrir líka sögunni til enda þolir tandurfiskur, sem er uppistaðan í saltfiskframleiðslunni, ekki sömu meðferð og gamli staflasaltaði fiskurinn sem var miklu meira press-

aður. Til þess að íslenski saltfiskurinn haldi sterkri stöðu sinni á mörkuðunum og falli að smekk neytenda verður allt að haldast í hendur: verkunaraðferðin, pökkunin, flutningurinn, sölu- eða dreifileiðir fisksins og ímynd hans. Hér hafa saltfiskverkendur lagt að sig að tímans kröfum til að verða ekki undir í samkeppninni við aðrar þjóðir.

Þetta minnir á þá staðreynd að íslenskir saltfiskframleiðendur hafa ætíð þurft að keppa við framleiðendur frá öðrum löndum um hylli kaupenda og sala saltfisksins hefur aldrei verið sjálfgefin. Í sextíu ár sneru íslenskir verkendur bökum saman og létu SÍF selja sinn fisk þótt stjórnvöld opnuðu stundum glufur eftir stríðið og veittu fleiri leyfi. En breyttir tímar og ný viðhorf á níunda áratugnum urðu þess valdandi að sérleyfi SÍF var afnumið árið 1992 og í ársbyrjun 1993 var heimiluð samkeppni í útflutningnum.

Summary

Production and sale of saltfish was one of the most important factors in Iceland's economic history for nearly a century. This is clear when one considers the chain-reaction of influence upon economic life and society in general, after the saltfish industry became established in the mid-19th century. It also accounted for a vast proportion of the nation's exports, and hence played a vital role in the economy. Saltfish production still remains one of the principal sectors of the fishing industry and accounts for 10-15% of the total value of the nation's commodity exports.

In the history of saltfish production in Iceland, three main periods can be discerned, in relation to the position of the industry in the Icelandic economy. Each period can, in turn, be divided into shorter stages, according to variations in production technique and the state of the industry.

Until the mid-19th century, saltfish production was in its infancy. When stockfish production, hitherto predominant, practically died out the saltfish industry was able to establish itself. From the middle of the nineteenth century until 1940, the fishing industry and saltfish industry were one and the same thing. There was hardly a person in any fishing village whose livelihood was not dependent, one way or another, on the cod catch, the climatic conditions for drying, and the state of the saltfish market. The story of urban communities at this time is thus the story of the fishing industry. This is the Golden Age, which most people think of in connection with saltfish: the Saltfish Age, although it could also be termed the Dry-fish Age, as most of the production was sun-dried fish.

World War II was a turning point in the Icelandic saltfish industry. The Golden Age was over, and this age-old branch of industry has been through various adversities. Since World War II, the place of saltfish production has been entirely different from before, due to increasing economic diversification. Though remaining an important branch of the fish-processing industry, it no longer stands head and shoulders above the rest. This period may be termed the Wet-fish age, as sun-drying all but died out in the early 1960s, and since the end of the war the vast majority of fish has been exported undried (wet).

Fish-salting in Iceland has a long history, in spite of the fact that salt was imported in very limited quantities for a long time, as it was relatively inexpensive and bulky, and therefore uneconomic to transport. Merchants and seafarers naturally preferred more valuable cargoes. Other methods of preserving food were generally used in Iceland, such as drying and pickling.

Salting of fish in barrels began no later than the 15th century when English and German merchants and seamen began to sail to Iceland. However, until the beginning of the monopoly trading period around 1600, it was limited to them, and subsequently to the Danish traders. Little is known of the markets for which this barrel-fish was salted, but it probably went mostly to Denmark and adjacent countries.

In southern Europe, and subsequently in Central and South America, a different preference for saltfish developed. The fish was dried after salting, and thus kept better in warm conditions. After the discovery of the New World, the Portuguese and Spaniards began to fish the rich grounds off Newfoundland, and it was around this time that the taste for dried saltfish developed. After being salted in stacks aboard ship, the fish was landed either in the New World or in the home country, where the salting-process was continued in stacks and the fish finally sun-dried. This method derived its name from the French name for Newfoundland, *Terre-Neuve*, Icelandicised as *terraneuf* processing.

Danish merchants in Iceland had been drying saltfish, and in 1733-44 over 100 tons of dried saltfish are known to have been exported annually. The fish was, however, salted in water-tight tubs, and processed rather differently from the *Terre-Neuve* method. Hence this was known as the 'Danish' method. Although the difference seems to be small, southern European consumers rejected the Danish-salted fish.

The monopoly traders in Iceland in the latter half of the eighteenth century realised that, in order to sell saltfish in southern Europe, it would have to be processed by the *Terre-Neuve* method. Various attempts were made to promote this production, both by forward-looking Icelanders and the Danish authorities. This period marks the beginning of Icelandic trade relations with saltfish buyers in southern Europe – a relationship that has been maintained for 250 years.

But the saltfish industry met with various obstacles in the first half of the 19th century. Saltfish processing required, in addition to salt, skilled workers, and, last but not least, fish – since most fish was dried as stockfish. Yet until 1763, traders were only permitted

to stay in Iceland during the summer, and were prohibited from employing people, for instance, and salt was always in short supply. The fishing sector was always subordinated to the agricultural sector and no urban centres managed to develop when a number of 'towns' were chartered after the lifting of the monopoly in 1787. Farmers and landowners had a deep aversion to permanent residence of people by the sea, and these conditions were difficult for the fisheries and saltfish processing. Production rose somewhat, however, and in 1768-84 saltfish exports were 300 to 700 tons annually.

The state of the markets was obviously of prime importance for the prosperity of saltfish processing, and there were various fluctuations in the second half of the eighteenth century and in the beginning of the nineteenth century. Sometimes conditions were favourable for a while, for instance during the American War of Independence in 1776-83. The merchants were able to exploit the shortage on the market, and the price of cargo transport rose. Some time later, war raged in Europe from 1800 on and off until 1815; Napoleon waged war on his neighbours, and various other countries were caught up in the hostilities, such as Denmark, Britain, and Spain. Spain, along with the fragmented states of Italy, and southern France, were the principal markets for Icelandic saltfish. The conflict disrupted the saltfish trade, and for a time after 1800 there was a complete embargo on ships to and from Iceland.

As mentioned above, the saltfish industry may be said to have 'come of age' in the first half of the 19th century, when stockfish processing declined and saltfish processing grew correspondingly. In addition, it seems that at this time the skills of salting were known only to employees of merchants, and the few inhabitants of the tiny hamlets known as 'towns.' Perhaps the merchants were unwilling to share their trade secrets, or were afraid that the Icelanders would not process the fish properly. Little is known of this for certain, so it is hard to make any firm assertions. Export figures are sparse for the years around 1800 and the early years of the 19th century, but from existing statistics it seems that exports were somewhat lower than in 1768-84, or a few hundred tons. By the 1840s, however, exports were more than 2,000 tons, reflecting the major change that had taken place.

This is no surprise, as shortly before the middle of the 19th century conditions for saltfish processing grew more favourable. This was the beginning of its Golden Age. Population growth and economic prosperity in the principal market country, Spain, was one of the main premisses for increased production. These favoura-

ble conditions were, however, to some degree counteracted by an import duty imposed by Spain in 1825, which continued to apply with little alteration until 1872; saltfish imported on non-Spanish vessels was liable to higher duty. The Spanish soon started to use their own vessels to fetch saltfish from Norway, with the co-operation of the Norwegian exporters. The Danes, on the contrary, did their best to inhibit Spanish vessels sailing to Iceland, as this meant loss of trade to them; like other international trade with Iceland, the saltfish trade was at this time almost wholly in Danish hands. This remained the case until the turn of the century, although trade with other countries, mainly Britain, grew somewhat.

After 1872, there were various developments regarding duties, but the economic situation in Spain was generally favourable in the latter half of the century, and this was an important factor. The market position of Icelandic saltfish was also affected by competition with other saltfish-producing nations, The largest competitors were Norway and Newfoundland, although other nations also exported saltfish. Icelandic fish enjoyed growing popularity, however, and its quality gradually improved, so that it became sought-after. There was much discussion of the need to introduce quality assessment in order to improve the quality of the saltfish, but until the beginning of the 20th century this was dependent upon voluntary action and subject to the individual exporter. In 1909 compulsory quality assessment was introduced; Iceland was one of the first countries to take this step, and the producers reaped the benefit.

Skills in saltfish processing spread gradually, first in the south and west shortly before the middle of the 19th century, then subsequently, in 1870-80, in the north and east. The ancient process of drying stockfish practically died out in the latter half of the century while saltfish processing flourished, and the fisheries grew. Sailing vessels made their appearance about 1880, followed by trawlers and motor-powered boats around the turn of the century, when rowing and sailing boats began to disappear.

These changes in the fishing industry were to have important consequences for the economy, and society as a whole. New villages began to grow, and people settled permanently at or near the fishing stations. Division of labour began to occur, as men went to sea, while women, children and others were responsible for fish-processing on land. Various tradesmen went into the fishing industry, and in some areas they were the leading lights of the sailing-vessel fisheries. This brought them profit which they put into further development. They started employing staff, either at fish-drying areas owned by the tradesmen, or as outworkers who were

paid a piece-rate. Secondary jobs began to develop in connection with the fisheries and fish-processing, and work began to be slightly more diversified.

Entirely new conditions were thus in process of development, fishing villages unconnected with the agricultural sector. Real villages grew up, where people could reside all year, although they might seek work elsewhere for some part of the year. The villages made a slow start; not much went on there except fish-salting. But gradually village society became more varied, and a wider range of work developed. This marks the beginning of the modern age in Iceland, with saltfish as its pioneer and emblem.

Production rose steadily throughout the 19th century, and even more after the advent of trawlers and motor-powered boats after the turn of the century. In the period between 1862 and 1877, annual exports were 3-4 thousand tons on average (cf. myndrit II.1 and III.2). On the eve of World War I, exports were close to 30 thousand tons. The war disrupted saltfish exports, but they recovered immediately after hostilities ceased, and in the 1920s production broke all records., reaching 60 to 80 thousand tons a year. Saltfish accounted for half of Iceland's earnings from commodity exports. By then, as they say in Iceland, 'life was saltfish.'

To some extent due to this enormous production of saltfish, both in Iceland and elsewhere, the 1920s were an eventful time in the saltfish trade. Spain put the Icelanders in a difficult position in the early 1920s by refusing to buy saltfish unless Iceland's ban on wine imports, which had been in force since 1915, were abolished. The Icelanders, forced by the interests at stake, finally gave way for low-alcohol wines which the Spaniards produced in large quantities. Some saltfish had been sold to Italy since the late 19th century, but Spain remained the primary market.

World saltfish production in the 1920s sometimes exceeded demand, and Icelandic producers had their work cut out to find buyers. Many different firms were involved in saltfish exportation, and competed fiercely. Saltfish was increasingly sold on consignment, and some exporters and producers suffered by this, as prices dropped alarmingly. Attempts were made to establish organisations of saltfish producers, but these were short-lived.

With the start of the Depression, market conditions deteriorated markedly. The buyers' purchasing power declined drastically, as their exports were, like Iceland's, relatively limited – mostly agricultural products. Barter of fish for fruit and vegetables was unacceptable for Icelanders with their heavy demand for general imports because of undiversified economy. This threatened the

economy of villages and towns all over the country, and competition grew even harsher. Some survived, while other made losses on their fish sales, as sales on consignment became the rule.

By 1932 the situation was so alarming that Iceland's banks took the law into their own hands, in an attempt to guard their interests. With government support, they persuaded the three largest saltfish exporters to join forces in saltfish marketing; these were Kveldúlfur, Alliance and Fisksölusamlög (The Fish-sale Co-operatives). They established a joint board named Sölusamband íslenskra fiskframlleiðenda (The Union of Icelandic Fish Producers). Each of the two banks nominated a representative on the board, together with one representative from each of the three companies. This was a temporary arrangement, and nobody knew how long the Union would last. The arrangement yielded such good results during 1932 that the government extended it by emergency legislation by one year, 1933. This, together with the willingness of the majority of exporters to work together, was sufficient to ensure the Union a longer life.

Other fish exporters and processors were, however, discontented at not being represented on the board; with the support of the government in office in 1935, they forced the Union to make changes to its organisation, and a monopoly on saltfish exports was granted, conditional upon a specified minimum participation, which was fulfilled. After this, the Union was firmly established although it had to secure minimum participation each year in order to keep the sole right of exporting. This was achieved because there was sufficient consensus on the organisation to allow the Union to concentrate on its objectives: to maintain high prices for the Icelandic fish in the markets, and, in turn, to conduce to stability in the markets so that importers could safely buy Icelandic fish, without the constant possibility of lower quotations from other exporters in Iceland.

The 1930s saw the beginning of the end of the Golden Age of saltfish, the Dry-fish Age, and World War II was the final chapter. During the 1920s, Greece and Portugal had been added to the markets, and sales had also begun to Central and South America. The Greek market, however, closed down due to the Depression, and the same happened in Spain during the Civil War in 1936-39. During this period, almost no saltfish was sold to Spain. During the latter half of the decade, Portugal and Italy were the principal markets, together with the American markets, but exports had dropped drastically. They went down to about 40 thousand tons per year (cf. myndrit III.2), and pessimism ruled about the future of the

industry. Experiments with freezing had begun, and many saw good prospects here, while stockfish and canning were also regarded as promising alternatives.

World War II wrought a transformation which led to saltfish processing being all but abandoned. Demand for fresh fish in ice was high, and labour was unobtainable for saltfish work, as the British occupying forces employed so many people, both labourers and experts. Salaries rose, and other, cleaner, work was preferable to washing and stacking fish.

After the war, the Union of Icelandic Fish Producers attempted to promote saltfish processing and re-establish older trade relations, but this proved to be easier said than done. It proved difficult to find staff, both labourers and assessors, as they had moved to other work, and untrained people did not have the necessary skills. Saltfish-processing was also highly dependent upon the weather, and there was always a dead period during the middle of the day, while the fish dried. Hence this work did not appeal, when a continuous working day on better pay was available. Drying-areas had also become dilapidated, drying-sheds were few, and there was a lack of storage space.

In the market countries, the situation was not necessarily promising. No trade was established with Spain and Portugal until 1949-50, and saltfish was exported to Italy in exchange for lira, which were of limited value to Icelanders as in the 1930s. Only Greece paid in hard currency (US dollars). Some improvement took place in the 1950s, when Italy and Portugal paid in hard currency, but saltfish was sold to Spain on a barter basis until 1960 when the trade was deregulated. From Brazil, however, coffee had to be bought for fish, and sugar from Cuba, a large market in the 1950s.

After the war, most of the saltfish was exported wet, and this has been the case ever since. This change may be attributed to various factors. Before World War II, Greece and Italy had steadily increased their purchases of semi-dried saltfish (soft cures) and wet saltfish, and they continued to do so; in these countries, the fish was not dried for retail distribution. In Spain all saltfish was dried, and sun-drying for this market continued in Iceland until 1960, when it ceased. In Portugal, large drying-sheds were built soon after the war, and various aid was provided to the fishing industry. More employment was required there, and salaries were lower. Hence the Portuguese bought wet saltfish from Iceland when they began to import soon after the war.

As described above, conditions for saltfish production were less favourable than before, and one may say that it was fortunate that

the Spanish and Portuguese began to dry the saltfish, although this meant less revenue to Iceland. Trade with new and old markets was gradually established in the post-war years and in the 1950s, although production suffered from the impact of other forms of processing, especially freezing – sales of fresh fish in ice dropped after the war, while stockfish processing grew. Hence it was sometimes impossible to acquire sufficient fish for processing. Nonetheless, production rose from almost nothing in 1945 to about 40,000 tons annually in the early 1950s – omitting the record year, 1952, when nearly 50 thousand tons were exported, due to an embargo on selling in British ports (cf. myndrit VII.1).

The product was affected by the fact that the quality of the fish was generally lower than before the war, when the whole catch was salted. Of catches that came ashore, the best fish went to freezing-plants, while the poorer fish, and surplus fish that the freezing-plants could not take, was salted. The very poorest was either dried as stockfish or salted and dried for the South American market. The best saltfish came from those producers who were exclusively involved in salting, or perhaps drying also. The product, therefore, was of uneven quality; the production for South America, in particular, was often so poor, that complaints and demands for compensation could be expected. The raw material was of poor quality, and carelessness and ignorance in processing seem to have been a common problem.

Although marketing efforts yielded quite good results in the 1950s, and although the quality of wet saltfish was generally acceptable, there was little technical progress, and this affected the profitability of saltfish producers. Until as late as ca 1960, there was almost no mechanisation in the processing in the saltfish stations proper, in spite of a more or less constant shortage of staff. The work was also characterised by periods of intense activity, and if a sufficient number of workers were not available, the fish could not be processed speedily enough, and this affected its quality.

The methods of production in the saltfish industry were, admittedly, not quite at a stand-still. More drying sheds were built, and brushing-machines were introduced for fish-washing – but this was only of use to those producing dried fish, which was only a minor part of the total saltfish production. Refrigerated stores were also built in several locations, but this was only at the largest fish-processing plants, and they produced mainly frozen fish. What all the saltfish producers needed were machines for the actual fish-processing, but until about 1960 the principal tools in use in saltfish stations were knives, wheelbarrows, and shovels.

This stagnation in production methods proved detrimental to the saltfish industry, especially in competition with freezing, which was highly mechanised by comparison. The work was so hard that only hale and hearty men could cope with the lifting, shovelling and bending involved. Productivity was thus lower, and profitability suffered. The freezing industry was also regarded as a larger earner of foreign currency, but this was without taking into account the fact that much of the frozen fish was sold on a barter basis to Eastern Europe and the USSR, in return for goods of poorer quality or higher price than on the free market. Saltfish, on the contrary, was mostly sold for hard currency, of great value to the economy.

These conditions in the industry in the 1950s, together with various criticisms of the management about the Union, including lack of attention to the interests of the producers, led to a confrontation at the end of the decade with the then leadership of the Union. The parties agreed to establish an Interests Committee within the Union, and to make changes to the board in the following years. These upheavals marked the beginning of a new era, and a renaissance in the industry following World War II; it was only now that producers and their organisation responded systematically to the new conditions that had existed since the end of the war. They went from defence to attack.

One of the most important changes that took place after 1960 was mechanisation. A handful of producers had introduced splitting and de-heading machines, and even conveyor belts, before 1961, when the Union added an engineer to its staff. This was the start of a major process of mechanisation. Various other improvements were made, buildings were constructed or renovated, drying facilities were improved, processing lines were designed, machines such as fork-lifts were purchased, and so on. This process, which began after 1960, continued throughout the 1960s. By 1980 practically no old-style saltfish stations were left.

- pappagámar 120m, 258, 260, 273m, 275m, 276
- pappakassar 120m, 133m, 183, 233m, 258, 260, 265, 270-71, 273m, 275m
- sporðatal 258
- strigapakkar, strigi 144, 182m, 183, 258, 260, 270-71, 272m, 274m, 276, 277
- trékassar 120m, 161m, 182m, 270, 272m
- undirvigt 39, 46m, 269, 271, 301m, 304
- saltfiskpönnukökur 68, 286
- saltfisktogarar
- landanir erlendis 23-4
- hlutdeild í saltfiskútflutningi Íslendinga 1941-92 354-5ta
- magn 1941-92 19mr, 351-2ta
- saltfisktollar. Sjá tollar og kvótar
- saltfiskur í neytendaumbúðum. Sjá neytendapakningar
- saltfiskútflutningur 33, 68-9, 86, 159-61
- aðilar utan SÍF 65-6, 67, 69, 86, 217-19, 220-21
- afurðategundir (innbyrðis hlutdeild) 1941-92 262mr, 354-5ta
- afurðategundir (magn) 1941-92 19mr, 44mr, 352-3ta
- árstíðabundinn 72-3, 236
- birgðastaða 35, 36m, 37, 40, 41, 43, 46, 50, 57, 59, 61, 64, 65, 84, 104, 235-6
- frjáls 68-9, 86, 210, 216-17, 222, 224, 227-9
- helstu viðskiptalönd 1941-92 20mr, 45mr
- utanríkisráðuneyti 86, 217, 227, 228
- útflutningsgjöld 146
- útflutningsleyfi 209-12, 213, 215-17, 218, 220-24, 227

- útflutningsmagn 19mr, 22, 23, 44mr, 352-5ta
 útflutningsnefnd sjávarafurða 213, 215, 216
 útflutningsuppbætur 21, 27, 40, 74
 Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins 146
 verðmæti 1941-92 356ta
 hlutdeild í vöruútflutningi 1941-92 19mr, 44mr,
 69, 356ta
 saltfiskútflýtyjendur á Íslandi. Sjá saltfiskverslun á Íslandi
 saltfiskverð, söluverð
 Sjá einnig saltfiskmarkaðir heims
 áhrif efnahagsástands 149
 áhrif innborgunarskyldu 146-7
 áhrif innflutningstolla 45, 59, 78
 áhrif minnkandi fiskneyslu 42, 122
 áhrif ríkisstyrkja 146, 148
 eftirspurn 15, 75, 88, 154
 meiri en framboð 14, 18, 22, 30, 31, 34-5, 44, 50,
 54, 55, 56, 74, 85, 90, 94, 99, 110, 127, 219,
 235
 meiri en leyfður innflutningur 43
 meiri en þörf 31, 115
 fast 108
 framboð og eftirspurn 30, 35, 38, 41-2, 44, 49, 55, 56,
 58, 61-2, 65, 85, 102, 112, 119, 122, 146
 framleiðslukostnaður 269-70, 288
 gengisþróun, gjaldeyrisráð 20, 21, 47, 48, 50, 67, 79,
 100, 101, 123, 129, 265
 heimsmarkaðsverð 146, 148
 hráefniskostnaður 256
 í hámarki 1986-87 57, 59
 munur milli markaða 84, 97, 109
 offramboð, offramleiðsla 38, 40, 41-2, 43, 45, 76, 220
 samkeppni Íslendinga við aðrar þjóðir 39, 45, 48, 50,
 64-5, 67, 72, 78, 95, 101, 103, 105, 108, 109,
 117, 127, 129, 132, 134, 141, 156, 157, 161,
 269, 281, 293, 299
 Sjá einnig keppinautar Íslendinga á saltfiskmörk-
 uðum
 samkeppni við aðra matvöru 50m, 64, 139, 145-6, 307
 samkeppni við aðrar fiskafurðir 44, 45, 46, 61, 64-5,
 104, 227
 samkeppnisstaða Íslendinga 51, 52, 55, 58, 123, 124,
 157
 SDR-tenging 48
 tandurfiskur 79, 105
 til neytenda 50, 57, 64, 71, 78, 83, 84, 86, 103, 115,
 116, 122, 139, 268
 tollar. Sjá tollar og kvótar
 undirboð 57, 84, 105, 108, 109, 111, 112, 146-7, 148,
 160
 saltfiskverkun
 aðgerð
 aðgerðarkerfi 28, 29, 30m, 243m, 244, 246, 247m,
 248, 293
 fiskmóttaka 30m, 32m, 248, 250, 251, 253m, 254,
 255, 256
 flatningsvélar 30m, 243-4, 247, 248, 253m, 254,
 255, 257
 færibönd, færibandakerfi 29, 30m, 32, 182m, 243,
 244, 247, 248, 251, 253m, 254, 255, 257, 259,
 293
 hausunarvélar 30m, 243, 244, 247, 248, 251,
 253m, 254, 257
 hjólbörur 242m, 243, 252m, 255
 hnífar 242m, 243
 lyftarar, gaffaltrillur 30, 181m, 245, 246, 247, 249,
 254, 253m, 255, 257, 258, 271
 geymsla, geymsluhús 21, 29, 39, 40, 73, 228, 236, 240-
 41, 242, 245, 249, 260, 268
 geymslukostnaður 50
 geymsluþol saltfisks 18, 74, 236, 282
 kæligeymslur, kæling 18, 21, 39, 40, 74, 114, 140,
 169m, 173, 174m, 182m, 183, 240-41, 242,
 243, 249, 259-60, 268, 276, 277
 söltun 26m, 31m, 248-9, 250m, 253m, 254-5, 257-8,
 263-5, 267
 Sjá einnig salt
 bretti 100, 271, 273m, 275m, 276-7, 303
 fiskkör 30, 31m, 224, 246, 248m, 249, 255, 257,
 258, 264, 266
 hjólbörur 242m, 243, 252m, 255
 kalsíumklóríð 265
 lyftarar 30, 31m, 245, 246, 247, 248m, 249, 254,
 255, 257, 258, 271
 pólýfosfat 265
 pækilsöltun 30, 31m, 246, 248-9, 254, 255, 257-8,
 263-5, 266, 293
 pækun 56, 258, 267
 skóflur 242m, 243, 254
 sprautusöltun 258, 267
 staflasöltun 264
 verkunaraðferðir, verkunartegundir
 húspurrkun [þurrkklefar]. Sjá saltfiskverkun,
 þurrkun
 pækilsöltun 263-4
 pækun 258
 sólþurrkun. Sjá saltfiskverkun, þurrkun
 sprautusöltun 258
 staflasöltun 264
 tandurverkun 266
 verkunarleiðbeiningar, fræðsla 184, 289, 303, 306
 þurrkun, þurrkhús 21, 25, 26, 28, 35, 88, 105, 108,
 137, 140, 142-50, 234, 236-9, 240, 243, 290-91,
 298
 fiskreitir 12, 21, 234-5, 238m, 239
 geislaþurrkun 240
 sólþurrkun 12, 21, 25, 35m, 73, 236, 239, 291
 stökkun 234m, 291
 þurrkklefar 28, 29, 140, 246, 247, 249
 þurrkvélar [Raufossþurrkarar] 246m
 þvottur 234m, 240
 burstavélar 240, 242
 hjólbörur 242m, 243, 252m, 255
 vöskunarker, vöskunarvélar 29, 30m, 245, 248,
 253m, 254, 257

- saltfiskverslun á Íslandi (kaupendur og seljendur)
 Samband íslenskra samvinnufélaga 15
 saltfiskútflutningur 211
 útflutningsleyfi, deilur um 209-12, 214
- Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda
 aukafundur 1968 39, 221
 aukafundur 1990 225, 226, 227, 229-30
 breytingar á félagsformi 1992-93 225, 229-31
 breytingar á starfsháttum 1990-91 225-6, 229
 einkaleyfi 66, 115, 212, 213, 220, 221-9
 endurskipulagning 1935 192, 195, 200
 félagsmenn, fjöldi 192-3
 félagsslit 1993 187, 199, 201, 230-31
 gagnrýni á stjórn 25, 29, 177-8
 hagsmunafélag saltfiskframleiðenda 1959, fyrir-
 hugað 25, 178-9, 244
 inntöskuskilyrði 191-2
 skilaverð, útborgunarverð, lokaverðsgreiðsla,
 jafnaðarverð, verðjöfnun 84, 181, 194-5, 197,
 227
 stjórnmaladeilur um 206-8, 212-17, 221
 stofnun 191, 192, 197, 198, 206, 207
 umboðslaun 208
 umboðsmenn 39m, 72m, 76m, 83, 90, 108m,
 115m, 128, 132m, 140m, 145m, 147m, 148m,
 170-72, 207, 208, 211, 281, 301
- saltfiskverslun erlendis. Sjá saltfiskmarkaðir heims
 saltfiskvika á Spáni 1990 173
 saltgula 292
 salöt, með saltfiskbragði 287
- Samband íslenskra samvinnufélaga (SÍS) 15
 hraðfrystur fiskur 213, 222
 saltfiskútflutningur 211
 útflutningsleyfi, deilur um 209-12, 214
- Sameiningarflokkur alþýðu – Sósíalístaflokkurinn (Sósi-
 alistaflokkur) 207, 208
- Samlag skreiðarframleiðenda 187-8, 213
 Samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi 182
 Samtök fiskvinnslustöðva 223
 samtök hraðfrystihúsaeigenda 171, 176, 184, 187, 123,
 222, 245
- Samvinnufélag fiskimanna (í Færeyjum) 159
 samvinnufélag 191
 Sao Paulo 37m, 58m, 140m, 147m, 152m, 290
 SDR-gengi 48, 50, 55
 Selfoss, flutningaskip 276
 séreignasjóður SÍF 198, 229
 sérleyfi SÍF. Sjá Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda,
 einkaleyfi
- SIAL, matvælasýning 288
 Sigfús Magnússon, yfirfiskmatsmaður 186m, 299-300
 Sighvatur Bjarnason, framkvæmdastjóri Nord Morue 174,
 196m, 203
- Sigríður Bára Einarsdóttir, starfsmaður SÍF 205m
 Sigurborg Kristjánsdóttir, starfsmaður SÍF 205m
 Sigurður Bogason, dr, starfsmaður SÍF 166m, 280, 282
 Sigurður Einarsson, fiskverkandi 60m, 196m, 197m
 Sigurður Haraldsson, skrifstofustjóri, síðar aðstoðarfram-
 kvæmdastjóri og framkvæmdastjóri SÍF 87m,
 105, 118m, 166m, 175m, 197m, 201-2, 203,
 205m, 302
- Sigurður Jóhannsson, starfsmaður SÍF 306m
 Sigurður Markússon, framkvæmdastjóri 196m 197m
 Sigurður Pétursson, dr, gerlafræðingur 186m
 Sigurður Sigfússon, forstöðumaður söluskrifstofu SÍF 124,
 148m, 166m, 175, 203
- Sigursveinn Friðriksson, Akureyri 186m
 SÍF. Sjá Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda
 SÍF hf. Sjá Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda hf.
 síld 213, 217, 266
 Síldarútvegsnefnd 179, 213
 Síld og fiskur, matvælafyrirtæki 189
 SÍS. Sjá Samband íslenskra samvinnufélaga
 Sívertsen. Sjá Bjarni
- Sjálfstæðisflokkur 206, 207, 208, 216
 sjávarútvegsráðuneyti 186m, 216, 295, 305
 sjófrysting 53, 58, 60, 65, 67
 Sjólastöðin, fiskverkunarstöð 217, 220-21
 sjólax 155, 157-9, 269
 Sjómannaskólinn 10m
 sjómenn 24, 307
 skaðabótakröfur. Sjá kvartanir og skaðabótakröfur
 skilaverð SÍF. Sjá Sölusamband íslenskra fiskframleið-
 enda, skilaverð
- „skinnpökkun“ á neytendapakningum 59m
 skipakostur 13, 46m, 55m, 62m, 189-90, 271, 274m,
 275m, 276, 277
- skipasmíðar, skipasmíðastöðvar 76-7, 96m
 Skjöldur Þorgrímsson, Reykjavík 186m
 skóflur 242m, 243, 254
 skreið, skreiðarverkun, skreiðarmarkaðir, skreiðarút-
 flutningur 22, 23, 30, 32, 33, 36, 38, 46, 43, 45,
 52, 125, 127, 143, 144, 164, 175, 187, 213, 217,
 221, 237m, 293, 295, 298
- Skreiðarsamlagið. Sjá Samlag skreiðarframleiðenda
 skrifstofa saltfiskframleiðsluþjóða, fyrirhuguð 162, 163
 skuttogarar. Sjá togarar
 skyndibitar með saltfiskbragði 287
 slóg- og beinakassar. Sjá kassar
 smáfiskur 44, 45, 64, 86, 111, 124, 127, 130m, 132, 135,
 154, 284, 291
- smygl á saltfiski 98
 „snakk“. Sjá nasl
 Snæfellsnes 193, 194
 Soffonías Cecilsson, fiskverkandi 196m, 197m
 Solernou, José, forstöðumaður söluskrifstofu SÍF 83, 173
 Soriahérað á Spáni 35m
 Sovétríkin 22, 235-6
 sólþurrkun 12, 21, 25, 35m, 73, 236, 239, 291
 Sósíalístaflokkur (Sameiningarflokkur alþýðu – Sósíal-
 istaflokkurinn) 207, 208
- Spánn, Spánverjar 70, 71, 74, 126, 133, 169m
 borgarastyrjöldin 69, 71, 261
 Efnahagssamvinnustofnun Evrópu 70, 74
 Evrópubandalagið 50, 51, 53, 54, 55, 67, 79, 82, 184,
 122

- ferskfiskviðskipti 60, 61, 65, 83, 221-2, 224
 fiskveiðar 34, 42, 43, 52m, 71, 76, 82, 83, 89
 frjáls viðskipti 73, 75
 gjaldeyrismál, gengisþróun 47, 67, 70, 74, 77, 265
 Norður-Spánn 70, 74
 saltfiskur
 eftirspurn 14, 18, 75
 framleiðsla 18, 34, 35m, 36, 37, 42, 52m, 55, 58, 63m, 71-7, 82, 83, 84, 108, 109, 222, 224, 288
 gæðamál 74, 143
 hlutdeild í saltfiskútflutningi Íslendinga 1941-92
 20mr, 45mr, 73mr, 77mr, 338-9ta
 innflutningshömlur, innflutningsleyfi 40, 43, 69, 71, 73, 76-7, 79, 82
 innfluttar saltfiskafurðir frá Íslandi (magn) 1941-92 73mr, 77mr, 338-9ta
 kröfur kaupenda 38, 72, 73, 79m, 81m, 109, 113, 266, 267, 277, 303
 kæligeymsla SÍF 169m, 173, 174m
 markaðssvæði Íslendinga 49m, 70, 74, 79, 83
 neysluvenjur 42, 71, 75, 78, 79m, 80m, 81m, 228, 277
 ódýrari fisktegundir en þorskur 83, 86
 pökkun 271, 276
 saltfiskvika 1990 173
 samtök fiskkaupenda 70
 smásala 80m, 81m, 278m, 279
 söluskrifstofa SÍF 172-3, 281
 viðskipti 20, 34, 37, 40, 43, 44, 46, 47, 49, 50, 59, 65, 66m, 67-8, 69-87, 109, 218, 222, 228, 239, 266, 269, 281, 285
 skipasmíðar 77
 stjórnmálasamband við Ísland 69-70, 239
 Suður-Spánn 63m, 83
 togarakaup Íslendinga 76-7
 tollar og kvótar 44, 51, 71, 76-9, 82, 83, 84, 108, 122, 184, 269
 viðskiptasamningar 70, 77
 vöruskipti 70-73, 74
 yfirdráttarheimild 72
 SPIG-fiskur 65, 267
 sporðatal 258
 sprautusöltun 258, 267
 spænska borgarastyrjöldin 69, 71, 261
 Stefán Jónsson, skrifstofustjóri SÍF 196m, 205m
 Stefán Jónsson, starfsmaður SÍF 304
 Stefán Runólfsson, fiskverkandi 196, 197m
 Stefán Þorvarðsson, skrifstofustjóri, síðar sendiherra 13m
 Steffenen. Sjá Helga
Stefnuskrá umbótaflökkanna 212m
 Steinunn Tómasdóttir, starfsmaður SÍF 205m
 stéttbundin saltfiskneysla 42, 50, 82, 88, 115, 126, 127, 139
 „stjórn hinna vinnandi stétta“ 1934-38 215
 Stokkseyri 181m
 stórfiskur 60m, 64, 65, 66, 86, 99, 110-11, 121m, 124, 148, 150m, 291
 strandferðir 183
 Straume, Jorulf, frá Unidos 166m
 Straume, Jorunn 166m
 strigapakkar, strigi 144, 182m, 183, 258, 260, 270-71, 272m, 274m, 276, 277
 stuðningur stjórnvalda 27, 31-2, 33, 40
 Sjá einnig ríkisstyrkir; ríkisafskipti
 stökkun 234m, 291
 suða í saltfiski 290-91
Suðrænar saltfiskréttir (Jordi og Maite Busquets) 173m
 Suður-Ameríka 14, 33
 kröfur saltfiskkaupenda 37m, 38, 290
 saltfiskgæði 290-92
 saltfiskmarkaðir, saltfiskviðskipti 13, 18, 20, 34, 39, 137-50, 202, 235, 238
 saltfiskneysluvenjur 69, 119, 261
 söluferðir 37m, 39m, 40, 140, 143, 145
 Suður-Evrópa 67, 70, 133, 146, 284
 saltfiskmarkaðir 13, 18, 88, 109, 112, 140, 202, 265, 277, 279, 307
 Suðurland 193, 194, 238
 Suðurland, flutningaskip 55m, 101, 276, 302
 Suðvesturland 193
 Sundahöfn í Reykjavík 277
 Sundakælin í Sundahöfn í Reykjavík 277
 Surgela, matvælaframleiðandi 124m
 Svalbarði 102
 Svanur Jóhannsson, starfsmaður SÍF 205m
 svartamarkaðsbrask með saltfisk 98
 Sveinbjörn Árnason, fiskverkandi 179
 Sveinn Árnason, fiskmatsstjóri 14, 15m, 263, 289
 Sviss 154
 söltun. Sjá saltfiskverkun, söltun
 söltunarstaðir á landinu, skipting framleiðslunnar eftir landshlutum 54, 193-4
 Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna (SH) 171, 176, 184, 187, 123, 222, 245
 Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda (SÍF)
 félagsskipan, félagsstarf, starfshættir
 atkvæðavægi 195-6, 229
 aukafundur 1957 176, 214-15
 aukafundur 1968 39, 221
 aukafundur 1990 225, 226, 227, 229-30
 breytingar á félagsformi 1992-93 225, 229-31
 breytingar á starfsháttum 1990-91 225-6, 229
 einkaleyfi 66, 115, 212, 213, 220, 221-9
 endurskipulagning 1935 192, 195, 200
 félagsmenn, fjöldi 192-3
 félagsslit 1993 187, 199, 201, 230-31
 framkvæmdastjórn 199-202
 gagnrýni á stjórn 25, 29, 177-8
 hagsmunafélag saltfiskframleiðenda 1959, fyrir-
 hugað 25, 178-9, 244
 inntökuskilyrði 191-2
 lög 170, 176, 178, 187, 190, 191, 198, 209, 226, 229
 rekstrarafkoma 66-7, 229
 séreignasjóður 198, 229
 skattfrelsi 198

- Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda, frh.
félagsskipan, frh.
skilaverð, útborgunarverð, lokaverðsgreiðsla, jafn-
aðarverð, verðjöfnun 84, 181, 194-5, 197, 227
skrifstofa, aðalskrifstofa 202-5
starfssvið 25, 176-7, 190-91
stjórn 15-16, 25, 29, 30, 90, 177-8, 179, 180, 196m,
197m, 198, 199-202, 208, 225, 227, 229, 230-
31, 276, 298, 299, 302-3
stjórnarformenn 198-9
stjórnmaladeilur um 206-8, 212-17, 221
stofnun 191, 192, 197, 198, 206, 207
umboðslaun 208
umboðsmenn 39m, 72m, 76m, 83, 90, 108m,
115m, 128, 132m, 140m 145m, 147m, 148m,
170-72, 207, 208, 211, 281, 301
varasjóður. Sjá Sölusamband íslenskra fiskfram-
leiðenda, séreignasjóður
- hagsmunagæsla og þjónusta
Baldursstöðin í Reykjavík 183, 211m
eftirlitsmenn 128, 145, 185, 186, 299, 301-6
framlegðarútreikningar 185, 256
Fréttabréf SÍF 194, 195
fræðlustarf 185, 186, 306, 307m
Grandahúsið í Reykjavík 28, 29, 39, 182m, 183,
205m, 281
hagsmunanefnd SÍF (fulltrúanefnd saltfisksölu-
mála) 25-30, 179-81, 183, 244
kostnaðarútreikningar 180, 184
upplýsingaöflun 180, 195
innflutningur 190-91
kostnaðarútreikningar 26, 27, 28, 184
kynnisferðir 186, 245, 299, 306
lánafyrirgreiðsla, lántökur, lánveitingar 40, 185,
241
leiðbeiningar um verkun 289, 303, 306
Saltfiskdagbókin 184, 306
samskipti við stjórnvöld 70, 94, 97, 180, 184, 198,
206, 212-16, 224-6, 227
skipakaup, fyrirhuguð 189-91, 198
tæknideild 28, 29, 182, 244-6, 263, 293
útborgunarverð, reglubundin birting 185
útgáfustarfsemi 173, 184
verkstjóra- og svæðafundir 186, 306
þurrkhús (Landssmiðjuhúsið) 183, 236-7
- markaðs- og sölumál
auglýsingar og kynningar 56m, 85m, 114m, 124-5,
164, 168m, 173, 175, 287m, 288
Bacalao Islandia, vörumerki 56m, 286
Cocina del Bacalao, La (Jordi og Maite Busquets)
173m
dótturfyrirtæki erlendis 83m, 125, 136-7, 173-4,
263, 280, 288
einhæfni, hætta vegna 62, 108, 144, 148, 149
Islandia, vörumerki 135m, 260, 286, 288
markaðsleita- og söluferðir 37m, 38, 39-40m, 83,
140, 143, 145, 170, 171-2, 261
markaðsmál 29, 37, 39, 61, 66, 99, 100, 124-5,
150-51, 170-75, 198, 212, 219, 280-81, 284
matreiðslubók um saltfiskrétti 173
matvælasýningar 282, 283m, 288
milliganga Bandaríkjamanna 126
milliganga um togarakaup 46, 77, 97
milliganga um vöruskipti 138-9
neytendapakningar, framleiðsla 281-2
Nord Morue, fiskverksmiðja 125, 135m, 136-7,
173-4, 175, 203, 263, 280, 288
Pökkunarverksmiðja SÍF 57, 124m, 183m, 186,
280-81, 283, 284, 285, 286, 288
rannsóknastofa SÍF 183m, 186, 280, 282, 284, 306,
307m
saltfiskvika á Spáni 1990 173
samband við kaupendur 14, 38, 49, 66m, 70, 74-5,
83, 86, 87m, 115, 143, 171-5, 271, 306
samkeppni við aðra íslenska útflytjendur 86,
87m, 115-16, 209-12, 214, 217-19, 218-29
SDR-gengi 48, 50, 55
SIAL, matvælasýning 288
Suðræninir saltfiskréttir (Jordi og Maite Busquets)
173m
söluskrifstofur. Sjá söluskrifstofur SÍF
Trésor d'Islande, vörumerki 151m
Union Islandia, söluvyrirtæki 83m, 173
vörupróun 68m, 150-54, 186, 263, 268, 263, 282-8,
307
þurriskverkun, á ábyrgð SÍF 149-50
sala annarra afurða en saltaðra, aðstoð við sölu
hrognasala 151, 188
ísfisksala, boð 13
Niðursuðuverksmiðja SÍF 188-9, 190
skreiðarútflytningur 187-8
samskipti við keppinauta 159-67
Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda hf. 198, 203,
230-31
söluskrifstofur SÍF 170-75
á Ítalíu
í Genova 115m, 172, 175
í Milánó 124-5, 175, 203, 281
á Spáni 83, 172-3, 281
Sörlaskjól í Reykjavík 183
- tandurfiskur, tandurverkun 56, 78-9, 82, 104-5, 110, 135,
151, 263, 265, 266-7, 271, 276, 279
Tate & Lyle, sykurfarmleiðandi 141
Thor Thors, framkvæmdastjóri SÍF, síðar sendiherra 138,
141, 162, 200
Thorarensen. Sjá Benedikt
Thorlacius. Sjá Birgir
Thoroddsen. Sjá Gunnar
Thors. Sjá Jóna; Margrét; Ólafur; Richard; Thor; Unnur
Thorsteinsson. Sjá Pétur
tilbúnir réttir 68, 136, 286-8
Tíminn 208, 221
togarafiskur 23m, 24, 74, 295
togarar 11m, 23m, 24, 46, 74, 96m, 295

- Sjá einnig saltfisktogarar smíði, kaup 46, 77, 96, 97
tollar og kvótar 33, 50-54, 55, 56, 57, 59, 61, 62, 64, 82, 103, 122, 123, 132, 137, 154, 157, 160, 174, 222, 227, 281, 284
Sjá einnig Evrópubandalagið, tollar og kvótar; innflutningsleyfi
Torvik, Peer A., frá DNKL 166m
Tómas Þorvaldsson, stjórnarformaður SÍF 29, 39, 40, 76, 95m, 97, 143, 145m, 165, 166, 172, 179, 180, 186m, 188, 196m, 199, 276, 298
trékassar 120m, 161m, 182m, 270, 272m
Trésor d'Islande, vörumerki 151m
Trueba y Pardo, saltfiskinnflytjandi 75, 84, 172, 173, 224, 266
Tryggvi Finnsson, fiskverkandi 197m
Tryggvi Jónsson, verksmiðjustjóri 189
Tryggvi Ófeiggsson, fiskverkandi og útgerðarmaður 178
tölvuvæðing 256, 259
- ufsi, ufsalök 38, 51, 53, 61, 67, 68, 83, 149, 151, 155-9, 217-18, 269, 272m, 284
umboðslaun 208
umboðsmenn SÍF 39m, 72m, 76m, 83, 90, 108m, 115m, 128, 132m, 140m, 145m, 147m, 148m, 170-72, 207, 208, 211, 281, 301
undirvigt 39, 46m, 269, 271, 301m, 304
Sjá einnig rýrnum
Unidos, sölusamtök 160
Union Islandia, sölufyrirtæki 83m, 173
Unnur Thors 170m
utanríkisráðuneyti 86, 217, 227, 228
úrgangsfiskur 39, 40, 41
útborgunarverð SÍF. Sjá Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda, skilaverð
útflutningsfrelsi. Sjá saltfiskútflutningur, frjáls
útflutningsgjöld 146
útflutningsleyfi 209-12, 213, 215-17, 218, 220-24, 227
Sjá einnig tollar og kvótar
útflutningsnefnd sjávarafurða 213, 215, 216
Útflutningsráð 182
Útflutningsráð Félags íslenskra stórkaupmanna 222
útflutningsuppbætur 21, 27, 40, 74
Sjá einnig ríkisstyrkir
Útgerðarfélag Akureyringa 282
útgerðarhættir, breytingar 54
útgerðarmenn, útgerðarfélag, útvegsmenn 54, 95, 191, 295, 307
útvatnarar 79m, 119, 175, 266, 285
Útvegsbanki Íslands 198
- Valgarð J. Ólafsson, framkvæmdastjóri SÍF 41, 75m, 177m, 178, 196m, 201, 202
Vallhonrat, Francisco Rovira. Sjá Rovira Vallhonrat, Francisco
varasjóður SÍF. Sjá séreignasjóður SÍF
- vaxtakostnaður 50, 55, 56
verðjöfnun SÍF. Sjá Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda, skilaverð
Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins 146
Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins 202
Verðlagsráð sjávarútvegsins 181
Verkamannafélagið Dagsbrún 224
verkkunnátta 21, 148, 234-5, 243, 289
verkunarleiðbeiningar fyrir saltfisk, fræðsla 184, 289, 303, 306
verndartollar. Sjá tollar og kvótar
verslun með saltfisk. Sjá saltfiskverslun á Íslandi; saltfiskmarkaðir heims
verslunarsamningar. Sjá Kúba, verslunarsamningur
Vestfirðir 193, 194
Vestmannaeyjar 24m, 27m, 187m, 188, 240, 244, 246m, 252m, 280, 288
Vestur-Evrópa 261, 269, 284
Vestur-Indíur 154m
Vestur-Þýskaland. Sjá Þýskaland
Vesturland 238
Vesturland, flutningaskip 276
vélvæðing 26, 28-30, 31-3, 181m, 183, 238, 239, 240-41, 242, 243-55, 257, 293
Sjá einnig saltfiskverkun
vélpurrkun. Sjá saltfiskframleiðsla, purrkun
Viðar Eliásson, fiskverkandi 197m
viðreisnarstjórnin 1959-71 216, 217
viðskiptajöfnuður 46, 114
viðskiptaráðuneyti 188
viðskiptasamningar. Sjá Spánn, viðskiptasamningar
Vila, Eduardo eldri, saltfiskinnflytjandi 87m
Vila, Eduardo yngri, saltfiskinnflytjandi 87m
Vilhjálmur Árnason, fiskverkandi 179
Vilhjálmur Sigurðsson, starfsmaður SÍF 204m, 205m
Vilhjálmur Þór, framkvæmdastjóri, síðar bankastjóri 210, 239
Vinnslustöðin, fiskvinnslustöð 27m, 124m, 244, 280
vinnuafli 21, 24, 25, 28, 32m, 33, 73, 235, 244, 248, 251-5
vinstri stjórnin 1956-59 212-16
Vígundur Jónsson, fiskverkandi 179, 196m
Víkur, skipafélag 46m
Vísir 221
Vopnafjörður 129
vöruskipti. Sjá jafnkeypisviðskipti
vöruvöndun. Sjá saltfiskgæði
vöruþróun 68m, 150-54, 186, 263, 268, 263, 282-8, 307
vöskunarker, vöskunarvélur 29, 30m, 245, 248, 253m, 254, 257
Weeks, E.P., frá CSC 165m
Wheeler, Carl E., frá CSC 166m
- yfirstjórn í útflutningsversluninni 212
- Zaire. Sjá Saír
Zoëga. Sjá Bertha; Geir H.

- Þjóðarbúskapur 27
 Þjóðhagsstofnun 202
 Þjóðviljinn 207m, 221
 Þorbjörn, fiskverkunarstöð 110m, 180m, 233m, 243m, 244
 Þorbjörn Þorsteinsson, Seyðisfirði 186m
 Þorlákshöfn 243, 252m
 Þorskastríð 22
 Sjá einnig hafréttarmál, landhelgismál
 Þorsklök, söltuð. Sjá saltfiskflök
 Þorskkvóti. Sjá aflaheimildir
 Þorsteinn Jóhannesson, stjórnarformaður SÍF 129m, 130m, 196m, 197m, 199
 Þorvaldur Guðmundsson, verksmiðjustjóri 189
 Þórður Albertson, umboðsmaður SÍF 75m, 76, 77m, 171, 172
 Þórunn Eiðsdóttir, starfsmaður SÍF 205m
 Þríhliða viðskipti 141
 Þróunarhjálp, hjálparstofnanir 154, 160
 Þunnildi, útflutningur 270
 Þurrfiskur 40, 41, 44m, 45, 52, 53, 70, 94, 104, 133-6, 142-4, 145, 146-7, 150-54, 234-9, 267, 298
 átak í framleiðslu og sölu 143-5, 149-50, 236-8
 birgðir 37, 40, 57, 89
 geymsla 28, 241
 gæðamál 140, 143, 145, 147, 299, 300
 lakari fiskur 38, 143, 149, 150, 290, 292, 298
 markaðir 31, 34, 35, 38, 40-41, 58m, 140, 142, 149, 150, 154, 202, 203, 268, 300
 pökkun. Sjá saltfiskpökkun
 samdráttur í framleiðslu 33, 34, 292
 samtök útflytjenda í Noregi 159
 tegundir
 harðþurrkaður fiskur 145, 239
 linþurrkaður fiskur, linverkaður fiskur, Spánarverkun 74, 112, 145, 239
 útflutningur
 hlutdeild í saltfiskútflutningi 1941-92 262mr, 354-5ta
 magn 1941-92 19mr, 44mr, 352-3ta
 verð 34, 41, 46, 89, 140, 145, 146-7, 149
 verkun 33, 103, 145, 149, 234m, 242, 268
 þurrkklefar 28, 29, 140, 246, 247, 249
 þurrkun á saltfiski. Sjá saltfiskverkun, þurrkun
 þurrkvélar (Raufossþurrkarar) 246m
 þvottur á saltfiski. Sjá saltfiskverkun, þvottur
 Þýskaland 154, 158
 hlutdeild í saltfiskútflutningi Íslendinga 1941-92 20mr, 45mr, 155mr, 156mr, 348-9ta
 innfluttar saltfiskafurðir frá Íslandi (magn) 1941-92 155mr, 156mr, 348-9ta
 kröfur saltfiskkaupenda 156, 157
 saltfiskframleiðsla 36
 saltfiskviðskipti 155-9
 Örn Ingólfsson, starfsmaður SÍF 303m, 306m
- Skráin nær til kafla VI-IX og taflna í Töfluviðauka. Sérnafn eða efnisatriði, sem einungis kemur fyrir í myndatexta á síðu, er merkt með m fyrir aftan blaðsíðutalið. Sama regla gildir um kort (ko). Ef nafnið eða atriðið kemur einnig fyrir í meginmáli er ekkert auðkenni við blaðsíðutalið. – Þegar uppflettiorð eru ekki afmörkuð eftir löndum eiga þau í flestum tilfellum við Ísland eitt.
- ko = kort
 m = mynd
 mr = myndrit
 ta = tafla

Eftirmáli

Eins og getið er í formála fagnaði Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda 50 ára starfsafmæli sínu á árinu 1982. Á þeim tímamótum ákvað stjórnin að láta skrá sögu samtakanna og raunar íslenskrar saltfiskverkunar og -sölu frá upphafi og fram á okkar daga.

Stjórn samtakanna var stórhuga á þessum tímamótum því nokkru áður, 1980, hafði hún gert samning við Lifandi myndir hf. um að gera kvikmynd um sama efni. Var þeirri kvikmynd, *Lífið er saltfiskur*, skipt í þrjá hluta og var tveimur þeirra lokið í árslok 1984. Fjallaði annar þeirra um saltfiskverkun og -sölu samtímans en hinn um söguna frá þriðja áratug aldarinnar og fram til þess tíma er kvikmyndin var gerð.

Eftir að SÍF hafði leitað fyrir sér með söguritunina var hún falin ungum háskólastudent, Valdimar Unnari Valdimarssyni, sem lokið hafði BA-prófi í sagnfræði og stjórnmálafræði vorið 1982. Námsferill hans hafði borið vitni um mikla hæfileika sem komu vel í ljós í sagnfræðináminu. Nútímasaga, einkum stjórnmálasaga, hafði fangað huga hans og í BA-ritgerð sinni fjallaði hann um Alþýðuflokkinn og stjórn hinna vinnandi stétta 1934-38; var hún síðar gefin út af Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands (sbr heimildaskrá).

Valdimar hófst handa við hið nýja verkefni samhliða framhaldsnámi í sagnfræði við Háskólann. Sóttist það greiðlega og í ársbyrjun 1985 lagði hann fyrri hluta þessa verks (söguna fram til seinna stríðs) fram sem lokaritgerð til kandidateksprófs. Nefndist hún *Þættir úr sögu saltfiskframleiðslu og saltfiskútflutnings frá síðari hluta 18. aldar fram að síðari heimsstyrjöld*. Leiðbeinandi var Jón Guðnason, dósent.

Haustið 1985 hóf Valdimar doktorsnám við London School of Economics í Department of International Relations. Efnið sem hann valdi sér til rannsóknar var nokkuð ólíkt hinu fyrra eða þátttaka Íslendinga í starfi Sameinuðu þjóðanna. Hins vegar má benda á að í báðum verkum má finna sama einkenni en það er hve mikla áherslu höfundur leggur á hlut erlendra aðstæðna fyrir þróun sögu-efnisins og hve mikið rúm atburðir utanlands fá.

Eftir að Valdimar byrjaði á náminu í London hægði að vonum á framgangi saltfisksögunnar. Tíminn var helgaður nýrri rannsókn og allar heimildir voru utan seilingar. Samt þokaðist verkið áfram enda notaði höfundur næstu sumur vel á Íslandi og árið 1988 var

textasamning að komast á lokastig. En þá gripu örlögin í taumana. Þann 21. maí varð Valdimar fyrir bifreið í London og lést af völdum þess slyss. Þar með féll hinn ungi sagnfræðingur í valinn, í þann mund er dagsverk hans var að hefjast.

Valdimar var langt kominn með nám sitt og hafði samið að stórum hluta doktorsritgerð sína áður en slysið bar að. Fyrir tilstilli tveggja íslenskra samnemenda hans þar í deildinni og velvildar leiðbeinanda hans og fjölskyldu Valdimars var ákveðið að ljúka ritgerðinni. Var hún síðan þýdd á íslensku og kom út árið 1993 undir heitinu *Ísland í eldlinu alþjóðamála. Stefnumótun og samvinna innan Sameinuðu þjóðanna 1946-1980*. Meðhöfundar og ritstjórar voru Gunnar Á. Gunnarsson og Guðmundur R. Árnason en Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands kostaði útgáfu.

Af þessu stutturorða yfirliti má sjá að hér var á ferðinni vaxandi sagnfræðingur sem gaf mikil fyrirheit. Auk áðurnefndra rannsókna birti Valdimar nokkrar fræðilegar ritgerðir í *Sögnum*, sem Félag sagnfræðinema gaf út, og í *Nýrri sögu og Sögu*, tímaritum Sögufélags, á árunum 1981-88. Er þá ótalin hlutdeild hans að ritstjórn *Sagna* um fimm ára skeið, 1981-85.

Áður en gerð verður grein fyrir hlut undirritaðs í þessu ritverki er nauðsynlegt að minnst á markmið Valdimars Unnars og val hans á frásagnarmáta. Af hálfu SÍF var óskað eftir því að ritið yrði yfirlit um sögu samtakanna og jafnframt um sögu greinarinnar í heild, þ.e. framleiðslu og sölu, ennfremur að það næði yfir sögu saltfiskframleiðslu hér á landi frá upphafi en hún á rætur að rekja til 18. aldar.

Þetta var viðamikil verkefni og af gögnum um framgang verksins úr dánarbúi Valdimars er ljóst að nokkurn tíma tók að glöggva sig á hvernig á því skyldi tekið. Ekkert yfirlit var til sem veigur var í en þó mikið af heimildum, aðallega frumheimildum, á við og dreif. Áberandi var líka hve tímabilið eftir seinni heimsstyrjöld var ókannað og miklu minna um það skrifað en fyrri tímanna. Eftir því sem Valdimar komst betur inn í efnið tók það samt á sig heillegri mynd og hann gerði fljótt drög að skipan efnis sem þróaðist smám saman í þá efnisbyggingu sem hér birtist.

Af eins konar minnisblaði, sem ekki er ljóst hvenær var skrifað, má sjá hvaða markmið Valdimar hafði sett sér með ritinu. Þar segir á þessa leið:

Saltfiskur var sú útflutningsvara sem grunninn lagði að örum efnahagslegum framförum á Íslandi um og eftir síðustu aldamót. Aldagamalt landbúnaðarsamfélag tók að þoka fyrir nýrri gerð samfélags þar sem sjávarútvegur skipaði æ stærri sess. Saga þessara breytinga er því öðrum þræði saga íslenskrar saltfiskverslunar, atvinnugreinar sem gerði Ís-

lendingum kleift að sækja fram á efnahagssviðinu, standa í fæturna sem sjálfstæð þjóð með þróttmikið atvinnulíf.

Þótt undarlegt kunní að virðast hefur sögu þessarar mikilvægu atvinnugreinar ekki verið sýndur sá sómi sem hún hefur átt skilið. Heillegt og ítarlegt yfirlit yfir sögu íslenskrar saltfiskframleiðslu og útflutnings hefur ekki verið til fram að þessu. Einn mikilvægasti þáttur íslenskrar atvinnusögu hefur því ekki skipað þann sess í söguritun sem hæft hefði atvinnugrein, sem grunn lagði að efnahagslegum framförum á Íslandi á þessari öld.

Með handriti því sem hér liggur fyrir er ætlunin að gera hér bragarbót á. Hér er leitast við að gera glögga grein fyrir þróun íslenskrar saltfiskframleiðslu og útflutnings allt frá því þessi atvinnugrein tók að festa rætur á Íslandi síðla 18. aldar og fram á vora daga. Er þess vænst að með væntanlegu riti sé lagður drjúgur skerfur til ritunar íslenskrar atvinnusögu með umfjöllun um þann þátt hennar sem framar öðrum markaði upphaf nútímasamfélags á Íslandi, kom hinu kyrrstæða landbúnaðarsamfélagi á hreyfingu og ruddi braut fyrir örar efnahagsframfarir 20. aldar. ([Valdimar Unnar Valdimarsson]: *Saga íslenskrar saltfiskverslunar og framleiðslu frá 18. öld til vorra daga* (ódagsett vélrit).)

Þetta sýnir að Valdimar hafði gert sér góða grein fyrir hinu margslungna efni, samhengi þess innbyrðis og við aðra þætti íslensks samfélags, og gefið frásögninni ákveðið markmið. En af þessum orðum verður ekki ráðið hvernig hann hugðist setja efnið fram. Hér er á það að líta að rannsóknin hafði tvöfaldan tilgang: annars vegar að nota efnið til að leggja fram lokaprófsritgerð í Háskólanum og hins vegar að skila af sér því yfirlitsverki sem SÍF hafði ráðið hann til. Í fyrra tilvikinu var krafist fræðilegrar nálgunar, formlegrar uppbyggingar og nákvæmra heimildatilvísana meðal annars. Í hinu síðara var beðið um læsilega og skemmtilega yfirlitsfrásögn og menntun höfundar var að sjálfsgöðu trygging fyrir hlutlægni og vönduðum vinnubrögðum.

Eins og títt er meðal íslenskra sagnfræðinga sameinaði Valdimar Unnar þessar kröfur eða óskir við textasamninguna. Hann sló hvergi af þeim fræðilegum kröfum sem gerðar voru til hans en jafnframt reyndi hann að skrifa bæði lipran og skemmtilegan texta. Ákvörðun hans var að skrifa góðan texta sem uppfyllti allar fræðilegar kröfur en ekki að semja harðsoðið fræðirit sem byggðist á afmörkuðum upphafsspurningum er svarað væri í rannsókninni. Hvor rithefðin um sig hefur sína kosti og galla sem einungis verða vegnir réttilega í samræmi við þann tilgang sem ritsmíðinni er ætlaður. Höfundur valdi þá leið sem rökréttust var út frá því markmiði sem var sett í upphafi.

Valdimar hnykkti enn frekar á þessum ásetningi sínum með því að hafa ekki hefðbundinn inngang og niðurstöðukafla. Í staðinn hugðist hann sviðsetja efnið og búa lesandann undir vegferð í gegn-

um söguna með því að kynna honum nútímann fyrst. Þar skyldi lesandinn settur inn í efnið með því að lýsa fyrir honum hvernig saltfiskframleiðsla og -sala færi fram í samtímanum. Á samsvarandi hátt vildi hann birta samantekt frekar en eiginlegar niðurstöður enda ekki sérstakra rannsóknarspurninga spurt í upphafi. Jafnframt því að gefa lesandanum yfirsýn um söguna, að lestri loknum, þá vildi hann jafnvel lesa svolítið í framtíðina. Því gaf hann þessum fyrirhugaða kafla heitið „Horft um öxl og fram á við“.

Hér hefur verið fjallað um markmið höfundar með sögurituninni og framsetningarmáta hans. Er þá rétt að víkja að þætti undirritaðs. Nokkru eftir hið sviþlega fráfall Valdimars var þess farið á leit við mig að búa ritverk hans til útgáfu. Að athuguðu máli féllst ég á það þótt erfitt væri að taka við verki annars manns í miðjum klíðum. Var mér það samt ekki óljúft sakir góðrar viðkynningar við Valdimar en leiðir okkar lágu saman eftir að ég hóf nám í sagnfræði í Háskólanum. Einnig hafði um langt skeið blundað með mér áhugi á verslunarsögu og ég hafði einkum lagt mig eftir hagsögu í sagnfræðinámi mínu.

Er Valdimar lést vorið 1988 hafði hann að mestum hluta lokið textasamningu, eftir því sem næst verður komist. Eftir var að skrifa upphafskaflann (Nútímann) og samantektarkaflann (Horft um öxl) og semja yfirlit um þróun allra efnispátta frá um 1985 og til útgáfutíma ritsins sem þá var enn þá óákveðinn.

Þótt óvíst sé hvort Valdimar fyrirhugaði frekari textasamningu varð ljóst við skoðun handritsins að ýmsum efnispáttum úr fyrri hluta þess (fram til seinna stríðs) var ekki fram haldið eftir stríðið og aðrir þættir kölluðu á umfjöllun. Má hér aðallega nefna breytingar á smekk eða óskum neytenda í markaðslöndunum, breytingar á verkun fisksins, tilkomu aukaafurða, og neytendapakkingar og stórmarkaði. Einnig var tilfinnanlegt skarð þar sem nær ekkert var fjallað um umbúnað fisksins og flutning hans til markaðslandanna, hvorki fyrir né eftir seinna stríð. Þá var ekkert minnst á eitt markaðslandið, Þýskaland, og má væntanlega rekja það til þeirrar sérstöðu sem það hefur meðal markaðanna. Eigi að síður stungu þessar eyður nokkuð í stúf við aðra efnismeðferð.

Samræmisins vegna þótti mér slæmt að láta við svo búið standa og sumir þessara efnispátta voru efni í töluverða umfjöllun vegna örra breytinga eða mikilvægis. Hvað gera skyldi var ekki alveg sjálfgefið en niðurstaða mín varð sú að það væri í þágu markmiðsins um haldgott yfirlit að sleppa ekki þessum efnispáttum alveg og halda þeim efnisþráðum fram sem Valdimar hafði fitjað upp á í fyrri hluta verksins. Við þetta notaði ég sumpart heimildir hans og bætti fleiri við eftir því sem mér var unnt.

Atburðir höguðu því svo að um áramótin 1992/93 og á árinu 1993 urðu allmikil tímamót í útflutningsversluninni með saltfisk og mynduðu þau ákjósanlegan lokapunkt þessa ritverks. Við samningu yfirlits árána 1985-92 fór fyrir mér líkt og Valdimar að textinn varð ákaflega langur. Reyndar sýnist hann af ásettu ráði hafa haft frásögnina um áttunda og einkum níunda áratuginn ýtarlegri en þar á undan. Til að hafa viðbætur mínar með líku lagi fylgdi ég sömu stefnu þótt ég stytta upphaflegan texta minn nokkuð.

Hér má skjóta því inn að Valdimar svarar á einum stað þeirri gagnrýni sem lesendur munu e.t.v. koma með: Hvers vegna fær saga síðustu áratuga svo miklu meira rúm en sagan fram að seinni heimsstyrjöld? Hann segir svo: „Því er þá meðal annars til að svara að síðustu 50 árin eru einmitt sá tími í sögu saltfiskframleiðslunnar sem einna minnst úttekt hefur verið gerð á fram að þessu, mun meira er til af skrifum um saltfiskframleiðslu fyrri tíma.“ ([Valdimar Unnar Valdimarsson]: *Saga saltfiskverkunar og útflutnings á Íslandi – grófar hugmyndir um efnisatriði* (ódagsett vélrit), 2).

Í tengslum við efnisviðbætur undirritaðs verður að geta eins máls sem var nokkur prófsteinninn á ritstjórnarstefnunum. Eftir að ég hóf vinnu við handritið kom í ljós að Valdimar hafði ekki talað við eða leitað fanga hjá stjórnarformanni SÍF til nær tuttugu ára, Tómasi Þorvaldssyni. Hins vegar hafði höfundur leitað til framkvæmdastjóra samtakanna til langs tíma, Helga Þórarinssonar, og fleiri starfsmanna SÍF (Lofts Loftssonar, verkfræðings, og Valgarðs J. Ólafssonar, framkvæmdastjóra).

Það sem mestu máli skipti var að fyrrverandi stjórnarformaður var alls ekki sáttur við þann texta sem fyrir lá og taldi réttu máli hallað í sumum eðnum. Fyrir mig var lagt af hálfu SÍF að ræða við Tómas Þorvaldsson og kanna hvort ekki væri grundvöllur til að taka tillit til athugasemda hans. Eftir viðræður við hann og athugun gagna sem hann lét mér í té taldi ég rétt og skylt að endurskoða viss mál sem vörðuðu innri sögu SÍF og jafnframt stöðu greinarinnar á sjötta og sjöunda áratugnum. Þetta leiddi til þess að ég jók nokkuð við efnisumfjöllun Valdimars Unnars í sumum greinum og skerpti á öðru. Þótt þessi ákvörðun kostaði efnisbreytingar taldi ég mér ekki stætt á því fræðimannsheiturs míns vegna að líta fram hjá þeim upplýsingum sem mér voru gefnar og láta sem þær væru ekki til. Þessi ákvörðun var tekin í samráði við fjölskyldu höfundar þótt ég beri einn ábyrgð á henni.

Enda þótt Valdimar hafi góðu heilli verið búinn að skrifa jafn mikinn texta og raun bar vitni kom fljótt í ljós að hann var ekki fullbúinn til útgáfu. Birtist það bæði í endurtekningum og nástöðum og stundum í geigandi texta og margorðum sums staðar.

Auk þess höfðu slæðst inn skekkjur og ýmiss konar ósamkvæmni. Þetta þarf ekki að koma á óvart því höfundur var hrifinn brott frá verki sínu og honum var án efa fullljóst að bæta þyrfti textann allan. Hann var í raun enn á handritsstigi og eftir var að fullvinna hann svo hann væri tækur til útgáfu.

Í því samhengi má minna á að Valdimar Unnar hafði tileinkað sér það viðhorf sem um og upp úr 1980 var að ryðja sér til rúms meðal margra kennara og nemenda í sagnfræði, að hnitmiða texta hverrar ritsmíðar og gera hann ekki aðeins traustan heldur um leið sem læsilegastan. Birtist það í hnotskurn í útgáfu *Sagna* sem hann ritstýrði ásamt fleiri um nokkurra ára skeið og átti þátt í að þróa. Í samræmi við þetta varði ég löngum tíma í að bæta texta- og efnis-meðferð alla, í stóru og smáu, þótt ég reyndi að gæta þess að raska ekki efni eða frásagnarmáta og haga öllum breytingum í samræmi við ritstíl og ætlunarverk höfundar.

Af sama toga var sú viðleitni að vísa vel og nákvæmlega til heimilda, tækni sem menn hafa misgott vald á. Valdimar komst svo að orði á einu minnisblaði sínu með handritsuppkasti að tilvísanaskrárnar væru í skötulíki og var það ekki ofmælt. Ritsmíðin hafði tekið margvíslegum breytingum í tímans rás og heimildatilvísanir höfðu því færst til, nýjar komið inn og aðrar farið út. Þær voru ýmist skrifaðar eða vélritaðar og orðnar afar þvælingslegar þegar undirritaður tók við síðasta handritsuppkasti Valdimars. Á sumum stöðum hafði hann týnt vísunum til heimildanna og textann skorti því rökstuðning.

Til að gáta réttilega og finna týnda heimildastaði fór ég gegnum allar heimildir Valdimars sjálfur, þ.e. las þær í gegn og gat þá ekki einungis leiðrétt ýmislegt og fundið það sem týnt var heldur víða styrkt texta höfundar með því að bæta við vísunum til frekari stuðnings máli hans þar sem það átti við. Ennfremur leitaði ég að samtímaheimildum um sum efnisatriði og skipti út fyrir síðari tíma heimildir auk þess að velja aðgengilegar og rökréttar samtímaheimildir þar sem það þjónaði tilgangi og þess var kostur.

Valdimar Unnar hafði gert sér nokkra hugmynd um fyrirkomulag væntanlegrar bókar og meðal annars hafði hann mikinn hug á að krydda textann og gefa honum meiri dýpt með því að birta stutta rastaða texta samhliða megintextanum. Hafði hann fundið mörg áhugaverð textabrot í heimildum sínum en af eðlilegum ástæðum ekki valið neitt úr þeim til útgáfu. Sömuleiðis hafði hann óskað eftir því að myndrit og kort yrðu notuð eftir þörfum en hvort tveggja var óunnið. Þá vildi hann að sjálfsögðu hafa myndir í bókinni eftir því sem unnt væri.

Birting taflna aftast í bókinni var sjálfsögð enda þurfti hvort eð er að taka saman tölur fyrir myndritin og að stórum hluta kortin einnig. En þær tölulegu upplýsingar er fram koma í myndritum og kortum eru samt aðeins brot þess fróðleiks sem í töflunum er. Þá vil ég benda á að tölur um útflutning saltfisks á 19. öld og fram til 1910 hafa verið endurbættar eftir óprentuðum og prentuðum heimildum til að komast nær sannni um saltfiskútflutning Íslendinga á þessum tíma.

Af framansögðu sést hvernig handritið var stutt er undirritaður tók við því og hvaða hugmyndir eða óskir Valdimar hafði sett fram um frágang bókarinnar. Í verksamningi SÍF við undirritaðan var því svo um samið að auk lúkningar á texta og frágangs á tilvísunum og skráum skyldi ég velja í ritið rastaða texta, láta gera myndrit og kort, velja myndir og skrifa myndatexta, taka saman töflur til að birta í sérstökum viðauka og til að nota við myndritin, skrifa efnisútdrátt á ensku, hafa umsjón með útliti bókar og prófarkalesa.

Þótt sumir verkþættir hafi verið unnir með aðstoð annarra eða jafnvel af öðrum eins og formáli og bakhlið titilblaðs bera með sér hefur undirritaður borið ábyrgð á útgáfunni og gætt þess að allir verkþættirnir væru vel af hendi leystir. Í útgáfusamningi SÍF og Hins íslenska bókmenntafélags var undirrituðum síðan falið að fylgja eftir ýmsum verkþáttum. Bæði það og öll önnur vinna við undirbúning og útgáfu þessa ritverks hefur að sjálfsögðu verið unnin í samráði við SÍF og útgefanda einnig, eftir að ljóst var hver hann yrði.

Að lokum vil ég til nánari glöggvunar draga saman hlut undirritaðs í texta bókarinnar. Frá minni hendi er öll söguritun um tímamann frá um 1985 og fram til 1992. Í kafla VII eru það undirkaflar 1.k-1, 2.d, 3.f, 4.d, 5.c, 6 (að hluta) og 7.f; í kafla VIII undirkaflar 1.a-b og 1.d (allir að hluta) og 2.g; í kafla IX undirkaflar 2.e, 3.f og 4.e. Einnig var bætt við nýjum efnisþáttum í V. kafla ritsins (undirkafla 2.g), í VII. kafla (undirkafla 8) og í IX. kafla (undirkaflar 2.a og 3.a-e). Þá var aukið við efnisumfjöllun Valdimars um viss málefni á sjötta og sjöunda áratugnum og eru undirkaflar 1.c-d og 1.g í VII. kafla afrakstur þess sem og undirkafla VIII.1.b. Fyrirferðarmestu viðbætur mínar eru með öðrum orðum um verkun, vöruþróun og umbúnað eftir síðara stríð, um þætti í innri sögu SÍF og framþróun greinarinnar á sjöunda áratugnum, og um stjórn og starfssvið SÍF, auk áranna 1985-92.

Kaflarnir fyrir framan og aftan hina númeruðu, þ.e. Nútíminn og Horft um öxl, eru einnig samdir af undirrituðum og samantekt á ensku er í raun þýðing á Horft um öxl. Allir þessir kaflar og viðbæt-

ur sem hér hafa verið nefndar eru á bilinu fjórðungur til þriðjungur af samanlögðum meginþexta beggja binda. Ótalið er þá margt smærri efnisinnskota í VI.-IX. kafla sem frá undirrituðum er komið. Einnig voru gerðar margvíslegar orðalagsbreytingar og þrjónað inn viðbótarupplýsingum sem gerðu efnisumfjöllun fyllri í I.-V. kafla.

Allt orkar tvímælis þá er gert er, segir málshátturinn. Undirritaður gengur þess ekki dulinn að sitthvað í ritverkinu væri á annan veg ef Valdimar hefði náð að fylgja verki sínu eftir á leiðarenda. Við ýmis álitaefni var að glíma, ekki síst þau hverju skyldi aukið við og hvar takmarka skyldi heimildaleit og -úrvinnslu. Yfirlitsverk verður að þekja efnið nokkuð vel en um leið má heildarmyndin ekki verða óskýr vegna of margra efnisatriða og gæta verður jafnvægis milli efnisþátta. Þá hlaut undirritaður að vera nokkuð bundinn af þeim texta sem fyrir lá og hafði þar af leiðandi ekki jafn frjálshendur um endanlegan frágang hans eins og um eigin skrif. Því var oft vandasamt að finna heppilegan meðalveg.

Nú þegar upp er staðið hefur undirritaður þá von að tekist hafi að færa handrit höfundar í þann búning sem hann hafði í huga og fylgja eftir því markmiði sem hann hafði sett sér. Það var höfundur þessara orða falið að gera með því að fullgera ritið. Megi það reynast haldgott yfirlit um efnið og halda minningu Valdimars Unnars Valdimarssonar á lofti um ókomin ár.

Halldór Bjarnason

